



## Mál á mannsævi

70 ára þróun tilbrigða í framburði – einstaklingar og samfélag

Margrét Guðmundsdóttir

Ritgerð lögð fram til doktorsprófs  
2022



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**HUGVÍSINDASVIÐ**

ÍSLENSKU- OG MENNINGARDEILD

Íslensku- og menningardeild Háskóla Íslands  
hefur metið ritgerð þessa hæfa til varnar  
við doktorspróf í íslenski málfræði

Reykjavík, 26. ágúst 2022

Gauti Kristmannsson  
deildarforseti

Doktorsnefnd:  
Höskuldur Þráinsson, leiðbeinandi  
Helge Sandøy  
Kristján Árnason

*Mál á mannsævi. 70 ára þróun tilbrigða í framburði – einstaklingar og samfélag*

© Margrét Guðmundsdóttir  
Reykjavík 2022

Doktorsritgerð við Háskóla Íslands. Allur réttur áskilinn. Ritgerðina má ekki afrita, að hluta eða í heild, svo sem með ljósmyndun, skönnun, prentun, hljóðritun, eða á annan sambærilegan hátt, án skriflegs leyfis höfundar.

ISBN 978-9935-9640-7-6

ORCID: <https://orcid.org/0000-0002-0395-442X>

# Ágrip

Í rannsókninni *Mál á mannsævi* er sjónum beint að tilbrigðum í íslenskum framburði, nánar tiltekið eftirtöldum fjórum þörum þar sem fyrrnefnda afbrigðið er sjaldgæfara á landsvísu og útbreiðsla þess að mestu tengd afmörkuðum landsvæðum: Harðmæli/linmæli, raddaður/óraddaður framburður, hv-/kv-framburður og skafffellskur einhljóðaframburður/tvíhljóðaframburður. Þróunin er skoðuð frá ýmsum hliðum og markmiðið í senn að kanna hvaða breytingar hafa orðið á tíðni og dreifingu landshlutabundnu afbrigðanna á kjarnasvæðum sínum allt frá fyrri hluta 20. aldar og hvernig mál einstaklinga hefur þróast yfir æviskeiðið og varpa um leið almennu ljósi á málbreytingar.

Efniviðurinn samanstendur af þremur framburðarrannsóknum sem unnið var að á 70 ára tímabili. Tvær þær fyrri, rannsókn Björns Guðfinnssonar á 5. áratug 20. aldar og RÍN, *Rannsókn á íslensku nútímamáli*, frá 9. áratugnum, voru viðamiklar. Þær bjóða upp á ítarlega athugun á þróun tilbrigðaparanna á þessu skeiði, ekki síst vegna þess að grannskoðun á gögnum Björns leiddi í ljós að niðurstöðurnar má túlka á nákvæmari hátt en hingað til hefur verið unnt. Þróunin er skoðuð í ljósi málfræðilegra einkenna breytileikans, viðhorfa til afbrigða, sem könnuð voru sérstaklega í tengslum við rannsóknina og þróunar samfélagsins. Þannig er leitast við að skyggjast víða eftir skýringum.

Vinna hófst við síðustu rannsóknina árið 2010, RAUN, *Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð*. Með henni er hægt að varpa ljósi á framhald fyrri þróunar, en að nokkru leyti verður sú mynd grófari en á fyrri skeiðinu. Á hinn bóginn býður RAUN upp á svokallaðan rauntímasamanburð því að einstaklingar sem tóku þátt í henni voru áður meðal þátttakenda í fyrri rannsóknum. Elsta fólkið skiptir tugum og í fjölbreyttu úrvali rauntímarannsókna er fáheyrt að svo stór hópur hafi tekið þátt í rannsóknum sem spanna jafnlangt tímabil. Efniviðurinn er nýttur til að skoða málþróun yfir æviskeiðið frá ýmsum sjónarhornum og leita svara við spurningum sem snúa að þessum tilteknu framburðarafbrigðum en hafa einnig almennara gildi. Spurt er hvort sum afbrigði frekar en önnur sækja á eða hörfi yfir æviskeiðið og hvort málfræðilegir þættir eða félagslegir geti átt hlut að máli. Um leið er leitast við að varpa nokkru ljósi á eðli slíkra ævibreytinga, hversu móttækilegt málkerfið sé fyrir breytingum á fullorðinsárum og hvaða kraftar séu þar að verki.

Af þessu má ráða að engin ein tilgáta eða sýn á málfræði og málbreytingar ræður ferðinni í rannsókninni, en það er ekki síst markmiðið að sýna fram á mikilvægi þess að einskorða sig ekki við þröngt sjónarhorn. Þá er sérstaklega horft til þess að félagsmálfræðingar og málkunnáttafræðingar hafa ekki að öllu leyti gengið í takt í rannsóknum sínum, viðhorfum og leit að skýringum á málbreytingum. Hér er róið á mið beggja þessara hópa, reynt að tvinnna saman frekar en skilja að. Af þessum sökum er víða komið við í fræðilegri umfjöllum um málbreytingar, stiklað á stóru frekar en að kafa djúpt í einstök atriði. Þannig fæst mynd af víðfeðmi þessa rannsóknarsviðs þó að margra þátta sé ógetið.

Niðurstöður rannsóknarinnar eru fjölbættar. Má þar nefna athyglisverðan samhljóm milli byggðapróunar og atvinnulífs annars vegar og þróunar framburðar hins vegar, einkum norðanlands þar sem tók voru á nákvæmari rannsókn á þessum tengslum en á Suðausturlandi. Einnig kom í ljós heldur óvænt þróun harðmælis á seinni árum og leidd eru rök að því að staða þessa afbrigðis hafi breyst eða sé að breytast. Það sé landshlutabundið afbrigði á undanhaldi, þannig að tíðni þess í norðlensku málsamfélagi fari í heild lækkandi, en þó sýni það um leið merki þess að styrkja sig í sessi yfir æviskeiðið á svipaðan hátt og „skýrmæli“. Þá eru og færð rök fyrir því að ævibreytingar eigi sér frekar stað á fyrri hluta ævinnar og að málfræðilegir þættir hafi áhrif á útbreiðslu málbreytinga. Þannig hafi sambúð tveggja afbrigða í blönduðu málumhverfi ólík áhrif á málnotendur eftir því hvers eðlis munurinn á afbrigðunum er. Af þessum sökum geti ein breyting staðið sterkar en önnur gagnvart jafnt nýjum kynslóðum sem fullorðnum málnotendum, eða jafnvel gagnvart öðrum hópnum frekar en hinum. Útbreiðsla málbreytingar lúti því bæði félagslegum og málfræðilegum kröftum, sem stundum leggjast á eitt.

## Abstract

The research project *Mál á mannsævi* (“Language in a lifetime”) focuses on the development of four variables or pairs of phonological variants in Icelandic, where one member of each pair is regional. There are two variants from North Iceland, so-called hard speech (“harðmæli” in Icelandic) which is characterized by aspirated stops after a long vowel in words like *api*, [a:p<sup>h</sup>ɪ] (‘monkey’), *aka*, [a:k<sup>h</sup>a] (‘drive’), *éta*, [je:t<sup>h</sup>a] (‘eat’), which contrasts with soft speech (“linmæli”), lacking such aspiration. Then there is voiced pronunciation (“raddaður framburður”) with voiced sonorants before an aspirated stop in forms like *hempa*, [hemp<sup>h</sup>a] (‘cassock’), *vanta*, [vant<sup>h</sup>a] (‘need’), *hjálpa*, [çaulp<sup>h</sup>a] (‘help’). In voiceless pronunciation (“óraddaður framburður”) the sonorants are unvoiced and the stops unaspirated. The variants soft speech and voiceless pronunciation are used by the majority in Iceland. From the south-eastern region there are also two variants. The *hv*-pronunciation (“*hv*-framburður”) in words like *hvalur*, [xa:lyɾ] (‘whale’) has a voiceless velar fricative [x] in initial position, as opposed to the more common *kv*-pronunciation (“*kv*-framburður”) with [k<sup>h</sup>v] in this position. Then there is the monophthongal pronunciation (“skaffellskur einhljóða-framburður”) which is a traditional name for long vowels in words like *bogi*, [pɔ:ji] (‘bow’), *stigi*, [stri:ji] (‘ladder’), as opposed to the more common diphthongal pronunciation (“tvíhljóða-framburður”).

The development of these variables is examined from different points of view. The descriptive goal is to find out how the frequency and distribution of each regional variant has changed since the first half of the 20th century. The theoretical goal is twofold: To determine the effect of the different forces that can influence linguistic changes in a speech community and to shed a general light on language change in individuals during their lifespan.

The materials consist of three studies on pronunciation that were conducted over a 70-year period. The first two – a study by Björn Guðfinnsson in the 1940s, and Research on Phonological Variation in Modern Icelandic (acronym: RÍN, “Rannsókn á íslensku nútímamáli”) from the 1980s – were extensive. They offer detailed information on the development of the variables, especially because an examination of Guðfinnsson’s data has revealed that the results can be interpreted more accurately now than was previously possible. The development is studied by focusing on the different linguistic characteristics of the variants on the one hand and by examining sociolinguistic and social factors such as speakers’ attitudes towards the variants and the varying developments of the society in the relevant areas on the other. Thus, the study considers a broad range of internal and external factors in formulating an explanation.

Work began on the last study in 2010, Linguistic Change in Real Time in the Phonology and Syntax of Icelandic (acronym: RAUN, “Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð”). With this addition to the earlier studies we can see the continuation of previous developments, but in some ways that image will be less clear than in the earlier period.

However, RAUN offers so-called real-time analysis because individuals who participated in it were previously among the participants in Guðfinnsson's study and/or RÍN. This material is used to view language change over the course of a lifetime from various perspectives and answer questions regarding these pronunciation variants but also has a more general value. The question is why some of the regional variants recede faster than others in the course of a lifetime. To what extent are linguistic factors and to what extent are social forces involved? Thus, the study seeks to shed some light on the nature of such lifetime changes, how responsive the language system is to changes in adulthood, and what forces are at work.

Because of this broad perspective, no single hypothesis or model of language change guides the journey in the study, and an important goal is to demonstrate the importance of not confining yourself to a narrow perspective. Underlying is the view that some kind of a bridge is needed between sociolinguists and generativists as they often use very different methods in their research and search for clarification of linguistic change. For this reason, the theoretical discussion about language change is wide-ranging, covering many topics, rather than delving deeply into a narrow area. We then gain a view of the breadth of this field of research, even though many factors go unmentioned.

The conclusions of the study are multifarious. One can, for example, detect an interesting concordance between urbanisation and economic development on the one hand and dialectical changes on the other, particularly in northern Iceland where these links could be studied in detail. The study also revealed an unexpected development of hard speech in later years, and there is an argument that the social status of this variant has changed or is changing. This local variant is fading but at the same time shows signs of strengthening during a lifetime in much the same way as "clear speech" (*skýrmæli*). Then it is argued that lifespan changes are more frequent earlier in life and that linguistic factors can influence the diffusion of language change. An important result is the fact that the coexistence of two variants of the same variable can have different effects on the linguistic environment depending on the nature of their differences. In some instances the differences are arguably rule-governed or regular, e.g. the difference between the voiced and voiceless pronunciation of the sonorants in words like *hempa*, *vanta* and *hjálpa* mentioned above. In other cases the differences are lexical, as the difference between the *hv*- and *kv*-pronunciation of words like *hver* 'geyser', where the *kv*-pronunciation makes *hver* homophonous with *kver* 'booklet', creating a confusing linguistic environment for those acquiring language in an area where both *hv*- and *kv*-pronunciation exist. This difference in linguistic environment can lead to one change being more resilient than another for both new generations and adult speakers, or even for one of the groups and not the other.

The general conclusion of the thesis is therefore that the diffusion of language change is subject to both social and linguistic forces, which sometimes amplify one another.

# Efnisyfirlit

Ágrip .....	3
Abstract .....	5
Efnisyfirlit .....	7
Skrá yfir töflur, myndir og myndrit .....	12
Formáli .....	15
<b>1. Inngangur .....</b>	<b>19</b>
1.1 Viðfangsefni .....	19
1.2 Rannsóknarspurningar og skipan efnis .....	23
<b>2. Kraftar að verki .....</b>	<b>25</b>
2.1 Inngangur .....	25
2.2 Mállýskur og málbreytingar – ólík sjónarhorn og skilgreiningar .....	26
2.2.1 Inngangur .....	26
2.2.2 Mállýska .....	27
2.2.3 Mállýskufræði, félagsmálfræði og málkunnáttufræði .....	30
2.2.4 Málbreyting .....	33
2.2.5 Breytileiki .....	36
2.2.6 Samantekt .....	39
2.3 Fólk og samfélag .....	40
2.3.1 Inngangur .....	40
2.3.2 Stétt og staða .....	40
2.3.3 Kyn – kyngervi .....	43
2.3.4 Sjálfsmynd – málið, við og hinir .....	48
2.3.5 Aldur .....	51
2.3.6 Fólk á ferðinni — hreyfanleiki og flutningar .....	53
2.3.7 Samantekt .....	58
2.4 Samfélag og mál .....	58
2.4.1 Inngangur .....	58
2.4.2 Málstöðlun og staðalmál .....	59
2.4.3 Vitund og viðhorf .....	61
2.4.4 Samantekt .....	63
2.5 Mál og heili .....	63
2.5.1 Inngangur .....	63
2.5.2 Markaldur fyrir máltöku .....	64
2.5.3 Breytingar á málkerfi fullorðinna .....	66
2.5.4 Málfræðilegur munur á málbreytingum .....	69
2.5.4.1 Inngangur .....	69
2.5.4.2 Hlutur málkerfisins í málbreytingum .....	70

2.5.4.3 Stutt lýsing á tilbrigðapörunum .....	73
2.5.4.4 Hvers kyns er breytileikinn? .....	74
2.5.4.5 Hvernig blasir breytileikinn við börnum á máltökuskeiði? .....	75
2.5.4.6 Hvernig blasir breytileikinn við fullorðnum málnotendum? .....	78
2.5.5 Samantekt .....	81
2.6 Litið um öxl .....	82
<b>3. Rannsóknargögn og aðferðir .....</b>	<b>83</b>
3.1 Inngangur .....	83
3.2 Sýndartími og rauntími .....	84
3.3 Rannsókn á íslensku nútímamáli – RÍN-rannsóknin .....	91
3.4 Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð – RAUN-rannsóknin ....	96
3.5 Rannsókn Björns Guðfinnssonar .....	100
3.5.1 Inngangur .....	100
3.5.2 Aðdragandi, markmið og viðfangsefni .....	100
3.5.3 Rannsóknaraðferðir .....	102
3.5.4 Þátttakendur og varðveitt gögn .....	106
3.5.5 Ný úrvinnsla og túlkun .....	108
3.5.6 Samantekt .....	115
3.6 Athuganir á vitund og viðhorfum .....	116
3.6.1 Inngangur .....	116
3.6.2 Áhrif fyrri hugmynda um málstýringu .....	117
3.6.3 Málþekki .....	123
3.6.3.1 Inngangur .....	123
3.6.3.2 Rannsóknirnar .....	124
3.6.3.3 Fegursta málið – Spegill, spegill, herm þú mér .....	127
3.6.3.4 Viðhorf til einstakra framburðarabrigða .....	130
3.6.3.5 Greinileiki einstakra framburðarabrigða .....	130
3.6.3.6 Ómeðvituð viðhorf til harðmælis og linnmælis .....	133
3.6.4 Samantekt um viðhorf .....	136
3.7 Tölfræðileg úrvinnsla og aðgengi að gögnum .....	136
3.8 Litið um öxl .....	137
<b>4. Sýndartímasamanburður: Mál og samfélag .....</b>	<b>139</b>
4.1 Inngangur .....	139
4.2 Harðmæli og linnmæli .....	141
4.2.1 Inngangur .....	141
4.2.2 Landfræðileg útbreiðsla um 1940 .....	141
4.2.3 Þróun harðmælis 1940+ til 1980+ .....	145
4.2.4 Einkenni og málfræðileg lýsing .....	149
4.2.5 Viðhorf til harðmælis og linnmælis .....	156
4.2.6 Samantekt um harðmæli og linnmæli .....	158



4.3 Raddaður og óraddaður framburður .....	159
4.3.1 Inngangur .....	159
4.3.2 Landfræðileg útbreiðsla um 1940 .....	160
4.3.3 Þróun raddaðs framburðar 1940+ til 1980+ .....	164
4.3.4 Einkenni og málfræðileg lýsing .....	169
4.3.5 Viðhorf til raddaðs og óraddaðs framburðar .....	175
4.3.6 Samantekt um raddaðan og óraddaðan framburð .....	176
4.4 Hv- og kv-framburður .....	177
4.4.1 Inngangur .....	177
4.4.2 Útbreiðsla og þróun .....	178
4.4.3 Einkenni og málfræðileg lýsing .....	180
4.4.4 Viðhorf til hv- og kv-framburðar .....	182
4.4.5 Samantekt um hv- og kv-framburð .....	183
4.5 Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður .....	183
4.5.1 Inngangur .....	183
4.5.2 Útbreiðsla og þróun .....	183
4.5.3 Einkenni og málfræðileg lýsing .....	185
4.5.4 Viðhorf til einhljóða- og tvíhljóðaframburðar .....	188
4.5.5 Samantekt um einhljóða- og tvíhljóðaframburð .....	189
4.6 Þróun fjögurra afbrigða borin saman .....	189
4.7 Þróun samfélagsins .....	195
4.7.1 Inngangur .....	195
4.7.2 Norðurland (eystra) .....	196
4.7.2.1 Inngangur .....	196
4.7.2.2 Vöxtur bæja .....	197
4.7.2.3 Uppruni aðfluttra á fyrri hluta 20. aldar .....	200
4.7.2.4 Annar hreyfanleiki fólks .....	206
4.7.2.5 Stöðnunarskeið og nýr kapítuli .....	207
4.7.3 Suðausturland .....	210
4.7.3.1 Inngangur .....	210
4.7.3.2 Vöxtur bæja og hlutfall aðfluttra .....	211
4.7.3.3 Aðrar samfélagsbreytingar .....	214
4.7.4 Nýir tímar .....	217
4.7.5 Samantekt um þróun samfélagsins .....	220
4.8 Litið um öxl .....	220
<b>5. Rauntímasamanburður: Fólk í fyrirrúmi .....</b>	<b>221</b>
5.1 Inngangur .....	221
5.2 Úrtak RAUN-rannsóknarinnar .....	223
5.2.1 Inngangur .....	223
5.2.2 Úrtak og úrvinnsla .....	224
5.2.3 Ólíku saman að jafna .....	226

5.3 <i>Hvað gerðist næst?</i> .....	229
5.3.1 Inngangur .....	229
5.3.2 Norðlensk afbrigði .....	229
5.3.2.1 Inngangur .....	229
5.3.2.2 Þrjár kynslóðir norðlenskra ungmenna .....	230
5.3.2.3 Harðmæli og linmæli .....	234
5.3.2.4 Raddaður og óraddaður framburður .....	236
5.3.2.5 Samantekt um norðlensk afbrigði .....	237
5.3.3 Skaftfellsk afbrigði .....	238
5.3.3.1 Inngangur .....	238
5.3.3.2 Þrjár kynslóðir skaftfellskra ungmenna .....	238
5.3.3.3 Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður .....	241
5.3.3.4 <i>Hv-</i> og <i>kv-</i> framburður .....	242
5.3.3.5 Samantekt um skaftfellsk afbrigði .....	243
5.3.4 Niðurstöður og umræða .....	244
5.4 <i>Meðaltöl og málhafar</i> .....	247
5.4.1 Inngangur .....	247
5.4.2 Harðmæli og linmæli .....	247
5.4.3 Raddaður og óraddaður framburður .....	249
5.4.4 Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður .....	251
5.4.5 <i>Hv-</i> og <i>kv-</i> framburður .....	253
5.4.6 Niðurstöður og umræða .....	255
5.5 <i>Málhafar og viðhorf</i> .....	255
5.6 <i>Aldur</i> .....	260
5.6.1 Inngangur .....	260
5.6.2 Björnskynslóð á tveimur æviskeiðum .....	261
5.6.3 Tvö tilbrigðapör á fyrri hluta ævinnar .....	266
5.6.4 Harðmæli og linmæli .....	268
5.6.5 Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður .....	270
5.6.6 Niðurstöður og umræða .....	273
5.7 <i>Hljóðasambönd</i> .....	277
5.7.1 Inngangur .....	277
5.7.2 Með og án /lt/ .....	277
5.7.3 Þróun einstakra hljóðasambanda .....	279
5.8 <i>Kyn</i> .....	285
5.8.1 Inngangur .....	285
5.8.2 Harðmæli og linmæli .....	286
5.8.3 Raddaður og óraddaður framburður .....	288
5.8.4 <i>Hv-</i> og <i>kv-</i> framburður .....	290
5.8.5 Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður .....	291
5.8.6 Niðurstöður og umræða .....	293

5.9 <i>Brottfluttir</i> .....	295
5.9.1 Inngangur .....	295
5.9.2 Norðlensk afbrigði .....	296
5.9.2.1 Inngangur .....	296
5.9.2.2 Raddaður og óraddaður framburður .....	296
5.9.2.3 Harðmæli og linmæli .....	300
5.9.2.4 Tengsl málpróunar og viðhorfa .....	304
5.9.2.5 Uppruni staðfastra og brottfluttra .....	305
5.9.2.6 Samantekt um norðlensk afbrigði .....	307
5.9.3 Skaftfellsk afbrigði .....	307
5.9.3.1 Inngangur .....	307
5.9.3.2 <i>Hv</i> - og <i>kv</i> -framburður .....	308
5.9.3.3 Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður .....	309
5.9.3.4 Þróun hjá Vestur-Skaftfellingum .....	311
5.9.3.5 Tengsl málpróunar og viðhorfa .....	313
5.9.3.6 Samantekt um skaftfellsk afbrigði .....	314
5.9.4 Niðurstöður og umræða .....	315
5.10 <i>Niðurstöður og umræða</i> .....	316
5.10.1 Inngangur .....	316
5.10.2 Ævibreytingar: Einstaklingar, viðhorf og aldur .....	317
5.10.3 Ævibreytingar: Kyn og flutningar .....	319
5.10.4 Raddaður framburður og skaftfellskur einhljóðaframburður .....	321
5.10.5 Harðmæli og <i>hv</i> -framburður .....	322
5.10.6 Margir kraftar að verki .....	323
<b>6. Að leikslökum</b> .....	<b>325</b>
English Summary .....	337
Aftanmálgreinar með nánari upplýsingum um niðurstöður marktækniprófa .....	344
Viðauki I: Textar úr rannsóknum á framburði .....	359
Viðauki II: Rannsókn á viðhorfum .....	362
Viðauki III: Einkunnir málhafa í rannsókn BG .....	364
Viðauki IV: Einkunnir málhafa í RAUN-úrtaki .....	369
Heimildaskrá .....	375

## Skrá yfir töflur, myndir og myndrit

<b>TÖFLUR</b>					
<b>Tafla</b>	<b>Efni</b>	<b>Bls.</b>	<b>Tafla</b>	<b>Efni</b>	<b>Bls.</b>
2-1	Málumhverfi barns	76	4-16	Raddaður og óraddaður framburður – mynstur	174
2-2	Málumhverfi barns	77	4-17	Raddaður framburður – viðhorf	176
2-3	Málumhverfi barns	78	4-18	Hv-framburður – BG	179
3-1	Sýndartímasamanburður	88	4-19	Hv-framburður – viðhorf	182
3-2	Harðmæli – einkunnagjöf í RÍN	95	4-20	Skaftfellskur einhljóða-framburður – BG	184
3-3	RAUN-úrtak	98	4-21	Skaftfellskur einhljóða-framburður – mynstur	186
3-4	Gögn Björns Guðfinnssonar	108	4-22	Skaftfellskur einhljóða-framburður – viðhorf	188
3-5	Meðaleinkunn reiknuð – BG	113	4-23	Úrtak við samanburð BG og RÍN	190
3-6	Meðaleinkunn áætluð – BG	113	4-24	Marktækniþróf – fjögur tilbrigðapör	192
3-7	Málþekki, markmið og aðferðir	123	4-25	Marktækniþróf – tvö tilbrigðapör	192
3-8	Málþekki – fallegasti framburðurinn – svæði	128	4-26	Líkur á stöðugleika afbrigða og mat á þróun	194
3-9	Málþekki – fallegasti framburðurinn – búseta	129	4-27	Aðfluttir – hlutfall með raddaðan framburð	202
3-10	Málþekki – fegurð afbrigða	130	4-28	Aðfluttir – hlutfall með harðmæli	204
3-11	Málþekki – greinileiki	131	4-29	Aðfluttir – hlutfall með skaftfellskan einhljóðaframburð	213
3-12	Aftanmálsgrein – dæmi	136	5-1	Úrtak – norðlensk afbrigði	224
4-1	Harðmæli – BG	142	5-2	Úrtak – skaftfellsk afbrigði	225
4-2	Harðmæli – svæði – BG	143	5-3	Harðmæli – ungmenni	232
4-3	Harðmæli – einkunnir – BG	143	5-4	Harðmæli – ungmenni	232
4-4	Harðmæli – einkunnir – RÍN	146	5-5	Raddaður framburður – ungmenni	233
4-5	Harðmæli – einkunnir – RÍN	147	5-6	Raddaður framburður – ungmenni	234
4-6	Harðmæli – viðhorf	157	5-7	Harðmæli – RAUN-úrtak	235
4-7	Raddaður framburður – BG	160	5-8	Harðmæli – aldurshópar	235
4-8	Raddaður framburður – svæði – BG	161	5-9	Raddaður framburður – RAUN-úrtak	236
4-9	Raddaður framburður – einkunnir – BG	162	5-10	Raddaður framburður – aldurshópar	237
4-10	Raddaður framburður – RÍN	165	5-11	Skaftfellskur einhljóða-framburður – ungmenni	239
4-11	Raddaður framburður – RÍN	165	5-12	Hv-framburður – ungmenni	240
4-12	Raddaður framburður – RÍN	166	5-13	Skaftfellskur einhljóða-framburður – RAUN-úrtak	241
4-13	Raddaður framburður – RÍN	166	5-14	Skaftfellskur einhljóða-framburður – aldurshópar	241
4-14	Óraddaður framburður – mynstur	171	5-15	Hv-framburður – RAUN-úrtak	242
4-15	Raddaður framburður – mynstur	172	5-16	Hv-framburður – aldurshópar	242

## Skrá yfir töflur, myndir og myndrit

TÖFLUR			MYNDRIT		
Tafla	Efni	Bls.	Myndrit	Efni	Bls.
5-17	Þróun – fjögur tilbrigðapör	247	3-1	Sýndartímasamanburður	88
5-18	Íhaldssamir og breytingasinnar	256	3-2	Sýndartími og rauntími	89
5-19	Fyrri hluti ævinnar – BG-kynslóð	262	3-3	Sýndartími og rauntími	90
5-20	Seinni hluti ævinnar – BG-kynslóð	264	3-4	Sýndartími og rauntími	90
5-21	Fyrri hluti ævinnar – raddaður framburður og hv-framburður	267	4-1	Harðmæli – BG	144
5-22	Fyrri hluti ævinnar – harðmæli	268	4-2	Harðmæli – BG, RÍN – ungmenni	145
5-23	Fyrri hluti ævinnar – skaftfellskur einhljóðaframburður	270	4-3	Harðmæli – þróun	148
5-24	Harðmæli – kyn	286	4-4	Raddaður framburður – BG	163
5-25	Raddaður framburður – kyn	288	4-5	Raddaður framburður – BG, RÍN – ungmenni	164
5-26	Hv-framburður – kyn	290	4-6	Raddaður framburður – þróun	165
5-27	Skaftfellskur einhljóðaframburður – kyn	292	4-7	Raddaður framburður – þróun	167
5-28	Þróun framburðar á tveimur tímasteiðum	294	4-8	Raddaður framburður – þróun eftir hljóðasamböndum	168
5-29	Raddaður framburður – staðfastir og brottfluttir	297	4-9	Hv-framburður - þróun	179
5-30	Raddaður framburður – brottfluttir eftir uppruna	298	4-10	Skaftfellskur einhljóðaframburður – þróun	185
5-31	Raddaður framburður – staðfastir og fluttir innan Norðurlands	299	4-11	Fjögur tilbrigðapör – þróun	190
5-32	Raddaður framburður – brottfluttir – kyn	299	4-12	Fjögur tilbrigðapör – þróun	191
5-33	Harðmæli – staðfastir og brottfluttir	300	4-13	Fjögur tilbrigðapör – þróun	195
5-34	Harðmæli – brottfluttir – kyn	302	4-14	Norðlensk afbrigði – bæir og nágrenni	196
5-35	Staðfastir og brottfarar – BG	306	4-15	Þróun mannfjölda – Norðurland	198
5-36	Staðfastir og brottfarar – BG	306	4-16	Þróun mannfjölda – Norðurland	199
5-37	Hv-framburður – staðfastir og brottfluttir	308	4-17	Þróun mannfjölda – Norðurland	200
5-38	Hv-framburður – brottfluttir – kyn	308	4-18	Raddaður framburður og uppruni Norðlendinga	203
5-39	Skaftf. einhljóðaframburður – staðfastir og brottfluttir	309	4-19	Harðmæli og uppruni Norðlendinga	205
5-40	Skaftfellskur einhljóðaframburður – brottfluttir – kyn	310	4-20	Uppruni íbúa á Norðurlandi eystra	208
5-41	Skaftfellskur einhljóðaframburður – staðfastar og brottfluttar konur	311	4-21	Vöxtur bæja og þróun framburðar	210
5-42	Skaftfellskur einhljóðaframburður – staðfastir og brottfluttir V-Skaftfellingar	311	4-22	Skaftfellsk afbrigði – þróun	211
5-43	Hv-framburður – staðfastir og brottfluttir V-Skaftfellingar	312	4-23	Þróun mannfjölda – Vík og Höfn	212
5-44	Fjögur tilbrigðapör – staðfastir og brottfluttir	315	4-24	Uppruni íbúa á Akureyri og Höfn	214
			4-25	Þróun mannfjölda 1980–2010	218

## Skrá yfir töflur, myndir og myndrit

MYNDRIT			MYNDRIT OG MYNDIR		
Myndrit	Efni	Bls.	Myndrit	Efni	Bls.
5-1	Harðmæli – þrjár rannsóknir	244	5-28	Hv-framburður – kyn	291
5-2	Raddaður framburður – þrjár rannsóknir	245	5-29	Skaftfellskur einhljóða-framburður – kyn	292
5-3	Skaftfellskur einhljóða-framburður – þrjár rannsóknir	245	5-30	Skaftfellskur einhljóða-framburður – kyn	293
5-4	Hv-framburður – þrjár rannsóknir	246	5-31	Raddaður framburður – staðfastir	297
5-5	Harðmæli – einstaklingar – BG-kynslóð	248	5-32	Raddaður framburður – brottfluttir	298
5-6	Harðmæli – einstaklingar – RÍN-kynslóð	249	5-33	Raddaður framburður – brottfluttir – kyn	300
5-7	Raddaður framburður – einstaklingar – BG-kynslóð	250	5-34	Harðmæli – staðfastir	301
5-8	Raddaður framburður – einstaklingar – RÍN-kynslóð	250	5-35	Harðmæli – brottfluttir	301
5-9	Skaftfellskur einhljóðaframburður – einstaklingar – BG-kynslóð	251	5-36	Harðmæli – brottfluttir – kyn	302
5-10	Skaftfellskur einhljóðaframburður – einstaklingar – RÍN-kynslóð	252	5-37	Norðlensk afbrigði – átta brottfluttir málfarar	304
5-11	Hv-framburður – einstaklingar – BG-kynslóð	253	5-38	Hv-framburður – staðfastir – kyn	308
5-12	Hv-framburður – einstaklingar – RÍN-kynslóð	254	5-39	Hv-framburður – brottfluttir – kyn	309
5-13	Norðlensk afbrigði – sjö málfarar	257	5-40	Skaftfellskur einhljóða-framburður – staðfastir – kyn	310
5-14	Skaftfellsk afbrigði – átta málfarar	258	5-41	Skaftfellskur einhljóða-framburður – brottfluttir – kyn	310
5-15	Sýndartímasamanburður	265	5-42	Skaftfellsk afbrigði – sjö brottfluttir málfarar	313
5-16	Raddaður framburður með og án /lt/	278			
5-17	Raddaður framburður – hljóðasambönd	280	<b>Mynd</b>	<b>Efni</b>	<b>Bls.</b>
5-18	Raddaður framburður – hljóðasambönd	281	2-1	S-kúrfan	38
5-19	Raddaður framburður – hljóðasambönd – einstaklingar	282	3-1	Sýndartímasamanburður	85
5-20	Raddaður framburður – hljóðasambönd	282	3-2	Myndir – notaðar í RÍN	93
5-21	Raddaður framburður – hljóðasambönd – einstaklingar	283	3-3	Framburðarspjald frá BG	104
5-22	Raddaður framburður – hljóðasambönd – einstaklingar	284	3-4	Framburðarspjald frá BG – harðmælisreitir	109
5-23	Harðmæli – kyn	287	3-5	Framburðarspjald frá BG	111
5-24	Harðmæli – kyn	287	3-6	Framburðarspjald frá BG	111
5-25	Raddaður framburður – kyn	289	3-7	Framburðarspjald frá BG	112
5-26	Raddaður framburður – kyn	289	4-1	Kort – Ísland	141
5-27	Hv-framburður – kyn	291	5-1	Kort – skólar í Eyjafjarðarsýslu	231

## Formáli

Ég vil byrja á því að þakka Höskuldi Þráníssyni, leiðbeinanda mínum, fyrir ómetanlega leiðsögn, stuðning og hvatningu. Án alls þess hefði þessi ritgerð aldrei orðið að veruleika og það má raunar segja um svo margt sem á málfræðilega daga mína hefur drifið. Án hlutdeildar hans í lífi mínu hefði margt farið á annan veg. Ég færi einnig Helge Sandøy og Kristjáni Árnasyni, sem sátu í doktorsnefndinni, ómældar þakkir fyrir framlag þeirra. Þeir hafa alltaf verið boðnir og búnir að rökræða og ráðleggja, miðla mér af þekkingu sinni og reynslu og gagnrýna á uppbyggilegan hátt.

Þessi ritgerð er afrakstur doktorsnáms við Íslensku- og menningardeild innan Hugvísindasviðs Háskóla Íslands. Hún er hluti af rannsóknarverkefni *Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð* (RAUN) sem Höskuldur Þránísson stýrði og hlaut þriggja ára styrk Rannsóknasjóðs (Rannís) árið 2010. Meðumsækjendur voru Kristján Árnason, Sigríður Sigurjónsdóttir, Matthew Whelpton og Þórhallur Eypórsson, öll við Háskóla Íslands. Rannsóknin byggist einnig að hluta á verkefni sem Þjóðhátíðarsjóður styrkti, *Breytingar á framburði á 70 ára tímabili* og styrkur fékkst frá Vinnuálastofnun til að skrá gögn Björns Guðfinnssonar í samvinnu við Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Þá voru veigamiklir þættir innan rannsóknar minnar unnir á grundvelli styrkja sem Kristján Árnason hlaut hjá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnanna *Félagsleg og hugmyndafræðileg áhrif í málpróun og breytileika* (2013) og *Dulin viðhorf til íslenskra málbrigða, mat á málnotkun* (2015). Loks ber að geta styrks sem Málvísindastofnun Háskóla Íslands veitti mér árið 2014 til að rannsaka framburð norðlenskra ungmenna. Styrktaraðilum öllum er þakkaður stuðningurinn, sem og þeim fjölmörgu sem veittu aðstoð á prófstöðum eða með því að leggja til raddir sínar í athugunum á viðhorfum. Síðast en ekki síst ber að þakka þeim þúsundum Íslendinga sem tekið hafa þátt í þeim rannsóknum sem hér er fjallað um.

Margir hafa lagt mér lið á ýmsan hátt. Fyrst má nefna Frans Gregersen, prófessor við Kaupmannahafnarháskóla, sem ásamt sínu fólki við LANCHART-setrið gerði mér tvívegis kleift að dvelja þar við rannsóknir mínar. Það var mér notadrjúgur tími og ómetanlegt að fá tækifæri til að spjalla um málbreytingar við þá reynslumiklu málvísindamenn sem þar starfa, ekki síst Tore Kristiansen og Malene Monka, að mörgum öðrum ónefndum. Að auki bauðst okkur Ástu Svavarsdóttur að sækja fyrirlestur Williams Labovs í Kaupmannahöfn árið 2013 og semínar sem setrið efndi til í kjölfarið með honum og Gillian Sankoff. Það gaf rannsóknum og skrifum þessa mikilhæfa félagsmálvísindafólks nýja vídd að hitta þau í eigin persónu.

Edit Bugge prófessor var gestgjafi minn haustið 2019 þegar ég sótti heim Høgskulen på Vestlandet í Björgvin í Noregi. Henni kynntist ég í Danmörku þar sem hún leiddi starfshóp sem ég tók þátt í og vann að norrænni styrkumsókn. Það var dýrmæt reynsla. Edit var óþreytandi að ræða við mig um mállýskur og mállýskurannsóknir í Noregi og gefa mér góð ráð. Í þessari

heimsókn naut ég einnig gamals vinskapar við Elínu Báru Magnúsdóttur og Þorstein Indriðason og gestrisni þeirra, auk þess sem Helge Sandøy var innan seilingar.

Fjölmörgum öðrum á ég gott að gjalda, samstarf jafnt sem andlegan og fræðilegan stuðning. Guðrún Beta Mánadóttir vann að skráningu gagna hjá Landsbókasafninu sem stýrði með mér því verki og annaðist ljósmyndun, Hlíf Árnadóttir var aðstoðarmaður minn við rannsóknir á viðhorfum sem lagðar voru fyrir á netinu og Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir vann með mér að rannsóknum á ómeðvituðum viðhorfum til harðmælis og skrifaði BA-ritgerð um niðurstöðurnar undir minni leiðsögn. Af ötulum aðstoðarmönnum sem ráðnir voru til starfa við RAUN-rannsóknina vil ég sérstaklega geta Margrétar Láru Höskuldsdóttur, Gísla Valgeirssonar og Katrínar Maríu Víðisdóttur sem öll hafa lagt mér lið langt umfram það starf sem þeim var upphaflega ætlað, auk þess sem Katrín María og Gísli störfuðu við verkefnið sem Málvísindastofnun styrkti og sneri að framburði norðlenskra ungmenna. Gamall samstarfsmaður úr *Rannsókn á íslensku nútímamáli* (RÍN), Aðalsteinn Eyþórsson, aðstoðaði mig við greiningu *hv*-framburðar. Á lokametrunum var Áslaug J. Marinósdóttir mín helsta hjálparhella, en einnig hlupu undir bagga Guðrún Magnúsdóttir, Dagbjört Guðmundsdóttir, Katrín María Víðisdóttir, Gísli Valgeirsson, Friðrik Magnússon, Eiríkur Rögnvaldsson, Matthew Whelpton, Sigríður Rögnvaldsdóttir og Karl B. Eyrúnarson. Þá vann Benedikt Víðisson að kortagerð. Þó að ég ynni sjálf jöfnum höndum að því að prófa tölfræðilega marktækni voru öll slík próf einnig gerð hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Þar var Stefán Þór Gunnarsson óþreytandi liðsmaður minn og Guðbjörg Andrea Jónsdóttir alltaf tilbúin að gefa mér góð ráð. Síðast en ekki síst hefur starfsfólk handritasafns Landsbókasafnsins farið ófáar ferðir í geymslur sínar að sækja fyrir mig gögn Björns Guðfinnssonar sem þar eru varðveitt. Öllu þessu fólki færi ég mínar bestu þakkir.

Af samnemendum vil ég nefna Hönnu Óladóttur sem var mér samferða í námi fyrstu árin og Stefanie Bade og Vanessu Isenmann sem ég átti samleið með í rannsóknum á viðhorfum. Doktorsnám er að mörgu leyti einmanaleg iðja og því mikilsvert að deila reynslu, áhyggjum og sigrum með öðrum í sömu sporum. Í utanferðum með Ástu Svavarsdóttur, málfræðingi og vinkonu minni, hafa fræði og góður félagsskapur gengið í eina sæng og ósjaldan hef ég gengið bjartsýnni að verki eftir gott spjall við Ástu.

Málfræðingar sem ég hef ausið þessu hugðarefni mínu yfir, í misstórum skömmtum, verða seint upp taldir, Sigríður Sigurjónsdóttir, Þóra Björk Hjartardóttir, Guðrún Þórhallsdóttir, Rannveig Sverrisdóttir, Ásgrímur Angantýsson, Einar Freyr Sigurðsson, Þórhallur Eyþórsson, Matthew Whelpton, Haraldur Bernharðsson og svo mætti lengi telja, að ógleymdum Eiríki Rögnvaldssyni sem fyrstur manna vakti áhuga minn á málfræði. Þá voru samtöl mín við sagnfræðingana Guðmund Hálfðanarson og Guðmund Jónsson einkar gagnleg og gefandi. Það sama gildir um fjölmarga aðra kennara á Hugvísindasviði, ekki síst þá sem aðstöðu hafa í Árnagarði þar sem ég hef dvalið löngum stundum við skrifir. Sum þeirra hafa stutt mig meira en þau vita.

Samstarfsfólk mitt á skrifstofu Hugvísindasviðs hefur ekki farið varhluta af bauki mínu og sumt fengið að vita meira um íslenskan framburð en það ef til vill kærði sig um. Ég færi því



öllu mínar bestu þakkir fyrir þolinmæði og sveigjanleika, sérstaklega sviðsforsetunum Ástráði Eysteinssyni, Guðmundi Hálfðanarsyni og Ólöfu Garðarsdóttur, rekstrarstjóranum Óskari Einarssyni og Eiríki Smára Sigurðarsyni sem verið hefur minn nánasti samstarfsmaður í áratug.

Systkinum mínum og fjölskyldum þeirra, tengdamóður minni, öðrum vandamönnum og vinum þakka ég ómetanlega tiltrú, hvatningu og áhuga. Síðast en ekki síst ber að nefna mömmu og pabba, sem nú er látinn, sem hvöttu mig sem unga stúlku til að læra. Þau lögðu áherslu á að við systkinin lærðum það sem við vildum, að nám og próf væru ekki aðeins ávísun á starf heldur líka lífsfyllingu. Þessa veganestis hef ég notið við rannsóknina og lít á það sem forréttindi að hafa fengið tækifæri til að leita nýrrar þekkingar.

Þá eru aðeins ónefnd maðurinn minn, börn, tengdadóttir og barnabarn. Þau hafa fært ómældar fórnir í þágu þessarar iðju minnar. Takk, Friðrik, Vilhjálmur, Guðrún, Kolbeinn, Snæfríður og litla Hrafnhildur, nýjasti gleðigjafinn.



# 1. Inngangur

## 1.1 Viðfangsefni

Hvernig breytast tungumál? Úti um víða veröld glíma málvísindamenn við þessa spurningu og hafa gert áratugum og öldum saman. Hún var hvatinn að rannsókninni *Mál á mannsævi*.

Niðurstöður rannsókna á málbreytingum eru fjölbreyttar. Félagsmálfræðingum hefur tekist að varpa ljósi á einstakar málbreytingar með því að rýna í félagslega þætti af ýmsum toga og dregið af því almennar ályktanir um eðli þessa fyrirbæris, upptök málbreytinga en þó enn frekar útbreiðslu þeirra. Þar er málið sem samskiptakerfi fólks ásamt félagslegri hegðun og eðli manneskjunnar í forgrunni. Sú sýn á málkerfið, með William Labov í broddi fylkingar, var byltingarkennd upp úr miðri síðustu öld (sjá t.d. um frægar rannsóknir hans á eyjunni Martha's Vineyard og í New York, Labov 1963, 2006 (1. útg. 1966), einnig 1972b, 1984 um aðferðafræði í málvísindum). Með nokkrum sanni má segja að málvísindamenn hafi fram að því rannsakað málkerfið sem nánast sjálfstætt fyrirbæri sem lyti eigin lögmálum án tengsla við manninn. Um sama leyti ruddi annað sjónarhorn sér til rúms, málkunnáttufræðin, sem undir forystu Noams Chomskys setti manninn í öndvegi líkt og félagsmálfræðin en þó á allt annan hátt. Viðfangsefni málkunnáttufræðinga er málið sem kerfi í huga mannsins. Þeir spyrja hvernig þessari hæfni sé fyrirkomið í heilanum, hvernig henni sé beitt og ekki síst hvernig börn tileinki sér hana á ungum aldri (sjá Chomsky 1986:3, einnig um upphaf og áherslur málkunnáttufræðinnar hjá Chomsky 2013). Það er einkum síðasta atriðið sem hefur beint sjónum málkunnáttufræðinga að málbreytingum, en vert er að halda því til haga að löngu fyrir höfðu málfræðingar tengt málbreytingar við máltöku barna (sjá umfjöllun hjá King 1969:78, einnig kafla 2.2.3).

Viðhorf málkunnáttufræðinga til þessara tengsla hafa tekið á sig ýmsar myndir eins og nánar segir frá í kafla 2.2.3, en allar götur og enn í dag er það ríkjandi sýn málkunnáttufræðinga að málbreytingar kvikni fyrst og fremst (eða eingöngu) þegar nýjar kynslóðir læra málið. Jafnframt hafa þeir aðgreint spurninguna hér í upphafi í tvennt á skýrari hátt en félagsmálfræðingar, þar sem þær renna að talsverðu leyti saman:

- (1-1) a. Hvernig koma málbreytingar upp?
- b. Hvernig breiðast málbreytingar út?

Málkunnáttufræðingar hafa ekki aðeins aðskilið þessi viðfangsefni heldur má segja að þeir hafi lengi vel látið félagsmálfræðingum síðari spurninguna eftir og þá um leið þann breytileika sem er óaðskiljanlegur hluti af málbreytingum. Nú er öldin önnur eins og glöggt má sjá í skrifum Anthony's Krochs (t.d. 2001) og Charles Yangs (t.d. 2002) sem báðir telja að slíkur breytileiki sé hluti af málkunnáttunni og þá um leið því kerfi sem börn tileinka sér á máltökuskeiði.

Spurning (1-1)b er meginviðfangsefni þessarar ritgerðar. Hana má þrengja á ýmsa vegu, en hér eru valdar tvær leiðir. Þær eiga það sameiginlegt að horft er til framburðarafbrigða sem

skilið hafa mál fólks á tveimur svæðum á Íslandi frá máli þorra landsmanna. Þetta eru annars vegar afbrigðin harðmæli og raddaður framburður sem eiga kjarnasvæði sitt á Norðurlandi en flestir landsmenn nota linnmæli og óraddaðan framburð og hins vegar *hv*-framburður og skaftfellskur einhljóðaframburður sem eiga höfuðvígi sitt í Skaftafellssýslum en víðast hvar tíðkast *kv*-framburður og tvíhljóðaframburður. Stutta lýsingu á þessum tilbrigðapörum er að finna í kafla 2.5.4.3 en til glöggvunar má nefna eftirfarandi dæmi, sem þó eru langt í frá nákvæm lýsing:

- (1-2) a. *Api, ata* og *aka*: Harðmæltir málnotendur hafa fráblásið lokhljóð á eftir löngu sérhljóði en linnmæltir ófráblásið.
- b. *Stúlka, hempa, vanta, maðkur*: Málnotendur sem nota raddaðan framburð hafa raddað /l,m,n,ð/ á undan /p,t,k/ sem eru fráblásin en hjá þeim sem nota óraddaðan framburð er fyrra hljóðið óraddað og það seinna ófráblásið.
- c. *Hvað, hvalur*: Í *hv*-framburði eru orð sem skrifuð eru með *hv* borin fram með óraddaða önghljóðinu [x] (með eða án kringingar), en í *kv*-framburði er hann [k<sup>hv</sup>]/[kf].
- d. *Hagi, stígi, logi, hugi, lögin*: Hjá málnotendum sem hafa skaftfellskan einhljóðaframburð er einhljóð á undan [j] (sem ritað er *-gi*), en í tvíhljóðaframburði er tvíhljóð (eða [i]) í þessari stöðu.

Það sem skilur að fyrrnefndar tvær leiðir er að annars vegar er litið til þróunar þessara tilbrigðapara í norðlensku og skaftfellsku málsamfélagi í heild og hins vegar hjá einstaklingum yfir æviskeiðið. Tímabilið sem er undir teygir sig á köflum yfir heila öld, allt frá fyrsta fjórðungi 20. aldar til ársins 2015. Þunginn í umfjölluninni spannar þó sem nemur einni mannsævi.

Markmiðið með því að lýsa þróun afbrigðanna í málsamfélaginu sem þau einkenna er annars vegar lýsandi og hins vegar skýrandi. Rannsóknargögnin eru nýtt til að varpa ljósi á afdrif þeirra og segja þannig brot úr sögu íslenskunnar, en jafnframt er leitað skýringa á hvort sem er stöðugleika eða hröðum breytingum. Þó að lýsing á afdrifum framburðarafbrigðanna nái allt til nútíma er rýnt mun nákvæmar í 20. öldina fram um 1985. Það helgast af viðamiklum gögnum frá rannsókn sem Björn Guðfinnsson vann á 5. áratugnum og RÍN, *Rannsókn á íslensku nútímamáli*, sem gerð var á 9. áratugnum. Saman bjóða þær upp á fjölþættan samanburð milli tímabila, aldurshópa, svæða og staða. Í leit að skýringum er einkum skyggst til þriggja þátta. Kannað er hvort málfræðilegir þættir gætu átt hlut að máli, viðhorf og þróun samfélagsins. Með því móti er ekki aðeins leitað skýringa á tiltekinni þróun heldur um leið sýnt fram á mikilvægi þess að einskorða sig ekki við tiltekna tilgátu eða sýn á málbreytingar. Með því er ekki gert lítið úr rannsóknum sem fela í sér að prófa eina tilgátu og kanna hvort tiltekinn kraftur sé að verki þegar málbreytingu vindur fram. Slíkar rannsóknir eru nauðsynlegar til að finna sem flesta slíka krafta. Og þær hafa leitt í ljós að þeir eru margir og misjafnir eins og fram kemur í 2. kafla. Einmitt þess vegna er varhugavert að skoða málþróun frá þröngu sjónarhorni og telja sig hafa fundið ljósið, hina einu réttu skýringu á því sem gerðist. Það gildir ekki aðeins um afmarkaðar tilgátur heldur einnig víðari sýn á mannlegt mál. Þar erum við aftur komin að félagsmálfræðingum og málkunnáttufræðingum sem virðast eiga erfitt með að feta sameiginlega slóð, þeir sjá mál og málbreytingar svo ólíkum augum. Hér er reynt að finna slíka slóð með því að

leita fanga í ranni beggja. Þá kemur á daginn að með því móti má í senn varpa ljósi á ástæður þeirrar þróunar sem átti sér stað og leiða rök að því að engin ein ástæða hafi ráðið ferðinni heldur ýmsir kraftar verið að verki, félagslegir og málfræðilegir. Nýnæmi þessa þáttar í rannsókninni felst í þessari samþættingu ólíkra sjónarhorna, en einnig því að skoða málbreytingar á Íslandi í ljósi samfélagsþróunar, leita samsvörunar við byggðapróun, þenslu og samdrátt í atvinnulífi og fólksflutninga. Óhætt er að segja að sú athugun eigi sér ekki hliðstæðu í öðrum íslenskum rannsóknum.

Athugun á þróun framburðar yfir æviskeiðið er um margt annars eðlis. Sjónarhornið færast frá málsamfélaginu í heild til einstaklinganna. Um leið má segja að spurning (1-1)b sé brotin upp í tvennt og gert ráð fyrir því að málbreytingar breiðist út eftir tveimur meginleiðum:

- (1-3) a. Nýjar kynslóðir tileinka sér nýjung sem komin er upp.
- b. Fólk breytir máli sínu á lífsleiðinni.

Á grundvelli rannsóknargagnanna sem unnið er með er leitast við að varpa ljósi á síðarnefndu leiðina, svokallaðar ævibreytingar (e. *lifespan changes*). Þar er um að ræða rauntímarannsókn en slíkar rannsóknir einkennast af því að mál einstaklinga eða hópa er kannað oft og einu sinni á einhverju tímabili, mislöngu. Slíkar rannsóknir hafa rutt sér til rúms á undanförunum árum og óhætt að segja að búið sé að sýna fram á að ævibreytingar séu mikilvægur þáttur í útbreiðslu málbreytinga. Sem dæmi má benda á ályktun Sankoff og Blondeau (2007:582) um áhrif ævibreytinga á útbreiðsluhraða málbreytinga, en ýmis dæmi um rauntímarannsóknir eru tínd til í kafla 3.2. Efniviðurinn sem hér er úr að móða gefur þó tækifæri til að leita svara við fjölbreyttum spurningum um eðli og einkenni ævibreytinga. Að nokkru leyti snýst það um einstök gögn en þó ekki síður um efnistöð eða sýn á efniviðinn og málbreytingar.

Sem efniviður í rauntímarannsókn eru gögnin einstök að því leyti að þau spanna langt skeið í ævi fólks, einkum hjá hluta úrtaksins. Þar er fyrrnefnd framburðarrannsókn Björns Guðfinnssonar frá 5. áratug síðustu aldar grunnurinn. Flestir þátttakendur í rannsókninni voru ungir að árum. RÍN-rannsóknin, *Rannsókn á íslensku nútímamáli*, um 40 árum síðar, náði til allra aldurs hópa en þar var að hluta til haft uppi á sama fólki og tók þátt í rannsókn Björns og var þá nálægt fimmtugu. Að 30 árum liðnum var það enn á ný sótt heim í RAUN-rannsókninni, *Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð*. Hjá þessum hópi er því nánast öll ævin undir, mál á mannsævi. Í RAUN voru einnig þátttakendur frá Birni sem í millitíðinni höfðu flutt til höfuðborgarsvæðisins. Fæstir þeirra tóku þátt í RÍN. Enn aðrir, yngra fólk, tók þátt í tveimur síðarnefndu rannsóknunum.

Í þessum hluta rannsóknarinnar er sjónum áfram beint að Norðurlandi og Skaftafellssýslum. Sem fyrr segir býr hvort svæði að tveimur staðbundnum framburðarabrigðum með tilheyrandi breytileika í málsamfélaginu. Sumir hafa staðbundið afbrigði, aðrir ekki og enn aðrir hafa breytilegan framburð. Rannsóknirnar þrjár gefa tækifæri til að skoða að hve miklu marki þetta breytist yfir æviskeiðið. Þær bjóða því upp á lýsingu sem hefur ákveðið gildi fyrir hvert tilbrigðapar um sig. Hún fyllir upp í myndina sem fékkst með því að skoða þróun í

málsamfélaginu í heild þar sem hún dregur fram að hve miklu leyti fullorðið fólk á þátt í útbreiðslu þeirra málbreytinga sem um ræðir.

Það kemur á daginn að ævibreytingar eru um sumt misjafnar eftir því hvaða tilbrigðapör eiga í hlut. Í því felst að niðurstöður rannsóknar af þessu tagi sem beinist aðeins að einu slíku pari hefur takmarkað forspárgildi fyrir annað þar eða ævibreytingar almennt. Á grundvelli þróunar eins tilbrigðapars væri því ef til vill spáð að nýjung sem ungmenni tileinka sér í miklum mæli sæki einnig hart að í máli fullorðins fólks, það fylgi í humátt á eftir þeim ungu. Rannsókn á öðru tilbrigðapari gæti leitt til þeirrar tilgátu að mál fullorðinna sé tiltölulega fast fyrir þannig að þáttur þeirra í útbreiðslu málbreytinga sé óverulegur. Þar sem tilbrigðapörin eru fjögur í þessari rannsókn er hægt að skoða hvað sameinar þróun þeirra í máli fullorðins fólks eða skilur að, skyggast eftir kröftum sem þar kunna að vera að verki og spyrja hvað einkenni ævibreytingar almennt. Þar sem gögnin hafa þá sérstöðu umfram flestar ef ekki allar rannsóknir af þessu tagi að spanna nánast alla ævina hjá stórum hópi fólks er meðal annars hægt að kanna hvort ævibreytingar verði frekar á einu skeiði ævinnar en öðru.

Eins og ímprað var á hér að framan hafa félagsmálfræðingar og málkunnáttufræðingar um margt ólíka sýn á málbreytingar. Stundum örlar á togstreitu þar á milli. Eitt af markmiðum þessarar rannsóknar er að sýna fram á mikilvægi þess að skipa sér ekki í annan hvorn flokkinn. Í umfjöllun um ævibreytingar er því eins og áður tekin sú afstaða að báðir hópar geti og hafi lagt sitt af mörkum til skilnings okkar á málbreytingum og því sé vert að rýna í gögnin frá báðum sjónarhornum. Spurningarnar sem glímt er við enduróma þá sýn. Þó er sá munur á að spurningar í anda félagsmálfræðinnar eru hefðbundnar og ætlunin með þeim að kanna hvort vísbendingar sem fundist hafa í öðrum rannsóknum eigi einnig við hér, til dæmis hvað varðar mun á kynjum eða áhrif viðhorfa. Með spurningum sem fela í sér nálgun frá sjónarhóli málkunnáttufræðinnar er hins vegar róíð á fáfarnari mið. Markmiðið með þeim er að kanna hvort málfræðilegir eða málkerfislegir þættir geti haft áhrif á ævibreytingar og þar með útbreiðslu málbreytinga.

Það gefur þessu málfræðilega sjónarhorni og samanburði milli tilbrigðaparanna aukið gildi að flestir þátttakendur höfðu tvö staðbundin afbrigði í máli sínu í fyrri rannsóknum. Þróun harðmælis og raddaðs framburðar er því könnuð í máli sama fólks og sömuleiðis *hv*-framburður og skafftellskur einhljóðaframburður. Um leið fækkar ýmsum félagslegum þáttum sem taka þarf tillit til, persónan og æviskeiðið er aðeins eitt. Málfræðilegir þættir skilja hins vegar að tilbrigðapörin fjögur. Ef málnotandi tileinkaði sér staðbundinn framburð á máltökuskeiði en tekur síðar upp í einhverjum mæli framburðarafbrigði flestra landsmanna felur það í sér að málkerfi hans hafi tekið breytingum og sú breyting er ekki sama eðlis í öllum tilvikum. Færa má rök fyrir því að um geti verið að ræða tileinkun hljóðkerfisreglu sem málkerfið bjó ekki yfir áður, útvíkkun hljóðkerfisreglu sem fyrir var eða breytingu innan orðasafnsins. Rannsóknarspurningarnar beinast meðal annars að þessum mun og mögulegum áhrifum hans á ævibreytingar. Nýnæmi rannsóknarinnar liggur ekki síst í því sjónarhorni.

### 1.2 Rannsóknarspurningar og skipan efnis

Markmið rannsóknarinnar má greina í nokkra þætti:

- Í fyrsta lagi að lýsa þróun þeirra framburðarafbrigða sem til athugunar eru, þ.e. harðmælis/linmælis, raddaðs/óraddaðs framburðar, skaftfellsks einhljóðaframburðar/tvíhljóðaframburðar og *hv-/kv*-framburðar, yfir 70 ára tímabil.
- Í öðru lagi að reyna að nýta fræðilegar tilgátur um mál og málbreytingar til að skýra þessa þróun að einhverju leyti.
- Í þriðja lagi að kanna að hve miklu marki fullorðnir málnotendur hafa tekið þátt í eða jafnvel spornað gegn sókn þeirra framburðarafbrigða sem einkenna mál flestra landsmanna.
- Í fjórða lagi að varpa almennara ljósi á slíkar ævibreytingar, finna krafta sem þar eru að verki.

Þessi markmið beinast því bæði að því að lýsa og skýra og fimmta markmiðið birtist í leitinni að skýringum. Þar er leitast við að horfa á viðfangsefnið, mál og málbreytingar, frá sjónarhóli bæði félagsmálfræði og málkunnáttufræði. Málið er í senn félagslegt fyrirbæri og kunnátta í huga málnotendanna, kerfi sem getur tekið breytingum milli kynslóða eða yfir ævina. Unnið er út frá því að félagslegir þættir geti haft áhrif á þróun málsins en jafnframt að málkerfislegir eiginleikar málbreytinga hafi áhrif á það í hve miklum mæli fólk tileinkar sér nýjungar á fullorðinsárum. Í því felst þá ekki aðeins það markmið að skýra þátt ævibreytinga í útbreiðslu þessara tilteknu málbreytinga heldur einnig málbreytinga almennt – að leggja eitthvað af mörkum til glímunnar við spurninguna: Hvernig breytast tungumál?

Í ljósi umræðunnar hér að framan má skipta rannsóknarspurningunum í tvo meginflokka. Annars vegar lúta þær að þróun landshlutabundnu framburðarafbrigðanna á kjarnasvæðum sínum yfir um 70 ára tímabil, með áherslu á fyrri hluta þess. Hins vegar snúast þær um ævibreytingar. Helstu spurningar sem leitað er svara við eru eftirfarandi:

- (1-4) a. Hvernig hafa framburðarafbrigðin þróast síðastliðin 70 ár?  
b. Má sjá tengsl þessarar þróunar við málfræðilega þætti eða félagslega, eins og viðhorf eða þróun samfélagsins?  
c. Að hve miklu leyti breytir fólk máli sínu á lífsleiðinni?  
d. Hvernig ferli er það þegar fullorðið fólk breytir máli sínu þegar tiltekið framburðarafbrigði sækir á, er það til að mynda einkennandi fyrir annað kynið frekar en hitt og er það jafnt ferli eða bundið einu aldurs skeiði frekar en öðru?  
e. Er slík þróun mismunandi eftir því hvers kyns slíkar breytingar eru?

Í upphafi 4. og 5. kafla verða þessar spurningar brotnar nánar niður og eftir því sem umfjölluninni vindur fram kvikna fleiri sem allar byggjast þó á þessum grunni.

Uppbygging ritgerðarinnar er sem hér segir: Í 2. kafla, *Kraftar að verki*, er farið yfir vítt svið og kafað misdjúpt í tilgátur og rannsóknir á málbreytingum og breytileika. Enn fremur er rýnt í þær fjórar málbreytingar sem eru viðfangsefni rannsóknarinnar og dregið fram hvernig breytileikinn sem fylgir þeim getur blasað á ólíkan hátt við málnotendum. Í 3. kafla segir frá rannsóknargögnum, úrtaki og aðferðum við úrvinnslu. Þar eru einnig upplýsingar (í kafla 3.7) um aðgengi annarra rannsækenda að ýmsum efnivið sem er afrakstur rannsóknarinnar. Að því

## 1. Inngangur

loknu vÍkur loks sögunni að framburðarafbrigðunum og þróun þeirra. Í 4. kafla er hún skoðuð á kjarnasvæðunum á grundvelli rannsóknar Björns Guðfinnssonar og RÍN, en sem fyrr segir eru þessar rannsóknir frá 5. og 9. áratug 20. aldar. Skýringa er leitað með því að líta til málfræðilegra einkenna, viðhorfa og þróunar samfélagsins. Ævibreytingar eru viðfangsefni 5. kafla. Þar er aftur unnið úr hluta gagnanna úr sömu rannsóknum en RAUN-rannsókninni bætt við. Úrtakið er fámennara en í 4. kafla en samanstandur af þátttakendum sem tóku þátt í ýmist tveimur eða þremur rannsóknum. Því er hægt að fylgja málþróun þeirra eftir, bera saman einstaklinga og afbrigði og leita almennra svara um einkenni ævibreytinga. Af þessu má ráða að viðfangsefni í 4. og 5. kafla skarast, en um leið stendur hvor kafla fyrir sínu. Leitast er við að feta einstigið milli hæfilegra endurtekninga og óhóflegra svo hægt sé að lesa þá hvort sem er sem sjálfstæða umfjöllun eða samfellda. Í 6. kafla er farið yfir niðurstöðurnar í ljósi þeirra markmiða og rannsóknarspurninga sem lagt var upp með eða kviknuðu á vegferðinni.



## 2. Kraftar að verki

### 2.1 Inngangur

Eins og fram kom í síðasta kafla má greina markmið þessarar rannsóknar í tvo meginþætti sem lýsa má svo í stuttu máli: Í fyrsta lagi er markmiðið að varpa ljósi á stöðu og þróun fjögurra landshlutabundinna framburðarafbrigða yfir 70 ára tímabil og vel það, þó með ríkari áherslu á tvö þeirra. Óhjákvæmilega beinist athugunin þá um leið að viðgangi samsvarandi afbrigða sem einkenna mál flestra landsmanna. Í öðru lagi verður skoðað hvort og þá hvernig einstaklingar breyta framburði sínum á lífsleiðinni og um leið hvaða og hvers konar hindranir, hvata eða mynstur megi greina í slíkri þróun. Markmiðin fela í sér að bæði þarf að lýsa og skýra. Til að mynda þarf að lýsa útbreiðslusvæði hvers afbrigðis og tíðni þess hjá málnotendum í heild í þeim rannsóknum sem til er að dreifa. Aðeins þannig fæst mynd af stöðu afbrigðanna og þróun. Einnig þarf að lýsa málnotkun einstaklinga og breytingum á henni. Segja má að þessar lýsingar byggist í senn á fyrir fram gefnum spurningum og veki jafnframt nýjar spurningar. Til að mynda er nánast sjálfgefið að kanna hvort munur sé á kynjum þegar fengist er við breytileika og málbreytingar, einfaldlega vegna þess að rannsóknir hafa sýnt að svo er gjarna. Hins vegar getur greining gagnanna leitt mann inn á óvæntar brautir. Það verður til dæmis að viðurkennast að sú þróun harðmælis sem gögnin úr RAUN-rannsókninni leiddi í ljós, og fjallað verður um í 5. kafla, kom mér í opna skjöldu. Sjónir mínar beindust af þessum sökum meira að viðhorfum og málstefnu á 20. öld en ég hafði gert mér í hugarlund í upphafi.

Í athugunum og skýringaleit af þessu tagi koma við sögu ýmis hugtök og tilgátur sem fræðimenn hafa varpað fram. Málfræðingar, hvort sem er mállýskufræðingar, félagsmálfræðingar, málkunnáttufræðingar eða aðrir sem í þann fjölbreytta hóp falla, hafa í gegnum tíðina skoðað málbreytingar frá mörgum sjónarhornum og sýnt fram á tengsl þeirra við fjölmarga þætti. Í þessum kafla er leitast við að draga fram nokkra þá helstu. Þeir munu þó ekki allir koma við sögu í umfjöllun um tilbrigðapörin fjögur sem hér er fengist við heldur er skyggst víðar. Markmiðið er í senn að gefa nokkra mynd af hugmyndum fræðimanna um breytileika og málbreytingar og byggja undir komandi greiningu.

Kaflinn skiptist í nokkra undirkafla, auk þessa inngangs. Í þeim fyrsta (2.2), sem greinist í fjóra undirkafla auk inngangs og samantektar, er vikið stuttlega að þeim undirgreinum málvísinda sem helst hafa látið sig málbreytingar og breytileika varða og fjallað um hugtökin **mál**, **mállýska**, **málbreyting** og **breytileiki**. Meðal annars segir af því sem kalla má séríslenska notkun hugtaksins mállýska og fjallað er um ólíka merkingu sem lögð er í bæði hugtakið og fyrirbærið málbreyting.

Næstu kaflar fjalla hver á sinn hátt um skýringar á málbreytingum. Rannsóknir hafa sýnt að varpa má ljósi á þróun þeirra með því að greina ýmsa hópa innan samfélagsins. Um það fjallar kaflinn *Fólk og samfélag* (2.3) sem greinist í nokkra undirkafla. En það er ekki aðeins

hægt að draga fólk í dilka, heldur einnig málbrigði, þ.e. tiltekin form innan tungumálsins eins og harðmæli og linmæli. Kaflinn *Samfélag og mál* (2.4) fjallar því um misjafna stöðu málbrigða og málafrigða í samfélaginu og möguleg áhrif viðhorfa og vitundar á málbreytingar, ekki síst þátt staðalmáls. Í kaflanum *Mál og heili* (2.5) vísar sögunni að allt öðru sjónarhorni, málkerfinu sjálfu. Þar er byrjað á umfjöllun um markaldur fyrir máltöku (2.5.2), þ.e. meðfædda hæfni barna til að tileinka sér mál. Tilgátan um markaldur snýst um að þessi hæfni dali eða jafnvel hverfi og í framhaldinu (2.5.3) er hugað nánar að því hvað í því felist, hvort málkerfi fullorðinna hafi þrátt fyrir allt hæfni til að halda áfram að breytast og þróast.

Breytingar á málkerfi fullorðins fólks koma áfram við sögu í kafla 2.5.4. Þar er dreginn fram málfræðilegur munur á þeim málbreytingum sem ritgerðin fjallar um og þeirri spurningu velt upp hvort slíkur munur hafi áhrif á útbreiðslu þeirra. Spurningin snýst bæði um börn á máltökuskeiði og þá sem eldri eru og breyta málkerfi sínu á fullorðinsárum. Því hefur verið haldið fram að markaldur taki á ólíkan hátt til mismunandi hluta málkerfisins og sömuleiðis að málkerfið geti ekki breyst á hvaða veg sem er. Þetta tvennt liggur til grundvallar þeirri hugmynd að þátttaka fullorðinna málnotenda í útbreiðslu málbreytinga gæti að einhverju leyti verið háð því hvers konar málbreytingar er um að ræða (sjá einnig 4.2.4, 4.3.4, 4.4.3 og 4.5.3). Með þeirri umræðu er byggt undir síðari kafla þar sem þróunin verður skoðuð og borin saman. Kafli 2.6 inniheldur nokkur lokaorð.

## 2.2 Mállýskur og málbreytingar – ólík sjónarhorn og skilgreiningar

### 2.2.1 Inngangur

Þessi rannsókn snýst um landshlutabundinn framburðarmun sem lengi vel tíðkaðist að kalla mállýskur. Um leið er hún um málbreytingar og breytileika. Kaflinn fjallar um þessi hugtök, hvernig þau fléttast saman og birtast að nokkru leyti sem ólík viðfangsefni eftir því hvaða undirgrein málvísindanna á í hlut. Enn fleiri hugtök koma við sögu og þó að þau verði kynnt smám saman er rétt að gefa snögg yfirlit yfir nokkur þeirra og samsvarandi hugtök í ensku til að forðast misskilning:

- (2-1) a. Mállýska (e. *dialect*), sjá nánar í kafla 2.2.2.
- b. Breytileiki (e. *variation*), sjá nánar í kafla 2.2.5.
- c. Afbrigði/málbrigði/tilbrigði (e. *variant*), tiltekið form eða formeinkenni, til dæmis harðmæli (framburðarafbrigði) eða ný þolmynd (setningafræðilegt afbrigði).
- d. Tilbrigðapar/breytupar (e. *variable*), tvö (eða fleiri) form eða formeinkenni, þ.e. afbrigði, sem málnotendur nota til að segja það sama og eru þannig ólík gildi sömu breytu (e. *variable*), til dæmis harðmæli/linmæli.
- e. Málafrigði (e. *variety*), tiltekið afbrigði innan tungumáls, til dæmis staðalmál eða mállýska sem sumir nota en ekki aðrir.

Af orðunum *afbrigði*, *málbrigði* og *tilbrigði* er mér það fyrsta tamast á tungu, einkum þegar rætt er um tiltekin afbrigði. *Málbrigði* nota ég frekar þegar umræðan er almennari, en orðið er stundum óþægilega líkt orðinu *málafrigði*. *Tilbrigði* kemur helst fyrir í samsetningunni *tilbrigðapar* sem

segja má að komi í stað yfirhugtaks fyrir framburðarmun eins og harðmæli/linmæli eða *hv-/kv-*framburð. Tilbrigðapörin eru því breytur sem eru til rannsóknar, en mér þykir *breyta* þó heldur tæknilegt eða tölfræðilegt til að það fari vel í almennri umfjöllun. *Tilbrigðapar* er þó ekki sérstaklega lipurt heldur og því leyfi ég mér oft að tala um þróun afbrigðis eins og harðmælis án þess að geta þess sérstaklega að um leið hlýtur linmæli að hafa þróast á andstæðan veg.

En nú vikur sögunni að séríslenskri notkun hugtaksins mállýska.

### 2.2.2 Mállýska

Hugtakið **mállýska**, sem hér til að byrja með er notað í sömu merkingu og enska orðið *dialect*, er hálfgerð vandræðabarn því að ekki er hægt að draga skörp skil milli máls og mállýsku. Vandinn lætur á sér kræla um leið og rýnt er í hugtakið **mál**. Þá sést að oft eru það landamæri sem draga mörkin milli tungumála. Svíar tala sænsku, Norðmenn norsku og Danir dönsku. Þó eru tungumálin svo lík (og skyld) að þjóðirnar eiga tiltölulega auðvelt með að skilja hver aðra, einkum Norðmenn og Svíar (sjá Gooskens 2007:452–453). Heinz Kloss notaði hugtökin *Abstandssprachen* og *Ausbausprachen* til að greina milli mismunandi þátta sem gera tungumál að tungumáli. Mál af fyrrnefndu gerðinni greina sig frá öðrum á grundvelli formeinkenna. Enginn velkist til að mynda í vafa um að baskneska sé sérstakt tungumál, málfraðilega er það svo ólíkt öllum öðrum. Norrænu málin þrjú eru hins vegar oft nefnd sem dæmi um *Ausbau*-mál sem greinast frá öðrum málum á grundvelli margra þátta: pólitískra, menningarlegra, félagslegra, sögulegra og málfraðilegra (sjá Kloss 1967).

Gagnkvæmur skilningur er stundum notaður þegar reynt er að skilgreina mállýsku. Þá er sagt eitthvað á þá leið að eitt og sama tungumálið sé safn mállýskna sem allir málnotendur skilja þrátt fyrir ákveðinn mismun. Innan bæði norsku og sænsku geta mállýskur þó verið svo ólíkar að það valdi vandkvæðum í samskiptum. Það er ekkert endilega erfiðara fyrir Norðmann að skilja Svía heldur en annan Norðmann (sjá t.d. Chambers og Trudgill 1998:3–5, Røyneland 2008:17–18). Önnur leið er að skilgreina mállýsku sem safn formlegra einkenna sem skilja hana frá staðalmálinu eða öðrum mállýskum, þ.e. frá öðrum málafrbrigðum. Þá þarf að spyrja hversu „stórt“ slíkt safn þurfi að vera til að réttlæta heitið mállýska. Þarf það að vera „heilt málkerfi“ sem skilur sig frá öðrum málafrbrigðum (sbr. Røyneland 2008:16) – og hvernig væri hægt að draga þau mörk?

Ein leið enn er að styðjast við nokkurs konar blandaða skilgreiningu. Mállýska hlýtur alltaf að hafa einhver formleg einkenni. Sömuleiðis hlýtur hún að tilheyra tilteknum hópi fólks, sem getur verið landfræðilega eða félagslega afmarkaður. En það er einnig alþekkt að mállýskur hafi einhvers konar félagslega stöðu eða hlutverk sem kemur fram með samanburði við önnur málafrbrigði, ekki síst staðalmál. Þannig getur mállýska verið við hæfi við tilteknar aðstæður en annars staðar ekki. Hlutverk mállýsku er því yfirleitt takmarkaðra en ríkismálsins, til að mynda er algengt að mállýska sé aðeins til sem talmál. Í umfjöllun sinni um hugtakið mállýska setur Peter Auer þetta hlutverk í öndvegi og segir að staðalmál sé forsenda þess að hægt sé að tala um mállýsku. Venslin milli staðalmáls og annarra málafrbrigða gegna því lykilhlutverki í skilgreiningu málafrbrigða sem mállýskna (sjá Auer 2005:2, einnig Kristján Árnason 2011, 2017, Coseriu 1980).

Af þessari stuttu umfjöllun má ráða að hvorki sé auðvelt að skilgreina mál né mállýsku og iðulega flókið að draga mörkin þar á milli. Þrátt fyrir það má segja að nokkurs konar sátt ríki um að hugtökin séu nytsamleg (sjá gagnlega umræðu hjá t.d. Chambers og Trudgill 1998:3–5, Haugen 1966, Auer 2005, Coseriu 1980, Kristjáni Árnasyni 2011, 2017, Hinskens, Auer og Kerswill 2005:1, Røyneland 2008).

Það má hins vegar draga í efa að sérstök notkun hugtaksins mállýska sem hefð hefur skapast fyrir á Íslandi sé nytsamleg. Þetta má rekja til umfjöllunar Björns Guðfinnssonar sem kallaði hvert framburðarafbrigði mállýsku (sjá t.d. Björn Guðfinnsson 1946:153, 1981:22, einnig Steingrím J. Þorsteinsson 1964:7). Hann kallaði til dæmis harðmæli eina mállýsku og raddaðan framburð aðra. Þetta má bera sama við Noreg, þar sem mállýskur eru margar og þrautseigar. Þar er talað um mállýskuflokka sem kenndir eru við fjögur landsvæði, norðurnorskar mállýskur, þrændamál, vestlensku og austlensku. Innan hvers flokks eru svo mismargar mállýskur sem afmarkast af minni svæðum. Það að kalla hvert landshlutabundið framburðarafbrigði mállýsku, eins og Björn gerði og tíðkast hefur hérlendis, er talsvert ólíkt þessu, eins og Björn var raunar meðvitaður um (sjá Björn Guðfinnsson 1946:153). Þetta væri reyndar ekki vandamál ef orðið *mállýska* væri ekki líka notað sem þýðing á *dialect/dialekt*.

En eru landfræðilegar mállýskur, í þessum evrópska skilningi, hér á landi? Á hugtakið mállýska, eins og það er notað annars staðar, til dæmis í Noregi, við hér? Dugir til að mynda munur á máli Norðlendinga og annarra landsmanna til að réttlæt看legt sé að skilgreina norðlensku sem mállýsku? Og gegnir þessi munur að einhverju marki sams konar félagslegu hlutverki og mállýskumunur í Noregi? Það er ljóst að hvað mállýskur varðar, í þeim skilningi að á tilteknum landsvæðum noti fólk sérstakt málafríðgi (e. *variety*), komumst við ekki með tærnar þar sem margar aðrar þjóðir hafa hælana, en er það stigsmunur eða eðlismunur? Svarið er ekki augljóst<sup>1</sup> og ef til vill á þar hlut að máli tilhneigingin til að hugsa um hvert máleinkenni fyrir sig. Við hugsum um harðmæli, raddaðan framburð, *ngl*-framburð og Ólafsfjarðareignarfallið svokallaða (þ.e. *bíllinn Jóns* í stað *bíllinn hans Jóns*) sem aðskilin fyrirbæri og þá stendur hvert þeirra ekki undir því að vera mállýska. Hvert um sig er aðeins formeinkenni. Hins vegar getur þetta allt einkennt mál Norðlendinga og skilið það frá máli meirihluta landsmanna. Hér er því safn formeinkenna sem takmarkast við ákveðið landsvæði og vert væri að spyrja: Er þetta mállýska?

Ef tilvist staðalmáls er forsenda þess að hægt sé að tala um mállýsku er svarið neikvætt. Á Íslandi er norðlenska, svo hún sé áfram tekin sem dæmi, ekki í venslum við neitt sem kalla má staðalmál. Hvað framburð varðar er það einfaldlega vandfundið.<sup>2</sup> Í nýlegum skrifum má sjá sömu

<sup>1</sup> Hans Kuhn (1935:21) taldi þó svarið skýrt og hóf grein sína á þeim orðum að á Íslandi væru engar mállýskur, „Island ist ohne Mundarten“ (sjá einnig Halldór Halldórsson 1979:85). Jón Aðalsteinn Jónsson (1953) áleit hins vegar frekar um að ræða stigsmun en eðlismun þegar íslenska væri borin saman við erlend mál og undir það tók Karl-Hampus Dahlsted (1958:31).

<sup>2</sup> Hugmyndir um að koma á stöðluðum framburði verða til umfjöllunar í kafla 3.6.2. Þar kemur fram að þótt þær hafi haft nokkur áhrif varð ekki af þeirri samræmingu framburðar sem ýmsir vildu stefna að. Umræða af þessu tagi var á sveimi um langt skeið á 20. öld en á öðrum sviðum tungumálsins voru línurnar fyrir íslenskan málstaðal einkum lagðar á 19. öld. Um það má víða lesa, sjá t.d. Kjartan G. Ottósson 1990, Kristján Árnason 2003, Harald Bernharðsson 2017 og Ara Pál Kristinsson 2019.

niðurstöðu um mállýskuleysi íslenskunnar hjá bæði Auer (2005:40) og Kristjáni Árnasyni (2011:20, 2017:1560). En ef norðlenska er ekki mállýska, hvað er hún þá? Er hún landfræðilega afmarkað safn formeinkenna án hlutverks? Væri ekki gott að láta slíkt fyrirbæri heita eitthvað? Og er ef til vill búið að þrengja „hlutverk“ um of með kröfunni um vensl við staðalmál? Sterkar vísbendingar eru um að norðlenska, einkum norðlenskur framburður, gegni hlutverki í sjálfsmynd Norðlendinga, að minnsta kosti þeirra sem eldri eru. Þetta sýndu viðtöl sem segir af í kafla 3.6.3.2 og víðar í kafla 3.6. Ætti ef til vill slíkt hlutverk að koma til álita við skilgreiningu á mállýsku?

Íslensk rannsóknarhefð ber sérstakri notkun hugtaksins mállýska nokkur merki sem segja má að skapi ákveðinn vanda þegar spurt er hvort mállýskur sé að finna hér á landi. Ógjarna er litið til safns formeinkenna, sem til dæmis einkenna tiltekið svæði, heldur einstakra afbrigða og afmarkaðra sviða málsins. Í verkefninu *Tilbrigði í íslenskri setningagerð frá 2005–2007*, sem Höskuldur Þráinsson stýrði, var sjónum til að mynda beint að breytileika innan setningagerðar. Þá þarf vart að fjölyrða hér um rannsóknir sem beinst hafa að framburði með Stefán Einarsson (1932a, 1932b) en þó einkum Björn Guðfinnsson í broddi fylkingar og síðar RÍN-rannsóknina. Athuganir á landshlutabundnum orðaforða eiga sér enn lengri sögu. Þar ber hæst annars vegar starf Björns M. Ólsens sem vann að söfnun orða víða um land undir lok 19. aldar og í upphafi hinnar 20. og hins vegar þáttinn Íslenskt mál sem Orðabók Háskólans hélt úti árum saman í samvinnu við Ríkisútvarpið þar sem safnað var orðaforða úr mæltu máli (sjá nánari umfjöllun hjá Guðrúnu Kvaran 2000). Nokkuð hefur verið fjallað um tiltækar heimildir um staðbundinn orðaforða og gildi þeirra á síðustu árum (sjá Guðrúnu Kvaran 2000, 2001b, 2002, 2003, 2006a, 2006b, 2008, 2009, 2011a, 2011b, 2013). Einnig er talsvert um skrif þar sem athyglinni er beint að tiltölulega fáum orðum, jafnvel aðeins einu orði í fleiri tilbrigðum (sjá t.d. Helga Guðmundsson 1969, ýmsar greinar í þættinum Orð af orði sem hóf göngu sína í *Íslensku máli* 1981 og nokkrar námsritgerðir).<sup>3</sup> Minna er um samantektir sem gefa ítarlega mynd af einstökum landshlutum eða svæðum. Einungis örfáar slíkar greinar hafa birst þó að enginn höfundanna ætli sér að gefa tæmandi yfirlit (sjá Jón Aðalstein Jónsson 1953, Guðrúnu Kvaran 2000 (sjá einnig 2001a), Veturliða Óskarsson 2003). Mun rýrari heimildir eru hins vegar um svæðisbundna beygingu og orðmyndir (sjá þó t.d. Guðrúnu Kvaran 2000:217–219).

Þessi rannsóknarhefð veldur því að ekki er spurt: Hvernig talar (talaði) Skaftfellingur öðruvísi en Norðlendingur? Að hvaða leyti eru þessi tvö málkerfi, allt frá orðaforða til framburðar, ólík? Hvert er félagslegt hlutverk þessa málfarsmunar? Við spyrjum hvar tiltekið formeinkenni sé að finna en ekki hvaða safn formeinkenna sé að finna á tilteknu svæði og hvaða hlutverki þau gegni sem heild. Um leið má segja að ekki sé spurt hvort landshlutabundnar mállýskur sé að finna á Íslandi.

Ekki þarf að deila um að á heildina litið er og var lítill munur á íslensku máli eftir landshlutum samanborið við mörg nágrannalönd okkar. Himinn og haf eru til dæmis milli norsku og

<sup>3</sup> Árið 1987 birtist í *Íslensku máli* ítarlegt yfirlit yfir íslenskar mállýskurannsóknir þar sem finna má fleiri skrif af þessu tagi (sjá Guðvarð Má Gunnlaugsson 1987, einnig Þorstein G. Indriðason o.fl. 1992:271). Bæði Gunnlaugur Ingólfsson og Guðrún Kvaran hafa einnig birt fjölmarga pistla í þættinum Orð af orði sem ekki eru úndir til hér.

íslensku að þessu leyti. Það er líka ljóst að landshlutabundinn málfarsmunur á Íslandi gegnir ekki sambærilegu hlutverki og mállýskur í nágrannalöndunum. Mögulegt hlutverk hans hefur hins vegar ekki verið rannsakað. Ég hef ekki sannfærst um að það sé mállýskurannsóknum til framdráttar að þrengja kröfuna um hlutverk svo mjög eins og felst í því að binda hana við vensl við staðalmál. Þau vensl eru eftir sem áður athyglisvert rannsóknarefni en eitthvað þurfa sameiginleg formeinkenni að heita þó að þessi tilteknu vensl vanti. Því ekki mállýska?

Mér finnst því ekki frágangssök að tala um landfræðilegar mállýskur á Íslandi, að minnsta kosti ef litið er nokkra áratugi aftur í tímann. Það þyrfti að rannsaka betur. Hins vegar er það óþarflega fjarri hinni loðnu skilgreiningu á hugtakinu mállýska að nota það um einstök framburðarafrbrigði eins og Björn innleiddi. Orðið *mállýska* er því ekki notað hér um staðbundið mál (formeinkenni) eins og harðmæli eða raddaðan framburð heldur orðin *afbrigði* eða *málbrigði*, stundum *tilbrigði*, sem samsvara þá enska orðinu *variant*. Það sama gildir þá um linnmæli og óraddaðan framburð. Valið milli þessara hugtaka er gjarna byggt á einhvers konar tilfinningu fyrir því hvort fari betur í textanum hverju sinni.<sup>4</sup>

### 2.2.3 Mállýskufraði, félagsmálfraði og málkunnáttufræði

Menn hafa lengi vitað af breytileika innan tungumála. Klassískt dæmi er frásögn Dómarabókar *Gamla testamentisins* af viðureign Gileaðmanna og Efraímíta sem endurspeglar vitneskju um mállýskumun sem skar úr um hvort menn segðu rétt til um uppruna sinn. Þeir sem komu upp um sig guldu fyrir mállýskuna með lífi sínu.

Tilraunir til að greina slíkan breytileika eru einnig ævagamlar. Lýsing franska 13. aldar skáldsins Bernarts d'Auriacs á ólíkum orðum fyrir 'já' í norðri og suðri stendur til að mynda enn fyrir sínu og á 14. öld lýsti klerkurinn John Trevisa því hvernig enskar mállýskur mynda keðju án skarpra skila (sjá Chambers og Trudgill 1998:13–14). Nú á dögum hafa fræðimenn hugtak til að lýsa slíkri samfellu mállýskna (e. *dialect continuum*). Það var þó ekki fyrr en á síðari hluta 19. aldar að skipulagðar rannsóknir á mállýskum hófust af krafti, **mállýskufraði** (e. *dialectology*) haslaði sér völl.

Mállýskufraðingar beindu sjónum sínum einkum að landfræðilegum mállýskum, enda vísaði hugtakið mállýska lengi vel ekki til annars. Þeir lýstu mállýskum og drógu upp kort til að sýna dreifingu þeirra og mállýskumörk. Nú á dögum má segja að slík **mállýskulandafræði** (e. *dialect geography*) sé undirgrein mállýskufraða. Áhugi á skýringum laut einkum að tilkomu mállýskna – uppruna þeirra – og þeirri sögu sem þær gætu sagt um þróun tungumálsins.

Kenningar ungmálfraðinga áttu drjúgan þátt í kröftugum mállýskurannsóknum. Þeir héldu því fram að hljóðbreytingar væru reglulegar og án undantekninga og rannsóknir á mállýskum virtust til þess fallnar að staðfesta kenninguna. Það gerðu þær hins vegar ekki heldur drógu fram

<sup>4</sup> Eins og nefnt var í kafla 2.2.1 er *málbrigði* ef til vill óþægilega líkt orðinu *málafrbrigði* sem hægt er að nota yfir það sem á ensku kallast *variety*. Með því er átt við afbrigði af tungumáli, til dæmis er staðalmál eitt afbrigði af tungumáli og tiltekin mállýska annað. Þetta eru því tvö málafrbrigði. Málbrigði vísar hins vegar til tiltekins forms. Harðmæli er eitt málbrigði og linnmæli annað. Hér verður orðið *afbrigði* oftast fyrir valinu en *málbrigði*. Oft er einnig hægt að nota *tilbrigði* sem ég nota þó síður um eitt tiltekið afbrigði.

breytileika sem oft virtist vera tilviljanakenndur. Í kjölfarið varð áratugalangur viðskilnaður milli mállýskufræða og annarra málvísinda. Málvísindamenn reyndu að skilja lögmál tungumálsins en iðja mállýskufræðinga laut frekar að söfnun upplýsinga – sem með tímanum hafa reynst afar verðmætar, hvort sem er frá málfræðilegu eða menningarlegu sjónarhorni (sjá Chambers og Trudgill 1998:13–15, einnig Vogelaer og Seiler 2012:2–5).

**Félagsmálfræði** (e. *sociolinguistics*) er tiltölulega ung fræðigrein. Með henni fengu málvísindamenn nýtt sjónarhorn á viðfangsefni sitt, það félagslega. Þó að hægt sé að nefna dæmi um rannsóknir á tengslum máls og samfélags allt frá því um 1900 vann fræðigreinin sér ekki sess á Vesturlöndum fyrr en á 7. áratug síðustu aldar. Upphafið er gjarna rakið til rannsókna Labovs sem kannaði mál eyjarskeggja á Martha's Vineyard og sneri sér næst að New York. Hugmyndir hans, aðferðir og uppgötvanir voru byltingarkenndar en féllu þó ekki af himnum ofan. Þannig hafði til dæmis Svisslendingurinn Louis Gauchat skipt málhöfum í rannsókn sinni í bænum Charmey árið 1905 eftir bæði aldri og kyni og fundið margháttaðan mun (sjá t.d. Gauchat 1905:35, 37, 44, 45, 50–51). Þá er vert að nefna að John L. Fischer varð fyrri til en Labov og birti árið 1958 niðurstöður sínar um mál barna á Nýja-Englandi þar sem hann tengdi breytileika við stétt, kyn og misformlegar málaðstæður (sjá Fischer 1958, einnig Labov 2006:16).

Eins og sjá má af þessu eru viðfangsefni félagsmálfræðinnar mál, maður og samfélag. Þó að sú þrenning sé óaðskiljanleg má nálgast rannsóknarefnið með ólíkum áherslum. Annars vegar er hægt að skoða mál fólks út frá samfélaginu, til dæmis með því að kanna málfarslegan stéttamun. Á ensku er gjarna vísað til þessa sjónarhorns með hugtakinu *sociolinguistics*, þ.e. félagsmálfræði, en það er einnig kallað *micro-sociolinguistics* til aðgreiningar frá *macro-sociolinguistics*. Þá er maðurinn sem einstaklingur á hliðarlínunni en hugað að tengslum máls og samfélags. Á íslensku má kalla þetta **málfélagsfræði** eða félagfræði máls og undir hana falla til að mynda viðhorf til tungumálsins og málstýring (sjá t.d. Wardhaugh 2006:13–14, Coulmas 1997:1–2).

Félagsmálfræðingar nutu góðs af gögnum og kortum mállýskufræðinga sem aftur smituðust að einhverju leyti af aðferðum og áherslum félagsmálfræðinga (sjá Trudgill 1982, 1992). Málbreytingar og breytileiki urðu sameiginlegt viðfangsefni. Tengslin milli fræðigreinanna eru því mikil en þær eru þó gjarna kynntar sem aðskildar undirgreinar málvísinda – og sú eldri, mállýskufræðin, raunar stundum sem undirgrein hinnar. Aðgreiningin virðist að einhverju leyti eiga sér sögulegar rætur – ólíkan uppruna og aldursmun. Mállýskufræðingar voru eins og áður sagði með hugann við landfræðilegar mállýskur og þá helst í dreifðum byggðum. Félagsmálfræðingar beindu sjónum sínum að borgum og tóku að skoða breytileika og málbreytingar í ljósi félagslegra þátta sem sameina fólk eða skilja að, eins og stétta, kyns, trúar eða uppruna o.s.frv. Þegar litið er til þess að búseta, sem mállýskufræðingarnir einblíndu á, er einmitt þáttur sem skilur fólk að, rétt eins og til dæmis stétt, sést vel hversu náskyld viðfangsefnin eru.

Þó að hugtakið **mállýska** hafi verið víkkað út með tilkomu félagsmálfræðinnar, þannig að það vísar ekki aðeins til hins landfræðilega heldur einnig málfarsmunar á félagshópum, hefur það að nokkru leyti vikið fyrir hugtakinu **breytileiki** (e. *variation*). Hugtakið er heppilegra þegar það er ekki lengur markmið í sjálfu sér að draga einhvers konar línu milli hópa, sem fyrr

á tíð birtust í mállýskukortum, heldur að greina eðli og orsakir slíks munar. Þá er mállýska ekki alltaf rétta orðið eins og rannsóknir með kyn í forgrunni eru gott dæmi um. Þrátt fyrir margháttaðan mun á máli og málhegðun kynjanna, sem ýmsar rannsóknir hafa leitt í ljós, er ekki talað um kvennamállýsku og karlamállýsku.

Málbreytingar og breytileiki eru ekki aðeins viðfangsefni félagsmálfræðinga og mállýskufræðinga. Saga tungumála og málbreytingar voru til að mynda hugðarefni fyrrnefndra **ungmálfræðinga** sem áttu sitt blómaskeið á ofanverðri 19. öld og á fyrri hluta 20. aldar. Þá ruddi formgerðarstefnan, eða **strúktúralisminn**, sér til rúms undir áhrifum frá Ferdinand de Saussure. Strúktúralistar lögðu áherslu á málkerfið í heild, að hverja málbreytingu þyrfti að skoða sem hluta af kerfi sem um leið tæki breytingum. Með tilkomu **málkunnáttufræðinnar**<sup>5</sup> fengu hins vegar tengsl málbreytinga og máltökunnar aukið vægi.

Langt er síðan málfræðingar tengdu málbreytingar við máltöku barna. Til dæmis skrifaði Hermann Paul 1880 (hér tekið eftir 1968:63) að: „... die Hauptveranlassung zum Lautwandel in der Übertragung der Laute auf neue Individuen liegt“ og um svipað leyti má sjá sama tón hjá til dæmis L'Abbé Rousselot, Paul Passy og William Dwight Whitney (sjá King 1969:78). Þessi tengsl urðu þó markvissara rannsóknarefni en áður með tilkomu málkunnáttufræðinnar, sem segja má að hafi beint sjónum málfræðinga almennt að máltöku barna. Viðhorf málkunnáttufræðinga til tengsla málbreytinga og máltöku hafa þó þróast og breyst. Í árdaga málkunnáttufræðinnar var til dæmis algengt að málbreytingar væru raktar til einfaldaðra reglna í barnamáli sem „lifðu af“ til fullorðinsára (sjá t.d. King 1969:71–80, Kiparsky 1982:35, 52, 204 og víðar (ritið er safn greina frá 1965–1978)). Þessari hugmynd um einföldun varpaði Kiparsky þó fyrir róða síðar með þeim rökum að margar dæmigerðar og þekktar hljóðbreytingar ættu sér ekki samsvörun í barnamáli (sjá Kiparsky 1988:390).<sup>6</sup> Þegar gluggað er í eldri skrif málkunnáttufræðinga um málbreytingar sést einnig að þegar „regluvirki“ þeirra var upp á sitt besta leituðu þeir þangað eftir skýringum á málbreytingum. Þá komu fram hugtök eins og regluviðbót (e. *rule addition*), endurtúlkun (e. *restructuring*), reglueinföldun (e. *rule simplification*), reglutap (e. *rule loss*) og umröðun reglna (e. *rule reordering*) (sjá t.d. Kiparsky 1982:16–20 og víðar, einnig King 1969:39–63, 1973, Bynon 1977:108–169, Sommerstein 1977:238–243, Trask 1996:90–95). Hér má einnig nefna að til dæmis Halle (1962), Andersen (1973) og Lightfoot (1979, einnig síðar) lögðu allir áherslu á hlutverk barna í málbreytingum en efasemdaraddir hefur heldur ekki vantað (sjá t.d. Hock 1991:635–636, Campbell 2013:278–280).

<sup>5</sup> Ég nota jafnan orðið *málkunnáttufræði* um það sem á ensku er kallað *generative grammar* þó að það sé ekki þýðing á enska heitinu. Þetta hefur einnig verið kallað *reglumálfræði*, *formfestumálfræði* og *málmyndunarfræði*. Þau hugtök vísa til þeirrar hugmyndar, sem er ríkjandi í málkunnáttufræðinni, að málið sé í raun reglukerfi (sjá Jón Gunnarsson 1973, Kristján Árnason 2005:80, Höskuld Þráinsson 2005:12). Mér finnst *málkunnáttufræði* hins vegar endurspegla það sem ég tel vera kjarna málsins, að hvernig svo sem málkunnáttufræðingar setja fram tilgátur sínar er markmiðið ævinlega að lýsa þeirri kunnáttu sem býr í mannshuganum og gerir okkur kleift að tala og skilja mál (sjá Höskuld Þráinsson 2013:51–53, einnig Margréti Guðmundsdóttur 2002:5–6, 9–16, 2008:18–19). Stundum er einfaldlega talað um *generatífa málfræði* og mér er það tamt á tungu, samhliða *málkunnáttufræði*, og tala til dæmis gjarna um *generatífa hljóðkerfisfræði*, fremur en *málkunnáttufræðilega hljóðkerfisfræði*.

<sup>6</sup> Þessi rök Kiparskys ber á góma í grein eftir Paul Foulkes og Marilyn Vihman (2015) þar sem gagnrýnt er að umræða um tengsl eða tengslaleysi milli einföldunar eða „villna“ í máli barna og málbreytinga hafi í gegnum tíðina ekki byggt nægilega á skipulögðum rannsóknum.



Þannig hafa tilgátur komið og farið, en enn líta þó margir málkunnáttufræðingar svo á að rætur málbreytinga liggi í máltökunni, þær kvikni þegar nýjar kynslóðir læra málið. Það viðhorf og tilgátu um hvernig það gerist má til dæmis sjá hjá Mark Hale (2007). Hins vegar hafa sjónir þeirra beinst í auknum mæli að breytileika sem hluta af málkunnáttunni og mikilvægum þætti í máltöku (sjá t.d. Kroch 2001, Yang 2002 sem aftur ber á góma í kafla 2.5.3).

Hér má segja að kominn sé grunnur að farsælum tengslum málkunnáttufræðinnar við félagsmálfræði og þar með mállyskufræði. Nú á dögum er breytileiki sameiginlegt viðfangsefni þessara undirgreina málvísinda en þó er það svo að á köflum sjást þessi tengsl aðeins í viðfangsefninu því að nálgunin getur verið svo ólík. Þetta birtist ekki síst í misjafnri notkun hugtaksins málbreyting sem er umfjöllunarefni næsta kafla.

#### 2.2.4 Málbreyting

Hugtökin **málbreyting**, **breytileiki** og **mállyska** eru nátengd en samspil þeirra margslungið. Málbreytingar geta leitt til þess að til verði mállyskur. Það er þó ekki algilt en á hinn bóginn má segja að mállyskur eigi alltaf rætur að rekja til málbreytinga. Það er hins vegar algilt að málbreytingar leiði til breytileika því að aldrei breyta allir máli sínu á sama augnabliki. Til að flækja þetta enn frekar eru mállyskur í raun breytileiki sé litið til tungumáls sem einhvers konar heildar eins og felst í nafngiftum á borð við norska og sænska.

Þrátt fyrir þetta getur stöðugleiki verið megineinkenni bæði breytileika og mállyskna. Ekki er víst að málbreyting sé í sókn, að minnsta kosti ekki svo heitið geti. Tungumál eru jú aldrei alveg kyrrstæð.

Rannsóknin *Mál á mannsævi* snýst um breytileika í framburði. Rýnt verður í fjögur landshlutabundin afbrigði sem að minnsta kosti um skeið voru öll á undanhaldi (sjá t.d. samantekt um þróun þeirra í kafla 4.6 og 5.3.4). Þegar svo háttar til sækja því önnur afbrigði á. Eins og síðar kemur í ljós er þetta ferli þó um margt ólíkt eftir því hvaða tilbrigðapar á í hlut. Markmiðið er að rýna í bæði líkindi og mun í gegnum ólík gleraugu mállyskufræðinga, félagsmálfræðinga og málkunnáttufræðinga. Það flækir hins vegar málið að þessir hópar, einkum tveir þeir síðarnefndu, sjá málbreytingar ólíkum augum.<sup>7</sup> Því er ekki úr vegi að staldra við þetta hugtak. Byrjum á því að líta á tvenns konar hugmyndir um málbreytingar:

- (2-2) a. Innan málkunnáttufræðinnar er það ríkjandi sýn á málbreytingar að rætur þeirra liggi í máltökunni, þar séu upptökin – nýjungar kvikni við flutning málsins milli kynslóða. Um þetta hafa margir fjallað allt fram á þennan dag og má nefna Lightfoot (t.d. 1999, 2006, 2010), Kroch (2005) og Hale (2007).
- b. Með rannsóknum sínum hafa félagsmálfræðingar getað tengt málbreytingar við félagslegar breytur eins og stétt, kyn, menningarhópa, sjálfsmynd og félagsnet. Þar hefur verið dregið fram hvernig tilteknir hópar af þessu tagi leiða málbreytingar. Um þetta er einmitt fjallað í öðrum undirköflum þessa kafla.

---

<sup>7</sup> Hér mæti vitaskuld tína til fleiri strauma og stefnur innan málvísinda, þ.e. fleiri „hópa“, en þetta eru þau sjónarhorn sem tekið er mið af í þessari rannsókn.

Þessi ólíka sýn á málbreytingar veldur því, ásamt fleiru, að oft virðist himinn og haf milli þeirra sem fjalla um málbreytingar og þessir hópar eiga það til að láta eins og hinir séu ekki til. Sumir félagsmálfræðingar hafa gengið svo langt að hafna alfarið þætti máltökunnar og þar með barna í málbreytingum. Þannig skrifaði Jean Aitchison fyrir rúmum aldarfjórðungi:

Overall, then, children have little of importance to contribute to language change – perhaps not surprisingly. Babies do not form influential social groups. Changes begin within social groups, when group members unconsciously imitate those around them.

(Aitchison 1993:173)

Að nokkru leyti stafar þetta ginnungagap af því að fyrirbærið málbreyting er skilgreint á ólíkan hátt en sama orðið, þ.e. *málbreyting* eða (*language*) *change*, notað í báðum tilvikum. Málkunnáttufræðingar eiga gjarna við það þegar nýjung kviknar í máltöku, eitthvað sem ekki var áður í málkerfi þeirra sem nota tiltekið tungumál verður til. Þeir líta svo á að útbreiðsla slíkrar nýjungar sé annars konar fyrirbæri og ferli – það að tileinka sér eitthvað sem er til sé ekki það sama og að „skapa“ eitthvað nýtt. Mark Hale (2007:27–47) fjallar ítarlega um muninn á þessu tvennu og hafði mikil áhrif á efnistöð og áherslur í meistaraaritgerð minni (2002) og síðar grein um sama efni í *Íslensku máli* (2008).

Sé rýnt í tilvitnunina í Aitchison sést vel að með *change* á hún ekki við nýjung. Hún segir að breytingin hefjist þegar málnotendur í tilteknum félagshópi tileinka sér mál (*imitate*) annarra. Það sem verður að málbreytingu er því þegar til. Nýjung og útbreiðsla renna saman í eitt. Labov hefur einmitt sagt að það sé engin ástæða til að greina á milli „the origin of a language change and its diffusion“ og rökstyður það svo:

An individual may utter a deviant expression, and do it many times, without influencing the language. The change in the language comes about when other speakers adopt this new feature ... Although innovation may start with the influence of a prominent individual, it is not the act of innovation that changes the language ...

(Labov 1994:310–311)

Vert er að halda því til haga að þrátt fyrir þetta telur Labov fulla ástæðu til að gefa börnum gaum. Í bókum sínum frá 1994 og 2010 fjallar hann talsvert um flutning málsins milli kynslóða og þátt barna í málbreytingum. Það sem skilur hann þó skýrt frá málkunnáttufræðingum er að hann rekur ekki sjálfa nýjungina til máltökunnar. Hann telur börn fyrst læra málið af þeim sem annast þau, oftast konum, en strax á fyrstu árunum endurskoði þau kerfið á grundvelli máls annarra sem þau umgangast. Þannig verði þau virkir þátttakendur í útbreiðslu málbreytinga. Í því sambandi ræðir hann meðal annars um að nokkurs konar stigmögnun (e. *incrementation*) geti átt sér stað þegar „cohorts and generations of children advance the change beyond the level of their caretakers and role models“ (sjá Labov 1994:415–465, 2010:305–311, tilv. bls. 307).

Ólíkt því sem fram kemur í fyrrgreindum orðum Labovs um útbreiðslu og nýjung hafa Milroy og Milroy lagt áherslu á að aðgreina þurfi *innovation*, *diffusion* og *change*, eða nýjung, útbreiðslu og málbreytingu (sjá Milroy og Milroy 1985:347, Milroy (James) 1992:164–205, Milroy (James) 1993:232–233). Þau segja:

- (1) A speaker innovation may fail to diffuse beyond the speaker.
- (2) A speaker innovation may diffuse into a community with which he/she has contact, and go no further.
- (3) A speaker innovation may diffuse into a community with which he/she has contact and then subsequently diffuse from that community into other communities via a further innovator who has ties with both the relevant communities. When the results of this process are observed, we tend to label the results as ‘linguistic change’.

(Milroy og Milroy 1985:347)

Sambandi hugtakanna má því lýsa þannig að útbreiðsla nýjungar sé forsenda þess að hægt sé að tala um málbreytingu, eða eins og James Milroy (1992:171) orðar það: „... a change is not a change until it has been adopted by *more than one* speaker“ (leturbr. hans). Hér liggur mikilvægur hundur grafinn. Sumir nota *málbreyting* eða *change* um það þegar nýjung kviknar, hvort sem hún breiðist út eða ekki, en aðrir aðeins um þær nýjungar sem ná að breiðast út. Það er augljóslega galli að fræðimenn noti sama hugtakið á svo ólíka vegu. Mark Hale fjallar talsvert um þetta og telur skort á aðgreiningu á milli *change* og *diffusion* hafa staðið rannsóknum á málbreytingum fyrir þrífum (sjá Hale 2007:29, 34, 36 og víðar).

Hér má kafa dýpra í mismunandi sýn á mál, málkerfi og málnotendur. Félagsmálfræðingar saka stundum aðra málvísindamenn, bæði sögulega málfræðinga og málkunnáttufræðinga, um að hunsa sjálfan málnotandann. Milroy og Milroy (1985:345) segja til dæmis að það sé „a strong tradition in language study of separating languages from speakers and looking for some of the ultimate explanations for change in languages as systems“. Málkunnáttufræðingar líta hins vegar svo á að viðfangsefni þeirra sé einmitt það málkerfi sem býr í huga málnotandans. Það er því langt í frá svo að þeir aðskilji þetta tvennt, málkerfið og mannshugann, nær væri að segja að það renni saman. Að einhverju leyti liggur skýringin á þessu í mismunandi skilningi á því hvað málkerfi (e. *language system*) er og **hvar** það er. Málkunnáttufræðingurinn segir að það sé í heila málnotandans og gengur þá út frá því að málnotendur sem tala sama mál (og sömu mállýsku) hafi að minnsta kosti nokkurn veginn eins málkerfi. Allt önnur sýn birtist í þeim orðum James Milroys (1992:169) að ef „the innovation is successful, the reflex of this speaker-act is *change in the language system*“ (leturbr. hans). Hér á hann greinilega við kerfi tiltekins tungumáls (eða jafnvel mállýsku) en málkunnáttufræðingurinn myndi aftur á móti segja að nýjungin sjálf væri breyting á málkerfi og ætti þá við kerfið í huga þessa tiltekna málnotanda sem nýjungin birtist fyrst hjá.<sup>8</sup>

Það er einkum þegar rætt er um „upphaf“ málbreytinga sem reynir á þessi ólíku viðhorf til hugtakanna og fyrirbæranna málkerfi og málbreyting. Liggur það hjá einstaklingnum eða samfélaginu? Eins og sjá má á umfjölluninni hér að framan geta málvísindamenn svarað því á býsna ólíkan hátt. Slíkur áherslumunur má þó ekki yfirskyggja mikilvægi þess að huga bæði að einstaklingum og samfélagi þegar útbreiðsla málbreytingar er annars vegar. Hvort sem málkerfið er „staðsett“ í mannshuganum eða málsamfélaginu má ekki gleyma því að málnotandinn

<sup>8</sup> Hér má geta aðgreiningar Chomskys í *I-language* og *E-language*, eða innra mál og ytra mál. Það sem hér segir um málkerfi í skilningi málkunnáttufræðinnar rímar við skilgreiningu hans á *I-language*. Hann fer þó heldur – og óþarflega – neikvæðum orðum um *E-language*. Aðgreining hans á hins vegar ekki mikið skylt við fræga skiptingu Saussures í *langue* og *parole* (sjá Chomsky 1986:19–36, Margréti Guðmundsdóttur 2008:12, Höskuld Práinsson 2008:11, Saussure 1966, einnig Newmayer 2016).

sjálfur er hluti af málsamfélagi sem jafnframt samanstendur af málnotendum. Einstaklingur og heild verða ekki aðskilin eins og Reidunn Hernes (2006:57–68, 71–72) bendir á í greinargóðri umræðu. Tengslin eru flókin því að einstaklingurinn tekur þátt í að móta heildina sem um leið mótast hann. Einstaklingurinn lýtur þó ekki stjórn málsamfélagsins, hann er að einhverju marki frjáls – en ekki alveg (s.r.:71).

Hvað sem líður ólíkum skilningi á hugtökum ætti útbreiðsla málbreytinga og þar með sá breytileiki sem er óhjákvæmilegur fylgifiskur þeirra (að minnsta kosti tímabundið) að geta verið sameiginlegt viðfangsefni málkunnáttufræðinga og félagsmálfræðinga.

### 2.2.5 Breytileiki

Eins og fram kom í upphafi síðasta kafla fylgir **breytileiki** (e. *variation*) ævinlega málbreytingum. Sumir málnotendur nota aðeins eldra afbrigðið, aðrir aðeins það nýja og enn aðrir nota blöndu þar sem annað hvort afbrigðið getur verið ríkjandi eða blandan nokkuð jöfn. Breytileikinn er því tvenns konar. Annars vegar er hann í málsamfélaginu, **ytri breytileiki** (e. *inter-speaker variation*) sem felur í sér mun milli málnotenda. Hins vegar er **innri breytileiki** (e. *intra-speaker variation*) hjá þeim sem nota bæði afbrigðin.<sup>9</sup> Þegar fjallað er um framburð hefur þetta gjarna verið kallað **blandaður framburður** í íslenskum rannsóknum að hætti Björns Guðfinnssonar.

Þegar málbreytingar ganga yfir einkennist málsamfélagið gjarna af bæði innri og ytri breytileika. Þetta sést vel í niðurstöðum Björns Guðfinnssonar sem flokkaði málhafa sína í samræmi við þessi hugtök þótt hann notaði þau ekki. Þar sést jafnframt að á svæðum þar sem ytri breytileiki er greinilegt einkenni, þannig að sumir málnotendur noti annað afbrigðið hreint en aðrir hitt, er líka ævinlega talsvert um innri breytileika. Málnotendur skiptast því ekki í tvö „hrein“ horn. Raddaður framburður á Akureyri sýnir sérstaklega skýra mynd af þessu. Þar notaði rúmlega helmingur blandaðan framburð, þ.e. hafði innri breytileika, en tæpur helmingur skiptist nokkuð jafnt milli hreins raddaðs framburðar og hreins óraddaðs framburðar. Hins vegar getur innri breytileiki verið mjög algengur án þess að bæði afbrigðin birtist „hrein“. Í Strandasýslu höfðu til að mynda 30% innri breytileika hvað varðar svokallaðan *bð-*, *gð-* framburð, en hin 70% notuðu einungis önglhjóðaframburð. Í Austur-Barðastrandarsýslu höfðu nær allir innri breytileika hvað varðar vestfirskan einhljóða- og tvíhljóðaframburð (sjá Björn Guðfinnsson 1964:125, 158–159).

Innri breytileiki getur einnig falið í sér mismunandi blöndur. Sumir málhafar nota kannski bæði afbrigðin álíka mikið (jöfn blanda), til dæmis raddaðan framburð og óraddaðan jöfnum höndum. Hjá öðrum getur sá raddaði verið ríkjandi og óraddaður framburður hjá enn öðrum. Þar sem ég hef rýnt í gögn Björns til að reikna meðaleinkunnir (sjá kafla 3.5.5), sem endurspeglar „styrkleika“ blöndunnar, hefur gjarna komið fram samræmi milli tíðni hreinna afbrigða og

<sup>9</sup> Hér er innri breytileiki sem er tilkominn vegna yfirstandandi málbreytinga í forgrunni. Innri breytileiki getur þó átt sér ýmsar rætur og til að mynda mótast eftir þeim hlutverkum sem fólk gegnir í lífinu (sjá t.d. Lilju Björk Stefánsdóttur 2016, Lilju Björk Stefánsdóttur og Anton Karl Ingason 2018, Ara Pál Kristinsson 2021).

hlutfalla í blöndunni. Ef margir nota annað afbrigðið hreint er líklegt að það sé einnig hlutfallslega algengt hjá þeim sem hafa innri breytileika.

Bæði innri og ytri breytileiki eru gjarna skýrt einkenni á svæðum þar sem málbrigði mætast. Þau mætti kalla **umskiptasvæði** (e. *transition zone*), eða grípa til orðsins blendingssvæði frá Birni Guðfinnssyni (sjá t.d. Chambers og Trudgill 1998:104 og áfr., Britain 2004:628–632). Auk breytileika er þekkt að nokkurs konar millimál geti einkennt umskiptasvæði. Dæmi um slíkt gæti verið framburður sem hvorki getur talist skýrt harðmæli eða linmæli eins og Björn Guðfinnsson (1946:213–214) talar um í tengslum við Húnavatnssýslur.

Umskiptasvæði endurspeglar að ekki eru skörp skil milli málbrigða eða mállýskna.<sup>10</sup> Í hefðbundnum mállýskufræðum drógu menn gjarna línur á kort sem áttu að sýna hvar mörk málbrigða lægju. Á ensku er notað hugtakið *isogloss* en Björn Guðfinnsson talaði um mállýskumörk. Það er í samræmi við þá hugtakanotkun hans að kalla hvert framburðarabrigði mállýsku því að í raun vísar *isogloss* til marka milli tveggja málbrigða en ekki skila milli mállýskna (sjá um hugtakið mállýska í kafla 2.2.2).

Segja má að fjölbreytileikinn falli í skuggann þegar línur af þessu tagi eru dregnar milli málbrigða. Með þeim er gefið í skyn að skilin séu klippt og skorin. Þannig er veruleikinn hins vegar sjaldnast. Þó geta landfræðilegar hindranir valdið tiltölulega skýrum skilum milli málbrigða eða þau átt sér félagsglegar, sögulegar eða pólitískar skýringar. Torfarnar ár eins og Héraðsvötn í Skagafirði hindra samgang milli fólks og verslunarumdæmi og sýslumörk fyrri tíðar stýrðu því að fólk innan tiltekins svæðis átti meira samneyti innbyrðis en við fólk sem jafnvel bjó nær landfræðilega. Oft liggja mörk margra málbrigða á svipuðum slóðum, mynda eins konar knippi (e. *bundle*).

Þrátt fyrir hindranir af þessu tagi heldur breytileiki ekki alltaf kyrru fyrir. Málbreytingar skríða fram og næstu kaflar eru helgaðir ýmsum kröftum sem málfræðingum hefur með rannsóknum sínum tekist að tengja við slíkt ferli. Fjölbreytningin endurspeglar að ekkert eitt svar er til við spurningunni: Hvers vegna breiðast málbreytingar út? Hins vegar geta líklega allir tekið undir að samgangur fólks skiptir þar máli. Slíkur samgangur er jafnframt samgangur máls, mállýskna eða málbrigða, eða það sem á ensku er kallað *dialect contact* og *language contact*.<sup>11</sup> Málfræðingum hafa lengi verið ljós áhrif slíks samgangs og er í því sambandi vert að nefna tilgátuna um **aðlögun** (e. *accommodation*), þ.e. að notendur annars afbrigðisins taki upp hitt afbrigðið. Aðlögun á sér gjarna stað í samtölum og nær þá ekki aðeins til afbrigða af þessu tagi heldur til dæmis málsniðs (þ.e. hvernig mál er mismunandi eftir aðstæðum, til dæmis formlegt eða óformlegt). Þá er um skammtímaaðlögun að ræða (e. *short-term accommodation*) en hún getur einnig orðið varanleg (e. *long-term accommodation*), þannig að umrædd málnotkun birtist


<sup>10</sup> Eins og fjallað var um í köflum 2.2.1 og 2.2.2 vísar málbrigði (eða afbrigði) til einstakra formeinkenna sem í þessu tilviki eru landshlutabundin (til dæmis harðmæli/linmæli) en mállýska er fjölbættara hugtak.

<sup>11</sup> Ekkert eitt hugtak eða hugtakapar yfir fyrirbærið hefur unnið sér sess í íslensku. Í heiti rannsóknarverkefnis sem Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Sigurjónsdóttir stýrðu var notað málsambýli (*Greining á málfræðilegum afleiðingum stafræns málsambýlis*), aðrir hafa notað mál- og mállýskutengsl (sjá t.d. Ástu Svavarsdóttur og Veturlíða Óskarsson 2009:18, Kristján Árnason 2009:78) en nákvæmari samsvörun við ensku hugtökin fæst ef til við með því að tala um samgang milli mála/mállýskna/málbrigða eða mál- og mállýskusamgang. Hallast ég því helst að síðustu orðunum og fer þar nærri vali Ara Páls Kristinssonar (2017:46 og víðar) sem talar um málasamgang.

í öðrum aðstæðum (sjá Trudgill 1986:1–21 o.áfr.). Einfalt dæmi væri annars vegar harðmæltur málnotandi sem bregður fyrir sig linmæli í samtali við linmæltan málnotanda og hins vegar að það gerðist í samræðum við annan harðmæltan málnotanda.

Þó að áhrif samgangs á útbreiðslu málbreytinga séu lítt umdeild gildir það ekki um tilgátuna um aðlögun. Þannig komast Auer og Hinskens (2005) að þeirri niðurstöðu að mikil samskipti leiði ekki sjálfkrafa til aðlögunar heldur skipti viðhorf og samsemð máli. Málnotendur lagi ekki mál sitt að viðmælendum sínum nema þeir samsami sig þeim félagslega.

Segja má að *S*-kúrfan svokallaða sé einnig almennt viðurkennd en hún er líkan af útbreiðsluferli nýjunga (sbr. t.d. Bailey 1973:77, Weinreich, Labov og Herzog 1968, Chambers og Trudgill 1998:163, Kroch 1989b:202–206, einnig 1989a).<sup>12</sup> *S*-kúrfan sýnir hvernig útbreiðslan er hægfara í fyrstu og í lokin, en hröð um miðbikið. *Mynd 2-1* er gerð eftir mynd hjá Chambers og Trudgill (1998:163), en þar eru þeir að fjalla um hvernig nýjung leggur smám saman undir sig orðaforðann (e. *lexical diffusion*).



*Mynd 2-1: S-kúrfan samkvæmt Chambers og Trudgill (1998:163). Fyrstu og síðustu 20% útbreiðslunnar taka tímann 1,5n, en 60% taka aðeins 1n.*

*S*-laga kúrfa hefur komið fram í fjölmörgum rannsóknum á útbreiðslu málbreytinga þó að formið sé ekki alltaf eins reglulegt og tilgátan gerir ráð fyrir (sjá dæmi hjá Blythe og Croft 2012:279–280). Hún er þó fyrst og fremst lýsing en ekki skýring, þó að reynt hafi verið að tengja hana við skýringar (sjá t.d. Labov 1994:65–66).

Þó að *S*-kúrfan hafi einkum verið notuð til að lýsa útbreiðslu um málsamfélag segja Chambers og Trudgill (1998:164, sjá einnig McMahon 1994:52) að hún gæti allt eins lýst „a single speaker in a transition zone who is recorded on several different occasions in real time [...]; in that case the *S*-curve would describe that speaker’s personal progress through a linguistic change“. Rannsóknargögnin sem hér er unnið með eru einmitt af þessu tagi og hefðu átt að gefa tækifæri

<sup>12</sup> *S*-kúrfan er langt í frá aðeins notuð til að lýsa útbreiðslu nýjunga í máli. Um langa sögu hennar og fjölbreytta notkun má til dæmis lesa hjá Kucharavy og De Guio 2011.

til að kanna hvort þetta mynstur birtist í máli þátttakenda. Ef málhafi sýnir þess skýr merki í fyrstu rannsókn að málbreyting hafi náð fötfestu í máli hans mætti búast við því, ef *S*-kúrfan spáir rétt fyrir um þróunina, að fram undan væru hraðar breytingar. Í næstu rannsókn væri því viðbúið að mál hans hefði breyst mikið. Loks mætti ætla að fram að þriðju rannsókninni yrðu minni breytingar. Vandinn er hins vegar sá að tiltölulega fáir málhafar sem tóku þátt í þremur rannsóknum hentuðu til athugunar á þessu og því ber *S*-kúrfuna lítt á góma.

### 2.2.6 Samantekt

Í upphafi þessa kafla var fjallað um hugtakið mállýska, sem hefur þrátt fyrir nokkuð loðna merkingu reynst málfraeðingum gagnlegt. Hugað var að séríslenskri notkun hugtaksins og bent á að ekki væri heppilegt að nota orðið mállýska um einstök málbrigði eins og tíðkaðist lengi vel. Í framhaldinu vék sögunni að mismunandi sjónarhornum á mállýskur, málbreytingar og breytileika þar sem mállýskufræðingar ruddu brautina en tengdust síðar félagsmálfræði nánnum böndum. Til urðu tvær stefnur innan málvísinda sem litu þetta viðfangsefni afar ólíkum augum, félagsmálfræði og málkunnáttufræði. Bent var á að mismunandi skilgreiningar eða skilningur á hugtakinu málbreyting ætti þar drjúgan hlut að máli. Á seinni árum eru málbreytingar og breytileiki iðulega nefnd í sama orðinu. Svo var einnig í lokakaflanum, þar sem meðal annars var hugað að muninum á innri og ytri breytileika en endað á *S*-kúrfunni.

Á heildina litið virðist sem sambúðarvandi félagsmálfræði og málkunnáttufræði sé heldur í rénun. Anthony Kroch reyndi til að mynda að draga fram snertifleti þessara tveggja sjónarhorna með því að benda á að breytileiki í málsamfélaginu fæli í sér nokkurs konar tvítyngi málnotendanna, þeir kynnu fleiri en eitt afbrigði og notuðu þau í ákveðnum hlutföllum, meðal annars eftir aðstæðum (sjá Kroch 2001:722). Einmitt þetta hefur lengi verið viðfangsefni félagsmálfræðinga og í seinni tíð sífellt fleiri málkunnáttufræðinga, sem eru farnir að velta fyrir sér hvernig breytileika sé fyrirkomið í málkerfinu og hvernig hann lærist. Þessa viðleitni má víða sjá í skrifum síðustu ára, stundum með umfjöllun um ókosti þess aðskilnaðar sem lengi einkenndi málkunnáttufræðinga og félagsmálfræðinga (sjá t.d. greinasöfn Hinskens, van Houts og Wetzels frá 1997 og Cornips og Corrigan frá 2005, einnig Henry 2004, Adger og Trousdale 2007, Adger og Smith 2010, Coetzee og Pater 2011).

Viðfangsefnið er því ekki lengur aðeins það sama að nafninu til. Nálgunin er þó enn ólík og erfitt að tengja niðurstöður saman. Ef málbreytingar kvikna í máltökufurlinu, eins og málkunnáttufræðingar telja gjarna, hvenær og hvernig koma þá til sögunnar þau félagslegu gildi málbrigða sem félagsfræðingar hafa greint? Ef rót málbreytinga liggur á hinn bóginn í breytileika í málsamfélaginu sem verður að reglubundnu mynstri eins hóps og breiðist út til annarra, hvaðan kemur þá breytileikinn? Leonie Cornips (2015:316) virðist hafa nokkuð til síns máls þegar hún segir að þrátt fyrir minnkandi bil milli félagsmálfræðinga og málkunnáttufræðinga „the questions posed by both and their research interests are too different“.

Afbrigðin – og þá um leið tilbrigðapörin – sem fjallað er um í þessari ritgerð eru gömul í íslensku. Því kemur spurningin um hvernig nýjung kviknar í tungumáli ekki við sögu. Hins vegar

koma bæði börn og fullorðnir að útbreiðslu málbreytinga og í rauntímarannsókninni liggur megináherslan á þá fullorðnu. Í raun mun því ekki reyna mikið á þá núningsfleti milli félagsmálfræði og málkunnáttufræði sem hér hefur verið fjallað um, en viðfangsefnið verður að nokkru leyti skoðað frá báðum sjónarhornum eins og næstu þrjú kaflar, 2.3, 2.4 og 2.5, bera með sér.

### 2.3 Fólki og samfélag

#### 2.3.1 Inngangur

Fólk sem lifir saman í samfélagi á ýmislegt sameiginlegt – eins og fólk almennt – en því má líka skipta í hópa eftir því sem greinir það að. Rannsóknir félagsmálfræðinga hafa sýnt tengsl milli slíkra hópa annars vegar og breytileika og málbreytinga hins vegar. Í síðasta bindi bóka-flokksins *Principles of Linguistic Change* dregur Labov saman afrakstur rannsóknastarfsins:

Sociolinguistic studies of the speech community have found that linguistic variation in the modern world is correlated with a small number of social variables: age, gender, social class, race/ethnicity, urban/rural status and location in social networks.

(Labov 2010:197)

Í þessum kafla verður stiklað á stóru um þessa þætti og raunar fleiri.

#### 2.3.2 Stétt og staða

Þó að segja megi að rannsókn Labovs á Martha's Vineyard, sem var verkefni hans til meistara-prófs, hafi markað tímamót urðu straumhvörf með doktorsverkefninu sem var rannsókn á máli New York-búa um miðjan 7. áratuginn. Það hafði verið nokkuð almenn trú að breytileiki í máli eins og hann rannsakaði þar væri tilviljanakenndur. Aðeins hálfum öðrum áratug fyrir hafði Allan Hubbell til að mynda komist að þeirri niðurstöðu að hjá mörgum borgarbúum einkenndist framburðurinn af „complete absence of any pattern“ (sjá Hubbell 1950:48, hér eftir Labov 1966:5). Labov sýndi hins vegar fram á að breytileikinn væri langt í frá tilviljanakenndur heldur kerfisbundinn (sjá um rannsóknirnar tvær hjá Labov 1963 og 2006 (1. útgáfa 1966), einnig 1972a).

Mikilverðustu niðurstöður rannsóknarinnar í New York drógu fram tengsl milli málnotkunar eða máleinkenna og **samfélagslegrar stöðu**. Labov notaði nokkrar framburðarbreytur og þar er /r/ þekktust, en forathuganir bentu til þess að framburður eða brottfall /r/ í orðum eins og *fourth* og *floor* væri mismunandi milli félagshópa. Hann lagði upp með eftirfarandi tilgátu:

if any two sub-groups of New York City speakers are ranked on a scale of social stratification, then they will be ranked in the same order by their differential use of (r).

(Labov 2006:41)

Þetta kom á daginn. Þegar fólki var skipt í stéttir sást að dæmin um fram borið /r/ voru fæst hjá þeim sem neðst stóðu í þjóðfélagsstiganum og fjölgaði eftir því sem ofar dró. Framburður í bæði formlegu og óformlegu máli var prófaður og /r/ birtist frekar í því formlega, en þar sem það gerðist hjá öllum hópum hélst bil milli þeirra (sjá Labov 2006:46–57). Þessi rannsókn og fjölmargar sem fylgt hafa í kjölfarið hafa sýnt fram á að eftir því sem fólk er hærra sett í



Þjóðfélaginu þeim mun líklegra er það til að nota staðalmál, eða þau málbrigði sem njóta virðingar.

Ýmsar aðferðir hafa verið notaðar til að skipa fólki í þjóðfélagshópa eftir stöðu innan samfélagsins (sjá dæmi hjá Chambers 2003:47–51, Ash 2004:405–413). Í þekktasta hluta New York-rannsóknanna notaði Labov þrjár misjafnlega dýrar og „fínar“ verslanir sem nokkurs konar vegvísi um þjóðfélagslega stöðu starfsfólksins (sjá Labov 2006:40–45). Í öðrum hlutum rannsókna byggði hann á starfi, menntun og fjölskyldutekjum og fylgdi þar annars konar félagslegri rannsókn frá því árið áður. Hver þessara þátta gaf ákveðið mörg stig og meðaltalið skipaði þátttakendum í fjóra hópa, lágstétt, stétt verkafólks, lægri og efri miðstétt (sjá Labov 2006:132–139).

Trudgill (1974:31–44) notaði einnig samsetta breytu til að skipa fólki í stéttir í rannsókn sinni í Norwich á Englandi. Þættirnir voru fleiri en hjá Labov: Atvinna, atvinna föður, tekjur, menntun, borgarhverfi og gerð húsnæðis. Með einkunnagjöf í ætt við þá sem Labov notaði gat hann raðað fólki í fimm stéttir: Lægri, mið- og efri stétt verkafólks, lægri miðstétt og mið-miðstétt (skammstafað LWC, MWC, UWC, LMC, MMC).

Á þessum tveimur aðferðum er talsverður munur og fleiri flokkunaraðferðir mætti tína til. Fljótt á litið mætti álykta að hér væri á ferðinni tilraunastarfsemi frá því félagsmálfræðin var að fóta sig þar sem rannsóknirnar tvær eru orðnar allgamlar. Í umfjöllun sinni frá upphafi þessarar aldar segir Sharon Ash (2004:402–405, 419–420) hins vegar að um viðvarandi vanda sé að ræða innan félagsmálfræðinnar. Fólki sé raðað í stéttir eftir ýmsum aðferðum sem ekki standi á traustum grunni. Hún mælir þó ekki með staðlaðri aðferð heldur bendir á mikilvægi þess að rannsakendur afli sér þekkingar og skilnings á því hvernig viðkomandi samfélag sjálft skipar þegnum í flokka og raðar þeim í virðingarstigann. Hún getur þess að félagsfræðingurinn Warner hafi ásamt fleirum þegar árið 1960 þróað nokkurs konar leiðarvísi til að meta þá þætti sem mestu skipta í hverju samfélagi og telur að félagsmálfræðingar gerðu vel í því að nýta sér hann.

Í seinni tíð hafa samsettar stéttabreytur af þessu tagi fengið minna vægi en áður í rannsóknum félagsmálfræðinga. Ástæðurnar eru ýmsar. Tilraunir til að nota aðeins atvinnu fólks sem mælikvarða á félagslega stöðu benda til þess að hún geti gefið jafnskýrar vísbendingar og flókin einkunnagjöf eins og hér var lýst (sjá Ash 2004:411, Chambers 2003:52–54). Þegar borin eru saman ólík samfélög eða ólík tímasteið virðist atvinna að auki traustari mælikvarði en ætla mætti í fljótu bragði (Ash 2004:419). Flóknari mælikvarðar virðast því ekki endilega fyrirhafnarinnar virði. Á hinn bóginn hafa ýmsir hallast að annars konar flóknum aðferðum. Þannig gerðu David Sankoff og Suzanne Laberge (1978) tilraun með að meta stöðu fólks á **málmarkaðnum** (e. *linguistic market/marketplace*, en ættað úr fr. *marché linguistique*) þar sem málnotkun er „verðlögð“. Hugmyndin á bak við þessa nálgun er að fólk hafi stöðu sinnar vegna mismikla þörf fyrir að hafa staðalmál á valdi sínu. Þó að fólk tilheyri sömu stétt getur staða þess á málmarkaðnum verið ólík og starf sem raðast neðarlega í virðingarstigann, til dæmis við þjónustu, getur krafist mikillar málfærni. Aldur kemur hér einnig við sögu því að ungir og aldnir eiga gjarna minna undir málmarkaðnum en fólk á framabraut. Sankoff og Laberge gátu með þessu sýnt fram á tengsl milli notkunar staðalmáls og stöðu fólks, án þess að um eiginlega stétt

væri að ræða (sjá Sankoff og Laberge 1978, Sankoff o.fl. 1989, Ash 2004:413–414, Eckert 1997:159, 164).

Greining svokallaðs **félagsnets** (e. *social network*) til að finna þjóðfélagslega stöðu fólks er enn fjær því að felast í stigagjöf og útreikningum. Þekktust er rannsókn James og Lesley Milroy í Belfast á Norður-Írlandi á 8. áratugnum. Athyglin beindist að þremur samfélögum innan borgarinnar og félagsneti, en hugtakið vísar til félagslegra tengsla einstaklings við aðra innan samfélagsins. Þau tengsl geta verið misjafnlega sterk og af ólíkri gerð. Þar sem „allir þekkja alla“ er félagsnet fólks yfirleitt sterkt og getur verið margþætt (e. *multiplex*) ef tengslin eru af fjölbreyttu tagi (til dæmis gegnum vinnu, skyldleika og félagslíf). Hjá þeim sem sækja meira út fyrir samfélagið eða tengjast lausari böndum innan þess er félagsnetið opnara. Í ljós komu skýr tengsl milli sterks félagsnets og notkunar mállýskubundinna afbrigða. Ályktunin sem dregin er af rannsókninni – og öðrum sem hafa fylgt í kjölfarið – er að þétt félagsnet viðhaldi stöðugleika, en í hópi þar sem félagsnetið er opið séu meiri líkur á málbreytingum þó að það sé ekki í raun félagsnetið sjálft sem valdi þeim (sjá Milroy (Lesley) 2004, einnig Milroy (Lesley) 1987:45–52, 79–84 og víðar, Milroy (James) 1992:204, Milroy og Milroy 1997:59–61, sjá einnig kafla 2.3.3).

Bæði málmarkaður og félagsnet snúast um annað og meira en tiltekna tröppu í þjóðfélagsstiganum. Báðar tilraunirnar endurspeglar hvernig félagsmálfræðingar fjarlægðust nánast vélrænar aðferðir við að skipa fólki í stéttir og færðust nær einstaklingnum (sjá t.d. Eckert 1989b:246). Ástæðuna má rekja til þess að tengsl máls og stéttar hafa takmarkað skýringargildi ein og sér (sjá t.d. Milroy og Milroy 1997:53–54). Það er líf fólksins sem máli skiptir og hvernig það hefur áhrif á málnotkun – og þó að stéttarstaða hafi mótandi áhrif á líf fólks kemur fleira til, eins og samskipti, tengsl, sjálfsmynd. Fólk er af ýmsu tagi og sömuleiðis samfélögin sjálf. Hvorki stéttir, málmarkaður né félagsnet hafa sömu einkenni alls staðar. Sum samfélög einkennast til dæmis af þéttu félagsneti þó að vissulega séu einstaklingarnir misjafnir innan þeirra og stéttaskipting getur haft missterk einkenni átaka eða samkenndar. Félagsmálfræðilegar rannsóknir krefjast skilnings á bæði samfélaginu og fólkinu sem til athugunar er (sjá t.d. Ash 2004:420).

Í íslenskum framburðarránsóknum hefur sjónum aðeins að litlu leyti verið beint að félagslegri stöðu fólks. Í RÍN var þó aflað upplýsinga um búsetuform, menntun og starf, sem og starf foreldra. Ekki voru þó forsendur til að skipa fólki beinlínis í stéttir en fram komu vísbendingar um áhrif menntunar, meðal annars var nokkur fylgni milli harðmælis og menntunar í Reykjavík og á landinu í heild (sjá Höskuld Þráinsson og Kristján Árnason 1984:119–120, Kristján Árnason og Höskuld Þráinsson 2003:180–181, sjá einnig fróðlega umfjöllun en ekki skýrar vísbendingar um tengsl flámælis við þessar breytur hjá Þórunni Blöndal 1984, einkum 3. kafla).

Gögnin sem unnið er með í rannsókninni *Mál á mannsævi* bjóða ekki upp á nákvæma og fjölpætta greiningu á stöðu einstakra þátttakenda innan samfélagsins. Í flestum tilvikum er vitað um menntun og starf, stundum um gerð húsnæðis. Hins vegar er það svo að þátttakendurnir eru frekar einsleitir hópur að þessu leyti því að sjónum er fyrst og fremst beint að tveimur svæðum á landsbyggðinni. Tiltölulega fáir fullorðnir þátttakendur eiga að baki framhaldsskóla- eða

háskólamenntun. Atvinna er einnig tiltölulega einsleit. Það er því ekki auðvelt að brjóta úrtakið upp í samanburðarhópa á grundvelli menntunar eða starfs. Af þessum sökum verður ekki fjallað um þróun tilbrigðaparanna sem hér eru til rannsóknar með hliðsjón af stétt eða stöðu.

### 2.3.3 Kyn – kyngervi

Samband kyns og máls hefur löngum verið félagsmálfræðingum hugleikið – og meira eftir því sem fræðigreinininni óx fiskur um hrygg. Til að mynda fjallaði Labov stuttlega um kynjamun í bók sinni um málið í New York sem kom út 1966, en í aukinni útgáfu frá 2006 skýtur hann því inn að fullt tilefni hefði verið til að helga þessu sjónarhorni heilan kafla (Labov 2006:197).

Lengi vel var hiklaust talað um **kyn** (e. *sex*) sem skipti fólki snyrtilega í konur og karla. Strax á 8. áratug síðustu aldar tók að bera á efasemdum um ágæti þess. Líffræðilegt kyn er ekki aðalatriðið í rannsóknum á málfræðingum kynjanna, heldur ólík hlutverk þeirra og staða í samfélaginu. Hugtakið **kyngervi** (e. *gender*) hefur vísan til þessara félags- eða menningarlegu þátta og nú á tímum ræður orðið *gender* ríkjum í þeirri umræðu sem fram fer á ensku. Í fyrrnefndri umfjöllun Labovs er einmitt talað um *sex* í eldri textanum en *gender* í þeim yngri. Hins vegar er ekki fráleitt að orðið *sex* í ensku hafi skýrari vísun til líffræðilegs kyns en orðið *kyn* í íslensku og munurinn á því og *kyngervi* því ekki eins skarpur (um mikilvægi þess að aðgreina kyn og kyngervi má meðal annars lesa hjá Eckert 1989b:246–247, Chambers 1992).

Í fljótu bragði getur oft virst sem einungis sé notað nýtt orð yfir sama fyrirbærið og stundum má það til sanns vegar færa. Enn er málnotendum gjarna einfaldlega skipt í konur og karla þó að á síðustu árum hafi verið vaxandi skilningur á því að skilin þar á milli séu ekki alltaf klippt og skorin. Hvorki kynvitund fólks né líffræðileg kyneinkenni skipta fólki á einfaldan hátt í ólíka hópa. Notkun hugtaksins kyngervi í rannsóknum á tengslum máls og kyns felur hins vegar í sér áherslu á að sjónarhornið sé félagslegt, skýringar á málfræðingum kynjamun liggi í menningarbundnum mun kynjanna en ekki líffræðilegum. Kyn leggur þó vissulega grunninn að ólíkum hlutverkum, viðmiðunum, væntingum og kröfum (sjá t.d. Eckert 1989b, Eckert og McConnell-Ginet 1992, Chambers 2003:117–162, 2004:352–355, Cheshire 2004).

Í árdaga félagsmálfræðinnar einkenndist umfjöllun fræðimanna um kynjaðan breytileika, þ.e. breytileika þar sem notkun tilbrigða er að einhverju marki tengd kyni, af lýsingum og veikburða skýringartilgátum. Félagsmálfræðingar einfaldlega lýstu því mynstri sem gögnin birtu og leitust við að tengja það við augljósan og oft einfaldaðan mun á hlutverkum og stöðu kynjanna. Að baki lá hvorki tilgáta um kyn og kynjamun almennt né hvernig hann gæti birst í tungumálinu. Þannig sýndi Labov (2006:196–197) fram á að mál kvenna í New York sveiflaðist meira en mál karla eftir aðstæðum og talaði um ofvöndun hjá konum (e. *hypercorrection*) sem hann taldi mögulegt að léki stórt hlutverk í þróun tiltekinn sérhljóða. Nokkrum árum síðar tekur hann upp þráðinn í bókinni *Sociolinguistic Patterns*. Þar rekur hann ýmis dæmi úr rannsóknum um annars vegar tilhneigingu kvenna til að nota frekar en karlar nýrri afbrigði í daglegu tali og hins vegar að nota viðurkennd afbrigði eða staðalmál í ríkari mæli í formlegu máli. Munurinn á formlegu og óformlegu máli kvenna er samkvæmt því meiri, jafnframt því

sem þær leiða málbreytingar. Labov lumar ekki á miklum skýringum á þessu og segir sjálfur að þær séu ekki annað en ágiskanir. Hann telur mögulegt að konur séu næmari fyrir virðingu sem mismunandi málbrigði bera með sér og jafnvel máltökufurlinu, vegna þess að sem uppalendur gegni þær mikilvægara hlutverki en karlar (sjá Labov 1972a:301–303).<sup>13</sup>

Sams konar tilhneiging kvenna til að velja viðurkennd afbrigði, eða staðalmál, kom fram í fleiri rannsóknum á næstu árum, meðal annars í rannsókn Trudgills í Norwich á Englandi. Trudgill (1972:182–183) taldi orsökina liggja í því að konur þyrftu að hafa meira fyrir samfélagslegri stöðu sinni. Karlar fengju hana gegnum starf sitt. Því væri málið mikilvægt tæki fyrir konur til að tryggja stöðu sína og gera hana sýnilega.

Þessi skýringartilgáta var meira í ætt við það sem koma skyldi, enda setti jafnréttisbarátta kvenna, femínisminn, mark sitt á fræðin. Umræða um hvernig vald og ójöfn staða kynjanna endurspegladist í tungumálinu átti eftir að verða fyrirferðarmikil á næstu árum. Drjúgan þátt í því átti bókina *Language and Woman's Place* eftir Robin Lakoff sem kom út árið 1975. Hún sló fram ýmsum dæmum um mun á málnotkun kynjanna og sameinaði þau undir „lög málinu um kurteisi“ (e. *politeness principle*) sem konur lytu og gegndi því tvíþætta hlutverki að endurspegla stöðu þeirra og viðhalda henni, stöðu í samfélagi þar sem karlar réðu ríkjum.

Meintur munur á málnotkun kynjanna varð nú vinsælt rannsóknarefni, sem og tengsl hans við samfélagslegt vald karla. Tvískiptingin, aðgreining karla og kvenna, varð alls ráðandi en um og upp úr 1990 tók að bera á gagnrýnisróddum og nýrri nálgun. Konur eru ekki bara konur heldur má skipa þeim í ýmsa hópa – tvær konur í ólíkum störfum, með ólíkan efnahag og af ólíkum uppruna eiga kannski ekkert annað sameiginlegt en að vera konur. Og það sama gildir um karla. Kallað var eftir rannsóknum þar sem tekið væri mið af meiri fjölbreytni, breytan kyn væri skoðuð í tengslum við fleiri félagslegar breytur og rýnt í bæði samfélög og nærumhverfi fólks. Það er ekki nóg að afla gagna og skipta fólki í hópa eftir kyni. Greina þarf viðkomandi samfélag – skoða efnahagslega stöðu þess, atvinnu- og menntunartækifæri kynjanna, hversu mikið fólk sækir út fyrir samfélagið og hvort þar sé munur á kynjunum, þær félagslegu aðstæður samfélagsins sem hafa áhrif á félagsnet (e. *social network*), stöðu kvenna og hversu virtar þær eru, tækifæri þeirra til að taka þátt í opinberu lífi og svo framvegis. Á hinn bóginn er það meginreglan hjá mannkyninu, hvort sem er í Súdan eða Grímsnesinu, að konur séu á einhvern hátt lægra settar en karlar og valdaminni. Hlutverkin sem líffræðilega kynið leggur grunn að eru ekki alls kostar ólík. Konur í að því er virðist ólíkum samfélögum gætu því sem best átt sitthvað sameiginlegt (sjá umfjöllun hjá Mills 1995:1–5, Cameron 1995, Wodak og Benke 1997, Cheshire 2004, Eckert 1989b, Eckert og McConnell-Ginet 1992 og 2013:37–42).

Það þarf því ef til vill ekki að koma á óvart að þó að félagsmálfræðingar fyrri tíðar hafi verið gagnrýndir fyrir að safna miklum gögnum um breytileika en litlum um samfélagið sem geymir hann (sbr. Eckert 1989b:245–246) hafa ýmsar niðurstöður þeirra staðist tímans tönn glettilega vel. Árið 1990 setti Labov til að mynda fram þrjú lög mál (e. *principles*) um málfarsmun

<sup>13</sup> Vert er að hafa í huga að þessi skrif eru um hálfra aldar gömul og verkaskipting kynjanna var skýrari þá en nú. Líklega hafa þó hlutverkin breyst meira hér en (að minnsta kosti sums staðar) í Bandaríkjunum.

kynjanna sem eru í góðu samræmi við það sem fram kemur í fyrrnefndum skrifum hans frá því tveimur áratugum fyrr og í síðari skrifum (sjá Labov 1972a:301–303, 2010:197–202). Áður en víkur að sjálfum lögmálunum er rétt að útskýra þann greinarmun sem hann gerir þar á breytingum „ofan frá“ (e. *change from above*) og breytingum „neðan frá“ (e. *change from below*). Hugtökin vísa í senn til vitundar og félagsstöðu fólks (sjá Labov 1994:78). Breytingar ofan frá eiga gjarna rætur að rekja til annarra málsamfélaga (þ.e. hópa sem þó geta tilheyrt sama samfélagi), fólk er meðvitað um þær og afbrigðin eru mikils metin af ráðandi stétt. Breytingar neðan frá eru nokkurs konar grasrótarbreytingar, þær kvikna innan málkerfisins, ekki hjá einni stétt frekar en annari og málnotendur eru framan af ómeðvitaðir um afbrigðin.<sup>14</sup>

Lögmálin eru eftirfarandi (sjá Labov 1990:210, 213, 215):

- Þegar breytileiki er stöðugur nota konur frekar en karlar það afbrigði sem tilheyrir staðalmálinu.
- Konur kjósa frekar en karlar virt afbrigði sem berast að ofan og leiða þannig slíkar breytingar.
- Konur eru oftast en ekki brautryðjendur þegar um er að ræða málbreytingar neðan frá.

Af þessu má sjá að konur leiða málbreytingar oftast en karlar þó að undantekningar séu frá því (sjá Labov 1990:218–219). Við þetta má svo bæta að karlar eru taldir hafa ríkari tilhneigingu til að nota staðbundin afbrigði og þá gjarna afbrigði sem virðast tengja saman sjálfsmýnd og svæði eða stað (sjá t.d. Milroy (Lesley) 1987:112–113, Milroy og Milroy 1997:55).

Þó að vart þurfi að taka fram að rannsóknir síðustu áratuga hafi skilað alls kyns þekkingu og tilgátum um tengsl máls og kyns stendur þetta enn sem nokkurs konar gamall kjarni sem ekki hefur verið kollvarpað. Allt er þetta grundvallað á fjölda rannsókna, en þó vert að halda því til haga að rannsóknir hafa líka skilað andstæðum niðurstöðum eða ekki leitt neitt í ljós sem styður þessi lögmál (sjá fjölbreytta umfjöllun hjá Cheshire 2004). Þau standast því ef til vill ekki skoðun sem lögmál heldur frekar sem algeng tilhneiging sem erfitt er að líta fram hjá, eða eins og Labov (2001:501) orðar það: „Any theory of the causes of change must deal with the general finding that in the good majority of linguistic changes, women are a full generation ahead of men.“ Þótt hann dragi þessa ályktun af fjölda rannsókna hefur ekki gengið sérlega vel að skýra þessar tilhneigingar og gagnrýnisraddir hafa bent á að kynjunum hafi verið eignaðir alls kyns eiginleikar. Konur eru meðal annars taldar íhaldssamar og óöruggar, næmar fyrir því sem nýtur virðingar og öðru fólki. Mál karla er hins vegar sagt endurspegla vald, sjálfstæði og keppnisskap svo fátt eitt sé nefnt (sjá Eckert og McConnell-Ginet 1992:485).

Með því að rýna nánar í samfélög hafa fræðimenn þó færst nær skýringum sem felast þá í mismunandi lífsmynstri kynjanna. Til að mynda hefur komið í ljós að hreyfanleiki (e. *mobility*) kynjanna er oft ólíkur, sem og samskiptamynstur. Það er því ekki endilega kynið sjálft sem ræður heldur tengsl þessara þátta við mismunandi hlutverk. Chambers (2003:140) orðar það svo að í samfélögum þar sem hlutverkaskipting kynjanna feli í sér að annað þeirra hafi víðtækara

<sup>14</sup> Þannig má vissulega hugsa sér að breyting neðan frá, eða „grasrótarbreyting“, innan eins málsamfélags geti orðið breyting ofan frá innan annars málsamfélags, ef hún berst þangað.

samskiptanet og fari um stærra svæði megi búast við því að í máli þess kyns sem fer víðar, félagslega og landfræðilega, sé meira um afbrigði sem einkenna mál nærliggjandi félagshópa.

Rannsóknir í Detroit og Belfast, sem beindust að afmörkuðum borgarhverfum, leiddu í ljós að það voru konurnar sem voru hreyfanlegri en karlarnir og áttu í samskiptum við fólk af fjölbreyttara tagi. Það endurspegladist í málfari kynjanna. Karlar héldu sig meira við afbrigði „heimahaganna“, en konur sýndu meiri fjölbreytni og í raun fjölhæfni í því að gera sig gildandi gegnum tungumálið. Rannsókn á eyjarskeggjum úti fyrir Suður-Karólínu dró fram flóknari mynd þar sem mismunandi hreyfanleiki tengdist aldri frekar en kyni. Yngra fólk af báðum kynjum og fram um miðjan aldur átti það sameiginlegt að sækja vinnu til meginlandsins. Störfin sem fólkið sinnti greindust hins vegar eftir kyni, karlarnir unnu iðulega saman en konurnar síður og störf þeirra, til dæmis þjónustu- og afgangslustörf, kröfðust að jafnaði meiri samskipta. Þetta birtist sem málfarsmunur kynja, en aðeins hjá þessum aldurshópi. Eldra fólkið hélt sig meira á eyjunni og á því var lítil kynjamunur (sjá Chambers 2003:126–143). Í stað þess að leita skýringa í mismunandi eiginleikum kynjanna virðist samkvæmt þessu nær að horfa til lífsmynsturs sem skilur þau að.

Skrif James og Lesley Milroy, ýmist hvors í sínu lagi, saman eða með öðrum, hafa verið áhrifamikil. Þau stóðu einmitt að fyrrnefndri rannsókn í Belfast á 8. áratugnum sem bar á góma í kafla 2.3.2. Eins og þar kom fram rannsökuðu þau þrjú samfélög innan borgarinnar með áherslu á félagsnet (e. *social network*), sem snýst um þéttleika og gerð félagslegra tengsla fólks (sjá Milroy (Lesley) 2004:549–552, einnig Milroy (Lesley) 1987:45–52, Milroy og Milroy 1997:59–61).

Milroy og Milroy fundu skýr tengsl milli félagsnets og notkunar mállýskubundinna afbrigða. Karlar voru að jafnaði svæðisbundnari en konur, félagsnet þeirra einkenndist því frekar af þéttum böndum innbyrðis en litlum tengslum út á við. Þeir notuðu „heimamállýskuna“ frekar en konurnar. Munur á hreyfanleika og félagsneti kynjanna var þó mestur í einu af þessum þremur samfélögum, í hverfinu Ballymacarrett. Í hinum hverfunum var meira um að konur ynnu saman og eyddu frístundum saman, en karlar sæktu langt í vinnu. Þar var félagsnet kvennanna bæði þéttara og margþéttara en hjá konum í Ballymacarrett. Það kom á daginn að munur á máli kynjanna var einmitt mestur í Ballymacarrett (sjá t.d. Milroy (Lesley) 2004:552–554, 1987:80–84, einnig Milroy og Milroy 1997).

Þessi dæmi sýna hvernig varpa má skýrara ljósi á kynjaðan breytileika og „forystu“ kvenna í málbreytingum með því að greina hlutverk og stöðu kynjanna innan samfélags, ekki láta duga að draga í kynjadilkana tvo. Fyrirgreind „lögmál“ eiga þá rætur að rekja til þess að þótt samfélög geti vissulega verið ólík og ekki hægt að alhæfa virðist sem karlar séu að jafnaði bundnari heima-högunum en konur, sem séu hreyfanlegri, bæði landfræðilega og félagslega (sjá Chambers 1992:194, 2003:143). Þess má geta að í 4. kafla verður fjallað nokkuð um þróun samfélagsins á Íslandi á 20. öld og meðal annars staldrað við síldarárin. Þau bera skýr merki mikils hreyfanleika fólks, það flyktist úr öllum áttum á síld – bæði konur og karlar. Hins vegar má ætla að fyrir á öldum hafi það frekar verið karlar sem fóru jafnvel ár eftir ár í verið, stundum um langan veg. Landfræðilega voru þeir því ef til vill hreyfanlegri en konurnar.

Það liggur þó ekki í augum uppi hvers vegna hreyfanleiki og opin félagsnet ættu að ýta undir notkun staðalmáls og virtra málbrigða hjá konum. Raunar hafa Milroy og fleiri haldið því fram að í stað þess að túlka niðurstöður rannsókna þannig að konur kjósi málbrigði sem njóta virðingar sé mögulegt að þær hreinlega stýri virðingarstiganum, að afbrigði sem þær nota verði virt (sjá t.d. Milroy o.fl. 1994:351).

Það er ekki svo að rannsóknir sýni að konur noti staðalmál alltaf og karlar aldrei, frekar að konurnar nota það í ríkari mæli við tiltekna aðstæður, einkum formlegar. Breiddin er því meiri í málnotkun kvenna, sem einnig mætti orða svo að þær ráði við breiðari „skala“ en karlarnir, séu sveigjanlegri. Með vangaveltum sínum um ástæðurnar fer Chambers ef til vill út á hálan ís – og er meðvitaður um það – en hann telur fjölmörg og fjölpætt rök benda til þess að hér sé um einhvers konar hæfnismun að ræða, konur hafi meiri málhæfni. Hann telur vert að íhuga að þegar ekki megi rekja kynjaðan breytileika til mismunandi hlutverka sé mögulega um taugafræðilegan mun að ræða. Raunar gæti hann allt eins verið **ástæða** þess að konur eru gjarna hreyfanlegri en karlar, frekar en **afleiðing**. Hann minnir þó á að þessi munur sé afar lítil og mikill breytileiki innan beggja kynja. Mál tiltekinnar konu er ekki sjálfkrafa öðruvísi en mál tiltekins karls á fyrirsjáanlegan hátt (sjá Chambers 2003:143–153). Sé þetta rétt – sem tíminn leiðir kannski í ljós – snýst málfarsmunur kynjanna eftir allt saman ekki bara um kyngervi heldur líka kyn.

Í ljósi þessarar umfjöllunar má segja að athuganir á kynjamun í íslenskum framburðar-rannsóknum hafi falist í tiltölulega einföldum samanburði. Þannig veitti Björn Guðfinnsson (1946:161) því athygli að í Reykjavík var línsmæli „nokkru ríkara í framburði telpna en drengja“. Kynjamunur var einnig kannaður í RÍN og hefur verið dreginn fram í bæði námsritgerðum og greinum, en í öðrum tilvikum hafa slíkar athuganir ekki skilað neinum vísbendingum um mun á framburði eftir kyni (sjá Kristján Árnason og Höskuld Þránínsson 1983:94, Höskuld Þránínsson og Kristján Árnason 1984:126–128, 1986:51–52, Kristján Árnason 2005:417, Helgu Jónsdóttur 1982, Guðvarð Má Gunnlaugsson 1983a, Þóru Björk Hjartardóttur 1984, Þórunni Blöndal 1984, Hermínu Gunnþórsdóttur 1991, um kynjaðan breytileika frá fleiri sjónarhornum en framburði, sjá t.d. Finn Friðriksson 2017).

Áhugavert væri að skoða nánar tengsl breytileika og breytinga á íslenskum framburði við kyn og kyngervi. Í þeim tilvikum þar sem landshlutabundin afbrigði víkja fyrir meirihlutaframburði mætti búast við að konur hefðu þar forystu en karlar væru íhaldssamari. Erlendar rannsóknir sýna að þetta er gjarna svo. Hins vegar sýna þær líka tengsl við hreyfanleika og félagsnet. Rannsóknin *Mál á mannsævi* hefur takmarkaðar upplýsingar um þessa þætti og raunar engar um félagsnet. Óvæntar niðurstöður gætu því átt rætur að rekja til þátta sem okkur eru huldir.

Við þetta bætist að ekki er auðvelt að skilgreina íslenskan talmálsstaðal. Sem dæmi má nefna að þó að *hv*-framburður sé svæðisbundinn minnihlutaframburður er ekki sjálfgefið að kalla *kv*-framburð staðalframburð. Enn áleitnari er sú spurning varðandi línsmæli og harðmæli. Fylgni milli menntunar og harðmælis (sjá Höskuld Þránínsson og Kristján Árnason 1984:119–120) gæti bent til þess að harðmæli njóti virðingar og sé þannig að minnsta kosti eitthvað í ætt við staðalframburð. Á hinn bóginn getur verið vandi að tengja saman virðingu stéttar (eða hóps eins og menntafólks) og virðingu

máls. Tiltekið málbrigði getur verið lýsandi fyrir málnotkun hóps sem stendur ofarlega í þjóðfélagsstiganum án orsakasamhengis við virðingu. Af þessum sökum beindist einn þáttur rannsóknarinnar að því að kanna virðingu afbrigðanna sem eru undir (sjá nánar í köflum 3.6 (einkum 3.6.3.4), 4.2.5, 4.3.5, 4.4.4 og 4.5.4). Á grundvelli þeirra athugana má sjá að oftast en ekki nýtur meirihlutaframburður meiri virðingar á landsvísu en svæðisbundin afbrigði. Þetta gildir um óraddaðan framburð, *kv*-framburð og tvíhljóðaframburð. Í þeim tilvikum mætti spá því að konur væru hallari undir þau afbrigði sem eru í senn algengari og virtari en karlar héldu fastar í þau svæðisbundnu. Undantekningin er harðmæli/linmæli. Þó að fyrrnefnda afbrigðið sé svæðisbundið nýtur það um leið umtalsverðar virðingar. Því er snúið að spá fyrir um kynjamun. Ef virðing ræður ferðinni mætti ætla að konur héldu fastar í harðmæli, en sem svæðisbundinn framburður ætti það að vera fast fyrir hjá körlum. Hins vegar má setja fram tilgátu um mun á rödduðum framburði eftir kyni:

- (2-3) Karlar á Norðurlandi halda fastar í raddaðan framburð en konur þar sem
- a) um staðbundinn framburð er að ræða og
  - b) sá óraddaði er meirihlutaframburður sem jafnframt nýtur meiri virðingar.

Í 5. kafla kemur í ljós hvort þessi er raunin.

#### 2.3.4 Sjálfsmýnd – málið, við og hinir

Sú hugmynd hefur lengi verið á sveimi að **sjálfsmýnd** (e. *identity*) hafi hlutverki að gegna innan breytileika og málbreytinga.<sup>15</sup> Í rannsókn sinni á Martha's Vineyard tókst Labov (1963) að standa málbreytingu að verki og greina hópinn sem þar fór fremstur í flokki. Á eyjunni tókust á gamall og nýr tími. Íbúarnir, hálf tóttu þúsund, byggðu afkomu sína ýmist á gamalgrónum atvinnuháttum eða þjónustu við þá 42.000 ferðamenn sem sóttu eyjuna heim á sumrin og héldu sig aðallega á lágeyjunni (*Down-island*). Byggðin á háeyjunni (*Up-island*) var strjáll og minna um aðflutt fólk. Þar bjuggu fiskimenn sem var talsvert í nöp við sumargestina og fönguðu athygli Labovs. Nýjungin sem Labov rannsakaði fannst einkum í máli ungra karla sem sveigðu framburð tveggja tvíhljóða í átt frá staðalframburði til nokkurs konar ýktrar útgáfu af framburði sem einkum einkenndi fiskimennina. Þeir voru sannir eyjarskeggjar, fullkomin andstæða ferðamannanna. Málbreytingin var því (ómeðvituð) birting sjálfsmýndar þar sem íbúarnir greindu sig frá meginlandinu og áhrifum þess sem bárust með sumargestunum.

Síðan þetta var hefur mikið vatn runnið til sjávar. Áherslan á sjálfsmýnd fór vaxandi innan félagsmálfræðinnar á 8. og 9. áratugnum samhliða því að athyglin beindist í auknum mæli að einstaklingnum. Sú athygli birtist til að mynda í rannsóknum James og Lesley Milroy á félagsneti (sjá kafla 2.3.2 og 2.3.3) og áherslu á menningarbundið kyngervi í stað einfaldrar flokkunar eftir kyni (sjá kafla 2.3.3). Hugtakið sjálfsmýnd er hins vegar ekki einfalt viðureignar og tilviljana-kennd, eða að minnsta kosti ómarkviss, notkun þess hefur verið gagnrýnd. Tillögur til úrbóta bera því nokkurt vitni hve snúið er að fanga fyrirbærið. Jette G. Hansen og Jun Liu (1997:574)

---

<sup>15</sup> Gegnsæja orðið *sjálfsmýnd* er að mörgu leyti ágæt þýðing á *identity*. Þó er vert að hafa í huga að samsömun eða samkennd eru einnig hluti af merkingu *identity*, sbr. skyldu orðin *identify* og *identification*. Sjálfsmýnd snýst því ekki aðeins um hvaða augum maður lítur sjálfan sig heldur hverju eða hverjum maður samsamar sig.



fjalla til að mynda á gagnrýninn hátt um nálgun ýmissa fræðimanna og setja fram tillögu í lokin: „We think the complexity of social identity should be explored on a dynamic continuum that allows factors such as language, ethnicity, appearance, and personality to interplay in a complex fashion without beginnings and ends.“ Óhætt er að segja að þau biðji ekki um lítið. Mary Bucholtz og Kira Hall (2005) bjóða upp á skýrari leiðsögn, með ramma þar sem sjálfsmynd er greind í fimm grunnþætti sem snúast um eðli hennar, hlutverk og virkni. Með þessu vilja þær bregðast við þeim vanda að þótt sjálfsmynd hafi leikið sífellt stærra hlutverk innan ýmissa fræðigreina, meðal annars félagsmálfræði, hafi lítið verið tekist á við fyrirbærið sjálft á fræðilegan hátt. Tore Kristiansen og Jens Normann Jørgensen (2005:290) orða vandann hins vegar þannig að sjálfsmynd hafi „tended to become an omnipresent explanatory concept in most sociolinguistic discourses over the recent years“.

Þó að hugtakið sjálfsmynd sé skilgreint á ýmsan hátt með fjölbreyttri flóru undirhugta og félagsmálfræðingum hafi ekki fyllilega tekist að nota það skipulega má greina ákveðinn kjarna í hugmyndum þeirra. Sjónir þeirra beinast einkum að félagslegri sjálfsmynd (e. *social identity*) eða menningarlegri sjálfsmynd (e. *cultural identity*), sem sumir reyna að halda vel aðgreindum en aðrir ekki. Munurinn þar á skiptir ekki meginmáli hér heldur að um er að ræða vitund okkar um að við tengjumst öðrum, séum hluti af hópi sem hefur einhver sameiginleg einkenni. Enginn er bara eitthvað eitt – manneskja getur verið kona og um leið forstjóri, gift innflytjanda, femínisti, KR-ingur, borgarbúi en jafnframt Vestfirðingur að uppruna og svo framvegis. Þó að hér sé talað um hópa er rétt að hafa í huga að þeir eru ekki endilega þéttir og vel afmarkaðir, stundum eru þeir jafnvel huglægir frekar en raunverulegir. Vestfirðingar eru til dæmis ekki beinlínis hópur, en þó hafa bæði þeir og aðrir einhverja slíka hugmynd. Slíkir „hópar“ hafa einnig sameiginlega sjálfsmynd, missterka, sem felur í sér tilfinningu fyrir sérkennum hópsins sem í senn sameina hann og skilja hann frá öðrum. Bragi Guðmundsson (2002:400, 2009:11) hefur notað orðið samvitund (e. *collective identity*) um hópa en hins vegar sjálfsvitund um einstaklinga.

Persónuleg sjálfsmynd (e. *personal identity*) hefur minna vægi en sú félags- og menningarlega í umræðunni um tengsl máls og sjálfsmyndar. Hún snýst um nokkurs konar sjálfsmat, þá eiginleika sem fólk telur sig hafa, en geta jafnframt vísað til tengsla við annað fólk. Umrædd kona getur til dæmis upplifað sig sem útivistarunnanda og dóttur gagnrýninnar móður með lítið sjálfstraust (sjá t.d. Hogg og Abrams 1988:24–26, Worchel og Coutant 2004, Tabouret-Keller 1997:315–316).

Nálgun félagsmálfræðinga hefur lengi verið undir sterkum áhrifum frá Le Page og Tabouret-Keller en samkvæmt þeim (1985:14) er mállegt atferli „a series of *acts of identity* in which people reveal both their personal identity and their search for social roles“ (leturbr. þeirra). Auðvelt er að tengja þetta við ungu mennina á Martha's Vineyard sem einmitt komu sjálfsmynd sinni og stöðu sem eyjarskeggjar á framfæri með því að samsama sig fiskimönnunum gegnum tungumálið. Af síðari rannsóknum sem beinast að tengslum breytileika eða málbreytinga við sjálfsmynd og samvitund má nefna verk Penelope Eckert. Hún rannsakaði mál ungmenna í úthverfi Detroit og greindi þrjá hópa með ólíka stöðu og áherslur í lífinu. Einn hópinn mætti

kalla menntahneigða miðstétt en annar hópur einkenndist af sterkum tengslum við hverfið og menningu verkamannastéttar. Hópana kallaði Eckert *Jocks* og *Burnouts* að hætti ungmennanna sjálfra. Erfitt er að gefa þeim íslensk heiti en orðin *sprækir* og *slakir* ná ef til vill sömu hughrifum. Þriðji hópurinn var þarna mitt á milli. Fram kom sterk fylgni milli hópanna og málnotkunar, þ.e. notkunar framburðarabrigða sem koma við sögu í hljóðfærslu sem kennd er við borgir á norðlægum slóðum í Bandaríkjunum (*Northern cities (vowel) shift*).<sup>16</sup> Eckert túlkaði niðurstöðurnar þannig að *Jocks* væru opnari fyrir umheiminum, stefndu í burtu og í máli þeirra fyndust frekar nýjungar, en hugur *Burnouts* væri bundinn heimahögunum sem birtist sem meiri íhaldssemi. Það var því misjafnlega staðbundin sjálfsmynd (e. *local identity*) sem skýrði muninn (sjá t.d. Eckert 1988, 1989a, 2000 og víðar). Sjálfsmynd kemur einnig mjög við sögu í rannsóknum Eckert og McConnell-Ginet um kynjaðan breytileika sem vísað var til í kafla 2.3.3 (sjá Eckert og McConnell-Ginet 1992, 2013).

Rika Ito og Dennis R. Preston (1998) rannsökuðu einnig tengsl máls og staðbundinnar sjálfsmyndar, sem í því tilviki mætti kalla svæðisvitund þar sem þau rannsökuðu dreifðar byggðir í norðurhluta Michigan. Þau komust einnig að því að þeir sem höfðu sterkari svæðisvitund notuðu frekar eldri málbrigði.

Þóra Björk Hjartardóttir (1997) gerði athyglisverða rannsókn á afstöðu Vestfirðinga til heimahaganna og tengslum hennar við notkun vestfirskis einhljóðaframburðar. Milli rannsókna Björns Guðfinnssonar og RÍN lét einhljóðaframburður almennt frekar undan á /a/ (*langur*) en /ö/ (*löng*) (sjá Kristján Árnason 2005:394). Þó að frekari rannsókn væri þörf eru ýmsar vísbendingar um neikvæð viðhorf til einhljóðaframburðarins fyrir á tíð, jafnvel stimplun, sem hafi þó einkum beinst að /a/ en vitund um ólíkan framburð /ö/ hafi verið minni (sjá Daníel Þór Heimisson 2019:36–38, einnig heldur neikvæð ummæli hjá Birni Guðfinnssyni 1981:40). Þóra Björk (1997:68) taldi að samhliða þessu mætti sjá merki þess að einhljóðaframburður á /a/ hefði fengið nýtt eða sterkara hlutverk sem „tákn um uppruna og samsömun við heimahéraðið“, þ.e. að hann væri tengdur staðbundinni sjálfsmynd og nokkurs konar „tæki“ til að tjá hana. Þóra Björk (1997:71) hlustaði á viðtöl við fullorðna Vestfirðinga sem tekin voru í RÍN „í leit að vísbendingum og ummælum hjá málhöfum sem bæru vott um viðhorf til heimahéraðsins og þess málfars sem er sérkennandi fyrir það“. Hún fann 30 málhafa (af 156) sem létu í ljós slík viðhorf og þá einkum til einhljóðaframburðarins. Í ljós kom að meirihluti þeirra (60%) hafði jákvæð viðhorf en þau birtust einkum hjá körlum. Af 18 jákvæðum málhöfum voru 13 karlar en aðeins tveir karlar voru neikvæðir. Skiptingin hjá konum var jafnari og hjá þeim var heldur enginn munur á einhljóðaframburði á /a/ eftir viðhorfum. Jákvæðir karlar reyndust hins vegar nota einhljóðaframburð á /a/ meira en þeir karlar sem höfðu neikvæð viðhorf. Þó að þessi munur reyndist ekki tölfræðilega marktækur – enda aðeins tveir neikvæðir karlar – er hann athyglisverð vísbending um tengsl staðbundinnar sjálfsmyndar og máls. Þess má og geta að Daníel Þór Heimisson (2019:42–48) komst að því að vestfirskir karlar höfðu meiri tilhneigingu en konur til að nota einhljóðaframburð á /a/ ríkulegar í lestri en við skoðun

<sup>16</sup> Hljóðfærslan er flóknari og víðtækari en svo að henni verði lýst í stuttu máli, en við sögu koma sex sérhljóð í orðum eins og *caught*, *cot*, *cat*, *bit*, *bet* og *but*.

mynda. Þetta túlkaði hann svo að karlar væru „mun líklegri til þess að ýkja framburð sinn í lestri“ (s.r.:2019:50).<sup>17</sup> Sú niðurstaða rímar að sumu leyti vel við niðurstöður Þóru Bjarkar en þó er athyglisvert að samkvæmt rannsókn Daníels Þórs birtist sama tilhneiging hjá eldri konum. Það voru yngri konurnar sem skáru sig úr og notuðu einhljóðaframburð í svipuðum mæli í tali og lestri.

Það er ekki tilviljun að hér eru valin dæmi um staðar- eða svæðisvitund úr flóru fjölbreyttra rannsókna um tengsl máls og sjálfsmyndar. Í viðtölum sem ég tók árið 2013 við eldra fólk frá Norðurlandi, Suðausturlandi og Vestfjörðum<sup>18</sup> þóttist ég merkja að tengsl Norðlendinga við Norðurland væru sterk, að það að vera Norðlendingur væri ríkur þáttur í sjálfsmynd þeirra. Um leið má ætla að þar ríki sterk samvitund. Ég taldi mig einnig sjá nánari tengsl sjálfsmyndar Norðlendinga og málsins en hjá öðrum.<sup>19</sup> Það að vera Norðlendingur felst ekki síst í því að tala norðlensku – og þeir voru upp til hópa afskaplega ánægðir með norðlenskuna sína (sjá nánar í kafla 3.6, m.a. *töflu 3-9* og 4.2.5). Hér virðast því sjálfsmynd og viðhorf fléttast saman og Tore Kristiansen og Jens Normann Jørgensen (2005:302) leggja einmitt áherslu á að rannsakendur þurfi að huga að slíkum tengslum. Viðhorf séu mikilvægur þáttur sé litið á „people’s striving for a positive social identity as the critical factor underlying variation and change“.

Ekki er fjarri lagi að ætla að fyrirnefnd jákvæð afstaða til norðlensku – sem raunar nær að talsverðu leyti til landsmanna allra eins og nánar segir frá í kafla 3.6 – og tengsl hennar við sjálfsmynd Norðlendinga gæti veitt meirihlutaframburði landsmanna nokkurt viðnám í sókn sinni gegn norðlenskum framburðarafbrigðum. Í 5. kafla kemur í ljós hvort sú er raunin.

### 2.3.5 Aldur

Innan félagsmálfræðinnar er löng hefð fyrir því að skipta málnotendum í hópa eftir aldri. Markmiðin geta þó verið ólík. Slík skipting er notuð til að greina yfirstandandi málbreytingu, til að kanna ýmiss konar málfræðismun eftir aldri og breytingar sem verða á máli á lífsleiðinni. Hér verður fjallað stuttlega um fyrri tvö markmiðin, en umfjöllun um það síðasta bíður að mestu til kafla 2.5, einkum 2.5.3.

Lengstum töldu málfræðingar að ekki væri unnt að fanga málbreytingu fyrr en eftir á. Þeir þurftu að bera saman heimildir frá tveimur tímamótum eða tímasteiðum til að geta sagt til um hvort málið hefði breyst. Einn markverðasti afrakstur rannsóknar Labovs (1963) á Martha’s Vineyard var aðferð til að greina yfirstandandi málbreytingu, svokallaður sýndartímasamanburður þar sem aldursmunur gegnir lykilhlutverki. Aðferðin hvílir á þeirri tilgátu að kynslóðabundinn munur á máli fólks endurspeglar að málbreyting sé að breiðast út, að því gefnu að þess sé gætt að halda öðrum breytum stöðugum, til dæmis félagslegri stöðu og málsniði/aðstæðum. Rauntímasamanburður er öllu flóknari í framkvæmd, en þá er sama kynslóð skoðuð á tveimur

<sup>17</sup> Daníel Þór virðist gefa sér að framburður við skoðun myndalista sé eðlilegri eða nær eðlilegu tali en lestur. Það er ekki ótvírætt. Við skoðun mynda komu orðin oft stök, ekki sem hluti af setningu. Hjá greiðlæsu fólki kann framburður að vera líkur samfelldu tali. Eigi að síður eru niðurstöðurnar mjög athyglisverðar.

<sup>18</sup> Vestfirðingarnir voru þó aðeins fimm, þar af fjórar konur.

<sup>19</sup> Sæbjörg Freyja Gísladóttir og Guðmundur Jónsson (2012) sáu sterkari tengsl hjá Skagfirðingum við heima-hagana en hjá Héraðsbúum. Tungumálið virðist þó ekki hafa komið við sögu í viðtölunum sem rannsóknin fól í sér (né hjá Sæbjörgu Freyju Gísladóttur 2011 þar sem einnig er fjallað um Skagfirðinga).

tímapunktum. Heitið vísar því til þess að raunverulegur tími líður milli rannsókna. Nánar er fjallað um sýndartímasamanburð og rauntímasamanburð í kafla 3.2.

Aðferð Labovs hefur reynst málfræðingum notadryg og margsannað gildi sitt. Vissulega hefur verið bent á dæmi um að sýndartímasamanburður hafi ekki bent til málbreytingar sem rauntímasamanburður dró hins vegar fram í dagsljósið (sjá t.d. Bailey 2004:317–319). Peter Trudgill komst einnig að því þegar hann heimsótti Norwich 15 árum eftir upphaflega rannsókn sína að sýndartímasamanburður hafði ekki spáð réttilega fyrir um hraða málbreytingar. Um var að ræða þróun /e/, sem hafði skyndilega hægt á sér án þess að sýndartímasamanburðurinn gæti á nokkurn hátt boðað slíka breytingu (sjá Trudgill 1988:46–47, einnig Chambers 2003:219–223). Samanburður á þessum aðferðum hefur þó miklu fremur staðfest ágæti sýndartímasamanburðar (sjá t.d. Bailey 2004:317–319, Chambers 2003:223–225). Þegar kynslóðamunur birtist ef málnotendum er skipt í aldurshópa er það jafnan til marks um að nýjung sé að breiðast út.

Til að sýndartímasamanburður gæti verið nákvæmur mælikvarði á hraða málbreytingar þyrfti málkerfið að vera stöðugt ævina út. Ef svo væri mætti segja að mál til dæmis sjötugs fólks endurspegladi málnotkun ungs fólks um eða rúmlega hálfri öld fyrr. Strangt til tekið má líka segja að sýndartímasamanburður feli það í sér en almennt er þó frekar litið á kynslóðamun sem vísbendingu um þróun. Rauntímarannsóknir hafa enda sýnt – ekki síst síðustu ár eftir því sem niðurstöður þeirra hrannast upp – að stöðugleiki málkerfisins er ekki alveg borðleggjandi. Um það verður nánar fjallað í kafla 2.5.

Aldur mældur í árum er ekki aðeins mælikvarði á hversu langt er liðið frá fæðingu, heldur vísbending um tiltekna stöðu í lífinu og innan samfélagsins. Aldur spilar því á flókinn hátt saman við ýmsar breytur sem nefndar hafa verið hér að framan, eins og stétt, kyngervi, stöðu á málmarkaðnum og sjálfsmynd. Samspilið er að auki háð samfélagsgerð og menningu, sá sem í einu samfélagi telst unglingur er fullorðinn í öðru. Með því að skipta málnotendum eftir aldri má segja að gengið sé út frá því að árin endurspegli þessar breytur að einhverju marki (sjá Eckert 1997:152, 154–158).

Í máli lítilla barna hefur fundist innri breytileiki sambærilegur við breytileika hjá fullorðnum og skýr merki um þátttöku þeirra í yfirstandandi málbreytingum. Þar má nefna rannsókn Julie Roberts á þriggja og fjögurra ára börnum og Labovs á nokkrum börnum sem öll voru innan 10 ára aldurs (sjá Labov 1989, Roberts 1997, Roberts og Labov 1995, Eckert 1997:159–160). Sömuleiðis hafa rannsóknir bent til þess að ung börn beri skynbragð á tengsl milli félagslegra hlutverka og breytileika og kynjamunur kemur fram snemma (sjá Andersen o.fl. 1999, Staley 1982, Eckert 1997:160).

Unglingsárin eru ekki síður áhugavert rannsóknarefni. Samfélög unglinga eru gjarna tiltölulega lokuð og einsleit. Í skóla umgangast þeir einkum fólk á sínu reki og þykir samneyti við fullorðna iðulega lítt eftirsóknarvert. Ýmsar rannsóknir benda til þess að unglingar séu leiðandi í hljóðbreytingum og notkun óformlegra málbrigða. Einnig hafa þær sýnt merki þess að leiðir skilji milli félagslegrar stöðu foreldra og unglinga eins og hún birtist í málnotkun, unglingarnir taka tilveru sína í eigin hendur (sjá Eckert 1997:162–164). Jafnframt myndast hópar

meðal þeirra, grundvallaðir á framtíðarstefnu, sjálfsmynd og áherslum í lífinu sem endurspeglast í málnotkun, eins og skýrt kom fram í rannsókn Penelope Eckert á ungmennum í Detroit sem nefnd var í kafla 2.3.4 (sjá Eckert 1988, 1989a, 2000 og víðar).

Þó að fullorðnum sé gjarna skipt í nokkra aldursflokka í sýndartímasamanburði hefur verið tilhneiging til að líta á þá sem tiltölulega einsleitán hóp, þá íhaldssömu. Notkun þeirra á misformlegu máli, mállýskum og nýjum málbrigðum er brotin niður eftir til dæmis kyni og stétt en síður eftir því hvar á æviferlinum fólk er statt. Ekki er þetta þó algilt. Til að mynda er ekki hægt að komast hjá því að huga að aldri þegar mál er skoðað út frá hugmyndinni um málmarkað (sjá kafla 2.3.2). Þeir sem hafa komið sér vel fyrir í starfi eða jafnvel hætt störfum eiga þar augljóslega minni hagsmunna að gæta en ungir á uppleið. Því er enda oft haldið fram að íhaldssemi, sem helst birtist sem rík notkun staðalmáls, láti undan á efri árum. Félagssnet og hreyfanleiki getur einnig breyst þegar líður á ævina, hringurinn minnkað þegar fólk hverfur af vinnumarkaði (sjá Eckert 1997:164–166).

Samkvæmt þessu er full ástæða til að greina betur milli mismunandi aldurskeiða hjá fullorðnum en gjarna hefur verið gert. Það er þó ekki aðeins breytt staða og hlutverk í samfélaginu sem skipt gæti máli. Eins og fram hefur komið hafa rauntímarannsóknir sýnt að fullorðnir virðast á stundum breyta máli sínu umfram það sem áður var talið. Því hefur verið vaxandi áhugi á svokölluðum **ævibreytingum** (e. *lifespan changes*) og óhætt að segja að sýnt hafi verið fram á að þær geti verið umtalsverðar. Tvær spurningar hafa þó ekki enn fengið mikla athygli: Eru ævibreytingar misjafnar eftir aldurskeiðum og/eða eftir því hvers konar málkerfisleg atriði eða ferli eiga í hlut? Eins og fyrr var nefnt verður fjallað nánar um breytingar á lífsleiðinni í kafla 2.5.

### 2.3.6 Fólk á ferðinni – hreyfanleiki og flutningar

Mállýskufraeðingar fyrri tíðar vissu vel að flutningar geta haft áhrif á mál fólks. Einmitt þess vegna var dæmigerður þátttakandi í rannsóknnum þeirra staðfastur, eldri landsbyggðarkarl.<sup>20</sup> Þessu vali hefur verið lýst með gegnsæju skammstöfuninni NORM sem vísar til ensku orðanna *nonmobile, older, rural male* (sjá Chambers og Trudgill 1998:29). Þó að ólíkir hópar fólks hafi verið bornir saman í rannsóknnum félagsmálfræðinga á máli í borgarsamfélögum er þó iðulega leitast við að undanskilja aðflutta líkt og mállýskufraeðingar gerðu. Það eru þó vitaskuld ekki flutningarnir sjálfir sem breyta máli fólks, heldur samskiptin við fólk á nýjum stað sem annaðhvort talar annað tungumál eða aðra mállýsku (sjá skrif um þetta hjá t.d. Weinreich 1968, Trudgill 1983, 1986, 1994, Britain og Trudgill 2000, Chambers 2003, Monka 2013:13).

Fólk flytur ekki aðeins milli staða, heldur einnig upp og niður þjóðfélagsstigann. Labov skrifaði um áhrif þess í grein árið 1967. Þar kom meðal annars fram að samkvæmt rannsókninni í New York hefðu slíkir flutningar innan samfélagsins ekki aðeins þau áhrif að hinir „fluttu“ löguðu mál sitt að sinni nýju stétt heldur gjarna stéttinni þar fyrir ofan (sjá Labov 1967:203).

Rannsóknir hafa aukinheldur sýnt að fólk sem flytur á nýjan stað notar gjarna sína eigin

<sup>20</sup> *Staðfastur* vísar hér og í eftirfarandi umfjöllun til þess að hafa alist upp og búið á sama stað eða sömu slóðum.

heimamállýsku í minna mæli en gengur og gerist **áður** en það flytur (sjá t.d. Monka 2013:110). Það mætti því ætla að fólk flytti fyrst í hugarum, enda talar Monka um „mental mobilitet“.

Margrét Lára Höskuldsdóttir athugaði hvort munur af þessu tagi fyndist hjá norðlenskum þátttakendum í rannsókn Björns Guðfinnssonar. Í ljós kom að þeir sem síðar fluttu brott notuðu harðmæli eilítið minna en þeir sem héldu kyrru fyrir á Norðurlandi, meiri munur var á rödduðum framburði hjá þessum hópum, einkum á framburði *lt* þar sem hann var marktækur (sjá Margrét Lára Höskuldsdóttir 2012:35–41, 2013:142). Um þetta verður fjallað í kafla 5.9.2.5 þar sem rýnt er í uppruna brottfluttra málhafa.

Labov (1967:187–188) fann sams konar tilhneigingu á Martha's Vineyard sem þó snýst um stefnu í þjóðfélagsstiganum. Eins og fram kom í kafla 2.3.4 greindi Labov málbreytingu sem hann tengdi við staðbundna sjálfsmynd, nýtt málbrigði varð einkenni tryggra eyjarskeggja. Auk þessa var ýmiss konar breytileika að finna, milli þjóðernishópa og eftir aldri. Hóparnir röðuðu sér í virðingarstiga samfélagsins og stefndu ýmist upp hann eða niður miðað við fyrri kynslóðir. Þátttaka þeirra í málbreytingunni reyndist samrýmast bæði stöðu og stefnu. Þeir sem ekki stefndu burt heldur upp þjóðfélagsstigann innan eyjarinnar notuðu nýja málbrigðið meira en aðrir. Aðrar rannsóknir hafa einnig dregið fram áhrif stöðu og stefnu í þjóðfélagsstiganum og þau eru ekki bundin við annað hvort kynið. Til dæmis sáust slík áhrif í rannsókn Mees og Collins (1999:195–200) á þróun raddbandalokunar (e. *glottalisation*) hjá konum í Cardiff í Wales.

Rannsóknir og umfjöllun um það sem á ensku kallast *mobility* og hér er kallað hreyfanleiki geta einnig snúist um þá sem eru meira á ferðinni en aðrir, til dæmis vegna vinnu, án þess þó að flytja búferlum. Rannsókn James og Lesley Milroy í Belfast sýndi að sumir hópar lifðu lífi sínu á tiltölulega litlu svæði, vinna, fjölskylda og félagslíf voru nánast á sama stað. Aðrir fóru víðar. Það minnr aftur á umræðuna um málmarkaðinn í kafla 2.3.2. Þó að fólk tilheyri sömu stétt hljóta samskipti þess við aðrar stéttir eða hópa að vera mismikil (sjá t.d. Milroy (Lesley) 1987:79–84).

Samkvæmt framansögðu má greina **hreyfanleika** (e. *mobility*) fólks í tvennt. Sumir flytja varanlega eða að minnsta kosti til nokkurs tíma en aðrir hafa stóran radíus. Á hinn bóginn má greina hreyfanleikann í þrennt, landfræðilegan, félagslegan eða huglægan – eða innan rýmis, samfélags og huga.

Áhrif hreyfanleika eða flutninga á mál hafa talsvert verið rannsökuð. Þar hefur komið fram að það eru ekki flutningarnir einir sem skipta máli heldur fleiri þættir í lífssögunni, til dæmis tengsl við bæði nýja og gamla staðinn, munur á máli eða mállýskum staðanna og vitund um eigið mál og annarra. Í rannsókn sinni á aðfluttum til bæjanna Skellefteå í Vesturbotni í norðurhluta Svíþjóðar og Eskilstuna sem liggur sunnar skoðuðu Andersson og Thelander (1994) til að mynda sambandið milli þess sem kalla mætti lífssamfelli (e. *context continuity*), samlögunar (e. *integration*) og tíðni mállýskuaufbrigða hjá fólki sem hafði flutt um tiltölulega langan veg til Eskilstuna. Lífssamfella vísar til þess hversu mikið eða lítið tengslarof varð við flutningana. Mest verður það hjá þeim sem flytja til staðar þar sem þeir þekkja lítið til og hafa jafnframt lítil tengsl við gamla staðinn eða aðra sem flutt hafa þaðan. Mælikvarðar Anderssons og Thelanders fyrir samlögun byggðust á ýmsum tengslum við nýja staðinn, til dæmis hvort maki hins aðflutta væri

innfæddur þar og þátttöku í atvinnu- og félagslífi. Þeir komust meðal annars að því að meðal þeirra sem héldu góðri samfellu en samlöguðust einnig vel voru bæði þeir sem notuðu gömlu mállýskuna í ríkum mæli og þeir sem höfðu tileinkað sér nýju mállýskuna að verulegu marki. Lágt skor fyrir bæði samfellu og samlögun birtist hins vegar sem hátt hlutfall málbrigða sem falla undir sænskt staðalmál. Þannig má segja að hvorki nýi né gamli staðurinn hafi birst skýrt í máli þeirra (sjá Andersson og Thelander 1994:81–85).

Rannsókn Helge Omdals (1994) var af svipuðum toga. Þátttakendur voru 24 og höfðu flutt frá Setesdal til Kristjánssands í Noregi. Ekki er um langan veg að fara, Setesdal teygir sig yfir svæði sem er aðeins í 70–150 kílómetra fjarlægð frá Kristjánssandi, en mállýskumunur er þó talsverður (Omdal 1994:55–61). Omdal skoðaði breytingar á máli þessa fólks frá ýmsum sjónarhornum. Hann leitaðist meðal annars við að kanna að hve miklu leyti þær væru aðstæðubundnar, þannig að þátttakendur gripu stundum til gamla málsins og stundum þess nýja, einnig hvaða málbrigði breyttust helst og hvort það væri í átt að mállýsku Kristjánssands eða staðalmáli. Hann skoðaði einnig kyn, aldur, starf, menntun, mál maka, þann tíma sem var liðinn frá flutningum og viðhorf til þeirra, sem og viðhorf til máls og málnotkunar og staðanna tveggja (Omdal 1994:39–40).

Omdal tók tvö ólík viðtöl við þátttakendurna. Það fyrra var tekið heima hjá þátttakendum af tveimur rannsakendum frá Kristjánssandi, karli og konu. Það síðara var gegnum síma og rannsakandinn, karl, notaði mállýsku Setesdals (Omdal 1994:69–71). Í ljós kom að breytingar á málbrigðunum 13 sem Omdal kannaði voru miklu fátíðari í símtalinu. Því sást vel að þótt fólk hefði tileinkað sér mállýsku Kristjánssands að verulegu marki réð það enn yfir upprunalegu mállýskunni. Á heildina lítið má segja að málbrigðin sem skýrast einkenna mál Setesdals hafi gefið mest eftir við flutningana en þau haldið sér best sem tilheyra stærra svæði en Setesdal (Omdal 1994:157).

Meðal annarra niðurstaðna Omdals má nefna að karlar voru í meirihluta þeirra sem breyttu máli sínu lítið, en konur sýndu hins vegar mun meiri tilhneigingu til að laga mál sitt að aðstæðum og viðmælanda (Omdal 1994:166–169, sjá sambærilegar niðurstöður hjá Ivars 1994:217 (einnig 1986), Thelander 1979:96, Røyneland 1994:206). Einnig var nokkur fylgni milli breytinga á máli og þess hversu langt var liðið frá flutningunum en snúið að greina þann þátt frá aldri því að gjarna var lengst um liðið frá því þeir elstu yfirgáfu Setesdal. Athyglisvert var að af þremur aldurshópum höfðu þeir elstu og þeir yngstu breytt máli sínu minna en fólk á fimmtugsaldri. Sláandi mun á tveimur yngri hópunum setti Omdal í samband við breytingar á viðhorfum til mállýskna í Noregi, þ.e. að vaxandi umburðarlyndis í þeirra garð sæi stað í litlum breytingum hjá þeim yngri (Omdal 1994:68, 166–167, 228).

Omdal kannaði einnig áhrif sjálfsmýndar og viðhorfa hjá þátttakendum sjálfum. Einungis var að finna veikt samband milli sérlega jákvæðra eða neikvæðra viðhorfa til mállýskunnar í Setesdal og breytinga í máli viðkomandi. Ekki var hægt að draga miklar ályktanir um tengsl milli sjálfsmýndar og breytinga í máli þar sem flestir töldu sig vera Setesdalsfólk. Þó voru vísbendingar um að þeir sem höfðu breytt máli sínu mikið og að því er virtist varanlega hefðu ekki þá mynd af sjálfum sér (Omdal 1994:183, 186–187).

Hér má staldra við niðurstöður Ann Marie Ivars (1994, sjá einnig 1986) um áhrif aldurs við flutninga, en hún kannaði breytingar á máli 32 sænskumælandi Finna sem fluttu til Eskilstuna í Svíþjóð. Hún sá að þeir sem fluttu ungir höfðu ríkari tilhneigingu til að breyta máli sínu í átt til málsins í Eskilstuna eða staðalmáls (Ivars 1994:213–214). Þetta er athyglisvert í ljósi þeirrar spurningar sem varpað var fram í lok síðasta kafla, hvort breytingar á lífsleiðinni væru mismiklar eftir æviskeiðum og vert að hafa bak við eyrað í umræðunni um tilgátuna um markaldur fyrir máltöku sem fjallað verður um í kafla 2.5.2.

Meðal annarra rannsókna má nefna athugun Pauls Kerswills (1994) sem kannaði mál aðfluttra til Björgvinjar í Noregi og Davids Franklins Bowie (2000) sem bar saman staðfasta og brottflutta í Waldorf í Maryland í Bandaríkjunum. Hann sá meðal annars að þau afbrigði sem breyttust helst hjá brottfluttum voru einnig á undanhaldi heima fyrir. Hann kvað því mikilvægt að nota rauntíma-samanburð til að grafast fyrir um áhrif sjálfra flutninganna (sjá Bowie 2000:136, 143).

Rannsóknirnar sem hér hefur verið getið fólu fæstar í sér rauntímasamanburð, þ.e. þannig að mál þátttakenda hafi verið kannað fyrir og eftir flutninga. Gagnasöfn frá fyrri áratugum hafa þó getið af sér nokkrar slíkar frá því um og eftir aldamót.

Eva Sundgren (2002, 2004, 2009, 2019) nýtti sér rannsókn Bengts Nordbergs frá 1967 í bænum Eskilstuna og fylgdi í fótspor hans árið 1996. Rannsókn hennar var því rauntíma-rannsókn, blanda af hóp- og stefnurannsókn (sjá kafla 3.2). Í úrtaki Sundgren voru aðeins staðfastir íbúar Eskilstuna, en í hópnum voru hins vegar nokkrir sem færðu sig upp þjóðfélagsstigan milli rannsóknanna. Þarna var að finna karla sem náðu frama í starfi án þess þó að afla sér mikillar menntunar. Í máli þeirra hafði heimamállýskan sótt í sig veðrið milli rannsóknanna, en þeir höfðu einnig notað hana ríkulega í fyrri rannsókninni. Sundgren tengir þetta allt saman með því að álykta að þeir eigi framann að þakka sterkum rótum og góðu tengslaneti innan samfélagsins, þannig að mállýskan var þeim ekki fjötur um fót heldur einmitt hið gagnstæða. Hún undirstrikar stöðu þeirra sem góðir og gegnir heimamenn og með því að nota hana ríkulega þegar á unga aldri má segja að þeir hafi sýnt að hugurinn var heima (sjá Sundgren 2009:124–125, einnig 2002:341–342, 2019:150).

Reidunn Hernes (2006) kannaði þróun málsins hjá 17 ungmönnum sem árið 1997 voru bekkjarfélagar í bænum Os skammt frá Björgvin. Rannsóknin fól í sér þrjú viðtöl á fimm árum og eins og við mátti búast tók líf þátttakenda misjafna stefnu á tímabilinu (Hernes 2006:16). Sumir bjuggu enn heima, aðrir höfðu flutt burt til lengri eða skemmri tíma. Þegar áhrif flutninga voru skoðuð kom ekki fram skýr mynd. Meðal staðfastra og brottfluttra var bæði að finna litlar breytingar á máli og miklar og aðeins voru veikar vísbendingar um að staðfastir væru fastheldnari (Hernes 2006:243–244). Hins vegar hafði vilji til að halda í mállýskubundin einkenni, sem fram kom í viðtölum, talsverð áhrif í þá átt (Hernes 2006:273). Hernes fann einnig tengsl milli bæði málnotkunar og breytinga á henni við bakgrunn foreldra. Þeir sem áttu innfædda foreldra notuðu heimamállýskuna í mestum mæli en mestar breytingar urðu hjá þeim sem áttu annað foreldri aðflutt en hitt heimamann (Hernes 2006:231–236). Áhugavert er að tengja þetta við athugun mína á bakgrunni Norðlendinga sem fluttu þaðan eftir rannsókn Björns (sjá kafla



5.9.2.5). Í ljós kom að meðal brottfluttra var hærra hlutfall aðfluttra foreldra en hjá staðföstum. Álykta má að ekki sé rakið að öðruvísi málnotkun fólks sem síðar flytur eigi rætur að rekja til þess að hugurinn stefni burt eins og fyrr var nefnt, heldur þurfi að kanna bakgrunninn. Málnotkunin kann að einhverju leyti að skýrast af honum – og raunar flutningarnir líka, þannig að þeir sem eiga aðflutta foreldra séu ekki eins tengdir samfélaginu og því lausari við.

Malene Monka (2013) kannaði mál staðfastra og brottfluttra frá þremur bæjum í Danmörku. Fyrri upptökur á máli þeirra voru til frá 8. og 9. áratugnum og síðara viðtal var tekið á tímabilinu 2005–2010. Frá hverjum bæ voru tveir sem fluttu burt milli rannsóknanna til að afla sér frekari menntunar (Monka 2013:68–69) en 17 þátttakendur höfðu haldið kyrru fyrir. Hér að framan kom fram að mál þeirra sem síðar fluttu bar þess merki strax í fyrri rannsókninni, þá notuðu þeir mállýskubundin málbrigði í minna mæli en gerðist og gekk, ef nokkuð. Mál staðfastra breyttist hins vegar mjög mismikið og fann Monka mun eftir kynjum, þannig að mál kvenna breyttist almennt meira en mál karla, en einnig eftir bæjunum þremur. Í einum bæ var málið tiltölulega stöðugt, í öðrum urðu talsverðar breytingar og miklar í þeim þriðja. Monka kannaði hvort munur á þróun málnotkunar tengdist sterkum tengslum við heimahagana eða staðbundinni sjálfsmynd en svo virtist ekki vera. Hins vegar sá hún með nákvæmari greiningu að bæirnir þrír og mállýskur þeirra hafa misjafna merkingu fyrir íbúana, ef svo má segja og þar átti ólík saga ekki síst hlut að máli. Þessi tengsl endurspegluðust í þróun mállýsknanna þannig að þar sem þau voru sterkust var mállýskan föstust fyrir (Monka 2013:219–227).

Í þessu hraðsoðna yfirliti hefur verið reynt að tína til dæmi sem endurspegla hversu hreyfanleiki er margslungið rannsóknarefni og niðurstöður fjölþættar. Þar má bæta við rannsókn Auers, Barden og Grosskopf (2000) sem stukku til fljótlega eftir fall Berlínarmúrsins og könnuðu mál 56 Austur-Þjóðverja sem fluttu vestur um. Þátttakendurnir voru tiltölulega nýfluttir þegar fyrsta viðtal við þá var tekið en þau urðu alls átta á tímabilinu 1990–1992. Þau segja meðal annars frá hr. V sem í fyrstu viðtölunum dró sífellt úr notkun málbrigða sem einkenndu mállýsku hans fyrir flutningana, en síðan snerist sú þróun við. Í upphafi var hr. V ánægður á nýja staðnum og hafði lítil tengsl við heimahagana. Síðar varð hann að hætta að vinna vegna heilsuþrests. Þar með missti hann sambandið við nýju vinnufélagana en sambandið við fjölskyldu og gamla vini styrktist á ný. Jákvæð upplifun af nýju heimkynnum verður neikvæð. Í síðasta viðtalinu kemur fram vilji til að flytja til baka. Það má því segja að mál hr. V beri á hverjum tíma merki þess hóps sem hann samsamar sig.

Efniviðurinn sem unnið er með í rannsókninni *Mál á mannsævi* býður upp á nokkra athugun á áhrifum flutninga eins og fjallað verður um í kafla 5.9. Málhafarnir sem fluttu höfðu flestir í máli sínu tvö svæðisbundin afbrigði og meðal þess sem verður kannað er hvort greina megi „íhaldssama“ málhafa og „aðlögunarsinna“. Hjá fyrri hópnum haldast bæði afbrigðin vel en þeir síðarnefndu sýna meiri tilhneigingu til að laga mál sitt að nýjum heimkynnum. Kannað verður hvort hægt sé að tengja slíka skiptingu við viðhorf.

Hér hefur einkum verið hugað að áhrifum flutninga á mál þeirra sem flytja. Önnur hlið snýr að þeim sem fyrir eru og kunna að verða fyrir áhrifum af máli hinna aðkomnu. Það má

hugsa sér að ein norðlensk fjölskylda sem flytur á Suðurland og notar norðlensk framburðar-afbrigði hafi áhrif á mál þeirra sem hún umgengst. Ekki er óhugsandi að slíkt gæti verið upphafið að umtalsverðri útbreiðslu málbrigðis. Máltækið *Oft veltir lítill þúfa þungu hlassi* lýsir málbreytingum vel, þær byrja smátt. Að finna slíka þúfu er hins vegar þrautin þyngri en öðru máli gegnir um áhrif mikilla fólksflutninga, ekki aðeins einnar fjölskyldu. Við slíkar aðstæður getur tíðni málbrigða í samfélaginu breyst mikið á skömmum tíma. Þar með aukast líkurnar á því að hinir aðfluttu hafi áhrif á mál heimamanna. Áhrifin snúa þó ekki aðeins að fullorðnum málnotendum heldur einnig og ekki síður að málumhverfi barna á máltöku-skeiði. Við þeim blasir allt önnur tíðni málbrigða heldur en fyrri kynslóðum sem ólust upp á viðkomandi svæði.

Á 20. öld spruttu víða um lönd upp bæir þar sem íbúar komu úr ýmsum áttum með ólíkar mállýskur í farteskinu. Þetta gildir meðal annars um norsku bæina Sauda og Årdal sem eru viðfangsefnið í doktorsritgerð Randi Neteland (2014). Þar hafði ólíkur uppruni íbúanna áhrif á það sem Neteland kallar *språkpot* (e. *feature pool*) og nefna mætti **málfarspott** á íslensku. Í honum eru öll málbrigði sem notuð eru í málsamfélaginu (sjá Neteland 2014:28, einnig Mufwene 2001:4–6, Sandøy 2018). Málnotendur verða því fyrir fjölbreyttu málareiti, ef svo má segja, þeir heyra fjölbreytt mál. Þó að það geti haft áhrif á málnotkun fullorðins fólks telur Neteland (2014:32–34) að málþróun í þessu nýja samfélagi ráðist fyrst og fremst af máltileinkun barna innflytjenda og næstu kynslóða. Það eru þau sem stýra því hvað í málfarspottinum verður ofan á og þar sem val þeirra byggist að umtalsverðu leyti á tíðni afbrigða skiptir máli hve hátt hlutfall innflytjenda er og hvaðan þeir komu. Í köflum 4.7.2.2, 4.7.2.3 og 4.7.3.2 verður fjallað um vöxt bæja og uppruna innflytjenda og þar með málfarspotta sem við það urðu til.

### 2.3.7 Samantekt

Eins og fram kom í upphafi kaflans hafa félagsmálfræðingar fundið sterk tengsl milli málbreytinga og nokkurra félagslegra breytna sem segja má að feli í sér að fólki sé skipt í hópa á ýmsan hátt. Hér var stiklað á misstóru um þær helstu. Í 5. kafla verða íslensku rannsóknargögnin nýtt til að skoða ævibreytingar frá þessum sjónarhornum en þau bjóða þó ekki upp á athugun út frá þeim öllum. Af þeim sökum beinist rannsóknin einkum að aldri, kyni og hreyfanleika.

Í umfjöllun um aldur og ævibreytingar verður meðal annars spurt hvort breytingar sjáist frekar á einu æviskeiði en öðru. Þá verður athugað hvort ævibreytingar séu ólíkar eftir kyni og loks verða áhrif flutninga skoðuð. Viðhorf koma einnig við sögu og nú vísar sögunni að þeim.

## 2.4 Samfélag og mál

### 2.4.1 Inngangur

Í síðasta kafla var sjónum beint að fólki og hvernig greina má það í hópa eftir stöðu og hlutverki þess í samfélaginu. Ólík málaafbrigði, eins og staðalmál og mállýskur, hafa einnig misjafna stöðu. Lengi hefur verið tilhneiging til að líta á staðalmál sem sjálft málið og mállýskur sem

eins konar frávik frá því (sjá t.d. Chambers og Trudgill 1998:3). Staðalmál hefur því ákveðinn virðingarsess og handhafar þess sömuleiðis.

Þessi kafli hefst á stuttri umfjöllun um staðalmál og málstöðlun. Að því loknu viku sögunni nánar að mögulegum áhrifum þeirrar virðingar sem staðalmál nýtur gjarna og virðingar almennt þegar málbrigði og mállýskur eru annars vegar.

#### 2.4.2 Málstöðlun og staðalmál

**Stöðlun máls** (e. *standardization*) felur í sér þróun til samræmingar sem hjá bæði Íslendingum og nágrannapjóðunum náði síðar og síður til talmáls en ritmáls (sjá Pedersen 2005:175, Milroy og Milroy 1999:25–29). Afurðin er þá málstaðall eða norm sem líta má á sem eitt afbrigði viðkomandi tungumáls (þ.e. málafríð, e. *variety*) og um leið það þeirra sem málnotendur eiga sameiginlegt. Um leið hefur málstöðlun haft tilhneigingu til að aðskilja því að það var gjarna mál menntaðrar yfirstéttar sem fékk stöðu **staðalmáls** (e. *standard language*). Mál hennar verður þá í senn „réttara“ en mál alþýðunnar og nýtur meiri virðingar. Þessar tvær hliðar staðalmáls birtast í mismunandi notkun hugtaksins og skilgreiningum eins og vel kemur fram hjá Helge Sandøy (2013:125) sem segir að staðalmál megi skilgreina á tvo vegu, „either as a language variety with prestige, or as a language variety that people use in order to communicate with a broader society“.

Í nágrannalöndum okkar er misbreitt bil og ólíkt samband milli staðalmáls og annarra málafríða. Munurinn sést skýrt þegar Danmörk og Noregur eru borin saman.

Í Noregi eru tveir málstaðlar, bókmál og nýnorska (n. *bokmål* og *nynorsk*), en stöðlunin nær aðeins til orðaforða, beyginga og setningagerðar. Norðmenn sem nota annað hvort staðalmálið í skrifum sínum leggja því til hliðar mállýskubundin einkenni af þessu tagi. Framburður er hins vegar ekki staðlaður á sama hátt, hver syngur með sínu nefi. Upp úr miðri 20. öld sótti staðalframburður nokkuð á, sem tók mið af hinni rituðu nýnorsku, en síðar varð mikil viðhorfsbreyting sem nú endurspeglast í miklu umburðarlyndi og virðingu fyrir norskum mállýskum (sjá Sandøy 2011:121–122).

Nýnorski ritmálsstaðallinn er skýrt dæmi um staðalmál sem notað er í samskiptum af „hagkvæmnisástæðum“ frekar en einhvers konar virðingu. Bókmálsstaðallinn er hins vegar að nokkru leyti tengdur við mál Vesturbæjarins í Osló, en þar býr hærra hlutfall fólks af efri stéttum en í austurhlutanum (sjá Sandøy 2013:125–126).

Saga málstöðlunar í Danmörku er gjörólík því sem gerst hefur í Noregi. Til að gera langa sögu stutta má segja að ritmálsstaðallinn megi rekja allt aftur til biblíuþýðinga á 16. öld. Saga talmálsstaðalsins er styttri en jafnframt flóknari. Á 19. öld fór stéttbundinn munur vaxandi með tilheyrandi virðingu fyrir talmáli þeirra sem hærra stóðu í þjóðfélagsstiganum, en á 20. öld snerist sú þróun við. Mál Kaupmannahafnarbúa, sem áður hafði greinst eftir stéttum, varð einsleitara. Mál lægri stétta smeygði sér inn í staðalmál hinna efri þannig að til varð nýr staðall. Jafnframt fjaraði hratt undan mállýskum sem danska hafði áður verið rík af. Rannsóknir hafa sýnt að þó að staðbundið málfar á landsbyggðinni njóti talsverðrar viðurkenningar í orði kveðnu eru ómeðvituð viðhorf höll undir einkenni Hafnarmálsins. Nú er svo komið að danska er álitin

staðlaðra mál en gengur og gerist (sjá greinargóða umfjöllun um sögu málstöðlunar í Skandinavíu hjá Pedersen 2005, sjá einnig Kristiansen og Jørgensen 2005:293–299, Sandøy 2004:68–70, Kristiansen 2009:167–168).

Í Svíþjóð varð um margt keimlík þróun og í Danmörku. Þar hefst saga ritmálsstaðalsins einnig með biblíuþýðingum og varð síðar að fyrirmynd talmálsstaðals ásamt máli Stokkhólmsbúa. Sænska hefur þó ekki gengið í gegnum þá allsherjarstöðlun sem danskir málfræðingar upplifa nú og á síðustu áratugum. Sænskar mállýskur hafast betur við en þær dönsku, þó að þær eigi vissulega undir högg að sækja.

Á 19. og 20. öld er óhætt að segja að hreintungustefna, sem þó má rekja lengra aftur í tímann, lýsi vel íslenskum straumum og stefnum. Hún setti mark sitt á þann ritmálsstaðal sem á 19. öld tók á sig fastari skorður en verið hafði. Þá mótuðust ýmis viðmið um stafsetningu og málfar sem voru viðfangsefni í verkefnum *Málbreytingar og tilbrigði í íslensku máli á 19. öld: tilurð opinbers málstaðals* sem unnið var með styrk frá Rannsóknasjóði undir stjórn Ástu Svavarsdóttur, rannsóknar-dósentis hjá Árnastofnun. Í *Orði og tungu* birtust árið 2017 fimm greinar sem allar eru afrakstur verkefnisins (sjá Öldu B. Möller 2017, Ástu Svavarsdóttur 2017, Harald Bernharðsson 2017, Heimi van der Feest Viðarsson 2017 (sjá einnig 2014, 2019), Jóhannes B. Sigtryggsson 2017).

Sem dæmi um afbrigði, eða formeinkenni, sem urðu ofan á í þessu ferli má nefna að *ija*-stofna karlkynsorð, eins og *læknir*, töpuðu stofnlægu *r* sem hafði mjög rutt sér til rúms. Í frændsemisorðunum (*faðir*, *bróðir*, *móðir*, *systir* og *dóttir*) var einnig horfið til eldri beygingar. Lýsingarorð sem enda á *-ll* og *-nn* töpuðu *r* sem hafði lætt sér inn í beyginguna þannig að orðmyndir eins og *gamallri* og *mikillrar* viku. Sömu örlög hlaut miðmyndarendingin *-ustum* (*finnustum*) og *-umst* varð ráðandi (sjá Harald Bernharðsson 2017:93–96, 108–109, fleiri dæmi má finna í greininni).

Á 20. öld voru hvers kyns erlend áhrif áfram illa séð, bæði hjá hinu opinbera og almenningi, og haldið var fast í þá hefð að gefa nýjungum íslensk heiti, hvort sem þær voru hugmyndir eða áþreifanlegir hlutir. Gömul málform í dauðateygjunum reyndust þaulsætín á stelli sem hin einu réttu, til dæmis beyging orðanna *ær* og *kýr*. Þágufallssýkin svokallaða var alræmd, eins og heitið vitnar um. Atriði af þessu tagi voru því hluti af staðalmálinu og töldust „rétt mál“, en slíkt orðspor fylgir þeim gjarna (sjá Pedersen 2005:172–173). Þegar tók að fjara undan því viðhorfi meðal málfræðinga fékk það sessinn „vandað mál“ eða „gott mál“ (sjá t.d. Indriða Gíslason o.fl. 1988:41–44, 56–64, einnig Ara Pál Kristinsson 2017).

Sé stuðst við þá skilgreiningu að staðalmál sé mál sem ekki segir til um uppruna mælandans (sbr. t.d. Sandøy 2004:69) er óhætt að segja að framburður eins og hann er algengastur á höfuðborgarsvæðinu sé íslenskur talmálsstaðall. Næsta fátítt hlýtur að vera að sagt sé við Reykvíkinga, vegna framburðar, „Þú hlýtur að vera úr bænum“. Framburðurinn gæti alveg eins einkennt fólk víða annars staðar að af landinu. Ákveðin framburðarafbrigði geta hins vegar bent til þess að fólk sé frá tilteknum svæðum, að norðan, vestan eða austan. Framburður borgarbúa nýtur þó ekki mikillar virðingar að því er best verður séð (sjá nánar í kafla 3.6).

Um miðja 20. öld má segja að litlu hafi munað að íslenskur talmálsstaðall í þeirri merkingu

yrði til – og að einhverju leyti varð hann kannski til. Hugmyndir um að samræma framburð landsmanna náðu þá nokkru flugi en urðu aldrei formlega að opinberri stefnu. Hugmyndirnar gengu í gegnum talsvert þróunarferli, mótuðust og milduðust, en einu framburðarafbrigði var þó rækilega úthýst á öllum stigum, flámælinu. Harðmæli og *hv*-framburður nutu hins vegar mestrar velþóknunar – og það gerir harðmælið enn eins og nánar verður fjallað um í köflum 3.6.3.3, 3.6.3.4 og 4.2.5.

Í nágrannalöndunum standa málfræðingar nú frammi fyrir breytingum sem ýmist virðast felast í afstöðlun (e. *destandardisation*) eða því sem kalla mætti endurstöðlun (eða umstöðlun) (e. *demotisation*). Með því fyrra er átt við að staðalmál sé notað minna en áður og teljist ekki lengur það eina gjaldgenga við ákveðnar aðstæður. Um leið er vegið að sjálfri hugmyndinni um einhvers konar eðalmál. Hún stendur hins vegar óhöggud í endurstöðlun, en daglegt mál alþýðunnar smeygir sér að einhverju leyti inn í staðalmálið. Það sem áður tilheyrði ekki staðalmálinu verður hluti af því (sjá Coupland og Kristiansen 2011:28, einnig Auer og Spiekermann 2011). Spyrja má hvort sambærileg þróun sé á Íslandi.

#### 2.4.3 Vitund og viðhorf

Vitund um málbrigði er talin leika mikilvægt hlutverk í aðlögun og útbreiðslu málbreytinga. Í því sambandi er talað um það sem kalla mætti á íslensku **greinileika** (e. *salience*). Málnotendur eru líklegri til að leggja af eða taka upp málbrigði sem eru greinileg. Vitund málnotenda og málsamfélagsins um málbrigði, hvort sem er tengd aldri, svæði eða félagshópum, má svo skipta í nokkur stig. Þau eru **vísar** (e. *indicator*) ef vitundin um þau er lítil sem birtist meðal annars þannig að notkun þeirra breytist ekki eftir félagslegum aðstæðum. Það gerir hins vegar notkun málbriðða sem eru **merki** (e. *marker*). Þau eru greinilegri og vitundin um þau sterkari. Slíkt „vitundarstig“ er ekki einhvers konar fasti. Það sem einu sinni var vísir getur orðið merki og fær þá félagslega skírskotun eða merkingu og verður um leið útsett fyrir stimplun eða stigmatísingu. **Staðalmyndir** (e. *stereotype*) eru svo nokkurs konar efsta stig þessa kvarða. Málnotendur eru þá sérstaklega meðvitaðir um málbrigðið og það fær mjög skýra félagslega og/eða landfræðilega vísun (sjá Labov 1972a:196, Trudgill 1986:10–11, Chambers og Trudgill 1998:70–76, Hickey 2000).

Hér má staldra nánar við greinileika, sem vísar til þess að hve miklu leyti málnotendur séu meðvitaðir um tiltekið málbrigði (sjá t.d. Hickey 2000:57). Hugtakið hefur þó ekki alltaf skýra merkingu eða notkun eins og ýmsir hafa bent á (sjá t.d. Hinskens, Auer og Kerswill 2005:43–45, Kerswill og Williams 2002, Rącz 2012:59). Til að mynda er ekki alltaf ljóst hvort greinileikinn á við um þá sem nota málbrigðið sjálfir eða áheyrendur þeirra, nema hvort tveggja sé. Stundum er að sjá sem greinileiki sé talinn forsenda fyrir því að málbrigði verði merki, annars staðar er talað um greinileika sem einkenni á merkjum og loks getur staða málbriðis sem merkis leitt til þess að það verði greinilegra, málnotendur verði næmir fyrir því. Það er því misjafnt eða ekki alltaf ljóst hvort einkennið, greinileiki eða merki, er talið valda hinu. Ef til vill skiptir það þó ekki öllu máli, heldur sú grunnhugmynd að greinileiki hafi eða geti að minnsta kosti haft áhrif á þróun breytileika og framgang málbreytinga. Greinileikinn er mikilvægur þáttur í merkjum, hvernig svo

sem þau tengsl snúa, og fólk hefur meiri tilhneigingu til að breyta máli sínu þegar merki eru annars vegar. Þess vegna var talin ástæða til að grennslast fyrir um greinileika staðbundinna framburðarafbrigða á Íslandi eins og nánar segir frá í kafla 3.6.3.5.

Sumar málbreytingar eru meira áberandi en aðrar strax í upphafi. Málnotendur eru þá fljótt meðvitaðir um þær. Aðrar lauma sér inn í málið án þess að nokkur verði þeirra var í fyrstu. Slíkar breytingar eru sagðar „neðan frá“ (e. *change from below*). Hugtakið er iðulega skýrt út frá vitundinni einni (sjá t.d. Kristiansen og Jørgensen 2005:292), en Labov (1994:78) nefnir einnig tengsl við félagsstöðu fólks (sjá einnig kafla 2.3.3). Hann segir að þessi gerð breytinga kvikni innan málsins sem um ræðir, þ.e. hún er ekki aðkomin heldur upprunnin í málkerfinu,<sup>21</sup> ekki hjá einni stétt frekar en annarri og málnotendur eru framan af ómeðvitaðir um hana. Andstætt þessu eru breytingar „ofan frá“ (e. *change from above*). Nýja málbrigðið er gjarna sótt til annars máls eða mállýsku, það er þekkt og mikils metið af ráðandi stétt.

Samkvæmt þessu má segja að vitund um málbreytingar sé hvorki skilyrði fyrir þeim né hamli þeim. Málbrigði geta breiðst út hvort sem málnotendur eru meðvitaðir um þau eða ekki og bæði viðurkennd og fordæmd málbrigði lifa góðu lífi. En hvaða máli skipta þá slík viðhorf?

Staðalmál nýtur gjarna virðingar (e. *prestige*) eins og fram kom í upphafi síðasta kafla og viðhorf eru iðulega talin til þeirra krafta sem eru að verki í málbreytingum og breytileika. Þannig virðast til að mynda konur hneigjast til að nota viðurkennd afbrigði eða staðalmál í formlegu máli frekar en karlar eins og nefnt var í kafla 2.3.3. Það er þó ekki svo að það eitt sem nýtur viðurkenningar ryðji sér til rúms eða að staðalmál ráði ferðinni. Þrátt fyrir að hugmyndin um „gott“ og „rétt“ staðalmál heldra fólksins hafi verið á sveimi öldum saman virðist hún lítil áhrif hafa haft á almenna málþróun. Í Danmörku hefur það sem lengstum var kallað lágstéttamál eða mállýska Kaupmannahafnar (e. *Low Copenhagen*, d. *Københavnsk*) verið gjöfulli uppspretta nýjunga en hástéttamálið eða ríkismálið (e. *High Copenhagen*, d. *rigsdansk*) og þaðan hafa þær breiðst út. Viðhorf eru þó ekki alltaf auðgreinanleg, þau geta verið bæði meðvituð og ómeðvituð, haldið á lofti eða farið hljótt. Þau viðhorf sem haldið er á lofti eru ekki endilega þau sem ráða ferðinni í málbreytingum (sjá Kristiansen 2009, einnig t.d. Kristiansen og Jørgensen 2005, Maegaard o.fl. 2013). Fróðlegt er að bera saman danskar og norskar rannsóknir að þessu leyti.

Tore Kristiansen hefur verið í fararbroddi rannsókna á dulduðum eða ómeðvituðum viðhorfum (e. *covert (attitudes/values)*). Í einni og sömu rannsókninni var leitað eftir bæði meðvituðum og ómeðvituðum viðhorfum ungmenna á fimm stöðum víðs vegar um Danmörku. Athugun á meðvituðum viðhorfum leiddi í ljós mun á landsbyggðinni (bæjum á Fjóni og Jótlandi) og Sjálandi (Kaupmannahöfn og bænum Næstved). Landsbyggðamállýskur skorðu hátt á heimasvæðum sínum og þar var ríkismálið hærra metið en Kaupmannahafnarmál. Það samrýmist illa málþróun í Danmörku þar sem landsbyggðamállýskur hverfa og Kaupmannahafnarmálið leggur smám saman ríkismálið að velli. Ómeðvituð viðhorf voru hins vegar einmitt á þá lund, neikvæðust í garð mállýsknanna en skipuðu Kaupmannahafnarmáli í fyrsta sæti.

<sup>21</sup> Hér geta málvísindamenn skilið *málkerfi* á misjafnan hátt en það skiptir ef til vill ekki miklu máli í þessu tilviki. Aðalatriðið er að málbreytingin er ekki aðkomin.

Málþróun í Danmörku er því í samræmi við ómeðvituðu viðhorfin (sjá Kristiansen 2009, 2011, 2017 og víðar, t.d. Kristiansen og Jørgensen 2005).

Svipuð rannsókn í Noregi bendir ekki til þess að alhæfa megi um tengsl ómeðvitaðra viðhorfa og málþróunar. Kannaðar voru málbreytingar og viðhorf á sex stöðum í Vestur-Noregi og líkt og í Danmörku mat fólk sína eigin mállýsku gjarna hátt þegar leitað var eftir meðvituðum viðhorfum. Niðurstöðurnar voru hins vegar æði misjafnar þegar fiskað var eftir ómeðvituðum viðhorfum. Sums staðar var eigið mál heimamanna í mestum metum en annars staðar beindist ómeðvituð aðdáun að öðrum. Þegar þetta var borið saman við málþróun á hverjum stað kom í ljós að ekki var hægt að draga þá almennu ályktun að þróunin samsvaraði ómeðvituðum viðhorfum. Heildarniðurstaðan eftir þessar rannsóknir og rannsóknir á meðvituðum viðhorfum var að hvorugt skýrði málbreytingar eða stýrði þeim í Noregi (sjá Sandøy 2016:90–91).

Samanburðurinn á Noregi og Danmörku sýnir því að leita þarf víðar en í viðhorfum. Í ljósi þeirra fjölmörgu áhrifaþátta sem tekist hefur að tengja við breytileika og málbreytingar, og voru sumir nefndir í kafla 2.3, ætti það ekki að koma á óvart. Vegna þeirrar flóru er stundum reynt að greina milli nauðsynlegra (e. *necessary*) þátta og fullnægjandi (e. *sufficient*) (sjá Kristiansen og Jørgensen 2005:287). Þeir fyrrnefndu koma alltaf við sögu, en þeir síðari eru aflið sem dugir. En er það til? Getum við búist við því þegar svo margir kraftar eru að verki sem raun ber vitni að finna „þann eina sanna“? Ég held ekki, þar til annað kemur í ljós.

### 2.4.4 Samantekt

Í þessum kafla var fjallað almennt um málstöðlun og staðalmál og bent á að erfitt er að bera Ísland saman við nágrannalöndin. Íslenskur ritmálsstaðall hefur fyrst og fremst snúist um „rétt“ og síðar „vandað“ mál þar sem litið hefur verið til fortíðar frekar en að mállýskur hafi tekist á. Á hinn bóginn má segja að tilraun hafi verið gerð um miðja 20. öld til að koma á talmálsstaðli þar sem sumum landshlutabundnum afbrigðum var gert hærra undir höfði en öðrum. Þótt horfið hafi verið frá þessu markmiði nýtur eitt þessara afbrigða enn mikillar virðingar, eins og nánar verður fjallað um í kafla 3.6 (einkum 3.6.3.4, sjá einnig 4.2.5).

Því næst vék sögunni að áhrifum vitundar og viðhorfa á málbreytingar. Ýmis hugtök bar á góma, eins og greinileika, vísa, merki, stimplun, staðalmyndir, meðvituð og ómeðvituð viðhorf. Öll munu þau koma við sögu í umfjöllun um tilbrigðapörin sem hér eru viðfangsefnið og ekki síst haft í huga að rannsóknir í Danmörku og Noregi eru ekki samhljóma um áhrif viðhorfa.

## 2.5 Mál og heili

### 2.5.1 Inngangur

Hér að framan hefur verið fjallað um fjölmarga þætti sem samkvæmt rannsóknum hafa áhrif á útbreiðslu málbreytinga. Allir geta þeir talist félagslegir. Málkerfið sjálft, sú kunnátta og hæfni sem málnotendur búa yfir, liggur hins vegar óbætt hjá garði. Málbreytingar breiðast vissulega út við misjafnar félagslegar aðstæður en þær eru einnig málfræðilega af ýmsu tagi. Tilgátan

sem unnið er út frá í þessum kafla er að það skipti máli við útbreiðslu málbreytinga. Þannig geti breytileiki blasað á ólíkan hátt við börnum á máltökuskeiði en hann hafi einnig áhrif á fullorðna málnotendur. Leidd eru rök að því að málstöðvar heilans búi yfir aðlögunarhæfni eftir að máltökuskeiði lýkur þannig að þær séu að einhverju marki móttækilegar fyrir nýjum upplýsingum um reglur málsins og lagi sig að þeim líkt og málkerfi barns á máltökuskeiði. Jafnframt geti þó verið að máli skipti hvaða svið málkerfisins (eða málkunnáttunnar) eiga í hlut og hvers konar breytingar – sumt sé fast fyrir, annað sveigjanlegra.

Byrjað er á umfjöllun um svokallaðan markaldur fyrir máltöku, þeirri hæfni barns að læra mál og takmörk hennar í tíma. Því næst er hugað að því að hvaða marki málkerfið geti breyst eftir að máltökuskeiði lýkur, þar sem endað er á hugleiðingum um hvort það geti verið misjafnt eftir því hvaða þættir málkerfisins eiga í hlut. Loks er litið á þær málbreytingar sem eru viðfangsefni þessarar rannsóknar, dreginn fram munur á þeim og hugsanleg áhrif hans á útbreiðslumöguleika þeirra. Í 4. kafla verður aftur litið til málfræðilegra einkenna tilbrigðaparanna sem fjallað er um í rannsókninni (sjá kafla 4.2.4, 4.3.4, 4.4.3 og 4.5.3).

### 2.5.2 Markaldur fyrir máltöku

Þó að hægt væri að byggja tilgátu um algilda málfræði, þ.e. einhvers konar lögmál sem séu algild í tungumálum, á ýmsum forsendum er hér gengið út frá þeirri tilgátu að algildismálfræði (e. *universal grammar*, einnig nefnd allsherjarmálfræði á íslensku) feli í sér að börn búi yfir ákveðinni málfræðiþekkingu þegar við fæðingu, einhvers konar meðfæddri vitneskju um þau lögmál sem gilda um gerð tungumála (víða er fjallað um þetta, sjá t.d. Chomsky 1976:29, 1988:61–62, Cook 1988:1–2, Sigríði Sigurjónsdóttur 2005:636).

Tilgátan hefur fengið stuðning af rannsóknum á talskynjun ungbarna sem benda til meðfæddrar hæfni til að greina milli ýmissa máhljóða óháð því hvort aðgreiningin skiptir máli í móðurmálinu. Það breytist hins vegar mjög fljótt á þann veg að hæfnin til að gera greinarmun sem ekki skiptir máli í móðurmálinu dalar (sjá t.d. Eimas o.fl. 1971, Jusczyk 2000:49–56, Jörgen Pind 2005:499–500). Hæfni af þessu tagi ásamt vitneskju um ýmis sameiginleg einkenni tungumála, sem tilgátan um algildismálfræði gerir ráð fyrir að sé meðfædd,<sup>22</sup> gætu í sameiningu verið skýringin á því að börn hafa jafnan náð tókum á öllum grundvallarreglum móðurmáls síns við sex ára aldur (sjá Sigríði Sigurjónsdóttur 2008:35).

Þessar miklu framfarir eru háðar áreiti úr umhverfinu. Nauðsynlegt er að barnið heyri mælt mál – eða sjái táknmál. Við þær aðstæður nær barnið að tileinka sér málið án allrar beinnar kennslu eða leiðsagnar.

Hæfni til að læra mál fullkomlega af því einu að heyra það (eða sjá) virðast þó takmörk sett í tíma. Um það snýst tilgátan um **markaldur fyrir máltöku** (e. *critical period*) sem Eric H. Lenneberg útfærði í bókinni *Biological Foundations of Language* sem kom út árið 1967. Raunar voru Wilder Penfield og Lamar Roberts fyrri til að varpa tilgátunni fram (1959) og grunnhugmyndin er

<sup>22</sup> Sem dæmi má nefna þá vitneskju að setningar byggist á liðgerð en ekki línulegri röð orða (lögmálið um „structure-dependency“) (sjá Cook 1988:2–6, Chomsky 1988:45–47).



mun eldri (sbr. tilvitnun hjá Malson 1972:56, einnig Itard 2003:45). Lenneberg dró tvenns konar tímamörk. Hann taldi að við tveggja ára aldur hefði heilinn þroskast nóg til að vera tilbúinn fyrir máltöku og héldi síðan áfram að mótast allt til kynþroskaaldurs en þá minnkaði skyndilega máltökuhæfnin. Eftir það yrðu litlar breytingar nema hvað varðar hljóðmyndun og orðaforða. Í kenningunni felst þá jafnframt að málið þurfi að ná fullum þroska fyrir þessi tímamörk, eftir þau sitji við svo búíð (sjá Lenneberg 1967:158–159 og víðar, einnig Curtiss 1985:98).

Þó að tilgátan um markaldur fyrir máltöku sé liðlega hálfra aldar gömul stendur hún enn fyrir sínu og er fræðimönnum stöðugt rannsóknarefni. Neðri aldursmörkin eru þó síður til umfjöllunar en þau rökstuddi Lenneberg einkum með því að heilahvelin væru eins við fæðingu og sérhæfing þeirra tæki tvö ár sem væri forsenda sjálfrar máltökunnar. Rannsóknir hafa hins vegar sýnt að heilahvelin eru misnæm fyrir máláreiti þegar við fæðingu (Curtiss 1985:100–102) og að máltakan hefst löngu áður en barnið byrjar að tala (Jörgen Pind 2005:499–500). Ýmsar rannsóknir styðja á hinn bóginn tilgátu Lennebergs um efri aldursmörkin. Þær hafa þó sýnt að tímasteiðið fram að þessum mörkum er ekki eitt og óskipt heldur getur dregið úr ákveðinni hæfni eða hún jafnvel horfið áður en unglingsaldri er náð (sjá Curtiss 1988:101, Newport 1990:18–21, 1991:116–123, DeKeyser og Larson-Hall 2005:88–108, einnig efasemdir um tilgátuna hjá Redmond 1992–1993).

Mörgum spurningum er þó ósvarað um hvað nákvæmlega felst í markaldri fyrir máltöku. Sú þeirra sem helst lýtur að viðfangsefni þessarar rannsóknar snýst um hversu afdráttarlaus þessi „lok“ máltökuskeiðsins séu, að hve miklu leyti málkerfið geti breyst á fullorðinsárum.

Markaldur var umfjöllunarefni mitt í grein sem birtist í *Ritinu* árið 2019. Þar var vikið að markaldri sjónar sem fróðlegt er fyrir málfræðinga að velta fyrir sér. Líkt og gildir um mál er sjónin afar takmörkuð í fyrstu en það breytist hratt, fái börn sjónáreiti. Manneskja sem hefur af einhverjum ástæðum mjög skerta sjón á fyrstu árum ævi sinnar á hins vegar litla möguleika á að ná fullkomlega eðlilegri sjón þó að hægt sé að komast fyrir upphaflegu meinsemdina. Þar kemur til markaldur sjónar. Hæfnin til að „læra að sjá“ dvínar (um þroska sjónar, sjá t.d. Lewis og Maurer 2005:163–183, 2009:640–646, Kellman og Arterberry 1998, Daw 2009, Margrėti Guðmundsdóttur 2019:200–202, Árna Kristjánsson 2013).

Rannsóknir á markaldri sjónar eiga sér langa sögu og þekkingin stendur á traustari grunni en vitneskja um markaldur fyrir mál. Ástæðurnar eru einkum tvær. Annars vegar er sem betur fer afar sjaldgæft að börn fari á mis við máláreiti, en talsvert algengara að þau fái ekki eðlilegt sjónáreiti, til dæmis vegna skýs á auga. Tækifæri til rannsókna á markaldri sjónar eru því fleiri. Þar að auki er það hvati til rannsókna að oft er hægt að laga sjóngalla af þessu tagi (um rannsóknir á sjónskaða og að hve miklu leyti hægt er að bæta hann, sjá t.d. Levi 2005, Scheiman o.fl. 2008, Holmes og Clarke 2006:1345–1349). Hins vegar hefur markaldur sjónar mikið verið rannsakaður á dýrum, en mannskepnan er sú eina sem talar (sjá m.a. frægar rannsóknir Wiesels og Hubels: Wiesel og Hubel 1963a, 1963b, 1965, Hubel og Wiesel 1970).

Þó að tiltölulega fátítt sé að börn fái ekki máláreiti er vitað um tugi barna frá síðustu öldum sem eyddu fyrstu árunum að takmörkuðu leyti meðal manna eða sættu einangrun sem kom í veg fyrir eðlilega málörvun (sjá Brown 1996:34–35, einnig Bettelheim 1959). Síðbúin máltaka

Þeirra gefur nokkrar vísbendingar um markaldur. Þar ber hæst franska drenginn Victor og bandarísku stúlkuna Genie (sjá Itard 2003, Lane 1976, Shattuck 1994, Curtiss o.fl. 1974, Curtiss 1977, 1981, 1985, 1988, Margréti Guðmundsdóttur 2019:206–216, einnig Jones 1995). Miklu fleiri börn hafa þó í gegnum tíðina alist upp án móðurmáls vegna heyrnarleysis þar sem enginn sem þau umgengust talaði táknmál. Lengi vel taldist slíkt ekki til tíðinda en í seinni tíð hafa málfræðingar rannsakað síðbúna máltöku þeirra. Allar hníga niðurstöðurnar í þá átt að líkurnar á því að mál lærist fullkomlega minnki eða jafnvel hverfi ef barn fær ekki málörvun fyrr en það er orðið nokkurra ára gamalt og eftir því sem það eldist verða þær enn minni (sjá að hluta svipaða túlkun hjá Mayberry 2010:287 og nánari umfjöllun hjá Margréti Guðmundsdóttur 2019:216–219). Þessar rannsóknir svara því hins vegar ekki hvort og þá að hve miklu marki málkerfi sem mótaðist á eðlilegan hátt í bernsku getur breyst á fullorðinsárum. Um það er fjallað í næsta kafla, þar sem meðal annars er haldið áfram með samanburð við þroska sjónar en einnig staldrað við hugmyndir um tileinkun breytileika.

### 2.5.3 Breytingar á málkerfi fullorðinna

Þrátt fyrir miklar rannsóknir og umfjöllun fræðimanna um markaldur fyrir máltöku má segja að óljóst sé hvað nákvæmlega hann felur í sér. Þó að ljóst sé að skortur á málörvun í æsku leiði til ófullkomins málkerfis, jafnvel svo mjög að varla sé hægt að greina kerfi, er þeirri spurningu ósvarað hversu mikið er hægt að læra eftir að máltökuskeiðinu lýkur og hvort það sé misjafnt eftir því hvers konar málfræðileg atriði eiga í hlut. Eins og fram kom í síðasta kafla hefur markaldur sjónar verið rannsakaður mun meira. Þar hefur ekki aðeins verið sýnt fram á að skortur á sjónaréiti í æsku valdi varanlegum skaða heldur einnig að framfarir geti orðið talsvert langt fram eftir aldri. Rannsóknir sem fela í sér þjálfun sjónstöðva í heilanum til að taka við og túlka áreiti sýna að þær eru að einhverju marki færar um að taka framförum þó að fólk sé orðið fullorðið og nýlegar rannsóknir benda til þess að framfarirnar geti verið meiri en áður var talið (sjá um rannsóknir af þessu tagi t.d. El Mallah o.fl. 2000, Fine o.fl. 2003, Levi 2005, Lewis og Maurer 2005, 2009, Scheiman o.fl. 2008, Holmes og Clarke 2006). Ekki er ólíklegt að það sama gæti gilt um málstöðvarnar þannig að þegar fullorðin manneskja fái máláreiti sem er ekki í samræmi við málkerfið og reglur þess geti það leitt til endurskoðunar, til dæmis ef áreitið er nógu mikið og stöðugt.

Slíkt máláreiti er einmitt fylgífiskur málbreytinga. Þær hafa ævinlega í för með sér ytri breytileika – sumir hafa tileinkað sér nýjungina, aðrir ekki. Sumir hinna fyrrnefndu hafa innri breytileika, nota nýjungina stundum og stundum ekki. Þegar þessi ytri breytileiki er orðinn verulegur í málsamfélaginu má segja að ríki ákveðin óreiða, einn segir eitt, annar segir hitt og enn aðrir hafa blöndu af hvoru tveggja – í misjöfnum hlutföllum. Þetta blasir við bæði fullorðnum málnotendum og börnum á máltökuskeiði. Þau þurfa annaðhvort að greina óreiðuna og „velja“ úr henni eða einfaldlega að tileinka sér hana, þ.e. breytileikann.

Lengi vel höfðu málkunnáttufræðingar takmarkaðan áhuga á slíkri óreiðu og þar með á útbreiðslu málbreytinga og breytileika, því eins og Anthony Kroch (2001:719) orðaði það: „generative theory, being a theory of grammatical well-formedness, is concerned with what

forms are possible in natural language rather than with how often they are used“. Þetta hefur breyst, sem virðist meðal annars mega rekja til stærri og meiri gagnasafna eða málsafna og bættrar tækni til að skipuleggja þau og nýta. Dæmi um þetta eru einmitt rannsóknir Krochs sem fékkst við sögulega enska setningafræði en fjallaði jafnframt um eðli málbreytinga og breytileika. Hér verður ekki kafað djúpt í kenningar hans en sem dæmi um nýja sýn sem hann hafði fram að færa má nefna jafnhraðakenninguna (e. *constant rate hypothesis*) en samkvæmt henni einkennast málbreytingar af því að notkunartíðni málbrigða breytist á sama hraða, jafnaðarhraða (e. *constant rate effect*), óháð samhengi. Þannig er þeirri viðteknu hugmynd hafnað að útbreiðsla breytinga í setningagerð felist í því að nýjung berist frá einni setningagerð til annarrar. Öllu heldur er um að ræða samkeppni milli tveggja kosta í málkerfinu, málnotandinn hefur þá að þessu leyti tvenns konar málkerfi sem hann notar á víxl. Valið milli þessara kosta taldi Kroch byggjast á hlutfalli í málumhverfinu og sókn málbreytingar felur í sér að þetta hlutfall breytist. Skýringu á því hvers vegna hlutfallið breytist, þannig að annað málbrigðið víki smám saman fyrir hinu, taldi Kroch að væri að finna utan málkerfisins. Þar er málbeitingin að verki. Hann segir viðbúið að í málsamfélagi sé nokkurt samræmi í notkunartíðni málbrigða, en jafnframt er heldur ekki „surprising that this average frequency should vary over time“ (Kroch 2001:722).

Charles Yang (2002, 2004, 2010) gerir í kenningum sínum tilraun til að varpa frekara ljósi á útbreiðslu málbreytinga. Líkt og Kroch gerir hann ráð fyrir því að málhafar geti tileinkað sér tilbrigði eða breytileika sem grundvallist á tvenns konar málfræði og jafnframt að málkerfið sé lengi í mótun, jafnvel allt lífið. Sömuleiðis beinir hann sjónum að hlutfalli afbrigða í málumhverfinu og lítur á máltökuna sem nokkurs konar samkeppni þar sem tölfræðilegt máltileinkunarkerfi (e. *statistical learning model*) gerir smám saman upp á milli málfræðilegra kosta. Ef ílagið er einsleitt verður niðurstaðan aðeins ein, en ef upplýsingarnar sem berast styðja tvö kerfi lærast þau bæði án þess þó endilega að hafa sömu stöðu. Umrædd hlutföll í ílaginu stjórna því hvort annað verður ríkjandi, hitt víkjandi. Það er einmitt það sem breytist þegar málbreytingar ganga fram og skýringarinnar er að leita í því að hver ný kynslóð stendur frammi fyrir annars konar ílagi en kynslóðin á undan. Málbreytingar eru þannig líkar snjóbolta sem hleður utan á sig. Það sem var ríkjandi fær smám saman minna vægi. Minnihlutaframburður, eins og framburðarnýjungar hljóta alltaf að vera í upphafi, nær yfirhöndinni. Hér mætti hins vegar spyrja hvort ekki komi fleira til þegar sárasjaldgæf nýjung rúllar af stað niður brekkuna, hvort eitthvað í málkerfinu gæti verið henni hagstætt. Sú umræða bíður kafla 2.5.4.

Yang lætur ekki almenna lýsingu nægja heldur setur fram tölfræðilegt líkan til að spá fyrir um hraða málbreytingar. Það prófaði hann á nýju þolmyndinni (eða nýju ópersónulegu setningagerðinni) í félagi við Anton Karl Ingason og Julie Anne Legate þar sem því var spáð að um 2050 hefði nýja þolmyndin tekið yfir þannig að íslensk börn tileinkuðu sér ekki hefðbundna þolmynd (sjá Anton Karl Ingason o.fl. 2013).<sup>23</sup>

Þó að líkan Yangs snúist um útbreiðslu málbreytingar en ekki kviknun hennar fjallar hann

<sup>23</sup> Þess má geta að á DiGS-ráðstefnunni í Reykjavík 2017 dró Höskuldur Þráinsson þennan spádóm í efa á þeim forsendum að hann byggðist á því að gamla og nýja þolmyndin væru jafngildar, sem ekki væri endilega rétt.

einnig talsvert um tilkomu nýjungar og breytileika. Hvernig gerist það að ílag sem var einsleitt kynslóðum saman hvað tiltekið málfræðilegt atriði varðar tekur á sig nýja mynd? Þar nefnir hann bæði dæmi um hvernig ein málbreyting getur hrundið annarri af stað og samgang milli mála og mállýskna (Yang 2002:125–144).

Þegar tiltekinn breytileiki kemur upp í málsamfélagi eða hlutföll innan hans breytast gæti „óreiðan“ sem börnin þurfa að tileinka sér einnig verið nokkurs konar „líffræðilegt áreiti“ á málkerfi fullorðinna. Þannig hafi kerfið tilhneigingu eða jafnvel „hvöt“ til að laga sig og reglur sínar að því sem það greinir í málumhverfinu. Þó að sú hvöt sé minni hjá fullorðnu fólki en hjá börnum á máltökuskeiði er ekki þar með sagt að hún sé horfin. Það sama á við ef málnotandi flytur í nýtt málsamfélag, til dæmis frá Norðurlandi til Reykjavíkur. Þá dynja á málkerfinu „skilaboð“ um að raddaður framburður og harðmæli séu ekki í samræmi við „reglur málsins“.<sup>24</sup> Á sama hátt verða slík skilaboð sterkari eftir því sem málbreyting vinnur á í heimabyggð, til dæmis með nýjum kynslóðum sem tileinka sér hana í ríkum mæli. Rétt eins og hjá barni sem lærir málið og „leiðréttir“ það smám saman í samræmi við málið sem það heyrir gæti það sama gerst hjá fullorðnum á svipaðan hátt og þegar æfingar skila bættri sjón. Þannig má líkja saman manni sem losnað hefur við ský á auga og sækir sjónþjálfun og Norðlendingi sem flytur suður og fær „sunnlenska málþjálfun“. Í báðum tilvikum er nýju áreiti „otað að heilanum“. Þó að málstöðvarnar séu ekki lengur eins og í barni, sífellt að máta nýjar upplýsingar við málkerfið og betrubæta það, þá er ekki víst að sá hæfileiki sé alveg horfinn.

Rannsóknir hafa þegar leitt í ljós að fullorðið fólk getur breytt máli sínu umtalsvert, þar með töldu hljóðkerfinu.<sup>25</sup> Víða í kafla 2.3 voru dæmi sem sýna að félagsmálfræðingar gera ráð fyrir slíkum breytingum, til að mynda þegar þeir álykta að konur og karlar gegni ólíkum hlutverkum við útbreiðslu málbreytinga eða að félagsnet hafi þar áhrif. Þá má nefna að þegar Paul Kerswill kannaði mál aðfluttra til Björgvinnjar fann hann konu sem hafði á fullorðinsaldri breytt máli sínu svo mikið að innfæddir töldu hana úr sínum hópi (Kerswill 1994:152, sjá einnig kafla 2.3.6). Þó að svo skýr dæmi þyki tíðindi<sup>26</sup> má segja að þær rannsóknir á tengslum flutninga og málnotkunar

<sup>24</sup> „Reglur málsins“ vísar hér ekki til tiltekinnar gerðar af formlegri framsetningu heldur felur í sér þá hugmynd að ýmsir þættir innan málkerfisins séu „reglustýrðir“ í þeim skilningi að málnotendur tileinka sér þá á reglubundinn hátt og það endurspeglar í málkunnáttunni. Innan hefðbundinnar generatífrar hljóðkerfisfræði er gengið út frá baklægum gerðum sem á leið til yfirborðsins umbreytist með reglum en bestunarkenningin (e. *optimality theory*) nálgast sama markmið með öðrum aðferðum þar sem algildar hömlur eru misréttháar eftir tungumálum (gott yfirlit um bestunarkenninguna er til dæmis hjá McCarthy 2002 og á íslensku í 1. kafla BA-ritgerðar Antons Karls Ingasonar (2008)). Í báðum tilvikum þurfa börn á máltökuskeiði að tileinka sér þær „reglur“ sem gilda í móðurmáli þeirra. Þeim mun sem hér verður lýst með generatífri framsetningu væri því lýst á annan hátt innan bestunarkenningarinnar, en aðalatriðið er að hvort kerfið sem er valið felur lýsing til dæmis á harðmæli og linnmæli í sér að munur sé á málkerfi þessarar málnotenda (hjá Hale og Reiss 2008 er að finna umfjöllun um báðar þessar leiðir og nálgun hljóðkerfisfræðinga að viðfangsefni sínu almennt).

<sup>25</sup> Orðið *hljóðkerfi* má nota á aðeins mismunandi vegu. Í þröngum skilningi vísar það til kerfis sérhljóða og samhljóða, en einnig má fella undir það samhengisbundnar „reglur“, þ.e. hljóðkerfisreglur. Ég gríp stundum til þess í tiltölulega víðri merkingu.

<sup>26</sup> Því má svo velta fyrir sér af hverju þetta þykir svo fréttæmt. Sjálf hef ég allgóða þjálfun í því að greina íslensk framburðarafbrigði en vann í nokkur ár með manni án þess að taka eftir norðlenskum einkennum í máli hans. Ég hélt að hann væri Reykvikingur. Þegar ég komst að því að hann væri Ólafsfirðingur hlustaði ég um skeið eftir norðlenskum framburði en gat ekki greint hann hvernig sem ég reyndi. Þá spurði ég hann hverju það sætti að hann talaði ekki norðlensku. Hann svaraði: „Hún bara hvarf!“ Fram kom í samtalinu að fyrst eftir að hann flutti suður

sem nefndar voru í kafla 2.3.6 beri sveigjanleika málkerfisins almennt skýrt vitni. Það gera niðurstöður ýmissa rauntímarannsókna sömuleiðis og þá jafnframt að ekki þarf búferlaflutninga til. Sem dæmi má nefna rannsókn Gillian Sankoff og Hélène Blondeau (2007) sem könnuðu þátt fullorðinna í yfirstandandi breytingu á framburði /r/ í Montréal í Kanada. Þó að stöðugleiki væri ríkara einkenni hjá fullorðnum tók umtalsverður hluti þeirra þátt í málbreytingunni, 41% þeirra sem sýndu engin merki nýjungarinnar í fyrri rannsókninni hafði tileinkað sér hana að einhverju marki 13 árum síðar (sjá Sankoff og Blondeau 2007:573, einnig Sankoff 2019b:211–214). Niðurstöður þeirra eru því ekki í samræmi við þá ályktun Labovs (2001:447) að málkerfið nái stöðugleika um 17 ára aldur né Andersons og Lightfoots (2002:209) að „whatever is in place by puberty is what we are “stuck with”. Þær segja:

... our results lead us to believe that adults' abstract phonological systems at age thirty, or forty, or fifty are different from what they were in childhood or at puberty. Change is dramatic in childhood, but it does not stop there. To understand the dynamics of change in the speech community, we must follow language across the lifespan.

(Sankoff og Blondeau 2007:584)

Slíkar ævibreytingar eru einmitt viðfangsefni í rannsókninni *Mál á mannsævi*. Spurt er hvort málið breytist og þá hvort það gerist frekar á einu æviskeiði en öðru, hvort málnotendur breyti sumum málbrigðum frekar en öðrum og þá hvers vegna og hvort brottfluttir skeri sig frá staðföstum og þá hvernig. Það sem skilur á milli sjónarhornsins sem hér er valið og félagsmálfræðilegra rannsókna er sú tilgáta að breytingar á fullorðinsárum séu ekki endilega drifnar af félagslegum kröftum – án þess að áhrifum þeirra sé hafnað – heldur einnig af viðvarandi hæfni til að taka við nýjum upplýsingum og endurskoða kerfið sem fyrir er. Um leið er mögulegt að slíkur sveigjanleiki eða hæfni til þess að endurskoða málkerfið í samræmi við nýjar upplýsingar geti verið mismunandi eftir því hvers konar málkerfislegir þættir eiga í hlut. Næst vísar sögunni nánar að því sjónarhorni.

### 2.5.4 Málfræðilegur munur á málbreytingum

#### 2.5.4.1 Inngangur

Rannsóknin *Mál á mannsævi* beinist að fjórum tilbrigðapörum, harðmæli/linmæli, rödduðum/órödduðum framburði, *hv-/kv*-framburði og skaftfellskaframburði/tvíhljóðaframburði. Þessi tilbrigðapör eru að einhverju leyti ólík málfræðilega eins og nánar verður fjallað um í köflum 4.2.4, 4.3.4, 4.4.3 og 4.5.3. Geta slíkir málfræðilegir þættir ýmist ýtt undir útbreiðslu málbreytinga, hraðað henni eða veitt mótstöðu? Getur verið að stundum leggist málfræðilegir og félagslegir þættir á eitt, en takist á í öðrum tilvikum? Hér verður byrjað á því að spyrja hvort það sé raunhæfur möguleiki að málfræðilegir þættir hafi áhrif af þessu tagi. Því næst er tilbrigðapörunum fjórum lýst stuttlega til að leggja grunninn að framhaldinu. Þar eru þrjár spurningar teknar til umfjöllunar:

---

voru oft gerðar athugasemdir við norðlenskan framburð hans, þannig að greinilegt er að um breytingu var að ræða. Varla er ástæða til að ætla að þessi maður sé eini Norðlendingurinn sem þetta gildir um.

- (2-4) a. Hvers kyns er breytileikinn? Felst hann til dæmis í mismunandi reglum eða er hann að finna í orðasafninu?  
 b. Hvernig blasir breytileikinn við börnum á máltökuskeiði? Er „önnur leiðin“ að einhverju leyti „einfaldari“ en hin?  
 c. Hvernig blasir breytileikinn við fullorðnum málnotendum? Er „einfalt“ að tileinka sér nýjungina? Er annað afbrigðið á einhvern hátt „einfaldara“ en hitt?

Tilbrigðapörin fjögur koma ekki öll við sögu í umfjöllun um hverja spurningu. Öllu heldur er markmiðið að færa rök fyrir því að málbreytingar – og þá um leið útbreiðslumöguleikar þeirra – geti verið ólíkar hvað þessi atriði varðar, að svörin við spurningunum geti verið ólík þegar tvær eða fleiri málbreytingar eru bornar saman. Því eru hér tekin dæmi sem þjóna þessu markmiði en í 4. kafla verður málfræðilegur munur aftur tekinn til athugunar og „fyllt í skörðin“.

Hvað er „einfalt“ og hvað er „flókið“? Með hugtakinu einföldun (e. *simplification*) er gjarna vísað til aukins regluleika (sjá t.d. Siegel 1985:358). Kerswill og Trudgill (2005:198) nefna sem dæmi meiri regluleika í beygingu og þar með fjölgun óbeygðra orða, en einnig fækkun formdeilda (eins og kyns), hvarf fallmörkunar, fábreyttari hljóðbeygingu og fækkun hljóðana (sjá einnig Trudgill 1986:102–105). Breytingin úr *hv*-framburði í *kv*-framburð virðist falla undir síðasta atriðið sem þarna er nefnt. Með því hverfur [x] úr framstöðu og jafnframt á undan sérhljóðum þannig að fyllidreifing eða „verkaskipting“ [x] og [y] verður skýrari. Hjá þeim sem nota *kv*-framburð kemur [x] fyrir á undan samhljóðunum [t] og [s] (*hökta*, *loks*), en [y] á undan rödduðum hljóðum, þ.e. sérhljóðum, [ð] og [r] (*sagði*, *hegri*, *laga*) (sjá Eirík Rögnvaldsson 1993:44).

Eins og ráða má af spurningunum í (2-4) verður hér einkum litið til „einfaldleika“ í tengslum við tileinkun máls í málumhverfi þar sem breytileiki ríkir, hvort sem það eru börn að læra málið eða fullorðnir sem standa frammi fyrir breytileika sem stangast á við þeirra eigið mál. Þar skiptir regluleiki máli, en þó má segja að breytileiki sé í eðli sínu óregla og því flókin. Eins og sýnt verður með dæmum hér á eftir virðist hann þó ekki allur jafnflókin heldur getur óreglan verið misjafnlega gegnsæ ef svo má segja.

#### 2.5.4.2 Hlutur málkerfisins í málbreytingum

Í frægri grein sem birtist árið 1968 fjölluðu Weinreich, Labov og Herzog um þau úrlausnarefni sem glíma þyrfti við til að byggja undir almenna tilgátu um málbreytingar. Meðal markmiðanna þyrfti að vera greining mögulegra málbreytinga og um leið skilgreining á hugsanlegum almennum hömlum. Þetta kölluðu þeir *The Constraints Problem*. Hugmyndin um að málkerfið geti ekki tekið hvaða breytingum sem er kallast á við algildismálfræðina þar sem gert er ráð fyrir að ákveðin lögmál gildi um gerð tungumála sem jafnframt séu fyrir hendi í mannhuganum þegar við fæðingu (sjá Weinreich, Labov og Herzog 1968:183–184, einnig Houston 1985:2–4, Labov 1994:115–116, Chomsky 1976:29, 1988:61–62).

Bróðurpartur fyrstu bókar Labovs í seríu um málbreytingar, *Principles of Linguistic Change*, er helgaður þessu umfjöllunarefni. Þar skoðar hann fjölda málbreytinga, einkum hljóðbreytinga, og leitar almennra lögmála. Nokkur þeirra sem hann tekur saman í lokin snúast um

sérhljóð í keðjubreytingum (e. *chain shift*) þar sem spáð er fyrir um stefnu þeirra í málbreytingum eftir því hvort þau eru á jaðri kerfisins eða ekki (e. *peripheral* og *nonperipheral vowels*) (sjá Labov 1994, einkum 170–177, 600–605). Lögmál af þessu tagi eru ekki aðalviðfangsefnið hér, en glíma Labovs sýnir að hann telur ekki að félagslegir þættir einir ráði för í málbreytingum, þeir geta ekki breytt hverju sem er í hvað sem er.

Einhvers konar málfræðilegar hömlur á möguleg áhrif eins máls á annað hafa einnig verið umfjöllunar- og deiluefni málfræðinga. Sarah G. Thomason og Terrence Kaufman héldu því fram í bók sinni 1988 að slíkar hömlur væru aldrei fortakslausar og vikju þar að auki ef þær væru í andstöðu við félagslega krafta (sjá Thomason og Kaufman 1988:4 og víðar, einnig Thomason 2001:63–66, 2008). Aðrir hafa komist að þeirri niðurstöðu að málfræðilegir þættir skipti hér umtalsverðu máli. Til að mynda telur Gillian Sankoff (2004) að beyginga- og setningakerfi verði mun síður fyrir slíkum áhrifum en orðasafn og hljóðkerfi. Það er þó langt í frá að Sankoff hafni félagslegum kröftum.

Þó að þessi umræða snúist um áhrif eins máls á annað og mögulegar eða útilokaðar málbreytingar má sem best yfirfæra hana á svæðisbundin afbrigði og útbreiðslu málbreytinga. Samgangur mála og mállýskna eru tvær hliðar á sama peningi og séu sumar málbreytingar líklegri en aðrar má ætla að útbreiðslumöguleikar þeirra og útbreiðsluferli geti verið ólíkt.

Umræðan um hlut málfræðilegra krafta í málbreytingum er skýr snertiflötur milli félagsmálfræðinga og málkunnáttufræðinga. Þrátt fyrir það er ljóst að þeir hafa um margt ólíka sýn á þátt málkerfis og málnotenda í málbreytingum eins og fjallað var um í köflum 2.2.3 og 2.2.4. Málkunnáttufræðingar líta gjarna svo á að nýjungar kvikni sem einhvers konar „mistök“ eða „mistúlkun“ í máltökufurinu (sjá t.d. Kroch 2001, Hale 2007, Lightfoot 1999, 2006). Túlkunin sem þarna er vísað til felst í því að barn hefur aðeins óbeinan aðgang að málkerfi fyrirmynda sinna gegnum málnotkun þeirra og þarf að túlka upplýsingarnar til að gera sér mynd af málkerfinu sem að baki býr. Í þessu ferli er án efa nokkuð algengt að eitthvað „skolist til“, til dæmis að tiltekin beyging lærist „ekki rétt“, þ.e. ekki í samræmi við það sem viðtekið er í málinu. Ég hef stundum nefnt sem dæmi að ég uppgötvaði fyrir tilviljun að orðið *idjót* væri í máli annarra hvorugkyn eða karlkyn, en ekki kvenkyn eins og í mínu máli þar sem það beygist eins og til dæmis *álf* og *borg*. Væntanlega snúast „mistök“ af þessu tagi um takmarkað ílag (e. *input*), að dæmin sem ég heyrði um *idjót* hafi ekki gefið kynið til kynna, til dæmis með ákvæðisorðum eða greini.

„Nýjungar“ af þessu tagi eiga sér takmarkaða útbreiðslumöguleika. Fleira þarf að koma til en mistúlkun eins málnotanda. Gjarna er litið svo á að þegar nýjung hefur kviknað taki félagslegir þættir við, þeir ráði ferðinni í útbreiðslu málbreytinga (sjá t.d. Hale 2007:39) – og rannsóknir félagsmálfræðinga sýna sannarlega að þeir eiga þar hlut að máli. Í meistararitgerð minni færði ég hins vegar rök fyrir því að þetta „fleira“ gæti einnig verið fólgið í því hversu rökrétt nýja túlkunin væri. Eftir því sem hún er rökréttari túlkun þeirra upplýsinga sem berast er í senn líklegra að aðrir á máltökuskeiði geti komist að sömu niðurstöðu og að aðrir málnotendur taki hana góða og gilda (sjá Margréti Guðmundsdóttur 2002:86–92, 96–100, 127–130,

einnig 2008:42–47). Í þessu felst þá að málfræðilegir þættir hafi áhrif á möguleika nýjunga til að komast á legg. Í framhaldi af því er vert að kanna hvort þeir geti einnig haft víðtækari áhrif á útbreiðslu málbreytinga á seinni stigum, hvort málfræðilega ólíkar breytingar horfi misjafnlega við málnotendum sem hafi áhrif á útbreiðslu þeirra. Með þessu má segja að hugmyndin um að málkerfið hafi áhrif á hvers konar breytingar geti kviknað sé víkkuð út þannig að áhrifa þess gæti einnig í framhaldinu.

Samanburður á tveimur málbreytingum í íslensku gæti bent til að svo sé. Nú sækir á breyting á notkun *vera að* + nafnháttur sem hér verður aðeins lýst með því að taka dæmi um setningar sem voru bornar undir þátttakendur í rannsókninni *Tilbrigði í íslenskri setningagerð* (sjá Höskuld Þráinsson o.fl. (ritstj.) 2013). Þar voru nokkrar setningar úr íþróttamáli með „óhefðbundinni“ notkun *vera að*, eins og *Konurnar eru þó að standa sig mjög vel*. Einnig voru ýmsar setningar með sögnum sem tjá ástand, eins og *Hann er bara ekki að skilja stærðfræðina*, sem ekki fellur að hefðbundinni eða eldri notkun *vera að* (sjá Höskuld Þráinsson og Theódóru Önnu Torfadóttur 2015). Önnur breyting er hin svokallaða nýja þolmynd (einnig kölluð nýja setningagerðin) sem könnuð var í sama verkefni með setningum eins og *Það var strítt honum á hverjum degi í stað Honum var strítt ...* (sjá Höskuld Þráinsson o.fl. 2015:77 og rit sem þar er vísað til).

Samkvæmt niðurstöðum verkefnisins var fullorðið fólk mun frekar tilbúið til að samþykkja ýmsar nýmóðins setningar með *vera að* (til dæmis setningar úr íþróttamáli) heldur en nýja þolmynd (sbr. Höskuld Þráinsson og Theódóru Önnu Torfadóttur 2015:128–130, 137–139, Höskuld Þráinsson o.fl. 2015:102–106). Ein leiðin til að túlka þetta er að álykta að málkerfi fullorðinna sé mismóttækilegt fyrir þessum nýjungum vegna þess að um ólíkar málfræðilegar breytingar sé að ræða.

Þó að þessar breytingar séu ólíkar eru þær báðar innan setningakerfisins. Einnig er mögulegt að sumir hlutar málkerfisins séu móttækilegri fyrir breytingum á lífsleiðinni en aðrir. Ýmsir hafa haldið því fram að markaldur sé ekki sá sami fyrir öll svið málkerfisins og jafnframt er það útbreidd ályktun að hann setji þróun hljóðkerfisins tiltölulega miklar skorður. Sumir ganga svo langt að segja að markaldur nái einkum eða jafnvel aðeins til hljóðkerfisins (sjá t.d. Scovel 1988, Bahrlick o.fl. 1994:277), en niðurstaða annarra er að hæfnin til að þróa hljóðkerfi dali eða endi fyrr en í beyginga- og setningakerfi (sjá t.d. Long 1990, Hurford 1991, einnig umfjöllun um mismunandi ályktanir hjá t.d. Newport, Bavelier og Neville 2001:494, Singleton og Lengyel 1995, Singleton og Ryan 2004, Singleton 2007).

Sé það rétt að markaldur fyrir máltöku taki skýrar til hljóðkerfisins en annarra hluta málkerfisins mætti ætla að hljóðkerfið væri lítt næmt fyrir breytingum síðar á lífsleiðinni. Ályktanir eins og þessar eru hins vegar gjarna dregnar af rannsóknum á tileinkun annars máls. Þegar lítið er á rannsóknir á málbreytingum, ekki síst rauntímarannsóknir, virðist blasa við að hljóðkerfið geti í raun breyst á fullorðinsárum (sjá t.d. Sankoff og Blondeau 2007). Það sýna niðurstöður þessarar rannsóknar einnig. Hér er þó ekki aðeins spurt hvort slíkt geti gerst heldur ekki síður hvort málfræðilegur munur geti haft áhrif á útbreiðslu málbreytinga. Slíkan mun má



draga fram með því að skoða málbreytingar út frá spurningunum í (2-4) sem varpað var fram hér í inngangi. Það er viðfangsefni næstu kafla en fyrst verður tilbrigðapörunum fjórum lýst stuttlega (nánari lýsingu er að finna í 4. kafla).

#### 2.5.4.3 Stutt lýsing á tilbrigðapörunum

Munurinn á **harðmæli** og **linmæli** birtist í mismunandi framburði orða eins og *api, fata og loka*. Hjá linmæltum – og þar með meirihluta landsmanna – er lokhljóðið ófráblásið á eftir löngu sérhljóði ([a:pɪ]) en í harðmælisframburði, sem einkum kveður að á Norðurlandi, er það fráblásið ([a:pʰɪ]). Bæði fráblásin og ófráblásin lokhljóð, þ.e. /p,t,k/ og /b,d,g/, koma hins vegar fyrir í framstöðu hjá jafnt linmæltum sem harðmæltum, sbr. til dæmis *par* og *bar*. Að fleiru er að hyggja sem varðar samsett orð og afleidd og ýmis tökuorð en sú umræða er að mestu geymd til 4. kafla (4.2.4). Hér er látið nægja að geta um tökuorð sem bæði harðmæltir og linmæltir bera fram með ófráblásnu lokhljóði, til dæmis nöfnin *Adam* og *Agata* og sömuleiðis *edik*, *módem* og *túba*. Hjá þeim sem nota harðmælisframburð mynda sum þessara orða lágmarkspör þar sem aðeins fráblástur skilur á milli, (*matar*)*sódi* – *sóti* (af no. *sót* eða so. *sóta*), *radar* (‘ratsjá’) – *ratar* (af so. *rata*). Þó að hér sé ekki um mjög mörg orð að ræða gera þau þó lýsingu á harðmæli og linmæli flóknari en ella væri.

**Raddaður framburður** á einnig heimkynni sín á Norðurlandi. Segja má að í sinni „hreinustu“ mynd felist hann í því að önglhjóðið /ð/ og hljómendurnir /l,m,n/ (þ.e. allir hljómendur nema /r/) séu rödduð á undan /p,t,k/ sem jafnframt eru fráblásin, með þeirri undantekningu að sérstakar (og allflóknar) reglur gilda um /lt/. Þar gildir sú meginregla að /lt/ er óraddað sé hljóðasambandið í stofni, en raddað þegar það verður til með beygingu. Ýmsar undantekningar eru þó frá þessu (sjá Baldur Jónsson 1982) og tíðni og útbreiðsla raddaðs /lt/ er að auki takmarkaðri en hjá hinum hljóðasamböndunum. Dæmi um orð með rödduðum framburði eru *maðkur*, *mjólk*, *fantur*, *hempa*, *gult* (en ekki til dæmis *piltur* þar sem /lt/ er í stofni). Í máli þeirra sem hafa **óraddaðan framburð** eru þessi hljóð hins vegar órödduð **og** eftirfarandi hljóð ófráblásin, enda eru /p,t,k/ aldrei fráblásin á eftir órödduðum hljóðum. Munurinn sem birtist í máli manna með óraddaðan framburð og raddaðan er því ekki aðeins fólgin í rödduninni heldur er einnig munur á eftirfarandi hljóði.

Eins og nafn **skafftellska einhljóðaframburðarins** ber með sér er hann einkennandi fyrir Skaftafellssýslur og er gjarna lýst svo að borið sé fram langt einhljóð á undan því sem ritað er *-gi* en borið fram [ji] (sjá t.d. Kristján Árnason 2005:151). **Tvíhljóðaframburður** einkennir mál flestra landsmanna, en þá er tvíhljóð í þessari stöðu. Munurinn birtist í orðum eins og *hagi*, *bogi*, *stigi/lygi*, *dugi*, *lögin* og *vegi*. Það sama gildir um þessi sérhljóð á undan [ja] og [jy]. Sem dæmi um orðmyndir þar sem slíkt umhverfi kemur fyrir má nefna *segja*, *tygja*, *reiðtygja*, *tygjum* en þær eru færri en fyrrnefnda gerðin.<sup>27</sup>

<sup>27</sup> Ef til vill er hæpið að tala um tvíhljóð þar sem ritað er *i/y* (*stigi*, *tygja*), nema /j/ sé talið hálfserhljóð frekar en önglhjóð. Þó er það gert hér í samræmi við hefð. Þess ber og að geta að hljóðasambandið sem táknad er með *egi/egj* (*vegi/segja*) hefur sérstöðu innan einhljóðaframburðarins. Hann er mun fátíðari þar en í hinum hljóðasamböndunum.

Heimkynni *hv-framburðar* eru einnig í Skaftafellssýslum og víðar á Suður- og Suðausturlandi. Einfaldast er að lýsa muninum á honum og *kv-framburði* með vísun til stafsetningar. Í *hv-framburði* eru orð sem skrifuð eru með *hv* borin fram með  $[x^w]$  eða  $[x]$ , jafnvel  $[x^v]$ , en í *kv-framburði* er hann  $[k^hv]$ .<sup>28</sup> Þeir sem nota *hv-framburð* gera því greinarmun á orðmyndunum *hvalir* (ft. af *hvalur*) og *kvalir* (ft. af *kvöl*), en þær eru samhljóma hjá þeim sem hafa *kv-framburð*.

#### 2.5.4.4 Hvers kyns er breytileikinn?

Ein þeirra spurninga sem vert er að leita svara við þegar kannað er hvort málfræðilegir þættir geti haft áhrif á útbreiðslu málbreytinga snýst um eðlisólíkan breytileika. Er það mögulega hljóðbreytingu til framdráttar að innri breytileiki, eða blandaður framburður, feli í sér að reglu sé beitt stundum og stundum ekki? Eða stendur það hugsanlega gegn henni samanborið við til að mynda breytingu sem felur í sér að orð sé til í tveimur myndum í orðasafni málkerfisins? Þennan mun á breytileika má útskýra betur með því að bera saman annars vegar skaftfellskan einhljóðaframburð/tvíhljóðaframburð og hins vegar *hv-/kv-framburð*.

Ekki verður annað séð en munurinn á *hv-* og *kv-framburði* felist í ólíkum orðasafnsmyndum. Dýrið sem heitir *hvalur* í máli eins heitir *kvalur* í máli annars, þótt hann þurfi að læra að skrifa það á annan hátt. Á sama hátt er Geysir *hver*,  $[xɛ:r]$ ,<sup>29</sup> í máli manns sem notar *hv-framburð* en hjá þeim sem notar *kv-framburð* er hann  $[k^hvɛ:r]$  (og fellur þá saman við orðmyndina *kver*, ‘bók’). Rök fyrir því að þessi munur sé „reglustýrður“ á einhvern hátt í skilningi hefðbundinnar generatífrar hljóðkerfisfræði eru vandséð. Víxl í beygingu, sem oft eru höfð til marks um tilvist slíkra reglna, koma til að mynda aldrei fyrir.<sup>30</sup> Fólk með *hv-framburð* virðist einfaldlega geyma annars konar grunnmyndir orðanna í orðasafni sínu heldur en fólk með *kv-framburð*. Ef gert væri ráð fyrir öðru þyrfti til dæmis að finna svar við því á hvaða forsendum barn á máltökuskeiði sem heyrir bara *kv-framburð* gæti byggt ólíka baklæga gerð orðanna  $[k^hvɛ:r]$  (‘lítill bók’),  $[k^hvɛ:r]$  (‘heit uppspretta’) og  $[k^hvɛ:r]$  (fornafn). Í kafla 4.4.3 verður þó vikið að þeim möguleika að málfarar sem hafa blandaðan *hv-* og *kv-* framburð, innri breytileika, byggi hann á einhvers konar reglu sem heimilar að *hv* sé stundum breytt í *kv*. Það er þá ekki hefðbundin hljóðkerfisregla skilgreind af hljóðaumhverfi heldur einhvers konar val „eftir hendinni“. Hinn möguleikinn er að orðasafn þeirra innihaldi tvímyndir þessara orða, líkt og gera má ráð fyrir í máli þeirra sem nota orðin *kjöt* og *két*, *smjör* og *smér*.

<sup>28</sup> Þessi framburður er stundum hljóðritaður  $[kf]$ , þ.e. með örödduðu önghljóði í stað fráblásturs og raddaðs önghljóðs (sjá t.d. Kristján Árnason 2005:381). Mögulega er framburður fólks misjafn að þessu leyti, en slíkur munur skiptir þó ekki máli hér og því verður hefðbundnari hljóðritunin notuð. Dæmi um *hv-framburð* verða hljóðrituð með  $[x]$ , en ekki  $[xv]/[x^v]$  eða  $[x^w]$  (sjá kafla 4.4.2).

<sup>29</sup> Í bakstöðu eins og hér eru hljóðmendur gjarna naumraddaðir, jafnvel alveg óraddaðir, þó að það sé ekki sýnt hér eða í sambærilegum dæmum.

<sup>30</sup> Framburður tókuorða getur einnig verið til marks um virkni reglna, sbr. til dæmis að munur er á framburði *elegant* eftir því hvort fólk notar raddaðan eða óraddaðan framburð, tókuorðið *fag* (19. öld) fær í þágufalli (*fagi*) tvíhljóð hjá öðrum en þeim sem nota skaftfellskan einhljóðaframburð og í *róbóti* hafa harðmæltir fráblásið *t* en linnmæltir ekki. *Hv-*orð eru hins vegar öll gömul í íslensku. Engin ný orð sem endurspeglar muninn á *hv-* og *kv-* framburði bætast við. Þetta er „lokaður flokkur“.

Á hinn bóginn má færa sterk rök fyrir því – ef stuðst er við hefðbundna generatífa hljóðkerfisfræði – að munurinn á skaftfellskum einhljóðaframburði og tvíhljóðaframburði þorra landsmanna sé reglustýrður. Í því felst að baklægt sérhljóð sé það sama í báðum afbrigðum, en regla tengd *j*-hljóðinu sem birtist í ákveðnum beygingarmyndum virki í svokölluðum tvíhljóðaframburði. Slíka greiningu má sjá hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1993:83) sem gerir ráð fyrir baklægu einhljóði og reglu sem „skýtur inn [i] á milli sérhljóðs og [j]“.<sup>31</sup> Kristján Árnason stingur hins vegar upp á þeirri greiningu að munurinn felist í ólíkri atkvæðagerð og lengd sérhljóða, þ.e. [ta:.jinn] vs. [taj.jinn] (eða [taj(:).jinn]) svo *daginn* sé tekið sem dæmi að hætti Kristjáns (2011:180, sjá einnig 65–66, 236, 2005:388). Jón Axel Harðarson (2007) greinir muninn þannig að áherslulenging falli ýmist á sérhljóðið, [ha:jɪ], eða samhljóðið, [haj:iɪ]. Hvaða leið svo sem farin er stendur eftir að munurinn á einhljóða- og tvíhljóðaframburði er ekki bundinn við orð „í heilu lagi“ heldur orðmyndir þar sem ákveðið hljóðaumhverfi kemur fram, þ.e. þegar á eftir sérhljóðinu fara [j] og [ɪ]. Það eru því einhvers konar reglur sem virka í þessu umhverfi, hvort sem þær snúast um [i]-innskot, atkvæðagerð eða lengd.

Þessi umfjöllun sýnir að breytileiki í málumhverfinu sem blasir við hvort sem er börnum á máltökuskeiði eða fullorðnum getur verið eðlisólíkur. Blöndun *hv*- og *kv*-framburðar virðist fela í sér að málnotendur ráði yfir einhvers konar tvímyndum orða, en blöndun einhljóða- og tvíhljóðaframburðar byggist á reglu sem skilyrt er af umhverfi og er stundum beitt og stundum ekki. Ef munur af þessu tagi hefur áhrif á útbreiðslu málbreytinga, hvort sem er hvetjandi eða letjandi, mætti búast við því að hann kæmi fram þegar útbreiðsla tvíhljóðaframburðar og *kv*-framburðar er borin saman. Til að mynda mætti ætla að fullorðið fólk tileinkaði sér þessi afbrigði í mismiklum mæli eða á ólíkan hátt. Einn möguleiki er að *kv*-framburður birtist í ákveðnum orðum frekar en öðrum, þ.e. að hann „lærist“ orð fyrir orð, en tvíhljóðaframburður sé tilviljanakenndari eða jafnvel tengdur tilteknum sérhljóðum frekar en öðrum.

#### 2.5.4.5 Hvernig blasir breytileikinn við börnum á máltökuskeiði?

Á tímum rannsóknar Björns Guðfinnssonar má gera ráð fyrir því að sum landshlutabundin afbrigði hafi verið svo til einráð í málumhverfi fjölda barna. Í Ólafsfirði og fleiri sveitarfélögum í Eyjafjarðarsýslu örlaði til að mynda ekki á linnmæli og það sama gilti sums staðar í nágrennasýslunum. Á sama hátt mældist enginn *kv*-framburður í mörgum sveitum í Skaftafellssýslum og Rangárvallasýslu. Þó að fólk hafi vissulega farið af bæ þá eins og nú eru talsverðar líkur á því að margir hafi aðeins heyrt heimaframburðinn eitthvað fram eftir aldri. Niðurstöður RÍN-rannsóknarinnar benda til þess að með tímanum hafi breytileiki í mál-samfélaginu orðið algengari og þar með í málumhverfi barna. Nú á dögum má því ætla að flest börn sem alast upp við landshlutabundin framburðarafbrigði kynnist breytileika mjög snemma. Fáir ef nokkrir Norðlendingar komast til dæmis í gegnum fyrstu æviárin án þess að heyra bæði harðmæli og linnmæli.

<sup>31</sup> Hér er vísað í útgáfu bókar Eiríks frá 1993 þar sem umfjöllun í nýrri útgáfu, frá 2013, er að jafnaði almennari.

En hvernig er máltileinkun háttáð þegar breytileiki er í málsamfélaginu, jafnvel þannig að foreldrar og systkini noti blandaðan framburð? Er „önnur leiðin“ að einhverju leyti „einfaldari“ en hin? Getur verið að það sé misjafnt eftir tilbrigðapörum? Byrjum á því að skoða raddaðan og óraddaðan framburð.<sup>32</sup>

Líkt og gildir um einhljóða- og tvíhljóðaframburð virðist eðlilegt að gera ráð fyrir því að munur þessara afbrigða sé reglustýrður. Allflókið er þó að gera grein fyrir rödduðum framburði og hafa Baldur Jónsson (1982), Eiríkur Rögnvaldsson (1993, 2013), Höskuldur Þráinsson (1980) og Kristján Árnason (2005) gert helstu atögur að því. Hér verður ekki farið nákvæmlega í saumana á einkennum hans eða formlegri lýsingu heldur reynt að draga fram nokkur atriði sem gefa hugmynd um hvernig hann blasir við börnum á máltökuskeiði þegar málumhverfið er blandað.

Eins og fram kom í kafla 2.5.4.3 einkennir það raddaðan framburð að á undan /p,t,k/ eru hljómendurnir /l,m,n/ og öngljóðið /ð/ rödduð. Sambandi þessara hljóða, /l,m,n,ð/, er að öðru leyti ekki auðlýst eins og nánar segir af í kafla 4.3.4, en hér verður það látið liggja milli hluta og sjónum aðeins beint að hljómendunum. Hljómandi hljóð eru ekki aðeins /l,m,n/ heldur einnig /r/ en það er óraddað í rödduðum framburði rétt eins og þeim óraddaða (*garpur, hart*). Hins vegar gilda sérstakar reglur um /l/ sem fela í sér að enginn hefur þetta hljóðasamband alltaf raddað. Röddunin er að verulegu leyti bundin ákveðnum orðgerðum. Þannig getur röddun komið fram í *gult* en ekki til dæmis *piltur* þar sem /l/ er í stofni.

Spyrjum þá: Hvernig er málumhverfið þegar málnotendur nota ýmist hreinan raddaðan framburð, blandaðan eða óraddaðan framburð? Það virðist býsna flókið eins og *tafla 2-1* sýnir.

	/r/ + /p,t,k/	/l/ + /p,k/ og /m,n/ + /p,t,k/	/l/
<b>Málnotendur með raddaðan framburð</b>	Óraddað: [sarpyr]	Raddað: [ulp <sup>h</sup> a], [sam <sup>h</sup> t], [vant <sup>h</sup> a]	Sum orð alltaf rödduð, sum aldrei: [kyl <sup>h</sup> t], [p <sup>h</sup> l <sup>h</sup> tyr]
<b>Málnotendur með blandaðan framburð</b>	Óraddað: [sarpyr]	Raddað og óraddað: [ulp <sup>h</sup> a]/[ulp <sup>a</sup> ], [sam <sup>h</sup> t]/[sam <sup>t</sup> ], [vant <sup>h</sup> a]/[van <sup>t</sup> a]	Sum orð stundum rödduð, sum aldrei: [kyl <sup>h</sup> t]/[kyl <sup>t</sup> ], [p <sup>h</sup> l <sup>h</sup> tyr]
<b>Málnotendur með óraddaðan framburð</b>	Óraddað: [sarpyr]	Óraddað: [ulp <sup>a</sup> ], [sam <sup>t</sup> ], [van <sup>t</sup> a]	Óraddað: [kyl <sup>t</sup> ], p <sup>h</sup> l <sup>h</sup> tyr]

*Tafla 2-1:* Framburður málnotenda í málumhverfi barns sem elst upp við blöndu af rödduðum og órödduðum framburði.

Ætla má að í þessu umhverfi sé ekki einfalt fyrir barn að tileinka sér hreinan raddaðan framburð.<sup>33</sup> Sérstaða /l/ veldur þar mestu. Það lýtur hvorki sömu reglu og /r/ né /m,n/. Fyrir barn á máltökuskeiði er óraddaður framburður „einfaldasta lausnin“. Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson (2003:178) hallast einnig að því.

<sup>32</sup> Þessi þráður verður tekinn upp í 4. kafla þar sem fjallað verður um málfræðileg einkenni málbreytinganna. Markmiðið hér er að útskýra hvernig og hvers vegna slíkur munur gæti skipt máli og þá um leið hvers vegna málbreytingarnar verða skoðaðar frá þessu sjónarhorni. Því þarf að taka dæmi sem krefjast nokkurrar lýsingar.

<sup>33</sup> Hér hefur *hreinn* merkinguna ‘án undantekninga’ en orðalagið er ættað frá Birni Guðfinnssyni sem talaði um hreinan framburð og blandaðan.

Hvernig sem muninum á einhljóða- og tvíhljóðaframburði er lýst virðist sem blandað málumhverfi gæti verið auðveldara viðfangs fyrir barn á máltökuskeiði heldur en þegar um blöndun raddaðs og óraddaðs framburðar er að ræða. Í flestum tilvikum kalla blandaður framburður og tvíhljóðaframburður fram víxl í beygingu orða eins og hér er sýnt með dæmi um orðið *hagi*:

Einhljóðaframburður	Blandaður framburður	Tvíhljóðaframburður
<i>hagi</i> : Einhljóð <i>haga</i> : Einhljóð	<i>hagi</i> : Einhljóð/tvíhljóð <i>haga</i> : Einhljóð	<i>hagi</i> : Tvíhljóð <i>haga</i> : Einhljóð

Tafla 2-2: Orðið *hagi* tekið sem dæmi um málumhverfi barns sem elst upp í blönduðu umhverfi einhljóða- og tvíhljóðaframburðar.

Til að gera langa sögu stutta eru víxl af þessu tagi meginreglan í tvíhljóðaframburði þó að misjafnt sé í hvaða beygingarmyndum einhljóðið kemur fram (til dæmis er tvíhljóð í öllum eintölumyndum *lygi* en einhljóð í fleirtölunni). Um þetta er nánar fjallað í kafla 4.5.3.

Í málumhverfi barns sem elst upp við allar þessar gerðir framburðar, einhljóðaframburð, tvíhljóðaframburð og blandaðan framburð, má því segja að einhljóðið minni alla jafna á sig. Ef það gerir það ekki, eins og í orðinu (*sund*)*laug*, getur barnið ályktað með nokkurri vissu að um baklægt tvíhljóð sé að ræða. Í þeim orðum eru því engin víxl milli einhljóðs og tvíhljóðs. Þegar um er að ræða baklægt einhljóð, eins og í *hagi*, *lygi*, birtast hins vegar víxl einhljóðs og tvíhljóðs bæði blönduðum framburði (óregluleg víxl) og tvíhljóðaframburði (reglubundin víxl). Hvort tveggja gæti stuðlað að því að tiltölulega einfalt sé að tileinka sér blandaðan framburð. Ekki er einboðið að tvíhljóðaframburður sé einfaldasti kosturinn.

Blandað umhverfi *hv*- og *kv*-framburðar virðist hins vegar erfiðara viðureignar. Því valda ekki síst lágmarkspör hjá þeim sem nota *hv*-framburð. Í blönduðum framburði fær önnur orðmyndin ýmist *hv*- eða *kv*-framburð en hin ævinlega *kv*-framburð. Þetta er sýnt í *töflu 2-3* á næstu blaðsíðu.

Í töflunni má meðal annars sjá orðin *hvísl* og *kvísl*. Ef málumhverfið einkennist af hreinum *hv*-framburði er munurinn á þeim tæplega flókið viðfangsefni í máltökunni. Hann er jafnskýr og munurinn á *tala* og *dala*. Það sama gildir raunar um pör eins og *sódi* og *sóti* í harðmælisframburði. Ef harðmæli ræður ríkjum er aðgreining orðanna skýr. Það er blandað málumhverfi sem flækir málið. Í blönduðu umhverfi *hv*- og *kv*-framburðar þarf barn að læra að *hvísl* ('hljóðskraf') getur ýmist verið með *hv* eða *kv* (þ.e. [x] eða [k<sup>h</sup>v]) en *kvísl* ('forkur') ekki. Hér er *kv*-framburður einfaldasta lausnin.

Þessi dæmi benda til þess að blandaður framburður blasi misjafnlega við börnum. Munurinn á rödduðum framburði og einhljóðaframburði sýnir að þetta snýst ekki aðeins um það hvort breytileikinn byggist á ólíkri reglulvirkni. Sterk rök eru fyrir því að það gildi í báðum tilvikum. Svo virðist sem óraddaður framburður sé fýsilegasti kosturinn þegar málumhverfið einkennist af breytileika en ekki er rakið að það gildi um tvíhljóðaframburð við sömu aðstæður. Þar virðist „óreiðan“ sem breytileikinn leiðir af sér tiltölulega gegnsæ. Baklæga einhljóðið minnir jafnan á sig í einhverjum beygingarmyndum, sama hvort fyrirmynd barnsins í máltökunni notar einhljóðaframburð, tvíhljóðaframburð eða hvort tveggja. Í breytilegu umhverfi *hv*- og *kv*-framburðar

Orðgerðir	Dæmi	<i>hv</i> -framburður	Blandaður framburður	<i>kv</i> -framburður
<b><i>hv</i>-orð/ orðmyndir</b>	hvaðan hvar hvernig hvítur hvor hvönn hvöt	<i>hv</i>	<i>hv/kv</i>	<i>kv</i>
<b><i>hv</i>- og <i>kv</i>-orð/ orðmyndir Lágmarkspör</b>	hvað (fn.) – kvað (af <i>kveða</i> ) hvaða (fn.) – kvaða (af <i>kvöð</i> ) hvalir (af <i>hvalur</i> ) – kvalir (af <i>kvöl</i> ) hvölum (af <i>hvalur</i> ) – kvölum (af <i>kvöl</i> ) hvala (af <i>hvalur</i> ) – kvala (af <i>kvöl</i> ) hvalinn (af <i>hvalur</i> ) – kvalinn (lo.) hvein (af <i>hvína</i> ) – kvein (no.) hvelja (no.) – kvelja (so.) hver (fn./no.) – kver (no.) hviða (no. ( <i>vind-</i> )) – kviða (no. ( <i>hljóm-</i> )) hviður (af <i>hviða</i> ) – kviður (af <i>kviða</i> og no.) hvik (no.) – kvik (no.) <sup>34</sup> hvika (so.) – kvika (no./so.) hvísl (no.) – kvísl (no.)	<i>hv – kv</i>	<i>hv/kv – kv</i>	<i>kv</i>
<b><i>kv</i>-orð/ orðmyndir</b>	kvaka kveða kveðja kvef kvenna (af <i>kona</i> ) kvæði kvöð	<i>kv</i>	<i>kv</i>	<i>kv</i>

Tafla 2-3: Orðmyndir með mismunandi framburði sem barn sem elst upp í blönduðu umhverfi *hv*- og *kv*-framburðar þarf að greina á milli.

minnir *hv* hins vegar aldrei á sig hjá þeim sem nota hreinan *kv*-framburð. Til að tileinka sér blandaðan framburð af þeim sem nota hann þarf að greina á milli orða og orðmynda þar sem *hv* og *kv* birtist á tilviljanakenndan hátt (til dæmis *hvöt*) og þeirra þar sem *hv* birtist aldrei (til dæmis *kvöð*). Lágmarkspör eins og *hvalir* og *kvalir* eru til þess fallin að gera slíka greiningu enn snúnari. Það krefst hins vegar engrar slíkrar greiningar að tileinka sér mál þeirra sem nota *kv*-framburð.

#### 2.5.4.6 Hvernig blasir breytileikinn við fullorðnum málnotendum?

Þegar fullorðinn málnotandi sem notar landshlutabundið framburðarabrigði flytur til annars málsvæðis má hugsa sér að á málkerfi hans taki að dynja „skilaboð“ um að framburður hans sé „rangur“. Hér er ekki átt við athugasemdir annars fólks heldur að málumhverfið einkennist af öðrum framburði og því séu aðstæðurnar svipaðar og hjá barni á máltökuskeiði sem hefur ekki

<sup>34</sup> Samkvæmt *Íslenskri orðabók* eru þessi orð sömu merkingar (‘hreyfing, ið’). Þá er vandséður munur á hreinum *hv*-framburði og blönduðum framburði. Þrátt fyrir sömu skýringu hefjast sumar samsetningar á *hvik*- (*hviklæstur*) og aðrar á *kvik*- (*kviksandur*). Í Blöndalsorðabók kemur betur fram að skil milli þessara orða eru óskýr. Til dæmis er þar að finna bæði *hviklæstur* og *kviklæstur* og vísað milli þeirra sem jafngildra. Sú greining rímar betur við þann *hv*-framburð sem ég tileinkaði mér í æsku. Hvorki *hvik* né *kvik* eru mér þó töm en samsetningarnar ber ég líklega flestar eða allar fram með *kv*-framburði, *hviklæstur* get ég að minnsta kosti ekki sagt. Hins vegar hef ég sögnina *hvika* í merkingunni ‘hörfa’ með *hv*-framburði. Blöndal segir hana jafngilda *kvika* þegar merkingin er ‘hreyfast’. Þar held ég að minn framburður væri [k<sup>h</sup>vi:ka].

tileinkað sér allar reglur málsins. Málkerfi barnsins nemur þetta sem upplýsingar um að betrum-bóta sé þörf og smám saman tekur það á sig sömu mynd og málkerfi fyrirmyndanna. Ef málkerfi fullorðinna býr að einhverju marki enn yfir þeim eiginleika að „leiðréttu villur“ eins og börn gera á máltökuskeiði er líklegt að það lagi sig að þeim nýju upplýsingum sem taka að berast. Það sama gæti gerst hjá málnotanda þegar málbreyting ryður sér til rúms þó að hann flytji ekki um set. Eftir því sem fleiri tileinka sér nýjungina berast smám saman sterkari skilaboð til málkerfisins um að þörf sé á breytingum.

Þetta útilokar ekki áhrif vilja og viðhorfa á slíka aðlögun að nýju eða breyttu málumhverfi. Ætla má að slíkt geti ýmist greitt fyrir breytingum eða staðið gegn þeim, en einnig að það sé misjafnt eftir bæði málnotendum og því hversu auðvelt eða erfitt er fyrir málkerfið að greina þær upplýsingar sem berast og laga sig að þeim. Skyldi norðlenskur málnotandi, harðmæltur með raddaðan framburð, eiga auðveldara með að leggja af eða halda í annað hvort afbrigðið? Og þess sama má spyrja um Sunnlending sem flytur norður og hefur í máli sínu linnmæli og óraddaðan framburð.

Byrjum á því að skoða raddaðan framburð hjá Norðlendingi sem flytur suður. Í máli hans er afröddunarregla sem tekur til /r/ á undan /p,t,k/ og að nokkru leyti /l/ á undan /t/ (sjá *töflu 2-1*). Til að laga sig að óródduðum framburði þarf þessi regla að víkka út þannig að hún nái til allra hljómena, /l,m,n,r/, á undan lokhljóðunum /p,t,k/. Hjá Sunnlendingi sem flytur norður og tekur upp raddaðan framburð þarf reglan hins vegar að þrengjast. Hann þarf að skipta bæði hljómen-dunum og eftirfarandi lokhljóðum upp í smærri hópa. Einangra þarf /r/ frá öðrum hljómen-dum og sömuleiðis /l/ en þó aðeins ef á eftir fer /t/. Við afröddunarregluna bætast því nokkrir útúrdúrar sem ekki voru fyrir. Þessum ólíku leiðum mætti lýsa á eftirfarandi hátt:

Raddaður framburður	↔	Óraddaður framburður
/r/ afraddast á undan /p,t,k/ og /l/ afraddast stundum á undan /t/		Allir hljómen-dur afraddast á undan /p,t,k/

Það virðist því talsvert einfaldara verkefni að taka upp óraddaðan framburð en raddaðan (sjá sambærilega niðurstöðu hjá Kristjáni Árnasyni og Höskuldi Þráinssyni 2003:178). En hvað um harðmæli og linnmæli?

Eins og fram kom í kafla 2.5.4.3 hafa harðmæltir málnotendur fráblásin lokhljóð á eftir löngum sérhljóðum en linnmæltir ófráblásin í orðum eins og *apa*, *ata* og *aka*. Þar kom þó einnig fram að í ýmsum tökuorðum, til dæmis *sódi* og *radar*, hafa harðmæltir ófráblásið lokhljóð. Hér koma slík tökuorð nokkuð við sögu.

Eiríkur Rögnvaldsson (1993:51–52) gerir ráð fyrir því að munur harðmælis og linnmælis liggi ekki í baklægri gerð orðanna heldur séu baklæggu hljóðin /p,t,k/ hjá bæði harðmæltum og linnmæltum en þeir síðarnefndu beiti afblástursreglu. Rök fyrir þessari greiningu er ekki síst að finna í aðblástursreglum (sjá einnig um þær hjá Höskuldi Þráinssyni 1978b). Ef linnmæltir hefðu til dæmis baklægt /g/ í orðum eins og *hökull* væri sama hljóðasamband í orðmyndunum *hökli* og *regla*, þ.e. /gl/, en aðblástur kemur aðeins fram í *hökli*. Það sama gildir um *depli* (af *depill*) og

*babla* (sjá kafla 4.2.4). Með því að gera ráð fyrir baklægu /k/ í *hökull* en /g/ í *regla* má skýra þennan mun. Orð eins og *sagógrjón*, *radar* og *túba*, sem bæði harðmæltir og linnmæltir bera jafnan fram með ófráblásnu lokhljóði, sýna þó að baklægt /b,d,g/ á eftir löngu sérhljóði er ekki útilokað.

Sé gengið út frá því að munurinn á harðmæli og linnmæli byggist á afblástursreglu í máli linnmæltra minnir hann á annars vegar raddaðan og óraddaðan framburð og hins vegar einhljóða- og tvíhljóðaframburð. Í þeim tilbrigðapörum virðist einnig sem málnotendur hafi ólíkar reglur eftir því hvort afbrigðið þeir nota en þær koma þó betur fram í beygingu, sbr. *aumur* – *aumt*, *bogi* – *boga*. Orðmyndir eins og *ratar* – *radar*, *sóti* – *sódi*, *mótel* – *módel* minna hins vegar á *hv*- og *kv*-framburð þar sem málnotendur þurfa að tileinka sér ólíkar baklægar myndir. Eins og fram kom í síðasta kafla gæti það verið flókið fyrir börn sem alast upp í blönduðu málumhverfi. Í hreinu harðmælisumhverfi er *sóti* alltaf borið fram með fráblæstri en *sódi* aldrei og tileinkun þeirra ætti að vera auðleyst verkefni. Ef umhverfið er blandað er *sóti* borið fram sitt á hvað. Þá er greiningin snúnari.

Ekki er augljóst hvernig þessi munur lærist í linnmælisumhverfi. Hvernig á málnotandi sem heyrir bara framburðinn [sou:ti]/[sou:ta] að tileinka sér ólíkar baklægar myndir sagnarinnar *sóta* og nafnorðsins *sódi*? Ef til vill gera það ekki allir, eins og ritmyndir með *t* í orðum eins og *sódi* og *radar*, sem auðvelt er að finna dæmi um á netinu, gætu verið vitnisburður um.

En hugum nú að spurningunni sem lagt var upp með í þessum kafla: Hvernig blasir breytileikinn við fullorðnum málnotendum? Er það til að mynda einfalt eða flókið fyrir málnotanda sem flytur milli harðmælis- og linnmælisvæðis að tileinka sér ríkjandi afbrigði í nýjum heimkynnum?

Ef linnmæli felst í afblástursreglu þarf sá harðmælti að læra nýja reglu sem nær til baklægu hljóðanna /p,t,k/ þannig að þau verði ófráblásin á eftir löngu sérhljóði. Reglan má þó ekki ná til samsettra og afleiddra orða (*hátign*, *óteljandi*). Orð eins og *sódi* valda engum vandkvæðum því að þar er annað baklægt hljóð. Ef málkerfið er á annað borð opið fyrir því að taka upp nýjar hljóðkerfisreglur virðist því tiltölulega einfalt að tileinka sér linnmæli.

Hafi linnmæltur málhafi sem flytur norður tileinkað sér *sódi* og sambærileg orð á sama hátt, þ.e. með baklægu /d/, þarf hann að „aftengja“ afblástursregluna sem nær til /p,t,k/ til að tileinka sér harðmæli. Út frá þessari lýsingu verður ekki séð að mikill munur sé á „flækjustigi“ þess að tileinka sér harðmæli eða linnmæli.

Harðmæli	↔	Linnmæli
/p,t,k/ eru undantekningalaust fráblásin á eftir löngu sérhljóði. /b,d,g/ eru ófráblásin.		/p,t,k/ eru ófráblásin á eftir löngu sérhljóði, en þó ekki í samsettum orðum og afleiddum. <sup>35</sup> /b,d,g/ eru ófráblásin.

Það eru fyrst og fremst tökuorðin með baklægu /b,d,g/, eins og *sódi*, sem gætu flækt málið og þá hjá linnmæltum málnotendum sem tileinka sér harðmæli (sbr. umfjöllun hjá Kristjáni

<sup>35</sup> Í kafla 4.2.4 er fjallað nánar um ýmis dæmi um fráblásin hljóð í linnmælisframburði. Þar er því haldið fram að sum þeirra megi skýra með einhvers konar „sýndarorðhlutaskilum“ og í öðrum sé fráblástur tæpast skyldubundinn. Þau flækja þessa mynd því tiltölulega lítið.



Árnasyni og Höskuldi Þráinssyni 2003:172–173). Það er mögulegt að slík orð hafi baklægt /p,t,k/ í máli (einhverra) linmætra sem beiti þá afblástursreglu, rétt eins og þeir gera í *sóti* af nafnorðinu *sót* eða sögninni *sóta*. Sé svo þarf að læra þessar undantekningar sérstaklega sem gerir að verkum að flóknara er að tileinka sér harðmæli en linmæli. Hér er þó um tiltölulega fá orð að ræða.

Hér að framan kom fram að það virtist einfaldara fyrir Norðlending að taka upp óraddaðan framburð en fyrir Sunnlending að taka um raddaðan framburð. Annars konar samamburður felst í því að spyrja hvort það sé einfaldara fyrir Norðlendinginn að taka upp óraddaðan framburð en linmæli. Tileinkun óraddaðs framburðar byggist á einföldun reglu sem fyrir er í málkerfinu, allir hljómenndur afraddast á undan /p,t,k/ í stað sumra áður. Linmæli krefst hins vegar nýrrar reglu, afblástursreglu sem ekki var í málkerfinu. Stóra spurningin er hvort munur sé á því fyrir málkerfið að breyta reglu sem fyrir er eða læra nýja. Meðan við vitum ekki meira um málkerfið en raunin er getur svarið við því ekki verið annað en vangaveltur. Á hinn bóginn virðist nokkuð rakið að einfaldara sé fyrir Sunnlending sem flytur norður að tileinka sér harðmæli, með því að leggja af afblástursregluna, heldur en að læra flóknar reglur um afröddun á undan /p,t,k/.

### 2.5.5 Samantekt

Í upphafi þessa kafla um mál og heila var rætt um markaldur fyrir máltöku, þá tilgátu að hæfni til að læra mál sé mest fyrstu ár ævinnar en dali síðan eða jafnvel hverfi. Bent var á að þótt rannsóknir styddu tilgátuna væri óljóst hversu endanleg slík lok máltökunnar væru, hvernig og hve miklar breytingar gætu orðið á málkerfinu á fullorðinsárum. Í framhaldinu voru leidd rök að því að talsverður sveigjanleiki gæti verið fyrir hendi þannig að málkerfið væri að einhverju leyti endurskoðað í samræmi við nýjar upplýsingar, til dæmis þegar breytileiki í málsamfélaginu væri í sókn eða þegar fólk flytur milli málsvæða. Jafnframt var þeirri hugmynd varpað fram að þetta gæti verið mismunandi eftir því hvers konar málkerfislegir þættir ættu í hlut. Málfræðingum ber almennt saman um að málbreytingar sem kvikna geti ekki verið hvernig sem er, þær geti ekki brotið gegn lögmálum um gerð tungumála. Hugmyndin um að málkerfið geti einnig spilað inn í útbreiðslu þeirra er því engin bylting, einungis rökrétt framhald viðtekinna viðhorfa.

Í framhaldi af þessari umræðu var hugað að þremur spurningum (sjá 2-4)) sem varpa ljósi á hvað átt er við með málfræðilegum mun á málbreytingum. Þar voru ýmist tvö eða þrjú tilbrigðapör tekin sem dæmi. Í þeirri umfjöllun var meðal annars dregið fram að blandaður *hv-/kv-*framburður er eðlisólíkur skaftfellskum einhljóðaframburði/tvíhljóðaframburði. Þá voru leiddar líkur að því að fyrir barn á máltökuskeiði sé flóknara að tileinka sér raddaðan framburð en óraddaðan í blönduðu málumhverfi en það sé ekki endilega svo þegar einhljóða- og tvíhljóðaframburður eru annars vegar. Blanda *hv-* og *kv-*framburðar virðist hins vegar flókið viðfangs-efni. Loks var hugað að fullorðnum málnotendum sem flytjast milli málsvæða og rök færð fyrir því að flókið væri að taka upp raddaðan framburð en hins vegar einfaldara að leggja hann af. Minni munur væri á því að skipta milli harðmælis og linmælis. Þessi dæmi sýna að í rannsóknum á útbreiðslu málbreytinga er vert að huga að fleiri þáttum en þeim félagslegu.

### 2.6 Litið um öxl

Þegar litið er yfir umfjöllunina hér að framan þykir mér blasa við að ekkert eitt svar sé til við spurningunum um hvernig málbreytingar kvikna og hvernig þær breiðast út. Það eru ekki konur sem ráða ferðinni, eða félagsnet, sjálfsmynd, viðhorf o.s.frv. Allir þessir kraftar geta verið að verki, drifið málbreytingar áfram eða hugsanlega staðið gegn þeim, spilað saman eða togast á. Um þetta hafa félagsmálfræðingar fjallað fram og til baka, oft með mjög sannfærandi rökum og niðurstöðum þó að í mörgum tilvikum hefði gjarna mátt líta í fleiri horn. Í rannsóknum virðist vera tilhneiging til að draga fram eina eða að minnsta kosti fáar breytur og ef marktæk fylgni finnst er lausnin komin. Hér verða raunar líka valdar nokkrar breytur eins og fram kom í kafla 2.3.7, enda bjóða gögnin ekki upp á hvernig samanburð sem er. Til að mynda eru ekki forsendur til að fjalla um félagsnet. Markmiðið með því að skoða gögnin með hliðsjón af þessum breytum er tvíþætt, annars vegar að leita skýringa á þróuninni og hins vegar að mæta hana við tilgátur og niðurstöður úr öðrum rannsóknum.

Til viðbótar við þessa flóru félagslegra breytna er hér hugað að annars konar kröftum, málfraeðilegum eða málkerfislegum sem hafi áhrif á annars vegar máltöku barna í málumhverfi þar sem ríkir breytileiki og hins vegar ævibreytingar, þ.e. breytingar sem verða á lífsleiðinni. Við val á tilbrigðapörum var þetta sérstaklega haft í huga en þau eru öll að einhverju leyti ólík málfraeðilega. Tilgátan er að tileinkun breytileika á máltökuskeiði sé ólík eftir því hvers konar skilaboð slík blanda málbrigða sendir heilanum, stundum sé ein leið færari en önnur. Jafnframt er gert ráð fyrir að málkerfi fullorðinna haldi áfram að taka við boðum úr málumhverfinu og geti að einhverju marki þróast í samræmi við þau en slíkur sveigjanleiki sé misjafn eftir því hvers konar boð eigi í hlut. Sumt í málkerfinu sé fastara fyrir en annað. Um leið felur tilgátan í sér að málið sé ekki bara einhvers konar búningur eða atferli manneskjunnar, sem hún getur „valið“ eftir stöðu sinni eða stefnu í lífinu, heldur kerfi sem heilinn mótast á máltökuskeiði, hýsir og stýrir.

### 3. Rannsóknargögn og aðferðir

#### 3.1 Inngangur

Rannsóknin *Mál á mannsævi* er hluti af rannsóknarverkefninu *Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð* sem Höskuldur Þráinsson prófessor stýrði og fékk styrk frá Rannsóknasjóði (Rannís) 2010–2012. Verkefnið hefur fengið stuttnefnið RAUN. Í hljóðkerfisluta þess var safnað gögnum um framburð fólks sem tók þátt í fyrri framburðarrannsóknum og unnið með eldri gögn þannig að þau yrðu samanburðarhæf við þau nýju. Innan rannsóknarinnar hafa því verið notuð gögn um framburð úr þremur rannsóknum frá um 70 ára tímabili:

- (3-1) a. Rannsókn Björns Guðfinnssonar (BG) upp úr 1940.
- b. *Rannsókn á íslensku nútímamáli* (RÍN), frá 9. áratug 20. aldar.
- c. *Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð* (RAUN), frá 2010 til 2013.

Að nokkru leyti er um sömu aðferðir og markmið að ræða í þessum rannsóknum, en að hluta til ekki. Þannig má segja að markmiðið með bæði rannsókn Björns og RÍN hafi verið að varpa ljósi á framburð landsmanna og útbreiðslu staðbundinna framburðarafbrigða. Að auki var með RÍN stefnt að samanburði við niðurstöður Björns. Aðferðir voru hins vegar nokkuð ólíkar. Björn lagði mesta áherslu á að kanna framburð barna, en í RÍN voru allir aldurshópar undir. Þá byggði Björn alfarið á lesnum textum, en í RÍN var bæði stuðst við myndir til þess að kalla fram tiltekin orð og lesna texta. Aðferðir við framburðarhluta RAUN-rannsóknarinnar voru þær sömu og í RÍN að þessu leyti. Líkt og í fyrri rannsóknunum var RAUN ætlað að varpa ljósi á framburð landsmanna almennt en meginmarkmiðið var þó rauntímasamanburður (sjá nánar um rauntíma í kafla 3.2) og er rannsókn mín sem fyrr segir hluti af verkefninu þar sem athyglinni er beint að fjórum landshlutabundnum framburðarafbrigðum. Þau eru harðmæli, raddaður framburður, *hv*-framburður og skaftfellskur einhljóðaframburður sem var lýst stuttlega í kafla 2.5.4.3. Rannsóknarspurningarnar sem ég glími við snúast því annars vegar um almenna þróun þessara framburðarafbrigða og hins vegar um breytingar sem verða á framburði einstaklinga á lífsleiðinni, en um leið einkenni tiltekinna hópa að því leyti. Spurt er til dæmis hvernig harðmæli hafi hafst við á Norðurlandi allt frá 5. áratug 20. aldar fram á 21. öldina og hvort og þá hvernig tíðni harðmælis (og linmælis) í máli einstaklinga hafi breyst yfir æviskeiðið. Í samræmi við þetta er úrtakið sem ég byggi á ýmist allir tiltækir þátttakendur í rannsóknunum frá tilteknum svæðum og hins vegar fólk sem hafði áður tekið þátt í rannsóknum, einni eða tveimur.

Hér verður þessum þremur rannsóknum lýst: markmiði, úrtaki, aðferðum og úrvinnslu. Fjallað er um tiltæk gögn úr eldri rannsóknunum tveimur og aðferðir við að gera rannsóknirnar þrjár sem best samanburðarhæfar, bæði hvað varðar einstaklinga og hópa. Í því sambandi lá talsverð vinna í því að greina gögn Björns og finna út hversu miklar upplýsingar væri þar að finna

umfram það sem fram kemur í birtum niðurstöðum. Markmiðið var að komast eins nálægt því og hægt væri að greina framburð þátttakenda á sama hátt og gert er í RÍN og RAUN. Með því fæst skýrari mynd en áður af stöðu landshlutabundnu afbrigðanna á 5. áratug 20. aldar sem hægt er að bera saman við seinni rannsóknir. Byrjað er á því að lýsa RÍN-rannsókninni (kafla 3.3), því næst segir frá RAUN-rannsókninni (kafla 3.4), en endað er á rannsókn Björns (kafla 3.5). Þannig sést best að hvaða leyti hún er frábrugðin hinum og hvernig hægt er að bregðast við því.

Að þessari umfjöllun lokinni er sagt frá rannsóknum, misviðamiklum, sem voru gerðar í tengslum við verkefnið og beinast að félagslegum þáttum (kafla 3.6). Um er að ræða tvær rannsóknir, aðra í þremur áföngum, sem þó eru í umfjölluninni sameinaðar undir einn hatt, rannsóknina *Málþekki*, þar sem markmiðið var að kanna viðhorf og vitund um landshlutabundinn framburðar- eða málfarsmun og framburðarafbrigði. Á því sviði hefur skort á rannsóknir hér á landi sem er bagalegt þar sem sitthvað af því tagi getur samkvæmt erlendum rannsóknum haft áhrif á framgang málbreytinga og breytileika (sjá kafla 2.4.3). Sérstök ástæða er til að kanna hvort hugmyndir um að stýra framburði – sem jafnframt fólu í sér viðhorf um að sum framburðarafbrigði væru betri en önnur – hafi skilað sér inn í þjóðarsálina. Af þeim sökum er stiklað á stóru úr þeirri sögu áður en segir frá sjálfum rannsóknunum. Kafla 3.6 greinist því í nokkra undirkafla, annars vegar um nokkurs konar forsögu rannsóknanna og hins vegar um þær sjálfar og að nokkru leyti um niðurstöðurnar. Þessu er lýst nánar í inngangi kaflans (3.6.1, einnig 3.6.3.1).

Áður en að þessum greinargerðum um rannsóknir og gögn kemur er þó í næsta kafla fjallað um sýndartímarannsóknir og rauntímarannsóknir, muninn á þeim og þær upplýsingar sem hvor aðferð um sig getur veitt.


### 3.2 Sýndartími og rauntími

Eins og fram hefur komið lýtur þessi rannsókn að útbreiðslu málbreytinga. Framburðarafbrigðin sem fjallað er um eru öll gömul í íslensku máli og verður lítt hugað að því hvar, hvenær og hvernig nýjungar kviknuðu. Fræðilega má líta svo á að kviknun nýjungar taki ekki tíma. Ef maður gefur sér að einhvern tíma hafi allir landsmenn notað *hv*-framburð, þannig að upphafshljóð orða eins og *hvar* og *hvalur* hafi verið [x], hefur einhver málnotandi, einhvern tíma, verið fyrstur til að nota *kv*-framburð og segja til dæmis [k<sup>h</sup>va:r] (eða kannski nokkrir ótengdir málnotendur, sbr. umræðu í kafla 5.3.2.2). Með þessu varð *kv*-framburður til í málinu. Þá var kominn upp ytri breytileiki sem ekki var áður. Það tók ekki tíma. Framburðurinn er annaðhvort til eða ekki til. Þetta er áhugavert umfjöllunarefni sem fræðimenn geta litið ólíkum augum en er ekki viðfangsefnið hér. Þegar nýjung hefur kviknað getur hún breiðst út um málsamfélagið, sífellt fleiri tileinka sér hana sem getur endað með því að enginn málnotandi hafi eldri myndina í máli sínu. Slík útbreiðsla tekur tíma og hér verður skyggst yfir 70 ára ferli í slíkri þróun (sjá nánar um aðgreiningu kviknunar málbreytingar og útbreiðslu hjá Margréti Guðmundsdóttur 2002:26–31, 2008:16–17, einnig Hale 2007:27–47).

Tíminn er því óhjákvæmilegur förunautur þeirra sem rannsaka útbreiðslu málbreytinga um málsamfélagið (sjá t.d. Chambers og Trudgill 1998:149). Hann skapar þeim rannsóknarefni en vilji þeir rannsaka samtíma sinn er hann þeim um leið fjötur um fót. Það freistar fæstra rannsakenda, hvort sem er málfraeðinga eða annarra, að safna gögnum sem engin not eru af fyrr en jafnvel mörgum árum síðar, þegar tímabært er að fara út á akurinn á ný. **Sýndartími** (e. *apparent time*) er lausnarorðið. Ef ekki væri fyrir hann hefði margur málbreytingafræðingurinn getað tekið undir með popparanum sem söng „Tíminn er að líða, ég má aðeins bíða“.

Í tímamótarannsókn sinni á eyjunni Martha's Vineyard varð Labov (1963) fyrstur til að nota sýndartíma svo eftir væri tekið.<sup>36</sup> Með því tókst honum að varpa ljósi á málþróun, sem ævinlega tekur tíma, með rannsóknargögnum sem safnað var á einum tímapunkti. Sjálfur hefur hann talað um að nota nútímann til að skýra fortíðina, „use of the present to explain the past“ (Labov 1977, 1994:9). Aðferðin byggist á þeirri tilgátu að málfarslegur kynslóðamunur sýni breytingar á því tímabili sem aldursmunurinn spannar (sjá t.d. Milroy (Lesley) og Gordon 2003:35). Í því felst um leið sú tilgáta að eldra fólk tali í meginatriðum eins og það gerði á yngri árum. Munur á máli kynslóða allt frá hinum elstu til unga fólksins endurspeglar þá þróunina yfir hátt í mannsævi, að því gefnu að gætt sé að málaðstæðum, málsniði og félagslegum breytum eins og stétt og stöðu.

Á grundvelli sýndartímasamanburðar er hægt að draga upp myndir eins og fara hér á eftir, en þær birtust í umfjöllun Höskuldar Þráinssonar og Kristjáns Árnasonar um skagfirsku (1986:44, 51). Til vinstri er harðmæli og há einkunn á lóðrétta ásnúm er til marks um að það hafi að meðaltali verið notað ríkulega hjá viðkomandi aldurshópi (sem er á lárétta ásnúm) en einkunnin 100 felur í sér hreint línsmæli. Til hægri er raddaður framburður sýndur á sama hátt, nema hvað hann er greindur eftir þremur gerðum hljóðasambanda.



Mynd 3-1: Dæmi um sýndartímasamanburð, fengið úr umfjöllun um RÍN-rannsóknina. Harðmæli (til vinstri) og raddaður framburður (til hægri) í Skagafirði á 9. áratug 20. aldar.

<sup>36</sup> Labov (1963:292) bendir sjálfur á að Frakkinn Louis Gauchat hafi beitt sambærilegri aðferð í rannsókn sinni í Charmey í frönskumælandi hluta Sviss árið 1905 en Svisslendingurinn M.E. Hermann hélt á sömu slóðir 1929 og endurtók rannsóknina.

Til vinstri á myndinni sést að einkunn fyrir harðmæli og linmæli er talsvert lægri hjá yngri aldurshópum en þeim elstu. Samkvæmt tilgátunni um sýndartíma má hafa það til marks um að linmæli hafi sótt á áratugina áður en rannsóknin var gerð. Á hægri myndinni, sem sýnir raddaðan framburð og óraddaðan, sést að kynslóðamunurinn er miklu meiri, sem felur í sér að óraddaður framburður hafi sótt harðar á en linmæli. Á myndritum sem þessum sýnir lóðrétti ásinn oft hlutfall (%) viðkomandi málbrigðis, sem hér er umreiknað í einkunnir á bilinu 100 (0%) til 200 (100%) (sjá nánar um einkunnagjöf í kafla 3.3). Á lárétta ásnum er oft að finna fæðingarár málfafa en ekki aldur í árum eins og hér (sjá t.d. Bailey 2004:316–319).

Á 7. áratug 20. aldar urðu vatnaskil í mállýskurannsóknum. Ný sjónarhorn og aðferðir ruddu sér til rúms. Áður hafði athyglin aðallega beinst að landfræðilegri útbreiðslu málbrigða í dreifbýli þar sem staðfast<sup>37</sup> eldra fólk þótti besta heimildin og þá gjarna karlar. Á ensku er oft vísað til þessa vals á heimildarmönnum með NORMs eða NORMS, þ.e. „Nonmobile, old, rural males (eða male speakers)“ (sjá t.d. Chambers og Trudgill 1998:29). Með tilkomu félagsmálvísinda beindust sjónir manna að þéttbýli og mismunandi þjóðfélagshópum, auk áherslu á áreiðanlega söfnun ríkulegra gagna og greiningu sem stæðist vísindalegar kröfur, ekki síst tölfraðilegar. Akurinn var óplægður og mikil gróska hljóp í rannsóknir. Heimildir hlóðust upp og tíminn leið, sem reyndist ekki síður ávinningur fyrir málbreytingafræðinga. Þegar kom fram á 9. áratuginn, en þó einkum þann 10., var líkt og augu þeirra opnuðust fyrir því að nú væru fleiri leiðir færar en að láta nútímann skýra fortíðina, hún gæti gert það sjálf. Nú hófst því enn nýtt skeið þar sem svokallaðar rauntímarannsóknir áttu vinsældum að fagna og enn er ekkert lát á því. RAUN-rannsóknin er framlag Íslendinga á þessu sviði, en vert er að halda því til haga að í RÍN-rannsókninni á 9. áratugnum var rauntímasamanburður eitt af markmiðunum en slíkar rannsóknir voru þá enn fátíðar. Þá var haft uppi á um 400 manns sem áður höfðu tekið þátt í rannsókn Björns Guðfinnssonar. Þessi framsýni Höskuldar og Kristjáns hefur nú, með þriðju rannsókninni, skilað okkur Íslendingum einstökum gögnum til að leggja í púkk rauntímarannsóknna (sjá dæmi um erlendar rauntímarannsóknir t.d. hjá Labov 1994:85–98 (rannsóknir frá því fyrir 1990), einnig upptalningu yfir lengra skeið hjá Chambers og Trudgill 1998:165, Sankoff og Blondeau 2007:561 og um norrænar rannsóknir, sjá t.d. Sundgren 2002, 2004, 2009, 2019,<sup>38</sup> Sundgren, Buchstaller og Beaman 2021, einnig Hernes 2006, Hildremyr 2006, Fosheim 2010, Aasen 2011, Nornes 2011, Doublet 2012, Monka 2013, Bugge 2015).

**Rauntímarannsóknir** (e. *real-time studies*) eru langtímarannsóknir þar sem leitast er við að endurtaka fyrri rannsókn. Þær skiptast í tvo meginflokkka eftir aðferð og gjarna markmiði. **Stefnurannsókn** (e. *trend study*) felur í sér sem nákvæmasta eftirlíkingu af fyrri rannsókn. Úrtak er valið á sama hátt og áður og sömu aðferðum beitt við gagnaöflun og greiningu. Ef þátttakendur í slíkum rannsóknum spanna breitt aldursbil – og þá bæði í fyrri og síðari rannsókninni – geta þær gefið mjög skýra mynd af málþróun í tilteknu samfélagi, til dæmis

<sup>37</sup> Eins og áður vísar *staðfastur* til þess að hafa alist upp og búið á sama stað eða sömu slóðum.


<sup>38</sup> Í rauntímarannsóknum er algengast að mál fólks sé rannsakað tvisvar en Eva Sundgren (2019) segir frá nokkrum íbúum Eskilstuna í Svíþjóð sem tóku þátt í þremur rannsóknum yfir æviskeiðið.

meðal þjóðfélagshóps eða á afmörkuðu málsvæði. Það sést vel ef maður ímyndar sér að RÍN-rannsóknin, sem nánar segir frá í næsta kafla (3.3), yrði endurtekin. Hún náði til um 3000 þátttakenda á öllum aldri á öllu landinu. Á grundvelli sams konar rannsóknar nú væri hægt að draga upp býsna skýra mynd af þróun framburðar á Íslandi á þeim tæplega fjórum áratugum sem liðnir eru. Í **hóprannsókn** (e. *panel study*) er hins vegar haft uppi á sömu þátttakendum og tóku þátt í fyrri rannsókn og mál þeirra kannað að nýju. Niðurstöður slíkra rannsókna geta varpað margháttuðu ljósi á bæði eðli málkunnáttunnar og útbreiðslu málbreytinga almennt. Sú spurning hvort og þá að hvaða marki fólk breyti máli sínu á lífsleiðinni snertir bæði viðfangsefnin: Er málkunnáttan, eða jafnvel sumir þættir hennar frekar en aðrir, stöðug eftir að ákveðnum aldri er náð? Hvernig sem svarið er eykur það skilning okkar á útbreiðslu málbreytinga með því að draga fram hlutdeild fullorðinna málnotenda í slíku ferli.


Ef hóprannsókn leiðir í ljós að einstaklingar hafi breytt máli sínu getur hún ekki ein og sér skorið úr um hvort eiginleg málbreyting sé á ferðinni, þ.e. hvort tiltekið málfræðilegt fyrirbæri sé í sókn eða á undanhaldi í málsamfélaginu. Hugsanlega er um að ræða **ævibreytingu** (e. *lifespan change*) sem tengist yfirstandandi málbreytingu en annar möguleiki er **aldursbinding** (e. *age grading*) sem felur í sér að máleinkenni tengist tilteknu aldurs skeiði og breyting sem endurspeglar það endurtaki sig reglubundið innan málsamfélagsins. Sem dæmi um þennan möguleika má nefna að samanburður á harðmæli í Reykjavík í rannsókn Björns Guðfinnssonar annars vegar og RÍN-rannsókninni hins vegar leiddi í ljós að það hafði sótt í sig veðrið hjá þeirri kynslóð sem Björn rannsakaði. Ef RÍN-rannsóknin hefði aðeins náð til þeirrar kynslóðar hefði mátt túlka gögnin á tvo vegu, að harðmæli væri í sókn og breytingar á framburði þátttakenda endurspegluðu þátttöku þeirra í breytingunni (ævibreyting) eða að harðmæli yxi með aldri, þ.e. að eldra fólk væri að jafnaði harðmæltara en yngra fólk (aldursbinding). Nú náði RÍN einnig til ungmenna og framburður þeirra samanborið við framburð ungmenna Björns endurspegluði ekki sókn harðmælis. Því varð síðari túlkunin ofan á, þ.e. að um aldursbindingu væri að ræða, fólk yrði harðmæltara með aldrinum (sjá Höskuld Þráinsson og Kristján Árnason 1984:116–120, einnig Sigrúnu Þorgeirsdóttur 1984:14–16). Um þetta er fjallað nánar í köflum 5.6.1 og 5.6.4.

Með því að blanda saman stefnu- og hóprannsókn fæst skýrasta myndin af ferli málbreytingar. Stefnurannsóknin endurspeglar hvort og þá hvaða málbreytingar eru í gangi. Ef svo er og hóprannsóknin sýnir jafnframt að málþróun einstaklinga fellur í sömu átt má álykta að um ævibreytingu sé að ræða og þá um leið hve þungt hún vegur í útbreiðslu viðkomandi málbreytingar (sjá um sýndartíma og rauntíma hjá t.d. Labov 1994:73–85, Chambers og Trudgill 1998:149–153, Sankoff 2005, 2006, Sankoff og Blondeau 2007, Eckert 1997, Bailey 2004, Wagner 2012, Gregersen 2009, Gregersen o.fl. 2009, Bowie 2021).

Til að skýra betur mögulega túlkun á niðurstöðum sýndartímarannsóknar, stefnurannsóknar og hóprannsóknar er gagnlegt að nota myndrit sem sýna ímyndaðar rannsóknarniðurstöður ásamt töflu frá Labov (1994:83) með mikilvægri viðbót frá Sankoff (2005:1004). Um leið birtast takmarkanir og kostir hverrar gerðar. Fyrst kemur hér tvískipt myndrit með bæði jöfnum súlum og aldurshallandi súlum.



a) Jafnar súlur



b) Ójafnar súlur, aldurshallandi

*Myndrit 3-1: Sýndartímasamanburður: Tilbúin dæmi um tvenns konar niðurstöður um tíðni tiltekins (ímyndaðs) afbrigðis hjá þremur aldurshópum.*

Ef þetta væru niðurstöður sýndartímarannsóknar væri hefðbundin túlkun sú að jafnar súlur endurspegluðu stöðugleika, þ.e. að viðkomandi afbrigði hvorki léti undan né sækti á. Ójöfnu, aldurshallandi súlurnar væru hins vegar túlkaðar þannig að afbrigðið léti undan hjá yngri málnotendum, nýjung væri í sókn. Þessir möguleikar eru sýndir í línunum 1 og 2 í *töflu 3-1*.

Lína	Súlur	Túlkun	Einstaklingar	Samfélag
1	Jafnar	Stöðugleiki	Stöðugir	Stöðugt
2	Aldurshallandi	Málbreyting, kynslóðabundin	Stöðugir	Breytist
3	Jafnar	Málbreyting, almenn	Breytast	Breytist
4	Aldurshallandi	Aldursbinding	Breytast	Stöðugt
5	Aldurshallandi	Ævibreyting	Breytast	Breytist

*Tafla 3-1: Hugsanleg túlkun myndrita eins og í 3-1 skv. Labov (1994:83) með viðbót frá Sankoff (2005:1004, sjá einnig Sankoff og Blondeau 2007:563).*

Fyrirnefnd túlkun á línunum 1 og 2 í töflunni felur í báðum tilvikum í sér að málnotkun eldra fólksins sé vitnisburður um fyrri tíð og um leið að málnotkun þess hafi ekki breyst. Hafi það hins vegar gerst eru mögulegar túlkunarleiðir fleiri. Labov gerði á sínum tíma ráð fyrir þeim tveimur sem sýndar eru í 3. og 4. línu. Jafnar súlur (í 3. línu) gætu þýtt að mál eldra fólksins hafi breyst í takti við yfirstandandi málbreytingu. Enginn kynslóðamunur stafar þá ekki af stöðugleika heldur því að allar kynslóðir hafi breytt máli sínu á sama hátt. Þetta kallar Labov *communal change* eða **almenna málbreytingu**, andstætt *generational change* eða **kynslóðabundinni málbreytingu**. Aldurshallandi súlur gætu hins vegar þýtt að viðkomandi afbrigði hafi sótt í sig veðrið í máli fólks eftir því sem leið á ævina, þ.e. að áður fyrr hafi það talað eins og unglíngarnir nú. Hér er þá um **aldursbindingu** (e. *age grading*) að ræða, kynslóð eftir kynslóð gengur í gegnum sama ferlið og samfélagið í heild er stöðugt. Klassískt dæmi – og í anda kunnuglegs viðhorfs um mál ungs fólks – væri að óskýrmæli af einhverju tagi léti undan á fullorðinsárum.


Sankoff (2005:1004, sjá einnig Sankoff og Blondeau 2007:563) bætti við fimmta möguleikanum, **ævibreytingu** (e. *lifespan change*). Munurinn á ævibreytingu og aldursbindingu birtist í samfélaginu. Í báðum tilvikum breyta einstaklingar máli sínu með aldrinum en ævibreyting felur



í sér að málbreyting sé í gangi í samfélaginu og bæði eldri og yngri málnotendur breyti máli sínu í sömu átt, eða með orðum Sankoff (2005:1011): „... individual speakers change over their lifespans in the direction of a change in progress in the rest of the community“.

Sýndartímarannsókn dugir ekki til að greina á milli allra túlkunarmöguleikanna í *töflu 3-1*. Hún getur ekki svarað því hvort framburður einstaklinga sé í raun stöðugur eða hvort hann breytist með tímanum. Til að kanna það þarf rauntímarannsókn. Oftast dugir stefnurannsókn til að greina milli möguleikanna. Það má útskýra betur með þremur mögulegum niðurstöðum úr ímyndaðri slíkri rannsókn.

Byrjum á því að gefa okkur að árið 1990 hafi verið gerð rannsókn sem náði til þriggja aldurs- hópa, 25 ára, 45 ára og 65 ára. Viðfangsefnið var tíðni tveggja setningagerða, A og B, sambærilegt við að könnuð væri tíðni *nefið mitt/hárið mitt* o.s.frv. og þá um leið *nefið á mér/hárið á mér*. Niðurstöður sýndu að allir aldurshópar notuðu afbrigði A í 65% tilvika. Þar sem enginn munur var á aldurshópum var enga breytingu að sjá. Þetta sýna **bláu súlurnar** á *myndriti 3-2*.




*Myndrit 3-2: Sýndartími og rauntími: Niðurstöður úr ímynduðu dæmi um rannsókn frá 1990 sem var endurtekin árið 2010.*

Árið 2010 fer rannsakandinn aftur á stúfana og rannsakar sams konar úrtak á sama hátt þannig að um stefnurannsókn er að ræða. Þá eru allir aldurshópar komnir upp í 85%, sbr. **rauðu súlurnar** á *myndriti 3-2*. Þetta sýnir glögglega að samfélagið hefur breyst, málbreyting hefur átt sér stað á þessum 20 árum.

Þar sem 20 ár liðu milli rannsóknanna og sama bil er milli aldurshópanna er hópurinn 25 ára árið 1990 sama kynslóð og sú sem er 45 ára árið 2010. Þetta er sýnt með örvum á myndritinu. Samanburður milli rannsóknanna sýnir því að þessi kynslóð hefur breytt máli sínu á undan- gengnum 20 árum. Það sama gildir um kynslóðina sem var 45 ára í fyrri rannsókninni en 65 ára í þeirri seinni. Í þessu tilviki eru niðurstöðurnar túlkaðar sem **almenn málbreyting** (sbr. 3. línu í *töflu 3-1*). Samfélagið hefur breyst og einstaklingar hafa breytt máli sínu.

Gefum okkur nú að niðurstaðan árið 1990 hafi verið á annan veg. Í ljós kom aldursmunur þar sem tíðni setningagerðar A hækkaði með lækkandi aldri. Þarna virtist kynslóðabundin málbreyting á ferðinni eins og **bláu súlurnar** á *myndriti 3-3* sýna ef aðeins er horft á þær.


### 3. Rannsóknargögn og aðferðir



Myndrit 3-3: Sýndartími og rauntími: Niðurstöður úr ímynduðu dæmi um rannsókn frá 1990 sem var endurtekin árið 2010.

Seinni rannsóknin, þ.e. stefnurannsóknin árið 2010, leiðir hins vegar í ljós alveg sama mynstur, sbr. **rauðu súlurnar** á myndriti 3-3. Samfélagið hefur ekkert breyst á þessum 20 árum heldur fylgir þessi tiltekna málnotkun aldri. Unga fólkið notar frekar setningagerð A en eftir því sem líður á ævina vísar hún fyrir gerð B. Hér eru því niðurstöðurnar túlkaðar sem **aldursbinding** (sbr. 4. línu í töflu 3-1). Samfélagið er stöðugt en einstaklingar breyta máli sínu á lífsleiðinni.

Þá er aðeins 5. línan í töflu 3-1 eftir, **ævibreyting** sem felur í sér að bæði samfélagið og einstaklingar breyti máli sínu. Ímyndum okkur því enn eina niðurstöðuna úr rannsókninni 1990. Eins og áður er mest um nýjungina (A) hjá yngsta fólkinu en tíðnin er hverfandi hjá því elsta, aðeins 5%. Sem fyrr sýna **bláu súlurnar** þessa rannsókn.



Myndrit 3-4: Sýndartími og rauntími: Niðurstöður úr ímynduðu dæmi um rannsókn frá 1990 sem var endurtekin árið 2010.

Þegar rannsóknin er endurtekin árið 2010 kemur í ljós að nýjungin (A) er algengari en áður hjá öllum aldurshópum. Samfélagið hefur greinilega breyst. Það sama gildir um kynslóðirnar sem nú eru rannsakaðar í annað sinn. Tíðni nýjungarinnar hefur aukist talsvert í máli þeirra sem voru 25 ára árið 1990 en 45 ára árið 2010, þó eru þeir eftirbátar yngstu kynslóðarinnar árið 2010 sem greinilega leiðir málbreytinguna. Tíðnin hefur einnig aukist hjá þeim voru 45 ára í fyrri

rannsókninni og 65 ára í þeirri síðari, en ekki eins mikið. Myndin er því nokkuð flókin. Samfélagið hefur breyst og einstaklingar hafa breytt máli sínu í takti við yfirstandandi málbreytingu. Hér er því **ævibreyting** á ferðinni (sbr. 5. línu í *töflu 3-1*) en myndin endurspeglar þó einnig að hækkandi aldur sé þar einhver fyrirstaða. Fólk breytir máli sínu frekar milli 25 og 45 ára heldur en milli 45 og 65 ára.

Rannsóknin *Mál á mannsævi* er sérstök að því leyti að ein kynslóð var rannsökuð þrisvar yfir æviskeiðið og markmiðið að skoða þær breytingar sem yrðu á lífsleiðinni frá ýmsum sjónarhornum. Sambærilegar rannsóknir eru fáar en þó má nefna Evu Sundgren (2019) sem sótti sex málhafa heim árið 2018 en þá var hálf öld liðin frá fyrstu rannsókninni. Litlu skemmri tími leið milli fyrstu og þriðju upptöku af máli Mörtu sem Margareta Svahn fjallar um í grein sinni frá 2015 en innan við aldarfjórðungur milli þriggja rannsókna sem náðu til 12 málhafa í Montréal í Kanada (sjá t.d. Sankoff 2019b og fleiri greinar eftir hana og bæði Blondeau og Wagner). Í umfjöllun um þessar rannsóknir hefur sjónum þó einkum verið beint að tveimur þeim fyrri.<sup>39</sup> *Mál á mannsævi* spannar lengri tíma og nær til fleiri þátttakenda. Börnin sem Björn rannsakaði voru um fimmtugt í RÍN og um áttætt í RAUN. Því gefst tækifæri til að kanna hvort það sé raunin að hækkandi aldur sé fyrirstaða eins og í síðasta ímyndaða dæminu. Er það svo að málnotendur taki frekar þátt í yfirstandandi málbreytingu fyrir fimmtugt en eftir? Það er meðal þess sem kannað verður í 5. kafla (sjá kafla 5.6) en til að það væri unnt þurfti að tryggja að rannsóknirnar þrjár væru samanburðarhæfar þrátt fyrir ýmsan mun. Í næstu köflum er gerð grein fyrir þeim.

### 3.3 Rannsókn á íslensku nútímamáli – RÍN-rannsóknin

*Rannsókn á íslensku nútímamáli*, eða RÍN, undir stjórn Höskuldar Þráinssonar og Kristjáns Árnasonar (hér eftir oft HP og KÁ), hófst árið 1980. Þá safnaði Höskuldur efni í Mývatnssveit, sem segja má að hafi verið nokkurs konar forrannsókn en gögnin urðu hluti af safni RÍN. Sama ár var efni safnað í Vestur-Skaftafellssýslu og sýslur landsins lagðar að baki ein af annarri næstu árin. Efnissöfnun var að mestu lokið um eða upp úr miðjum 9. áratugnum en eftirlegukindur þó sóttar allt til 1990 (yfirlitsumfjöllun um rannsóknina er einkum að finna hjá HP og KÁ 1986:31–40, 1992:89–97, KÁ og HP 2003:164–165 en hér er einnig stuðst við skýrsluna RÍN – *Niðurstöður* og byggt á SPSS-skrám og frumgögnum).

Þrátt fyrir nafngiftina var RÍN fyrst og fremst framburðarrannsókn, en viðtölin hafa einnig að geyma talsverðar heimildir um orðanotkun landsmanna. Þátttakendur voru hátt í 3200, búsettir um allt land, en í birtum niðurstöðum er alla jafna byggt á um 3000 manns. Markmiðið var að ræða við um 100 manns í hverri sýslu en þátttakendur urðu þó færri í fámennari sýslum og fleiri í þeim fjölmennari. Yngstu þátttakendurnir voru á unglingsaldri og þeir elstu komnir yfir nírrætt, sá elsti fæddur 1887. Hópurinn skiptist nokkuð jafnt milli kynja, konur voru rúmlega 1500 og karlar liðlega 100 fleiri. Yngstu þátttakendurnir, 12–20 ára, voru hlutfallslega flestir, eða um 40%

<sup>39</sup> Um síðustu rannsóknina í Montréal, árið 1995, má lesa hjá Blondeau 2006.

úrtaksins, en tveir elstu hóparnir, þ.e. 56 ára og eldri, mun fámennari, eða 17%. Allstór hluti úrtaksins féll í aldurshópin 46–55 ára, en þar var um að ræða þá kynslóð sem var þungamiðjan í rannsókn Björns Guðfinnssonar. Sérstaklega var leitast við að hafa uppi á fólki sem tók þátt í rannsókn Björns og voru þeir þátttakendur um 400, flestir um eða yfir fimmtugt þegar þeir tóku þátt í RÍN. Meginreglan við val á þessum þátttakendum var að tala aftur við fólk sem enn bjó á sama svæði og í rannsókn Björns en í gagnasafninu er einnig að finna viðtöl sem Guðvarður Már Gunnlaugsson tók við fólk úr Vestur-Skaftafellssýslu sem var flutt á höfuðborgarsvæðið í RÍN (sjá Guðvarð Má Gunnlaugsson 1983a, Margréti Guðmundsdóttur 2002:38–45). Hér verður þeirri venju iðulega fylgt að nota orðið *málhafi* um þátttakendur í rannsókninni.<sup>40</sup>

Höskuldur og Kristján lýstu markmiði sínu sem þriðjættu (HP og KÁ 1986:32). Í fyrsta lagi að kanna hvernig talað væri á Íslandi á 9. áratug 20. aldar. Sjónum var beint að öllum þekktum landshlutabundnum afbrigðum, en einnig nýrri afbrigðum sem ekki var vitað til að væru svæðisbundin. Sömuleiðis voru kannaðar nokkrar gerðir af samlögunum og brottföllum, sem þeir segja að „e.t.v. mætti kenna við óskýrmæli“ (HP og KÁ 1984:128) en jafnframt að það sé „kannski ekki hlaupið að því að skilgreina í hvelli hvað felist í þessu óskýrmæli“ (KÁ og HP 1983:96). Í öðru lagi var markmiðið að bera mál þessa tíma saman við mál landsmanna 40 árum fyrr. Þar litu þeir fyrst og fremst til rannsóknar Björns Guðfinnssonar, en frá henni segir nánar í kafla 3.5. Í þriðja lagi höfðu þeir í huga að gögnin mætti nota til að prófa ýmsar tilgátur um hvernig mál breytast. Þeir spurðu: „Að hvaða marki breyta menn máli sínu í tímans rás og að hve miklu leyti felast málbreytingar í því að nýjar kynslóðir tali öðru vísi en þær eldri?“ (HP og KÁ 1986:32).

Í greinum Höskuldar og Kristjáns um rannsóknina er samanburður sem varpar ljósi á þróun og horfur meira áberandi en hrein lýsing á tíðni og útbreiðslusvæði framburðarabrigða þegar RÍN-rannsóknin var gerð. Slíkt yfirlit er hins vegar að finna í bókinni *Hljóð* eftir Kristján Árnason (2005:368–425). Þeir beittu einkum þremur aðferðum við samanburðinn. Í fyrsta lagi skiptu þeir málhöfum í fimm aldurshópa og báru saman framburð þeirra. Í öðru lagi báru þeir yngstu málhafana saman við niðurstöður Björns Guðfinnssonar, en flestir þátttakendur í rannsókn hans voru ungir að árum (sjá kafla 3.5). Í þriðja lagi báru þeir aldurshópin 46–55 ára sérstaklega saman við niðurstöður Björns, en um 60% þeirra málhafa höfðu einnig tekið þátt í rannsókn Björns (samanburð af þessu tagi má sjá hjá KÁ og HP 1983, 2003, HP og KÁ 1984, 1986, 1992, KÁ 2005, en niðurstöður Björns er einkum að finna í *Mállýzkum I og II* frá 1946 og 1964).

Fyrstnefnda aðferðin, þar sem málhöfum er skipt í aldurshópa, felur í sér sýndartíma-samanburð (e. *apparent-time*) sem fjallað var um í kafla 3.2. Samanburður yngsta aldurshópsins í RÍN við niðurstöður Björns er hins vegar í anda stefnurannsókna, sem er önnur megin aðferðin innan rauntímarannsókna. Þær fela í sér eftirlíkingu af fyrri rannsókn þar sem úrtak er valið á sama hátt og áður og sömu aðferðum beitt við gagnaöflun og greiningu. Aðferðum Björns var þó ekki fylgt nákvæmlega, enda hefði varla þótt forsvaranlegt á 9. áratug 20. aldar að notast aðeins við lesna texta eins og Björn gerði. Það var þó gert að hluta til að gera rannsóknirnar betur

<sup>40</sup> *Málhafi* er væntanlega sniðið eftir *hljóðhafi* sem Björn Guðfinnsson notaði.

samanburðarhæfar (sjá nánar hér á eftir um aðferðir í RÍN). Ungur aldur samanburðarhópanna sker sig nokkuð úr í flóru stefnurannsókna, en það helgast af tiltækum efnivið. Hér á landi hafði einfaldlega verið gerð stór rannsókn sem einkum náði til barna.

Samanburður aldurshópsins 46–55 ára við niðurstöður Björns var hins vegar vísir að hóp-rannsókn. Venjulega er þá um að ræða alveg sömu þátttakendurna en í þessu tilviki tóku margir málhafar, en ekki allir, þátt í báðum rannsóknunum. Lítið hefur verið gert af því að „einangra“ þann hóp og skoða hann sérstaklega. Tvær BA-ritgerðir hafa þó byggst á slíkri greiningu, Guðvarður Már Gunnlaugsson (1983a) fjallaði um skaftfellskan einhljóðaframburð og Þórunn Blöndal (1984) um flámæli í Reykjavík. Þá nýtti ég í MA-ritgerð minni gögn Guðvarðar Márs um brottflutta Vestur-Skaftfellinga til að bera saman þróun *hv*-framburðar hjá þeim og málhöfum sem enn bjuggu heima í héraði (sjá Margréti Guðmundsdóttur 2002:140–143).

Í RÍN voru viðtöl tekin upp á segulband og skiptist hvert viðtal í nokkra þætti. Í byrjun voru þátttakendur spurðir um nafn, aldur og ýmsa persónulega hagi. Leitast var við að hafa þennan hluta afslappaðan og gjarna spjallað um menn og málefni héraðsins, einkum þegar fullorðið fólk átti í hlut. Að þessu loknu var dregin fram myndamappa og þátttakendur spurðir um heiti þess sem þar bar fyrir augu. Jafnan var byrjað á orðunum *fata* og *bjúga*, sem bæði buðu upp á umræðu um landshlutabundinn mun. Rætt var um *fötur*, *skjólur*, *spennur* og *spöndur*, *bjúgu*, *sperðla* og *grjúpán*. Með þessu móti var athyglin dregin frá framburði og er óhætt að segja að þátttakendur hafi mjög sjaldan látið í ljós vitund um að hann væri til athugunar. Að lokinni umræðu um þessi upphafsorð var haldið áfram með myndirnar, sem í heild kölluðu fram orð þar sem allur þekktur landshlutabundinn framburðarmunur kemur fram og sitthvað fleira sem síður eða ekki er hægt að tengja við einstök svæði. Sumum orðum var ætlað að kanna svokallaða ofvöndun, einkum *hv*-framburð þar sem hann á ekki heima, til dæmis í orðinu *kvörn*. Inn á milli voru myndir sem dreifðu athyglinni rétt eins og þær fyrstu. Mynd 3-2 sýnir tvö dæmi úr myndalistanum. Fata skapaði sem fyrr segir umræðu um ólík orð en var einnig próforð fyrir harðmæli/linmæli. Mynd af krökkum kallaði gjarna fram orðin *strákur* (harðmæli/linmæli) og *stelpa/stúlka* (raddaður/óraddaður framburður) en stundum *drengur* (einhljóð/tvíhljóð) eða *piltur* (ofvöndun raddaðs framburðar).<sup>41</sup>



Mynd 3-2: Tvær myndir sem notaðar voru í RÍN.

<sup>41</sup> Hjá þeim sem nota það sem Baldur Jónsson (1982) kallaði „tvenns konar *lr*“ er /l/ jafnan óraddað sé hljóða-sambandið í stofni eins og í *piltur* (sjá nánar í kafla 4.3.4).

Að lokinni yfirferð yfir myndalistann voru þátttakendur beðnir um að lesa texta. Nær undantekningalaust var því vel tekið og án spurninga um markmið. Byrjað var á sögunni *Bjarni blaðasali* þar sem fram kom svipuð flóra próforða og í myndalista. Þó var meira um tilraunir til að mæla svokallað óskýrmæli af ýmsu tagi og orðin voru að hluta til annars konar. Í textanum var til að mynda að finna spurnarorð, en í myndalista voru öll *hv*-orðin nafnorð. Sömuleiðis var leitað eftir samlögun eða brottfalli atkvæða eða hljóða á orðaskilum (til dæmis örlög /ð/ í orðinu *að í fljótur að forða sér*).

Oft var dreginn fram að minnsta kosti einn texti í viðbót, en hann var þá valinn með tilliti til viðkomandi svæðis. Á Suðausturlandi var gjarna lesinn *Árni í Vogu*, þar sem talsvert var af orðum sem bjóða upp á *rn-*, *rl*-framburð (til dæmis *Árni* og *Sturluson*) og skafffellskan einhljóðaframburð (til dæmis *Vogi* og *lögin*). Einnig var *Sighvatur í Hvammi* oft lesinn en þar úði og grúði af *hv*-orðum, svo mjög að textinn er talsvert langt frá því að geta talist eðlilegt mál. Því hef ég valið að taka hann ekki með í minni rannsókn. Á Norðurlandi var hins vegar lesinn texti um *Norðurlandsmót* þar sem megináherslan var á raddaðan framburð, en einnig harðmæli og *bð-*, *gð*-framburð. Textana sem hér hafa verið nefndir er að finna í *Viðauka I*.

Úrvinnsla hófst sumarið 1981, en áður hafði Höskuldur unnið sjálfur úr gögnum sínum úr Mývatnssveit og skrifað grein um niðurstöðurnar (HP 1980). Allan 9. áratuginn sátu stúdentar yfir upptökunum sumrin löng og greindu framburðinn. Að minnsta kosti tveir fóru yfir hverja upptöku, en að auki hlustuðu annaðhvort Höskuldur eða Kristján á marga málhafa eða að minnsta kosti vafadæmi. Notuð voru fjölfölduð úrvinnslublöð þar sem próforðin voru forskráð og við þau bókstafir sem táknuðu framburðarbreyturnar sem hlustarar gáfu viðeigandi gildi. Þannig var til dæmis bókstafurinn *E* breytan fyrir *hv*-framburð. Gefinn var plús fyrir *hv*-framburð en mínus fyrir *kv*-framburð. Raddaður framburður fékk bókstafinn *A*, sem einnig fékk annaðhvort plús- eða mínusgildi. Harðmælisbreytan var *C* og gat fengið þrenns konar gildi, 0 fyrir linnmæli, 2 fyrir harðmæli og 1 fyrir framburð sem hlustarar greindu sem millistig milli harðmælis og linnmælis. Sami háttur var hafður á með skafffellskan einhljóðaframburð, *J*-breytuna. Þar var 0 tvíhljóðaframburður, 2 einhljóðaframburður en 1 millistigsframburður.

Alls voru framburðarbreytur af þessu tagi 21, flestar tvígildar. Við innslátt í forritið SPSS, *Statistical Package for the Social Sciences*, voru margar þeirra greindar nánar niður. Í sumum tilvikum var skilið á milli eðlilegs framburðar og svokallaðrar ofvöndunar og í öðrum voru breytur sem náðu til tiltekins hljóðaumhverfis greindar í nokkrar gerðir eftir hljóðum. Þannig var til dæmis *J*-breytan, skafffellskur einhljóðaframburður, greind í *J1*, *J2* og *J3*. Sú fyrsta náði til hljóðanna /a,o,u,i,ö/ á undan *-gi*, en /e/ fékk sérstaka breytu, *J2*, þar sem rannsókn Björns Guðfinnssonar hafði leitt í ljós að talsvert er um að þetta hljóð sé tvíhljóð hjá þeim sem að öðru leyti hafa hreinan einhljóðaframburð. Undir *J3* féllu orð eins og *eigi* og *bæinn* þar sem einhljóðaframburður á ekki heima. *A*-breytan, raddaður framburður, hlaut svipuð örlög. Þar fékk /ð/, sbr. *maðkur*, breytuna *A1*. Hljóðin /m,n/ í orðum eins og *hempa* og *hanki* fengu breytuna *A2*, en /l/ skiptist í tvær breytur eftir því hvort á eftir fór /p,k/ (*A3*) eða /t/ (*A4*), annars vegar í orðum eins og *úlpa*, *mjólk* og hins vegar í *bolti*, *tólfti*. Loks táknaði *A5* ofvöndum, bæði í orðum eins og *mark*

og orðum með /lt/ sem ekki falla undir raddaðan framburð samkvæmt greiningu Baldurs Jónssonar (1982), til dæmis *piltur*.

Í innslættinum í SPSS fengu tvígildar breytur gildið 1 eða 2 en þrígildar að auki 1,5. Þannig fengu orð sem sögð voru með *kv*-framburði, óródduðum framburði, tvíhljóðaframburði og linnmælisframburði gildið 1, en 2 þegar hlustarar höfðu greint *hv*-framburð, raddaðan framburð, skafffellskan einhljóðaframburð og harðmælisframburð. Ef þeir höfðu greint millistig milli harðmælis og linnmælis eða einhljóðs og tvíhljóðs var gildið 1,5 slegið inn.

Á grundvelli þessa er hægt að reikna meðaleinkunn hvers þátttakanda fyrir hverja breytu. Sá sem notar alltaf *kv*-framburð í viðeigandi próforðum fær 1 í meðaleinkunn, en sá sem notar alltaf *hv*-framburð fær 2 í meðaleinkunn. Ef próforðin fyrir *hv*-framburð væru tíu og þátttakandi segði sjö þeirra með *hv*-framburði en þrjú með *kv*-framburði, þ.e. notaði *hv*-framburð í 70% tilvika, yrði einkunnin 1,7. Sú hefð hefur skapast að tákna þessar einkunnir með tölunum 100–200 í stað 1,00–2,00 og verður henni fylgt hér eftir.

Tvö tilbúin dæmi um meðaleinkunn fyrir þrígilda breytu eru sýnd í *töflu 3-2*. Þar eru fjögur próforð fyrir harðmæli og hlustari hefur greint framburðinn í linnmæli (0), harðmæli (2) eða millistigsframburð (1). Sýnt er hvernig mat hans verður að einkunnum og meðaleinkunn.

Orð	Málhafi 1		Málhafi 2	
	Mat hlustara	Slegið inn í SPSS	Mat hlustara	Slegið inn í SPSS
Fata	2	2,00	2	2,00
Lítir	0	1,00	0	1,00
Pípa	0	1,00	1	1,50
Vökva	2	2,00	1	1,50
<b>Meðaleinkunn</b>		<b>1,50 = 150</b>		<b>1,50 = 150</b>

*Tafla 3-2:* Tilbúin dæmi um tvo málhafa og mat á harðmælisdæmum ásamt því hvernig þau verða að einkunn fyrir hvert orð og síðan meðaleinkunn málhafans fyrir harðmæli við innslátt í SPSS.

Segja má að allar meðaleinkunnir á bilinu 101–199 séu tvíræðar fyrir þær breytur þar sem greindur var millistigsframburður. Þetta sést í *töflu 3-2* þar sem báðir málhafarnir fá 150 í meðaleinkunn. Hjá málhafa 1 grundvallast hún á því að hann notar harðmæli í 50% próforðanna en linnmæli í 50% tilvika. Hjá málhafa 2 er meðaleinkunnin 150 tilkomin vegna dreifingar milli linnmælis, harðmælis og millistigsframburðar. Þriðji möguleikinn væri að málhafi með meðaleinkunnina 150 hefði í öllum tilvikum notað millistigsframburð, það sem hlusturum fannst hvorki vera skýrt harðmæli né linnmæli. Hann fengi því 150 í einkunn án þess að hafa í nokkru orði notað ótvíræðan harðmælis- eða linnmælisframburð. Þetta torveldar samanburð við rannsókn Björns Guðfinnssonar, þar sem allar breytur voru tvígildar eins og lýst verður í kafla 3.5. Í RAUN-rannsókninni, sem þessi rannsókn er hluti af, var þessi aðferð því endurskoðuð og ráðist í að hlusta aftur á hluta af RÍN-gögnunum þar sem þrígildum breytum var breytt í tvígildar og þannig tekin afstaða til vafamála líkt og gera má ráð fyrir að Björn hafi stundum þurft að gera. Nánar segir frá þessu í kafla 3.4 um RAUN-rannsóknina.

Meðaleinkunnir fyrir einstakar breytur má reikna fyrir einstök svæði eða landið allt og eftir

kyni og aldri, sem og menntun samkvæmt þeim upplýsingum sem um hana fengust. Þá er hægt að reikna út fylgni milli breytna, til dæmis milli tiltekins framburðar og aldurs eða kyns, og kanna hvort hún sé marktæk eða teljist tilviljun. Umfjöllun Höskuldur og Kristjáns um niðurstöður rannsóknarinnar hafa byggst á útreikningum af þessu tagi (sjá KÁ og HP 1983, 2003, HP og KÁ 1984, 1986, 1992, KÁ 2005) en heildarsamantekt er að finna í óútgefinni skýrslu, *RÍN – Niðurstöður*. Þar eru heildareinkunnir hvernar breytu fyrir landið í heild og hverja sýslu, þar sem niðurstöðurnar eru einnig greindar eftir aldri, sveitarfélögum og kyni. Aðeins er misjafnt hversu vel upprunaleg innsláttargögn hafa varðveist, enda hefur tæknin tekið stórstígum breytingum frá því tölfræðiúrvinnslu lauk. Í sumum tilvikum eru til gagnaskrár einstakra málhafa þar sem hægt er að skoða framburð tiltekinna orða, en í öðrum eru aðeins til heildarskrár með meðaleinkunn hvers málhafa fyrir hverja breytu. Ég hef ekki orðið annars vör en að úrvinnslublöð með skráningu hlustara séu tiltæk sem og upptökur sem á annað borð heppnuðust og hafa þær verið fluttar á stafrænt form. Við vinnu mína hef ég haft aðgang að öllum þessum gögnum.

Eins og marka má af lýsinguinni hér að framan var rannsóknin umfangsmikil og spannaði langt tímabil, hátt í 20 ár þegar allt er talið. Hún var byggð á fjölda styrkja úr Vísindasjóði og Rannsóknasjóði Háskólans auk þess sem einstakir kaupstaðir og sýslur styrktu verkefnið (sjá KÁ og HP 1983:81–82, HP og KÁ 1984:113, 1986:31). Ætla má að á þriðja tug stúdenta hafi unnið við verkefnið og ýmsir fræðimenn og velunnarar lögðu hönd á plóg. Þá er ógetið skólastjóra og stjórnenda stofnana og fyrirtækja þar sem rannsóknin var lögð fyrir, að ógleymdum þátttakendum sem lögðu fram sjálfan efniviðinn og helltu upp á ófáar kaffikönnurnar. Sjálfir lögðu þeir Höskuldur og Kristján fram fleiri vinnustundir en taldar verða og stýrðu þessari skútu í höfn. Ekki er ofsögum sagt að þeir hafi unnið þrekvirki með RÍN-rannsókninni.

Ég var svo lánsöm að fá tækifæri til að vinna við alla þrjá meginþætti RÍN-rannsóknarinnar. Ég fór í síðustu viðtalsferðina þar sem rætt var við unglinga á Snæfellsnesi og í Reykhólasveit. Tvö sumur vann ég við að greina framburð eftir upptökum og um hálf tveggja hefur reynst ómetanleg reynsla í vinnu við rannsóknina *Mál á mannsævi* og auðveldað mér bæði túlkun og endurtúlkun gagna og niðurstæðna. Ég leyfi mér að fullyrða að þessi ritgerð hefði aldrei orðið til hefðu Höskuldur og Kristján ekki boðið mér vinnu við RÍN sumarið 1988.

#### *3.4 Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð – RAUN-rannsóknin*

Árið 2010 fékkst styrkur frá Rannsóknasjóði (Rannís) til að hefjast handa við verkefnið *Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð*, eða RAUN-rannsóknina, undir stjórn Höskuldur Þráinssonar. Af öðrum þátttakendum, styrkjum og tengdum verkefnum segir í formála en vert að rifja upp að árið 2015 var safnað viðbótargögnum um framburð norðlenskra ungmenna með sérstökum stuðningi Málvísindastofnunar. Hér er vísað til þessarar rannsóknar sem hluta af RAUN-rannsókninni og til dæmis talað um „ungmenni sem tóku þátt í RAUN“ enda var sömu aðferðum beitt. Þó er gjarna minnt á að þessi þáttur er sér á báti því að athugunin fór fram aðeins seinna og á tiltölulega litlu svæði.



RAUN-rannsóknin skiptist í tvo meginþætti, hljóðkerfishluta og setningahluta. Markmiðið með þeim báðum var að nota rauntímasamanburð til að fylgja eftir þróun tilbrigða í íslensku máli. Annars vegar skyldi sjónum beint að þróun framburðarafbrigða hjá fólki á allt að 70 ára tímabili og þá um leið þróun framburðarafbrigðanna almennt og hins vegar að þróun svo-nefndrar nýrrar þolmyndar (eða nýrrar ópersónulegrar setningagerðar) frá unglingsárum til fullorðinsaldurs. Þetta má kalla lýsandi markmið rannsóknarinnar en jafnframt hefur hún víðara fræðilegt markmið sem felst í því að öðlast betri skilning á málbreytingum og breytileika í máli almennt og þá ekki síst hvernig og að hvaða marki þar er um að ræða samspil málfræðilegra og félagslegra þátta. Um var að ræða hóprannsókn (e. *panel study*, sjá kafla 3.2), þ.e. leitað var uppi fólk sem hafði áður tekið þátt í rannsókn eða rannsóknum á máli.

Í setningahlutanum var haft uppi á þátttakendum úr rannsókn sem Joan Maling og Sigríður Sigurjónsdóttir gerðu 1999–2000. Þá könnuðu þær mál yfir 1700 ungmenna um land allt á aldrinum 15–16 ára og 197 þeirra tóku þátt í RAUN-rannsókninni, þá 26–28 ára (sjá Sigríði Sigurjónsdóttur og Joan Maling 2001, Maling og Sigríði Sigurjónsdóttur 1997, 2002, Sigríði Sigurjónsdóttur 2017:264–266).

*Mál á mannsævi* er hluti af hljóðkerfishluta RAUN og því er fyrst og fremst um hann fjallað hér. Þar var alls rætt við 638 málhafa sem höfðu ýmist tekið þátt í bæði rannsókn Björns Guðfinnssonar og RÍN eða annarri hvorri rannsókninni. Viðtölin náðu til fólks í öllum sýslum samkvæmt þeirri sýsluskipan sem var við lýði á tímum RÍN-rannsóknarinnar og verður notuð í umfjöllun þó að sýslur séu ekki lengur stjórnsýslueiningar. Þá voru þessir þátttakendur flestir á aldrinum 15–55 ára. Þegar kom að RAUN-rannsókninni voru þeir yngstu komnir um fertugt. Áhersla var lögð á að ná til sem flestra sem höfðu tekið þátt í rannsókn Björns og voru því fæddir í kringum 1930. Þeir voru komnir um og yfir áttrætt í RAUN, en nokkrir voru þó enn eldri, sá elsti fæddur 1922.

Konur voru heldur fleiri en karlar, eða 55%, en hlutfallið var aðeins misjafnt eftir aldurs-  
hópum. Hjá þeim yngstu var skiptingin nánast jöfn en í hópi hinna eldri voru fleiri konur. Við þessu varð ekki séð. Margir sem tóku þátt í rannsókn Björns voru fallnir frá eða heilsutæpir. Í hópnum sem upphaflega tók þátt í rannsókn Björns og síðan í RÍN eru nú einfaldlega fleiri konur.

Í RAUN var annars vegar rætt við fólk sem enn bjó á sömu eða svipuðum slóðum og í fyrri rannsókn eða rannsóknum og hins vegar fólk sem hafði flutt til höfuðborgarsvæðisins. Markmiðið var að bera saman þróun staðbundinna framburðarafbrigða hjá þessum tveimur hópum sem hér verða nefndir staðfastir og brottfluttir að dæmi Margrétar Láru Höskuldsdóttur (2012, 2013).

Á Norðurlandi og Suðausturlandi háttar svo til að stór hluti þátttakenda í rannsókn Björns og RÍN hafði í máli sínu fleiri en eitt svæðisbundið framburðarafbrigði, þ.e. annan framburð en tíðkast meðal flestra landsmanna. Á Norðurlandi, einkum Norðausturlandi, voru flestir harð-mæltir, ýmist alfarið eða að verulegu leyti, og meirihlutinn einnig með raddaðan framburð að einhverju marki. Talsvert bar einnig á *ngl*-framburði, en *bð*-, *gð*-framburður var orðinn afar sjaldgæfur hjá yngri aldurshópum í RÍN (sjá Kristján Árnason 2005:368–380). Í Skaftafells-sýslum voru bæði skaftfellskur einhljóðaframburður og *hv*-framburður áberandi einkenni í

báðum rannsóknunum, þótt talsverðar breytingar yrðu á milli þeirra. *Hv*-framburður teygði sig þó yfir stærra svæði en einhljóðaframburður, einkum í rannsókn Björns. Þá var *rn*-, *rl*-framburður einnig skýrt einkenni í Austur-Skaftafellssýslu en var fyrst og fremst að finna hjá elstu kynslóðinni í RÍN (sjá Kristján Árnason 2005:381–390). Vegna þessa fjölda afbrigða gefst því ekki aðeins tækifæri til að bera saman breytingar á framburði staðfastra og brottfluttra heldur er einnig hægt að kanna hvort mismunandi afbrigði þróist á sömu lund. Það er einmitt gert í rannsókninni *Mál á mannsævi*.

Athyglinni er beint að fjórum landshlutabundnum framburðarafbrigðum. Annars vegar er þróun harðmælis og raddaðs framburðar rannsökuð gaumgæfilega hjá bæði staðföstum og brottfluttum Norðlendingum, nánar tiltekið Eyfirðingum, Akureyringum og Þingeyingum. Hins vegar er þróun skaftfellsks einhljóðaframburðar og *hv*-framburðar könnuð hjá sambærilegum hópum úr Skaftafellssýslum. Þeir eru þó fámennari og gögnin að ýmsu leyti takmarkaðri.

Eins og fram hefur komið var misjafnt hvort fólk hafði áður tekið þátt í einni eða tveimur rannsóknum. Yngri fólkið í RAUN tók eðli málsins samkvæmt ekki þátt í rannsókn Björns Guðfinnssonar. Það var ekki fætt. Brottfluttir í RAUN-úrtakinu tóku hins vegar þátt í rannsókn Björns en ekki RÍN, því að þar var fyrst og fremst leitað eftir staðföstum. Undantekning frá þessu voru brottfluttir Vestur-Skaftafellingar sem Guðvarður Már Gunnlaugsson hafði uppi á eins og fyrr var nefnt. Skipting málhafa sem eru undir í rauntímasamanburði í rannsókninni *Mál á mannsævi* eftir búsetu, þátttöku í rannsóknum, aldri og kyni er sýnd í *töflu 3-3* en þeir eru alls 188.

Svæði	Hópur	BG	RÍN	RAUN	Fjöldi		Aldur
Norðurland (Eyjafjörður, Akureyri og Þingeyjarsýslur)	Björnskynslóð, staðfastir	X	X	X	48		F. 1927-1932, 79-84 ára
					Kk. 19	Kv. 29	
	Björnskynslóð, brottluttir	X		X	45		F. 1928-1932, 78-82 ára
				Kk. 13	Kv. 32		
	Yngri málhafar, staðfastir		X	X	36		F. 1942-1970, 40-69 ára
					Kk. 17	Kv. 19	
Skaftafellssýslur	Björnskynslóð, staðfastir	X	X	X	27		F. 1929-1936, 75-82 ára
					Kk. 13	Kv. 14	
	Björnskynslóð, brottluttir	X	X	X	12		F. 1926-1931, 79-84 ára
					Kk. 5	Kv. 7	
Björnskynslóð, brottluttir	X		X	4		F. 1928-1930, 80-82 ára	
				Kk. 3	Kv. 1		
	Yngri málhafar, staðfastir		X	X	16		F. 1945-1970, 42-65 ára
					Kk. 7	Kv. 9	

Tafla 3-3: Skipting þátttakenda í rauntímasamanburði rannsóknarinnar *Mál á mannsævi* eftir uppruna, búsetu, þátttöku í rannsóknum, kyni og aldri.

Auk þessara málfaha má segja að allt gagnasafn Björns og RÍN frá Norðurlandi og úr Skaftafells-sýslum sé undir. Einkum er það nýtt í 4. kafla þar sem rýnt er í þróun framburðarabrigðanna fram á 9. áratuginn. RAUN-gögnin eru að ýmsu leyti takmarkaður vitnisburður um almenna þróun í framhaldinu, en með viðbótargögnum um framburð norðlenskra ungmenna og sérrannsóknnum í Skaftafellssýslum er þó leitast við að svara því *Hvað gerðist næst?* í 5. kafla. Þannig má segja að RAUN-gögnin séu nýtt á tvo vegu í rannsókninni *Mál á mannsævi*, annars vegar til að skoða almenna þróun framburðarabrigðanna og hins vegar til rauntímasamanburðar.

Líkt og í RÍN voru viðtöl tekin upp í RAUN-rannsókninni, en stafrænar upptökur komnar í stað segulbanda. Viðtölin hófust einnig á spjalli um persónulega hagi og síðan var tekið til við myndalista og lesna texta. Þó að margar myndirnar væru endurnýjaðar voru próforðin mikið til þau sömu og í RÍN. Textarnir voru að stofni til þeir sömu þótt ýmsu væri hnikað til og að verulegu leyti var leitað eftir sömu orðum. Í lokin var spurt um nokkur atriði sem ætla má að gefi vísbendingu um afstöðu fólks til máls og þekkingu eða hugmyndir um mismunandi málnotkun (sjá kafla 3.6.1).

Úrvinnsla var einnig sambærileg við RÍN að verulegu leyti. Tveir hlustuðu á hverja upptöku og að því loknu fór sá þriðji yfir atriði þar sem þá hafði greint á. Alls unnu sex meistaranemar við hlustunina, en stór hluti hennar var þó unninn af helmingi hópsins. Niðurstöðurnar voru slegnar inn í SPSS eins og í RÍN.

Að lokinni greiningu hvers málfaha var upptakan úr RÍN leituð uppi og metin af sama fólki. Við þetta mat var aðeins gefinn plús eða mínus fyrir harðmæli og skaftfellskan einhljóða-framburð, en ekki millistigseinkunn eins og upphaflega var gert í RÍN. Þetta gerir samanburð við rannsókn Björns mun skýrari, en leiðir einnig til þess að munur getur verið á einkunn sem málfafi fékk í fyrri og seinni RÍN-hlustun, auk þess sem mat hlustara er ekki ævinlega það sama. Markmið endurhlustunarinnar var einmitt, auk þess að losna við millieinkunnirnar, að reyna að útiloka skekkjupáttinn sem felst í því að hafa tvo hópa matsmanna með 30 ára millibili.

Þar sem aðeins hluti þátttakenda í RÍN var með í RAUN-rannsókninni eru því tiltækar tvönnar konar meðaleinkunnir fyrir til dæmis tiltekna sýslu eða svæði í RÍN. Önnur einkunnin byggist á öllu úrtaki RÍN frá viðkomandi svæði en hin á endurhlustun hluta úrtaksins. Í 4. kafla verða heildargögnin úr RÍN nýtt, en í rauntímasamanburði í 5. kafla eru einkunnir byggðar á endurhlustun RÍN-upptakna. Þær eru sambærilegastar við einkunnir úr RAUN-rannsókninni og rannsókn Björns. Frá þessu er þó vikið hvað *hv*-framburð varðar. Þegar aðstoðarfólkið í RAUN hafði endurmetið RÍN-upptökur kom í ljós að einkunnir voru talsvert lægri en hjá þeim sem unnu við RÍN á sínum tíma. Eftir nákvæma athugun á þessum mismun var ákveðið að styðjast við upphaflegt mat og fá fyrrum starfsmann í RÍN til að greina *hv*-framburð í RAUN til samanburðar. Eftir að hafa tekið stikkprufur úr niðurstöðunum tel ég eldri meðaleinkunnir úr RÍN og greiningu þessa hlustara á RAUN-upptökunum vel samanburðarhæfar.

Með RAUN-rannsókninni var gagnasafn Íslendinga um framburð líklega orðið einstakt á heimsvísu, að minnsta kosti enn sem komið er. Þar er markverðast að mögulegt er að fylgja eftir framburði fjölda Íslendinga frá því þeir voru ungir að árum, fram um miðjan aldur og síðan til elliára.

### 3.5 Rannsókn Björns Guðfinnssonar

#### 3.5.1 Inngangur

Hér er loks sagt frá elstu rannsókninni sem byggt er á í *Mál á mannsævi*, rannsókn Björns Guðfinnssonar.<sup>42</sup> Eins og fyrr segir eru rökin fyrir því að ekki er fjallað um rannsóknirnar í tímaröð þau að umfjöllun um aðferðir við að gera niðurstöðurnar sem sambærilegastar við niðurstöður RÍN og RAUN þarf að byggjast á lýsingu á þeim aðferðum. Þá lýsingu er að finna í fyrri köflum og röðin því komin að rannsókn Björns.

Þessi umfjöllun er sýnu ítarlegust, ekki síst vegna þess að ég þurfti að rannsaka gögn Björns afar vel til að átta mig á rannsókninni og aðferðum sem þar er beitt með það fyrir augum að vinna upp úr tiltækum gögnum sem nákvæmastar upplýsingar um framburð þeirra sem síðar tóku þátt í RÍN- og RAUN-rannsókninni. Kaflinn greinist því í nokkra undirkafla þar sem segir fyrst af aðdraganda rannsókna og viðfangsefni, þá er rannsóknaraðferðum lýst og því næst sagt frá þátttakendum og tiltækum gögnum. Loks er fjallað um aðferðir við að gera niðurstöðurnar sem sambærilegastar við síðari rannsóknir.

Rétt er að geta þess að Björn talar um mállýskumun á Íslandi og notar orðið *mállýskurannsóknir* gjarna um rannsóknir sínar (sbr. svonefndan hluta í *Mállýzkum I*, sjá Björn Guðfinnsson 1946:77). Eins og fram kom í kafla 2.2.2 má deila um hvort hugtakið mállýska eigi við þegar rætt er um íslenskan framburð en Björn notar það að auki á óhefðbundinn hátt. Um þetta fjallar Steingrímur J. Þorsteinsson í formála *Mállýzkna II* og getur þess að orðið *mállýska* sé þýðing á „dialekt“ sem Björn hafi tekið að nota „í nokkuð nýstárlegri og þrengdri merkingu, um staðbundin framburðarsérkenni“. Steingrímur telur að þótt þetta gæti valdið misskilningi sé sjálfsagt að „fara hér eins nærri orðavali hins látna höfundar og framast mátti verða“ (Steingrímur J. Þorsteinsson 1964:7). Sami háttur er einnig hafður á í eftirfarandi umfjöllun og orðið *mállýska* stundum notað um einstök framburðarafbrigði.

#### 3.5.2 Aðdragandi, markmið og viðfangsefni

Björn Guðfinnsson hóf skipulagðar rannsóknir sínar á framburði landsmanna sumarið 1941. Áður hafði hann gert ýmsar athuganir, ekki síst á fólki sem talaði í útvarp, prófað mismunandi rannsóknaraðferðir og þjálfað hljóðheyrn sína. Auk þess var fé sem eyrnamerkt var „málfe-grun“ á fjárhagsáætlun Ríkisútvarpsins á haustþingi 1939 nýtt til rannsóknarferða um nokkur landsvæði. Var þessi ráðstöfun fjárins í samræmi við þá skoðun Björns að ekki væri hægt að setja reglur um framburð málsins, sem uppi voru hugmyndir um, án þess að rannsaka hann fyrst víðs vegar um landið (sjá Björn Guðfinnsson 1946:82–83, en samræming framburðar er til umfjöllunar í bók Björns frá 1947, 2. útg. 1981, sjá einnig kafla 3.6.2).

Þegar ljóst var að fé fengist til viðamikillar rannsóknar á framburði gerði Björn áætlun um athugunarefni og söfnun gagna. Setti hann sér í fyrsta lagi að markmiði að kanna framburð um land allt, í öðru lagi að athuga útbreiðslu einstakra mállýskna og landfræðileg takmörk þeirra

<sup>42</sup> Um eldri umfjöllun um mállýskumun og rannsóknir má lesa hjá Guðvarði Má Gunnlaugssyni 1986.

og í þriðja lagi þróun einstakra mállýskna, eftir því sem kostur væri. Fyrstu tveimur markmiðunum hugðist hann ná með yfirlitsrannsókn um land allt en því síðasta með sérrannsóknnum á ýmsum stöðum um landið (Björn Guðfinnsson 1946:83–84). Þess ber að geta að Björn talar oftast um yfirlitsrannsóknir, þótt eintölunni bregði fyrir. Ekki er alltaf skýrt hvort hann telji athuganir á framburði fullorðins fólks falla undir þær. Hér verður *yfirlitsrannsókn* fyrst og fremst notað um skipulegustu rannsóknina, sem náði til barna um land allt. Hins vegar talar hann jafnan um sérrannsóknir í fleirtölu og svo verður einnig gert hér, enda voru þær ólíkar bæði hvað varðar viðfangsefni og aðferðir.

Nákvæmar niðurstöður úr stórum hluta rannsóknanna birtust í tveimur ritum. Björn skrifaði sjálfur doktorsritgerð, *Mállýzkur I*, þar sem hann fjallar almennt um rannsóknirnar og birtir niðurstöður um harðmæli og linmæli. Þar vinnur hann bæði úr gögnum úr yfirlitsrannsókn sinni og úr ýmsum rannsóknnum sem hann taldi geta gefið vísbendingar um þróunina frá harðmæli til linmælis (sjá Björn Guðfinnsson 1946:222–237). Birni entist ekki aldur til að vinna að fullu úr öðrum gögnum sínum, en árið 1964 kom út undir hans nafni bókin *Um íslenzkan framburð*. *Mállýzkur II* þar sem Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson tóku saman aðrar helstu niðurstöður úr yfirlitsrannsókninni og nokkrum sérrannsóknnum.

Björn hafði undir fjölmörg framburðarafbrigði eins og sjá má af lista hans yfir ýmis atriði sem hann spurði viðmælendur sína út í þegar hann beitti spurnaraðferð sem hann nefndi svo. Atriðin eru 28 talsins en í sumum tilvikum er um einhvers konar safnflokka að ræða og því eru þau í raun talsvert fleiri (sjá Björn Guðfinnsson 1946:117–126). Í fyrrnefndum tveimur ritum er greint kerfisbundið frá níu pörum afbrigða sem hafa landshlutabundna útbreiðslu. Dregin er upp heildarmynd af dreifingu þeirra eftir sýslum og skólahverfum, ýmist á landinu í heild eða á meginsvæði þeirra. Framburðarpörin níu eru eftirtalin, framsett að mestu í samræmi við heiti kafla í *Mállýzkum I* og *II* (sjá einnig knappari umfjöllun hjá Birni Guðfinnssyni 1981):

- (3-2) a. Harðmæli – linmæli  
 b. Rödduð hljóð eða órödduð á undan  $p, t, k$   
 c.  $Hv$ -framburður –  $kv$ -framburður  
 d.  $\eta g$ -framburður –  $\eta$ -framburður  
 e.  $rl$ -,  $rn$ -framburður –  $(r)dl$ -,  $(r)dn$ -framburður  
 f. Réttmæli – flámæli  
 g. Einhljóð eða tvíhljóð á undan  $ng, nk$   
 h. Einhljóð eða tvíhljóð á undan  $gi$  [ji]  
 i. Önghljóð eða lokhljóð á undan  $\emptyset$

Niðurstöðurnar eru að jafnaði settar fram í töflum þar sem fjöldi hljóðhafa í hverju skólahverfi er tiltekinn og hve margir höfðu hreint afbrigði af hvorri tegund (til dæmis hreinan einhljóðaframburð eða hreinan tvíhljóðaframburð) og hve margir höfðu blandaðan framburð. Gjarna er gerð grein fyrir uppruna þeirra hljóðhafa sem höfðu annan framburð en þann sem ríkjandi var á heimaslóð þeirra. Til viðbótar þessum níu tilbrigðapörum er fjallað misítarlega um 19 atriði (sjá Björn Guðfinnsson 1964:171–199).

Björn lést í nóvember 1950 og voru gögn hans afhent Háskólanum nokkru síðar (Björn

Guðfinnsson 1964:7). Þau eru nú varðveitt í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns undir safnmarkinu Lbs 49 NF.

### 3.5.3 Rannsóknaraðferðir

Björn ákvað að framkvæma hljóðkönnunina að mestu leyti sjálfur en fékk til liðs við sig Ólaf M. Ólafsson. Hann lauk síðar kandiðatsprófi í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands og varð kennari við Menntaskólann í Reykjavík (sjá t.d. Finnboga Guðmundsson 1989). Með þessu móti vildi Björn tryggja sem best samræmi í mati á framburði og hlýtur þetta að teljast mikill kostur þegar rannsóknargögnin eru metin nú löngu síðar og ekki laust við að ýmis álitamál komi upp eins og nánar verður fjallað um hér á eftir. Ársæll Sigurðsson aðstoðaði einnig við rannsóknirnar en virðist ekki hafa sinnt sjálfri hljóðkönnuninni (Björn Guðfinnsson 1946:8, 84).

Björn studdist einkum við það sem hann kallar lestraraðferð. Þetta er ein fjögurra aðferða sem hann gerir grein fyrir í riti sínu frá 1946 (bls. 100–150). Hinar eru ritunaraðferð, spurnaraðferð og samtalsaðferð. Lestraraðferðinni beitti hann bæði í yfirlitsrannsókninni og sér-rannsóknnum sem beindust að tilteknum framburðarabrigðum. Eins og nafnið gefur til kynna fólst hún í því að þátttakendur lásu texta þar sem fyrir komu þau atriði sem kanna skyldi.

Textarnir voru nokkuð mismunandi. Í yfirlitsrannsókninni voru ýmist notaðir sögutextar með samfelldri frásögn eða dæmatextar með ótengdum málsgreinum sem aðgreindar voru með þankastriki. Þar eru sumar málsgreinarnar mjög stuttar, aðrar lengri og inn á milli er jafnvel að finna örstuttar frásagnir í meira en einni málsgrein. Af samanburði tveggja yfirlitstexta sem Björn birtir (sjá Björn Guðfinnsson 1946:137–139, sjá *Viðauka I*) má álykta að hann hafi annars vegar leitast við að koma þar fyrir próforðum um allar helstu mállýskur, sem hann kallaði svo, en hins vegar hafi fjöldi dæma farið mjög eftir því hvaða svæði var um að ræða. Þannig eru í texta sem var mikið notaður í Skaftafellssýslum 17 dæmigerð orð fyrir skaftfellskan einhljóðaframburð, en í texta sem mikið var notaður í Eyjafjarðarsýslu eru orðin tvö. Í fyrrnefnda textanum eru hins vegar aðeins þrjú orð til að prófa raddaðan framburð en mun fleiri og fjölbreyttari dæmi í síðarnefnda textanum, eða 38 orð. Þessi munur er í samræmi við það hvaða framburðarabrigða mátti vænta í máli manna á þessum svæðum. Með því að hafa ávallt einhver dæmi um algengustu mállýskur fékkst mynd af útbreiðslu þeirra, en með því að hafa mörg og fjölbreytt dæmi á heimasvæðum þeirra fékkst skýrari mynd af einkennum þeirra.

Björn segist hafa notað „alls“ um 30 mismunandi texta. Þó að þetta komi fram í kafla um lestraraðferðina má ætla að hann telji með texta sem notaðir voru í rannsóknnum sem byggðust á ritun. Tiltækir textar sýna að auki að þetta hefur skarast eitthvað, því að ein saga finnst bæði í gögnum um lestrarrannsókn og ritunarrannsókn. Í *Mállýzkum I og II* er að finna níu texta, átta sem voru lesnir og einn úr ritunarrannsókn<sup>43</sup> (Björn Guðfinnsson 1946:102, 137–139, 143–146, 222–223, 1964:62–63, 76–77). Því til viðbótar er í gögnum Björns að finna þrjár sögur sem ekki eru birtar í bókunum. Alls eru því aðeins tiltækir 12 textar og af þeim eru aðeins tveir sem

<sup>43</sup> Að auki birtir Björn texta sem Gunnar Guðmundsson notaði í ritunarrannsókn sem hann gerði í Laugarnesskóla að tilhlutan Björns (Björn Guðfinnsson 1946:107–108).

sannanlega voru notaðir í yfirlitsrannsókninni. Fram kemur í *Mállýzkum II* að þá þegar var eitthvað af textum glatað, til dæmis höfðu Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson, sem unnu úr gögnunum, ekki textann sem notaður var á Vestfjörðum (Björn Guðfinnsson 1964:118).

Tiltækir textar benda til þess að í sérrannsóknnum hafi einungis verið notaðir dæmatextar, þ.e. ekki samfelld frásögn, enda er með því móti auðveldara að koma fyrir mörgum dæmum um sama hljóðasamband. Í mörgum þessara texta eru dæmin raunar sláandi mörg og þétt, eins og í málsgreininni *Hann snýst eins og kringla án þess að vinglast eða verða ringlaður* þar sem markmiðið er, eins og glöggir lesendur sjá, að kanna svokallaðan *ngl*-framburð (sjá Björn Guðfinnsson 1964:62).

Björn beitti einnig ritunaraðferð talsvert í sérrannsóknnum en hún fólst í því að lesinn var upp texti sem þátttakandinn skrifaði jafnóðum. Þessari aðferð segir Björn að sé fyrst og fremst hægt að beita á skrifandi 7–10 ára börn. Þá geti hún, ef vandað sé til verka við texta og framkvæmd, gefið góða raun, en eftir þennan aldur hafi börnin „lært svo mikið í stafsetningu, að framburðareinkennin njóta sín ekki í því, sem þau rita“ (Björn Guðfinnsson 1946:101, í framhaldinu tekur hann dæmi um afrakstur þessara rannsókna).

Samtalsaðferð, sem felst í því að rannsakandi ræðir við málfafa eða hlustar á hann tala við aðra, beitti Björn samhliða öðrum aðferðum eftir því sem kostur var og segir hana að sumu leyti besta allra aðferða ef vel tekst til. Hún hafi þó marga ókosti þar sem hún sé tíma- og fjárfrek, oft sé erfitt að ná fram því sem leitað er að í máli viðmælanda, ekki sé auðvelt að ná tali af fjölbreyttum hópi og könnuður þurfi gjarna að leggja mikið á minnið og geyma skráninguna þar til eftir samtalið til að slá ekki viðmælandann út af laginu (Björn Guðfinnsson 1946:130–131). Þess má geta að Stefán Einarsson (1932a, 1932b) notaði þessa aðferð í rannsókn sinni á Austurlandi.

Enn fremur beitti Björn spurnaraðferð jafnhliða öðrum aðferðum og segist hafa lagt spurningar fyrir „menn í hverri sveit“ þar sem hann kom. Eins og fyrr var nefnt birtir Björn skrá með 28 atriðum sem hann spurði um, en suma viðmælendur sína spurði hann „um margt, aðra um fátt“. Segist Björn að jafnaði hafa skráð svörin, einkum ef hann taldi heimildarmann sinn traustan. Í gögnum hans er þó ekki neitt að finna sem ber þess skýr merki að vera afrakstur spurnaraðferðarinnar en líklegt er að það eigi við um einhver spjöld merkt fullorðnum (sjá Björn Guðfinnsson 1946:115–126, einnig nánar í næsta kafla). Ekki kemur skýrt fram í umfjöllun Björns hvort hann telur rannsóknir sínar með þessari aðferð falla undir yfirlits- eða sér-rannsóknir, en ætla má að hún henti betur til að fá yfirsýn en til að átta sig á þróun afbrigða í smáatriðum. Það sama gildir um athuganir með samtalsaðferð.

Í yfirlitsrannsókninni var framburður barna kannaður skipulega um land allt eins og nánar segir frá í næsta kafla. Framburðurinn var skráður á spjöld sem voru prentuð fyrir rannsóknina. Öðrum megin voru skráðar upplýsingar um hljóðhafa, eins og Björn kallaði þátttakendurna, þ.e. nafn, fæðingardagur, heimili, önnur vitneskja um uppruna eða dvalarstaði og að jafnaði einhverjar upplýsingar um foreldra, yfirléitt nöfn og uppruni. Hinum megin voru prentuð hljóðtákn „þeirra mállýzkuatriða, er kanna skyldi“ (Björn Guðfinnsson 1946:140). Fyrir tilbrigðapör, eða breytur, eins og harðmæli/linmæli, voru þá annars vegar prentuð táknið *p*, *t* og *k* og hins vegar *b*, *d* og *g* og

skyldi rannsakandi strika undir þau afbrigði sem hann heyrði. Það gat þá verið til dæmis annaðhvort *p* eða *b* eða hvort tveggja. Dæmi um slíkt sést á framburðarspjaldinu á mynd 3-3.

<u>p</u> <u>t</u> <u>k</u> <u>p</u> <u>t</u> <u>k</u> <u>l</u> <u>m</u> <u>n</u> <u>ð</u> <u>lk</u> <u>mk</u> <u>nk</u> <u>lt</u> <u>bð</u> <u>bð</u> <u>gð</u> <u>gð</u> <u>i</u> <u>e</u> <u>æ</u> <u>g</u> <u>h</u> <u>rð</u>	
<u>b</u> <u>d</u> <u>g</u> <u>b</u> <u>d</u> <u>g</u> <u>l</u> <u>m</u> <u>n</u> <u>p</u> <u>lg</u> <u>mg</u> <u>ng</u> <u>lt</u> <u>vð</u> <u>vð</u> <u>qð</u> <u>qð</u> <u>u</u> <u>ö</u> <u>æ</u> <u>g</u> <u>k</u> <u>rd</u>	
Önnur hljóðfræðileg atriði:	Ýmis önnur atriði:
1) kelpur	nan, vei: g
2) kinn kafi, gænt samkafi fræntur, kungur	non: j: g
3) silur	t: i: g, x: d: o
4) annur	Ilsgr
	b

Mynd 3-3: Framburðarspjald frá rannsókn Björns Guðfinnssonar í Skagafjarðarsýslu.

Hér eru fremst tákn fyrir harðmæli og linnmæli, þörin *p* – *b*, *t* – *d* og *k* – *g*. Þar sem strikað er undir bæði *p* og *b* hefur framburður þessa hljóðhafa ýmist verið harðmæli eða linnmæli en hann bar öll próforðin með /t/ og /k/ fram með harðmælisframburði. Svo hlaupið sé yfir skáletruðu táknin í bili er næst reitur fyrir raddaðan framburð. Þar sýna undirstrikanir að mikið var um blandaðan framburð. Þá koma greiningartákn fyrir lokhljóð eða önglhljóð á undan *ð*, þ.e. *bð*-, *gð*-framburð (í orðum eins og *hafði*, *sagði*). Undirstrikanir sýna að hljóðhafinn notaði ævinlega önglhljóð. Því næst eru tákn fyrir réttmæli/flámæli, en flámæli einkennist af tilhneigingu til tvíhljóðunar eða breytingum á opnustigi *i* og *u* og/eða *e* og *ö* sem leiðir til þess að orð eins og *skyr* og *sker* eða *flugu* og *flögu* verða líkari en áður eða falla jafnvel alveg saman (sjá t.d. Kristján Árnason 2005:254–256, 395–396). Í rannsókn Björns var skráning flámælis kapituli út af fyrir sig því að þar var í raun ekki gert ráð fyrir blönduðum framburði heldur „... þeir hljóðhafar kallaðir flámæltir, sem notuðu flámælisframburð að einhverju leyti, svo að óyggjandi væri“ (Björn Guðfinnsson 1964:82). Í þessu felst að enginn telst nota blandaðan framburð. Eitt dæmi um harðmæli hjá þeim sem annars var linnmæltur skipaði honum í flokkinn blandaður framburður, en eitt dæmi um flámæli hjá þeim sem var annars réttmæltur dugði til þess að hann taldist flámæltur. Það sama gildi um þá sem greindir voru „slappmæltir“. Þar dugði að þeir hefðu „stundum [...] slappa hljóðmyndun á [r:] og [y:]“ (Björn Guðfinnsson 1964:82). Skagfirski málfafinn á mynd 3-3 var réttmæltur. Næstu tákn sýna að hann notaði framgómælt lokhljóð í orðum eins og *reykelsi* og *fangelsi* en sá framburður var kannaður um land allt án mikillar eftirtekju (sjá Björn Guðfinnsson 1964:196–199). Loks er táknun fyrir önglhljóð eða lokhljóð í orðum eins og *norður*, en væntanlega hefur slíkt próforð ekki komið fyrir hjá hljóðhafanum þar sem hvorugt táknið er undirstrikað. Um þennan framburð er aðeins fjallað lauslega í *Mállýzkum II*



í tengslum við greinargerð um önghljóðs- og lokhljóðsframburð á undan *ð* (sjá Björn Guðfinnsson 1964:144–170, einkum 154–158). Mér hefur ekki tekist að ráða í merkingu allra skáletraðra tákna við hlið þeirra beinletruðu, til dæmis í harðmæli og rödduðum framburði og ekki virðist um þau fjallað í niðurstöðum úr rannsókn Björns. Þó má nefna að skáletruð breyta við *hv*-framburð virðist tákna ofvöndun, þ.e. þegar *kv*-orð (til dæmis *kvörn*) eru borin fram með *hv*-framburði, sbr. athugasemd í kafla 4.4.2. Sjaldan er merkt við breytur af þessu tagi.

Þegar um blandaðan framburð er að ræða er iðulega tilvísunarmerki (1, 2 o.s.frv.) við annað táknið (stundum bæði) og dæmi skráð í athugasemdir. Á norðlenska spjaldinu á *mynd 3-3* er til dæmis „1)“ við táknið *b* og það endurtekið í athugasemdarreit með „klípu“. Það táknar að þetta orð hafi verið borið fram með linnmælisframburði. Þar sem tilvísunarmerkin eru við táknið um raddaðan framburð þýðir það að orðin sem skráð eru hafi verið borin fram með rödduðum framburði. Nánar verður fjallað um athugasemdir á spjöldum og túlkun þeirra í kafla 3.5.5.

Eins og Björn getur um voru hljóðtákn á spjöldum mismunandi eftir mállýskusvæðum og segir hann að sérstök spjöld hafi verið fyrir hverja sýslu og hvern kaupstað (Björn Guðfinnsson 1946:140). Raunin er þó ekki alveg sú, heldur geta spjöld innan sýslu verið talsvert ólík. Á spjöldum frá norðurhluta Suður-Múlasýslu eru til að mynda yfirleitt tákn fyrir harðmæli/linmæli og raddaðan/óraddaðan framburð en í suðurhlutanum tákn fyrir skafffellskan einhljóðaframburð/tvíhljóðaframburð, *hv*-/*kv*-framburð og framburð hljóðasambandanna sem rituð eru samkvæmt uppruna *rn* og *rl*. Þetta endurspeglar að Björn hefur valið breytur fyrir hvert svæði með hliðsjón af vitneskju sinni um líklega útbreiðslu þeirra. Þannig má álykta að hann hafi talið sig vita að hið norðlenska harðmæli gæti teygst sig eitthvað inn á Austfirði og að það sama gilti um sunnlensku/skaftfellsku einkennin úr hinni áttinni.

Þrátt fyrir mismunandi spjöld og það orðalag Björns að prentuð hljóðtákn sýndu þau atriði „er kanna skyldi“ einblíndu rannsakendur ekki á breytur sem voru prentaðar á spjöldin. Í Skaftafellssýslum höfðu spjöldin ekki að geyma táknið fyrir harðmæli en Björn birtir þó nákvæmar niðurstöður um útbreiðslu þess í sýslunum eins og annars staðar (Björn Guðfinnsson 1946:201–202). Í vestursýslunni telst honum til að enginn hafi hreint harðmæli en 7,87% barnanna blandaðan framburð. Þegar þetta er borið saman við spjöldin kemur í ljós að niðurstöðurnar eru byggðar á athugasemdum. Sem dæmi um slíkt má nefna að á eitt spjald er skráð þessi runa: „p t p t k k t t“ og á öðru spjaldi stendur „[p]“ og „[k] einu sinni“. Ekki verður annað séð en í báðum tilvikum hafi þetta táknað að um blandaðan framburð harðmælis og linnmælis hafi verið að ræða. Sá sem skoðar þessi spjöld nú og hefur ekki á öðru að byggja en þeim sjálfum og verklýsingu Björns gæti varla túlkað þessar athugasemdir í fljótu bragði.

Í *Mállýzkum II* fara þeir Ólafur M. Ólafsson og Óskar Ó. Halldórsson að dæmi Björns og túlka athugasemdir á spjöldum iðulega eins og um kerfisbundna skráningu hafi verið að ræða þó að prentuð hljóðtákn vanti á spjöld viðkomandi svæðis. Á Vestfjörðum var til að mynda ekki prentuð breyta fyrir *hv*-/*kv*-framburð en mjög víða er bætt við athugasemdinni „kv“ (sbr. einnig á spjaldinu á *mynd 3-3*). Þó að svo sé ekki hjá öllum hljóðhöfum fullyrða þeir að *hv*-framburðar hafi ekki orðið vart á svæðinu (Björn Guðfinnsson 1964:44).

Öll gögn Björns Guðfinnssonar sem nýtt eru í þessari rannsókn eru fengin með lestrar- aðferðinni og stærstur hluti þeirra er úr yfirlitsrannsókninni. Nokkrir þátttakendur sem bæði tóku þátt í rannsókn Björns og RÍN eru þó úr sérrannsóknnum Björns. Þó að æskilegt hefði verið að allir þátttakendurnir hefðu komið úr sömu rannsókn Björns þykir mér það ekki næg ástæða til að sniðganga þátttakendur úr sérrannsóknnum. Í öllum tilvikum er um að ræða lestraraðferð og ekki annað að sjá en sama aðferð hafi verið notuð við mat eða greiningu á framburðar- einkennum. Hins vegar voru textar ekki þeir sömu og skráning niðurstaðna var ólík, þannig að nákvæmari upplýsingar eru til úr sérrannsóknnum. Gögnin þaðan eru að því leyti betri að vafamál við túlkun þeirra eru fá (Þórunn Blöndal 1984:50 fjallar einmitt stuttlega um kosti gagna úr sérrannsókn á flámæli). Þó ber að hafa í huga að próforðin eru ekki alveg þau sömu í rannsóknunum og nokkur tími leið á milli þeirra. Um þetta fjallar Guðvarður Már Gunnlaugsson í sinni ritgerð og dregur fram mun á rannsóknunum tveimur (1983a:35–36, 42–54).

#### 3.5.4 Þátttakendur og varðveitt gögn

Sem fyrr segir eru gögn Björns varðveitt í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskóla- bókasafns. Þar eru þau í 24 öskjum sem hafa að geyma fjölda umslaga með framburðarspjöldum, möppur með blöðum úr sérrannsóknnum og ýmislegt fleira, eins og prentaðar sögur, ónotuð spjöld og útreikninga. Ljóst er, eins og fram kemur hér á eftir, að eitthvað vantar í gögnin. Mestur skaðinn er kannski að hljómplötum með framburði sem Björn talar um (Björn Guðfinnsson 1946:150) en virðast glataðar.

Sumarið 2010 var að tilhlutan okkar Höskuldur Þráinssonar ráðist í skráningu safnsins og var Guðrún Beta Mánadóttir, nemandi í bókasafns- og upplýsingafræði, ráðin til verksins. Auk þess var umtalsverður fjöldi framburðarspjalda myndaður í bak og fyrir. Vinnumálastofnun styrkti verkið að hluta og Landsbókasafnið annaðist myndatökuna. Áður höfðu Höskuldur og Kristján Árnason látið gera skrár yfir hluta þátttakenda sem notaðar voru til að leita þá uppi í RÍN og sjálf merkti ég öskjur í safninu og tók saman yfirlit yfir innihald þeirra árið 1999.

Vegna umfangs safnsins reyndist ekki unnt að skrá það allt í þaula og ekki er hægt að útiloka einhverjar villur. Skráin gefur þó, ásamt greinargóðri samantekt sem henni fylgir, góða mynd af því sem safnið hefur að geyma og auðveldar mjög leit í því (sjá *Lbs 49 NF. Björn Guðfinnsson. Skjalasafn 1941–1944. Varðveisla: Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Handritadeild.* 2010).

Í gögnum Björns má greina þrjá skýra flokka: framburðarspjöld barna sem tóku þátt í yfirlitsrannsókninni, gögn úr sérrannsóknnum þar sem textinn sem var lesinn er prentaður í heilu lagi fyrir hvern þátttakanda og framburðurinn merktur inn á og loks gögn úr rannsóknnum sem byggðust á ritun. Auk þess er fjöldi spjalda þar sem misljóst er hvaða aðferð var beitt, lestrar-, spurnar- eða samtalsaðferð. Hér verður einkum fjallað um þau gögn sem notuð eru í *Mál á mannsævi*, en einnig gefin nokkur mynd af öðru sem til er að dreifa úr rannsókn Björns. Rétt er að nefna að undir hugtakið yfirlitsrannsókn(ir) fellir Björn lestrarrannsóknir sem náðu til þeirra þúsunda barna sem fjallað er um í *Mállýzkum I og II* en einnig lestrarrannsóknir þar sem þátttakendur voru eldri og mun færri. Sárálítið hefur verið unnið úr gögnum fullorðinna (sjá þó

Björn Guðfinnsson 1946:170–178, 233). Hér er orðið *yfirlitsrannsókn* notað um rannsóknina sem náði til barna um land allt nema annað sé tekið fram.

Af lýsingu Björns er hægt að álykta að yfirlitsrannsóknin hafi tekið um eitt og hálf ár, eða kannski rúmlega það. Hún hófst í Austur-Skaftafellssýslu að áliðnu sumri 1941 og á næstu vikum og mánuðum var farið víða um land. Yfir háveturinn 1941–1942 voru börn á höfuðborgarsvæðinu hljóðkönnuð en einnig fóru þeir Ólafur um Suðurland, Vesturland og Suðurnes. Vorið 1942 tóku á ný við langar ferðir og snemma vetrar fór Björn einn síns liðs að afla gagna á Norðurlandi. Síðasta ferðin er ekki tímasett nákvæmlega. Hún var „[s]íðar um veturinn“ og því annaðhvort undir árslok 1942 eða ekki fyrr en 1943. Þar með var hringnum lokað, en eftir voru 10 skólahverfi víðs vegar um landið. Er ekki annað að sjá en þessi hverfi hafi fallið niður í yfirlitsrannsókn Björns og er kannski, að öðrum ólöstuðum, mest eftirsjá að íbúum Grímseyjar og Vestmannaeyja, sem ekki komust á blað (Björn Guðfinnsson 1946:85–86, 98, sjá einnig viðtal við Björn frá upphafi rannsóknanna, Menning þjóðarinnar fer vaxandi 1941).

Samkvæmt skrá Björns (1946:90–97) yfir yfirlitsrannsóknina voru þátttakendur 6.520 börn í 225 skólahverfum í 24 sýslum og átta bæjum. Í hópnum voru 3.218 drengir og 3.302 stúlkur. Tæpur þriðjungur (2.200) bjó í Reykjavík. Framburður allra þessara barna er inni í niðurstöðutölum sem birtar eru í ritunum tveimur (Björn Guðfinnsson 1946, 1964). Er því ekki óvarlegt að ætla að börnin sem voru hljóðkönnuð hafi í raun verið fleiri en 6.520 en upplýsingar um þau sem ekki töldust marktæk af einhverjum ástæðum, til dæmis vegna slakrar lestrarkunnáttu, hafi verið teknar til hliðar jafnóðum eða að minnsta kosti áður en tölur um fjölda þátttakenda voru teknar saman. Samkvæmt skránni yfir gögn Björns virðast nánast öll þessi spjöld vís.

Þótt börnin væru almennt prófuð með lestraraðferð kemur fram hjá Birni að stöku sinnum hafi verið gripið til þess ráðs að sýna börnum myndir eða hluti ef þau voru mjög stirðlæs. „Á þennan hátt var t. d. notuð mynd af *hval* eða spurt um lit einhvers *hvíts hlutar* til þess að komast eftir, hvort barnið hefði *hv*-framburð eða *kv*-framburð,“ segir Björn (1946:136). Ekki hef ég séð merki um þetta á þeim ófáu framburðarspjöldum Björns sem ég hef skoðað.

Björn ákvað að eigin sögn að afmarka hópinn í yfirlitsrannsókninni við 10–13 ára börn. Þegar hún hófst, 1941, voru þetta börn fædd 1928–1931. Björn getur þess sérstaklega að stundum hafi yngri börn slæðst með (Björn Guðfinnsson 1946:99), en það virðist einnig gilda um eldri börn. Má taka sem dæmi að í Húnavatnssýslum og Skagafjarðarsýslu eru fimm börn fædd 1934–1936 og átta 1926–1927. Vorið 1942, þegar rannsóknin á þessu svæði fór fram, voru yngstu börnin 6 og 7 ára en þau elstu 14–16 ára.

Eins og fram hefur komið tóku þessar rannsóknir um eitt og hálf ár, en Björn nefnir ekki þá aldurssekkju sem það veldur í hópnum. Börn fædd 1928 urðu 13 ára árið sem rannsóknirnar hófust, 1941. Þegar þeim lauk, öðru hvorum megin við áramótin 1942–1943, hafa þau flest verið 14 ára. Þrátt fyrir þetta virðist hann að nokkru leyti hafa haldið sig við sömu árganga allt rannsóknartímabilið, með þessum tilviljanakenndu undantekningum þegar yngri og eldri börn flutu með, þar sem um 95% barnanna sem tóku þátt í yfirlitsrannsókninni eru fædd á árunum 1928–1931. Það virðist því ljóst að mikill meirihluti barnanna hafi verið 10–13 ára þegar þau

voru hljóðkönnuð en þó hafi verið talsvert um 9 ára börn, umtalsverður fjöldi 14 ára barna og einhverjir sem voru bæði yngri og eldri en þetta.

Eins og nærri má geta eru framburðarspjöld barnanna fyrirferðarmest í safni Björns. Þar eru þó einnig fleiri spjöld frá fólki á ýmsum aldri þar sem rannsóknaraðferð er ekki alltaf ljós. Sömuleiðis er í safninu afrakstur úr lestrarrannsóknum þar sem framburður hvers hljóðhafa er skráður á blöð sem hafa að geyma textann í heild sinni, ekki aðeins breytur. Þorri þátttakenda í þessum rannsóknum voru börn fædd laust fyrir 1930 og fram eftir fjórða áratugnum, en í sérrannsókn í Austur-Skaftafellssýslu er talsvert um eldra fólk, þeir elstu fæddir 1862. Þá hafa varðveist stílar þar sem ritunaraðferð var beitt, en talsverður hluti þeirra virðist þó tapaður. Loks er að finna í safni Björns gögn úr rannsóknum Björns K. Þórólfsssonar og Sveinbjarnar Sigurjónssonar. *Tafla 3-4* hefur að geyma gróft yfirlit yfir safnið með samanburði við upplýsingar úr umfjöllun Björns sem sýnir að eitthvað vantar af gögnum og í sumum tilvikum hefur bæst við eftir að hann lauk við *Mállýzkur I* (sjá Björn Guðfinnsson 1946:83, 97–98).

Lýsing	Varðveittur fjöldi	Fjöldi samkvæmt Birni
Framburðarspjöld úr yfirlitsrannsókn – ungmenni	Hátt í 6520	6520
Framburðarspjöld þar sem rannsóknaraðferð er ekki alltaf ljós	Um 1000	Yfirlitsrannsókn: 300–400 Samtalsaðferð: 1000–1500
Textablöð – lestraraðferð	Um 660	600
Stílar – ritunaraðferð	Um 400	1000
Framburðarspjöld frá Birni K. Þórólfsyni og Sveinbirmi Sigurjónssyni	Hátt í 200	Kemur ekki fram

*Tafla 3-4:* Yfirlit yfir gögn Björns Guðfinnssonar.

### 3.5.5 Ný úrvinnsla og túlkun


Rannsókn Björns Guðfinnssonar og úrvinnsla var um margt ólík RÍN og RAUN. Samanburður er því vandasamur og sitthvað sem þarf að hafa í huga. Helst má nefna eftirfarandi:

- (3-3) a. Í yfirlitsrannsókn BG var framburður skráður jafnóðum á spjöld en í RÍN og RAUN voru viðtöl hljóðrituð.
- b. Í rannsókn BG var byggt á lesnum textum, en bæði á orðum sem komu fram við skoðun mynda og lesnum textum í RÍN og RAUN.
- c. Ekki eru allir textar sem BG notaði vísir.
- d. Í gögnum BG og birtum niðurstöðum er blandaður framburður metinn á annan hátt en í RÍN og RAUN.

Ekki verður við þessu öllu séð. Þar sem ekki eru til upptökur úr rannsókn Björns er til að mynda ekki hægt að fara yfir gögnin og tryggja að framburður sé túlkaður á sama hátt og í RÍN og RAUN, til dæmis að mörkin milli harðmælis og linnmælis séu dregin á sama hátt (við jafnsterkan fráblástur). Sömuleiðis er erfitt að meta áhrif þess að hann notaði aðeins lestraraðferð í yfirlitsrannsókninni. Vissulega væri hægt að sleppa myndalistum sem notaðir voru í RÍN og RAUN og styðjast aðeins við framburð í lestri, en þar með myndu tapast mörg dæmaorð. Varðandi mögulegan mun á framburði eftir því hvorri aðferðinni er beitt má vísa til tveggja BA-ritgerða þar sem það hefur verið kannað. Daníel Þór Heimisson (2019) skoðaði gögn úr RÍN og

RAUN og komst að því að *rn-* og *rl-*framburður virtist frekar koma fyrir í lestri en í tali þó að munurinn væri ekki tölfræðilega marktækur, en um fáa málhafa var að ræða. Munurinn var enn fjær því að vera marktækur á skafffellskum einhljóðaframburði (sjá Daníel Þór Heimisson 2019:32–33, einnig Ingólf Pálmason 1983:31–33). Niðurstaða Daníels Þórs eftir ítarlegri athugun á vestfirskum einhljóðaframburði var að hjá eldri körlum kæmi hann frekar fram í lestri en við skoðun mynda, en hjá yngri körlum og konum birtist þessi munur ekki (sjá Daníel Þór Heimisson 2019:42–44). Sambærileg athugun Signýjar Rutar Kristjánsdóttur (2020) á tíðni *hv-*framburðar í tali og lestri leiddi í ljós að hann væri algengari í lestri en enginn munur var þó hjá aldurshópnum 12–20 ára (sjá Signýju Rut Kristjánsdóttur 2020:23:27). Af þessu má ætla að vegna ungs aldurs þátttakenda Björns skipti ekki máli fyrir niðurstöðu um skafffellsk afbrigði að þeir lásu aðeins texta. Að því marki sem ég hef athugað þetta fyrir norðlensk afbrigði virðast einkunnir svipaðar fyrir tal og lestur. Þó eru þær gjarna heldur hærri fyrir myndalista en munurinn ekki marktækur. Niðurstaðan er því sú að óhætt sé að bera rannsóknirnar saman þrátt fyrir þennan munur á aðferðum. Það er hins vegar ekki víst að Björn hafi náð eins eðlilegum lestri og oftast tókst í RÍN og RAUN. Þar var gjarna búið að spjalla á óformlegum nótum í upphafi viðtals og yfir myndalistanum, en vera má að aðstæður hafi verið formlegri hjá Birni. Um það vitnar til að mynda frásögn konu sem tók þátt í RÍN og rifjaði þá upp að hún hefði verið sótt út á tún til að taka þátt í rannsókn Björns en fyrst látin fara í sparikjólinn (Höskuldur Þráinsson í samtali).

Mat á framburði hjá þeim sem Björn felldi í flokkinn blandaðan framburð er heldur ekki einfalt. Sem fyrr segir fá þátttakendur í RÍN og RAUN meðaleinkunn fyrir hverja breytu, til dæmis 150 fyrir harðmæli ef helmingur slíkra orða var borinn fram með harðmælisframburði en 190 ef það gildi um 90% orðanna. Í birtum niðurstöðum Björns teljast slíkir þátttakendur hafa blandaðan framburð. Innan þess hóps getur framburðurinn verið æði misjafn. *Mynd 3-4* er samsett úr „harðmælisreitunum“ á níu spjöldum úr Skagafirði sem gefa hugmynd um möguleikana.



*Mynd 3-4:* Samsett mynd sem sýnir tvígildar breytur fyrir harðmæli/linmæli af níu framburðarspjöldum úr Skagafirði. Tilvísunarkerkin vísa til upplýsinga sem klipptar hafa verið frá.

Fyrsti hljóðhafinn sem sést á myndinni notaði einvörðungu harðmæli í rannsókninni en sá síðasti aðeins linmæli. Í RÍN og RAUN fengu þeir 200 og 100 í meðaleinkunn. Allir þar á milli töldust hafa blandaðan framburð hjá Birni. Í þeim hópi eru því einstaklingar með yfirgnæfandi harðmæli og aðrir með yfirgnæfandi linmæli og allt þar á milli. Á einkunnaskala RÍN og RAUN væru það einkunnir á bilinu 101–199.

Einfaldasta leiðin til að bera rannsóknirnar saman er að skipta þátttakendum í RÍN og RAUN í þrjá hópa á sama hátt og Björn, tvö hrein afbrigði (til dæmis harðmæli og linmæli) og blandaðan framburð. Þetta gerðu Höskuldur og Kristján einmitt í greinum sínum um niðurstöður RÍN-rannsóknarinnar (sjá t.d. KÁ og HP 1983:86–87, HP og KÁ 1984:117, 123, 126, 1986:42–43, 45, 49–50, 56). Ég hafði hins vegar áhuga á því að skoða hlutföll innan innri breytileika og hvernig þau þróast og til að geta það þurfti að reyna að gefa málhöfum Björns einkunnir eins og gert var í RÍN og RAUN. Hluti af rannsóknarvinnu minni fólst í að finna leiðir til þess.

Lausnin að þessari þraut felst í tvennu, annars vegar að túlka sem nákvæmast skráningu á spjöldin og athugasemdir þar og hins vegar að komast sem næst því hversu mörg orð í textanum sem var lesinn buðu upp á viðkomandi framburð hverju sinni.

Af umfjöllun hér að framan, í kafla 3.5.3, má ráða að túlkun athugasemda á spjöldunum geti verið vandasöm nú. Það gildir fyrst og fremst þegar framburðurinn er blandaður, þ.e. þegar hljóðhafinn notar til dæmis bæði raddaðan og óraddaðan framburð. Í slíkum tilvikum er strikað undir tvö tákni á framburðarspjaldinu, til að mynda bæði *m* og *ṁ* hjá þeim sem bar hljóðið ýmist fram raddað eða óraddað á undan /p,t,k/. Tilvísunarkerki (1, 2 o.s.frv.) vísar í dæmi í athugasemdareit. Þetta virðist eðlilegt að túlka svo að skráðu orðin hafi verið borin fram með þeim framburði sem merkt er við. Sé tilvísunarkerkið við *m* og orðið *tæmt* skráð í athugasemdareitinn má túlka það svo að þetta orð hafi verið borið fram með rödduðum framburði en önnur sambærileg orð með órödduðum framburði. En þá má spyrja hvort markmiðið hafi verið að skrá öll slík orð, eða bara dæmi, og ef markmiðið var að skrá öll orðin, er þá víst að það hafi tekist?<sup>44</sup> Fjöldi slíkra dæma á mörgum spjöldum bendir til að tæmandi skráning hafi verið markmiðið. Úrvinnsla bæði Björns sjálfs og þeirra Ólafs og Óskars, en Ólafur hefur væntanlega verið gögnunum handgenginn og þekkt vel til aðferða vegna vinnu sinnar með Birni, bendir einnig til þess að slík skráning hafi átt að vera tæmandi eða kerfisbundin. Hins vegar finnast spjöld innan um þar sem merkt er við blandaðan framburð en engin dæmi skráð.

Svo virðist sem þessi skráning sé misítarleg eftir svæðum. Víðast hvar á Norðurlandi bendir fjöldi dæma til þess að þau eigi að vera tæmandi upptalning á orðum sem borin voru fram með viðkomandi framburði. Dæmi um slíkt má sjá á *mynd 3-5*.

<sup>44</sup> Ljóst má vera að rannsakandi þurfti á allri sinni athygli að halda til að nema öll framburðarafbrigði sem leitað var eftir. Í fyrstu málsgreininni í sögutexta sem Björn birtir (1946:137) eru til dæmis 20 orð og þar kemur 13 sinnum fyrir eitthvert af þeim 28 atriðum sem Björn spurði viðmælendur sína út í þegar hann beitti spurnaraðferð (Björn Guðfinnsson 1946:117–126).

<u>p</u>	<u>t</u>	<u>k</u>	<u>p</u>	<u>t</u>	<u>k</u>	<u>l</u>	<u>m</u>	<u>n</u>	<u>ð</u>	lk	mk	nk	lt	<u>bð</u>	<u>bð</u>	<u>gð</u>	<u>gð</u>	<u>i</u>	<u>e</u>	<u>æ</u>	<u>g</u>	<u>lj</u>	rd
b	d	g	b	d	g	<u>l</u>	<u>m</u>	<u>n</u>	<u>þ</u>	lg	mg	ng	lt	vð	vð	qð	qð	<u>u</u>	<u>ö</u>	<u>æ</u>	g	k	rd
Önnur hljóðfræðileg atriði:												Ýmis önnur atriði:											
1) fálkinn, mjólk, stalpánn																							
2) námskæði, kirkuskæði, samkæði, brenna, læng																							
nou: jɛɹ																							
tɔqɣd!																							
3) fænt, annkæst																							

Mynd 3-5: Framburðarspald frá rannsókn Björns Guðfinnssonar í Suður-Þingeyjarsýslu.

Framburður þessa hljóðhafa var í öllum tilvikum raddaður á /ð/ (þ.e. /ðk/) en óraddaður á /t/. Í öðrum samböndum notaði hann bæði raddaðan og óraddaðan framburð og alls eru tíunduð 10 orð þar sem framburðurinn var óraddaður.

Hljóðhafinn á mynd 3-5 notaði hreint harðmæli og því ekki neinna dæma að vænta um það. Á mynd 3-6 er hins vegar framburðarspald úr Skagafirði þar sem hljóðhafinn notaði bæði harðmæli og linnmæli.

<u>p</u>	<u>t</u>	<u>k</u>	<u>p</u>	<u>t</u>	<u>k</u>	<u>l</u>	<u>m</u>	<u>n</u>	<u>ð</u>	lk	mk	nk	lt	<u>bð</u>	<u>bð</u>	<u>gð</u>	<u>gð</u>	<u>i</u>	<u>e</u>	<u>æ</u>	<u>g</u>	<u>lj</u>	rd
b	d	g	b	d	g	<u>l</u>	<u>m</u>	<u>n</u>	<u>þ</u>	lg	mg	ng	lt	vð	vð	qð	qð	<u>u</u>	<u>ö</u>	<u>æ</u>	g	k	rd
Önnur hljóðfræðileg atriði:												Ýmis önnur atriði:											
1) bita, notati												idlyɣ											
2) maipati												spæst											
												vaz											
												Ilsqɣ											

Mynd 3-6: Framburðarspald frá rannsókn Björns Guðfinnssonar í Skagafjarðarsýslu.

Hér eru skráð dæmi um harðmælisframburð, en í Skagafirði er jafnan að finna slík dæmi á spjöldum þar sem framburðurinn er blandaður, þó að frá því séu undantekningar.

Í Skaftafellssýslum er skráningin ekki eins nákvæm og á Norðurlandi. Ekki eru til dæmis talin upp orð með *hv-* eða *kv-*framburði þegar framburðurinn var blandaður, þ.e. þegar strikað er undir bæði tákni, en stundum skrifað „hv tvisvar“, „kv algengara“ eða eitthvað í þá veru. Fyrir rannsóknina *Mál á mannsævi* kemur þetta ekki að sök. Athugun á þróun *hv-*framburðar nær til Skaftafellssýslna þar sem innan við 10% notuðu blandaðan framburð í rannsókn Björns. Svo vill til að enginn þeirra lenti í rauntímaúrtaki *Mál á mannsævi*.

Skráning dæma um einhljóðaframburð er heldur ekki alltaf nákvæm. Stundum er strikað undir tákni fyrir bæði einhljóða- og tvíhljóðaframburð án nokkurra dæma og á öðrum spjöldum stendur til dæmis „einu sinni“ eins og á spjaldinu á mynd 3-7.

V																									
<u>aji</u>	<u>áji</u>	<u>iji</u>	<u>oji</u>	<u>óji</u>	<u>uji</u>	<u>úji</u>	<u>öji</u>	<u>eji</u>	<u>hv</u>	<u>χ</u>	<u>hv</u>	<u>rn</u>	<u>rl</u>	<u>vð</u>	<u>vð</u>	<u>qð</u>	<u>qð</u>	<u>i</u>	<u>e</u>	<u>æ</u>	<u>g</u>	<u>k</u>	<u>ð</u>		
<u>aiji</u>	<u>ái</u>	<u>iji</u>	<u>oiji</u>	<u>ói</u>	<u>uiji</u>	<u>úi</u>	<u>öiji</u>	<u>eiji</u>	<u>kv</u>	<u>hk</u>	<u>kv</u>	<u>rdn</u>	<u>d(d)n</u>	<u>rdl</u>	<u>d(d)l</u>	<u>bð</u>	<u>bð</u>	<u>gð</u>	<u>gð</u>	<u>u</u>	<u>ö</u>	<u>æ</u>	<u>g</u>	<u>k</u>	<u>ð</u>
Önnur hljóðfræðileg atriði:												Ýmis önnur atriði:													
t+u einu sinni												(													
sneri																									
kv einu sinni																									
1) einu sinni																									

Mynd 3-7: Framburðarspjald frá rannsókn Björns Guðfinnssonar í Vestur-Skaftafellssýslu.

Hér merkir *aji* einhljóðaframburð í orðum eins og *hagi* en *aiji* tvíhljóðaframburð. Ef hlaupið er yfir parið *áji/ái* er næst *iji/iiji* fyrir mismunandi framburð í til dæmis *stigi*, þá kemur *oji/oiji* sem táknar einhljóð eða tvíhljóð í orðum eins og *bogi*. Þessi hljóðhafi hafði því hreinan einhljóðaframburð á *a+gi* (notaði einhljóð í öllum slíkum orðum) en blandaðan framburð á *i+gi* og *o+gi*. Bæði við *iiji* og *oiji* stendur „1)“ sem vísar í athugasemdina „einu sinni“. Það þýðir þá að hljóðhafinn notaði tvíhljóðaframburð einu sinni í hvoru tilviki. Spjaldið sýnir einnig að hljóðhafinn notaði hreinan einhljóðaframburð á *u+gi* og *ö+gi* en hreinan tvíhljóðaframburð á *e+gi*.<sup>45</sup> Þörin *áji/ái*, *óji/ói* og *úji/úi* eru af öðrum toga. Í texta sem notaður var á þessu svæði er að finna próforð eins og *láginni*, *skóginum*, *súginn* og tilgangurinn væntanlega að greina hvort þar kæmu fram þríhljóð eins og Björn nefnir í *Mállýzkum I* (Björn Guðfinnsson 1946:67).

Forsenda þess að geta reiknað einkunn þessa málhafa fyrir skaftfellskan einhljóðaframburð með sömu aðferðum og í RÍN og RAUN er að vita hversu mörg orð í textanum sem var lesinn buðu

<sup>45</sup> Eins og fyrr var nefnt er stundum erfitt að átta sig á skáletruðum táknum á spjöldunum. Skáletur tákna fyrir framburð á *e+gi* bendir til þess að Björn hafi búið við því að þetta hljóðasamband hefði sérstöðu. Það kom enda á daginn að tvíhljóð var algengara í þessu hljóðasambandi en hinum (sjá Björn Guðfinnsson 1964:134).



upp á þennan framburð. Svo vel vill til að texti „sem notaður var mikið í Skaftafellssýslum“ er einmitt birtur í bók Björns (1946:137). Þar skiptast dæmin svo milli hljóða:

- (3-4) aji: 3 (*flagið, bagi, daginn*)  
 iji: 3 (*óstigin, flygi, lygi*)  
 oji: 3 (*flogið, bogið, logi*)  
 uji: 3 (*huginn, áhuginn, dugi*)  
 öji: 2 (*hæðadrögin, leirflögin*)  
 eji: 4 (*veginn, vegi, dregið, segi*)

Samkvæmt þessum dæmum er hægt að gefa hljóðhafanum á mynd 3-7 einkunnir á eftirfarandi hátt, þar sem 200 þýðir einhljóðaframburður en 100 tvíhljóðaframburður (sbr. einnig töflu 3-2):

aji – 3	iji – 3	oji – 3	uji – 2	öji – 2	eji – 4
200	200	200	200	200	100
200	200	200	200	200	100
200	100	100	200		100
					100

Tafla 3-5: Meðaleinkunn fyrir skaftfellskan einhljóðaframburð hjá hljóðhafa á mynd 3-7 reiknuð út.

Með því að leggja allar einkunnirnar saman og deila í með fjöldanum (18) fæst meðaleinkunnin 166,7, þ.e. 66,7% dæmanna voru með einhljóðaframburði. Í niðurstöðum Björns er þó ekki miðað við *e+gi* og hljóðhafi talinn hafa hreinan einhljóðaframburð þótt hann noti þar stundum eða alltaf tvíhljóðaframburð. Ef litið er fram hjá þessu sambandi verður einkunnin 185,7, þ.e. að 85,7% dæmanna voru með einhljóðaframburði.

Nú eru upplýsingarnar ekki alltaf svona nákvæmar. Stundum eru engin dæmi þótt framburður sé blandaður. Ef það hefði verið raunin hjá hljóðhafa á mynd 3-7 væri óvissan eins og hér er sýnt – og hér er *e+gi* sleppt eins og hjá Birni:

aji – 3	iji – 3	oji – 3	uji – 2	öji – 2
200	200	200	200	200
200	?	?	200	200
200	100	100	200	

Tafla 3-6: Óvissuþættir hjá hljóðhafa á mynd 3-7 ef ekki væru aðrar upplýsingar um einhljóðaframburð en strik undir breytum.

Hugsanlega var tvisvar einhljóðaframburður og einu sinni tvíhljóðaframburður í samböndunum *i+gi* og *o+gi*. Þá ætti talan 200 að koma í stað spurningarmerkisins á báðum stöðum. Hugsanlega var það á hinn veginn og þá kæmi talan 100 í stað spurningarmerkjanna. Enn einn möguleiki er að hlutföllin hafi ekki verið þau sömu í báðum samböndunum, þannig að 200 kæmi í stað annars spurningarmerkisins og 100 í stað hins. Möguleikarnir sem koma út úr þessum útreikningum eru þrír, einkunnirnar 185,7, 178,6, og 171,4, þ.e. einhljóðaframburðurinn getur mest hafa verið 85,7% og minnst 71,4%. Þetta er vissulega talsverður munur, en gefur þó umtalsvert meiri upplýsingar en flokkurinn blandaður framburður. Raunin er líka sú að hjá úrtakinu sem lenti í RAUN er svona mikil óvissa um einkunn í rannsókn Björns fátíð.

Á þessu sést að þegar framburður er blandaður og dæmi ekki skráð kemur sér vel að breytum

er skipt niður eftir hljóðum eins og sést á spjaldinu á mynd 3-7. Þetta er almennt gert þegar tilbrigðapör ná til meira en eins hljóðs eða hljóðasambands. Skaftfellskur einhljóðaframburður/tvíhljóðaframburður fær sex tvígildar breytur, rödduðum/órödduðum framburði er skipt í fimm og harðmæli/linmæli í þrjár. Jafnvel þótt dæmi vanti getur verið að óvissan nái aðeins til eins hljóðs.

Þá kemur til sögunnar annað vandamál. Eins og fram hefur komið notaði Björn marga texta. Ekki er alltaf ljóst hvaða texti var notaður og nákvæm leit hefur leitt í ljós að sumir þeirra eru ekki lengur tiltækir. Í mörgum tilvikum er því ekki hægt að vita nákvæmlega hversu mörg orð voru af tiltekinni gerð, til dæmis hversu mörg orð buðu upp á harðmæli/linmæli á /p/.

Af þessu leiðir að þegar dæmi eru skráð á spjald er stundum óljóst hve mörgum dæmum var til að dreifa í heild. Í því felst að þegar til dæmis eru skráð fimm dæmi um raddað /l/ á undan /p,k/ (orð eins og *hjálp*, *fálki*) getur verið óvíst hversu mörg orð stóðu eftir með órödduðu /l/ í sömu stöðu.

Í raun er aðeins hægt að fullyrða með góðri vissu hvaða texti var notaður í yfirlitsrannsókninni í þremur sýslum. Þetta eru textar sem Björn birtir og segir að annar hafi verið notaður mikið í Eyjafjarðarsýslu og hinn í Skaftafellssýslum. Hann segir raunar ekki að þeir hafi alls staðar eða alltaf verið notaðir í þessum sýslum, heldur „mikið“, en nákvæmur samanburður á Eyjafjarðartextanum og öllum spjöldum úr sýslunni leiðir í ljós að ekki eru skráð í athugasemdareit spjaldanna orð sem ekki finnast í textanum. Það rennir stoðum undir að þetta hafi verið eini yfirlitstextinn sem notaður var í sýslunni þó að ekki sé það ótvírætt. Til að mynda er vel mögulegt að orð og jafnvel heilar setningar hafi verið í fleiri en einum texta.<sup>46</sup> Sams konar samanburður á hinum textanum og spjöldum úr Skaftafellssýslum gefur sömu niðurstöðu, öll orðin sem þar eru skráð má finna í sögunni.<sup>47</sup>

Eðlilegt er að kanna hvort líklegt sé að textarnir hafi verið notaðir víðar og þá einkum í nágrenninu. Samanburður á textanum sem Björn eyrnamerkir Skaftafellssýslum og spjöldum úr næstu sýslum leiðir ekki til afgerandi niðurstöðu, til þess eru dæmin sem skráð eru á spjöldin of fá. Það er því óljóst hvaða texti var notaður í Rangárvallasýslu. Samanburður á Eyjafjarðartextanum og spjöldum frá öðrum svæðum norðanlands leiðir hins vegar eftirfarandi í ljós:

- (3-5) a. Á Akureyri, Siglufirði og í Skagafjarðarsýslu koma orð úr Eyjafjarðartextanum ítrekað fram í athugasemdum. Þó eru þar einnig orð sem ekki eru í textanum. Mögulegt er að textinn hafi verið notaður en a.m.k. stundum annar að auki, en einnig að mjög líkur texti hafi verið notaður.
- b. Í Suður-Þingeyjarsýslu birtist ekki einsleit mynd, enda nefnt í *Mállýzkum II* að þar hafi verið fleiri en einn texti (Björn Guðfinnsson 1964:35). Athugasemdir benda til þess að Eyjafjarðartextinn hafi verið lesinn í vesturhluta sýslunnar, en annar texti í austurhlutanum.
- c. Í Norður-Þingeyjarsýslu er ljóst að annar texti en Eyjafjarðartextinn hefur verið notaður, ef til vill sá sami og í austurhluta Suður-Þingeyjarsýslu.

<sup>46</sup> Dæmi um slíkt sést einmitt í þessum tveimur textum. Í öðrum er niðurlag málsgreinar „... þakkaði guði fyrir að sleppa lifandi“ og hinna „... þakkaði þó guði fyrir að sleppa lifandi“ (Björn Guðfinnsson 1964:138).

<sup>47</sup> Um lítils háttar frávik er þó að ræða í öllum tilvikum, til dæmis er *fangelsi* skráð á allmörg spjöld í Eyjafjarðarsýslu en í textanum er *fangelsinu* og í Skaftafellssýslum er *á huginn* í textanum en *á hugi* er ítrekað skráð á spjöld.

Lengra verður ekki komist í leitinni að því hvaða textar hafi verið lesnir í yfirlitsrannsókn Björns Guðfinnssonar á Norðurlandi. Til að takast á við þessa óvissu voru farnar tvær leiðir. Þegar reiknaðar voru einkunnir allra málhafa allt frá Skagafirði til og með Norður-Múlasýslu var gengið út frá sama fjölda próforða og í Eyjafjarðartextanum. Á þessum útreikningum er byggt í 4. kafla þar sem dregin er upp heildarmynd af svæðinu og eins og þar segir breytir óvissa í útreikningum henni ekki. Í rauntímasamanburði 5. kafla er mikilvægara að komast sem næst hárnákvæmri einkunn hvers málhafa. Þar var í flestum tilvikum hægt að ganga út frá Eyjafjarðartextanum með nokkurri vissu en óvissa ríkir um tvær harðmæliseinkunnir og tvær einkunnir fyrir raddaðan framburð.

Að öllu samanlögðu hefur mér sýnst að í flestum tilvikum sé hægt að fá nákvæmari einkunnir út úr gögnum Björns Guðfinnssonar en ég lét mig dreyma um í fyrstu. Eftir stendur auðvitað sú spurning hversu rétta mynd til dæmis 10 próforð fyrir harðmæli/linmæli lesin upp úr um 260 orða texta (sumir textar eru þó hátt í 400 orð) gefi af „raunverulegu“ harðmæli fólks. Slík óvissa er fylgifiskur rauntímarannsókna eins og Gregersen, Jensen og Pharao (2019) gera góð skil. Hér er brugðist við henni með því að gera ráð fyrir ákveðnum skekkjumörkum í samanburði milli rannsókna þegar horft er til einstaklinga. Í þessari rannsókn eru mörkin dregin við breytingu upp á 10 prósentustig og þannig talið til dæmis að lækkun einkunnar úr 190 í 185 sé innan skekkjumarka en breytist einkunnin um meira en 10 milli rannsókna megi ætla að um raunverulega framburðarbreytingu sé að ræða. Viðmiðunin er einungis tilgáta, ekki er auðséð hvar mörkin liggja. Jafnframt þessu er litið á heildarmyndina, skoðað hvort þróunin hjá hópnum í heild sé í sömu stefnu bæði hvað varðar litlar og miklar breytingar á einkunnum. Eins og fram kemur í 5. kafla er það misjafnt eftir tilbrigðapörum.

#### 3.5.6 Samantekt

Hér hefur verið sagt allitarlega frá rannsókn Björns Guðfinnssonar. Umfjöllunin nær ekki aðeins til þess sem varðar beint þessa rannsókna. Til að leggja traustan grunn að rannsókninni *Mál á mannsævi* þurfti ég að skoða rannsókn Björns og gögn ofan í kjölinn. Í því fólst meðal annars að kynna mér í þaula það sem hann segir sjálfur og bera það saman við gagnasafnið. Markmiðið var að öðlast yfirsýn og skilning á því sem þar væri eða væri ekki að finna, greina aðferðir og vinnubrögð og reyna þannig að sjá möguleika gagnanna og takmörk. Afraksturinn nýttist ekki allur í minni rannsókn en mér þótti vert að taka þessar upplýsingar saman svo þeir sem hugsanlega setjast síðar niður í handritasafni Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns með gögn Björns Guðfinnssonar hafi aðeins gleggri mynd af því sem öskjurnar hafa að geyma en ég gerði við upphaf þessarar vegferðar.

### 3.6 Athuganir á vitund og viðhorfum

#### 3.6.1 Inngangur

Hér að framan var fjallað um þrjú gagnasöfn sem nýtt eru í rannsókninni *Mál á mannsævi*. Í þeim eru bakgrunnsupplýsingar af félagslegum toga mjög mismiklar en almennt má segja að nokkru af slíku hafi verið safnað í íslenskum rannsóknum og notað til að varpa ljósi á þróun málsins og stöðu (sjá t.d. Höskuld Práinsson og Kristján Árnason 1984:119–120, Höskuld Práinsson o.fl. (ritstj.) 2013, 2015 (víða), Ástu Svavarsdóttur 1982:42–46, Sigríði Sigurjónsdóttur og Joan Maling 2001:142–145). Hins vegar hefur til þessa verið á litlu að byggja hérlendis um viðhorf sem fjallað var um í kafla 2.4.3. Finnur Friðriksson (2008:183) kannaði þó viðhorf til málbreytinga almennt og einstakra breytinga í doktorsritgerð sinni. Einnig má minna á rannsókn Þóru Bjarkar Hjartardóttur (1997) sem getið var í kafla 2.3.4 og beindist að tengslum framburðar og staðbundinnar sjálfsmyndar hjá Vestfirðingum. Þórunn Blöndal (1982) gerði athyglisverða tilraun til að kanna hvernig ungmenni skipuðu nokkrum körlum í starfsstéttir eftir málfari og velti þar meðal annars fyrir sér tengslum þess við harðmæli og *hv*-framburð. Pétur Helgason (1991) kannaði ómeðvituð viðhorf reykvískra framhaldsskólanema til harðmælis/linmælis og raddaðs/óraddaðs framburðar og komst að því að þeir kunnu betur að meta framburð Sunnlendinga en Norðlendinga. Sömuleiðis athuguðu tveir nemendur í íslensku viðhorf til norðlensks framburðar. Guðrún Karlsdóttir (1989) kannaði afstöðu ungmenna í Reykjavík til harðmælis, raddaðs framburðar og linmælis með því að spila upptökur þar sem sami texti var lesinn með mismunandi framburði. Viðhorf til bæði harðmælis og linmælis reyndust jákvæðari en til raddaðs framburðar. Um svipað leyti rannsakaði Hermína Gunnþórsdóttir (1991) framburð og viðhorf hjá dalvískum unglingum. Þeir voru jákvæðir í garð norðlensku, fannst hún fallelgri en sunnlenska og margir töldu hana að auki bæði réttari og upprunalegri. Þegar dýpra var kafað í viðhorfin kom í ljós að flestum fannst harðmæli fallelgra en raddaður framburður. Rannsókn Hermínu á Dalvík fór fram fimm árum eftir að rannsóknarfólk RÍN var þar á ferð. Athugun hennar á framburði leiddi í ljós að raddaður framburður hafði látið nokkuð undan síga meðal ungmenna á þessu tímabili, en harðmæli lítt haggast. Þær niðurstöður voru því í samræmi við mismunandi viðhorf til afbrigðanna.

Í framburðarhluta RAUN-rannsóknarinnar, þar sem rætt var við 638 málhafa í annað eða þriðja sinn, var að nokkru leyti róið á sömu mið og spurningar lagðar fyrir í lok viðtals sem ætla má að varpi ljósi á viðhorf til tungumálsins. Meðal annars var spurt hvar á landinu besta íslenskan væri töluð. Svör við þeirri spurningu hjá völdum málhöfum verða dregin fram í 5. kafla þar sem athugað verður hvort sjá megi tengsl milli framburðarbreytinga og viðhorfa (sjá kafla 5.5, 5.9.2.4 og 5.9.3.5). Um er að ræða málhafa sem tóku þátt í rannsókn Björns Guðfinnssonar, RAUN og *Málþekki*, sem fjallað er um hér á eftir.

Kristján Árnason (2005:413) telur að Íslendingar séu „tiltölulega meðvitaðir um tungu sína“. Þeir ræða gjarna ólíka kosti og leggja mat á þá. Þessi „meðvitund“ Íslendinga um tunguna hefur þó ekki verið rannsökuð, heldur er byggt á einhvers konar tilfinningu fyrir umræðunni.<sup>48</sup>

<sup>48</sup> Ýmsar athuganir benda til þess að umræða um kosti og galla ýmissa tilbrigða í íslensku byggist stundum á litlum skilningi á því í hverju munurinn felst. Í símaviðtölum sem segir frá hér á eftir kom til dæmis fram að einhverjir

Rannsóknir á **alþýðumálfræði** (e. *folk linguistics*) eru því verðugt viðfangsefni hér á landi, en þær snúast um skilning fólks og skoðanir á máli. Innan þessa rannsóknasviðs rúmast því til dæmis viðhorf til þess hvað er betra, réttara eða fallegra en annað (sjá t.d. Preston 2002a, Hoenigswald 1966). Umræða um slíkt getur til að mynda haft áhrif á stöðu afbrigða sem vísa, merkja eða staðalmynda sem rætt var um í kafla 2.4.3. Þau sem litla umræðu fá eru líklegri til að vera vísar, en merki eða jafnvel staðalmyndir ef athyglin er meiri. Um leið eru merki greinilegri en vísar, þó að áhöld séu um hvernig orsakasambandið snýr. Hver er staða landshlutabundnu framburðarafbrigðanna sem *Mál á mannsævi* snýst um að þessu leyti? Eru þau vísar eða merki? Því er ekki auðsvarað. Einn þáttur sem oft er notaður til að greina merki gæti þó verið gagnlegur, athugasemdir málnotenda sjálfra (sjá Chambers og Trudgill 1998:72) og jafnvel spaug þar sem hermt er eftir tiltekinni málnotkun. Þetta á að einhverju leyti við um raddaðan framburð, að minnsta kosti spaugið, eða hver kannast ekki við að Norðlendingar *prumpi í stampinn* ([pʰrʏmpʰi i stampʰɪn])?<sup>49</sup> Sömuleiðis er stundum haft á orði að *Akureyringar* borði á *Bautanum* og fráblástur þá skýr. Hins vegar er ekki auðvelt að leggja mat á hvort athugasemdir, eða jafnvel grínið, eru jákvæðar eða neikvæðar, aðeins að þessi afbrigði vekja athygli þeirra sem ekki nota þau.

Umfjöllunin hér að framan gefur tilefni til að taka undir með Ara Páli Kristinssyni (2018:141) um mikilvægi þess að gefa viðhorfum til málsins gaum og rými þegar (vonandi) kemur að því að ritað verði ítarlega um sögu íslenskunnar og þróun. En þar sem slík heildarsaga er enn óskráð var ráðist í athuganir árið 2013 sem beindust að viðhorfum til framburðar og vitund um einstök afbrigði. Frá þeim segir í þessum kafla. Áður en að þeim kemur er þó ástæða er til að líta um öxl og skoða þær hugmyndir, sem uppi voru um skeið, að samræma framburð á Íslandi. Þær fólu jafnframt í sér viðleitni til að hefja sum framburðarafbrigði til vegs og virðingar á kostnað annarra. Þó að ekki hafi orðið af því þjóðarátaki um samræmingu framburðar sem ýmsir létu sig dreyma um í kringum miðja 20. öld er vert að skoða þessar áherslur og velta fyrir sér hvort viðhorf í nútímanum eigi að einhverju leyti rætur að rekja til þeirra. Af þeim sökum er í næsta kafla stiklað á stóru í þessari sögu. Því næst kemur að umfjöllun um fyrrnefndar athuganir. Hún er að því leyti ólík fyrri köflum að hér er nokkuð um að sagt sé frá niðurstöðum. Það helgast meðal annars af því að niðurstöður einstakra áfanga réðu á köflum nokkru um áherslur í þeim næsta.

### 3.6.2 Áhrif fyrri hugmynda um málstýringu

Óhætt er að segja að íslensk „málstýringaryfirvöld“ hafi reynt að hafa áhrif á þróun og afdrif landshlutabundinna framburðarafbrigða. Árið 1912 birti Guðmundur Björnsson landlæknir grein í *Skólablaðinu* sem bar heitið Rangritunarheimska og framburðarforsmán og ári síðar greinina Hljómbætur. Þar mælir Guðmundur með því að framburði verði í ýmsum atriðum breytt og hann

töldu að *r* hefði sérstöðu í norðlenskum framburði („þeir eru harðir á *r*-inu,“ sagði einn viðmælandi). Ef til vill er því nær lagi að tala um „áhuga“ en „meðvitund“.

<sup>49</sup> Stundum er þessi frasi lengri og hefst á *Pilturinn og stúlkan*. Þá er *piltur* gjarna með rödduðum framburði þó að þeir sem nota hann hafi þar óraddað /l/. Hér er því annað dæmi um að athygli og áhugi á málfarslegu einkenni þurfi ekki að þýða nákvæman skilning á því, sbr. fyrri neðanmálsgrein.

færður nær uppruna og þá um leið stafsetningunni, en stafsetning í öðrum tilvikum færð nær framburðinum (Guðmundur Björnsson 1912:147–151, 1913:181–186).

Tillögur Guðmundar leiddu til nokkurrar umræðu, misjafnlega hófstiltrar, um bæði fegurð og samræmingu framburðar. Jakob Jóh. Smári skrifaði til að mynda grein sem birtist í þremur hlutum í *Landinu* árið 1917. Hann taldi að „mikil nauðsyn væri, þótt mállýzkumunur sé hér næsta lítill, að hafa einhvern fastan fyrirmyndarframburð, er kendur væri í öllum skólum og mentaðir menn þættist skyldir að nota“. Meðal þeirra afbrigða sem hann vildi að yrðu fyrir valinu var *hv*-framburður með rökum um uppruna, rithátt og óaskilegt samfall orða eins og *hvalir* og *kvalir* sem fylgdi *kv*-framburði. Hann mælti einnig með rödduðum framburði, enda „þýðari, hljómfegurri og fer betur í söng og ræðu“ að hans mati, og harðmæli, sem hann rökstuddi með því að með linum framburði væri „vegurinn rakinn til frekari breytinga, ef til vill á líkan hátt, sem orðið er í dönsku“. Auk þess var það hans mat að almenningur teldi „sunnlenzka framburðinn ófegri“ og vert að halda því til haga að þarna á hann við linmæli. Hann segir ekkert um almennt álit á rödduðum og órödduðum framburði. Um Norðlendinga sagði Jakob einnig að þeir töluðu yfirleitt „skýrar og greinilegar, en Sunnlendingar og er það eftirbreytnisvert“. Ekki vildi Jakob þó taka upp lokhljóðaframburð á undan /ð/ sem útbreiddur var á Norðurlandi né ýmis önnur afbrigði sem hann tindi til, þar á meðal bæði vestfirskan og skaftfellskan einhljóðaframburð. Hins vegar sagði hann (án frekari röksemda) að það væri „mesta nauðsyn, að uppræta algjörlega Nesjaframburðinn svonefnda“, þ.e. flámæli (Jakob Jóh. Smári 1917:101, 106, 112).

Skrif Jóhannesar L. L. Jóhannssonar í *Skólablaðinu* 1920 voru á svipaða lund (sjá einnig Helga Hjörvar 1920). Jóhannes taldi að með því að kenna í skólum „landsgildan“ framburð væri „auðið með tímanum að breyta framburðinum stórlega til batnaðar“. Hann vildi að valið yrði úr það „sem fegurst er og rjettast á hverjum stað“ og tiltók sem dæmi *hv*-framburð, vestfirskan einhljóðaframburð og *rn*- og *rl*-framburð, en hreifst ekki af rödduðum framburði og vék ekki skýrt að ágæti harðmælis. Flámælið fékk þeim mun meira rými og taldi Jóhannes nauðsynlegt að taka „duglega í taumana til umbóta, enda eru allir hjer sammála um hvað rjett er“ (Jóhannes L. L. Jóhannsson 1920:115–117).<sup>50</sup> Stuttu síðar kom fram hjá „H“, sem skrifaði í *Morgunblaðið*, að hann/hún teldi að menn myndu „vera sammála um, að það beri að útrýma hörðu samhljóðunum norðlenzku, „habbði“, „saggði“, „kvalur“ o. s. frv.“ en ritari tók upp hanskann fyrir raddaða framburðinn (H. 1920:2).

Lá nú þessi umræða í láginni um skeið en hugmyndirnar reyndust þó ekki gleymdar. Björn Guðfinnsson tók upp þráðinn og lagði áherslu á að rannsókn á framburði landsmanna þyrfti að vera undirstaða samræmingar. Fór svo að fyrsta fjárveitingin sem hann fékk til rannsókna sinna var fé sem Alþingi veitti Ríkisútvarpinu og ætlað var „til málfegrunar“ (sjá Björn Guðfinnsson 1946:8–9, 82, einnig frétt frá 1941, Sérstakar framburðarreglur verða teknar upp í skólum landsins, útvarpi, leikhúsum og víðar, og aðra frá 1943, Viðtal við Björn Guðfinnsson: Rannsóknir

<sup>50</sup> Neikvætt viðhorf til flámælis má einnig sjá hjá Jóni Ófeigssyni (1920–1924:XXVII) í greininni Træk af moderne islandsk Lydlære. Þar lýsir hann helstu tilbrigðum í íslenskum framburði á hlutlausan hátt nema flámæli, sem hann kallar Suðurnesjamál, og segir: „Udtalen anses for plebejisk og undgaas af alle dannede Menneker“.

á framburði ísl. tungu). Þó að ljóst sé að honum hafi verið full alvara með umfjöllun sinni um þörf á samræmingu framburðar er freistandi að ætla að hann hafi viljandi gert nokkuð mikið úr mikilvægi þess að leggja grunninn með nákvæmri rannsókn á framburði landsmanna, einfaldlega til að afla fjár til þessa hugðarefnis. Það verður að minnsta kosti ekki séð að svo stórkostleg og margslungin rannsókn sem hann safnaði gögnum til hafi verið nauðsynleg frá hagnýtu sjónarmiði og aðferðir Björns og umfjöllun benda til mikils fræðilegs áhuga frekar en að fyrst og fremst hafi verið um söfnun hagnýtra upplýsinga að ræða.

Björn hélt fyrirlestur um framburð og stafsetningu árið 1946, bæði í Háskóla Íslands og útvarpinu, sem síðar varð fyrri hluti rits sem út kom 1947. Þar kom vel fram að hann vildi vanda mjög til verka við samræminguna. Taldi hann ráðlegt að byrja aðeins á þremur afbrigðum en vildi jafnframt „stuðla að varðveislu ýmissa fornra og fagurra mállýzkna sem enn ber nokkuð á í landinu og komið gæti til greina að síðar yrðu felldar inn í hinn samræmda framburð“ (Björn Guðfinnsson 1981:75, einnig 79–80, sjá einnig frétt með yfirskriftinni Dr. Björn Guðfinnsson 1946). Fyrir þennan fyrsta áfanga valdi hann eitt afbrigði sem taldist meirihlutamál landsmanna, réttmæli, og tvö sem minnihluti landsmanna hafði í máli sínu, harðmæli og *hv*-framburð.

Þó að Björn færi ýmis rök fyrir vali sínu má sjá af umfjölluninni hér að framan að sömu afbrigði höfðu áður komið fram í umræðunni. Um aldarfjórðungi fyrir mæltu til dæmis bæði Jakob og Jóhannes með *hv*-framburði og Jakob tiltók ágæti raddaðs framburðar og harðmælis. Enginn hélt uppi vörnum fyrir flámæli. Sá grunur vaknar að hér sé ekki aðeins um að ræða viðhorf fræðimanna heldur almannaróm. Árið 1939 birtust til að mynda skrif Skagfirðingsins Gísla Magnússonar í þættinum Raddir hlustenda í *Útvarpstíðindum* þar sem hann notaði orðalagið „misþyrming á málinu“ um linmæli. Árið eftir gerði „Hannes á horninu“ framburð útvarpsþular að umtalsefni. Hann kvaðst hafa fengið „mörg bréf“ og vitnaði í tilskrif Akureyrings sem greinilega þótti linmæli þularins gagnrýnisvert og tiltók bæði „A-gur-erri“ og „geda“. Ekki verður annað séð en „Hannes á horninu“ hafi verið sammála þessu en það var dulnefni blaðamannsins Vilhjálms S. Vilhjálms-sonar sem var Sunnlendingur að uppruna, búsettur í Reykjavík (sjá Um daginn og veginn. Athuganir Hannesar á horninu 1940, einnig um Vilhjálms hjá Benedikt Gröndal 1966).

Í þessu sambandi má einnig geta þess að enginn þeirra þriggja sem hér að framan voru nefndir sem málsvarar harðmælis og *hv*-framburðar, þ.e. Björn, Jakob og Jóhannes, ólst upp á megin-svæði þessara afbrigða. Þeir voru allir úr Dalasýslu þar sem lítið fór fyrir svæðisbundnum framburðarsérkennum. Á hinn bóginn má velta því fyrir sér hvort sjónarmið Björns hafi haft áhrif á rannsóknir hans þannig að hann hafi ofmetið stöðu einhverra afbrigða. Eins og fram kom í kafla 3.5.3 var ekki gert ráð fyrir blönduðum framburði við mat á tíðni réttmælis og flámælis heldur „... þeir hljóðhafar kallaðir flámæltir, sem notuðu flámælisframburð að einhverju leyti, svo að óyggjandi væri“ (Björn Guðfinnsson 1964:82). Ekki er óvarlegt að ætla að neikvæð afstaða til flámælis hafi valdið þessu stranga mati. Erfiðara er að geta sér til um hvort afstaða Björns til annarra afbrigða hafði áhrif á mat á þeim. Ekkert afbrigði bjó við viðlíka dómhörku og flámæli.

Ef árangur ætti að nást þyrfti að mati Björns að byrja á því að þjálfa kennara, meðal annars með námskeiðum um land allt. Hann lét ekki sitja við orðin tóm heldur hélt slík námskeið og

skrifaði árið 1947 að „[f]jölmargir kennarar“ hefðu fengið „bráðabirgðafraeðslu um framburðarmálin“ en þrír hefðu lokið „fullgildu framburðarprófi“, hvað svo sem í því fólst.<sup>51</sup> Taldi hann „ekkert því til fyrirstöðu“ að hefja framburðarkennslu í Laugarnesskóla árið eftir því að þar væri „nægum mönnum á að skipa“ og skólastjórinn [Jón Sigurðsson] að auki „mjög hlynntur málinu og áhugamaður um framgang þess“ (sjá Björn Guðfinnsson 1981:74–85, einnig um námskeið á Akureyri haustið 1942 sem Jakob Kristinsson fræðslumálastjóri nefndi í viðtalinu Kennslueftirlitið er eitt þarfasta nýmæli í fræðslulögunum árið 1943).

Það hefur einnig komið fram að einhverjir nemendur fengu framburðarkennslu í skóla, meðal annars í viðtölum sem ég tók árið 2013 við tæplega 40 manns og nánar segir frá í kafla 3.6.3.2. Þótt ekki væri spurt um þetta beint rak tvo viðmælendur mína minni til að hafa fengið kennslu í *hv*-framburði. Í öðru tilvikinu var raunar um að ræða konu sem ekki var í úrtakinu en við spjölluum dálítið saman þegar í ljós kom að maður hennar, sem ég hafði ætlað að ná í, hafði ekki heilsu til þátttöku. Það var einmitt í Laugarnesskóla sem hún fékk kennslu í *hv*-framburði. Hinn þátttakandinn sem rifjaði upp kennslu í *hv*-framburði hafði verið í skóla í Strandasýslu. Kennslan hefur því ekki verið bundin við borgina.

Björn lést árið 1950 og því kom í annarra hlut að vinna áfram að þessum málum. Segja má að á tímabilinu 1950–1954 hafi tillögur um samræmingu framburðar „velkst um í kerfinu“. Bréf, álit og tillögur, meðal annars að reglugerð, fóru milli fræðslumálastjóra, menntamálaráðuneytisins og Heimspekideildar Háskóla Íslands. Í þessu ferli komu fljótt fram efasemdir um að rétt væri að ganga svo ákveðið til verks eins og Björn hafði lagt til. Þar var Heimspekideild í broddi fylkingar. Flámælið voru menn þó sammála um að þyrfti að uppræta en vildu að öðru leyti heldur stuðla að varðveislu landshlutabundinna afbrigða. Undantekning var lokhljóðaframburður á undan /ð/, í orðum eins og *hafði* og *sagði*, sem ýmist fékk heldur neikvæða umsögn eða var látinn liggja milli hluta. Harðmæli og *hv*-framburður höfðu þó þá sérstöðu að teljast „æskileg“ afbrigði sem jafnvel mætti „stefna að“. Þegar til átti að taka og tillögur komnar fram sem nokkur sátt virtist um meðal þeirra sem fjölluðu um málið strandaði það hjá yfirvöldum menntamála. Ekki varð af útgáfu reglna eða opinberri stefnu um íslenskan framburð. Hugsanlega má álykta út frá því að þrátt fyrir að skriflegar samþykktir og álit bendi til jákvæðrar afstöðu til að minnsta kosti einhvers konar stefnu og aðgerða hafi efasemdir, sem birtast í ýmiss konar varnaðarorðum, rist nokkuð djúpt (sjá ítarlega umfjöllun hjá Baldri Jónssyni 1998 og Halldóri Halldórssyni 1971, einnig Ævar R. Kvaran 1968).<sup>52</sup>

Í þessu ferli öllu skjóta Þjóðleikhúsið og Ríkisútvarpið ítrekað upp kollinum ásamt stofnunum sem menntuðu kennaraefni, sem voru bæði Háskólinn og Kennaraskólinn, og jafnvel Guðfræðideild Háskólans. Var það greinilega mál manna að það væri ekki síst á þessum vígstöðvum sem baráttan gegn flámæli færi fram og að þar skyldi einnig unnið í samræmi við

<sup>51</sup> Einn þessara þriggja nemenda var Jón Júlíus Þorsteinsson, kennari í Ólafsfirði og síðar á Akureyri. Jón mun hafa orðið handgenginn Birni Guðfinnssyni og nýtt sér vel í kennslu það sem hann lærði af honum. Hann las inn á hljómplötur sem nefndar voru í kafla 3.5.4 og gerði síðar kennslugögn fyrir hljóðlestrar-, tal- og söngkennslu (sjá Sverri Pálsson 1979, Erlu Kristjánsdóttur 1980, Minningarsjóður um Jón Júlíus Þorsteinsson, kennara 1982).

<sup>52</sup> Grein Halldórs birtist upphaflega í *Skírni* 1955, en að sögn Baldurs urðu mistök við prentun greinarinnar og útgáfan frá 1971 því heppilegri heimild.



framburðarreglurnar sem hugmyndin var að yrðu afrakstur þessarar vinnu. Þótt ekki yrði af staðfestingu opinberra reglna höfðu tillögurnar áhrif innan að minnsta kosti sumra þessara stofnana. Þessum viðhorfum var til að mynda haldið að nemendum Kennaraskólans og þeirra sá stað í námskrám. Árið 1960 segir hreint út: „Æskilegt er, að linmæltum nemendum sé kenndur harðmælisframburður og hv-framburður sé æfður í stað kv-framburðar.“ Og svo seint sem 1976 var nefnt í námskrá að með æfingum mætti „glæða hljóðnæmi og styrkja tungutak nemenda“ og hv-framburður nefndur sérstaklega í því sambandi en ekki harðmæli. Á milli þessara námskráa, árið 1965, birtist blaðaviðtal við Óskar Halldórsson, þáverandi námsstjóra í íslensku. Hann tók djúpt í árinna og kvað linmæli orðið „hættulegt tungunni“. Fram kom að „sumir“ kennarar hefðu sinnt harðmæliskenndu en hana þyrfti að auka. Aðspurður um kenndu í hv-framburði svaraði Óskar hins vegar aðeins stuttlega og ekki að sjá að honum hafi þótt slíkt aðkallandi (sjá Menntamálaráðuneytið 1960:11, 1976:20, Aukin talmálskenndu og bókmenntakynning. Rætt við Óskar Halldórsson námsstjóra 1965, einnig hvatningu um samræmingu framburðar hjá Ævari R. Kvaran 1960 og svargrein Óskars Halldórssonar 1960).

Um 1980 nær umræða af þessu tagi flugi á ný. Þá má finna fjölda blaðgreina þar sem höfundar fjalla um framburð og nefna margir ágæti harðmælis og sumir einnig hv-framburðar en aðrir andmæla. Hér verður þetta ekki rakið en nefna má greinar eftir Jóhönnu Kristjónsdóttur (1976), Helga Hálfðanarson (1980, 1984a, 1984b, 1984c), Gísla Jónsson (1981, 1983a, 1983b), Guðmund B. Kristmundsson (1985), Halldór Halldórsson (1983), Höskuld Þráinsson (1983a, 1983b), Ingólf Pálmason (1984), Kristján Árnason (1983a, 1983b, 1983c), Magnús Kjartansson (1980), Matthías Johannessen (1984), Matthías Jónasson (1984), Sverri Pál Erlendsson (1983), Ævar Kvaran (1978a, 1978b, 1979a, 1979b, 1979c, 1981a, 1981b, 1983a, 1983b, 1983c, 1983d, 1983e, 1985 (upphaf greinaflokks um upplestur)) og Reykjavíkurbref 1984.

Þessi langi listi einn og sér endurspeglar miklar skoðanir á málefnum og átök þó að tillögur Björns Guðfinnssonar um samræmdan framburð væru orðnar hátt í 40 ára gamlar. Hafa má í huga að hann rökstuddi þær lítt eða ekki með orðalagi á borð við *gott/vont mál* eða *skýrt/óskýrt*. Þó að þau sjónarmið hafi líklega verið á kreiki að harðmæli væri skýrara en linmæli (sbr. umfjöllun um skrif Jakobs Jóh. Smára hér að framan) er að sjá sem þeim hafi vaxið ásmegin með tímanum. Að minnsta kosti koma þau sjónarmið víða fram í fyrrnefndum blaðgreinum. Þá má nefna að í leiðbeiningum um íslenskan framburð, sem út komu árið 1987, var minnt á að *linmæli* væri óheppilegt orð um óskýrmæli þar sem það væri heiti á andstæðu harðmælis og ástæða þótti til að kveða fast að orði, „Ber að taka skýrt fram að ekki liggja rök til þess að ætla að linmæli sé – eða þurfi að vera – óskýrari framburður en harðmæli“ (Guðmundur B. Kristmundsson o.fl. 1987:41).<sup>53</sup> Hjá Margréti Pálsdóttur (1992:38) er þess einnig getið að *linmæli* sé óheppilegt orð um óskýrmæli.<sup>54</sup>

<sup>53</sup> Í *Handbók um íslenskan framburð* var byggt á leiðbeiningunum. Þar er orðalagið heldur mildara og athugasemdin komin neðanmáls (sjá Indriða Gíslason og Höskuld Þráinsson 1993:16, 57).

<sup>54</sup> Sjálf hóf ég háskólanám í íslensku á 9. áratugnum og er minnisstætt að kennari taldi ástæðu til að taka það sérstaklega fram að harðmæli væri ekki skýrara en linmæli. Hann gerði því væntanlega ráð fyrir að nemendur gætu haft þessa hugmynd.

Af þessu er að sjá sem umræða um samræmdan framburð hafi með tíð og tíma farið að snúast um skýran og óskýran framburð með sérstakri áherslu á harðmæli og linnmæli. Sá þráður verður tekinn upp í kafla 5.6.4. Vægi *hv*- og *kv*-framburðar var minna en þó má nefna að Árni Böðvarsson, sem vann á vegum fræðslumálastjóra að því sem kallað var *Uppkast að reglugerð um íslenzkan framburð* (sjá Halldór Halldórsson 1971:89), var áhrifamaður innan íslenskra fræða. Hann var kennari við framhaldsskóla, Kennaraskólann og Háskólann, gerði útvarps- og sjónvarpsþætti um íslenskt mál og var málfarsráðunautur Ríkisútvarpsins frá 1984 til 1992. Líklegt er að hann hafi haldið á lofti báðum „æskilegu“ afbrigðunum, harðmæli og *hv*-framburði. Annar stuðningsmaður þessara framburðarafbrigða var Ævar Kvaran leikari sem stofnaði og rak eigin leiklistarskóla, kenndi í Leiklistarskóla Þjóðleikhússins og hélt námskeið í framsögn (sjá Ævar R. Kvaran 1981a:32, Gísli Alfredsson 1994:30). Ekki er óvarlegt að ætla að áhrifa hans hafi séð stað á fjöllum íslenskra leikhúsa. Margrét Pálsdóttir tjáði mér (í samtali 2020) að hún væri ekki í vafa um það, slík hefði áherslan á ágæti harðmælis og *hv*-framburðar verið þegar hún tók að kenna leiklistarnemum framsögn (eða hljóðmótun eins og það var kallað) árið 1983.

Af þessu má ráða að áform um að samræma framburð sem þróuðust yfir í aðeins óljósari stefnu og urðu svo að engu – opinberlega – höfðu þrátt fyrir allt ýmis áhrif um áratugaskeið. Segja má að þessar hugmyndir og viðleitni til að framfylgja þeim hafi falið í sér tilraun til að stimpla linnmæli og *kv*-framburð og upphefja harðmæli og *hv*-framburð að sama skapi. Að auki leiddi þessi stýring líklega af sér „óeðlilega“ hátt hlutfall síðarnefndu afbrigðanna í útvarpi – og jafnvel leikhúsum – miðað við hlutfall þeirra almennt á landsvísu. Um hvorugt verður þó fullyrt. Það sama gæti gilt um kennaraefni og kennara. Raddir útvarpsins kunna að hafa dregið úr framandleika þessara framburðarafbrigða meðal þeirra sem ekki bjuggu við þau. Af ýmsum ástæðum má ætla að þetta hafi komið harðmæli „til góða“ fremur en *hv*-framburði, ekki síst vegna þess að með tímanum var farið að spyrða harðmæli og skýrmæli nánar saman en áður. Því er líklegra að útvarpsfólk hafi verið ráðið til starfa beinlínis vegna harðmælis. Málstýringin var til þess fallin að hafa áhrif á alþýðumálfræðilega umfjöllun og vekja jákvæð viðhorf til harðmælis og mögulega *hv*-framburðar, meðvituð eða ómeðvituð.

Spurningin er: Hafði þetta áhrif? Hefðu til dæmis niðurstöður RÍN varðandi harðmæli og *hv*-framburð verið aðrar ef þetta hefði ekki komið til? Sömu spurninga má spyrja um þau afbrigði sem ekki var mælt með til samræmingar. Hafði þetta neikvæð áhrif á varðveislu þeirra? Þessu er erfitt að svara. Ekki þarf þó mikið hugmyndaflug til að sjá að fræðimenn og almenningur gengu í takt hvað varðaði flámælið og Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason hafa einmitt gert því skóna að viðsnúninginn í þróun þess megi rekja til viðhorfa og stimplunar (sjá HP og KÁ 1992:115–116, KÁ og HP 2003:192–193, einnig ítarlega umfjöllun um einkenni og þróun flámælis hjá KÁ 2005:395–408 og Þórunni Blöndal 1984). Sömuleiðis má segja að jákvæð viðhorf til harðmælis séu nokkuð greinileg í samfélaginu, án þess að auðvelt sé að setja fingurinn á þau. Einhver vandskilgreindur „almannarómur“ segir að harðmæli sé betra eða jafnvel skýrara en linnmæli.

Á heildina litið er því svo að sjá sem tilraunir til að hefja harðmæli til vegs og virðingar

hafi skilað einhverjum árangri hvað gildismat varðar. Viðhorfin hafa að minnsta kosti þróast í samræmi við væntingar hvar svo sem ástæður þess liggja. Lengi var þó í senn óljóst hversu útbreidd slík jákvæðni væri og hvort harðmæli og norðlenska væru hér samheiti og þá um leið að hve miklu leyti raddaður framburður ætti hlutdeild í þessu dálæti á norðlensku.

Öllu óljósari eru viðhorf til annarra framburðarafbrigða. Hvað sem líður áherslum fræðimanna og stofnana er umræddur almannarómur næsta þögull um *hv*-framburð, að ekki sé talað um skaftfellskan einhljóðaframburð. Alþýðumálfræðileg umræða nær ekki til þeirra. Það sama má segja um fleiri afbrigði sem nú eru flest orðin fáheyrð. Hér er því mikið verk óunnið en nokkru skýrari mynd hefur fengist í athugunum sem fjallað er um í næsta kafla.

### 3.6.3 Málþekki

#### 3.6.3.1 Inngangur

Á árunum 2013–2016 var unnið að tveimur rannsóknum á grundvelli styrkja sem Kristján Árnason prófessor hlaut frá Rannsóknasjóði Háskóla Íslands. Þar var þess freistað á ýmsan hátt að afla vitneskju um vitund Íslendinga um landshlutabundinn framburðarmun, viðhorf þeirra og smekk. Fyrri rannsóknin skiptist í þrjá áfanga þar sem aðferðir voru ólíkar en markmið að hluta til þau sömu. Í seinni rannsókninni bættist enn við aðferðir og markmið. Þrátt fyrir þetta má segja að báðar rannsóknirnar hafi myndað eitt samfellt ferli sem sameina má undir nýyrðinu *Málþekki* með vísan til *þekkja* í fornri og nýrri merkingu (‘verða var við’, ‘bera kennsl á’) og *þekkur* (‘geðþekkur’, ‘fallegur’). Ferlinu má í heild lýsa með yfirlitinu í *töflu 3-7*.

Meginmarkmið	Rannsókn	Aðferð
Að kanna meðvituð <b>viðhorf</b> fólks til landshlutabundins framburðarmunar	1. áfangi	Þjóðmálakönnun Félagsvísindast.
	2. áfangi	Símaviðtöl
	3. áfangi	Netkönnun
Að kanna meðvituð <b>viðhorf</b> fólks til <b>einstakra framburðarafbrigða</b>	2. áfangi	Símaviðtöl
	3. áfangi	Netkönnun
Að kanna <b>vitund</b> fólks um einstök framburðarafbrigði, þ.e. hversu vel fólk greinir/nemur þau	2. áfangi	Símaviðtöl
	3. áfangi	Netkönnun
Að kanna <b>þekkingu</b> fólks um landshlutabundinn framburðarmun og einstök afbrigði	2. áfangi	Símaviðtöl
Að kanna <b>ómeðvituð viðhorf</b> til harðmælis og linnmælis	4. áfangi	Grímupróf

*Tafla 3-7:* Markmið og aðferðir í fjórum áföngum rannsókna á vitund Íslendinga um landshlutabundinn framburðarmun, viðhorfum og smekk, *Málþekki*.

Eins og sést á 4. áfanga í yfirlitinu var athugun á viðhorfum til harðmælis og linnmælis ítarlegust. Athyglinni var bæði beint að meðvituðum og ómeðvituðum viðhorfum til þessara afbrigða. Munurinn á rannsóknaraðferðum felst í stuttu máli í því að meðvituð viðhorf eru könnuð með því að spyrja þátttakendur beint eða að minnsta kosti þannig að þeim geti verið ljóst

eftir hverju er verið að fiska en við athugun á ómeðvituðum viðhorfum þarf að dylja hinn eiginlega tilgang rannsóknarinnar. Ástæðu þess að viðhorf til harðmælis og linnælis voru könnuð á báða vegu má rekja til þess að athuganir á meðvituðum viðhorfum leiddu í ljós svo jákvæða afstöðu til harðmælis að freistandi er að ætla að hún gæti ýtt undir varðveislu þess. Hins vegar hefur komið fram í erlendum rannsóknum að meðvituð og ómeðvituð viðhorf fara ekki alltaf saman og jafnframt að þróun málsins getur verið í samræmi við þau ómeðvituðu (sjá umfjöllun í kafla 2.4.3). Það var því brýnt að komast að því hvort meðvituð og ómeðvituð viðhorf hneigðust í sömu átt.

Hér á eftir verður stiklað á stóru um aðferðir og niðurstöður. Í kafla 3.6.3.2 segir stuttlega af fjórum áföngum rannsókna og í kjölfarið er flestum markmiðum sem fram koma í *töflu 3-7* helgaður sérstakur undirkafla. Þekking fólks á landshlutabundnum framburðarmun verður þó aðeins nefnd í framhjálaupi. Einkum verður fjallað almennt um niðurstöður sem lúta að þeim tilbrigðapörum sem til rannsóknar eru, þ.e. harðmæli/linnæli, rödduðum/órödduðum framburði, *hv-/kv-*framburði og skaftfellskum einhljóðaframburði/tvíhljóðaframburði. Í 4. kafla er svo vikið nánar að hverju pari fyrir sig.

#### 3.6.3.2 Rannsóknirnar

Í 1. áfanga voru tvær spurningar lagðar fyrir í Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar í febrúar til mars 2013. Könnunin er gerð reglulega og spurt um ýmis samfélagsleg málefni. Hún náði til 1200 manns sem hringt var í eftir tilviljanaúrtaki úr þjóðskrá og annarra 1200 sem voru þátttakendur í svokölluðum netpanel. Hann byggist einnig á tilviljanaúrtaki úr þjóðskrá en samanstandur af fólki sem hefur samþykkt að taka þátt í netkönnunum á vegum stofnunarinnar. Að þessu sinni svöruðu 1283, eða 55%. Gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu til að þau gæfu sem réttasta mynd af þýðinu og því byggðist úrvinnslan á færri svörum eða 1252.

Hægt er að láta leggja fyrir spurningar í könnuninni gegn greiðslu og voru keyptar tvær spurningar um fegurð framburðar eins og nánar verður fjallað um í kafla 3.6.3.3. Innifalið í þessari þjónustu er skýrsla frá Félagsvísindastofnun með tölfræðilegri úrvinnslu. Þar eru svörin greind á ýmsan hátt.

Í 2. áfanga rannsókna tók ég símaviðtöl. Rætt var við 39 einstaklinga sem tóku þátt í framburðarluta RAUN-verkefnisins. Allt var þetta fólk fætt um 1930 og tók þátt í rannsókn Björns Guðfinnssonar á 5. áratug 20. aldar og flestir (31) tóku einnig þátt í RÍN um 40 árum síðar. Af þessum hópi voru 38 þátttakendur frá þremur svæðum, Norðurlandi, Skaftafellssýslum og Vestfjarðakjálkanum, ýmist staðfastir eða brottfluttir, þ.e. sumir bjuggu enn á sama svæði og í fyrstu rannsókninni en aðrir höfðu flutt til höfuðborgarsvæðisins. Að auki var tekið viðtal við einn Reykvíking en í kjölfarið ákveðið að einskorða rannsóknina við þá sem áttu það sameiginlegt að hafa alist upp við staðbundin framburðarabrigði.

Gerður var rammi með 16 meginspurningum sem sumar höfðu undirspurningar. Þessum ramma var ætlað að stýra viðtalinu og tryggja að sem flest fyrirhuguð umræðuefni kæmust á dagskrá og væru lögð upp á sama eða svipaðan hátt. Eins og við er að búast voru þátttakendurnir

misjafnlega ræðir, stundum svöruðu þeir spurningum áður en þær voru lagðar fyrir, aðrir létu spyrilinn draga vagninn. Minnisþingar um svör og viðbrögð voru skráðir jafnóðum og skýrsla um hvern og einn skrifuð strax að loknu viðtali. Viðtölin voru hins vegar ekki hljóðrituð, bæði vegna kostnaðar og flóknari framkvæmdar, en ekki síður til að forðast neikvæð áhrif á viðtalið sjálft. Hvorki er leyfilegt né siðlegt að hljóðrita viðtöl án samþykkis og ekki alls kostar auðvelt að vinna traust fólks í gegnum síma með því að byrja á því að tala um hljóðupptöku.

Í þessum áfanga rannsóknanna komu fram upplýsingar um **þekkingu** fólks og **vitund** um eigin framburð og annarra og vísbendingar um **merkingu orða** eins og *norðlenska*, *sunnlenska* og *skafffelliska*. Er það til dæmis raddaður framburður eða harðmæli sem fólk hefur í huga þegar það talar um *norðlensku*, annað afbrigðið frekar en hitt, eða kannski hvorugt? Einnig fengust vísbendingar um **feegurðarmat** þátttakenda á einstökum afbrigðum eða máli á tilteknum svæðum. Þessi áfangi lagði líka mikilvægan grunn að þeim næsta. Ekki síst urðu niðurstöðurnar til þess að heiti framburðarafbrigða, eins og harðmæli eða skafffelliskur einhljóðaframburður, voru sniðgengin í netkönnuninni og ekki var gengið út frá því að fólk vissi hvaða afbrigði einkenna mál tiltekinna svæða. Að því marki sem símaviðtölin snerust um sömu markmið og aðrir áfangar rannsóknanna, einkum varðandi fegurð framburðar, voru niðurstöðurnar í góðu samræmi við þá. Niðurstaðna úr viðtölunum verður því aðeins að litlu leyti getið hér á eftir.

Í 3. áfanga rannsóknanna var um að ræða netkönnun sem gerð var með hjálp forritsins *SurveyGizmo* og var Hlíf Árnadóttir mér til aðstoðar. Könnunin var opnuð 10. júní 2014 þegar stofnaður var svokallaður opinn viðburður á samskiptamiðlinum *Facebook* undir heitinu *Könnun á íslensku máli*. Þar var stutt kynning og þátttakendum vísað á netslóð. Þegar smellt var á hana opnaðist sjálf könnunin. Opinn viðburður felur í sér að hver sem er getur tekið þátt í honum og var ýmsum ráðum beitt til að kynna hann og þá sérstaklega hugað að dreifingu um landið allt. Könnuninni var lokað 17. júlí og höfðu þá 1048 svarað henni. Þar á meðal voru hlutfallslega margir sem höfðu aflað sér einhverrar menntunar í málfræði á háskólastigi, en við því var séð í upphafi með spurningum sem voru sérstaklega hugsaðar til að geta greint þá frá öðrum þátttakendum. Í úrvinnslunni voru þeir felldir út sem sögðust hafa lært íslensku eða málvísindi í háskóla, lagt stund á kennaranám og/eða kennt íslensku, einnig þeir sem ólust upp við annað mál en íslensku eða dvöldu að mestu leyti erlendis til 16 ára aldurs.<sup>55</sup> Eftir stóðu **658** þátttakendur. Þar voru konur mun fjölmennari, eða 471 (71,58%), en karlar voru 187 (28,42%).

Netkönnunin skiptist í þrjú hluta. Í þeim fyrsta voru níu spurningar með hljóðskrá og snerust fimm þeirra um framburð. Innan um voru spurningar um ýmis málfræðisatriði til að athygli þátttakenda beindist ekki um of að framburði. Markmiðið var að kanna hvort þátttakendur **greindu eða tækju eftir landshlutabundnum afbrigðum** sem hljóðskrárnar innihéldu. Ýmiss konar tilraunir hafa verið gerðar til að mæla hvort eða hversu greinileg tiltekin afbrigði, breytileiki eða mállýskur séu. Þátttakendur í slíkum rannsóknum hafa til dæmis verið fengnir til að teikna nokkurs konar mállýskukort, hlusta á upptökur og segja til um hvaðan mælendurnir séu

<sup>55</sup> Ekki var kannað hvort þessi bakgrunnur skipti máli. Gögn þeirra sem felldir voru út í þessari fyrstu úrvinnslu bíða betri tíma.

eða meta muninn á annan hátt (sjá t.d. umfjöllun um nokkrar aðferðir hjá Preston 1989:1–23, einnig 2002b, Fridland, Bartlett og Kreuz 2004, Kerswill og Williams 2002, Rác 2012). Í ljósi símaviðtalanna var hins vegar ákveðið að reyna að lágmarka áhrif þekkingar. Þar kom fram að fólk gat þekkt til framburðarabrigða án þess að vita hvaða svæði þau tilheyrðu (sbr. einnig Pétur Helgason 1991:9–10). Í stað þess að spila til að mynda upptöku þar sem *hv*-framburður kom fyrir og spyrja síðan hvaðan mælandinn væri var byrjað á kynningu á uppruna eða búsetu mælandans, sem var kona í öllum tilvikum.

Að lokinni þessari kynningu smelltu þátttakendur á hljóðskrána. Hún hafði að geyma stuttan lesinn texta þar sem ýmis frekar sjaldgæf orð komu fyrir en jafnframt tvö algeng orð borin fram með svæðisbundnum framburði. Kona sem var kynnt sem Sunnlendingur sem byggi á Hvolsvelli en hefði einnig búið í Vík í Mýrdal bar til að mynda orðmyndirnar *hvítar* og *hvali* fram með *hv*-framburði en í textanum komu einnig fram orðin *sker* (‘Ísland’), *mýgrútur* og *geysast*. Kona sem sögð var Norðlendingur sem hefði búið á Húsavík og Akureyri bar orðmyndirnar *vetur* og *mikinn* fram með harðmælisframburði en einnig komu fyrir orðin *spríkl* og *sjálfspínslir*. Kynningar á mælendum og texta hljóðskrána er að finna í *Viðauka II*.

Þátttakendur lásu að þessu loknu lista með orðum og voru beðnir um að merkja við eitt eða fleiri sem þeir töldu tengjast uppruna konunnar. Hjá norðlensku konunni var hægt að merkja við „*vetur* (ég tengdi þetta við norðlensku)“, „*verst* (ég tengdi þetta við norðlensku)“ og „*sjálfspínslum* (ég tengdi þetta við norðlensku)“ og ýmsa fleiri möguleika.

Þessi aðferð reyndist ágætlega til að kalla fram upplýsingar um hvort fólk greindi landshlutabundnu afbrigðin. Margir virtust fúsir til að tengja hvaðeina framandi við svæði sem þeir þekktu lítt til. Orðið *sjálfspínslir* var til að mynda gjarna tengt við norðlensku. Þar sem orðin sem borin voru fram með landshlutabundnum framburði voru „venjuleg“ eru hins vegar yfirgnæfandi líkur á að þeir sem merktu við þau hafi gert það vegna framburðarins. Þeir sem þekktu hann fyrir eða vissu um heimkynni hans tengdu hann við svæðið á grundvelli þeirrar þekkingar en aðrir vegna þess að hann var framandi og „hlaut“ því að tengjast svæðinu sem um var spurt. Einu gildir hver ástæðan var fyrir tengingunni, rannsóknin snerist um hvort þátttakendur tækju eftir framburðinum.

Í 2. hluta netkönnunarinnar voru sex spurningar þar sem spiluð var hljóðskrá sem fól í sér samanburð á framburðareinkennum. Spurningarnar voru allar orðaðar á sama hátt, kona talaði<sup>56</sup> og sagði til dæmis: „Mér finnst það fallelgra eða hljóma betur þegar fólk segir [laŋkʏr], [paŋci] heldur en þegar það segir [launʏr], [paunʏci].“ Í kjölfarið var spurt: „Hversu sammála ertu konunni?“ og boðið upp á möguleikana *mjög sammála*, *frekar sammála*, *frekar ósammála*, *mjög ósammála* auk „Ég get ekki gert upp á milli þessara dæma um framburð“ og „Ég heyri engan mun“. Hér var markmiðið að kanna mat á **einstökum framburðarabrigðum**. Fram hafði komið í rannsókn Félagsvísindastofnunar að hjá flestum var norðlenska í mestum metum en í

<sup>56</sup> Konumar sem lögðu til efni í hljóðskrár 1. og 2. hluta ólust upp á svæðum þeirra afbrigða sem þær notuðu í lestrinum, en allar nema ein bjuggu í Reykjavík. Aldursbilið spannaði um það bil 25–55 ára. Landshlutabundnu framburðarabrigðin voru þeim í flestum tilvikum tóm. Sú sem notaði vestfirskan einhljóðaframburð notar hann þó lítið. Sú sem notaði *bð*-, *gð*-framburð ólst upp við hann að einhverju marki en lagði sér hann til í upplestrinum.

þeim niðurstöðum fólust engar vísbendingar um hvað fólk hefði í huga. Þessi athugun varpaði skýrara ljósi á það. Texta hljóðskrána er að finna í *Viðauka II*.

Í síðasta hluta þessarar netkönnunar var spurt um aldur, kyn, búsetu og uppruna, einnig uppruna foreldra. Þá var spurt um móðurmál og menntun og sérstaklega spurt hvort viðkomandi hefði lært málfræði í háskóla eða kennaranámi eða kennt íslensku. Að þessu loknu kom spurningin: „Hvaða framburður finnst þér fallegastur? Ekki er átt við upptökurnar hér að framan heldur framburð almennt.“ Boðið var upp á nokkra svarmöguleika. Spurningin var höfð á þessum stað til að fá sem mesta fjarlægð frá dæmum um framburð. Þátttakendur gátu ekki farið aftur á bak í könnuninni til að hlusta á framburðarafbrigðin eða skoða fyrri svör sín. Þessi spurning (án viðbótarinnar um „upptökurnar hér að framan“) hafði áður verið lögð fyrir hjá Félagsvísindastofnun og var endurtekin til að fá samanburð og traustari niðurstöður.

Eins og ráða má af lýsingunni eru niðurstöður úr netkönnuninni tvíþættar, annars vegar um **greinileika** einstakra framburðarafbrigða (sjá kafla 2.4.3) og hins vegar um **fegurðarmat**.

Það sem hér er kallað 4. áfangi rannsókna var í raun sérstök rannsókn en árið 2015 fékk Kristján Árnason prófessor styrk úr Rannsóknasjóði Háskóla Íslands til verkefnisins *Dulin viðhorf til íslenskra málbrigða, mat á málnotkun*. Rannsóknin tengdist þremur doktorsverkefnum. Stefanie Bade rannsakaði dulin viðhorf til íslensku með hreim, Vanessa Isenmann sambærileg viðhorf til óformlegs máls á netinu og loks komu viðhorf til harðmælis/linmælis í minn hlut. Ég fékk til liðs við mig Kristínu Ingibjörgu Hlynsdóttur sem vann að rannsókninni og skrifaði um hana BA-ritgerð undir minni leiðsögn. Ítarlega lýsingu á rannsókninni er að finna í ritgerðinni (sjá Kristínu Ingibjörgu Hlynsdóttur 2016).

Um var að ræða svokallað grímupróf (e. *matched guise test*) þar sem markmiðið var að komast að **ómeðvituðum viðhorfum** fólks til harðmælis og linmælis. Val þessa viðfangsefnis grundvallaðist á niðurstöðum fyrri áfanga í þessu rannsókniferli og aðferðin var önnur en áður. Því hentar betur að geyma nánari umfjöllun þar til gerð hefur verið nokkur grein fyrir öðrum niðurstöðum. Þessum áfanga verða því gerð skil í kafla 3.6.3.6 en nú víkur sögunni að helstu niðurstöðum með það að markmiði að gefa yfirsýn og bera saman þau framburðarafbrigði sem eru til rannsóknar í *Mál á mannsævi*. Ýmislegt sem hér ber á góma verður aftur á dagskrá í 4. kafla en þá með áherslu á einstök afbrigði og búsetu þátttakenda.

### 3.6.3.3 Fegursta málið – Spegill, spegill, herm þú mér ...

Fyrsta verk var að kanna hvort það væri rétt mat að „almannarómur“ teldi fegursta málið talað á Norðurlandi og þá um leið hversu útbreitt það viðhorf væri og hversu hátt aðrir landshlutar „skoruðu í þeirri keppni“.

Sem fyrr segir voru tvær spurningar lagðar fyrir í Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar. Sú fyrri var einnig lokaspurning netkönnunarinnar sem gerð var síðar:

- (3-6) a. Hvaða framburður finnst þér fallegastur?  
b. Hvaða framburður telurðu að Íslendingum almennt þyki fallegastur?

Í báðum rannsóknum var boðið upp á nokkra svarmöguleika sem vísuðu til svæða án þess að nefnd væru einstök framburðarafbrigði:

- (3-7) a. Norðlenskur framburður  
 b. Framburður eins og hann er algengastur á höfuðborgarsvæðinu  
 c. Vestfirskur framburður  
 d. Sunnlenskur framburður eins og í Árnassýslu (t.d. á Selfossi)  
 e. Framburður á Austfjörðum  
 f. Skaftfellskur framburður  
 g. Annar framburður  
 h. Mér finnst þetta allt álíka fallett [(3-6)a]/Ég held að fólk geri ekki upp á milli framburðar á þennan hátt [(3-6)b]  
 i. Ég átta mig ekki á því í hverju munurinn felst [(3-6)a]/Ég held að fólk átti sig ekki á því í hverju munurinn felst [(3-6)b]  
 j. Veit ekki

Þessu til viðbótar gátu þátttakendur sleppt því að svara.

Svörin við spurningu (3-6)a voru keimlík í báðum rannsóknum. Langflestir töldu norðlenskan framburð fallegastan en hlutfallið var hærra hjá Félagsvísindastofnun. Í netkönnuninni var hins vegar algengara að fólk vildi ekki gera upp á milli landshluta. Hugsanlega hafði þar áhrif að fyrr í netkönnuninni höfðu þátttakendur hlustað á ýmis landshlutabundin afbrigði. Það kann að hafa aukið umburðarlyndið. Niðurstöðurnar er að finna í *töflu 3-8* þar sem fylgt er ítarlegri greiningu í skýrslu Félagsvísindastofnunar þar sem tveir valkostir (g og i) voru felldir út vegna fámennis, auk þeirra sem töldu sig ekki vita svarið eða svöruðu ekki.

	Spurning (3-6)a: Þykir fallegastur – %		Spurning (3-6)b: Telur að þyki fallegastur – %
	Félagsv.stofnun: 1055 svör (eftir vigtun)	Netkönnun: 608 svör (málvísindafólki o.fl. sleppt)	Félagsv.stofnun: 791 svar (eftir vigtun)
Norðlenskur framburður	52	44	49
Framburður eins og hann er algengastur á höfuðborgarsvæðinu	17	12	25
Vestfirskur framburður	7	5	5
Sunnlenskur framburður eins og í Árnassýslu (t.d. á Selfossi)	6	4	5
Framburður á Austfjörðum	3	2	1
Skaftfellskur framburður	3	4	1
Mér finnst þetta allt álíka fallett/ Ég held að fólk geri ekki upp á milli framburðar á þennan hátt	12	29	14

*Tafla 3-8:* Skipting svara við spurningunum „Hvaða framburður finnst þér fallegastur?“ og „Hvaða framburður telurðu að Íslendingum almennt þyki fallegastur?“ Hlutfallið er reiknað út frá þeim sem tóku afstöðu og tveimur valkostum sleppt vegna fámennis.

Eins og sést efst í töflunni fengust mun færri svör við seinni spurningunni sem var lögð fyrir hjá Félagsvísindastofnun, (3-6)b. Það helgast af því að rúmlega þriðjungur svarenda taldi sig ekki vita hvaða framburður Íslendingum almennt þyki fallegastur.



Hjá Félagsvísindastofnun var kannað hvort marktækur munur væri á svörum milli ólíkra hópa svarenda. Greining svara við fyrri spurningunni leiddi í ljós að ekki væri marktækur munur eftir aldri og kyni. Það er því ekki svo að eldra fólk kjósi tiltekinn framburð eða svæði umfram yngra fólk eða að konur séu hallari undir tiltekinn framburð en karlar.

Eins og fram kemur í (3-7) voru svarmöguleikarnir margir. Sumir þeirra áttu litlu fylgi að fagna. Þegar svarendum er skipt eftir landshlutum verða einnig til margir hópar, mjög misstórir. Til að mynda bárust fá svör frá Vestfirðingum. Samanlögð afleiðing af þessu er að bak við sum svörin eru svo fáir einstaklingar af hverju svæði að hóparnir í heild uppfylla ekki skilyrði marktækniprófs ef spurt er: Var marktækur munur á svörum eftir búsetu þátttakenda?

Sé þátttakendum aðeins skipt í tvo hópa, höfuðborgarsvæði og landsbyggð, er þó vel marktækur munur ( $p < 0,001$ ) á svörum við fyrri spurningunni, „Hvaða framburður finnst þér fallegastur?“ Samanburður á þessum hópum er þó flókin. Þarna kom einkum fram að landsbyggðin er umtalsvert hallari undir norðlensku en höfuðborgarsvæðið, sem aftur er hrifnara af eigin framburði. Þegar betur er að gáð sést að það eru fyrst og fremst Norðlendingar sjálfir sem skapa þennan mun. Þeir voru um 40% úrtaksins af landsbyggðinni og tóku mun skýrari afstöðu með eigin framburði en íbúar annarra svæða. Aðrir landsbyggðarmenn en Norðlendingar höfðu á heildina litið svipaða afstöðu til norðlenskunnar og íbúar höfuðborgarsvæðisins. Þetta kemur vel fram í töflu 3-9 þar sem letur er rautt í dálki sem sýnir norðlenskan framburð. Með grænni skyggingu er dregið fram hve hátt hlutfall taldi framburð á eigin heimasvæði fallegastan. Þar reka íbúar höfuðborgarsvæðisins lestina, af þeim sem á annað borð höfðu þennan kost.

	Framb. sem er algengastur á höfuðb. svæðinu	Vestfirskur framburður	Norðlenskur framburður	Austfirskur framburður	Skaffellskur framburður	Sunnlenskur framburður	Mér finnst þetta allt álíka fallegt	Fjöldi svara eftir vigtun
<i>Heild</i>	17	7	52	3	3	6	12	1055
<b>Höfuðborgarsvæði</b>	23	9	45	3	2	4	14	623
<b>Suðurnes</b>	25	3	41	1	4	6	20	56
<b>Vesturland</b>	16	9	43	4	1	7	19	56
<b>Vestfirðir</b>	6	45	27	0	0	0	22	17
<b>Norðurl. vestra</b>	5	0	83	0	6	0	6	27
<b>Norðurl. eystra</b>	1	1	96	0	0	0	2	143
<b>Austurland</b>	3	0	52	39	6	0	0	36
<b>Suðurland</b>	4	8	38	2	8	30	11	94

Tafla 3-9: Afstaða þátttakenda til þess hvar á landinu framburður væri fallegastur eftir búsetu þeirra. Tölur sýna hlutfall þátttakenda (%) nema hvað fjöldi svara frá hverju svæði er í aftasta dálki. Spurningin var hluti af Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar.

Í símaviðtölunum má segja að „sigur“ norðlenskunnar hafi verið staðfestur. Flest jákvæð afdráttarlaus svör fengust í umræðu um hana. Viðtölin sýndu að auki að sérstaða norðlensku snýst ekki aðeins um fegurðarmat heldur er hún þekktust. Hún er fólki ofar í huga en framburður annarra svæða og hugmyndir um einkenni norðlensku eru almennt skýrari.

Því má svo bæta við að viðtölin sýna að margir eru umburðarlyndir þegar spurt er um fegurð afbrigða sem þeim sjálfum eru ekki töm. Það er ekki svo að þeir sem telja eitt afbrigði standa öðrum framar telji endilega að önnur afbrigði séu röng eða ljót þó að bæði orðin hafi komið fyrir í umsögnum. Ef til vill er dómharka Íslendinga um málfar, sem stundum er talað um, minni en af er látið og matið byggt á háværum röddum minnihlutans. Í netkönnuninni fengust hins vegar skýrari svör um fegurð einstakra afbrigða eins og næst verður fjallað um.

#### 3.6.3.4 Viðhorf til einstakra framburðarafbrigða

Í Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar og netkönnuninni snerist spurningin um fallegasta framburðinn ekki um einstök framburðarafbrigði heldur svæði. Þeir sem völdu til dæmis norðlenskan framburð gátu því haft margt og ólíkt í huga. Spurningin snerist líka um hvað væri fallegast, og útilokar því ekki að annað sé fallett líka. Í ljósi þessa er fróðlegt að skoða hvernig fólk brást við spurningum í 2. hluta netkönnunarinnar þar sem framburðarafbrigði voru borin saman. Sem fyrr segir voru þessar spurningar allar orðaðar á sama hátt, konan sem talaði sagði að sér þætti eitt afbrigði „fallegra eða hljóma betur“ en annað. Þátttakendur fengu því skýran samanburð á til dæmis harðmæli og linnmæli áður en þeir svöruðu: „Hversu sammála ertu konunni?“ Í *töflu 3-10* eru niðurstöðurnar dregnar saman og svörin *mjög sammála* og *frekar sammála* sameinuð sem og sambærilegir valkostir fyrir þá sem voru ósammála. Tvær tölur sem skera sig úr eru feitletraðar.

	Staðbundið afbrigði fallegra		Gera ekki upp á milli – %	Heyra ekki mun – %
	Sammála – %	Ósammála – %		
<b>Harðmæli</b>	<b>67,2</b>	<b>16,0</b>	15,8	1,1
<b>Raddaður frb.</b>	23,9	59,0	17,0	0,2
<b>Hv-framburður</b>	23,4	62,3	14,3	0
<b>Skafft. einhlj.frb.</b>	13,2	72,8	13,4	0,6
<b>Vestf. einhlj.frb.</b>	14,1	69,0	16,7	0
<b>bð-, gð-framburður</b>	10,2	74,9	14,7	0,2

Tafla 3-10: Afstaða þátttakenda í netkönnun til þeirrar skoðunar að staðbundin afbrigði séu fallett eða hljómi betur en þau sem eru mál meirihluta landsmanna.

Hér getur að líta nokkur tíðindi. Athuganirnar sem sagt er frá hér að framan staðfesta ítrekað að norðlenska þykir fegursti framburðurinn, en nú sést að miklu fleiri hrífast af harðmæli heldur en rödduðum framburði. Þar liggur fegurðin. Hins vegar skorar *hv*-framburður ekki hærra en raddaður framburður þrátt fyrir þann meðbyr sem hann fékk hjá þeim sem vildu samræma framburð fyrir á tíð (sbr. kafla 3.6.2).

Í 4. kafla verður fjallað um harðmæli, raddaðan framburð, skafftellskan einhljóðaframburð og *hv*-framburð. Þar verður sagt nánar frá viðhorfum eftir búsetu.

#### 3.6.3.5 Greinileiki einstakra framburðarafbrigða

Í netkönnuninni var reynt að grennslast fyrir um greinileika einstakra afbrigða. Með hugtakinu er vísað til vitundar málnotenda, hversu vel þeir greina afbrigðin (sbr. e. *saliency*, sjá umfjöllun

í kafla 2.4.3). Eins og fram kom í kafla 3.6.3.2 hlustuðu þátttakendur á hljóðskrár og merktu við orð sem þeir tengdu við tiltekinn landshluta. Ýmis sjaldgæf orð komu fyrir í hverjum texta en einnig „venjuleg“ orð borin fram með landshlutabundnu framburðarafrbrigði. Við mat á mismunandi greinileika framburðarafrbrigðanna er byggt á því hversu margir merktu við orðin þar sem þessi afbrigði komu fram. Hér eru notaðir tveir mælikvarðar:

- (3-8) a. Hversu margir tóku eftir afbrigðinu (í a.m.k. öðru dæminu)?  
b. Hversu margir tóku eftir því í báðum dæmunum sem gefin voru?

Þegar niðurstöður eru metnar þarf að setja þann fyrirvara að annað dæmið um skafftellskan einhljóðaframburð (*lagi*) var ekki nógu skýrt. Í miðdálki töflunnar er því sýnt hve hátt hlutfall nam greinilega dæmið (*stiginn*) og í sviga hlutfall þeirra sem greindu bæði dæmin:

	Tóku eftir framburðinum – %	Greindu „öll“ skýr dæmi (1 eða 2) – %	Meðaleinkunn
<b>Raddaður framb.</b>	79,8	65,8	72,8
<b>Hv-framburður</b>	71,4	58,1	64,8
<b>Harðmæli</b>	74,3	46,2	60,3
<b>Skafft. einhlj.framb.</b>	23,3	16,9 (9,4)	20,1

Tafla 3-11: Árangur þátttakenda í netkönnun við að greina framburðarafrbrigði metinn á tvo vegu. Í síðasta dálkinum sést meðaleinkunn byggð á hinum tveimur.

Tafla 3-11 sýnir að flestir tóku eftir rödduðum framburði og þar voru þeir einnig flestir sem greindu bæði dæmin sem voru í boði, *slæmt* og *mjólk*. Meðaleinkunnin er að sama skapi hæst (72,8). Samkvæmt þessu er raddaður framburður greinilegasta afbrigðið. Það kemur heim og saman við þá tilfinningu að frekar sé gert grín að eða hermt eftir rödduðum framburði en harðmæli hjá Norðlendingum.<sup>57</sup> Björn Guðfinnsson (1981:30) nefnir einmitt að þeir sem nota raddaðan framburð „séu stundum apaðir fyrir hann“.

Á grundvelli netkönnunarinnar virðist á heildina litið ekki hægt að gera upp á milli *hv*-framburðar og harðmælis hvað greinileika varðar. Aðeins færri tóku eftir *hv*-framburði en hlutfallslega fáir námu bæði harðmælisdæmin, sem þó voru skýrt harðmæli.

Skafftellski einhljóðaframburðurinn er á hinn bóginn í neðsta sæti hvernig sem á tölurnar er litið. Þetta varð ljóst strax þegar nokkrir höfðu svarað könnuninni. Því var bætt við nokkurs konar ítrekunarspurningu aftar í rannsókninni (þátttakendur gátu ekki farið til baka og hlustað á upphaflegu spurninguna um þetta afbrigði eða breytt svari sínu). Búturinn *Pakið lekur, stiginn er orðinn stórhættulegur* var klipptur út úr upphaflegri hljóðskrá þar sem *stiginn* var með skýrum einhljóðaframburði. Ég las sjálf sama texta með eins líkum áherslum og framburði og mér var unnt nema hvað *stiginn* var með [i]. Þessar tvær upptökur voru svo klipptar saman í eina hljóðskrá með stuttri þögn á milli og þátttakendur spurðir: „Heyrist þér munur á máli kvennanna? Merktu við þá möguleika sem þér finnst eiga við, einn eða fleiri.“ Hægt var að merkja við nokkur

<sup>57</sup> Höskuldur Þráinsson hefur sagt mér frá því að kona hafi hringt í sig og óskað eftir því að hann kæmi í veg fyrir að fólk segði *fimmtudagur* og *mjólk* í Ríkisútvarpinu. Bæði orðin bar hún fram með ýktum rödduðum framburði. Sá eða þeir málnotendur sem hún heyrði nota þennan framburð hafa væntanlega líka notað harðmæli án þess að hún tæki eftir því eða það truflaði hana.

orð sem komu fyrir í textanum og þar á meðal var valmöguleikinn að konurnar segðu „stiginn ekki eins“. Þrátt fyrir þennan skýra samanburð á afbrigðunum merktu aðeins 56,5% við þann kost. Ítrekunarspurningin styður því þá niðurstöðu að skaftfellskur einhljóðaframburður sitji í neðsta sæti hvað greinileika varðar. Nú kann að vera að munur á einhljóða- og tvíhljóðaframburði sé misgreinilegur eftir hljóðasamböndum þannig að málnotendur taki almennt frekar eftir honum í orðum eins og *hagi, bogi, lögin*. Að mínu mati var hann þó vel skýr í þessu tilviki (*stiginn*) og spurningin beinskeyttari en í öðrum tilvikum þar sem fiskað var eftir greinileika. Það dugði þó ekki til að einhljóðaframburðurinn færðist úr neðsta sæti í *töflu 3-11*.

Í símaviðtölum var einnig reynt að leggja mat á greinileika. Meðal annars var spurt um athugasemdir sem fólk hafði fengið um framburð sinn og reynt að meta hvort það væri sjálft meðvitaðra um eitt afbrigði frekar en annað á sínu svæði. Á grundvelli svaranna var það mat mitt að raddaður framburður væri greinilegra afbrigði í norðlenskum framburði en harðmæli.<sup>58</sup> Í þessu sambandi má nefna rannsókn Guðrúnar Karlsdóttur (1989). Einn lesari hennar notaði bæði raddaðan framburð og harðmæli og 95% þátttakenda áttuðu sig á því að hann væri Norðlendingur. Það gerðu hins vegar aðeins 18% þegar röddin var harðmælt en með óraddaðan framburð. Þessi niðurstaða bendir því einnig til þess að raddaður framburður sé skýrara einkenni norðlensku en hafa má í huga að það getur snúist um fleira en greinileika. Raddaður framburður er fyrst og fremst bundinn við Norðausturland en harðmæli finnst á stærra svæði og bregður fyrir í máli margra línmaltra.

Í símaviðtölunum komu einnig fram skýrar vísbendingar um að *hv*-framburður væri greinilegra einkenni skaftfellsku en einhljóðaframburðurinn. Áberandi var hve margir höfðu óskýra mynd af honum og gátu jafnvel illa greint muninn á einhljóða- og tvíhljóðaframburði þegar hann var borinn undir þá með dæmum. Að því marki sem símaviðtölin gáfu vísbendingar um greinileika voru þær því í samræmi við netkönnunina.

Af þeim fjórum landshlutabundnu framburðarafbrigðum sem *Mál á mannsævi* snýst um virðist því skaftfellskur einhljóðaframburður það afbrigði sem málnotendur greina síst en raddaður framburður það greinilegasta. Raddaður framburður hefur ýmis einkenni merkis en einhljóðaframburðurinn skýr einkenni vísis (sjá kafla 2.4.3). Hvað harðmæli og *hv*-framburð varðar eru niðurstöðurnar óljósari nema í samanburði við hitt afbrigðið á hvoru svæði. Þannig eru litlar vísbendingar um að *hv*-framburður sé merki þó að hann sé greinilegri en einhljóðaframburðurinn. Hann sætir til að mynda ekki gríni á sama hátt og raddaður framburður. Þó að harðmæli sé ógreinilegra afbrigði í norðlensku en raddaður framburður er hann þó ekki vísir á sama hátt og einhljóðaframburðurinn.<sup>59</sup>

<sup>58</sup> Um þetta ræddi ég (í mars 2020) við konu í Vestmannaeyjum, Valgerði Guðjónsdóttur (f. 1963). Hún ólst upp í Hrísey hjá norðlenskri móður og skaftfellskum föður og tileinkaði sér öll fjögur landshlutabundnu afbrigðin sem hér er fjallað um, harðmæli, raddaðan framburð, *hv*-framburð og skaftfellskan einhljóðaframburð. Það var hennar mat að meðal Vestmannaeyinga veki raddaður framburður í máli hennar meiri athygli en harðmæli. Hins vegar hafa þeir hvorki hnotið um *hv*-framburð né einhljóðaframburð en bæði afbrigðin eru líklega of algeng í Vestmannaeyjum (eða voru samkvæmt niðurstöðum RÍN) til að hægt sé að draga af því ályktanir.

<sup>59</sup> Hér kann einhvers konar kunnugleiki að skipta máli. Einhljóðaframburður og *hv*-framburður eru sjaldgæfari afbrigði en þau norðlensku. Í Skaftafellssýslum samanlagt voru íbúar innan við 4000 í ársbyrjun 2021 en losuðu á sama tíma 4000 í Eyjafjarðarsýslu einni. Þá eru ótaldir íbúar Akureyrar og Þingeyjarsýslna. Það er því mun líklegra

Niðurstaða þessarar athugunar er að með því að leggja saman ýmsar vísbendingar, þ.e. niðurstöður úr símaviðtölum og netkönnun, rannsókn Guðrúnar Karlsdóttur (1989) fyrir Norðurland og tilfinningu fyrir umræðu (til dæmis gríni) í samfélaginu, megi álykta að greinileiki og hugtökin merki og vísir gætu helst haft skýringargildi þegar þróun raddaðs framburðar og einhljóðaframburðar verður könnuð.

Þó að fegurð afbrigða verði að teljast einfaldur mælikvarði á gildismat segir það þó sína sögu og upplýsingar um þetta mat og athugun á greinileika virðast fela í sér nokkra mótsögn: Norðlenska þykir falleg og raddaður framburður er greinilegra einkenni norðlensku en harðmæli. Hann þykir þó ekkert sérlega fallegur heldur fyrst og fremst harðmælið. Nú vísir sögunni að frekari rannsóknum á þeirri hrifningu.

### 3.6.3.6 Ómeðvituð viðhorf til harðmælis og linmælis

Í ljósi afgerandi forystu harðmælisins hvað varðar mat á fegurð er rétt að huga að því að í þeim athugunum sem hér hefur verið fjallað um voru fyrst og fremst kölluð fram meðvituð viðhorf. Fólk var beinlínis spurt um fegurð afbrigða. Þar kom fram að harðmæli nýtur mikillar hylli sem ætla má að snúist ekki aðeins um fegurð heldur sé um að ræða virðingu sem byggist einnig á því að það sé bæði „skýrara“ og „réttara“ en linmæli. Einhverjir gætu sótt rök sín til stafsetningar sem samræmist betur harðmæli en linmæli eða jafnvel talið það harðmæli til kosta að vera upprunalegra þó að það orki tvímælis. Ástæða er til að ætla að þessi viðhorf gætu haft áhrif á þróun harðmælis eins og síðar verður fjallað um. Hins vegar er vitað að meðvituð og ómeðvituð viðhorf fara ekki alltaf saman og að málbreytingar geta fylgt ómeðvituðu viðhorfunum (Kristiansen 2006, 2009). Í síðasta áfanga *Málþekkis* var því kafað dýpra í viðhorf til harðmælis og linmælis.

Rannsóknarspurningin sem við Kristín Ingibjörg Hlynsdóttir glímdum við í sameiningu var: Eru ómeðvituð viðhorf fólks til harðmælis og linmælis ólík á sama hátt og hin meðvituðu? **Grímuprófi** (e. *matched guise test*) var beitt til þess að komast að ómeðvituðum viðhorfum fólks til þessara afbrigða og rannsóknin lögð fyrir í fjórum skólum. Norðanlands voru það Háskólinn á Akureyri og Framhaldsskólinn á Laugum og sunnanlands Háskóli Íslands og Menntaskólinn að Laugarvatni.

Í samnorrænni tökuorðarannsókn (*Moderne importord i språka i Norden*), eða MIN-verkefninu, voru grímupróf notuð til að kanna ómeðvituð viðhorf til tökuorða, meðal annars á Íslandi. Grímuprófið til að kanna ómeðvituð viðhorf til harðmælis og linmælis var hannað með hliðsjón af þeim aðferðum sem lýst er í riti um MIN-verkefnið: *Nordiske sprogholdninger. En masketest* (Kristiansen 2006). Nánar segir frá prófinu í BA-ritgerð Kristínar Ingibjargar (2016) en í stuttu máli felur það í sér að ómeðvituð viðhorf fólks til ákveðinna þátta í málinu eru könnuð án þess að spyrja það um málnotkunina sjálfa. Þátttakendur hlusta á upptökur með mismunandi málnotkun og svara síðan spurningum um málnotendurnar og persónueinkenni þeirra. Þátttakendur vita hins vegar ekki að í tveimur tilvikum er það sama manneskjan sem les en notar mismunandi

---

að landsmenn sem búa utan þessara svæði hitti Norðlending en Skaftfelling og þá um leið að norðlensk framburðar-afbrigði berist þeim til eyrna.

máleinkenni, nánar tiltekið þau sem verið er að rannsaka viðhorf til. Þátttakendur Kristínar Ingibjargar hlustuðu á fimm upptökur, allar með röddum kvenna. Þar af voru tvær upptökur með sömu konunni, grímunni, sem las texta annars vegar með harðmælisframburði og hins vegar með línsmælisframburði í þeim orðum þar sem slíkur munur getur komið fram. Framburðurinn var óraddaður. Þessi kona ólst upp í Norður-Þingeyjarsýslu en flutti til Reykjavíkur sem unglingur og notar blandaðan harðmælis- og línsmælisframburð. Hún átti því tiltölulega auðvelt með að nota bæði afbrigðin á eðlilegan hátt. Fylliraddirnar voru þrjár. Ein var harðmælt með raddaðan framburð og tvær línsmæltar. Að lokinni rannsókn á hverjum stað var rætt við þátttakendur til að grennslast fyrir um hugmyndir þeirra um tilgang rannsóknarinnar, hverju þeir hefðu veitt athygli og þá ekki síst hvort þeir hefðu tekið eftir því að sama röddin var í tveimur upptökum. Einhver dæmi voru um það og sömuleiðis nefndu einhverjir grunsemdir í þá veru, en á heildina litið virtist sem könnunin hefði heppnast vel.

Persónueinkennin sem þátttakendur dæmdu um voru þau sömu og í tökuorðarannsókninni, *metnaðarfull, aðlaðandi, greind, traustvekjandi, dugleg, sjálfstæð, áhugaverð og afslöppuð* (Halldóra Björt Ewen og Tore Kristiansen 2006:35). Eftir á að hyggja hefði ef til vill verið fróðlegra að nota önnur eða fleiri persónueinkenni, til dæmis *frek* eða *montin* í ljósi þess að stundum er talað um norðlenskt eða þingeytskt „loft“. Á svarblöðum sem þátttakendur fengu í hendur var listi með þessum persónueinkennum fyrir hverja rödd og kvarði þar sem þeir merktu við hversu sammála þeir væru því að viðkomandi upplesari byggi yfir þessum eiginleikum. Á kvarðanum voru möguleikarnir: *mjög sammála, sammála, nokkuð sammála, hlutlaus/hvorki né, nokkuð ósammála, ósammála, mjög ósammála og veit ekki*.

Þátttakendur voru 104 á aldrinum 15–44 ára, flestir í yngri kantinum. Norðanlands náðist í 9 karla og 26 konur en sunnanlands 32 karla og 27 konur. Þó að rannsóknin væri aðeins lögð fyrir í þessum tveimur landshlutum reyndust þátttakendur koma alls staðar að af landinu, en flestir þó af Norðurlandi, Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu.

Niðurstöðurnar voru ekki harðmæli í vil á eins afgerandi hátt og þegar meðvituð viðhorf voru könnuð (sbr. *töflu 3-10*). Þó fékk harðmælisgríman, þ.e. upptakan þar sem konan sem las tvisvar notaði harðmælisframburð, jákvæðari svör en línsmælisgríman við flest persónueinkenni. Munurinn var tölfræðilega marktækur á einu þeirra, *aðlaðandi*. Marktækt fleiri voru sammála því að harðmælisgríman væri aðlaðandi heldur en línsmælisgríman ( $p=0,003$ ). Tvö önnur persónueinkenni skorðu einnig allhátt í slíkum samanburði, *dugleg* ( $p=0,071$ ) og *áhugaverð* ( $p=0,069$ ). Þegar allar breytur voru lagðar saman reyndist munurinn þó ekki marktækur. Á heildina litið er því lítil munur á ómeðvituðum viðhorfum til harðmælis og línsmælis, að minnsta kosti miðað við þau persónueinkenni sem spurt var um. Þó má segja að ómeðvituð viðhorf séu heldur jákvæðari til harðmælis og hneigist því í sömu átt og þau meðvituðu.

#### 3.6.4 Samantekt um viðhorf

Í inngangi kaflans kom fram að nokkrum upplýsingum af félagslegum toga hefur verið safnað í rannsóknum á íslenskum framburði. Að undanskildum þremur athyglisverðum námsritgerðum

eftir þau Pétur Helgason (1991), Guðrúnu Karlsdóttur (1989) og Hermínu Gunnþórsdóttur (1991) og grein Þóru Bjarkar Hjartardóttur (1997) var þó lengstum lítt hugað að viðhorfum. Þau eru ekki síst áhugaverð í ljósi þess að um miðja 20. öld voru uppi hugmyndir um að samræma framburð sem fólu í sér umræðu og jafnvel aðgerðir sem voru til þess fallnar að hafa áhrif á viðhorf. Þó að þessi áhrif séu ekki vel ljós virðast hugmyndirnar hafa haft áhrif á þróun flámælis<sup>60</sup> og harðmæli hefur lengi virst njóta nokkurrar virðingar eins og grunnur var lagður að í þessari umræðu. Um áhrif á önnur framburðarafrbrigði ríkir óvissa. Sömuleiðis eru afar takmarkaðar vísbendingar um greinileika íslenskra framburðarafrbrigða og stöðu þeirra sem vísa, merkja og staðalmynda.

Þetta eru í stuttu máli ástæður þess að ákveðið var að reyna að grennslast fyrir um það sem kalla má félagslega stöðu landshlutabundinna framburðarafrbrigða. Þetta var gert í nokkrum áföngum sem sameinaðir eru undir heitinu *Málþekki*. Þeir fólust í spurningum sem voru liður í Þjóðmálakönnun Félagsvísindastofnunar, símaviðtölum, netkönnun og grímuprófi til að kanna ómeðvituð viðhorf.

Þessar athuganir drógu skýrt fram jákvæð viðhorf til harðmælis sem rísa hæst hjá Norðlendingum sjálfum. Í huga landsmanna virðist þetta þó vera aðdáun á því sem þeir kalla gjarna norðlensku. Þeir aðgreina ekki harðmæli og raddaðan framburð á sama hátt og málfræðingar. Þegar betur er að gáð reynast landsmenn ekkert sérlega hrifnir af rödduðum framburði þótt margt bendi til þess að þeim þyki hann skýrara einkenni norðlenskunnar en harðmæli. Þessi jákvæðu viðhorf til harðmælis ættu að vera til þess fallin að styrkja það í sessi.

Önnur landshlutabundin afbrigði komast ekki með tærnar þar sem harðmæli hefur hælana. Aðdáun fræðimanna fyrri tíðar á *hv*-framburði hefur til að mynda ekki skilað sér til samtímans. Þátttakendur í viðtölum, sem allir voru fæddir um 1930, voru ekki mjög meðvitaðir um þetta framburðarafrbrigði, lítið fór fyrir afdráttarlausri hrifningu og *kv*-framburður virtist hreint ekki hafa á sér neikvæðan stimpil. Hafi viðhorf fræðimanna, eins og Björns Guðfinnssonar, haft einhver áhrif á afstöðu til *hv*-framburðar á sínum tíma er fennt í þau spor.

Landshlutabundnu afbrigðin eru misgreinileg, en einungis raddaður framburður og skaftfellskur einhljóðaframburður hafa þar skýra stöðu. Það fyrra er greinilegast, það síðara afar ógreinilegt.

Raddaður framburður hefur ýmislegt til að bera sem bendir til þess að hann sé eða gæti orðið merki, sem jafnan eru greinileg og verða gjarna fórnarlömb stimplunar (stigmatísingur) (sjá kafla 2.4.3). Þetta gæti haft neikvæð áhrif á varðveislu hans.<sup>61</sup> Það sama gildir raunar um vestfirskan einhljóðaframburð sem ekki var fjallað um hér. Þó að frekari rannsókna sé þörf má teljast líklegt að hann hafi einmitt verið stimplaður og hann hörfaði hratt á 20. öld (sjá kafla 2.3.4).

<sup>60</sup> Rannsóknir hafa bent til þess að flámæli sé útbreitt í íslensku vesturfara og þá einkum á /i/ og /u/. Mögulega er ástæðan að einhverju leyti sú að þeir hafi verið ósnortnir af íslenskri málpolitík og viðhorfum sem lögðust gegn flámælinu (sjá Birnu Arnbjörnsdóttur 2006:113–151, einnig Birnu Arnbjörnsdóttur og Höskuld Þránínsson 2018:236–237).

<sup>61</sup> Oraddaður framburður er einnig algengur í íslensku í Vesturheimi þrátt fyrir að vesturfara hafi margir verið frá röddunarsvæði á Íslandi og enska ætti frekar en hitt að styðja við varðveislu hans (sjá Katrínu Maríu Víðisdóttur 2016:61–66, einnig Höskuld Þránínsson og Birnu Arnbjörnsdóttur 2018:238–239).

Lítill greinileiki skaftfellska einhljóðaframburðarins styður hins vegar að hann sé frekar vísir en merki og sé því tiltölulega óáreittur af félagslegum öflum.

Erfiðara er að meta hvort greinileiki *hv*-framburðar og harðmælis gæti ýtt undir að þessi afbrigði yrðu merki og þá mögulega með neikvæðum afleiðingum fyrir varðveislu þeirra. Hvað harðmæli varðar vega á móti jákvæð viðhorf, sem þó komu skýrar fram í athugunum á meðvituðum en ómeðvituðum viðhorfum. Þau síðarnefndu hneigðust þó í sömu átt. Því má segja að skýrasti afrakstur þessara athugana sé dálæti landsmanna á harðmæli.

### 3.7 Tölfræðileg úrvinnsla og aðgengi að gögnum

Þar sem hér er glímt við breytileika er eðlilega mikið um marktækniþróf í 4. og 5. kafla. Það sést ekki á meðaleinkunnum hópa fyrir tiltekna framburðarbreytu einum saman hvort munur telst tilviljun eða marktækur. Prófin eru gerð með tölfræðiforritinu SPSS (*Statistical Package for the Social Sciences*) þar sem bornar eru saman einkunnir þeirra hópa sem til samanburðar eru hverju sinni (sjá umfjöllun um innslátt niðurstaðna í SPSS í kafla 3.3). Í þessari rannsókn er miðað við marktæktarmörkin  $\alpha=0,05$ . Í því felst að ef *p*-gildið er 0,05 eða lægra teljist munurinn sem er til athugunar tölfræðilega marktækur og um leið eru líkurnar á því að um tilviljun sé að ræða 5% eða minni.

Öll marktækniþróf voru yfirfarin af sérfræðingi hjá Félagsvísindastofnun Háskólans. Í ritgerðinni eru niðurstöður hátt í 300 slíkra prófa en þar sem miðað er við  $\alpha=0,05$  í rannsókninni má gera ráð fyrir því að í 5% tilvika þar sem prófin sýna tölfræðilega marktækan mun sé sá munur í raun ekki fyrir hendi í þýðinu. Marktækniþróf eru því aldrei hinn endanlegi sannleikur heldur tölfræðilegt mat á því hversu líklegt sé að munur í úrtakinu endurspegli raunverulegan mun í þýðinu. Þegar kemur að þessum prófum, í næstu köflum, er *p*-gildis jafnan getið í texta eða viðkomandi töflu yfir einkunnir en vísað til aftanmálgreina með nánari upplýsingum um niðurstöður marktækniþrófsins. Til aðgreiningar frá neðanmálgreinum er bókstafurinn A fyrir framan númer þessara aftanmálgreina, þ.e. <sup>A-1</sup>, <sup>A-2</sup> o.s.frv. Vegna fjölda þeirra var sú leið valin frekar en bókstafir eða rómverskar tölur.

Til frekari skýringar er hér dæmi um töflu í aftanmálgrein sem hefur svohljóðandi kynningu: „Marktækniþróf, nánar: Einkunnir fyrir harðmæli í RÍN og RAUN hjá 84 manna úrtaki Norðlendinga sem tóku þátt í báðum rannsóknunum, sbr. töflu 5-7. Notað er parað *t*-þróf.“

Athugunarefni: harðmæli		N	Mean	Std. Deviation	T	df	p
Staðfastir Norðlendingar	RÍN RAUN	84	191,0 194,9	8,8465629 10,67455	-3,347	83	0,001

Tafla 3-12: Dæmi um töflu í aftanmálgrein sem hefur að geyma ítarlegri upplýsingar um marktækniþróf en fram koma í meginmáli.

Fyrst er dregið fram hvað er til samanburðar, í þessu tilviki harðmæli hjá norðlenskum, staðföstum málhöfum sem tóku þátt í RÍN og RAUN. Þá kemur fram fjöldi málhafa (N) í hópnum,



en þar væru tvær tölur ef til dæmis væri um að ræða tvo aldurshópa sem tóku þátt í sömu rannsókninni. Í næsta dálki er meðaltal (e. *mean*), þ.e. meðaleinkunn, en valið var að hafa yfirskriftina á ensku í samræmi við niðurstöðuna eins og SPSS skilar henni. Næst kemur fram staðalfrávik (e. *standard deviation*), sem er mælikvarði á breytileika. Til einföldunar má segja að staðalfrávik sé nálægt því að vera meðaltalsfrávik frá meðaltalinu. Næstu tveir dálkar sýna *t*-gildið (T) (sem er prófgildið) og frelsisgráður, *df* (e. *degrees of freedom*). Aftast er sjálft *p*-gildið.

Marktækniprófin eru af tvennum toga þar sem valið helst í hendur við ólíkar áherslur í 4. og 5. kafla. Í 4. kafla er fjallað um rannsókn Björns Guðfinnssonar og RÍN. Rannsóknirnar eru bornar saman, sem og ólíkir hópar innan þeirra, einkum í RÍN. Við slíkan samanburð er notað *t*-próf óháðra úrtaka (e. *independent samples test*). Í 5. kafla er meginviðfangsefnið samanburður hjá sama hópi málhafa í fleiri en einni rannsókn. Við slíkan samanburð er notað parað *t*-próf (e. *paired t-test*). Í aftanmálgreinum er ævinlega tekið fram hvaða próf var notað.

Allar einkunnir málhafa sem koma við sögu í marktækniprófum er að finna í SPSS-skrám. Með því að rannsaka gögn Björns Guðfinnssonar voru þó reiknaðar fjölmargar einkunnir á svæðum á Norðurlandi sem aðeins koma við sögu í yfirliti í *töflum 4-3* og *4-9* og myndritum sem á þeim byggjast. Þessar einkunnir eru skráðar í Excel-skjöl. Þannig er til að mynda langur listi yfir um 1300 einkunnir fyrir harðmæli í rannsókn Björns Guðfinnssonar þar sem greint er á milli skólahverfa en málhafar ekki númeraðir. Annar listi geymir einkunnir fyrir raddaðan framburð. Yfirlit úr þessum skjölum er í *Viðauka III*. Þeir þátttakendur Björns sem tóku þátt í síðari rannsóknnum hafa hins vegar fengið þátttökunúmer á grundvelli þeirra. Yfirlit yfir einkunnir þeirra er í *Viðauka IV*.

Ýmsar skrár sem urðu til við rannsóknina *Mál á mannsævi* verða varðveittar hjá Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni með öðrum gögnum sem tengjast rannsókn Björns Guðfinnssonar. Gögn sem tengjast RÍN og RAUN verða falin verkefnisstjórum þeirra rannsókna til varðveislu. Til að tryggja greitt og opið aðgengi annarra rannsakenda að þessum efnivið verða ýmis ópersónugreinanleg gögn ásamt skýringum vistuð á heimasíðu í mínu nafni hjá Háskóla Íslands. Síðar verður vonandi mótaður almennur vettvangur fyrir aðgengi að rannsóknargögnum þar sem þau eiga heima.

### 3.8 Litið um öxl

Þessi kafli gefur heildarmynd af þeim rannsóknnum og gögnum sem byggt er á í rannsókninni *Mál á mannsævi*. Annars vegar var fjallað um þær þrjár framburðarrannsóknir sem nýttar eru og byggðust ekki að öllu leyti á sams konar aðferðum og markmiðum. Því var gerð grein fyrir leiðum til að gera þær sem best samanburðarhæfar. Sú vinna og sjálfur samanburðurinn hefur alið af sér ýmis gögn og sagt er frá varðveislu þeirra og aðgengi annarra rannsakenda að þeim. Einnig var fjallað um muninn á sýndartíma- og rauntímarannsóknnum en báðum rannsóknar-aðferðunum er beitt í ritgerðinni. Hins vegar var sagt frá athugunum á félagslegum þáttum sem

gerðar voru í tengslum við rannsóknina. Þar var ekki síst hugað að viðhorfum til framburðar-afbrigða. Saga hugmynda um samræmingu framburðar var rakin að nokkru leyti til að geta kannað að hvaða marki viðhorf í nútímanum samsvöruðu þeim. Segja má að þessar athuganir hafi í ýmsu tilliti staðfest gömul hugboð en um margt lagt grunninn að bæði nýjum spurningum og svörum. Þannig treysta þær grundvöll þessarar rannsóknar og hafa veruleg áhrif á túlkun niðurstaðna.

## 4. Sýndartímasamanburður: Mál og samfélag

### 4.1 Inngangur

Í 5. kafla verður fengist við rauntímasamanburð. Sömu einstaklingum verður fylgt eftir gegnum tvær eða þrjár rannsóknir, rannsókn Björns Guðfinnssonar, RÍN og RAUN. Sjónum verður beint að harðmæli/linmæli og rödduðum/órödduðum framburði í máli Norðlendinga og einhljóða-/tvíhljóðaframburði og *hv-/kv-*framburði hjá Skaftfellinum. Þessi athugun mun gefa allskýra mynd af þróun landshlutabundnu afbrigðanna yfir 70 ára tímabil<sup>62</sup> þó að aðeins verði unnið með hluta þeirra gagna sem safnað var í rannsókn Björns og RÍN. Þessi gagnasöfn í heild bjóða þó upp á fínlegri drætti. Úrtakið í RÍN er nógu stórt til að hægt sé að skipta því í marga og fjölmenna aldurshópa og nota þannig sýndartímasamanburð (sjá kafla 3.2) til að varpa ljósi á stöðu og þróun afbrigðanna allt fram á 9. áratuginn. Með samanburði við niðurstöður Björns verður sú mynd enn skýrari. Rannsókn Björns og RÍN eru því undir í þessum kafla. Markmiðið er að greina og lýsa þróun afbrigðanna á þessu tímabili ásamt því að leita skýringa. Þar er víða leitað fanga enda er það eitt af markmiðum með rannsókninni *Mál á mannsævi* að sýna fram á mikilvægi þess. Meginspurningarnar eru fimm. Tvær þær fyrri snúast um **lýsingu** en þrjár fela í sér leit að **skýringum**:

- (4-1) a. Hver var staða landshlutabundnu afbrigðanna við upphaf tímabilsins, þ.e. um 1940?
- b. Hvernig þróuðust þau fram á 9. áratuginn?
- c. Hver eru málfræðileg (málkerfisleg) einkenni afbrigða í hverju tilbrigðapari og eru þau misjafnlega flókin?
- d. Hver var og er staða afbrigðanna félagslega, einkum viðhorf til þeirra?
- e. Hvernig þróaðist samfélagið með tilliti til þeirra þátta sem helst gætu haft áhrif á viðgang framburðarafbrigðanna?

Meiri áhersla verður lögð á norðlensku afbrigðin en þau skaftfellsku. Fyrir þessu eru ýmsar ástæður. Engin fordæmi eru fyrir því að skoða þróun máls á Íslandi á svo fjölbreyttum grundvelli sem endurspeglast í spurningunum í (4-1) og þar geta norðlensku afbrigðin og norðlenskt samfélag sagt meiri sögu. Svæðið er stórt og fjölmennt, samfélagið fjölbreytt, með sveitum, smábæjum og höfuðstað. Miklar breytingar urðu á 20. öld, þar sem að nokkru leyti skiptust á góðæri og stöðnunarskeið. Þó að það megi líka segja um Skaftafellssýslur og landið allt er um margt auðveldara að greina sveiflurnar norðanlands, bæði í máli og samfélagi.

*Mállýzkur I og II* veita nokkurt svar við spurningu (4-1)a en hér verða gögn Björns greind talsvert nákvæmar en þar er gert. Þess ber einnig að geta að þegar hefur verið skrifað talsvert um niðurstöður RÍN. Stjórnendur rannsóknarinnar skrifuðu þrjár yfirlitsgreinar (sjá Höskuld Þráinsson og Kristján Árnason 1992, 2001 (margmiðlunardiskur, *Alfræði íslenskrar tungu*), Kristján Árnason og Höskuld Þráinsson 2003) og Kristján (2005:367–425) birti greinargott yfirlit í bók

---

<sup>62</sup> Hér er iðulega talað um þróun landshlutabundinna afbrigða eða norðlenskra/skaftfellskra afbrigða. Með slíku orðalagi má segja að undanskilið sé að um leið er átt við þróun þeirra afbrigða sem einkenna mál flestra landsmanna. Þróun harðmælis á Norðurlandi verður til að mynda ekki könnuð án þess að skoða um leið þróun linmælis.

sinni *Hljóð*. Þá skrifuðu þeir saman greinar um mál Vestur-Skaftfellinga (Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson 1983), Skagfirðinga og Reykvíkinga (Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason 1984, 1986) og Höskuldur (1980) fjallaði um afröddun í Mývatnssveit. Einnig má nefna *Mállýskudæmi*, kver og snældu með stuttri umfjöllun um landshlutabundinn framburð og hljóddæmi úr safni RÍN (sjá Sigurð Jónsson o.fl. 1984). Þá er ógetið fjölda námsritgerða en þær helstu sem varða tilbrigðapörin sem hér koma við sögu eru eftirtaldar: Sigurður Konráðsson (1982) fjallaði um harðmæli/linmæli, Veturliði Óskarsson (1982) um raddaðan/óraddaðan framburð og Hermína Gunnþórsdóttir (1991) um bæði tilbrigðapörin á Dalvík. Þá kannaði Guðvarður Már Gunnlaugsson (1983a) afdrif skaftfellsks einhljóðaframburðar og Sigrún Þorgeirsdóttir (1984) fjallaði um nokkrar framburðarbreytur út frá aldri. Nýrri eru ritgerðir Katrínar Maríu Víðisdóttur (2011, 2016) og Margrétar Láru Höskuldsdóttur (2012, 2013) sem báðar unnu úr niðurstöðum RAUN frá Norðurlandi og báru saman við aðrar rannsóknir. Þá munu nokkrar námsritgerðir koma við sögu í 5. kafla þegar segir af þróun afbrigðanna á síðustu áratugum.

Norðlensku afbrigðin fá hvort sinn kafla sem skiptist í fjóra undirkafla auk samantektar. Fyrst verður fjallað um harðmæli og þá um leið linmæli (4.2). Lýst er landfræðilegri útbreiðslu um 1940 (4.2.2), þróun fram á 9. áratug 20. aldar (4.2.3),<sup>63</sup> málfræðilegum einkennum (4.2.4) og viðhorfum fyrir og síðar (4.2.5). Kafla um raddaðan framburð (4.3) er byggður upp á sama hátt. Þá kemur röðin að skaftfellsku afbrigðunum, fyrst *hv*-framburði (4.4) og síðan skaftfellsku einhljóðaframburði (4.5). Stöðu þessara afbrigða um 1940 er lýst og dregin upp mynd af þróun þeirra fram á 9. áratuginn án þess þó að kafa jafndjúpt í gögnin og gert var í umfjöllun um norðlensku afbrigðin. Þá er málfræði- eða málkerfislegum einkennum þeirra lýst í nokkru máli, einkum einhljóðaframburðarins en *hv*-framburðurinn fékk ítarlegri umfjöllun í kafla 2.5.4.5 þar sem hann var tekinn sem dæmi um þær „flækjur“ sem geta blasað við börnum sem alast upp í blönduðu málumhverfi. Loks er vikið að viðhorfum.

Við athugun á þróun afbrigða eru ýmsir hópar bornir saman til að kanna hvort munur sé tölfræðilega marktækur. Þá er notað *t*-próf óháðra úrtaka (e. *independent samples test*). Í töflum og meginmáli er *p*-gildis jafnan getið en nánari upplýsingar eru í aftanmálgreinum (sjá kafla 3.7).

Í kafla 4.6 er dregin upp mynd af þróun allra fjögurra tilbrigðaparanna fram á 9. áratuginn og hugað að mögulegum skýringum á ólíkri þróun í ljósi fyrri umfjöllunar um málfræðileg einkenni og viðhorf. Þegar þar er komið sögu liggur einn þekktur áhrifaþáttur málbreytinga óbættur hjá garði, þróun samfélagsins. Því verður kvæðinu vent í kross í kafla 4.7 og rýnt í ýmsar samfélagsbreytingar á því tímabili sem rannsóknin spannar og raunar litið allt aftur til upphafs 20. aldar.

Í þessari umfjöllun eiga sýslur og bæir eftir að koma talsvert við sögu, ásamt fleiri örnefnum. Sýslur voru stjórnsýslueiningar á Íslandi til 1989 og voru jafnframt landfræðileg afmörkun svæða sem var landsmönnum töm á tungu. Bæir með kaupstaðarréttindi voru sérstök lögsagnarumdæmi. Í niðurstöðum rannsóknar Björns Guðfinnssonar í *Mállýzkum I og II* eru

<sup>63</sup> Í báðum rannsóknunum sem byggt er á tók gagnasöfnun meira en eitt ár. RÍN-rannsóknin spannar lengra tímabil. Meirihluta gagna á Norðurlandi var safnað 1980–1985, en hluta þeirra allt til 1988. Af þessum sökum – og til hagræðis – er gjarna vísað til rannsóknanna með 1940+ (Björn Guðfinnsson) og 1980+ (RÍN).

## 4.2 Harðmæli og linnmæli

upplýsingar um framburð í kaupstöðum og sýslum eftir skólahverfum, en í RÍN var málhöfum skipað í flokka eftir sýslum en jafnframt er auðvelt að aðgreina þá eftir sveitarfélögum. Til glöggvunar er á mynd 4-1 dregið fram það helsta sem á eftir að bera á góma í þessum kafla.



Mynd 4-1: Sýslur, bæir, svæði og fleiri valin örnefni sem koma við sögu í umfjöllun 4. kafla.

## 4.2 Harðmæli og linnmæli

### 4.2.1 Inngangur

Í þessum kafla verður fjallað um harðmæli og linnmæli frá ýmsum sjónarhornum. Markmiðið er að gefa nokkurs konar yfirlitsmynd þar sem litið er til landfræðilegrar útbreiðslu og tíðni harðmælis nálægt miðri síðustu öld og síðari tíma þróunar, sem og málkerfisins og viðhorfa í samfélaginu. Hver þáttur er liður í því að leita að svári við spurningunum um hvað gerðist og hvers vegna. Í kafla 4.7 verður leitað enn frekari skýringa með umfjöllun um samfélagið og þróun þess.

### 4.2.2 Landfræðileg útbreiðsla um 1940

Meirihluti landsmanna notar linnmælisframburð, en harðmæli er útbreitt á Norðurlandi. Eins og lýst var stuttlega í kafla 2.5.4.3 (sjá einnig 2.5.4.6) birtist munurinn í orðum eins og *gapa*, *fata* og *raka*. Nánar tiltekið felst harðmæli í því að lokhljóð eru fráblásin á eftir löngum sérhljóðum, [ka:p<sup>h</sup>a, fa:t<sup>h</sup>a, ra:k<sup>h</sup>a], en í sömu stöðu eru þau ófráblásin í linnmæli, [ka:pa, fa:ta, ra:ka]. Þessi lýsing verður látin duga í bili en eins og fram kemur í kafla 4.2.4 er að fleiru að hyggja.

Þótt uppruni og aldur þessara afbrigða sé ekki viðfangsefni þessarar rannsóknar má nefna að Kristján Árnason (2005:368) bendir á að þótt það sé „vafalaust nokkuð almenn trú að sá framburður sem einkennir harðmælið sé eldri og upprunalegri (og jafnvel „betri“) en linmælið, þá orkar það sannast sagna mjög tvímælis“. Í fornum textum er alla jafna ritað *p*, *t* og *k* í orðum eins og *rápa*, *láta* og *saka* sem freistandi er að túlka svo að þar hafi verið sams konar hljóð á ferðinni og í framstöðu orða eins og *páfi*, *tala* og *koma*. Það er þó ekki einboðið og að auki er ekki vitað fyrir víst hvernig þau hljóð voru. Hugsanlega voru /p,t,k/ ófráblásin og órödduð en /b,g,d/ ófráblásin og rödduð og því að sumu leyti meiri líkindi með framburði fyrri alda og linmæli heldur en harðmæli (sjá Kristján Árnason 2005:347–348, 368–369, einnig Hrein Benediktsson 1972:168–169, Gunnar Ólaf Hansson 2001:168). Saga harðmælis og linmælis verður því ekki rakin langt aftur í aldir en líklegt er að þessi landshlutabundni munur hafi verið fyrir hendi frá ofanverðri 18. öld hið minnsta (sjá Stefán Karlsson 1989:17, Björn Guðfinnsson 1946:234). Hvar mörk afbrigðanna lágu þá skal ósagt látið enda hefst sú saga sem hér er sögð ekki fyrr en á 20. öld.

Nánar tiltekið hefst sagan með yfirlitsrannsókn Björns Guðfinnssonar á Norðurlandi sem gerð var 1941 og 1942, en sérrannsóknir fóru fram nokkru síðar.<sup>64</sup> Mikill meirihluti barna allt frá Skagafirði austan Vatna að Sandvíkurheiði í Norður-Múlasýslu notaði þá hreinan harðmælisframburð. Niðurstöður Björns fyrir þetta svæði og næsta nágrenni er að finna í *töflu 4-1* en eins og fram kom í 3. kafla skipti hann málnotendum í þrjá hópa, þá sem notuðu harðmæli eða linmæli alfarið („hreinn“ framburður) og þá sem höfðu blandaðan framburð. Neðst í töflunni er annars vegar Eyjafjarðarsvæðið í heild, þ.e. Eyjafjarðarsýsla og Akureyri, hins vegar það svæði að viðbættum Þingeyjarsýslum. Þetta er dregið fram vegna síðari umfjöllunar.

	N	Hreint harðmæli (%)	Blandaður framb. (%)	Hreint linmæli (%)
<b>Sauðárkrókur</b>	32	12,5	59,4	28,1
<b>Skagafjörður vestan Vatna</b>	70	50,0	34,3	15,7
<b>Skagafjörður austan Vatna</b>	99	92,9	6,1	1,0
<b>Siglufjörður</b>	114	81,6	14,0	4,4
<b>Eyjafjarðarsýsla</b>	305	95,7	3,3	1,0
<b>Akureyri</b> <sup>65</sup>	174	86,8	12,1	1,1
<b>Suður-Þingeyjarsýsla</b>	240	89,6	10,0	0,4
<b>Norður-Þingeyjarsýsla</b>	107	86,9	13,1	0,0
<b>Norður-Múlasýsla – norðan Jökulsár</b>	82	76,8	23,2	0,0
<b>Norður-Múlasýsla – sunnan Jökulsár</b>	37	46,0	27,0	27,0
<b>Seyðisfjörður</b>	42	28,6	38,1	33,3
<b>Eyjafjarðarsvæði</b>	479	92,5	6,5	1,0
<b>Eyjafjarðarsvæði og Þingeyjarsýslur</b>	826	90,9	8,4	0,7

Tafla 4-1: Harðmæli og linmæli: Skipting málhafa frá Skagafirði til og með Norður-Múlasýslu í þrjá hópa samkvæmt rannsókn Björns Guðfinnssonar (1946:181–195).

<sup>64</sup> Eins og fram kom í kafla 3.6.2 var þessi mállýskunur vel þekktur fyrir og til að mynda Jón Ófeigsson (1920–1924:xxvii) getur þess að harðmæli finnst ekki aðeins á Norðurlandi heldur einnig á Austfjörðum.

<sup>65</sup> Samkvæmt Birni Guðfinnssyni voru málhafar á Akureyri 175 en aðeins hafa fundist 174 spjöld.

Á grundvelli niðurstaðna sinna greindi Björn það sem hann kallaði harðmælissvæði og hvorum megin þess tvö blendingssvæði (sjá Björn Guðfinnsson 1946:156).

Svæði	Afmörkun	Megineinkenni
Vestra blendingssvæði	Báðar Húnavatnssýslur	Hreint linnmæli ríkjandi <sup>66</sup> en blandaður framburður tíður.
Eystra blendingssvæði	Skagafjörður vestan Vatna	Hreint harðmæli og blandaður framburður, nokkuð um hreint linnmæli.
Harðmælissvæði	Skagafjörður austan Vatna að Sandvíkurheiði í Norður-Múlasýslu	Hreint harðmæli ríkjandi, skýrar á vesturhluta svæðisins.
Nyrðra blendingssvæði	Þrír hreppar sunnan Sandvíkurheiðar í Norður-Múlasýslu	Hreint harðmæli ríkjandi en blandaður framburður algengur.
Syðra blendingssvæði	Frá og með Tunguhreppi í Norður-Múlasýslu að Beruneshreppi í Suður-Múlasýslu	Allt í senn, hreint harðmæli, linnmæli og blandaður framburður.

Tafla 4-2: Harðmælissvæði og blendingssvæði samkvæmt greiningu Björns Guðfinnssonar ásamt stutt- orðri lýsingu á einkennum hvers svæðis.

Til að fá skýrari mynd af stöðu harðmælis á 5. áratug 20. aldar en fram kemur í *töflu 4-1* voru öll spjöld málfaha með blandaðan framburð greind eins nákvæmlega og kostur var (sjá kafla 3.5.5). Meðaleinkunn var reiknuð með því að ganga út frá sama dæmafjölda og í Eyjafjarðartexta (10 próforð fyrir harðmæli (í innstöðu), sbr. Björn Guðfinnsson 1946:138–139).<sup>67</sup> Þá var reiknuð meðaleinkunn á hverju svæði og er niðurstöðurnar að finna í *töflu 4-3* þar sem til dæmis einkunnin 198,1 í Eyjafjarðarsýslu endurspeglar að þar hafi harðmæli einkennt 98,1% dæmaorða.<sup>68</sup>

	N	Meðaleinkunn	
<b>Sauðárkrókur</b>	32	139,4	161,9
<b>Skagafjörður vestan Vatna</b>	70	172,1	
<b>Skagafjörður austan Vatna</b>	99	197,5	
<b>Siglufjörður</b>	114	191,3	
<b>Eyjafjarðarsýsla</b>	305	198,1	
<b>Akureyri</b> <sup>69</sup>	174	194,1	
<b>Suður-Þingeyjarsýsla</b>	240	196,8	
<b>Norður-Þingeyjarsýsla</b>	107	195,1	
<b>Norður-Múlasýsla – norðan Jökulsár</b>	82	189,5	180,4
<b>Norður-Múlasýsla – sunnan Jökulsár</b>	37	160,3	
<b>Seyðisfjörður</b>	42	143,6	
<b>Eyjafjarðarsvæði</b>	479	196,6	
<b>Eyjafjarðarsvæði og Þingeyjarsýslur</b>	826	196,5	

Tafla 4-3: Harðmæli og linnmæli: Meðaleinkunn eftir svæðum samkvæmt greiningu á framburðar-spjöldum Björns Guðfinnssonar. Nánari upplýsingar eru í *Viðauka III*.

Þessar einkunnir eru ekki hárnákvæmar. Nokkrar líkur eru á skekkju í Norður-Þingeyjarsýslu en meiri í Norður-Múlasýslu og á Seyðisfirði. Þetta helgast af skorti á dæmaskráningu á spjöldum

<sup>66</sup> Með orðinu *ríkjandi* er hér átt við 'mál flestra', þ.e. yfir 50%.


<sup>67</sup> Margrét Lára Höskuldsdóttir (2012, 2013) rýndi einnig nákvæmlega í gögn 77 norðlenskra málfaha í rannsókn Björns með tilliti til harðmælis og fleiri afbrigða.

<sup>68</sup> Meðaleinkunnir byggjast á því að hvert dæmaorð með linnmælisframburði fái einkunnina 100 en harðmæli fær 200, sjá kafla 3.3.

<sup>69</sup> Samkvæmt Birni Guðfinnssyni voru málfahar á Akureyri 175 en aðeins hafa fundist 174 spjöld.

málhafa með blandaðan framburð og óvissu um fjölda próforða (sjá kafla 3.5.5). Telja má nánast útilokað að þessi óvissa breyti heildarmyndinni. Hún sýnir skýr skil um Héraðsvötn í Skagafirði annars vegar og Jökulsá á Dal í Norður-Múlasýslu hins vegar (einnig nefnd Jökulsá á Brú og Jökla). Svo er því að sjá sem þessir farartálmur fyrri tíðar hafi sett mark sitt á útbreiðslu harðmælis og linnmælis. Þetta kemur enn skýrar fram á myndriti 4-1 þar sem byrjað er vestast á svæðinu og haldið í austurátt.<sup>70</sup> Skil í Norður-Múlasýslu lágu þó einnig um Sandvíkurheiði en norðan hennar liggur Skeggjastaðahreppur þar sem einkunn fyrir harðmæli var á pari við Þingeyjarsýslur.

Sérstaða bæja er dregin fram á myndritinu. Á blendingssvæðum var linnmæli mun greinilegra í bæjum en til sveita eins og sést á Sauðárkróki og Seyðisfirði. Á svæðinu þar sem harðmæli var nánast alls ráðandi skáru Siglufjörður og Akureyri sig úr þó að munurinn sé lítill. Þar var linnmæli aðeins algengara en í nærsveitum.



Myndrit 4-1: Harðmæli og linnmæli: Meðaleinkunn eftir svæðum samkvæmt greiningu á framburðar-spjöldum Björns Guðfinnssonar (sbr. töflu 4-3).


Þar sem Björn beindi sjónum einkum að einum aldurshópi, börnum, veitti rannsókn hans litlar vísbendingar um hvert harðmæli stefndi. Mál fullorðinna var ekki rannsakað skipulega til samanburðar. Hann hlustaði þó eftir máli þeirra og taldi að á harðmælisvæðinu væri lítill kynslóðamunur, enda má segja að börnin hafi notað harðmæli í svo miklum mæli að varla hafi verið mikils munar að vænta. Á blendingssvæðunum næst harðmælisvæðinu bar hins vegar meira á linnmæli hjá börnum en fullorðnum að mati Björns (sjá Björn Guðfinnsson 1946:184, 194). Þegar hafist var handa við RÍN-rannsóknina um 40 árum síðar má því segja að frekara undanhald harðmælis á blendingssvæðunum hafi verið viðbúið, en harðmælisvæðið óskrifað blað. Hélt harðmæli enn velli?

<sup>70</sup> Í bókinni *Hljóð* eftir Kristján Árnason (2005:370) er myndrit sem sýnir tíðni harðmælis í rannsókn Björns Guðfinnssonar. Þar er undir stærra svæði en á myndriti 4-1 en ekki koma fram meðaleinkunnir heldur er málhöfum skipt í hópa með hreinan framburð og blandaðan í samræmi við birtar niðurstöður.



## 4.2.3 Þróun harðmælis 1940+ til 1980+

Hér verða tiltæk gögn úr rannsókn Björns og RÍN nýtt til að draga fram yfirlitsmynd af þróun harðmælis. Litið verður til ýmissa aldurshópa en fyrst gefur að líta *myndrit 4-2* þar sem staðan er sýnd eftir svæðum líkt og á *myndriti 4-1*, nema hvað nú er bætt við ungmennum í RÍN. Til að afmarka aldurshópin sem borinn er saman við niðurstöður Björns var tekið mið af fæðingarárum (1964–1971) en þó jafnframt með hliðsjón af aldri þegar rannsóknin var gerð en það var misjafnt eftir svæðum. Ungmennin voru öll í grunnskóla<sup>71</sup> en ekki farin að heiman í framhaldsskóla eða vinnu. Á myndritinu eru svæði sameinuð frá því sem var á *myndriti 4-1* til að hópar í RÍN nái ásættanlegri stærð. Sauðárkrókur fellur undir Skagafjörð vestan Vatna og Norður-Múlasýsla er sýnd í einu lagi en Seyðisfirði sleppt. Það sama gildir um Siglufjörð því að ungir þátttakendur þar voru aðeins þrír í RÍN.



*Myndrit 4-2*: Harðmæli og linmæli: Meðaleinkunn eftir svæðum samkvæmt greiningu á framburðarspöldum Björns Guðfinnssonar (sbr. *töflu 4-3*) og hjá ungmennum í RÍN (sem öll voru í grunnskóla).

Áður en lengra er haldið er vert að benda á hversu línurnar á myndritinu eru líkar að lögun. Það bendir til þess að sú aðferð sem notuð var til að greina gögn Björns nákvæmar en áður til að gera þau samanburðarhæf við RÍN hafi tekist vel. Jafnframt leynir sér ekki að linmæli hefur sótt nokkuð á og þá sérstaklega á útjöðrum svæðisins, þ.e. í Skagafirði og Norður-Múlasýslu. Eftir stendur Eyjafjörður sem höfuðvígi harðmælisins og á hæla hans fylgja Þingeyjarsýslur. Þetta svæði má því kalla kjarnasvæði harðmælis þegar hér er komið sögu og að því beinist athyglin í framhaldi umfjöllunarinnar.

Í *töflu 4-4* eru einkunnir nokkurra aldurshópa í RÍN. Björnskynslóðin, þ.e. sú kynslóð sem hann rannsakaði, fæddist 1927–1933 og er afmörkuð sérstaklega. Þeim sem fæddust 1934–1960 er skipt í tvo aldurshópa þó að einkunnir séu í flestum tilvikum svipaðar. Tilgangurinn með

<sup>71</sup> Hér verður *grunnskóli* notað í samræmi við nútímaskiptingu í skólastig, eins þó rætt sé um þátttakendur í rannsókn Björns Guðfinnssonar.

skiptingunni er einmitt að draga fram að ekki eru skil á milli þessara hópa. Þau birtast hjá yngsta hópnum. Til að sýna það skýrar en ella er rautt letur notað til að benda á að einkunn viðkomandi hóps sé lægri en þess næsta á undan (eldra fólks) en það felur í sér að tíðni harðmælis sé lægri. Grænt letur sýnir að einkunnin er hærri. Einu er látið gilda þó að breytingin sé mjög lítil. Í kjölfar töflunnar er fjallað um marktækan mun á hópum sem kannaður var með  $t$ -prófi óháðra úrtaka. Þar verður  $p$ -gildi tekið fram en í aftanmálgrein er að finna nánari upplýsingar.<sup>A-1</sup>

	1912–1926	1927–1933	1934–1950	1951–1960	1961+
<b>Akureyri</b>	194,0 (1)	192,1 (39)	185,5 (6)	190,7 (21)	188,1 (51)
<b>Eyjafjarðarsýsla</b>	193,8 (21)	189,9 (35)	191,6 (24)	192,6 (27)	188,8 (64)
<b>Suður-Þingeyjarsýsla</b>	188,6 (17)	184,4 (37)	189,0 (19)	191,3 (18)	186,8 (85)
<b>Norður-Þingeyjarsýsla</b>	192,3 (11)	186,3 (15)	188,6 (17)	191,1 (7)	178,6 (37)
<b>Heild</b>	191,7 (50)	188,6 (126)	189,5 (66)	191,6 (73)	186,4 (237)

Tafla 4-4: Harðmæli og linnmæli: Meðaleinkunnir í RÍN hjá fimm aldurshópum á fjórum svæðum. Innan sviga er fjöldi málhafa.

Hér sést að öll svæðin eiga það sameiginlegt að Björnskynslóðin (fædd 1927–1933) notar minna harðmæli en elsti hópurinn sem spannar 15 árganga. Það kemur því ekki á óvart að sá munur er marktækur í heild ( $p=0,039$ ). Samkvæmt hefðbundinni túlkun sýndartímasamanburðar endurspeglar eldri kynslóðir mál fyrri tíma og því má líta á þennan mun sem vitnisburð um sókn linnmælis milli þessara kynslóða.

Hjá næsta aldurshópi hækka einkunnir aftur nema á Akureyri. Þar eru þó fáir málhafar fæddir á bilinu 1934–1950, og því ekki hægt að álykta að harðmæli hafi raunverulega sveiflast niður og upp aftur eins og einkunnir gefa til kynna. Hins vegar má bera saman Björnskynslóðina (192,1) og þá sem fæddust á 7. áratugnum (188,1). Munurinn á þeim er marktækur ( $p=0,030$ ).

Í Eyjafjarðarsýslu gildir einu hvernig aldurshópar aðrir en sá yngsti eru sameinaðir á ýmsa vegu, enginn marktækur munur finnst milli þeirra. Yngsti hópurinn (188,8) fær hins vegar marktækt lægri einkunn en aðrir. Sé hann borinn saman við þá sem fæddust 1951–1960 (192,6) er  $p$ -gildið 0,035.

Suður-Þingeyjarsýsla sker sig úr fyrir það að þar notar Björnskynslóðin minna harðmæli samkvæmt RÍN (184,4) en flestir aðrir aldurshópar sem sýndir eru í *töflu 4-4*. Með því að bera hana saman við þá sem fæddust 1934–1960 (þ.e. með því að sameina tvo hópa í töflunni, 190,1) má greina sókn harðmælis ( $p=0,006$ ). Sú sókn virðist hins vegar á enda með yngsta hópnum þar sem einkunnin sígur aðeins á ný (186,8). Hvorki er þó marktækur munur á þessum hópi og þeim sem fæddust 1951–1960 (191,3) né Björnskynslóðinni (184,4) ( $p=0,186$  og  $p=0,362$ ).

Í Norður-Þingeyjarsýslu er fámennara úrtak, til að mynda aðeins 15 af Björnskynslóð. Þar finnst enginn marktækur munur á einkunnum aldurshópa fyrr en með þeim yngsta. Hann notar harðmæli marktækt minna en þeir sem fæddust 1934–1960 ( $p=0,002$ ).

Á þessu sést að á einstökum svæðum er ekki marktækur munur á Björnskynslóðinni og yngri kynslóðum fram að þeim sem fæddust eftir 1960 með þeirri undantekningu sem nefnd var í Suður-Þingeyjarsýslu. En hvernig lítur þetta út á svæðinu í heild? Í *töflu 4-5* eru aldurshópar

bornir saman á ýmsan hátt og enn einum bætt við, þeim sem fæddust fyrir 1912. Með því sést í fyrstu tveimur línunum að linmæli sækir ekki marktækt á fyrr en með Björnskynslóðinni. Næst koma þrjár skyggðar línur sem sýna hversu óljós þróun birtist með samanburði milli aldurshópa á bilinu 1927–1960. Hjá yngri samanburðarhópnum er einkunn í öllum tilvikum hærri en hjá þeim eldri en þó er aðeins marktækur munur þegar þeir sem fæddust 1951–1960 eru afmarkaðir og bornir saman við Björnskynslóðina eða hana ásamt þeim sem fæddust til 1950. Þarna örlar því á sókn harðmælis. Í línu 6 sést hins vegar andstæð þróun. Linmæli sækir á hjá yngsta hópnum. Hér var notað *t*-próf óháðra úrtaka og nánari upplýsingar að finna í aftanmálgrein.<sup>A-2</sup>

Lína	Aldurshópur	Einkunn	Aldurshópur	Einkunn	<i>p</i>
1	1888-1911	191,2 (36)	1912-1926	191,7 (50)	0,767
2	1912-1926	191,7 (50)	1927-1933	188,6 (126)	0,039
3	1927-1933	188,6 (126)	1934-1960	190,6 (139)	0,079
4	1927-1933	188,6 (126)	1951-1960	191,6 (73)	0,012
5	1927-1950	188,9 (192)	1951-1960	191,6 (73)	0,011
6	1951-1960	191,6 (73)	1961+	186,4 (237)	0,000


Tafla 4-5: Harðmæli og linmæli: Meðaleinkunnir í RÍN bornar saman eftir aldurshópum á ýmsa vegu og kannað hvort munurinn sé marktækur. Málhafar frá Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslum.

Af þessum samanburði er að sjá sem linmæli sækir á um skeið. Munur á eldra fólki og Björnskynslóðinni endurspeglar það (sbr. línu 2). Þá virðist taka við nokkur stöðugleiki því að ekki er marktækur munur á Björnskynslóðinni og næstu kynslóðum (sbr. línu 3). Meðaleinkunn þeirra sem fæddust á 6. áratugnum gefur svo til kynna nýja sókn harðmælis þótt væg sé (sbr. línur 4 og 5). Þá tekur við sókn linmælis (sbr. línu 6). Þetta verða að teljast athyglisverðar sveiflur, en eins og fram kemur hér á eftir er þessi þróun þó vandtúlkuð.

Þróun yfir allt tímabilið er sýnd á myndriti 4-3 með því að draga upp sex aldurshópa. Þar sést nokkur munur á árgöngunum 1934–1950 og 1951–1960 en einnig er sýnd sérstaða Suður-Þingeyjarsýslu. Samanburður í henni einni myndi duga til að sýna marktækan mun í línu 4 ( $p=0,002$ ) í töflu 4-5 og í línu 5 ( $p=0,006$ ) en væri henni sleppt hyrfi hann.<sup>A-3</sup> Það er þó ekki svo að málhafar 6. áratugarins fái háa einkunn í Suður-Þingeyjarsýslu samanborið við aðra (sjá töflu 4-4) heldur er það Björnskynslóðin og þaðan af eldra fólk sem sker sig úr eins og myndritið sýnir skýrt. Fyrirnefnd sókn linmælis virðist hafa verið einkar snörp í Suður-Þingeyjarsýslu.<sup>72</sup>

Sérstaða Suður-Þingeyjarsýslu hefur í för með sér að setja verður spurningarmerki við þá túlkun að harðmæli hafi sótt á um skeið, jafnvel þótt marktækur munur mælist hjá úrtakinu í heild. Hann væri ekki marktækur án lágrar meðaleinkunnar Björnskynslóðarinnar í Suður-Þingeyjarsýslu. Á hinn bóginn eru einkunnir þeirra sem fæddust á 6. áratugnum líka nokkuð háar annars staðar. Niðurstaðan er því loðin fyrir svæðið í heild: Eftir skýra sókn linmælis tekur við stöðugleikaskeið þar sem örlar á sókn harðmælis þegar á líður. Loks tekur linmæli að sækja fram að nýju eins og sést vel á myndritinu.

<sup>72</sup> Niðurstöður RÍN benda til að á Húsavík hafi linmæli sótt meira á í máli Björnskynslóðarinnar en annars staðar í sýslunni. Hjá yngri aldurshópum sem tóku þátt í rannsókninni eru meðaleinkunnir fyrir harðmæli hins vegar ekki misjafnar eftir svæðum.



Myndrit 4-3: Harðmæli og linnmæli: Meðaleinkunn í rannsókn Björns Guðfinnssonar (1940+) og þróun samkvæmt samanburði aldurshópa í RÍN (1980+). Svæðið í heild spannar Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslur.

Með því að bera saman niðurstöður rannsóknar Björns Guðfinnssonar og RÍN og beita sýndartímasamanburði innan RÍN dregst upp mynd af þróun harðmælis fram á 9. áratug 20. aldar sem túlka má á eftirfarandi hátt:

- Um 1980 hafði harðmæli látið mikið undan síga í **Skagafirði** og **Norður-Múlasýslu** og svo komið að afmarka má kjarnasvæði harðmælis við Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur.
- Um 1980 notuðu **Eyfirðingar** og **Þingeyingar** í heild harðmæli minna en í rannsókn Björns Guðfinnssonar 40 árum fyrr. **Milli 1940+ til 1980+ sótti því linnmæli á.**
- Tímabilið 1940+ til 1980+ einkenndist þó ekki af látlausri sókn linnmælis heldur **tveimur sóknarskeiðum**. Milli þeirra má greina **stöðugleikaskeið** og jafnvel stutta og væga sókn harðmælis.
- Í **Suður-Þingeyjarsýslu** var fyrri sókn linnmælis einkar snörp en þess sá ekki stað hjá næstu kynslóðum sem notuðu harðmæli í sama mæli og sömu aldurshópar annars staðar.

Þó að engin mótsögn felist í samanburði á niðurstöðum Björns og RÍN annars vegar og hins vegar sýndartímasamanburði sem byggist á aldurshópum í RÍN hlýtur sú spurning að vakna hvernig þetta tvennt komi heim og saman. Grunnhugmyndin með sýndartímasamanburði er að eldri kynslóðir endurspegli mál fortíðar en Björnskynslóðin notaði síður harðmæli 1980+ en hún gerði 1940+. Hvaða fortíð endurspeglar þá niðurstöður RÍN? Leiða má líkur að því að fyrst Björnskynslóðin breytti framburði sínum frá því hún var ung að árum og fram að RÍN hafi aðrir aldurshópar, að minnsta kosti þeir sem komnir voru á fullorðinsár, gert það líka. Með því að setja fram þá tilgátu að harðmæli hafi þróast á sveiflukenndan hátt, sem byggist á sýndartímasamanburði í RÍN, má segja að litið sé fram hjá þessu. Þannig er gert ráð fyrir því að þrátt fyrir breytingar sem verða á lífsleiðinni standist sú grunnhugmynd, sem sýndartímasamanburður byggist á, að hann geti varpað ljósi á breytingar í fortíðinni. Niðurstaðan verður þó aldrei meira en rökstudd tilgáta um þróunina, eins og segja má um rannsóknir almennt, og óneitanlega styrkjast rökin ef einnig er stuðst við rauntímasamanburð. Af honum segir í 5. kafla.

Að lokinni þessari lýsingu á stöðu og þróun harðmælis og linnmælis langt fram eftir 20. öld er vert að huga að skýringum. Skyldi að einhverju leyti vera hægt að skýra sveiflur í þróun harðmælis og linnmælis – en ef til vill ekki síður það viðnám sem harðmæli virðist veita framburði meirihluta landsmanna – með málfræðilegum mun þessara framburðarafrbrigða og/eða viðhorfum til þeirra? Um það fjalla tveir næstu kaflar.

#### 4.2.4 Einkenni og málfræðileg lýsing

Fram hefur komið að þó að linnmæli hafi sótt á í norðlensku málsamfélagi milli rannsóknar Björns Guðfinnssonar og RÍN var sú sókn ekki jöfn og stöðug. Langt skeið einkennist af stöðugleika og jafnvel vottar fyrir sókn harðmælis. Út úr þessu má lesa tvennt. Annars vegar bendir stöðugleikaskeiðið til þess að þó að upplýsingar sem málnotendur fá í blönduðu málumhverfi séu „misvísandi“, einn segir þetta, annar segir hitt, virðist vera tiltölulega „einfalt“ að tileinka sér hvort afbrigðið sem er. Í því sambandi er vert að bæta við þeim upplýsingum að myndrit fyrir Norður-Múlasýslu, byggt á sömu aldurshópum og *myndrit 4-3*, myndi einnig sýna langt stöðugleikaskeið. Þar má segja að upplýsingar úr málumhverfinu séu enn frekar „misvísandi“ en á kjarnasvæðinu því að blandaður framburður er ríkjandi og meðaleinkunnir allra aldurshópa mun lægri. Tiltölulega hátt hlutfall linnmælis kemur því ekki í veg fyrir að „einfalt“ sé að tileinka sér hvort afbrigðið sem er. Hins vegar bendir þróun harðmælis og þá einkum vísbendingar um viðsnúning um skeið – þótt lítill sé – til þess að þó að linnmæli breiðist út að nokkru marki nái það ekki slíkum undirtökum að „leiðin til baka“ sé ófær. Hér er byggt á meðaleinkunnum fyrir harðmæli á Norðurlandi en það gefur þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir aukið skýringargildi að taka forskot á sæluna og upplýsa að í 5. kafla koma fram skýr merki um að framburður einstaklinga geti „sveiflast“ hvort sem er til meiri notkunar linnmælis eða harðmælis.

Í ljósi þessa er hér glímt við þá spurningu hvort það sé á einhvern hátt flóknara eða einfaldara að tileinka sér annaðhvort harðmæli eða linnmæli. Hún er þó brotin upp í tvær spurningar þar sem önnur lýtur að máltileikun á máltökuskeiði en hin snýst um breytingar á lífsleiðinni. Spurt er:

- (4-2) a. Er málfræðilegur munur á harðmæli og linnmæli þess eðlis að hjá börnum á máltökuskeiði hafi hvorugt afbrigðið skýrt „forskot“ í blönduðu málumhverfi? Með öðrum orðum: Er álíka einfalt eða flókið að tileinka sér hvort afbrigðið sem er við slíkar aðstæður sem gerir þá að verkum að hvorugt þeirra sé dæmt til að láta (hratt) undan?
- b. Er leiðin frá harðmæli til linnmælis endilega greiðari en leiðin frá linnmæli til harðmælis? Með öðrum orðum: Er einfaldara fyrir harðmæltan málnotanda að tileinka sér linnmæli heldur en fyrir linnmæltan málnotanda að tileinka sér harðmæli?

Fyrst má rifja upp þá einföldu lýsingu á harðmæli og linnmæli sem þegar hefur komið fram (sjá kafla 2.5.4.3, 2.5.4.6 og 4.2.2), þ.e. að munurinn komi fram í orðum eins og *gapa*, *fata* og *raka*. Harðmæli, sem er útbreitt á Norðurlandi, einkennist af því að lokhljóðin /p,t,k/ eru fráblásin á eftir löngum sérhljóðum, [ka:p<sup>h</sup>a, fa:t<sup>h</sup>a, ra:k<sup>h</sup>a], en í linnmæli, sem er mál flestra landsmanna, eru þau ófráblásin, [ka:pa, fa:ta, ra:ka]. Ef þessi lýsing væri fullnægjandi eða tæmandi væri frekar einfalt að svara spurningunum í (4-2). Munurinn á afbrigðunum væri tiltölulega gegnsær

og reglubundinn sem væru rök fyrir því að bæði börn á máltökuskeiði í blönduðu málumhverfi og fullorðnir málfarar ættu auðvelt með að tileinka sér hvort afbrigðið sem er.

Spurningin er hins vegar hversu fullnægjandi þessi lýsing sé. Það er einkum þrennt sem hefur verið nefnt til sögunnar sem gæti dregið úr gegnsæinu og aukið á flækjustigið.<sup>73</sup>

- (4-3) a. Orð eins og *ópera* og *ákafur* þar sem linnmæltir hafa fráblástur líkt og harðmæltir þó að orðhlutaskil séu vandséð á grundvelli merkingar.  
 b. Tökuorð eins og *hótel* þar sem lokhljóðið hefur verið talið fráblásið í máli linnmæltra.  
 c. Orð sem hafa ekki fráblástur í máli harðmæltra, eins og *stúdent*, *módem* og jafnframt lágmarkspör eins og *ratar* (af so. *rata*) – *radar* (no.).

Hér verður gengið á röðina og færð rök fyrir því að ekkert af þessu leggist svo kröftugt á árarar með öðru hvoru afbrigðinu að það „styrki samkeppnisstöðu“ þess svo heitið geti, hvort sem litið er til spurningar (4-2)a eða b. Eftir sem áður sé munurinn „tiltölulega gegnsær og reglubundinn“ eins og það var orðað hér að framan.

Eiríkur Rögnvaldsson (1993:51–52) gerir ráð fyrir því, í anda generatífrar hljóðkerfisfræði, að í baklægri gerð orða eins og *gapa*, *fata* og *raka* séu /p,t,k/ hjá bæði harðmæltum og linnmæltum en þeir síðarnefndu beiti afblástursreglu sem virkar á eftir löngu sérhljóði (sjá kafla 2.5.4.6). Hann nefnir orðhlutaskil ekki sérstaklega en í almennri umfjöllun um áhrif skila á reglur (s.r.:37–38) kemur fram að þau geti haft áhrif á virkni þeirra. Svo er að sjá sem það gildi um afblástursregluna því að bæði í harðmæli og linnmæli eru /p,t,k/ fráblásin í samsettum og afleiddum orðum eins og *búkona*, *átöppun*, *ítala*, *ópersónulegur*. Hér eru orðhlutaskilin tiltölulega augljós eða gegnsæ<sup>74</sup> en í ýmsum keimlíkum orðum, sem sum eru tökuorð, er djúpt á rökum um samsetningu, *ópera*, *ákafur* og *Ítalía*, þannig að framburður linnmæltra kemur nokkuð á óvart, [ou:p<sup>h</sup>era], [au:k<sup>h</sup>avvr], [i:t<sup>h</sup>alija] (sjá Kristján Árnason 2011:104–105). Hvernig getur staðið á því? Sýnir þetta að munurinn á harðmæli og linnmæli byggist á mismunandi baklægum gerðum eða er hægt að skýra af hverju afblástursregla virkar ekki í þessum orðum?

Þegar rýnt er í orð sem byrja á *á*-, *í*- og *ó*- birtast fjölmörg dæmi um samsett, afleidd og forskeytt orð, *átelja*, *átrúnaður*, *ílát*, *ítroðsla*, *óregla*, *ókunnugur* og svo mætti lengi telja. Frá samtímalegu sjónarhorni eru orð af þessu tagi misjafnlega gegnsæ. Sum eru nokkuð augljóslega samsett eða afleidd, til að mynda fyrrnefnd dæmi, *átöppun*, *ítala*, *ópersónulegur*, en önnur eru ekki eins gegnsæ, *ákúra*, *átýlla*. Málnotendur virðast ekki setja það fyrir sig heldur framburðurinn til þess að þau séu túlkuð á sama hátt og þau gegnsærri. Loks er talsverður fjöldi orða, þar á meðal allmörg tökuorð, sem virðast vera nokkurs konar „sýndarsamsetningar“ eða „sýndar-afleiðslur“, *ákafur*, *átorítet*, *íkorni*, *ítreka*, *íkon*, *Ítalía*, *ótót*, *ópera*, *Ópel*, *ópal*, *ópíum*, *ókei*. Kristján Árnason (2005:52) nefnir einmitt að fráblástur í orðum eins og *Ítalía*, *ópal* og *ópera* sé

<sup>73</sup> Þess má geta að harðmæli er stundum lýst svo að það nái aðeins til umræddra hljóða í innstöðu án þess að nefna framburð þeirra í bakstöðu, þ.e. í orðum eins og *hlaup*, *vit* og *sök* (sjá Björn Guðfinnsson 1946:155, Kristján Árnason 2005:368). Eiríkur Rögnvaldsson (2013:56) gengur hins vegar út frá því að þessi framburðarmunur komi bæði fram í innstöðu og bakstöðu. Í þeim rannsóknum sem hér verður fjallað um eru nánast öll harðmælisdæmin í innstöðu.

<sup>74</sup> Ekki er víst að allir þekki orðið *ítala* og þyki það gegnsætt. Orðið vísar til fjölda búfjár sem leyfður er í beitilandi, til dæmis á afrétti og er þá hægt að taka svo til orða að *talið sé í afréttim*.

ef til vill til vitnis um að farið sé með þau „hálfpartinn eins og þau séu samsett“. Og ef marka má fráblástur hjá linnmæltum í öllum þessum orðum virðast málnotendur hafa ríka tilhneigingu til að túlka orð sem byrja á *á-*, *í-* og *ó-* sem samsett eða afleidd.

Ein og sér fer þessi skýring ef til vill í hring: Linnmæltir hafa fráblásið lokhljóð **af því að** þeir túlka orðin sem samsett – framburður linnmæltra **sýnir** að málnotendur túlka þessi orð sem samsett. Hér má þó nefna vitnisburð línuskiptinga en almennt þykir æskilegt að skipta samsettum orðum og afleiddum á orðhlutaskilum (t.d. *hest-hús*, *ó-beinn*, *van-hæfur*) en sé ósamsettu orði skipt skal seinni hlutinn hefjast á sérhljóði (*hús-ið*, *hæf-ur*). Á timarit.is má finna ýmis dæmi um skiptingar milli lína sem styðja þá ályktun að málnotendur túlki *á-*, *ó-* og *í-* sem fyrri hluta samsetningar í orðum eins og þeim sem hér hafa verið tínd til: *á-kafur*, *ó-kei*, *ó-pera*, *ó-píum*, *í-treka*, *Í-talía*, *í-kornar*. Einnig má nefna að í tökuorðinu *ókei* er hægt að klippa *ó-* framan af og segja *allt í kei*. Ekki er gott að sjá hvaða skilyrði seinni hluti orðs þarf að uppfylla til að það sé túlkað á þennan hátt, þ.e. sem sjálfstæður orðhluti þó að merking styðji það ekki. Ef til vill þarf hann að „líta út fyrir“ að hafa merkingu – þannig gæti *-kafur* í *ákafur* sem best merkt eitthvað, rétt eins og *ljúfur*, en *-ta* í *áta* síður.

Á grunni þessarar umfjöllunar er ályktað að til að lýsa muninum á harðmæli og linnmæli sé ekki nóg að tiltaka að hann felist í mismunandi framburði lokhljóðanna /p,t,k/ á eftir löngu sérhljóði. Lokhljóðin þurfa einnig að vera innan sama myndans (eða „sýndarmyndans“) og sérhljóðið til að þessi munur komi fram. Í þessu felst um leið að orð eins og *ákafur* og *ópera* hafi ekki áhrif á það hvort flóknara sé að tileinka sér annaðhvort harðmæli eða linnmæli í blönduðu málumhverfi eða til dæmis þegar málnotendur flytja milli málsvæða.

Næst vísar sögunni að tökuorðum eins og *hótel*, *mótel*, *móttíf* og *tópas*. Álitamálin eru tvö, annars vegar hvernig framburður þeirra sé hjá linnmæltum málnotendum og hins vegar hvernig mætti skýra fráblástur ef um hann er að ræða. Byrjum á framburðinum.

Tökuorð sem nefnd hafa verið hér að framan hefjast á *ó-*, *í-* eða *á-* og falla í flokk með ýmsum sambærilegum og ógegnsæjum erfðaorðum (eins og *ákafur*). Þessi tökuorð gera það ekki og Kristján Árnason (2011:104–105, 167) telur að framburður þeirra einkennist af fráblæstri. Ekki er þó víst að svo sé því að framburðurinn hefur ekki verið rannsakaður sérstaklega mér vitanlega. Hugsanlega er innri breytileiki algengur, þ.e. að sami málhafi noti ýmist fráblástur eða ekki. Sjálf er ég linnmælt og tel að ég segi jafnan [t<sup>h</sup>ou:pas] en ýmist [hou:t<sup>h</sup>el] eða [hou:t<sup>h</sup>el] og þá ef til vill með áherslumun þannig að í fyrri tilvikinu sé áherslan eins og í *manntal* en í því síðara eins og í *hótun*. Fleiri orð af svipuðum toga má tína til: *líter*, *póker*, *mótor*, *fókus*, *status*. Þó að ekki sé hægt að byggja á formlegum rannsóknum virðist mér sem þessi orð hafi ekki afgerandi sérstöðu í máli linnmæltra heldur sé fráblásturslaust lokhljóð meginreglan. Minna má á að linnmæltir málhafar, sem hafa engin sérstök tengsl við harðmælisvæðið, hafa talsverða tilhneigingu til að bregða fyrir sig fráblásnum lokhljóðum sem einkenna harðmælið (sjá Höskuld Þráinsson og Kristján Árnason 1984:116–120).<sup>75</sup> Einkum gerist þetta

<sup>75</sup> Í þessari umfjöllun nefna Höskuldur og Kristján þann möguleika að harðmæli meðal fullorðinna Reykvíkinga geti skýrst af því að um sé að ræða aðflutta Norðlendinga. Með því að skoða þær SPSS-skrár sem þeir byggðu á

í upplestri (sjá Eirík Rögnvaldsson 2013:56) en einnig í formlegu tali, en hefur ekki verið rannsakað til hlítar frekar en framburður tökuorðanna.

Hitt álitamálið snýr að mögulegum ályktunum sé það svo að orð eins og *hótel*, *mótel* (og fleiri) hafi þá sérstöðu að til séu linnmæltir málhafar sem bera þau jafnan fram með fráblásnu lokhljóði. Það gæti talist vísbending um að munurinn á harðmæli og linnmæli væri lexíkalísieraður. Í því fælist að hjá linnmæltum málnotendum væri fráblásið lokhljóð í baklægri gerð *hótel* og *mótel* en ófráblásið í *hóta* og *móta*. Framburður án fráblásturs væri þá ekki byggður á afblástursreglu heldur væri fráblástur í orðum eins og *hótel* og *mótel* tilkominn vegna annars konar baklægrar gerðar, með /t/. Annar möguleiki er að gera hér ráð fyrir orðhlutaskilum (eins og í *mantal*) en Kristján Árnason (2011:105) telur það fulllangt gengið („stretching things a bit far“). Það er þó varla útilokað að einhverjir málnotendur gætu túlkað þessi orð sem einhvers konar samsetningar því að þeir eru ekki óvanir því að kunna og skilja samsett orð án þess að átta sig á merkingu orðhlutanna, annars eða beggja. Þannig er líklegt að margir hestamenn þekki litinn *móbrúnn* án þess að vita hvað *mó-* merkir og ætla má að fáir viti merkingu *læ-* og *kank-* í *lævís* og *kankvís* eða *vísi-* í *vísitala*, *vísitera*, *vísitasía*. Þekkt eru dæmin um *krækiber* og *kirsuber* þar sem ekki einu sinni forn orðaforði dugir til að greina merkingu fyrri hlutanna. Hún er engin (sjá Eirík Rögnvaldsson 2013:118). Og í *prófastur* bendir [f], en ekki [v] eins og reglan er milli tveggja sérhljóða í ósamsettum orðum ([p<sup>h</sup>rou:va], *prófa*), til þess að orðið sé samsett úr *pró-* og *-fastur*. Hvað merkir það? Málnotendur eru sem sagt tilbúnir til að ganga býsna langt í því að túlka orð sem samsett án þess að þekkja eða skilja báða orðhlutana. Því skyldi það ekki gilda um *hótel*?

Aðalatriðið hér er þó að ekki liggur fyrir að orð eins og *hótel*, *mótel*, *tópas* séu dæmi um orð sem bæði harðmæltir og linnmæltir bera fram með fráblæstri. Í annan stað væri ekki fráleitt að fráblástur í slíkum orðum stafaði af því að þau væru túlkuð sem samsett orð. Eftir stendur að ekki eru rök fyrir því að orð af þessu tagi hafi þau áhrif að það sé misjafnlega flókið að tileinka sér harðmæli eða linnmæli, hvort sem er fyrir barn sem elst upp í blönduðu málumhverfi eða fyrir málnotanda sem flytur milli málsvæða.

Hér að framan hefur verið fjallað um „óvæntan“ fráblástur í máli linnmæltra og því hafnað að hann valdi því að blandað málumhverfi sé annaðhvort harðmæli eða linnmæli hliðhollara eða að auðveldara sé að tileinka sér annað hvort afbrigðið. Meginreglan er sú að þegar lokhljóðin /p,t,k/ fara á eftir löngu sérhljóði innan sama myndans hafa harðmæltir fráblástur en linnmæltir ekki.

Í máli harðmæltra eru hins vegar ýmis dæmi um „óvænt“ ófráblásið, stutt lokhljóð á eftir löngu sérhljóði, þ.e. í hljóðaumhverfi þar sem munur harðmælis og linnmælis kemur alla jafna fram. Gera slíkar undantekningar að verkum að flókið sé að tileinka sér harðmæli? Hér má nefna nöfn eins og *Adam*, *Adolf*, *Júdas*, *Ebeneser* og *Agata*, og allnokkur tökuorð, svo sem *edik*, *idjót*, *stúdent*, *stúdera*, *módem*, *gæd(a)*, *íbenholt*, *nóbel*, *róbóti*, *óbó*, *Sab(inn)*, *Skódi*, *túba*, *legó*, *sagó(grjón)*. Í einhverjum tilvikum er merkingarmunur á orðmyndum með og án fráblásturs í

---

má þó í fljótu bragði finna um tug málhafa sem notuðu harðmæli í um eða yfir 20% próforða og ólust upp í Reykjavík og átta reykvíska foreldra.



máli harðmæltra, til dæmis í *radar* ('ratsjá') – *ratar* (af so. *rata*), (*matar*)*sódi* – *sóti* (af no. *sót* eða so. *sóta*), *módel* ('árgerð', 'líkan', 'fyrirsæta') – *mótel* ('gistihús'),<sup>76</sup> *Lada* (bíltegund) – *lata* (af lo. *latur*) og *Ída* (nafn) – (*jarð*)*yta*. Hugsanlega mætti rekja einhver þessara dæma til myndanskila rétt eins og fráblástur hjá linnmæltum, til dæmis að *módem* væri samsett úr *mó-* og *-dem* eða *róbóti* úr *ró-* og *-bóti*. Orð eins og *túba*, *sódi* og *Lada* sýna þó að það dugir skammt. Það er því ljóst að /b,d,g/ geta komið fyrir í þessari stöðu í máli harðmæltra og sjálfur Adam frá Eden er skýr vitnisburður um að svo hafi lengi verið.

Nú má spyrja: Ef við lítum svo á að mismunandi framburður sagnmyndarinnar *ratar* og nafnorðsins *radar* byggist á ólíkum orðasafnsmyndum í máli harðmæltra hvernig er því þá háttáð í máli linnmæltra þar sem framburður orðanna er sá sami? Beita þeir aflblástursreglu í fyrra tilvikinu en ekki því síðara? Því er til að svara að ekki er auðséð hvernig málnotendur í tiltölulega hreinu linnmælisumhverfi eiga að geta áttað sig á því að orð eins og *radar* og *sódi* hafi einhverja sérstöðu. Málumhverfi sem einkennist af linnmæli gefur ekki til kynna að *radar* og *sódi* séu annars konar en *ratar* og *sóti*. Það verður að teljast líklegt að hjá að minnsta kosti sumum sem alast upp við (tiltölulega) hreint linnmæli sé einmitt enginn munur á orðmyndum af þessu tagi. Því til stuðnings má nefna dæmi um ritmyndir með *p*, *t* og *k* sem finnast með leit á netinu (gúgli) eða á timarit.is (jafnvel þótt það efni sé yfirleitt prófarkalesið):<sup>77</sup> *itjót*, *stútent*, *mótem*, *ópó*, *Skóti* („blöðru-skótanum“), *ratar* ('ratsjá'), (*matar*)*sóti*,<sup>78</sup> *túpa* ('hljóðfæri'), *mótel* („mótelstörf“), *Lata* („Löturni“). Dæmin sem fundust með einfaldri leit voru frá innan við 10 og upp í yfir 100 um hvert orð. Slíkar ritmyndir eru ekki endilega til vitnis um að sá sem svo skrifar beri orðin fram með fráblásnu lokhljóði, kannski er það einmitt sjaldnast raunin. Líklegra er að þetta séu villur linnmæltra málnotenda sem sýna að þeir gera ekki greinarmun á þessum orðum og öðrum sem þeir eru vanir að skrifa með *p*, *t*, *k* en bera fram án fráblásturs, *gapa*, *fata* og *raka*. Líklegt er að sá skortur á aðgreiningu nái ekki aðeins til stafsetningar heldur að slík orð hafi ekki heldur sérstöðu í málkerfinu. Því ætti sá sem heyrir bara framburðarmyndina [ra:tar], hvort sem merkingin er 'þekkir leið' eða 'ratsjá', að gera greinarmun á lokhljóðunum frekar en í [ka:ta] í merkingunni 'gera gat' eða 'vegur'? Það má þó hugsa sér að greinarmunur af þessu tagi fylgi með í kaupnum ef orð lærast í gegnum ritmál og málnotandi í linnmælisumhverfi sem hefur vald á ensku gæti tengt orð eins og *róbóti*, *gæda* og *idjót* við *robot*, *guide* og *idiot*.

Fyrir barn á máltökuskeiði sem elst upp í hreinu harðmælisumhverfi er tileinkun þessara orða ekki flókin. Sá sem heyrir orðin *ratar* og *radar* lærir að gera á þeim greinarmun rétt eins og *tala* og *dala* eða *ama* og *amma*. Orð af þessu tagi skapa heldur engan vanda fyrir harðmæltan

<sup>76</sup> Þetta er athyglisvert orðapar því að bæði orðin eru tökuorð. Orðið *módel* er eldra í málinu (elsta dæmi á timarit.is er frá 19. öld) og á sér samsvörunina *model* í skyldum málum, en *mótel* er án efa yngra, komið af *motel* sem mun vera tiltölulega nýlegt orð í ensku.

<sup>77</sup> Mislétt er að finna dæmi af þessu tagi. Til að finna „rangar“ ritmyndir innan um fjölmargar réttar, til dæmis *ratar* í merkingunni 'ratsjá' var leitað að stökum beygingarmyndum (*ratarnum*, einnig *Lötunni*), samsettum orðum (*mótelstörf* – og samhengi notað til að greina merkinguna frá 'starf á móteli') eða leitin þrengd með skyldum leitarorðum í sama texta (t.d. *mótel* + *bifreið* til að finna *módel* í merkingunni 'árgerð'). Leitarniðurstöður voru ekki lúslesnar til að finna nákvæma tíðni dæma af þessu tagi.

<sup>78</sup> Því má bæta við að hægt er að kaupa matarsóda sem er kirfilega merktur „Matarsóti“.

málnotanda sem flytur á línsmællissvæði og tileinkar sér mál heimamanna. Hann heldur einfaldlega áfram að bera orð eins og *radar* fram án fráblásturs. Svipaða sögu er að segja af línsmæltum málnotanda sem hefur á einhveru hátt tileinkað sér greinarmun af þessu tagi og flytur á harðsmællissvæði. Ef hann tæki upp mál heimamanna fæli það í sér að leggja af afblástursregluna. Það hefði áhrif á framburð *ratar* en ekki *radar*.

Málið vandast ef línsmælti málnotandinn hefur ekki tileinkað sér þennan greinarmun og byggir framburð bæði *ratar* og *radar* á afblástursreglu. Í generatífri hljóðkerfisfræði væri það orðað svo að bæði orðin hefðu baklægt /t/ en ófráblásið hljóð, [t], kæmi til vegna reglunnar. Ef afblástursreglan hættir að virka verða báðar orðmyndirnar [r:at<sup>h</sup>ar], þ.e. „rangur“ framburður í *radar*. Fyrir slíkan málnotanda virðist því vera um að ræða hindrun sem veldur því að flóknara er að tileinka sér harðsmæli en línsmæli, hvort sem er í blönduðu málumhverfi eða þegar flutt er milli málsvæða. Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason (1992:119) hafa einmitt komist að slíkri niðurstöðu (sjá einnig Kristján Árnason og Höskuld Þráinsson 2003:172–173).<sup>79</sup> En hversu stór er hún? Hversu flókið er fyrir línsmæltan málnotanda að „átta sig á“ að til að tileinka sér harðsmæli er ekki nóg að leggja af afblástursreglu heldur þarf einnig að undanskilja allmörg orð?

Hér að framan hafa verið nefnd tæplega 30 orð þar sem harðsmæltir hafa ófráblásið lokhljóð í umhverfi þar sem vænta mætti fráblásturs. Orðin eru ekki mikið fleiri en þau eru undantekningar frá miklum fjölda orða sem fylgja þeirri meginreglu að lokhljóð sé fráblásið á eftir löngu sérhljóði innan sama myndans. Það gefur nokkra hugmynd um fjöldann að af 1000 algengustu flettiorðunum í *Íslenskri orðtíðnibók* eru um 10% dæmigerð „harðsmælisorð“, þ.e. orð eins og *geta, taka, mikill* (öll þrjú meðal 50 algengustu). Engin þeirra undantekninga sem nefndar hafa verið komst í þennan hóp. Þessara orða var einnig leitað í lista yfir algengustu flettiorðin eftir tíðniröð og þar fannst aðeins *stúdent*, í sæti 2370 af 3061 flettiorði (sjá Jörgen Pind (ritstj.) o.fl. 1991:557–585). Af orðunum *latur, mótél, rata, sóti/sóta* og *ýta*, sem mynda lágmarkspör með *Lada, módel, radar, sódi* og *Ída*, að minnsta kosti í einhverri beygingarmynd, komst aðeins *ýta* á listann (í sæti 591).

Þó að skráin sé eingöngu byggð á ritmáli bendir þetta til þess að línsmælt fólk geti tileinkað sér harðsmæli sem er að mestu leyti „rétt“ með því einfaldlega að leggja af afblástursregluna. Undantekningarnar þarf vissulega að læra sérstaklega en þær virðast ekki svo stór hindrun að tileinkun harðsmælis geti talist umtalsvert flóknari en tileinkun línsmælis. Að auki gætu þessar undantekningar í einhverjum tilvikum „farið fram hjá“ þeim sem tileinka sér harðsmæli og leitt til þess að þeir geri „villur“. Stundum er sagt eitthvað á þá leið að málnotendur sem hafi „gert sér upp“ harðsmæli „komi upp um sig“ þegar þeir bera orð eins og *stúdent* fram með fráblásnu lokhljóði. Slík dæmi gætu endurspeglad að málnotandinn hafi upphaflega tileinkað sér orðið með baklægu /t/ sem birtist á yfirborðinu þegar afblástursreglan er lögð af. Málnotandinn tekur ekki eftir því að framburðurinn samræmist ekki „réttum“ harðsmælisframburði. Úr þessu verður ekki skorið. Við höfum ekki beinan aðgang að málkerfinu.

<sup>79</sup> Hér má geta þess að Björn Guðfinnsson (1981:28, sjá einnig 1946:218) taldi ekki „eins auðvelt og margir munu ætla að kenna og nema harða framburðinn“.

Hér að framan var spurt hvort dæmi um ófráblásin lokhljóð í máli harðmæltra, þ.e. í hljóða-umhverfi þar sem munur harðmælis og linnmælis kemur alla jafna fram, gerðu að verkum að flókið væri að tileinka sér harðmæli. Niðurstaðan er að þessi dæmi hafi of lítið vægi til að hafa veruleg áhrif á það hversu auðvelt er að tileinka sér harðmæli í blönduðu málumhverfi eða þegar flutt er milli málsvæða.

Í þessari umfjöllun hefur sjónarhornið verið generatíft, þ.e. gengið út frá því að málnotendur hafi í flestum tilvikum sömu baklægu gerðirnar, með /p,t,k/, en munur á máli harðmæltra og linnmæltra byggist á aflbástursreglu sem þeir síðarnefndu beita. Fjallað hefur verið um þrjár gerðir orða sem virðast flækja þessa greiningu en jafnframt rökstutt að svo sé ekki endilega. Sem fulltrúa þessara orða má nefna *ákafur*, *hótel* og *radar*. Þessi orð hafa öll verið nefnd sem rök fyrir því að í harðmæli og linnmæli komi fráblásin og ófráblásin lokhljóð fyrir í sömu stöðu, þ.e. á eftir löngu sérhljóði, sem jafnframt hefur leitt til þeirrar ályktunar að munurinn felist í mismunandi baklægum gerðum frekar en regluvirkni (sjá Kristján Árnason 2011:104–105, 167, einnig 2005:52). Þó að slík greining sé ekki niðurstaðan hér er vert að draga fram að hún virðist ekki breyta svörum við spurningunum í (4-2)a og b sem snúast um hvort misjafnlega flókið sé að tileinka sér harðmæli eða linnmæli. Greiningin felur í sér að harðmæltir þurfi að tileinka sér nokkurn fjölda orða með ófráblásnu lokhljóði (t.d. *radar*) og linnmæltir einhver orð með fráblásnu lokhljóði (t.d. *hótel*). Leiðirnar milli harðmælis og linnmælis virðast því álíka greiðar. Það er því ekki rík þörf á að taka afstöðu til mismunandi greiningaraðferða. Valið á milli þeirra snýst um vægi undantekninga sem hér eru fundnar léttvægari en í tilvitnuðum skrifum Kristjáns Árnasonar. Almennt má þó segja að ekki skuli vanmeta undantekningar. Eftir því sem orðum á borð við *radar* og *sódi* fjölgar aukast líkur á því að málnotendur tileinki sér málkerfi þar sem munur á orðum með fráblásnu og ófráblásnu lokhljóði er orðbundinn, þ.e. lexíkalíseraður, frekar en byggður á regluvirkni. Ólíkar greiningar fela í sér mismunandi mat á því hvort slík breyting hafi átt sér stað í íslensku.

Sterkustu rökin fyrir sams konar baklægum myndum hjá harðmæltum og linnmæltum má sjá í aðblástursreglum. Í orðmyndum eins og *hökli* (af *hökull*) og *stöpli* (af *stöpull*) er aðblástur, [höhklɪ], [stöhplɪ], bæði í máli harðmæltra og linnmæltra (einnig til dæmis *gatna* (af *gata*), *opnir* (af *opinn*)). Ef gert væri ráð fyrir því að linnmæltir málnotendur hefðu baklægt /g/ í *hökull* og /b/ í *stöpull* þyrfti regla um aðblástur að ná til sambandanna /gl/ og /bl/. Þessi hljóðasambönd koma þó ekki aðeins fyrir í slíkum beygingarmyndum heldur í orðum eins og *regla* og *babla*. Þar er enginn aðblástur. Með baklægu /k/ og /t/ er hins vegar einfalt að gera grein fyrir því að aðblástur kemur fram í *hökli* og *stöpli* en ekki *regla* og *babla*. Sú tilhneiging linnmæltra að bregða fyrir sig fráblásnum lokhljóðum, sem fyrr var nefnd, getur einnig stutt að um virka aflbástursreglu sé að ræða í málkerfi þeirra, þ.e. að hún sé að nokkru leyti valfrjáls.

Svarið við spurningunum í (4-2)a og b er því að þrátt fyrir ýmis dæmi um ófráblásið lokhljóð á eftir löngu sérhljóði í máli harðmæltra og fráblásið í máli linnmæltra sé málfræðilegur munur á harðmæli og linnmæli þess eðlis að hvorugt afbrigðið hafi skýrt „forskot“ í blönduðu málumhverfi. Sömu leiðis virðist leiðin frá harðmæli til linnmælis ekki greiðari en leiðin í hina áttina. Þetta helgast af því að framangreindan „óvæntan“ framburð má í sumum tilvikum skýra með myndanskilum en

Í öðrum tilvikum er um svo fáar og sjaldgæfar undantekningar að ræða að þær hafa ekki áhrif á heildarmyndina. Í samræmi við það kemur ekki á óvart að í gögnum RÍN- og RAUN-rannsóknanna má finna dæmi um málhafa sem greinilega eða mjög líklega hafa tileinkað sér nýtt afbrigði á fullorðinsaldri, þ.e. harðmæltu sem tekið hafa upp linmæli að einhverju marki og linmæltu sem hafa tekið upp harðmæli. Mun fleiri og tryggari dæmi eru um þá fyrrnefndu eins og fram kemur í 5. kafla en í kafla 4.7.2.4 segir af Ísfirðingi sem ætla má að hafi verið linmæltur þegar hann flutti norður í land á þrítugsaldri þó að ekki verði það fullyrt. Þegar hann tók þátt í RÍN, kominn um sextugt, var hann talsvert harðmæltur. Í fljótu bragði virðist eitt slíkt dæmi ekki segja mikið á móti fjölda þeirra sem hafa tekið upp linmæli að einhverju leyti. Dæmafæðin helgast þó ekki af því að aðflutt fólk á Norðurlandi hafi almennt haldið í linmæli. Þetta er eina skýra dæmið um málhafa í RÍN sem ólst upp og átti foreldra frá linmælissvæði og flutti á fullorðinsaldri til Norðurlands.

Sú niðurstaða að leiðin frá harðmæli til linmælis sé ekki endilega greiðari af málkerfislegum ástæðum en leiðin frá linmæli til harðmælis getur mögulega skýrt að einhverju marki það viðnám sem harðmæli virðist hafa gegn sókn linmælis, jafnvel svo að þróunin hafi snúist við um skeið. En þó að bæði málsamfélag og einstaklingar eigi tiltölulega létt með að „sveiflast“ í hvora áttina sem er hefur ekki komið fram neitt svar við því **af hverju** það hefur gerst. Hvað olli uppstyttnu og mögulega viðsnúningi í sókn linmælis um skeið? Í næsta kafla verður kannað hvort viðhorf gætu þar átt hlut að máli.

#### 4.2.5 Viðhorf til harðmælis og linmælis

Í sjálfu sér er ekki erfitt að finna mögulegar ástæður þess að linmæli sækir á. Það er til að mynda framburður meirihluta landsmanna. Það eitt og sér er þó ekki alltaf fullnægjandi skýring á útbreiðslu málbreytinga því að nýjungar ná iðulega flugi þó að þær séu mál minnihlutans í upphafi. Hér verður þó ekki leitað skýringa á því af hverju linmæli sótti á milli rannsóknar Björns Guðfinnssonar og RÍN heldur staldrað við stöðugleikaskeiðið, eða mögulega sókn harðmælis norðanlands, sem einna helst má greina hjá þeim málhöfum í RÍN sem fæddust á 6. áratugnum. Spurt er hvort viðhorf kunni að eiga hlut að máli. Ekki eru þó fyrir hendi upplýsingar um viðhorf almennings á þessum tíma en með því að tengja saman fyrirætlanir um samræmingu framburðar og viðhorf í nútímanum má leiða líkur að því að hvort tveggja hafi veitt harðmæli nokkurt viðnám gegn sókn linmælis. Líkt og í síðasta kafla gefur það þessari umfjöllun víðara skýringargildi að geta þess að í 5. kafla koma á ný fram vísbendingar um slíkt viðnám á síðustu áratugum.

Eins og fjallað var um í kafla 3.6.2 skyldi harðmæli verða framburður landsmanna samkvæmt tillögum Björns Guðfinnssonar um samræmingu íslensks framburðar. Í því fólst að útrýma ætti linmælinu sem einkenni máls meirihluta þjóðarinnar, eða „hafna“ því eins og Björn (1981:74) orðaði það. Þó að mildara orðalag væri í endanlegum tillögum Heimspekideildar Háskólans var harðmæli tekið fram yfir linmæli. Slíkt var einnig boðað í námskrá 1960 sem var í gildi til 1976. Þar var mælt með kennslu harðmælisframburðar. Hér er því um að ræða aldarfjórðung þar sem fræðimenn og fræðslufirvöld héldu harðmæli býsna ákveðið á lofti á kostnað linmælis. Og allt

fram á 9. áratuginn voru slík viðhorf viðruð í blaðagreinum, en þó einnig mótmælt. Ekkert verður fullyrt um áhrif þessa á þjóðarsálina. Það var þó lengi tilfinning mín og að ég hygga margra annarra að almannarómur væri harðmæli hagstæður, jafnvel allt fram á þennan dag.

Jákvæð viðhorf til harðmælis voru ein skýrasta niðurstaða rannsóknanna sem í 3. kafla voru sameinaðar undir heitinu *Málþekki*. Eins og fram kom í kafla 3.6.3.1 og víðar í kafla 3.6 var afstaða til einstakra framburðarafbrigða einn liður í netkönnuninni. Þátttakendur hlustuðu á konu sem bar sömu orðin fram með harðmælis- og linmælisframburði og sagði jafnframt að sér fyndist harðmælið „fallegra eða hljóma betur“. Þátttakendur voru spurðir hversu sammála þeir væru. Svörin eru í *töflu 4-6*, annars vegar hjá svarendum í heild<sup>80</sup> og hins vegar eftir uppruna þeirra.<sup>81</sup> Undir norðlenskan uppruna falla þeir 120 sem ólust að mestu upp á Norðurlandi (í Skagafirði til og með Þingeyjarsýslum), en þar af bjuggu 37 á svæðinu.

Svar	Allir 658		Norðlenskur uppruni 120		Aðrir 538	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Ég er mjög sammála	198	30,1	90	75	108	20,1
Ég er frekar sammála	244	37,1	20	16,7	224	41,6
Ég get ekki gert upp á milli þessara dæma um framburð	104	15,8	7	5,8	97	18
Ég er frekar ósammála	69	10,5	2	1,7	67	12,5
Ég er mjög ósammála	36	5,5	1	0,8	35	6,5
Ég heyri engan mun	7	1	0	0	7	1,3

Tafla 4-6: Afstaða þátttakenda í netkönnun til þess að harðmælisdæmi væru fallelgra en linmælisdæmi, annars vegar í heild og hins vegar eftir uppruna.

Í töflunni má sjá að samanlagt eru 67,2% þátttakenda mjög eða frekar sammála því að harðmæli sé fallelgra en linmæli en aðrir skiptast jafnt milli þess að vera ósammála og gera ekki upp á milli afbrigðanna. Svör þeirra sem eiga rætur að rekja til Norðurlands eru talsvert ólík þessu, 91,7% eru sammála því að harðmælið sé fallelgra. Þeir hífa því greinilega heildina upp á við og eru að auki afdráttarlausir og velja flestir *mjög sammála*. Eins og fram kom í kafla 3.6.3.4 hafði harðmæli hér algjöra sérstöðu meðal landshlutabundnu afbrigðanna. Hins vegar var erfitt að túlka niðurstöður um greinileika harðmælis (sjá kafla 3.6.3.5) að öðru leyti en því að raddaður framburður er skýrara einkenni norðlensku en harðmælið og hefur meiri einkenni merkis.

Í stað þess að spyrja um fegurð (*fallegr*) hefði mátt nota önnur orð sem vísa til jákvæðrar afstöðu eins og *betri* eða *skýrari*, jafnvel *réttari*. Viðmælendur mínir í símaviðtölum tóku sér einmitt slík orð í munn, ýmist um harðmæli eða um „norðlensku“ án þess að vísa skýrt til framburðarafbrigðis. Að baki því kunna að búa ýmis „rök“, eins og vísan til þess að harðmæli sé í samræmi við stafsetningu eða hljóti að vera eldra og upprunalegra en linmæli. Aðalatriðið hér er þó að eftir að hafa árum saman hlustað eftir orðræðu um norðlensku tel ég óhætt að álykta að samanburður byggður á öðrum hugtökum hefði leitt til svipaðrar niðurstöðu. Ég tel fulla ástæðu

<sup>80</sup> Undanskildir voru þeir sem sögðust hafa lært íslensku eða málvísindi í kennaranámi eða háskóla og/eða kennt íslensku, þeir sem ólust upp við annað mál en íslensku eða dvöldu að mestu erlendis til 16 ára aldurs, sjá kafla 3.6.3.2.

<sup>81</sup> Þetta er að hluta til endurtekning á niðurstöðum sem er að finna í *töflu 3-10* í kafla 3.6.3.4. Hér er þó dreginn fram samanburður milli þeirra sem hafa norðlenskan uppruna og annarra.

til að ætla að harðmæli njóti virðingar sem hefði komið fram þó að spurt hefði verið á annan hátt. Frekari rök fyrir því má sjá í þeirri tilhneigingu linnmætra að bregða fyrir sig harðmæli í formlegu tali, eins og ræðum, og þeirri jákvæðu fylgni milli menntunar og harðmælis meðal Reykvíkinga sem fram kom í RÍN (sjá Höskuld Þránínsson og Kristján Árnason 1984:119–120).<sup>82</sup> Þá reyndust ómeðvituð viðhorf harðmælinu hagfelld þó að þau væru ekki eins afdráttarlaus og meðvituð viðhorf (sjá Kristínu Ingibjörgu Hlynsdóttur 2016 og umfjöllun í kafla 3.6.3.6).

Ekki er hægt að fullyrða að jákvæð viðhorf í nútímanum eigi rætur að rekja til þeirra hugmynda að gera harðmæli að máli allra landsmanna. Þessi viðhorf gætu til dæmis verið eldri. Það verður þó að teljast líklegt að þarna á milli sé eitthvert samband þannig að sá „áróður“ sem rekinn var fyrir harðmæli og ágæti þess frá því um miðja öld hafi ýtt undir jákvæð viðhorf. Jafnframt verður þá athyglisvert að það er einmitt um sama leyti sem nokkur uppstytta verður í sókn linnmælis. Því er ekki óvarlegt að ætla að jákvæð viðhorf hafi sótt á í kjölfar áætlana um samræmingu framburðar og þannig haft áhrif á þróun harðmælis, veitt því stuðning ef svo má segja. Í kafla 4.7 mun hins vegar koma fram að fleira lagðist á sömu árar.

#### 4.2.6 Samantekt um harðmæli og linnmæli

Hér var dregin upp mynd af útbreiðslusvæði og tíðni harðmælis í rannsókn Björns Guðfinnssonar og síðan þróuninni fram að RÍN-rannsókninni. Helstu niðurstöður má draga saman á eftirfarandi hátt:

- Kjarnasvæði harðmælis skrappt saman milli rannsókna.
- Tíðni harðmælis á kjarnasvæðinu dalaði nokkuð milli rannsókna Björns og RÍN en tiltölulega lítill munur á aldursþópum í RÍN benti þó til nokkurs stöðugleika.
- Tölfræðilega marktækur munur reyndist þó fyrir hendi og þá þannig að mál Björnskynslóðarinnar og þeirra sem fæddust á 7. áratugnum og byrjun þess 8. endurspegluði tvö sóknarskeið linnmælis en stöðugleiki var megineinkennið þar á milli.
- Á þessu stöðugleikaskæði örulaði þó á sókn harðmælis en það voru miklar sveiflur í Suður-Þingeyjarsýslu sem ollu því að greina mátti marktæka sókn harðmælis á svæðinu í heild.

Í skrifum Höskuldar Þránínssonar og Kristjáns Árnasonar um þróun harðmælis hefur komið fram að þrátt fyrir nokkra sókn linnmælis hafi harðmæli staðið tiltölulega traustum fótum á kjarnasvæði sínu samkvæmt niðurstöðum RÍN (sjá Kristján Árnason og Höskuld Þránínsson 2003:188, Kristján Árnason 2005:371–372). Það eru hins vegar ný tíðindi að harðmæli hafi gengið í gegnum ólík skeið milli 1940+ og 1980+. Lykillinn að þeirri uppgötvun er að halda kynslóðinni sem fæddist á 6. áratugnum aðgreindri frá öðrum þópum en í fyrri athugunum hefur hún verið sameinuð eldra fólki.

<sup>82</sup> Höskuldur og Kristján geta þess að þeir hafi ekki kannað möguleg áhrif búferlaflutninga á þessar niðurstöður né samspil milli menntunar og aldurs, en yngsta fólkið í RÍN hafði ekki aldur til að hafa aflað sér mikillar menntunar. Til að kanna þetta gluggaði ég í gögn frá Reykjavík. Ég hafði undir þá sem fæddust 1927–1955, þ.e. Björnskynslóðina til og með yngstu málhöfunum sem höfðu háskólapróf og takmarkaði samanburðinn við þá sem ólust upp í Reykjavík. Í þessum hópi höfðu 10 lokið háskólaprófi og meðaleinkunn þeirra fyrir harðmæli var 129,3. Mun fleiri, 56, höfðu minni menntun og meðaleinkunn þeirra var 116,0. Munurinn er marktækur ( $p=0,025$ ) sem styður upphaflega ályktun Höskuldar og Kristjáns um að tengsl séu milli aukinnar menntunar og harðmælis (sjá einnig kafla 5.6.4 og aftanmálgrein A-27).

Í umfjöllun um málfræðilegan mun harðmælis og linnmælis var farið yfir nokkur atriði sem virðast flækja þá einföldu lýsingu að hann felist í því að stutt lokhljóð séu fráblásin á eftir löngu sérhljóði í harðmæli en ófráblásin í linnmæli. Komist var að þeirri niðurstöðu að myndanskil þyrftu að vera hluti af þessari lýsingu, þ.e. að lokhljóðið og sérhljóðið þyrftu að vera innan sama myndans til að þessi munur kæmi fram. Í ýmsum orðum er ekki augljóst að myndanskil séu fyrir hendi, til dæmis í *ákafur*, *Ítalía*, en færð voru rök fyrir því að málnotendur túlkuðu slík orð eigi að síður sem samsett eða afleidd og til þess mætti rekja fráblásið lokhljóð í máli linnmæltra. Mögulega gæti það sama gilt um orð eins og *hótel* og *tópas* en þó hefur ekki verið sýnt fram á að þau hafi sérstöðu í framburði linnmæltra málnotenda. Ýmis orð sem harðmæltir bera fram með ófráblásnu lokhljóði, *radar*, *sódi*, sýna að þau eru ekki útilokuð í máli þeirra og því má segja að þau flæki lýsingu á muninum á harðmæli og linnmæli. Óvíst er að þessi orð séu sömu gerðar í máli harðmæltra og linnmæltra því að í framburði þeirra síðarnefndu er ekki gerður greinarmunur á til dæmis *ratar* og *radar*. Þau hafa ekki þau áhrif að flókið sé að tileinka sér linnmæli en gætu verið hindrun við tileinkun harðmælis í blönduðu málumhverfi eða þegar flutt er milli málsvæða. Hins vegar kom í ljós að miðað við heildarfjölda og tíðni orða þar sem munur harðmælis og linnmælis kemur fram eru orð af þessu tagi fátíð. Dregið var í efa að þau kæmu í veg fyrir að linnmæltir málnotendur tileinkuðu sér harðmæli með því að leggja af afblástursreglu og fylgja þannig þeirri meginreglu harðmælis að lokhljóð sé fráblásið á eftir löngu sérhljóði innan sama myndans. Því var ályktað að frá sjónarhóli málnotenda væri leiðin milli harðmælis og linnmælis álíka greið í hvora áttina sem farið væri. Þetta kann að vera hluti af skýringu á því hversu léttilega málsamfélagið sveiflast milli sóknar linnmælis og harðmælis. Ekki verður séð að málfræðilegur munur þessara afbrigða standi í vegi fyrir öðrum kröftum sem á þau verka.

Viðhorf gætu verið á meðal slíkra krafta og fram kom að jákvæð viðhorf til harðmælis má sjá hjá fræðimönnum fyrr á tíð og almenningi í nútímanum. Þau eiga sér því langa sögu og ekki óvarlegt að ætla að þau hafi haft og hafi jafnvel enn áhrif á hag harðmælis. Þó að þau hafi ekki komið í veg fyrir sókn linnmælis milli rannsóknar Björns Guðfinnssonar og RÍN má vera að þau hafi veitt viðnám sem stuðlaði að því að hún var ekki kröftugri en raun ber vitni.

Enn er ógetið hvernig þróun samfélagsins gæti hafa haft áhrif á þróun harðmælis og linnmælis. Þar sem sú umfjöllun snertir þróun fleiri framburðarafbrigða bíður hún kafla 4.7 en næst vîkur sögunni að rödduðum og órödduðum framburði.

### 4.3 Raddaður og óraddaður framburður

#### 4.3.1 Inngangur

Umfjöllun um raddaðan og óraddaðan framburð er byggð upp á svipaðan hátt og fyrri kafla um harðmæli og linnmæli. Markmiðið er það sama, að draga upp yfirlitsmynd af útbreiðslusvæði og tíðni raddaðs framburðar samkvæmt rannsókn Björns Guðfinnssonar ásamt þróun fram á 9. áratug síðustu aldar og rýna í kjölfarið í málfræðilegan mun á þessum afbrigðum og viðhorf í samfélaginu í leit að skýringum og þar með svörum við rannsóknarspurningunum (sbr. (4-1)).

## 4.3.2 Landfræðileg útbreiðsla um 1940

Eins og fram kom í kafla 2.5.4.3 (sjá einnig 2.5.4.5) birtist munur á rödduðum og órödduðum framburði í orðum eins og *stelpa*, *heimta*, *planki* og *maðkur*, þ.e. í hljóðasamböndunum /l,m,n,ð/ + /p,t,k/. Í rödduðum framburði er fyrra hljóðið raddað en það síðara fráblásið, en flestir hafa órödduð hljóð og ófráblásin í þessum samböndum. Af sérstöðu /ðk/ og /lt/ segir í kafla 4.3.4, en þó er nauðsynlegt að geta þess hér að þegar rætt er um hreinan raddaðan framburð er /lt/ undanskilið líkt og Björn Guðfinnsson (1964:18) gerði í sínum niðurstöðum.<sup>83</sup>

Ekki verður fullyrt að raddaður framburður sé eldri en sá óraddaði. Björn Guðfinnsson (1981:29) áleit raddaða framburðinn þó upprunalegan í íslensku, en Gunnar Ólafur Hansson (2001) taldi að dreifing afröddunar víðs vegar um Skandinavíu benti til þess að um væri að ræða leifar forns framburðar sem þá gildi einnig um íslensku. Kristján Árnason (2005:373, einnig 2011:5, 27) telur hins vegar að hvorki ritháttur né samanburður við skyld mál gefi „ótvíræðar vísendingar“ um framburð í eldri íslensku. Það er því á litlu að byggja um útbreiðslu raddaðs framburðar fyrr en með rannsókn Björns sem taldi hann á hröðu undanhaldi (1981:30).<sup>84</sup>

Fjallað er um raddaðan og óraddaðan framburð í *Mállýzkum II* sem Ólafur M. Ólafsson og Óskar Halldórsson tóku saman að Birni gengnum (sjá Björn Guðfinnsson 1964:17–43). Niðurstöður fyrir Skagafjarðarsýslu til og með Norður-Múlasýslu er að finna í *töflu 4-7* en eins og fjallað var um í 3. kafla er málnotendum skipt í þrjá hópa, þá sem notuðu hreinan raddaðan framburð í öðrum hljóðasamböndum en /lt/, þá sem notuðu hreinan óraddaðan framburð og þá sem höfðu blandaðan framburð. Neðst í töflunni eru tölur fyrir Eyjafjarðarsvæðið í heild, þ.e. Eyjafjarðarsýslu og Akureyri, sem og það svæði að viðbættum Þingeyjarsýslum.

	N	Hreinn radd. framb. (%)	Blandaður framb. (%)	Hreinn óradd. framb. (%)
<b>Sauðárkrókur</b>	32	0,0	37,5	62,5
<b>Skagafjörður vestan Vatna</b>	70	11,4	25,7	62,9
<b>Skagafjörður austan Vatna</b>	99	41,4	48,5	10,1
<b>Siglufjörður</b>	114	13,2	62,3	24,5
<b>Eyjafjarðarsýsla</b>	305	73,5	23,9	2,6
<b>Akureyri</b>	174	25,3	54,0	20,7
<b>Suður-Þingeyjarsýsla</b>	240	69,2	27,5	3,3
<b>Norður-Þingeyjarsýsla</b>	107	54,2	42,1	3,7
<b>Norður-Múlasýsla – norðan Jökulsár</b>	82	42,7	48,8	8,5
<b>Norður-Múlasýsla – sunnan Jökulsár</b>	37	46,0	35,1	37,9
<b>Eyjafjarðarsvæði</b>	479	55,9	34,9	9,2
<b>Eyjafjarðarsvæði og Þingeyjarsýslur</b>	826	59,5	33,7	6,8

Tafla 4-7: Raddaður og óraddaður framburður: Skipting málhafa frá Skagafirði til og með Norður-Múlasýslu í þrjá hópa samkvæmt rannsókn Björns Guðfinnssonar (1964:30–37).

<sup>83</sup> Ekki er hægt um vik að endurskoða þessa aðferð Björns því að upplýsingar um stöðu /lt/ í rannsókn hans eru ekki nægilega áreiðanlegar frá hluta þess svæðis sem hér verður athugað (sjá nánar hjá Margréti Guðmundsdóttur 2018). Rýnt verður í einstök hljóðasambönd, þar með talið /lt/, í kafla 5.7.

<sup>84</sup> Jón Ófeigsson (1920–1924:xxvii) nefnir í umfjöllun sinni um íslenskar mállýskur að raddaður framburður sé ekki aðeins norðlenska heldur þekkist einnig norðarlega á Austfjörðum.



Í *Mállýzkum II* er svæðið sem sýnt er í *töflu 4-7* kallað röddunarsvæði og tekið fram að varla sé „unnt að finna greinileg takmörk milli mállýzkusvæðanna“ (Björn Guðfinnsson 1964:18). Innan þess var þó mikill munur á tíðni raddaðs framburðar eins og taflan sýnir (sjá einnig *töflu 4-9* á næstu blaðsíðu) og markalínur virðast ekki ógreinilegri en þær sem Björn dró fram í umfjöllun sinni um harðmæli. Á grundvelli þeirra má skipta svæðinu upp með svipaðri aðferð og harðmælissvæðinu.

Svæði	Afmörkun	Megineinkenni
Vestra blendingssvæði	Skagafjörður vestan Vatna	Óraddaður framburður ríkjandi en blandaður framburður alltiður.
Blendingsbær vestri	Siglufjörður	Blandaður framburður ríkjandi.
Eystra blendingssvæði	Skagafjörður austan Vatna	Einkum hreinn raddaður framburður og blandaður framburður.
Kjarnasvæði	Eyjafjarðarsýsla og Þingeyjarsýslur	Hreinn raddaður framburður ríkjandi.
Blendingsbær eystri	Akureyri	Blandaður framburður ríkjandi.
Nyrðra blendingssvæði	Norður-Múlasýsla	Einkum hreinn raddaður framburður og blandaður framburður.
Syðra blendingssvæði	Suður-Múlasýsla	Óraddaður framburður ríkjandi en nokkuð um blandaðan framburð.

*Tafla 4-8:* Skipting röddunarsvæðis í kjarnasvæði, blendingsbæi og blendingssvæði, byggð á niðurstöðum Björns Guðfinnssonar, ásamt stuttorðri lýsingu á einkennum hvers svæðis.

Kjarnasvæði raddaðs framburðar nær samkvæmt þessu aðeins til Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslu og er því minna en það sem Björn kallaði harðmælissvæði (sbr. *töflu 4-2*). Á þessu kjarnasvæði notaði meirihluti barna hreinan raddaðan framburð í yfirlitsrannsókn Björns, sem gerð var á Norðurlandi 1941 og 1942. Mjög lítið var um hreinan óraddaðan framburð. Björn (1981:29) dró þó fram forystu Eyjafjarðar en Akureyri skildi sig skýrt frá dreifbýli og smærri þéttbýlisstöðum með mun ríkari tilhneigingu til blandaðs framburðar. Sömu leiðis var mun minna um raddaðan framburð á Siglufirði en í nágrenninu og Seyðfirðingar áttu enga samleið með dreifbýli Norður-Múlasýslu þótt þeirra sé ekki getið í töflunni.

Líkt og gildir um harðmæli er hægt að greina gögn Björns um raddaðan framburð talsvert nákvæmar en gert er í *Mállýzkum II*.<sup>85</sup> Upplýsingarnar eru þó misáreiðanlegar. Athuganir á gögnum og heimildum benda til alltraustra upplýsinga um röddun vestan megin á röddunarsvæðinu, þ.e. í Skagafirði, Eyjafirði, Akureyri og helmingi Suður-Þingeyjarsýslu. Textinn sem var notaður þar austan við er hins vegar ekki tiltækur og dæmaskráningu oft ábótavant. Af þessum sökum þarf að áætla fjölda prófdæma og var valinn sá kostur að ganga út frá sama fjölda og er í Eyjafjarðartextanum en þau eru alls 25 (fyrir utan /lt/) (sbr. Björn Guðfinnsson 1946:138–139). Öll spjöld málhafa með blandaðan framburð voru greind og þar sem dæmi vantar var reynt að komast eins nærri réttu einkunn og kostur var. Til að mynda gat þurft að áætla einkunn fyrir eitt hljóðasamband en ekki önnur og þar með var óvissan orðin lítil. Allar tilraunir til að hnika til forsendum sem áætla þurfti að einhverju leyti benda einmitt til þess að

<sup>85</sup> Margrét Lára Höskuldadóttir (2012, 2013) rýndi einnig nákvæmlega í gögn 77 norðlenskra málhafa í rannsókn Björns, meðal annars með tilliti til raddaðs framburðar.

svo sé á heildina litið.<sup>86</sup> Töflur og myndrit hér á eftir endurspeglar sömuleiðis niðurstöður sem eru mjög trúverðugar miðað við lýsingu Björns, til að mynda hvað varðar skörp skil um Héraðsvötn og sérstöðu Siglufjarðar og Akureyrar.

Meðaleinkunnir fyrir raddaðan framburð, byggðar á þessum útreikningum, eru í töflu 4-9. Minnt er á að eftir því sem einkunn er hærri er raddaður framburður algengari (sjá kafla 3.3).<sup>87</sup> Einkunnir eru sýndar á tvo vegu í töflunni. Annars vegar er meðaltal allra hljóðasambandanna sem um ræðir, nema hvað /lt/ er undanskilið eins og áður kom fram. Í þessu felst að öll dæmaorð vegna jafnþungt í einkunnum og eru þær því sambærilegar við harðmælis-einkunnir í töflu 4-3. Hins vegar eru teknar þrjár einkunnir, /ðk/ (breytan A1), /m,n/ + /p,t,k/ (breytan A2) og /l/ + /p,k/ (breytan A3), þær lagðar saman og deilt í með fjöldanum (3). Þetta er gert vegna samanburðar við RÍN í kafla 4.3.3 þar sem ekki er völ á því að gefa öllum hljóðasamböndunum jafnt vægi.<sup>88</sup>

	N	Einkunn		
		Meðaltal	(A1+A2+A3)/3	
Sauðárkrókur	32	104,9	108,3	118,1
Skagafjörður vestan Vatna	70	119,8	122,5	
Skagafjörður austan Vatna	99	173,5	175,1	
Siglufjörður	114	145,5	149,4	
Eyjafjarðarsýsla	305	192,2	192,5	
Akureyri	174	157,8	161,4	
Suður-Þingeyjarsýsla	240	191,7	191,8	
Norður-Þingeyjarsýsla	107	186,5	186,8	
Norður-Múlasýsla – norðan Jökulsár	82	172,2	176,0	167,3
Norður-Múlasýsla – sunnan Jökulsár	37	147,1	147,9	
<b>Eyjafjarðarsvæði</b>	479	179,7	181,2	
<b>Eyjafjarðarsvæði og Þingeyjarsýslur</b>	826	184,1	185,0	

Tafla 4-9: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunn eftir svæðum samkvæmt greiningu á framburðarspjöldum Björns Guðfinnssonar. Nánari upplýsingar eru í *Viðauka III*.

Í töflunni má sjá að í sumum tilvikum, til dæmis á Akureyri, eru einkunnir aðeins lægri ef reiknað er einfalt meðaltal heldur en þegar breytur þrjár eru lagðar saman og deilt með fjölda þeirra. Í síðarnefndu aðferðinni fá próforð með /ðk/ sama vægi og samanlagður fjöldi próforða með /m,n/ + /p,t,k/ sem eru mun fleiri. Á öllum svæðum er einkunn fyrir /ðk/ hæst, sem felur í sér hærri tíðni raddaðs framburðar en í öðrum hljóðasamböndum og hækkar því meðaleinkunnina þegar breytur eru lagðar saman. Meðaltalið er betri aðferð til að sjá stöðu og þróun raddaðs framburðar en sem


<sup>86</sup> Um óvissu í útreikningum var fjallað í kafla 3.5.5. Í ljósi hennar voru gerðar tilraunir með útreikninga á rödduðum framburði í nokkrum hreppum og óvissuþættir túlkaðir á ýmsa vegu. Til dæmis var prófað að sleppa þeim málhöfum sem notuðu blandaðan framburð án þess að athugasemdir gæfu frekari upplýsingar um framburð þeirra. Útkoman var sú að ólík túlkun óvissuþátta breytti litlu fyrir heildarmyndina. Meðaleinkunn svæðis hækkaði eða lækkaði um 1–3. Þetta gildir þó ekki um *lt*. Þar er vandinn stærri, einkum vegna þess að Björn rannsakaði þetta hljóðasamband ekki nákvæmlega á öllu svæðinu (sjá Margréti Guðmundsdóttur 2018, einnig umfjöllun í kafla 5.7).

<sup>87</sup> Meðaleinkunn endurspeglar tíðni hvors afbrigðis í máli einstaklings eða hóps. Hún á því ekkert skylt við flokkun Björns sem segir til um hversu hátt hlutfall málhafa notaði hvort afbrigði hreint eða blöndu af þeim báðum.

<sup>88</sup> Við úrvinnslu í RÍN á sínum tíma voru /p,t,k/ felld undir eina breytu þannig að úr varð ein harðmælis-einkunn. Hins vegar voru skilgreindar röddunarbreyturnar A1, A2 og A3 og talnagögnin fela í sér aðgreiningu þeirra. Til að gefa hljóðasamböndunum jafnt vægi þyrfti að gefa þeim eina sameiginlega breytu og slá allar niðurstöður að nýju inn í SPSS. Í það var ekki ráðist.

fyrir segir eru það gögn úr RÍN sem ráða því að hin leiðin er farin. Þegar kemur að rauntíma-samanburði í 5. kafla verður hægt að byggja á meðaltali með jöfnu vægi dæmaorða eins og nánar verður útskýrt þegar þar að kemur.

Líkt og gildir um harðmæli (sbr. *töflu 4-2*) liggja skil um bæði Héraðsvötn í Skagafirði og Jökulsá á Dal í Norður-Múlasýslu.<sup>89</sup> Þá er skýrt að raddaður framburður stendur veikar á Akureyri og Siglufirði en í nágrenninu. Þó að munur kæmi einnig fram þegar harðmæli var kannað á sama hátt (sbr. *myndrit 4-1*) er hann mun greinilegri hér.



*Myndrit 4-4:* Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunn eftir svæðum samkvæmt greiningu á framburðarspjöldum Björns Guðfinnssonar (sbr. *töflu 4-9*).


Þegar *tafla 4-9* og *myndrit 4-4* eru borin saman við sambærilega samantekt um harðmæli (sbr. *töflu 4-3* og *myndrit 4-1*) kemur kannski helst á óvart hversu lítill munur er á stöðu afbrigðanna á kjarnasvæði þeirra. Einkunn fyrir harðmæli í Eyjafjarðarsýslu er til að mynda 198,1 á móti 192,2 fyrir raddaðan framburð. Þar sem 95,7% notuðu hreint harðmæli en aðeins 73,5% hreinan raddaðan framburð hefði mátt ætla að þessi munur væri meiri. Tiltölulega há meðaleinkunn fyrir raddaðan framburð byggist á því að hjá þeim sem höfðu hann blandaðan voru að jafnaði hlutfallslega fá dæmi um óraddaðan framburð. Þeir fengu því háa einkunn þó að hún næði ekki 200 eins og hjá þeim sem höfðu hreinan raddaðan framburð. Ný aðferð við að greina gögn Björns gefur því mun skýrari mynd af tíðni raddaðs og óraddaðs framburðar en áður var völ á.

Þó að einkunnir gefi til kynna sterka stöðu raddaðs framburðar í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslum gáfu önnur svæði skýra vísbendingu um að sótt væri að honum. Sjálfur var Björn ekki í vafa um að raddaður framburður væri á undanhaldi (Björn Guðfinnsson 1981:30). Í næsta kafla kemur í ljós hversu sannspár hann var.

<sup>89</sup> Í bókinni *Hljóð* eftir Kristján Árnason (2005:374) er myndrit sem sýnir tíðni raddaðs framburðar í rannsókn Björns Guðfinnssonar. Þar eru upplýsingar um stærra svæði en á *myndriti 4-4* en ekki koma fram meðaleinkunnir heldur er málhöfum skipt í hópa með hreinan framburð og blandaðan í samræmi við birtar niðurstöður Björns.

## 4.3.3 Þróun raddaðs framburðar 1940+ til 1980+

Hér verður, líkt og í kaflanum um harðmæli, byrjað á því að bæta ungmennum í RÍN við síðasta myndrit og fá þannig nokkra yfirsýn yfir þróun á svæðinu í heild milli rannsóknar Björns og RÍN. Siglufirði er þó sleppt því að þar voru aðeins þrír ungir þátttakendur í RÍN og Norður-Múlasýsla er sameinuð.



Myndrit 4-5: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunn eftir svæðum samkvæmt greiningu á framburðarspöldum Björns Guðfinnssonar (sbr. töflu 4-9) og hjá ungmennum í RÍN (sem öll voru í grunnskóla).

Myndritið sýnir glögg að Björn var sannspár. Alls staðar er mikill munur á framburði ungmenna í rannsóknunum tveimur nema í Skagafirði vestan Vatna þar sem óraddaður framburður hafði náð undirtökunum þegar um 1940. Sérstaklega er athyglisvert hve hörð sókn óraddaðs framburðar er austan megin á svæðinu. Líkt og harðmæli hrynur raddaður framburður í Norður-Múlasýslu en það gildir einnig í Norður-Þingeyjarsýslu. Eftir standa Eyjafjarðarsýsla og Suður-Þingeyjarsýsla sem einu svæðin þar sem meðaleinkunn ungmenna í RÍN endurspeglar að raddaður framburður sé algengari en óraddaður framburður, þ.e. einkunnin er hærri en 150.<sup>90</sup>

Þrátt fyrir þennan mikla mun á Björnskynslóðinni og yngstu þátttakendunum í RÍN eru einkunnir aldurshópanna þar á milli með ýmsu móti. Á einstökum hlutum svæðisins geta aldurs hópar verið fámennir jafnvel þótt mörgum árgöngum sé slegið saman og lítið er um marktækan mun milli hópa allt þar til kemur að þeim árgöngum sem sýndir eru á myndriti 4-5. Eyjafjarðarsýsla er þó undantekning. Þaðan er stærsta úrtakið og jafnframt er aldursdreifing nokkuð góð þannig að allskýr mynd fæst af sókn óraddaðs framburðar yfir allt tímabilið. Því verður byrjað á að skoða þróunina þar samkvæmt RÍN.

Þegar árgöngum sem tóku þátt í RÍN í Eyjafjarðarsýslu er skipt niður í um það bil fimm ára

<sup>90</sup> Vert er að benda á skýrt samræmi milli einkunna í rannsókn Björns og RÍN á Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu. Það styður að aðferðir við að greina gögn Björns upp á nýtt og reikna meðaleinkunnir séu traustar. Í Norður-Þingeyjarsýslu og Norður-Múlasýslu var aðeins meiri óvissa en þó ekki þannig að hún geti skýrt það hrun raddaðs framburðar sem endurspeglast í myndriti 4-5.

tímabil sjást þrenn skil eins og sýnt er í *töflu 4-10*. Þau fyrstu eru milli Björnskynslóðarinnar og eldra fólks (þar sem aldursbilið er breiðara) en þau næstu í kringum fæðingarárið 1945. Þannig verða til gulur, bleikur og blár hópur í töflunni en einkunnir bláa hópsins eru þó nokkuð breytilegar. Loks greina allra yngstu árgangarnir (grænn hópur) sig frá hinum. Skil milli hópanna sjást vel í neðri línu töflunnar þar sem einkunnir lækka jafnt og þétt.<sup>91</sup>

	1900-26	1927-33	1934-40	1941-45	1946-50	1951-55	1956-60	1961-65	1966+
<b>Eyjafj.s.</b>	192,3 (29)	183,0 (35)	184,6 (9)	184,5 (7)	163,8 (8)	177,3 (9)	171,1 (18)	182,2 (10)	160,4 (54)
<b>Fjórir hópar</b>	192,3 (29)	183,5 (51)			173,5 (45)				160,4 (54)


*Tafla 4-10:* Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir í RÍN hjá níu aldurshópum í Eyjafjarðarsýslu. Innan sviga er fjöldi málhafa.

Með því að nýta þessi skil til að búa til fjóra aldurshópa og bera saman aðliggjandi hópa sést að óraddaður framburður hefur sótt á allt tímabilið í Eyjafjarðarsýslu eins og sýnt er í *töflu 4-11*. Munur á hópum er í öllum tilvikum marktækur (sjá nánar í aftanmálgrein).<sup>A-4</sup>

Lína	Árgangar og aldur <sup>92</sup>	Einkunn	Árgangar og aldur	Einkunn	<i>p</i>
1	1900-1926 (um 57-83 ára)	192,3 (29)	1927-1945 (um 38-56 ára)	183,5 (51)	0,034
2	1927-1945 (um 38-56 ára)	183,5 (51)	1946-1965 (um 18-37 ára)	173,5 (45)	0,047
3	1946-1965 (um 18-37 ára)	173,5 (45)	1966-1971 (um 12-17 ára)	160,4 (54)	0,031

*Tafla 4-11:* Raddaður og óraddaður framburður: Þróun í Eyjafjarðarsýslu samkvæmt samanburði aldurshópa í RÍN. Innan sviga er fjöldi málhafa.

Einkunnir þessara fjögurra aldurshópa eru sýndar á *myndriti 4-6* ásamt meðaleinkunn í rannsókn Björns Guðfinnssonar. Stöðugt og tiltölulega jafnt undanhald raddaðs framburðar leynir sér ekki. Athygli er vakin á því að myndritið spannar ekki allan einkunnaskalann.



*Myndrit 4-6:* Raddaður og óraddaður framburður: Þróun í Eyjafjarðarsýslu samkvæmt samanburði milli rannsóknar Björns Guðfinnssonar (1940+) og RÍN (1980+) og milli aldurshópa í RÍN.

<sup>91</sup> Vert er að geta þess að málhafar í þessum fjórum hópum skiptast á svipaðan hátt milli svæða innan Eyjafjarðarsýslu. Eitt af því sem skilur milli harðmælis og raddaðs framburðar samkvæmt RÍN er jafnari tíðni harðmælis um allt svæðið. Raddaður framburður var sýnu sterkastur nyrst og því mikilvægt að það svæði vegi ekki þyngra í einum aldurshópi frekar en öðrum.

<sup>92</sup> Aldur miðast við rannsóknarárið 1983. Gögnum var safnað yfir nokkurra ára tímabil en 1983 er um miðbikið og þá var farið víða um Eyjafjarðarsýslu. Flestir í yngsta hópnum voru í efstu bekkjum grunnskóla.

Þá er að huga að stærra svæði en ekki er vænlegt að skipta úrtakinu í jafnmarga aldurshópa og í *töflu 4-10*. Sumir þeirra yrðu mjög fálíðaðir. Til að mynda eru aðeins tveir málhafar á Akureyri fæddir á 5. áratugnum. Hóparnir eru því færri í *töflu 4-12* en í skyggðu reitunum eru dregnir fram sömu fjórir aldurshóparnir og í Eyjafjarðarsýslu. Í töflunni er rautt letur notað til að benda á að einkunn viðkomandi hóps sé lægri en þess næsta á undan (eldra fólks) sem felur í sér lægri tíðni raddaðs framburðar. Grænt letur sýnir að einkunnin er hærri. Með því að rýna í óskyggðu reitina sést að sameining aldurshópa eins og gert er í þeim skyggðu breiðir yfir nokkra fjölbreytni en í heild virðist koma út nokkuð sannferðug mynd af undanhaldi raddaðs framburðar. Í framhaldinu kemur þó í ljós að halda þarf sérstöðu Suður-Þingeyinga til haga. Þar fá hóparnir sem fæddust 1927–1945 og 1946–1965 nánast sömu meðaleinkunn.

	1900-26	1927-33	1934-45	1946-60	1961-65	1966+
Akureyri	184,1 (2)	157,3 (39)	154,1 (5)	154,5 (22)	132,3 (8)	129,0 (43)
	184,1	156,9		148,5		129,0
Eyjafjarðarsýsla	192,3 (29)	183,0 (35)	184,6 (16)	171,1 (35)	182,2 (10)	160,4 (54)
	192,3	183,5		173,5		160,4
Suður-Þingeyjarsýsla	183,6 (31)	169,7 (37)	176,5 (13)	180,7 (24)	163,4 (21)	156,2 (64)
	183,6	171,5		172,6		156,2
Norður-Þingeyjarsýsla	177,9 (18)	159,2 (15)	139,6 (7)	141,9 (17)	143,2 (7)	122,9 (30)
	177,9	152,9		142,3		122,9
Heild	184,7 (80)	168,3 (126)	170,6 (41)	164,6 (98)	159,0 (46)	146,0 (191)
	184,7	168,9		162,8		146,0

Tafla 4-12: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir í RÍN hjá nokkrum aldurshópum á fjórum svæðum. Innan sviga er fjöldi málhafa.


Með samanburði þeirra fjögurra aldurshópa sem skyggðu reitirnir í *töflu 4-12* draga fram mátti greina marktæka og samfellda sókn óraddaðs framburðar í Eyjafjarðarsýslu yfir langt tímabil (sbr. *töflu 4-11*). Skyldi sú niðurstaða gilda um svæðið allt? Samkvæmt þeim upplýsingum sem fram koma í *töflu 4-13*, þar sem kannað er hvort marktækur munur sé á aðliggjandi aldurshópum, er svarið neikvætt. Sókn óraddaðs framburðar er ekki samfelld nema litið sé fram hjá Suður-Þingeyjarsýslu (sjá nánar um marktæknipróf í aftanmálgrein).<sup>A-5</sup>

Lína	Árgangar og aldur <sup>93</sup>	Einkunn	Árgangar og aldur	Einkunn	<i>p</i>
1	1900-1926 (um 57-83 ára) Án S-Þing.	184,7 (80) 185,4 (49)	1927-1945 (um 38-56 ára) Án S-Þing.	168,9 (167) 167,8 (117)	0,000 0,000
2	1927-1945 (um 38-56 ára) Án S-Þing.	168,9 (167) 167,8 (117)	1946-1965 (um 18-37 ára) Án S-Þing.	162,8 (144) 158,4 (99)	0,076 0,026
3	1946-1965 (um 18-37 ára) Án S-Þing.	162,8 (144) 158,4 (99)	1966+ (um 13-17 ára) Án S-Þing.	146,0 (191) 140,9 (127)	0,000 0,000

Tafla 4-13: Raddaður og óraddaður framburður: Þróun í Eyjafjarðarsýslu, Akureyri og Þingeyjarsýslum samkvæmt samanburði aldurshópa í RÍN.

<sup>93</sup> Aldur er miðaður við sama rannsóknarár og í fyrri töflum, 1983. Þó er tekið tillit til þess að yngsti hópurinn var rannsakaður yfir lengsta tímabilið og aldursmörk miðuð við að flestir voru í efstu bekkjum grunnskóla.

Hér er ekki marktækur munur í 2. línu nema Suður-Þingeyjarsýslu sé sleppt. Þá verður munurinn marktækur á sama hátt og gildi um Eyjafjarðarsýslu eina. Þetta sýna skáletraðar og rauðar tölur í töflunni. Samkvæmt því má greina samfellda sókn óraddaðs framburðar á svæðinu ef Suður-Þingeyjarsýsla er undanskilin. Þar er, þrátt fyrir allstórt úrtak, ekki munur á einkunnum árganganna 1927–1945 (171,5, 50 málhafar) og 1946–1965 (172,6, 45 málhafar). Í þessu sambandi er vert að rifja upp að harðmæli sótti marktækt á hjá þeim sem fæddust á 6. áratugnum. Þó að það gildi á svæðinu í heild var það Suður-Þingeyjarsýsla sem bar uppi muninn. Einkunnir fyrir raddaðan framburð hækka einnig á ný í Suður-Þingeyjarsýslu en þó ekki þannig að munurinn sé marktækur. Uppsveiflan á samt sem áður stóran þátt í því að ekki mælist marktækur munur á svæðinu í heild milli aldurshópanna 1927–1945 og 1946–1965. Hún á þó ekki ein hlut að máli. Á myndriti 4-7, sem sýnir þróunina miðað við aldurshópa í töflu 4-13 og sérstöðu Suður-Þingeyinga, kemur fram að sókn óraddaðs framburðar er heldur hægari um miðbikið jafnvel þótt þeir séu undanskildir (sbr. brúna línu).




*Myndrit 4-7:* Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunn í rannsókn Björns Guðfinnssonar (1940+) og þróun samkvæmt samanburði aldurshópa í RÍN (1980+). Svæðið í heild spannar Eyjafjarðarsýslu, Akureyri og Þingeyjarsýslur.

Áður en skilist er við þróun raddaðs framburðar er rétt að huga stuttlega að einstökum hljóðasamböndum. Hér að framan hefur hljóðasambandinu /lt/ verið sleppt við útreikninga að hætti Björns Guðfinnssonar, en einnig vegna þess að upplýsingar um stöðu þess í rannsókn hans eru ekki nógu áreiðanlegar frá hluta svæðisins (sjá nánar hjá Margréti Guðmundsdóttur 2018). Samkvæmt RÍN er raddaður framburður fátíðastur á /lt/<sup>94</sup> en afröddun annarra hljóðasambanda er heldur ekki einsleit.<sup>95</sup>

<sup>94</sup> Með þessu orðalagi er ekki átt við að raddað /lt/ sé fátíðara vegna þess að það kemur ekki fyrir í ákveðnum orðum eða orðgerðum. Tíðni raddaðs /l/ + /t/ er lægri en tíðni /l/ + /p,k/ þegar búið er að afmarka [lt<sup>h</sup>]-framburð, þ.e. þau orð þar sem raddað /lt/ kemur til greina (sjá Baldur Jónsson 1982).

<sup>95</sup> Gunnar Ólafur Hansson (2001:162–164) bendir einnig á að afröddun sem hann fann í nágrannamálum íslensku nái til mismargra hljóðmenda.

Höskuldur Þránínsson vakti athygli á þessu þegar árið 1980 og setti fram tilgátu um nokkurs konar stigbundna afröddun hljómena á undan /p,t,k/. Samkvæmt tilgátunni ætti röddun /m,n/ að vera „lífseigari“ en röddun /l/ þegar óraddaður framburður sækir á. Gögn Höskuldar sem studdu þetta voru úr Mývatnssveit en Kristján Árnason (2005:375) dregur fram mun á tíðni röddunar eftir hljóðasamböndum á stærra svæði. Þar sést einnig að afröddun /lt/ er algengust, þá kemur /l/ + /p,k/ með talsvert lægri einkunn en /m,n/. Loks trónir /ðk/ á toppnum með hæstu meðaleinkunnina hjá flestum aldurshópum. *Myndrit 4-8* sýnir að samkvæmt niðurstöðum RÍN er þessi einnig raunin hjá flestum aldurshópum í Eyjafjarðarsýslu.<sup>96</sup> Ekki er nóg með að afröddun /l/ sé algengari hjá elsta hópnum en afröddun /m,n/ og /ð/ heldur eykst bilið milli hljóðasambandanna hjá næstu aldurshópum. Samkvæmt þessu hefur óraddaður framburður sótt harðar að /l/ en öðrum hljóðasamböndum eins og Höskuldur spáði. Hjá aldurshópnum sem fæddist 1927–1945 eru einnig sýndar (með stökum tígulum) meðaleinkunnir samkvæmt rannsókn Björns í Eyjafjarðarsýslu (að frátöldu Glerárþorpi þar sem það hafði sameinast Akureyri þegar RÍN-rannsóknin var gerð). Þátttakendur Björns fæddust þó á aðeins þrengra aldursbili, eða 1927–1933, en þó leynir sér ekki að afröddun hefur herjað stíft á /l/ + /p,k/ hjá þeirri kynslóð.



*Myndrit 4-8:* Raddaður og óraddaður framburður: Þróun eftir hljóðasamböndum samkvæmt samanburði fjögurra aldurshópa í RÍN í Eyjafjarðarsýslu.

Í 5. kafla verður kannað með rauntímasamanburði hvort sú þróun sem myndritið endurspeglar sjáist einnig hjá einstaklingum.

Niðurstöður um stöðu og þróun raddaðs framburðar fram á 9. áratug 20. aldar má draga saman á eftirfarandi hátt:

<sup>96</sup> Það svæði er látið duga þar sem ýmsar flækjur bætast við ef stærra svæði er undir. Bæði var tíðni raddaðs /lt/ mun lægri í Þingeyjarsýslum en í Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu auk þess sér á báti hvað önnur hljóðasambönd varðar.



- Um 1980 voru einkunnir fyrir raddaðan framburð mun lægri en í rannsókn Björns Guðfinnssonar 40 árum fyrr. Mestur var munurinn á ungmennum Björns og ungmennum í RÍN. **Milli 1940+ og 1980+ sótti því óraddaður framburður á.**
- Skýrast kom sókn óraddaðs framburðar fram hjá ungmennum í **Norður-Múlasýslu** sem höfðu nánast lagt raddaðan framburð af um 1980.
- Sókn óraddaðs framburðar má teljast **linnulaus** allt tímabilið 1940+ til 1980+ nema í **Suður-Þingeyjarsýslu** þar sem **stöðugleikaskeið** aðskilur tvö **sóknarskeið**.
- Annars staðar á svæðinu birtist þetta stöðugleikaskeið sem heldur **hægari sókn óraddaðs framburðar**.
- Þegar í rannsókn Björns Guðfinnssonar bar mest á afröddun **/lt/** og sú er einnig raunin í RÍN. Sókn óraddaðs framburðar kemur þó skýrast fram í hljóðasambandinu **/l/ + /p,k/**.

Í lok sambærilegrar umfjöllunar um harðmæli var bent á að samanburður á framburði Björnskynslóðarinnar í rannsókn hans annars vegar og RÍN hins vegar sýndi að fullorðið fólk endurspegladi ekki fyllilega framburð fyrri tíma. Björnskynslóðin breytti framburði sínum milli rannsóknanna og það gildir enn frekar um raddaðan framburð (sjá myndrit 4-7 samanborið við myndrit 4-3). Þrátt fyrir það kemur líka fram aldursbundinn munur í RÍN sem túlka má sem sókn óraddaðs framburðar. Björnskynslóðin hefur því tileinkað sér meiri óraddaðan framburð en áður og yngra fólk enn frekar. En skyldu breytingar á lífsleiðinni vera jafnmiklar á öllum aldurs skeiðum? Mun Björnskynslóðin halda áfram að „elta“ unga fólkið í sama mæli? Með rauntímasamanburði í 5. kafla verður hægt að kanna það.

Hér verður settur punktur aftan við lýsingu á stöðu og þróun raddaðs og óraddaðs framburðar fram eftir 20. öld og hugað að skýringum. En hvað þarf að skýra? Norðanlands hafði óraddaður framburður náð nokkurri útbreiðslu þegar í rannsókn Björns Guðfinnssonar. Er það ekki eðlileg og viðbúin þróun að sú sókn hafi haldið áfram? Því má svara játandi en af hverju ætli óródduðum framburði hafi orðið betur ágengt en linnmæli? Og af hverju stafar mismunandi sókn óraddaðs framburðar eftir hljóðasamböndum? Þessar spurningar og fleiri koma við sögu í tveimur næstu köflum.

#### 4.3.4 Einkenni og málfræðileg lýsing

Í umfjöllun um harðmæli og linnmæli komu fram vísbendingar um sveiflukenna þróun sem fólst þó aðallega í miskröftugum sóknarskeiðum linnmælis en upplýst var að í 5. kafla kæmi þróun í gagnstæðar áttir betur fram. Í leit að skýringum voru meðal annars færð rök að því að þessar sveiflur í sókn linnmælis mætti að einhverju leyti rekja til þess að leiðin frá harðmæli til linnmælis væri ekki endilega greiðari en leiðin í hina áttina. Þess vegna ættu bæði samfélag og einstaklingar tiltölulega létt með að „sveiflast fram og til baka“.

Lýsing á þróun raddaðs og óraddaðs framburðar dró ekki fram sams konar stöðugleikaskeið og fram kom í sókn linnmælis. Í Eyjafjarðarsýslu var sókn óraddaðs framburðar tiltölulega jöfn og stöðug og þó að greina mætti mishörð sóknarskeið á Norðurlandi í heild var enga uppstytta að sjá nema í Suður-Þingeyjarsýslu. Upplýsingar sem fram koma í 5. kafla munu ekki haggja þessu þó að finna megi allnokkra eldri málhafa sem bæta í raddaðan framburð á seinni hluta ævinnar. Það er því ástæða til að skoða málfræðilegan mun raddaðs og óraddaðs framburðar

með það í huga hvort „leiðin til baka“ sé torrötuð og þá jafnframt hvort flóknara sé að tileinka sér raddaðan framburð en óraddaðan þegar málumhverfið er blandað.

Eins og fram hefur komið (sjá einkum 2.5.4.3 og 2.5.4.5) eru það hljóðasamböndin /l,m,n,ð/ + /p,t,k/ sem þeir sem nota raddaðan framburð bera fram öðruvísi en þorri landsmanna. Fyrri hljóðið er raddað í rödduðum framburði en það síðara fráblásið, en flestir hafa órödduð hljóð og ófráblásin í þessum samböndum. Munurinn kemur því fram í orðum eins og *stelpa*, *heimta*, *planki* og *maðkur*. Sérstaða tveggja hljóðasambanda hefur einnig verið nefnd. Þar er annars vegar um að ræða /ð/ sem er ekki hljómandi hljóð eins og /l,m,n/ og birtist þar að auki ekki á undan /p,t/, aðeins /k/.<sup>97</sup> Þá er útbreiðsla raddaðs framburðar á /ðk/ meiri en annarra hljóðasambanda og loks er til þriðja afbrigðið, [ðk], en þegar rýnt er í niðurstöður Björns Guðfinnssonar kemur í ljós að það virðist að mestu bundið við annað svæði en meginsvæði raddaðs framburðar (sjá Margréti Guðmundsdóttur 2017). Hins vegar takmarkast raddaður framburður á /lt/, hjá þeim sem á annað borð nota hann, við tiltekin orð og orðgerðir. Af þessum sökum kallaði Baldur Jónsson (1982) slíkan framburð „tvenns konar *lt*“ til aðgreiningar frá framburði þeirra sem hafa /lt/ alltaf óraddað. Mér þykir stundum þjálfa að tala um [lt<sup>h</sup>]-framburð. Innan hans gildir sú meginregla að /lt/ er óraddað sé hljóðasambandið í stofni, *piltur*, en raddað þegar það verður til með beygingu, *gult* (af *gulur*). Ýmsar undantekningar eru þó frá þessu, til að mynda bera margir orðið *bolti* fram með rödduðum framburði þó að /lt/ sé í stofni. Á hinn bóginn er /lt/ óraddað í áherslulausum atkvæðum þó að það sé tilkomið með beygingu, *gamalt* og í sumum myndum sagna, *skalt*, *haltu*. Loks má nefna að í orðum eins og *álf* og *volgt*, þar sem /lt/ kemur jafnan fram í framburði þó að stafsetning bendi til annars, er framburðurinn raddaður. Af þessu má sjá að flóknar reglur gilda um /lt/ en þeim hafa Stefán Einarsson (1928–29:264–269) en þó einkum Baldur Jónsson (1982) lýst (sjá einnig Höskuld Þráinsson 1978a). Þar að auki er röddun í sambandinu /lt/, þar sem hún kemur til greina, sjaldgæfari en röddun í hinum hljóðasamböndunum. Algengt er að fólk sem notar raddaðan framburð alfarið eða ríkulega í öðrum hljóðasamböndum hafi aldrei raddað /lt/. Um /lt/ fjallaði ég í grein í *Íslensku máli* 2018 og því verður aðeins að takmörkuðu leyti farið í saumana á því hér (sjá hins vegar umfjöllun í kafla 5.7).

Eins og þessi lýsing gefur til kynna er ekki einfalt að lýsa formlega muninum á málkerfi þeirra sem nota raddaðan og óraddaðan framburð. Því veldur einkum þrennt: Í fyrsta lagi nær hann til þriggja af fjórum hljóðendum, þ.e. /l,m,n/ en ekki /r/, sem er óraddað á undan /p,t,k/. Í öðru lagi flækir /lt/ lýsinguna.<sup>98</sup> Í þriðja lagi kemur eitt önghljóð, /ð/, við sögu. Hér eru ýmsar leiðir (mis-)færar. Meiningamunur um slíkt verður þó að mestu sniðgenginn og ekki leitast við

<sup>97</sup> Í generatífri hljóðkerfisfræði, þar sem gert er ráð fyrir baklægum myndum, væri ástæða þess að /ð/ (eða [ð]) kemur ekki fyrir á undan /t/ rakin til samlögunar. Þá væri sagt sem svo að /ð/ kæmi fyrir í stofni á undan beygingar-endingunni /t/ í hvorugkyni lýsingarorða og í lýsingarhætti þátíðar af sögnum en birtist ekki á yfirborðinu vegna samlögunar. Þannig verður til dæmis til baklæga hvorugkynsmyndin #víð-t# af *víður* en samlögun veldur því að yfirborðsmyndin verður *vítt*, framborið með aðblæstri (sjá t.d. Eirík Rögnvaldsson 1993:63, 2013:95).

<sup>98</sup> Segja má að í rödduðum framburði fylgi /l/ að sumu leyti /m,n/ en að öðru leyti /r/, þ.e. þar sem [lt<sup>h</sup>] kemur ekki til greina. Í grein sinni um þáttagreiningu /l/ dró Ásta Svavarsdóttir (1984) fram ýmis dæmi um hljóðskipun sem sýna einmitt að /l/ stendur á vissan hátt á mörkum /m,n/ annars vegar og /r/ hins vegar. Niðurstaða hennar var að /l,m,n/ hefðu þáttinn [-samfellt] í íslensku, en þátturinn [-nefkveðið] sameinar hins vegar /l,r/.

að leysa gátuna. Þess í stað er sjónum beint að tvennu. Annars vegar verður bent á mynstur sem sjá má í bæði rödduðum og órödduðum framburði, en eru með ólíku sniði. Með því að horfa á hvort afbrigði fyrir sig má þannig greina ákveðinn regluleika sem virðist á vissan hátt einfaldur. Hins vegar verður dregið fram að það virðist vera misjafnlega flókið að tileinka sér þessi afbrigði í blönduðu málumhverfi eða til dæmis þegar fólk flytur milli landsvæða á fullorðinsárum.

Í töflu 4-14 er gefið yfirlit yfir tveggja samhljóða klasa í ósamsettum orðum þar sem fyrri hljóðið er hljómandi hljóð eða öngljóð. Samkvæmt vel þekktu þáttakerfi greinast seinni hljóðin í tvennt með þættinum [sperrt raddglufa], /p,t,k/ og /s/ eru [+sp.rgl.] en hin eru [-sp.rgl.] (sjá Eirík Rögnvaldsson 1993:32).<sup>99</sup> Í töflunni eru skyggingar í mismunandi litum notaðar til að draga fram þann regluleika sem birtist í **órödduðum framburði**. Græn skygging í tveimur aftari dálkunum sýnir að hljómendur og öngljóð eru rödduð á undan hljóðum sem eru [-sp.rgl.], þ.e. /b,d,g/, hljómendunum /l,m,n,r/ og rödduðum öngljóðum. Bleik skygging í fyrsta dálki sýnir að sama fyrri hljóð (þ.e. hljómendur og öngljóð) er óraddað á undan /p,t,k/. Í því felst ekki endilega að hljóðin hafi afraddast fyrir tilstilli einhvers konar regluefni, svo þarf til dæmis ekki að vera í *aftur* og *ofsi*, heldur geta órödduðu hljóðin tilheyrt baklægri gerð. Hjá þeim sem nota óraddaðan framburð er hins vegar ýmist raddað eða óraddað hljóð á undan /s/. Skyggingar sýna að í þessari stöðu eiga hljóð á undan /s/ ýmist samleið með fyrri dálki eða þeim seinni. Í þessu umhverfi er því eini „óregluleikinn“ hjá þeim sem nota óraddaðan framburð.

Fyrri hljóð	Seinna hljóð			
	[+sp.rgl.]		[-sp.rgl.]	
	/p,t,k/	/s/	/b,d,g/	/l,m,n,r/ og rödduð öngljóð
/l,m,n/	óraddað <i>gult, kempa, hanki</i>	raddað <i>helsi, hamsar, vansi</i>	raddað <i>elgur, kempa, langa</i>	raddað <i>hamla, holra, álfur, mjölví, emja</i>
/r/	óraddað <i>verpa, hart, orka</i>	óraddað <i>þurs, árs</i>	raddað <i>orga</i>	raddað <i>varmi, urða, erfa</i>
öngljóð nema /ð/	óraddað <i>aftur, sagt, hestur</i>	óraddað <i>hugsa, vaxa, ofsi*</i>	raddað <i>lífga, sljóvga</i>	raddað <i>ögra, klifra, segð</i>
/ð/	óraddað <i>maðkur</i>	raddað <i>geðs</i>	raddað <i>auðga</i>	raddað <i>eðla, auðn, æðri</i>

Tafla 4-14: Yfirlit yfir framburð samhljóðaklasa hjá þeim sem nota óraddaðan framburð. Fyrri hljóðið er hljómandi hljóð eða öngljóð en seinna hljóðið er óraddað.

\* Í *hugsa, vaxa* og sambærilegum orðum hafa margir málnotendur lokhljóð á undan /s/. Þá eru dæmi um raddað öngljóð á undan /s/, til dæmis í *vex* og *efst* (sjá Eirík Rögnvaldsson 1993:44, 63).

Í máli þeirra sem nota **raddaðan framburð** birtist einnig regluleiki. Græni liturinn er útbreiddur í töflu 4-15. Í stað þess að dálkurinn þar sem /s/ er seinna hljóð skeri sig úr eins og í töflu 4-14 er samræmi á undan /p,t,k/ og /s/.

<sup>99</sup> Fjölmargir klasar sem taflan býður upp á koma ekki fyrir í ósamsettum orðum, til dæmis \*/np/, \*/lb/, \*/rb/, \*/fp/, \*/ðp/, \*/sv/ og fleiri. Um aðra klasa geta verið fá dæmi. Ef samsett orð væru tekin með næði dálkurinn með /s/ einnig yfir önnur órödduð öngljóð sem seinna hljóð, sbr. að /l,m,n,ð/ eru rödduð í *heilflaska, námfús, vanhæfni, geðfelldur*, en sem dæmi um óraddað /r/ og önnur öngljóð en /ð/ má nefna *torfæra, Hafþór, Sigþór, Dagfinnur*.

Fyrri hljóð	Seinna hljóð			
	[+sp.rgl.]		[-sp.rgl.]	
	/p,t,k/	/s/	/b,d,g/	/l,m,n,r/ og rödduð önglhjóð
/l,m,n/	raddað <i>gult, kempa, hanki</i>	raddað <i>helsi, hamsar, vansi</i>	raddað <i>elgur, kempa, langa</i>	raddað <i>hamla, holra, álfur, mjölvi, emja</i>
/r/	óraddað <i>verpa, hart, orka</i>	óraddað <i>þurs, árs</i>	raddað <i>orga</i>	raddað <i>varmi, urða, erfa</i>
önglhjóð nema /ð/	óraddað <i>aftur, sagt, hestur</i>	óraddað <i>hugsa, vaxa, ofsi*</i>	raddað <i>lífga, sljóvga</i>	raddað <i>ögra, klifra, segð</i>
/ð/	raddað <i>maðkur</i>	raddað <i>geðs</i>	raddað <i>auðga</i>	raddað <i>eðla, auðn, æðri</i>

Tafla 4-15: Yfirlit yfir samhljóðaklasa hjá þeim sem nota raddaðan framburð. Fyrri hljóðið er hljómandi hljóð eða önglhjóð en seinna hljóðið er óraddað.

\* Sjá aths. við töflu 4-14.

Samanburður á töflunum sýnir að bæði í rödduðum framburði og órödduðum er fyrir hendi ákveðinn regluleiki. Sú seinni dregur fram víðtæka samfylgd /l,m,n,ð/ í rödduðum framburði. Þeir málnotendur hafa þessi hljóð rödduð á undan öllum samhljóðum. Hér á eftir kemur þó fram að sérstaða /t/ veldur því að þetta er orðum aukið.

Töflurnar sýna því ákveðin mynstur sem eru af ólíkum toga. Formleg framsetning þeirra er flókin og hér verður aðeins tæpt á mismunandi greiningum til að benda á vandkvæðin við að skýra þann snúna regluleika sem hér er að finna.

Generatífar hljóðkerfisreglur taka mið af fyrrnefndum aðgreinandi þáttum en samkvæmt þáttakerfinu sem gjarna er kennt við Chomsky og Halle (1968:298–329)<sup>100</sup> eiga /l,m,n/ og /ð/ ekkert sameiginlegt sem skilur þau frá /r/ og öðrum önglhjóðum en /ð/. Þessi hljóð mynda ekki svokallaðan eðlilegan flokk (sjá Eirík Rögnvaldsson 1993:32, 28, Kristján Árnason 2005:56–61, einnig almennari umfjöllun hjá t.d. Kenstowicz 1994:18–37). Það er því vandkvæðum bundið að koma afröddun þessara hljóða fyrir í einni og sömu reglunni og í greiningu Eiríks Rögnvaldssonar (1993:48–49, 62–63) eru afröddunarreglurnar tvær. Þær gilda í máli þeirra sem nota óraddaðan framburð en aðeins að hluta hjá þeim sem hafa raddaðan framburð.

Önnur reglan afraddar hljómendur (/l,m,n,r/) á undan hljóðum sem hafa þáttinn [+sp.rgl.], þ.e. /p,t,k/ og órödduðum önglhjóðum, eins og /s/. Á undan /s/ takmarkast þó afröddun hljómenta við /r/. Reglan veldur víxlum eins og *synda – synti* ([nt] – [nt̥]), *harður – hart* ([rð] – [rt̥]) en á undan /s/ kemur fram afröddun í *árs* (af *ár*) en ekki *áls* (af *ál*) eða *náms* (af *nám*).

Hinni reglunni sem Eiríkur setur fram (1993:62–63) er ætlað að afradda önglhjóð á undan /p,t,k/ og órödduðum önglhjóðum, þ.e. í orðmyndum eins og *hlíft* og *hofs* (af *hlífa* og *hof*). Eins og sést í töflu 4-14 er ein undantekning í máli þeirra sem nota óraddaðan framburð, /ð/ helst raddað á undan /s/. Í máli þeirra sem nota raddaðan framburð virkar reglan ekki á /ð/. Það helst raddað bæði á undan /(p,t),k/ og /s/ (sbr. töflu 4-15).

<sup>100</sup> Hugmyndir um slíkt þáttakerfi voru komnar fram fyrr, sjá einkum Jakobson, Fant og Halle 1952 og Jakobson og Halle 1956.

Reglurnar eru því ólíkar bæði hvað varðar hljóðaumhverfi sem þær ná til og undantekningar, en aðalatriðið hér er að greiningin endurspeglar ekki samfylgd /l,m,n,ð/ sem töflurnar sýna að kemur fram í máli allra á undan /s/ og að auki á undan /p,t,k/ hjá þeim sem nota hreinan raddaðan framburð (fyrir utan /lt/ eins og fjallað verður um nánar hér á eftir). Greiningin dregur heldur ekki vel fram að allir hljómendur og öngljóð eru órödduð á undan /p,t,k/ í máli þeirra sem nota óraddaðan framburð. Í því felst ákveðinn „einfaldleiki“ sem virðist flóknari ef afröddun í þessu umhverfi byggist á tveimur reglum.

Þó að nálgun Kristján Árnasonar (2005, 2011) sé allt önnur í lýsingu hans á afröddun felur hún einnig í sér að afröddun verði í ákveðnu hljóðaumhverfi. Til að gera langa sögu mjög stutta byggist greiningin á mismunandi „frumefnum“ hljóða (sjá Kristján Árnason 2005:64–70, 2011:41–43). Frumefnið *H*, sem felur í sér háan tón eða spennu, er eiginleiki svokallaðra harðhljóða (/p,t,k/) en ekki linhljóða (/b,d,g/) og veldur afröddun á undan þeim fyrrnefndu, þ.e. í orðum eins og *kempa*. Í *kempa* verður hins vegar ekki afröddun. Óraddaða öngljóðið /s/ býr yfir sama frumefni, *H*, en þó fylgir afröddun á undan /s/ ekki sömu reglum og á undan /p,t,k/ í órödduðum framburði (sbr. *töflu 4-14*). Til að gera grein fyrir þessu setur Kristján upp yfirlit yfir afröddun bæði öngljóða og hljómenda og bendir á að afröddun öngljóðanna sé mismunandi eftir myndunarstað þeirra. Í yfirlitinu er þó ekki dregið skýrt fram hvaða hljóð eiga samleið og í almennri samantekt segir Kristján að afröddun komi fram „við svipaðar aðstæður hjá hljómendum og hjá öngljóðum, og reglurnar sem um þetta gilda virðast svipaðar“ (Kristján Árnason 2005:247, sjá einnig 2011:109–110).

Hvað sem líður formlegri greiningu er ekki óvarlegt að ætla að börn á máltökuskeiði taki nokkurt mið af almennum tilhneigingum og mynstrum eins og birtast í töflunum.<sup>101</sup> En um leið og framburður er orðinn blandaður riðlast mynstrið að einhverju leyti. Hvaða afleiðingar hefur það fyrir börn á máltökuskeiði? Og hvað með fullorðna málnotendur sem flytja milli málsvæða og standa þá frammi fyrir annars konar afröddunarreglum en er að finna í málkerfi þeirra sjálfra. Er jafneinfalt að greina mynstrið sama í hvora áttina er farið?

Fyrir málnotanda sem notar raddaðan framburð og flytur á svæði óraddaðs framburðar virðist nýi regluleikinn sem hann stendur frammi fyrir tiltölulega einfaldur þó að engin breyting verði á undan /s/. Allir hljómendur og öll öngljóð eru órödduð á undan /p,t,k/.

Samkvæmt *töflu 4-15* mætti ætla að sá sem flytti norður í land gæti ályktað: Röddun á undan /p,t,k/ fylgir sömu reglum og ég hef nú þegar á undan /s/. En taflan leynir því að reglan í máli þeirra sem nota raddaðan framburð er ekki alveg svona einföld. Enginn sem notar raddaðan framburð hefur alltaf raddað /l/ á undan /t/. Eins og fyrr var nefnt er framburðurinn óraddaður í flestum orðum þar sem /lt/ er í stofni (*piltur*) og í fleiri tilvikum (*gamalt*, *skaltu*).

<sup>101</sup> Í íslensku má til að mynda sjá tengsl milli ýmissa hljóðafarslegra atriða og orðflokka og beygingar þó að undantekningar séu of margar til að hægt sé að tala um hreinar reglur. Þetta kemur vel fram í skrá sem Eiríkur Rögnvaldsson birti í *Orði og tungu* 2001. Þannig kemur samhljóðaklasinn *-ðsl-* helst fyrir í veikum kvenkynsorðum, sbr. t.d. *eyðsla*, *bræðsla*, *fræðsla*, *greiðsla* og *hleðsla*. Hvorugkynsorðið *meiðsl* er skýr undantekning frá þessu en einnig má nefna fátíðu orðin *breiðsl* ('yfirbreiðsla') og *reiðsli* ('það að flytja einhvern á reiðskjóta', einnig *reiðsla* (kv.)). Hér er því ekki um reglu að ræða en tilhneingingu sem gæti vísað barni á máltökuskeiði veginn að réttu greiningu orða af þessu tagi (sjá Eirík Rögnvaldsson 2001:135, einnig 1989:125, sjá að auki Margrétu Guðmundsdóttur 2002:72.)

Sumir sem nota raddaðan framburð hafa hann aldrei í hljóðasambandinu /lt/. Börn sem alast upp við raddaðan framburð búa við sömu óreglu og aðfluttur að þessu leyti sem ætla má að geri tileinkun hans flóknari. Það má því segja að /lt/ sé til þess fallið að „grafa undan“ rödduðum framburði.

Þegar raddaður framburður í öðrum hljóðasamböndum með /p,t,k/ er orðinn blandaður á málsvæðinu, eins og hann virðist hafa verið að minnsta kosti frá fyrri hluta 20. aldar, verður enn erfiðara að túlka upplýsingarnar.<sup>102</sup> Sumir sem verða á vegi barns á máltökuskeiði nota óraddaðan framburð, aðrir hafa hreinan raddaðan framburð en þó með mismunandi reglum um /lt/. Enn aðrir hafa innri breytileika (blandaðan framburð). Sama fjölbreytni mætir vitaskuld fullorðnum málhöfum. Í *töflu 4-16* eru dregnar fram fimm „útgáfur“ sem segja má að endurspegli mismunandi málhafa. Grænt og bleikt letur sýna hvar raddaður og/eða óraddaður framburður koma fyrir. Taflan kann að virðast ruglingsleg, en til þess er leikurinn gerður. Hún endurspeglar að það er „ruglingslegt“ að hitta fyrir málhafa sem nota mismikinn raddaðan framburð.

	Óraddaður framburður	Hr. radd. framb. með hr. [lt <sup>h</sup> ]-framb.	Hr. radd. framb. án [lt <sup>h</sup> ]	Bl. framb. með bl. [lt <sup>h</sup> ]-framb.	Bl. framb. án [lt <sup>h</sup> ]	
/l+/p,k/, /m,n+/p,t,k/	óraddað	raddað	raddað	raddað/óraddað	raddað/óraddað	
	<i>mjólk, kempa, hanki</i>					
/lt/	óraddað	raddað	óraddað	óraddað	raddað/óraddað	óraddað
	<i>gult, piltur</i>	<i>gult</i>	<i>piltur</i>	<i>gult, piltur</i>	<i>gult</i>	<i>piltur</i>
/r/	óraddað	óraddað	óraddað	óraddað	óraddað	
	<i>verpa, hart, orka</i>					
önghljóð nema /ð/	óraddað	óraddað	óraddað	óraddað	óraddað	
	<i>aftur, sagt, hestur</i>					
/ð/	óraddað	raddað	raddað	raddað/óraddað	raddað/óraddað	
	<i>maðkur</i>					

Tafla 4-16: Yfirlit yfir ólík mynstur röddunar og röddunarleysis á undan /p,t,k/ sem gera má ráð fyrir hjá málhöfum á svæði þar sem rödduðum og órödduðum framburði ægir saman.

Þó að hljóðasamböndin sem taflan sýnir séu misalgeng gefur yfirlitið skýrt til kynna að í blönduðu málumhverfi sé tíðni óraddaðra hljómena og önghljóða á undan /p,t,k/ hærri en raddaðra. Bleikur litur er á heildina litið algengari en sá græni. Málumhverfið sendir því þau „skilaboð“ að raddleysi sé meginreglan – og þau verða sterkari eftir því sem óraddaður framburður vinnur á. Sömuleiðis dregur taflan fram að í blönduðu málumhverfi, þar sem ægir saman rödduðum og órödduðum hljóðum á undan /p,t,k/, má segja að það sé tiltölulega einföld „lausn“ að tileinka sér óraddaðan framburð.<sup>103</sup> Sá raddaði krefst þess að bæði hljómendur og önghljóð séu aðgreind eftir því hvort þau eru rödduð eða órödduð á undan /p,t,k/. Á sama hátt er það flóknara fyrir málhafa sem notar óraddaðan framburð að tileinka sér þann raddaða ef hann flytur á raddaða

<sup>102</sup> Jón Ófeigsson (1920–1924:xxvii), sem lýsti íslenskum mállýskum stuttlega liðlega 20 árum áður en Björn Guðfinnsson hóf rannsóknir sínar, taldi að raddaður framburður væri „vist nok ret udbredt“ norðarlega á Austfjörðum. Orðalagið bendir til þess að hann telji talsvert um blandaðan framburð.

<sup>103</sup> Minna má á að Björn Guðfinnsson (1981:30) taldi að óraddaður framburður væri „auðlærður“, ólíkt þeim raddaða.

málsvæðið heldur en þegar flutt er í hina áttina. „Leiðin“ frá rödduðum framburði til hins óraddaða er greiðari en leiðin í hina áttina. Málfræðilegur munur raddaðs og óraddaðs framburðar og þær óreiðukenndu upplýsingar sem berast í blönduðu málumhverfi gætu því hafa ýtt undir sókn óraddaðs framburðar. Jafnframt gæti þetta verið hluti af skýringunni á því að hann sækir harðar fram en linmæli. Þar kann þó fleira að koma til eins og fram kemur í næsta kafla sem og í kafla 4.7.

##### 4.3.5 Viðhorf til raddaðs og óraddaðs framburðar

Í umfjöllun um harðmæli og linmæli kom fram að um það leyti sem greina má uppstytta í sókn linmælis, þótt erfitt sé að tímasetja hana nákvæmlega (sjá kafla 4.2.3), voru uppi hugmyndir um að samræma framburð landsmanna þannig að þeir yrðu allir harðmæltir. Það var því rekinn nokkur áróður fyrir ágæti harðmælis. Einnig kom fram að viðhorf í nútímanum væru harðmælinu einkar hliðholl. Ályktað var að mögulega hefðu jákvæð viðhorf sótt á í kjölfar þessara hugmynda og þannig veitt sókn linmælis einhvers konar mótstöðu (sjá kafla 4.2.5, einnig 3.6.2 og 3.6.3.4).

Þegar hefur komið fram (í kafla 3.6.3.4) að mikill munur er á viðhorfum til harðmælis og raddaðs framburðar og þróun raddaðs framburðar bendir heldur ekki til þess að hann hafi fengið stuðning af sama tagi og harðmæli. Hér verður rýnt aðeins betur í viðhorfin.

Umræða um samræmingu íslensks framburðar var rödduðum framburði nokkuð hagstæð þó að hann væri ekki meðal útvalinna afbrigða, hvorki í tillögum Björns Guðfinnssonar né hinum endanlegu sem Heimspékideild Háskólans skilaði af sér árið 1954 (sjá Baldur Jónsson 1998:240–243, Halldór Halldórsson 1971:87–91). Björn (1981:75) vildi þó stuðla að varðveislu hans og huga að mögulegri samræmingu síðar. Ekki verður þó séð að gerðar hafi verið neinar áætlanir eða gripið til aðgerða til að standa vörð um raddaðan framburð.

Athuganir *Málþekkis*, sem gerðar voru 2013–2016, bentu til athyglisverðs samspils milli greinileika og fegurðarmats norðlensku afbrigðanna (sjá kafla 3.6.3.3–3.6.3.5). Flestir töldu norðlenskan framburð fallegastan og þar sem raddaður framburður virðist greinilegra einkenni hans en harðmæli hefði mátt vænta þess að raddaður framburður nyti hylli. Sú var ekki raunin. Hann stóð harðmæli langt að baki. Svo sem fram hefur komið (sjá kafla 3.6.3.2) var þetta prófað í netkönnun með því að þátttakendur hlustuðu á upptöku þar sem kona sagði að sér fyndust dæmi sem hún bar fram með rödduðum framburði „fallegr[i] eða hljóma betur“ en þau órödduðu. Þátttakendur voru síðan spurðir hversu sammála þeir væru konunni og er svörin að finna í *töflu 4-17*. Í fyrsta dálki sést að rétt tæpur fjórðungur af heildinni er mjög eða frekar sammála því að raddaður framburður sé fallegri en óraddaður en 59% ósammála því. Í næsta dálki kemur fram að þátttakendur af norðlenskum uppruna eru öllu jákvæðari. Nær helmingur þeirra er sammála því að raddaði framburðurinn sé fallegri en 39,2% þó ósammála. Til hópsins teljast þeir sem ólust upp að mestu leyti í Skagafirði til og með Þingeyjarsýslum. Af þeim bjuggu 37 á þessu svæði.

Svar	Allir 658		Norðlenskur uppruni 120		Aðrir 538	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Ég er mjög sammála	65	9,9	31	25,8	34	6,3
Ég er frekar sammála	92	14	26	21,7	66	12,3
Ég get ekki gert upp á milli þessara dæma um framburð	112	17	16	13,3	96	17,8
Ég er frekar ósammála	208	31,6	29	24,2	179	33,3
Ég er mjög ósammála	180	27,4	18	15	162	30,1
Ég heyri engan mun	1	0,1	0	0	1	0,2

Tafla 4-17: Afstaða þátttakenda í netkönnun til þess að dæmi með rödduðum framburði væru talin fallegrri en dæmi með órödduðum framburði, annars vegar í heild og hins vegar eftir uppruna.

Hér má rifja upp sigurgöngu harðmælis í þessari fegurðarsamkeppni (sjá töflu 4-6). Tæplega 70% af heildinni voru sammála því að það væri fallegra en linnmæli og yfir 90% Norðlendinga. Munur á afstöðu til þessara norðlensku afbrigða er því mikill.

Þó að ekki hafi verið boðið upp á beinan samanburð á harðmæli og rödduðum framburði í netkönnuninni gefa þessar tölur til kynna að harðmælið þyki fallegra. Sú var einmitt niðurstaða Guðrúnar Karlsdóttur (1989) sem komst meðal annars að því að reykvískum ungmennum þótti bæði harðmæli og linnmæli fallegur framburður, en ekki sá raddaði. Hjá Hermínu Gunnþórsdóttur (1991) kom í ljós að dalvískum unglíngum þótti norðlenska fallegrri en sunnlenska og þegar nánar var spurt út í viðhorfin reyndist harðmæli þykja fallegra en raddaður framburður. Hér má þó nefna að í könnun á ómeðvituðum viðhorfum til harðmælis og linnmælis kom fram – sem nokkurs konar aukaafurð – afstaða til raddaðs framburðar sem ekki bendir til neikvæðni í hans garð. Hver þátttakandi hlustaði á nokkrar konur flytja sama texta og fram kom í kynningu að rannsóknin snerist um að velja starfsmann fyrirtækis. Við framkvæmd rannsóknarinnar æxluðust mál þannig tvær konur lögðu til „aukarödd“ sem notaði raddaðan framburð, *Ra* og *Rb*. Sumir þátttakendur hlustuðu á *Ra* og aðrir á *Rb*. Í lokin voru þeir spurðir hvern þeir myndu sjálfir velja í starfið. Meira en helmingur þeirra sem hlustuðu á rödd *Ra* völdu hana (sjá Kristínu Ingibjörgu Hlynisdóttir 2016:30–31). Hin raddaða aukaröddin naut ekki slíkra vinsælda. Því er ólíklegt að *Ra* hafi verið valin vegna röddunarinnar, en hún vann greinilega ekki gegn henni.

Á heildina litið benda þessar athuganir til þess að jákvæð viðhorf til norðlensku í nútímanum beinist ekki að rödduðum framburði. Viðhorf annarra en Norðlendinga eru aðallega neikvæð eða hlutlaus, en mat þeirra sjálfra er mjög dreift. Raddaður framburður er hins vegar greinilegur, þ.e. fólk sem ekki notar hann tekur eftir honum og þeir sem nota hann eru gjarna meðvitaðir um það. Þá eru grínaktugar athugasemdir vel þekktar eins og nefnt var í kafla 3.6.1. Það er því ekki óvarlegt að halda því fram að raddaður framburður hafi einkenni merkis og búi að einhverju marki við stimplun (stigmatísingu) þannig að það vinni gegn varðveislu hans.

#### 4.3.6 Samantekt um raddaðan og óraddaðan framburð

Í þessum kafla var unnið með sömu gögn og í kafla um harðmæli og linnmæli, þ.e. frá rannsókn Björns Guðfinnssonar og RÍN (sjá kafla 4.1). Þau voru notuð til að draga upp mynd af útbreiðslu-svæði og tíðni raddaðs framburðar á 5. áratugnum og síðari þróun. Helstu niðurstöður eru:



- Um 1940 voru einkunnir hæstar í Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu (þ.e. mest var um raddaðan framburð) en Norður-Þingeyjarsýsla fylgdi þeim fast eftir.
- Akureyri og Siglufjörður greindust frá dreifðari byggðum. Óraddaður framburður var mun algengari í bæjunum.
- Í RÍN hafði raddaður framburður látið mjög undan hvert sem lítið var en þó mest á útjöðrum svæðisins. Aðeins í Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu var raddaður framburður algengari en sá óraddaði meðal ungmenna.
- Suður-Þingeyjarsýsla skar sig úr hvað varðar þróun raddaðs framburðar. Þar sveifluðust einkunnir eftir tímabilum – eða árgöngum málhafa – þannig að greina mátti tvö sóknarskeið óraddaðs framburðar, skilin að með stöðugleikaskeiði.
- Annars staðar á svæðinu mátti greina hægari sókn óraddaðs framburðar á sama tímabili frekar en stöðugleikaskeið.

Í umfjöllun um málfræðilegan mun raddaðs og óraddaðs framburðar var bent á að í máli þeirra sem nota óraddaðan framburð gildir einföld og undantekningalaus regla um afröddun hljómena og öngljóða á undan /p,t,k/. Í máli þeirra sem nota raddaðan framburð virðast gilda flóknari reglur sem erfitt er að gera grein fyrir formlega. Ekki síst er það þó /lt/ sem flækir lýsingu raddaðs framburðar. Málfræðilegur munur þessara afbrigða virðist því til þess fallinn að ýta undir útbreiðslu óraddaðs framburðar frekar en hitt.

Viðhorf til raddaðs framburðar eru honum heldur ekki mjög hagstæð. Fyrri tíma fræðimenn höfðu misjafna afstöðu til hans en hjá almenningi nútímans eru þau frekar neikvæð. Meira að segja Norðlendingar sjálfir skiptast nokkuð jafnt milli þess að hrífast af rödduðum framburði og þykja lítið til hans koma.

Það virðist því sem bæði málfræðilegur munur afbrigðanna og viðhorf leggist á sveif með órödduðum framburði. Í kafla 4.7 kemur svo í ljós hvort það sama gildir um þróun samfélagsins.

#### 4.4 Hv- og kv-framburður

##### 4.4.1 Inngangur

Nú verður sagt skilið við Norðurland að sinni og haldið í Skaftafellssýslur. Þar verður könnuð þróun tveggja tilbrigðapara, *hv-/kv-framburðar* og *skaftfellsks einhljóðaframburðar/tvíhljóðaframburðar*. Ekki verður þó rýnt eins nákvæmlega í þróunina og gert var norðanlands, einkum vegna þess að úrtak Skaftfellinga er faliðaðra og býður ekki upp á að það sé brotið upp í marga aldurshópa eða svæði til að skoða fínlega drætti í heildarmyndinni.

Í þessum kafla beinist athyglin að *hv-framburði* og áður en lengra er haldið er nauðsynlegt að gera nokkra grein fyrir gögnum úr RÍN því að einkunnir eru að hluta til byggðar á nýjum innslætti niðurstaðna. Einkunnir eru því ekki í fullu samræmi við upphafleg innsláttarskjöl sem til dæmis Kristján Árnason byggði á í samantekt sinni í bókinni *Hljóð. Handbók um hljóðfræði og hljóðkerfisfræði* (2005:384). Ástæðan er sú að í Austur-Skaftafellssýslu urðu á sínum tíma mistök við gerð innsláttargrunnsins. Gallinn fólst í því að öll *kv-orð* sem áttu að mæla ofvöndun, þ.e. *hv-framburð* í orðum eins og *kvörn*, féllu saman við *hv-orðin*. Þetta hafði umtalsverð áhrif á einkunnir sem urðu fyrir vikið of lágar hjá öllum nema þeim sem notuðu hreinan *kv-framburð*. Af þessum

sökum voru allar einkunnir fyrir *hv*-framburð í sýslunni reiknaðar upp á nýtt. Í Vestur-Skaftafells-sýslu var þessi galli ekki fyrir hendi og því er stuðst við upphaflegan innslátt í kafla 4.4.2.

Skipan efnis er með aðeins öðru sniði en í köflunum um norðlensku afbrigðin þar sem farið verður heldur fljótar yfir sögu. Í kafla 4.4.2 verður fjallað um stöðu *hv*-framburðar í Skaftafells-sýslum samkvæmt rannsókn Björns Guðfinnssonar og þróunina næstu fjóra áratugi. Málfræðileg lýsing er í kafla 4.4.3 en þó stutt því að hún fékk talsvert rými í kafla 2.5.4.5. Kafli 4.4.4 fjallar um viðhorf til *hv*-framburðar og loks er stutt samantekt í kafla 4.4.5.

#### 4.4.2 Útbreiðsla og þróun

Eins og fram hefur komið birtist munurinn á *hv*- og *kv*-framburði í orðum sem skrifuð eru með *hv*- samkvæmt gildandi stafsetningarreglum, til dæmis í *hvolpur* og *hvernig*. Flestir landsmenn bera slík orð fram með [k<sup>hv</sup>]<sup>104</sup> en á Suður- og Suðausturlandi tíðkast hins vegar *hv*-framburður í nokkrum mæli.<sup>105</sup> Hann er oft greindur í þrjú afbrigði sem eru iðulega hljóðrituð [x<sup>w</sup>], [x<sup>v</sup>]/[xv] og [x] (sjá t.d. Kristján Árnason 2005:382, Eirík Rögnvaldsson 2013:88). Hjá þeim sem nota hreinan *kv*-framburð kemur því hljóðið [x] ekki fyrir í framstöðu en [k<sup>hv</sup>] er hins vegar ekki útilokað hjá þeim nota hreinan *hv*-framburð, sbr. *kvörn* og *kvef*.

Á framburðarspjöldum Björns er greint á milli tveggja gerða *hv*-framburðar (sjá mynd 3-7). Þær eru táknaðar með „hv“ og „X“<sup>106</sup> en í *Mállýzkum II* eru táknin „X<sup>w</sup>“ (kringdur framburður) og „X“ (ókringdur framburður) (sjá einnig Björn Guðfinnsson 1950:172). Hér er valin einfaldasta leiðin og hljóðritað [x] þegar tekin eru dæmi um *hv*-framburð.

Samkvæmt rannsókn Björns Guðfinnssonar notuðu langflestir í Rangárvallasýslu og Skaftafellssýslum hreinan *hv*-framburð. Í Árnessýslu og Suður-Múlasýslu gildi það einnig um yfir helming málhafa og nokkuð var um *hv*-framburð í Norður-Múlasýslu og Neskaupstað, en hann var fátíður á Seyðisfirði. Þetta kemur fram í *töflu 4-18* ásamt meðaleinkunn í Skaftafells-sýslum. Einkunnin er þó ekki hárnákvæm því að á mörgum spjöldum málhafa sem notuðu blandaðan framburð eru litlar eða engar upplýsingar umfram merkingar við breytur (sjá um túlkun upplýsinga á spjöldum í kafla 3.5.5). Nær réttir einkunn verður ekki komist en samkvæmt henni (195) notuðu Skaftfellingar *hv*-framburð í 95% dæmaorða. Í öðrum sýslum hefur meðaleinkunn ekki verið reiknuð með því að greina einstök spjöld en sýnt er einkunnabil sem kemur til greina eða hæsta möguleg einkunn.<sup>107</sup>

<sup>104</sup> Eins og fyrr var nefnt er þessi framburður stundum hljóðritaður [kf] (sjá t.d. Kristján Árnason 2005:381). Hér er hefðbundnari hljóðritunin notuð.

<sup>105</sup> Um aldur *kv*-framburðar má lesa hjá Kristjáni Árnasyni 2005:382–383 og Gunnari Karlssyni 1965.


<sup>106</sup> Þar er einnig breytan „hv“, þ.e. skáletruð, sem táknar líklega ofvöndun. Það sést á spjaldi í Mýraskólahverfi þar sem merkt er við hana með þeirri skýringu að *ákvað* hafi verið borið fram „áhvað“.

<sup>107</sup> Við þessa áætlun einkunnar var byggt á upplýsingum hjá Birni Guðfinnssyni (1964) um fjölda málhafa með hrein afbrigði eða blandaðan framburð. Notaðar voru tvær „formúlur“. Öllum sem notuðu hreinan *hv*-framburð á viðkomandi svæði var gefin einkunnin 200 og þeir sem notuðu *kv*-framburð fengu 100. Síðan var öllum sem notuðu blandaðan framburð gefin einkunnin 110 sem felur í sér að þeir hafi notað *kv*-framburð í 90% dæmaorða. Þá voru einkunnir lagðar saman og deilt í með fjölda málhafa og þannig fundin meðaleinkunn. Með þessu var áætlað hversu lág meðaleinkunn á svæðinu gæti verið. Til að kanna hversu há meðaleinkunn gæti verið var farið eins að með þá sem notuðu hreinan *hv*- eða *kv*-framburð en gengið út frá ríkulegum *hv*-framburði hjá þeim sem höfðu blandaðan framburð. Þeim var því gefin einkunnin 190 sem felur í sér að 90% dæmaorða séu með *hv*-framburði.

	N	Hreinn hv-framb. (%)	Blandaður framb. (%)	Hreinn kv-framb. (%)	Meðaleinkunn
Árnessýsla	322	59,6	26,4	14,0	Líkl. 162–183
Rangárvallasýsla	173	87,9	10,4	1,7	Líkl. 190–195
Vestur-Skaftafellssýsla	89	91,0	7,9	1,1	Um 195
Austur-Skaftafellssýsla	59	88,1	10,2	1,7	
Suður-Múlasýsla	222	61,7	21,2	17,1	Líkl. 165–180
Norður-Múlasýsla	119	21,9	25,1	53,0	Undir 150
Neskaupstaður	70	25,7	24,3	50,0	Undir 150
Seyðisfjörður	42	2,4	9,5	88,1	Undir 110

Tafla 4-18: Hv- og kv-framburður: Skipting málhafa úr Árnessýslu til og með Norður-Múlasýslu ásamt Neskaupstað og Seyðisfirði í þrjá hópa samkvæmt rannsókn Björns Guðfinnssonar (1964:55–60). Meðaleinkunn fyrir Skaftafellssýslur er sýnd, sjá nánari upplýsingar í *Viðauka III*, en annars staðar er áætlað einkunnabil eða hæsta möguleg einkunn.

Þrátt fyrir sterka stöðu hv-framburðar á stóru svæði taldi Björn Guðfinnsson (1981:32, sjá einnig 1950) hann á „mjög hröðu undanhaldi“. Það kom einmitt á daginn í RÍN, um 40 árum síðar. Þá hafði fjarað mjög undan hv-framburði í Skaftafellssýslum. Það sést þegar litið er til framburðar Björnskynslóðarinnar en þó enn frekar á samanburði aldurshópa í RÍN. Hvort tveggja er sýnt á myndriti 4-9. Stakur punktur sýnir meðaleinkunn Björnskynslóðarinnar í báðum sýslum. Þótt hún sé ekki hárnákvæm er næsta víst að hún var yfir 190 og einkunn RÍN-hópsins sem fæddist 1927–1945 er talsvert lægri.<sup>108</sup> Meirihluti þess hóps fæddist á árabílinu 1927–1932 líkt og Björnskynslóðin. Myndritið sýnir sýslurnar bæði aðskildar og sameinaðar. Ætla má að mikill munur eftir sýslum á aldurshópnum sem fæddist 1946–1960 helgist af fámennu úrtaki en í þessum hópi voru 16 málhafar í Austur-Skaftafellssýslu en aðeins sjö í vestursýslunni.



Myndrit 4-9: Hv- og kv-framburður: Meðaleinkunn í rannsókn Björns Guðfinnssonar (1940+) í Skaftafellssýslum og þróun samkvæmt samanburði aldurshópa í RÍN (1980+).

Í Skaftafellssýslum í heild er marktækur munur á aldurshópnum sem fæddist 1927–1945 og næstu kynslóð ( $p=0,031$ ) sem aftur fær marktækt hærri einkunn en yngsti hópurinn ( $p=0,014$ ).<sup>A-6</sup>

<sup>108</sup> Eins og í umfjöllun um harðmæli og raddaðan framburð eru mörk tveggja eldri hópanna í RÍN dregin milli fæðingaráranna 1926 og 1927. Tveir af 148 þátttakendum Björns í Skaftafellssýslum fæddust þó 1926.

Í umfjöllun um þróun harðmælis og raddaðs framburðar kom fram að óraddaður framburður sótti mun harðar fram en linmæli. Sé litið til ungmenna slær sókn *kv*-framburðar þó órödduðum framburði við. Í leit að skýringum kom fram að svo virtist sem tileinkun raddaðs framburðar í blönduðu málumhverfi væri flókið úrlausnarefni. Skyldi það einnig gilda um *hv*-framburð?

#### 4.4.3 Einkenni og málfræðileg lýsing

Í kafla 2.5.4.4 kom fram að munurinn á málkerfi þeirra sem nota *kv*-framburð og þeirra sem nota *hv*-framburð virðist felast í orðasafninu. Samkvæmt því ber til dæmis dýrið *hvalur* ólíkt heiti hjá landsmönnum eftir því hvort framburðarabrigðið þeir nota. Engin kerfisbundin víxl koma fram í beygingu orða þannig að ein mynd sé borin fram með [k<sup>h</sup>v] og önnur með [x] (eða öðrum gerðum *hv*-framburðar). Því eru vandséð rök fyrir því að þessi munur byggist á einhvers konar reglulvirkni. Það sést vel þegar hugsað er til barna sem alast upp í málumhverfi þar sem aðeins annað þetta afbrigði kemur fyrir. Í nútímanum má gera ráð fyrir að mörg börn heyri sjaldan eða aldrei *hv*-framburð. Þau hafa engar forsendur til að gefa dýrinu heitið /hvalur/ en bera það fram [k<sup>h</sup>va:lvr], ekki frekar en að gefa fuglinum heitið /hría/ en segja [k<sup>h</sup>ri:a]. Sé horft um öld aftur í tímann er líklegt að börn á Suðausturlandi hafi mörg hver varla eða ekki heyrt það sem kallað er *kv*-framburður og felur í sér að *hvalur* sé borið fram með [k<sup>h</sup>v] rétt eins og *kvörn* og *kvef*, að minnsta kosti ekki nokkur fyrstu árin. Í málumhverfi þeirra var *hvalur* alltaf borið fram með [x]. Þau höfðu því enga vísbendingu um það úr málumhverfi sínu að *hvalur* héti annað en /hvalur/.<sup>109</sup>

Þessu til viðbótar má nefna að *hv*-framburður felur í sér að uppgómmælt, óraddaða öng-hljóðið [x] komi fyrir í framstöðu. Svo er ekki hjá þeim sem nota *kv*-framburð þar sem hægt er að færa rök fyrir því að [ɣ] og [x] séu hljóðbrigði af hljóðaninu /ɣ/. Óraddaða hljóðið, [x], kemur fyrir á undan [t] og [s] (sbr. *vigta*, *buxur* (þar sem þó er [k] í framburði sumra málnotenda) en það raddaða, [ɣ], á undan rödduðum hljóðum, þ.e. sérhljóðum, [ð] og [r] (sbr. *saga*, *sagði*, *hegri*). Framburðurinn [xɛ:r] (*hver*) samrýmist ekki þessari lýsingu. Þar er óraddaða hljóðið [x] á undan sérhljóði. Ekki verður því annað séð en dreifing [x] innan *hv*-framburðar krefjist þess að gert sé ráð fyrir hljóðaninu /x/ og þá um leið að þeir sem nota þann framburð séu einu hljóðani ríkari en aðrir landsmenn. Gjarna er litið svo á að hljóðkerfi sé flóknara eftir því sem hljóðön eru fleiri og þá að fækkun hljóðana feli í sér einföldun. Samkvæmt því er *hv*-framburður flóknari en *kv*-framburður (sjá Eirík Rögnvaldsson 1993:17–18, 44, Kristján Árnason 2005:174–175, Kristján Árnason og Höskuld Þráinsson 2003:180, Kerswill og Trudgill 2005:198, Siegel 1985:358).

Síðustu áratugina hefur málumhverfið á Suðausturlandi einkennst af blönduðum framburði. Miðað við að áður fyrr hafi sumir landsmenn kunnað orðið /hvalur/ en aðrir /kvalur/ virðist þurfa að gera ráð fyrir því að þeir sem nota blandaðan framburð kunni tvímyndir þessara orða

<sup>109</sup> Ýmsir hafa velt fyrir sér greiningu framstöðuklasa sem hafa /h/ að fyrra hljóði samkvæmt stafsetningunni, *hjá*, *hlaupa*, *hné*, *hrjóta*, en misjafnt er hvort /hv/ kemur við sögu í umræðunni (sjá Eirík Rögnvaldsson 1993:56–57, 2013:98, Höskuld Þráinsson 1981, 2014, Hauk Þorgeirsson 2013a:69–74, 2013b:209–210, 2017:113–117, Gunnar Ólaf Hansson 2013:200–202). Samkvæmt þeirri umræðu má deila um hvort fólk sem hefur *hv*-framburð tileinki sér orðið /hvalur/ eða /x(v)alur/. Þetta skiptir ekki meginmáli fyrir umræðuna hér, heldur að málnotendur tileinki sér orð eins og *hvalur* á ólíkan hátt eftir því hvort þeir alast upp í *hv*- eða *kv*-umhverfi.

og noti þær sitt á hvað. Það sama má raunar segja um þá sem umgangast fólk sem notar blandaðan framburð eða annað afbrigði en þeir sjálfir.<sup>110</sup> Ekki er gott að átta sig á stöðu slíkra tvímynda í málkerfinu. Tengsl þeirra eru nánari en milli tveggja ólíkra orða sem merkja það sama. Þannig virðist ljóst að *rok* og *hvas sviðri* séu tvö orð með sömu merkingu en orð eins og *gjörð* og *gerð*, *algjör* og *alger* eru tengd nánari böndum. Sambærileg tengsl eru væntanlega milli orða sem málnotandi ber ýmist fram með hv- og kv-framburði, þ.e. þannig að rétt sé að tala um tvímyndir. Þegar hann segir *hvas sviðri* á víxl með [x] og [k<sup>h</sup>v] er það ekki sambærilegt við að nota sitt á hvað *hvas sviðri* og *rok*.

Það mætti hugsa sér að slík víxl milli hv- og kv-framburðar byggist á einhvers konar reglu. Blandaður framburður gæti til dæmis byggst á orðasafnsmyndum með /hv/ og reglu sem útleðist: „Orð með /hv/ í framstöðu má bera fram [k<sup>h</sup>v]“. Hins vegar getur ekki gilt sambærileg regla um orð með /kv/. Þá yrði *kvíga* að [xi:ya]. Lækkun meðaleinkunnar hjá Björnskynslóðinni milli rannsóknar hans og RÍN (sbr. *myndrit 4-9*) gefur sterklega til kynna að þeir sem tileinkuðu sér hv-framburð í æsku geti tekið upp kv-framburð að einhverju marki síðar á ævinni og það mun koma enn betur fram í 5. kafla (sjá t.d. *myndrit 5-11*). Það er því ljóst að orð sem lærðust með /hv/ geta síðar fengið kv-framburð eða hv- og kv-framburð sitt á hvað. Ekki er ósennilegt að það gerist með einhvers konar alhæfingu – eða reglu – um að hv-orð megi bera fram með [k<sup>h</sup>v]. Slík regla, sé gert ráð fyrir tilvist hennar, hlýtur þó að vera annars eðlis en hljóðkerfisreglur sem skilyrðast jafnan af umhverfi.

Ekki verður séð að regla af þessu tagi einfaldi tileinkun blandaðs framburðar hjá börnum sem alast upp í blönduðu málumhverfi. Eftir sem áður þyrfti að gera greinarmun á orðum með /hv/ og /kv/, ella hefði reglan engan efnivið. Við þessar aðstæður, blandað málumhverfi, virðist sem tileinkun hv-framburðar sé flókin. Um þetta voru sýnd dæmi í kafla 2.5.4.5 (sjá *töflu 2-3*) þar sem tíundaðar voru orðmyndir sem eru samhljóma í kv-framburði en ekki í hv-framburði. Hér verður látið nægja að rifja upp *hver* og *kver*. Í máli þeirra sem nota hv-framburð getur [xε:r] verið fornafn eða nafnorð (‘heit uppspretta’) en [k<sup>h</sup>vε:r] er ‘lítil bók’. Ef hv-framburður er einráður er tileinkun þessara orða ekki flóknari en greinarmunur á til dæmis *hross* og *kross*. Ráði kv-framburður einn ríkjum er framburðurinn alltaf [k<sup>h</sup>vε:r] þannig að framburður orðmyndanna fellur saman líkt og í kvenkynsorðinu *hlið* (‘síða’, ‘flötur’) og hvorugkynsorðinu *hlið* (‘inngangur’). Í blönduðu málumhverfi er hins vegar *hver* (bæði sem fornafn og nafnorð) ýmist borið fram með hv- eða kv-framburði en *kver ævinlega* með kv-framburði. Til þess að tileinka sér hv-framburð við þessar aðstæður, hvort sem er blandaðan eða hreinan, þarf að átta sig á þessu samblandi tilviljana og regluleika. Því má segja að það sé „einfaldasta lausnin“ að fara að dæmi þeirra málnotenda sem hafa hreinan kv-framburð.

Þegar Björn Guðfinnsson rannsakaði framburð landsmanna má segja að þessi greiningarvandi hafi verið í uppsiglingu á Suðausturlandi. Þó að flestir notuðu hreinan hv-framburð höfðu

<sup>110</sup> Þetta sá ég eitt sinn glöggt í samtali við son minn. Við vorum í Haukadál og ég talaði um *hver* með hv-framburði. Samtalið gekk eitthvað stíðlega, hann hváði ítrekað, þar til ég heyrði hann tauta „já, [k<sup>h</sup>vε:r]“ eins og hann áttaði sig skyndilega á því hvaða orð ég væri að nota.

10% blandaðan framburð eða hreinan *kv*-framburð. Athyglisvert er að í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslum var staða harðmælis svipuð samkvæmt rannsókn Björns. Þar notuðu nálægt 90% hreint harðmæli, flestir í Eyjafjarðarsýslu (sjá *töflu 4-1*). Einkunnir fyrir harðmæli á kjarnasvæðinu (sjá *töflu 4-3*) og *hv*-framburð í Skaftafellssýslum (sjá *töflu 4-18*) voru einnig svipaðar. Þrátt fyrir það reyndist harðmæli þrautseigt í framhaldinu og í því sambandi voru færð rök að því að málfræðilegur munur harðmælis og línælis væri hvorugu afbrigðinu sérlega skýrt í hag. Hann virðist ekki til þess fallinn að ýta af krafti undir útbreiðslu línælis. Málfræðilegur munur raddaðs framburðar og óraddaðs og mikil óregla í blönduðu málumhverfi eru hins vegar rödduðum framburði óhagstæð rétt eins og virðist gilda um *hv*-framburð. Svipuð þróun þessara afbrigða styður því að málfræðilegir þættir geti ýtt undir eða hraðað útbreiðslu sumra málbreytinga frekar en annarra. Það voru þó ekki aðeins málfræðilegir þættir sem skildu milli harðmælis og raddaðs framburðar og gætu átt þátt í ólíkri þróun heldur einnig viðhorf. Næst er að kanna hvaða augum fræðimenn og almenningur hafa litið *hv*-framburð.

#### 4.4.4 Viðhorf til *hv*- og *kv*-framburðar

Harðmæli og *hv*-framburður eiga það sameiginlegt að báðum afbrigðum var gert hátt undir höfði í umræðu og tillögum um samræmdan íslenskan framburð eins og fram kom í kafla 3.6.2. Björn Guðfinnsson (1981:74) vildi „hafna“ línæli og *kv*-framburði en sporgöngumenn hans vildu almennt ganga skemur í samræmingarátt og töldu *hv*-framburð „æskilegri“ líkt og harðmæli (sjá Halldór Halldórsson 1971:90). Þó að minna yrði úr aðgerðum í framburðarmálum en að var stefnt um skeið var báðum afbrigðum hampað nokkuð í námskrá 1960 og *hv*-framburði sömu leiðis 1976 (Menntamálaráðuneytið 1960:11, 1976:20). Ólíkt því sem gildir um harðmæli endurspeglast þessi jákvæðu viðhorf til *hv*-framburðar ekki í nútímanum samkvæmt *Málþekki*, þ.e. athugunum sem gerðar voru 2013–2016 (sjá kafla 3.6.3). Meirihluti þátttakenda var ósammála því að *hv*-framburður væri fallett en *kv*-framburður eins og sést í *töflu 4-19* (sjá einnig kafla 3.6.3.4). Skipting svara eftir uppruna leiðir hins vegar í ljós að Skaftfellingar, sem þó voru aðeins 21, eru jákvæðari en aðrir í garð þessa afbrigðis síns. Taflan sýnir muninn á viðhorfum Skaftfellinga annars vegar og annarra en Sunnlendinga hins vegar því að Árnes- og Rangæingum (89) er sleppt. Þeir voru jákvæðari en gerðist og gekk en þó ekki eins jákvæðir og Skaftfellingar.

Svar	Allir 658		Skaftfellingar 21		Aðrir en Sunnlendingar 548	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Ég er mjög sammála	66	10	13	61,9	39	7,1
Ég er frekar sammála	88	13,4	1	4,8	73	13,3
Ég get ekki gert upp á milli þessara dæma um framburð	94	14,3	4	19	72	13,1
Ég er frekar ósammála	202	30,7	3	14,3	174	31,8
Ég er mjög ósammála	208	31,6	0	0	190	34,7
Ég heyri engan mun	0	0	0	0	0	0

Tafla 4-19: Afstaða þátttakenda í netkönnun til þess að dæmi með *hv*-framburði væru fallett en dæmi með *kv*-framburði, annars vegar í heild og hins vegar eftir uppruna.

Þrátt fyrir þessa jákvæðni Skaftfellinga komast þeir ekki með tærnar þar sem Norðlendingar hafa hælana í afstöðu sinni til harðmælis. Hafi fræjum jákvæðra viðhorfa til harðmælis og *hv*-framburðar verið sáð um og upp úr miðri síðustu öld er ljóst að uppskeran til lengri tíma litið var ólík. Þó að fyrri tíma viðhorf alþýðu manna séu ókunn er svo mikið víst að engin merki eru um að þau hafi staðið í vegi fyrir útbreiðslu *kv*-framburðar. Hann hefur sótt fram sleitulaust.

#### 4.4.5 Samantekt um *hv*- og *kv*-framburð

Hér hefur komið fram að í rannsókn Björns Guðfinnssonar höfðu um 90% Skaftfellinga hreinan *hv*-framburð. Meðaleinkunn var nálægt 195. RÍN leiddi í ljós mikla sókn *kv*-framburðar. Þá var dregið fram að svo er að sjá sem munurinn á málkerfi þeirra sem nota *hv*- og *kv*-framburð liggir í orðasafninu frekar en mismunandi hljóðkerfisreglum þó að regla af einhverju tagi gæti komið við sögu þegar fólk tileinkar sér blandaðan framburð á fullorðinsaldri. Einnig var rifjað upp að blandað málumhverfi væri *hv*-framburði ekki hagstætt. Það voru hins vegar hugmyndir um samræmingu framburðar en þess sér lítinn stað í viðhorfum í nútímanum þó að Skaftfellingar séu sjálfir nokkuð jákvæðir í garð *hv*-framburðar.

### 4.5 Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður

#### 4.5.1 Inngangur

Nú vísar sögunni að hinu skaftfellska afbrigðinu sem hér er til umfjöllunar, einhljóðaframburðinum. Skipan efnis er með svipuðu sniði og í síðasta kafla. Sá munur er þó á að þar var farið hratt yfir sögu um blandað málumhverfi *hv*- og *kv*-framburðar þar sem það var tekið sem dæmi í umfjöllun um mismunandi breytileika í köflum 2.5.4.4 og 2.5.4.5 og gerð nokkur skil þar. Þó að einhljóða- og tvíhljóðaframburður væri tekinn til samanburðar var aðeins stiklað á stóru um einkenni blandaðs málumhverfis og því verður sú umfjöllun ítarlegri hér.

Rétt eins og gildi um *hv*-framburð þurfti að byggja einkunnir fyrir skaftfellskan einhljóðaframburð í RÍN á nýjum innslætti fyrir Austur-Skaftafellssýslu. Þar urðu þau mistök við gerð innsláttargrunnsins að orðið *eigi* var fellt undir breytu fyrir einhljóðaframburð. Fyrir vikið hafði tvíhljóð í orðinu *eigi* sömu áhrif á einkunn og tvíhljóðaframburður í orðum eins og til dæmis *snagi*, *bogi*. Vegna mistakanna lækkaði því eðlilegur framburður *eigi* meðaleinkunn nánast allra þátttakendanna. Í Vestur-Skaftafellssýslu var hægt að byggja á upphaflegum innslætti.

#### 4.5.2 Útbreiðsla og þróun

Svo byrjað sé á að rifja upp megineinkenni einhljóða- og tvíhljóðaframburðar (sbr. kafla 2.5.4.3) þá felst munurinn í því að nokkur sérhljóð eru ólík í munni landsmanna á undan því sem ritað er *-gi* en borið fram [ji], sem og á undan [ja]/[jy]. Munurinn kemur fram í orðum eins og *hagi*, *stigi*, *logi*, *hugi* og *lögin*, en er fátíðari í orðum með /e/, eins og *tregi*. Orðmyndir með [ja]/[jy] eru færri, en til dæmis *tygja*, *reiðtygja*, *stigjum* (1.pers.ft.vh.pt. af *stíga*), sem og *segja*, *þegja* þar

sem einhljóð er fátítt líkt og í orðum með *e+gi*.<sup>111</sup> Ríkjandi er það sem kallað er tvíhljóðaframburður en einhljóðaframburður er kenndur við Skaftafellssýslur þar sem hann er helst að heyra og er þá borið fram langt einhljóð, til dæmis [ha:ɹ], en tvíhljóðaframburðurinn hefur lengstum verið hljóðritaður með tvíhljóði, [haijɹ] eða [haij:ɹ].<sup>112</sup> Orð eins og *stigi* skera sig þó úr að því leyti að í tvíhljóðaframburði er tæpast um tvíhljóð að ræða heldur nálæga einhljóði [i].

Gögn Björns Guðfinnssonar veita meiri upplýsingar um tíðni einhljóðaframburðar á 5. áratug 20. aldar heldur en um önnur landshlutabundin afbrigði sem eru undir í rannsókninni *Mál á mannsævi*. Því veldur rannsókn sem var gerð 1941 eða 1946, en óljóst hvort heldur var, og náði til fullorðins fólks í Austur-Skaftafellssýslu. Nokkur framburðarafbrigði voru könnuð, einkum *m-*, *rl-*framburður, en tíðni einhljóðaframburðar var rannsökuð hjá 24 málhöfum. Þeir notuðu allir hreinan einhljóðaframburð nema á *e+gi* þar sem framburður var með ýmsu móti.

Framburður ungmenna í Austur-Skaftafellssýslu var nokkuð ólíkur þessu samkvæmt rannsókn Björns eins og sést í *töflu 4-20*. Þar kemur vel fram að Skaftafellssýslur eru kjarnasvæði einhljóðaframburðar. Nokkur óvissa er þó um tíðni hans í suðurhluta Suður-Múlasýslu þar sem blandaður framburður var mjög algengur eins og dregið er fram í töflunni (mörkin liggja milli Fáskrúðsfjarðar og Reyðarfjarðar). Meðaleinkunn fyrir Skaftafellssýslur, byggð á nánari athugun á framburðarspjöldum, var 193,6 (þ.e. einhljóðaframburður kom fram í 93,6% dæmaorða), en vegna fyrrnefndrar sérstöðu *e+gi* var það undanskilið í niðurstöðum Björns. Einkunnin er ekki hárnákvæm því að dæmaskráningu á spjöldum var oft ábótavant. Svo var enn frekar í Rangárvallasýslu og Suður-Múlasýslu og því er líklegt einkunnabil áætlað (sjá um aðferð við það í neðanmálgrein 107).

	N	Hreinn einhlj.framb. (%)	Blandaður framb. (%)	Hreinn tvíhlj.framb. (%)	Meðal-einkunn
<b>Rangárvallasýsla</b>	173	0,6	19,1	80,3	Líkl. 102–118
<b>V-Skaftafellssýsla</b>	89	55,1	44,9	0	191,9
<b>A-Skaftafellssýsla</b>	59	67,8	32,2	0	196,3
<b>Suður-Múlasýsla (S)</b>	111	17,1	77,5	5,4	Líkl. 115–155
<b>Suður-Múlasýsla (N)</b>	111	3,6	21,6	74,8	


*Tafla 4-20:* Skaftafellsskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Skipting málhafa í Rangárvallasýslu, Skaftafellssýslum og Suður-Múlasýslu í þrjá hópa samkvæmt rannsókn Björns Guðfinnssonar (1964:135–137). Meðaleinkunn fyrir Skaftafellssýslur er sýnd, sjá nánar í *Viðauka III*, en áætlað einkunnabil annars staðar.

Þrátt fyrir talsverða útbreiðslu blandaðs framburðar taldi Björn Guðfinnsson (1981:42) að einhljóðaframburðurinn væri „einna lífseigastur allra þeirra mállýskna sem nú eru á undanhaldi í landinu“. Hann rökstuddi þetta ekki nánar en niðurstöður RÍN styðja þessa ályktun að nokkru leyti. Þær eru sýndar á *myndriti 4-10* með sömu skiptingu í aldurshópa og fyrir *hv-*framburð. Eins og áður má ætla að fámennit úrtak valdi miklum mun eftir sýslum á aldurshópnum sem fæddist 1946–1960.

<sup>111</sup> Tvíhljóð í *segja* gæti þó verið annars eðlis en í til dæmis *tregi*. Í *segja* birtist tvíhljóð einnig í öðru umhverfi, boðhátturinn *segðu* er oftast borinn fram [seiγðy]. Það gæti bent til að [ei] sé lexíkalísierað eins og fjallað er um hér síðar. Hins vegar er einhljóð í 3.pers.ft.vh.þt. [seyðu] sem styður það ekki.

<sup>112</sup> Björn Guðfinnsson (1946:134, 1981:40) hljóðritaði [haijɹ], sömuleiðis Kristján Árnason (2005:387, sjá þó einnig 2005:388) en [haij:i] er til dæmis hjá Eiríki Rögnvaldssyni 1993:83 og þriðju útgáfuna, [haj:i], er að finna hjá Jóni Axel Harðarsyni (2007:68) og Indriða Gíslasyni og Höskuldi Þráinssyni (2000:174) ásamt nokkurri umfjöllun.





Myndrit 4-10: Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Meðaleinkunn í rannsókn Björns Guðfinnssonar (1940+) í Skaftafellssýslum og þróun samkvæmt samanburði aldurshópa í RÍN (1980+).

Þó að yngsti aldurshópurinn fái marktækt lægri meðaleinkunn hjá Skaftfellingum í heild heldur en þeir sem fæddust 1927–1960 ( $p=0,014$ )<sup>A-7</sup> endurspeglar myndritið nokkurn stöðugleika, að minnsta kosti samanborið við *hv*-framburð. Lítil munur milli aldurshópa minnir einna helst á harðmæli. Hins vegar sýnir myndritið mikinn mun á framburði þátttakenda í rannsókn Björns (stakir punktar) og öllum aldurshópum í RÍN. Það minnir á myndrit 3-2 (í kafla 3.2) sem sýndi almenna málbreytingu, sem felur í sér að einstaklingar breyta máli sínu og mál samfélagsins breytist (sjá Labov 1994:83). Í því ímyndaða dæmi var þó enginn kynslóðamunur innan hvorrar rannsóknar. Hér vottar fyrir honum.

Munur á rannsókn Björns og RÍN birtist einnig í því að í RÍN notaði enginn hreinan einhljóðaframburð. Það er því að sjá sem tvíhljóðaframburður hafi „herjað“ nokkuð stíft milli rannsóknanna tveggja á allar kynslóðir.<sup>113</sup> Hins vegar er líka athyglisvert að þrátt fyrir þetta notaði aðeins einn innfæddur Skaftfellingur hreinan tvíhljóðaframburð í RÍN en tveir aðfluttir að auki. Það er því blandaður framburður sem ræður ríkjum. Skyldu málfræðilegir þættir geta skýrt það?

#### 4.5.3 Einkenni og málfræðileg lýsing

Nokkuð var fjallað um þessi framburðarabrigði í 2. kafla (2.5.4.4 og 2.5.4.5). Þar kom fram að málfræðingar hafa gert nokkrar atlögur að því að greina málfræðileg einkenni þeirra með ólíkum niðurstöðum (sjá Eirík Rögnvaldsson 1993:83, Kristján Árnason 2005:388, 2011:65–66, 180, 236, Jón Axel Harðarson 2007, sjá einnig Guðvarð Má Gunnlaugsson 1983b). Hér verður ekki staldrað frekar við þessar ólíku greiningarleiðir heldur ákveðna sérstöðu sem einhljóðaframburðurinn hefur meðal þeirra minnihlutaabrigða sem hér eru til umfjöllunar.

<sup>113</sup> Þess má geta að fimm málhafar í RÍN höfðu notað einhljóðaframburð undantekningalaust á öllum hljóðasamböndunum þegar þeir tóku þátt í rannsókn Björns, þ.e. einnig í sambandinu *e+gi*. Þar sem enginn þeirra notaði hreinan einhljóðaframburð í RÍN virðist sem þeir hafi tileinkað sér nýjung sem ekki var fyrir í máli þeirra. Aðrir höfðu þegar í rannsókn Björns tvíhljóðaframburð að einhverju marki.

Í máli manneskju sem notar hreinan *kv*-framburð kemur [x] ekki fyrir í framstöðu (og þá ekki [x<sup>w</sup>] eða [x<sup>v</sup>]/[xv]). Það má því segja að ef *hv*-framburður líður undir lok í íslensku muni ekkert í málkerfinu minna á hann (þó að stafsetning geri það að óbreyttu). Hjá þeim sem hafa linmælisframburð geta komið fram fráblásin lokhljóð eins og einkenna harðmæli, til dæmis í formlegu tali. Þessi víxl milli fráblásinna lokhljóða og ófráblásinna eru þó ekki kerfisbundin þannig að fráblásið lokhljóð komi fyrir í einni beygingarmynd orðs en ófráblásið í annarri. Við segjum ekki (kerfisbundið) [hö:k<sup>h</sup>yt<sup>l</sup>] um [hö:kyl]. Ef harðmæli hverfur úr málinu mun því fátt minna á baklægt /k/ í orðum af þessu tagi, utan aðblástursins í orðmyndum eins og [hö:hkl] að óbreyttu. Í örödduðum framburði er hins vegar nokkuð um slík kerfisbundin víxl þannig að raddað hljóð komi fram í einni beygingarmynd en óraddað í annarri, *hrinda – hrinti, gular – gult*. Í þessu felst að þótt raddaður framburður deyi út verða rödduðu hljóðin vel sýnileg í öðrum beygingarmyndum orðanna. Í ógrynni orða eru þó hljóðasamböndin /l,m,n/ + /p,t,k/ örödduð í öllum orðmyndum í máli þeirra sem hafa óraddaðan framburð, *fálki, velta, kempa, heimta, hanki, vanta* o.s.frv. og það gildir alltaf um /ðk/, *maðkur, liðka* o.s.frv. Í tvíhljóðaframburði er það hins vegar meginreglan að einhljóðið komi einhvers staðar fram í beygingarmynstri orða. Þessi mynstur eru af ýmsu tagi en til að skýra hvað átt er við fylgja hér nokkur dæmi í *töflu 4-21*. Rauði liturinn sýnir orðmyndir þar sem einhljóð birtist í tvíhljóðaframburði, en í einhljóðaframburði er einhljóð í öllum myndum orðanna. Þannig er tvíhljóð hjá þeim sem nota tvíhljóðaframburð í orðmyndinni *hagi* (nf.et.) sem sýnt er í fyrsta dálki, en einhljóð í öllum öðrum myndum, *haga, hagar*, sem og *högum* þótt þar verði hljóðvarp ( $a > ö$ ).

	Án gr.	M/gr.	Án gr.	M/gr.	Án gr.	M/gr.	Án gr.	M/gr.
<b>Nf.et.</b>	tvíhlj.	tvíhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	tvíhlj.
<b>Pf.</b>	einhlj.	einhlj.	einhlj.	tvíhlj.	einhlj.	tvíhlj.	einhlj.	tvíhlj.
<b>Þgf.</b>	einhlj.	einhlj.	tvíhlj.	tvíhlj.	einhlj.	einhlj.	tvíhlj.	tvíhlj.
<b>Ef.</b>	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.
<b>Nf.ft.</b>	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	tvíhlj.	tvíhlj.	einhlj.	tvíhlj.
<b>Pf.</b>	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	tvíhlj.	tvíhlj.	einhlj.	tvíhlj.
<b>Þgf.</b>	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.
<b>Ef.</b>	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.	einhlj.
<b>Dæmi</b>	<i>hagi, kragi, magi, stigi, svigi, logi, bogi, áhugi, hugi, tregi, þegi o.fl.</i>		<i>dagur, vogur</i>		<i>dugur</i> (et.), <i>hagur</i> (no.), <i>hugur, tugur</i> , (einnig þgf.et. ef með <i>i</i> -endingu ( <i>tugi</i> ))		<i>drag, flag, flug, lag, leg, sig, tog</i>	

Tafla 4-21: Beygingarmynstur nokkurra orða sem sýnir að í tvíhljóðaframburði birtast einhljóð í einhverjum beygingarmyndum, oft mörgum.

Af þessu sést að þó að einhljóðaframburður liði undir lok myndi einhljóðið lifa góðu lífi í fjölmörgum beygingarmyndum. Tíunda mætti mun fleiri mynstur en hér verður látið nægja að nefna orðmyndir sem sýna víxl af þessu tagi: *lögur – legi, vegur – vegi, sög – sagir, vog – vogir, lygi – lygar, hagur – hagir* (lo.), *tregur – tregir, -legur – -legir* (sbr. *rólegur*), *-ugur – -ugir* (sbr. *auðugur*), *boginn – bognir, laga – lagi* (vh.), *sliga – sligi* (vh.), *duga – dugi* (vh.), *segja/semi – segðum* (vh.), *hnigum – hnigjum* (þt.fh./vh. af *hníga*).

Lýsingarorð/lýsingarhættir sem enda á *-inn* og nafnorð sem enda á *-ill* hafa sérstöðu. Í upptalningunni hér að framan er *boginn – bognir*, en ekkert sambærilegt orð hefur víxlin [vi] – [v]. Þegar sérhljóðin eru önnur, sbr. *hniginn, laginn, lyginn, siginn, stiginn, sleginn, þveginn*, er gjarna tvíhljóð (eða nálæga einhljóðið [i]), í öðru umhverfi en á undan [j]. Þetta staðfesta stöku ritmyndir sem finnast með leit í Ritmálssafni Orðabókar Háskólans og á vefnum timarit.is, til dæmis *fótstignir, lægnir, lýgnir, sígnir, sleignir*. Í þessu felst að engin víxl koma fram í tvíhljóðaframburði. Ætla má að í máli að minnsta kosti sumra málnotenda sé ekki um samtímalega tvíhljóðun að ræða á sama hátt og til að mynda í *hagi* heldur sé tvíhljóð (eða stutt sérhljóð sbr. kafla 2.5.4.4) orðið hluti af orðasafnsmyndinni, þ.e. að [i], [ei] og [ai] hafi lexíkaliserast í orðum eins og *stiginn, sleginn, laginn*. Ekki er þó hægt að slá því föstu. Í RÍN var til að mynda reynt að kalla fram orðið *fótstignin* við mynd af hverfisteini, einkum í Austur-Skaftafellssýslu og þá kom fyrir að þátttakendur spjölluðu um fyrirbærið og segðu bæði *fótstignin* og *fótstignir*. Einn málhafi sem notaði mjög blandaðan framburð hafði [i] í báðum orðmyndunum. Framburður hans gæti verið dæmi um lexíkaliseringu. Tveir málhafar sem notuðu ríkulegan einhljóðaframburð (um 90%) á öðrum hljóðum en /e/ höfðu hins vegar [ɪ:] í *fótstignin*, en [i] í *fótstignir*. Framburður seinni orðmyndarinnar gæti bent til lexíkaliseringar en einhljóð í *fótstignin* mælir því mót.

Sem dæmi um nafnorð sem enda á *-ill* má nefna *dregill, flygill, legill* ('kútur'), *slegill, snigill, spegill, þvegill*. Hjá þeim sem nota tvíhljóðaframburð eru tvíhljóð ráðandi í öllum myndum þessara orða óháð umhverfi, *dregill – dreglar, snigill – sniglar*. Þannig er þekkt hljómsveit kölluð *Sniglabandið* með [i] og talað er um marga [speikla] en ekki [spekla]. Bæði þessi orð, *snigill* og *spegill*, voru meðal próforða í RÍN- og RAUN-rannsókninni en ekki aðrar fallmyndir þeirra eða sambærilegra orða. Enginn Skaftfellingur bar *spegill* fram með einhljóði, en þar sem *e+gi* var sér á báti strax á 5. áratugnum segir það ef til vill ekki mikið um sérstöðu orða sem enda á *-ill*. Hins vegar sagði aðeins einn þeirra 46 (staðföstu)<sup>114</sup> sem tóku þátt í báðum rannsóknunum *snigill* með einhljóðaframburði og hann hélt sig við það í bæði skiptin. Það er því ljóst að þetta orð hefur sérstöðu hjá þeim sem nota einhljóðaframburð að einhverju leyti og [i] gæti verið lexíkaliserað. Ekki er þó víst að það gildi um *flygill*<sup>115</sup> og [flɪklar] (*flyglar*) virðist ekki fráleitur framburður.

Skýringar á sérstöðu þessara orðgerða liggja ekki á lausu og ekki ástæða til þess hér að grafa djúpt eftir þeim. Þær skekkja aðeins þá heildarmynd sem sýnir að víxl einhljóðs og tvíhljóðs eru ríkjandi í tvíhljóðaframburði, en breyta því ekki að í málumhverfi þar sem einhljóða- og tvíhljóðaframburði ægir saman minnir einhljóðið sífellt á sig. Það birtist eftir sem áður langoftast í einhverjum myndum þeirra orða sem þessi framburðarafbrigði taka til.

Segja má að þetta þýði að í blönduðu málumhverfi birtist tvenns konar víxl eða breytileiki milli einhljóða og tvíhljóða. Annars vegar er ytri breytileiki sem felur í sér að málnotendur nota ýmist einhljóð eða tvíhljóð. Hins vegar sýna beygingarmynstur víxl milli þessara hljóða hjá

<sup>114</sup> Með *staðfastir* er vísað til þeirra sem tóku þátt í tveimur eða fleiri rannsóknum og bjuggu á sama svæði í þeim báðum/öllum.

<sup>115</sup> Kona í Örfæum sem notar ríkulegan einhljóðaframburð sagði mér aðspurð að *snigill* væri í sínu máli með [i] en *flygill* líklega sitt á hvað.

málhöfum með tvíhljóðaframburð. Hann hefur því nokkurs konar innbyggðan breytileika. Þetta kann að stuðla að varðveislu þessara afbrigða hlið við hlið. Það er einmitt megineinkennið á framburði allra kynslóða í RÍN.

Í þessu sambandi má rifja upp að Björn Guðfinnsson (1981:42) taldi „[t]iltölulega auðvelt“ að kenna og læra bæði einhljóða- og tvíhljóðaframburð. Samkvæmt því standa þessi afbrigði að einhverju leyti jafnt að vígi. Kristján Árnason og Höskuldur Þráinsson (2003:178–179) bentu hins vegar á að sá sem tileinkaði sér eða tæki upp tvíhljóðaframburð gæti alhæft að tvíhljóð birtist á undan /gi/. Það gildir ekki í hina áttina. Einhljóðaframburður útilokar ekki tvíhljóð, sbr. orðmyndir eins og *bæinn*. Að því leyti kann tvíhljóðaframburður að vera „einfaldari“ og einfaldara að taka hann upp. Á hinn bóginn má vera að það sé „einfaldara“ að sneiða hjá hljóðavíxlum í beygingarmynstri, að kerfi án slíkra víxla sé einfaldara. Um það verður ekki fullyrt og svo mikið er víst að slík víxl eru algeng (sbr. *aumur – aumt* þar sem raddað og óraddað /m/ skiptast á í máli þeirra sem nota óraddaðan framburð). En sé svo gætu málfræðilegir kraftar togast á. Í blönduðum framburði „mætast þeir á miðri leið“ og eins og dæmin sanna hölluðu Skaftfellingar sér að blönduðum framburði milli rannsóknar Björns og RÍN.

#### 4.5.4 Viðhorf til einhljóða- og tvíhljóðaframburðar

Í framhaldi af vangaveltum um mögulegan stuðning málfræðilegra þátta við einhljóðaframburðinn, en þó sérstaklega blandaðan framburð, má athuga hvort viðhorf leggist á árar með öðru hvoru afbrigðinu. Skemmst er frá því að segja að meðal landsmanna almennt nýtur einhljóðaframburðurinn ekki hylli. Í athugun á viðhorfum til einstakra afbrigða fékk hann sýnu versta útreið af þeim fjórum landshlutabundnu afbrigðum sem rannsóknin *Mál á mannsævi* tekur til (sjá kafla 3.6.3.4). Skaftfellingar eru þó jákvæðir, yfir 70% eru sammála því að hann sé fallett en tvíhljóðaframburður. Það er aðeins herra hlutfall en hjá *hv*-framburði en rétt að hafa í huga að Skaftfellingar sem tóku þátt í þessari rannsókn voru aðeins 21.

Svar	Allir 658		Skaftfellingar 21		Aðrir 637	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
Ég er mjög sammála	37	5,6	11	52,4	26	4,1
Ég er frekar sammála	50	7,6	4	19	46	7,2
Ég get ekki gert upp á milli þessara dæma um framburð	88	13,4	2	9,5	86	13,5
Ég er frekar ósammála	241	36,6	3	14,3	238	37,4
Ég er mjög ósammála	238	36,2	1	4,8	237	37,2
Ég heyri engan mun	4	0,6	0	0	4	0,6

Tafla 4-22: Afstaða þátttakenda í netkönnun til þess að dæmi með einhljóðaframburði væru fallett en dæmi með tvíhljóðaframburði, annars vegar í heild og hins vegar eftir uppruna þátttakenda.

Athuganirnar sem hér hafa verið nefndar *Málþekki* (sjá kafla 3.6.3) beindust að viðhorfum en einnig var reynt að fiska eftir greinileika, þ.e. hvort fólk tæki eftir mun á þessum afbrigðum. Þetta var gert bæði í viðtölum og netkönnun. Þær niðurstöður voru misjafnlega afdráttarlausar eftir afbrigðum og því hefur ekki verið vísað mikið til þeirra í umfjölluninni hér að framan. Þó

kom fram að raddaður framburður virtist greinilegastur og hefði ýmis einkenni merkis.<sup>116</sup> Hins vegar hafði skafftellskur einhljóðaframburður sérstöðu eins og fram kom í kafla 3.6.3.5. Þegar þátttakendur hlustuðu á samfelldan texta greindu áberandi fáir dæmi um einhljóðaframburð þó að fáir svöruðu því til að þeir heyrðu engan mun þegar þeir hlustuðu á hljóðdæmi þar sem afbrigðin voru borin saman (sbr. neðstu línuna í *töflu 4-22*). Í símaviðtölum kom skýrt fram að Skafftellingar gátu átt mjög erfitt með að greina á milli þessara afbrigða. Því má ef til vill álykta að þróun einhljóðaframburðarins sé lítt snortin af viðhorfum samanborið við hin afbrigðin.

##### 4.5.5 Samantekt um einhljóða- og tvíhljóðaframburð

Hér hefur komið fram að fullorðnir þátttakendur í rannsókn Björns Guðfinnssonar í Austur-Skaftafellssýslu notuðu allir hreinan einhljóðaframburð á öðrum hljóðasamböndum en *e+gi* en liðlega 30% ungmenna notuðu blandaðan framburð. Tvíhljóðaframburðurinn virðist því hafa náð að skjóta rótum í máli hlutfallslega margra ungmenna á skömmum tíma. Í vestursýslunni var heldur meira um blandaðan framburð hjá ungmennum en engum fullorðnum til að dreifa. Meðaleinkunn í sýslunum í heild var 193,6 eftir því sem næst henni verður komist.

Í RÍN voru meðaleinkunnir allra aldurshópa tiltölulega svipaðar en jafnframt mun lægri en í rannsókn Björns. Þróun milli rannsókna er því í ætt við almenna málbreytingu. Samanburður aldurshópa í RÍN benti til nokkurs stöðugleika um þær mundir.

Málfræðilegur munur þessara afbrigða virðist til þess fallinn að styðja við varðveislu einhljóðaframburðarins í blönduðu málumhverfi því að í tvíhljóðaframburði birtist einhljóðið í beygingarmynstri fjölda orða. Viðhorf reyndust hins vegar neikvæð á heildina litið, en jákvæð hjá Skafftellingum. Greinileiki kann þó að vera áhrifaþáttur en áberandi fáir greindu einhljóðaframburðinn sem ef til vill þýðir að viðhorf hafi síður áhrif á þróun hans en hinna þriggja landshlutabundnu afbrigðanna. Í næsta kafla verður þróun þeirra allra brugðið upp.


#### 4.6 Þróun fjögurra afbrigða borin saman

Hér verður þróun landshlutabundnu afbrigðanna fjögurra borin saman, þ.e. þróun harðmælis, raddaðs framburðar, *hv*-framburðar og skafftellsks einhljóðaframburðar, og þá jafnframt þróun línsmælis, óraddaðs framburðar, *kv*-framburðar og tvíhljóðaframburðar. Af ýmsum ástæðum er valinn sá kostur að bera saman báðar Skaftafellssýslur annars vegar og aðeins Eyjafjarðarsýslu hins vegar. Á þessum svæðum var að segja má „harðasti kjarni“ afbrigðanna í rannsókn Björns, meðaleinkunn hvers þeirra yfir 190. Það voru einkunnir fyrir harðmæli og raddaðan framburð þó einnig í Suður-Þingeyjarsýslu en í umfjöllun um bæði afbrigðin kom fram að sýslan hafði nokkra sérstöðu sem fólst í því að einkunnir voru lágar hjá Björnskynslóðinni í RÍN en risu að nýju hjá næstu kynslóð (sjá *töflu 4-4* og *4-12*). Engin skýring virðist tiltæk á þessum sveiflum sem komu skýrar fram í rödduðum framburði og hafa mikil áhrif ef sýslunni er blandað saman

<sup>116</sup> Fjallað er um merki og vísa í kafla 2.4.3. Þar kemur fram að merki eru greinilegri og vitundin um þau sterkari. Þau hafa félagslega skírskotun eða merkingu og eru útsett fyrir stimplun eða stigmatísingunni.

við Eyjafjarðarsýslu. Slíkur samanburður myndi krefjast nokkurra útdúra um að tilteknar breytingar hafi aðeins komið fram í annarri sýslunni en ekki hinni. Þó að munur hafi komið fram á skaftfellsku afbrigðunum þegar sýslunum var haldið aðskildum þurfti að líta til þess að úrtak hjá einum af aldurshópunum var mjög fáliðað.

Sem fyrr verða bornir saman hópar sem skilgreindir eru út frá fæðingarárnum og mörkin dregin milli 1960 og 1961 eins og í flestum tilvikum í fyrri umfjöllun. Þegar aðeins er litið til Eyjafjarðarsýslu birtist þó með þessu móti tiltölulega lítill munur á tíðni raddaðs framburðar hjá tveimur yngri hópunum. Hann verður skarpari ef mörkin eru dregin milli 1965 og 1966. Sú mynd virðist jafnframt raunsannari því að staða raddaðs framburðar var nokkuð mismunandi milli svæða samkvæmt RÍN og með þessum aldursmörkum verður dreifing úrtaksins jafnari. Munur á þróuninni eftir því hvar aldursmörkin eru dregin er sýndur á myndriti 4-11.



Myndrit 4-11: Samanburður á þróun tveggja afbrigða í Eyjafjarðarsýslu og tveggja í Skaftafellssýslum samkvæmt RÍN með mismunandi mörkum milli 3. og 4. aldurshóps. Meðaleinkunnir eru á lóðréttá ásnum.

Samanburðarhópar á mynd a) eru sýndir í töflu 4-23. Í eftirfarandi umfjöllun verður þess getið eftir atvikum hverju það getur breytt að draga mörk milli aldurshópa á annan hátt.

Hópur	Fæðingarár	Eyjafjarðarsýsla		Skaftafellssýslur	
		Fjöldi – BG	Fjöldi – RÍN	Fjöldi – BG	Fjöldi – RÍN
1	1900-1926		29		35
2	1927-1945	305	51	148*	64
3	1946-1960		35		23
4	1961-1971		64		81


Tafla 4-23: Afmörkun hópa sem notaðir verða við athugun á þróun framburðarafbrigða.

\* Tveir þessara málhafa fæddust 1926.

Þó að meðaleinkunnir þessara hópa hafi komið fram á myndriti 4-11a eru þær endurteknar á myndriti 4-12 og nú með þeirri viðbót að stakir punktar sýna meðaleinkunnir í rannsókn Björns

Guðfinnssonar á 5. áratugnum. Þar sem einkunnirnar eru allar yfir 190 renna þeir að hluta til saman enda eru valin þau svæði þar sem landshlutabundnu afbrigðin stóðu sterkust. Hæst var hún fyrir harðmæli í Eyjafjarðarsýslu, 198,1, en lægst fyrir skaftfellskan einhljóðaframburð, 193,6. Línurnar sýna einkunnir fjögurra aldurshópa í RÍN. Samanburður þeirra gefur vísbendingu um þróun, stöðu og horfur hvers afbrigðis og jafnframt er hægt að bera þau saman.

Á myndritinu blasa fyrst við háar einkunnir og lítill kynslóðamunur hvað harðmæli varðar, sem bendir til stöðugleika og gefur fyrirheit um þokkalegar framtíðarhorfur harðmælis í Eyjafjarðarsýslu. Skaftfellskur einhljóðaframburður á það sameiginlegt með harðmælinu að munur á aldurshópum er tiltölulega lítill í RÍN. Einkunnir fyrir skaftfellskan einhljóðaframburð eru hins vegar mun lægri en einkunnir fyrir harðmæli. Í seinni rannsókninni nota allar kynslóðir umtalsvert meiri tvíhljóðaframburð en ungmenni gerðu um 1940. Einhvern tíma milli þessara rannsókna virðist tvíhljóðaframburður hafa sótt verulega á. Samkvæmt myndritinu þróast raddaður framburður og *hv*-framburður talsvert ólíkt hinum afbrigðunum og eiga það sameiginlegt að láta mikið undan. Verstu útreiðina fær *hv*-framburður.



Myndrit 4-12: Staða fjögurra framburðarafbrigða hjá fjórum aldurshópum í RÍN ásamt meðaleinkunn í rannsókn Björns Guðfinnssonar.

Upplýsingar um hvort marktækur munur (rauðar tölur) er á hópunum í RÍN eru í töflu 4-24 þar sem hvert afbrigði fær sinn dálk. Í efstu línunni sést að undanhald norðlensku afbrigðanna í Eyjafjarðarsýslu er tölfræðilega marktækt milli elstu hópanna en svo er ekki hjá skaftfellsku afbrigðunum.<sup>117</sup> Það segir þó augljóslega ekki alla söguna um einhljóðaframburðinn því að einkunnir beggja þessara hópa eru mun lægri en meðaleinkunn í rannsókn Björns. Ekki kemur á

<sup>117</sup> Samkvæmt myndriti 4-12 er munur á hópum 1 og 2 svipaður fyrir raddaðan framburð og *hv*-framburð, en hann er aðeins marktækur í fyrra tilvikinu. Hann er einnig marktækur hjá harðmæli þó að munur á einkunnum sé lítill. Hér er dreifing einkunna (staðalfrávik) áhrifaþáttur, hún er minnst í harðmælinu en mest í *hv*-framburði. Eftir því sem dreifing einkunna er meiri þarf stærra úrtak til að munur sé marktækur (þ.e. litlar líkur á að hann sé tilviljun).

óvart miðað við myndrit 4-12 að marktækur munur er á hópum 2 og 3 hjá bæði rödduðum framburði og hv-framburði en við samanburð á hópum 3 og 4 eru tvær tölur skyggðar sem hugað verður að í töflu 4-25. Nánari upplýsingar um marktæknipróf er eins og áður að finna í aftanmálgrein.<sup>A-8</sup>

Aldurshópar		Eyjafjarðarsýsla		Skaftafellssýslur	
		Harðmæli	Raddaður framb.	Einhljóðaframb.	Hv-framburður
1. 1900-1926	2. 1927-1945	0,049	0,034	0,681	0,165
2. 1927-1945	3. 1946-1960	0,181	0,018	0,689	0,031
3. 1946-1960	4. 1961-1971	0,011	0,232	0,063	0,014

Tafla 4-24: *p*-gildi sem sýna hvort tölfræðilega marktækur munur er á einkunnum valinna aldurshópa í RÍN fyrir harðmæli, raddaðan framburð, skaftfellskan einhljóðaframburð og hv-framburð.

Skyggðu tölurnar benda ekki til þess að raddaður framburður og skaftfellskur einhljóðaframburður hafi verið á undanhaldi í máli ungmenna um það leyti sem RÍN var gerð. Hvað raddaðan framburð varðar er hins vegar mikilvægt að úrtakið í aldurshópunum dreifist á svipaðan hátt eftir svæðum. Það næst með því að draga mörkin milli 3. og 4. aldurshóps við miðjan 7. áratuginn. Um leið verður munur á þessum hópum marktækur eins og sýnt er í töflu 4-25. Hjá Skaftafellingum eru hins vegar fáir málhafar (23) fæddir 1946–1960 og þrátt fyrir nokkurn mun á einkunnum þeirra og yngstu málhafanna er hann ekki tölfræðilega marktækur. Með því að færa til aldursmörkin og fjölga þannig í þessum hópi verður skýrt að yngstu málhafarnir nota skaftfellskan einhljóðaframburð síður en þeir eldri.<sup>118</sup> Blá og græn skygging vísa til samanburðartölu í töflu 4-24.

Aldurshópar		Eyjafjarðarsýsla	Skaftafellssýslur
		Raddaður framburður	Einhljóðaframburður
1946-1965	1966-1971	0,031	
1941-1960	1961-1971		0,022

Tafla 4-25: *p*-gildi sem sýna að munur á einkunnum hópa 3 og 4 er tölfræðilega marktækur fyrir raddaðan framburð og skaftfellskan einhljóðaframburð ef aldursmörk eru dregin á annan hátt en í töflu 4-24.

Með þessum viðbótarupplýsingum má álykta að það gildi um öll afbrigðin að þau láta undan hjá yngsta fólkinu. Um leið þýðir það að raddaður framburður er eina afbrigðið sem víkur marktækt milli allra aldurshópanna sem bornir eru saman. Hjá harðmæli verður „uppstytt“ í undanhaldinu en á sama tíma nær kv-framburður flugi. Einhljóðaframburðurinn er hins vegar stöðugur allt til yngsta hópsins.

Niðurstöður þessa samanburðar á tveimur afbrigðum í Eyjafjarðarsýslu og tveimur í Skaftafellssýslum má draga saman á eftirfarandi hátt.

- **Harðmæli** virtist nokkuð stöðugt um 1980 en þó fékk yngsta fólkið lægstu einkunnina og greina mátti marktæka sókn línælis hjá því. Allar einkunnir voru þó lægri en í rannsókn Björns (1940+).
- Samanburður aldurshópa í RÍN (1980+) endurspeglar stöðugt og hratt undanhald **raddaðs framburðar**.

<sup>118</sup> Málhöfum fjölgar aðeins um þrjá, úr 23 í 26, og einkunn hækkar lítið, úr 167,3 í 168,8, en samanlagt duga þær breytingar til þess að munurinn verður marktækur.



- Á heildina litið er mikill munur á stöðu **skaftfellsks einhljóðaframburðar** 1940+ og 1980+. Samanburður yngsta hópsins í RÍN (1980+) við þá eldri endurspeglar einnig undanhald einhljóðaframburðarins en samanborið við raddaðan framburð og *hv*-framburð er hann seigur.
- Samkvæmt RÍN var ***hv*-framburður** á hröðu undanhaldi.

Nú er vert að minna á að í RÍN var þróun beggja norðlensku afbrigðanna skoðuð hjá sömu norðlensku málhöfunum. Það er því ljóst að hjá sömu Eyfirðingunum hafa norðlensku afbrigðin þróast á ólíkan hátt á heildina litið. Og það gerðist vitaskuld í sama samfélaginu. Þessi afbrigði eru hins vegar eðlisólík og viðhorfin til þeirra sömuleiðis ólík eins og fram kom í köflum 4.2.4, 4.2.5, 4.3.4 og 4.3.5. Þróun skaftfellsks einhljóðaframburðar og *hv*-framburðar var einnig könnuð hjá sama úrtakinu, þ.e. Skaftfellingum úr báðum sýslum. Þróun afbrigðanna er ólík eins og hjá Norðlendingunum og þau eru sömuleiðis eðlisólík, sbr. kafla 4.4.3 og 4.5.3. Ekki er þó hægt að segja að grundvallarmunur sé á viðhorfum til þeirra, sbr. kafla 4.4.4 og 4.5.4. Þau eru heldur neikvæðari í garð einhljóðaframburðarins en á móti kann að veða hversu ógreinilegur hann er. Slík afbrigði eru ekki eins útsett fyrir félagslegum öflum eins og þau sem eru greinilegri (sjá kafla 2.4.3).

Þróun raddaðs framburðar og *hv*-framburðar er hins vegar keimlík. Eiga þau eitthvað fleira sameiginlegt? Almennt eru viðhorf til þessara afbrigða svipuð, en Norðlendingar sjá sitt afbrigði neikvæðari augum. Málfræðilega eru þau mjög ólík. Skilgreina má muninn á rödduðum framburði og órödduðum svo sem hann byggist á regluvirkni en munurinn á *hv*- og *kv*-framburði virðist felast í orðasafninu. Hins vegar eiga þessi tilbrigðapör það sameiginlegt að blandað málumhverfi er flókið úrlausnarefni fyrir börn á máltökuskeiði.

Skaftfellskur einhljóðaframburður hefur þá sérstöðu að mikil breyting verður milli rannsóknar Björns og RÍN, sama hvaða kynslóð í RÍN er borin saman við niðurstöður Björns. Svo er að sjá sem tvíhljóðaframburður, eða öllu heldur blandaður framburður, hafi átt greiða leið inn í málkerfi fólks á öllum aldri milli rannsóknanna. Hins vegar er lítill kynslóðamunur í RÍN og það gildir einnig um harðmæli sem á hinn bóginn hefur haldist best milli rannsóknanna. Eiga þessi afbrigði eitthvað sameiginlegt sem getur skýrt líkindin hvað varðar dreifingu milli kynslóða og er eitthvað sem skilur þau að sem skýrir þann mun sem er á þróun þeirra? Viðhorf til þessara afbrigða eru ólík. Þau eru mjög jákvæð í garð harðmælis en hins vegar heldur neikvæð í garð einhljóðaframburðarins. Ýmislegt bendir til þess að viðhorfin hafi stuðlað að varðveislu harðmælis en á hinn bóginn er líklegra að ógreinileiki einhljóðaframburðarins dragi úr vægi viðhorfa til hans. Samanborið við raddaðan framburð og *hv*-framburð, þar sem blandað umhverfi felur í sér vandtúlkaðar upplýsingar, eiga harðmæli og einhljóðaframburður það sameiginlegt að tiltölulega auðvelt virðist að tileinka sér breytileika í blönduðu málumhverfi. Það gæti skýrt þá seiglu sem birtist í litlum kynslóðamun í RÍN sem bætist þá „ofan á“ jákvæð viðhorf í tilviki harðmælisins. Um leið getur þetta skýrt ólíka þróun afbrigðanna milli rannsóknar Björns og RÍN. Það er nefnilega ekki bara auðvelt að tileinka sér blandaðan einhljóða- og tvíhljóðaframburð heldur virðast víxl sem birtast í beygingarmynstri orða beinlínis

stýðja við breytileika. Segja má að í blönduðu málumhverfi sé innri breytileiki ráðandi, þ.e. að málfarar skipti milli einhljóðs og tvíhljóðs, en það sé einnig nokkurs konar innri breytileiki í sjálfu málkerfinu. Þarna er því hvati til breytilegs framburðar sem harðmæli býr ekki yfir. Þetta gæti skýrt hvers vegna almenn málbreyting reið yfir skaftfellskt málsamfélag eftir að tvíhljóðaframburður hafði skotið nokkrum rótum. Blandaður framburður var í raun orðinn algengur þegar Björn var á ferðinni þó að hlutföllin milli einhljóða- og tvíhljóðaframburðar væru þeim fyrrnefnda mjög í vil (sbr. *töflu 4-20*) nema hvað varðar *e+gi* (sjá Björn Guðfinnsson 1964:143). Brautin hafði því verið rudd.

Áður en skilist er við þessa umfjöllun eru helstu atriðin sem sameina afbrigðin eða skilja þau að dregin saman í *töflu 4-26*. Í efri hluta töflunnar koma fram þau atriði sem fjallað var um fyrir hvert afbrigði og gerð er óformleg tilraun til að meta hvort þau séu líkleg til að stuðla að stöðugleika með því að gefa þeim 1–4 stig. Til að stigafjöldinn hafi sams konar merkingu eru gefin stig fyrir „ógreinileika“. Mörg stig fyrir greinileika væru ekki vísbending um að líkur væru á stöðugleika heldur gætu bent til þess að afbrigðið væri merki en þau eru útsett fyrir stimplun eða stigmatísingu. Með því að leggja mat á „ógreinileika“ fela mörg stig í efri hluta töflunnar því í öllum tilvikum í sér spá um að afbrigðið standi tiltölulega traustum fótum. Í neðri hluta töflunnar er sú spá prófuð með því að meta þróunina á sama kvarða.

	Harðmæli	Raddaður framburður	Hv-framburður	Skaftf. einhlj.-framburður
<b>Mælt með til samræmingar</b>	4	2	4	2
<b>Jákvæð almenn viðhorf</b>	4	2	2	1
<b>Ógreinilegt (vísir)</b>	3	1	2	4
<b>Einfalt að tileinka sér í blönduðu umhverfi</b>	3	1	1	4
<b>Samanlagt fyrir viðhorf, greinileika og einfaldleika</b>	<b>10</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>9</b>
<b>Helst vel hjá BG-kynslóð</b>	4	3	2	1
<b>Helst vel milli kynslóða í RÍN</b>	4	1	1	3

Tafla 4-26: Líkur á stöðugleika afbrigða metnar á kvarðanum 1–4 í ljósi umfjöllunar í köflum 4.2 til 4.4 og þróunin metin á sama kvarða.


Hér sést að þau afbrigði þar sem kynslóðamunur er minnstur í RÍN, harðmæli og einhljóðaframburður, fá samanlagt fleiri stig fyrir þau atriði sem stuðlað gætu að varðveislu þeirra heldur en raddaður framburður og hv-framburður. Skyggða línan er undanskilin í samlagningunni. Þannig er litið fram hjá því með hvaða afbrigðum var mælt til samræmingar og litið svo á að almenn viðhorf endurspegli að einhverju leyti hver áhrif þeirra urðu og vegi þyngra. Þá fá harðmæli og einhljóðaframburður 10 og 9 stig en raddaður framburður og hv-framburður 4 og 5 stig.

Í töfluna – og alla umfjöllunina – vantar tilfinnanlega eitt atriði sem rannsóknir hafa sýnt að vegur þungt í þróun málbreytinga, sjálft samfélagið. Það virðist til að mynda rakið að kanna hvort skýringar á mishröðum sóknarskeiðum liggi þar. Og þó að í fljótu bragði mætti kannski álykta að þróun samfélagsins geti varla skýrt mun á þróun tveggja afbrigða hjá sama fólki á sama svæði kemur fleira til þegar kafað er dýpra. Nú viku sögunni að því.

## 4.7 Þróun samfélagsins

## 4.7.1 Inngangur

Þróun landshlutabundnu afbrigðanna sem lýst var hér að framan er rifjuð upp á myndriti 4-13. Línur sýna samanburð aldurshópa í RÍN en stakir punktar meðaleinkunn hjá Birni Guðfinnssyni. Undir er annars vegar allt svæðið norðanlands (þ.e. Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Þingeyjar-sýslur) og hins vegar Skaftafellssýslur. Myndritið sýnir að öll afbrigðin hörfuðu milli rannsóknar Björns Guðfinnssonar og RÍN. Meðaleinkunn hjá Björnskynslóðinni, sem fæddist um 1930, er í öllum tilvikum lægri í RÍN en í rannsókn hans. Yngsta fólkið fær sömuleiðis lægri einkunn í RÍN en eldri hópar. Mishratt fall grænu línunnar, fyrir raddaðan framburð, dregur þó fram tvö skeið þar sem undanhaldið var harðara en í millitíðinni. Á milli sömu aldurshópa rís línan fyrir harðmæli eilítið. Þó að mikill munur sé á þróun þessara afbrigða eiga þau það sameiginlegt að þarna má greina tímabil um eða upp úr miðri öld sem hægt er að kalla stöðugleikaskeið, eða hægara sóknarskeið línælis og óraddaðs framburðar.<sup>119</sup> Skaftfellskur einhljóðaframburður hefur þá sérstöðu að hjá öllum aldurshópum eru einkunnir mun lægri í RÍN en í rannsókn Björns. Samanburður aldurshópa í RÍN sýnir stöðugt undanhald *hv*-framburðar.




Myndrit 4-13: Samanburður milli aldurshópa í RÍN þar sem sýnd er þróun norðlenskra afbrigða hjá Norðlendingum og skaftfellskra afbrigða hjá Skaftfellingum. Stakir punktar sýna meðaleinkunn í rannsókn Björns.

Í umfjöllun um mun á þróun harðmælis og raddaðs framburðar voru færð nokkur rök fyrir því að hann mætti að einhverju leyti rekja til ólíkra viðhorfa og þess að málbreytingarnar eru málfræðilega ólíkar. Þessi atriði skýra þó ekki að öllu leyti þróun norðlensku afbrigðanna. Þó að málfræðilegur munur segi í sumum tilvikum meira til sín eftir því sem blönduðum framburði vex ásmegin sveiflast hann ekki fram og til baka eftir tímaskeiðum. Ekki eru heldur tiltækar heimildir um að viðhorf hafi verið önnur á Akureyri og Siglufirði en annars staðar á svæðinu, þó að svo megi vera, en þessir bæir skáru sig úr í rannsókn Björns miðað við það sem gerðist og

<sup>119</sup> Stöðugleikaskeið raddaðs framburðar um miðbikið helgaðist einkum af sérstöðu Suður-Þingeyjarsýslu. Þetta var dregið fram við samanburð aldurshópa á myndriti 4-7. Þar kom þó einnig fram mishröð sókn óraddaðs framburðar þó að Suður-Þingeyjarsýsla væri undanskilin í samanburðinum.

gekk á kjarnasvæðinu, sérstaklega hvað varðar sterka stöðu óraddaðs framburðar, en að nokkru leyti línælis. Þetta sést á myndriti 4-14.



Myndrit 4-14: Staða harðmælis og raddaðs framburðar í rannsókn Björns Guðfinnssonar í tveimur stærstu bæjum norðanlands og í nágrenninu.

Hér virðist að fleiru að hyggja en málfræðilegum mun og viðhorfum. Í næsta kafla, 4.7.2, verður því sjónum beint að Norðurlandi og lítið til ýmissa þátta sem rannsóknir hafa sýnt að hafa skýringargildi fyrir þróun málbreytinga. Nánar tiltekið verður hugað að þróun norðlensks samfélags allt frá upphafi 20. aldar með áherslu á mannfjölda-, byggða- og atvinnuþróun.<sup>120</sup>

Þó að staðbundin framburðarafbrigði hörfuðu einnig á Suðausturlandi milli rannsókna Björns og RÍN var þar margt með öðru sniði en norðanlands, bæði hvað varðar þróun máls og samfélags. Að því verður hugað í kafla 4.7.3. Þar fær umfjöllun um samgöngur talsvert vægi. Þó að hún eigi að nokkru leyti einnig við um Norðurland – og landið allt – er henni valinn staður í kafla um Suðausturland því að þar endurspeglar samgöngubætur einkar vel hvernig íslenskt samfélag tók stakkaskiptum á mörgum sviðum. Sömuleiðis er vikið að fræðslu- og skólamállum og spurt hvort breytingar hafi verið til þess fallnar að ýta undir einhvers konar stöðlun eða samræmingu framburðar og stuðlað að auknum hreyfanleika ungs fólks.

Sú mynd sem dregin var upp af þróun framburðar í þessum kafla nær aðeins fram á 9. áratuginn en í 5. kafla verður fjallað um framhaldið eins og það birtist í RAUN-rannsókninni. Í lokakaflanum, 4.7.4, er því vikið að þróun samfélagsins á síðari tímum.

## 4.7.2 Norðurland (eystra)

### 4.7.2.1 Inngangur

Í þessum kafla verða leidd rök að því að bæði sókn línælis og óraddaðs framburðar fram eftir 20. öld og sveiflur sem greina má í þessari sókn rími við ýmsa þróun samfélagsins, bæði vöxt

<sup>120</sup> Hér má minna á grein Helga Guðmundssonar (1977) um ytri aðstæður íslenskrar málþróunar. Þar nefnir hann ýmis atriði sem hafi leitt til þess að íslenska breyttist tiltölulega lítið en breytingar jafnframt gjarna breiðst út til alls landsins. Meðal þess sem ber á góma eru samgöngur, atvinnuhættir, byggðamynstur, búferlaflutningar og flakk (sjá einnig Stefán Ólafsson 1992, Stefán Einarsson 1932a:48–50). Allt kemur þetta við sögu í þessum kafla.

bæja og hreyfanleika fólks sem tengdist atvinnulífinu. Einnig verður gerð tilraun til að meta uppruna aðfluttra með tilliti til framburðar þeirra. Leiddar verða líkur að því að þetta geti að einhverju leyti skýrt sterkari stöðu óraddaðs framburðar og linmælis í stærstu bæjum, þ.e. Akureyri og Siglufirði, en í dreifðari byggðum, eins og fram kom í rannsókn Björns, en jafnframt þann mikla mun sem var á afbrigðunum að þessu leyti. Þó að tíðni linmælis væri hærri í þessum bæjum en í nágrenninu var munur á rödduðum og órödduðum framburði meiri.

Vísað verður til ýmissa heimilda jafnharðan sem styðja gildi þessara athugana en undirliggjandi spurningar eru:

- (4-4) a. Kallast ólík sóknarskeið linmælis og óraddaðs framburðar á við einhvers konar sveiflur í samfélaginu?  
 b. Hvernig breyttist samfélagsgerðin með tilliti til búsetu/þéttbýlismyndunar?  
 c. Hversu hreyfanlegt var fólkið?  
 d. Frá hvaða málsvæðum (framburðarsvæðum) komu aðfluttir og hvar settust þeir að?

#### 4.7.2.2 Vöxtur bæja

Öll 20. öldin einkenndist af vexti þéttbýlis á kostnað sveitanna. Mestu umskiptin urðu þó á fyrri hluta aldarinnar. Árið 1900 bjó um fimmtungur þjóðarinnar í þéttbýliskjörnum eða bæjum með 50 íbúum eða fleiri en hálfri öld síðar gildi það um þrjá af hverjum fjórum landsmönnum. Hér munaði mestu um vöxt höfuðborgarinnar en þáttur fjölmargra bæja vítt um landið var einnig veigamikill. Norðurland var engin undantekning. Árið 1950 voru um 65% íbúa á Norðurlandi eystra komin í þéttbýli (sjá *Hagskinnu* bls. 90–91, 104–107).

Ekki er úr vegi að spyrja hvort sókn linmælis og óraddaðs framburðar hafi verið bæjunum „að kenna“? Það hefur einmitt lengi legið fyrir að borgir og bæir leika iðulega stórt hlutverk í útbreiðslu málbreytinga. Orsakirnar eru ýmsar. Í bæjum er samfélagið gjarna fjölbreyttara, meðal annars vegna aðkomufólks. Fólkið er einnig hreyfanlegra og félagstengsl ekki eins sterk og í dreifbýli. Bæirnir eru miðstöðvar þangað sem nýir og stundum langt að komnir straumar liggja og íbúarnir eru móttækilegri fyrir þeim en gerist og gengur í einsleitari og kyrrstæðari byggðum. Um leið hafa þeir sem þjónustukjarnar áhrif á smærri bæi og dreifbýli (sjá t.d. Taeldeman 2005:263–283, Milroy og Milroy 1992, Chambers og Trudgill 1998:166–186).


Vísbending um slíkt forystuhlutverk norðlenskra bæja gæti falist í því að í rannsókn Björns var harðmæliseinkunn marktækt lægri á Akureyri en í Eyjafjarðarsýslu ( $p=0,018$ ) og sömuleiðis var hún lægri á Siglufirði en í sveitum Skagafjarðar austan Vatna ( $p=0,019$ ) og Eyjafjarðar ( $p=0,005$ ).<sup>A-9</sup> Enn meiri var munurinn þegar litið er til raddaðs framburðar (sbr. *töflu 4-9*).<sup>121</sup>

Orsakir fyrir hröðum vexti bæja á fyrri hluta aldarinnar eru margþættar. Þegar landsmönnum fjölgaði þraut jarðnæði í sveitum. Margir kusu þá að flytja á mölina frekar en að fara

<sup>121</sup> Siglufjörður er á mörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslu og um leið Norðurlands vestra og eystra. Milli svæðanna hafa löngum legið kjördæmamörk en misjafnt hvorum megin þeirra Siglufjörður hefur legið. Þegar Björn var þar á ferð var bærinn nýorðinn sjálfstætt kjördæmi en fylgdi áður Norðurlandi eystra. Árið 1959 var hann felldur undir Norðurland vestra en hefur frá 2000 tilheyrt Norðausturkjördæmi. Þó að ekki séu tók á að grandskoða málþróun á Siglufirði eftir rannsókn Björns sýnir sérstæða bæjarins í rannsókn hans að rík ástæða er til að beina sjónum þangað í þessari umfjöllun um þróun samfélagsins þó að hún snúist að öðru leyti einkum um Norðurland eystra.

í vinnumennsku. Þorpin spruttu einkum upp við sjávarsíðuna enda stækkuðu skipin og vélvæddust þannig að meiri afli kom að landi sem krafðist vinnufúsra handa. Um leið og fólkinu fjölgaði urðu einnig til störf í verslun og þjónustu (sjá t.d. Guðmund Hálfðanarson 1993:20–27, Axel Hall o.fl. 2002:39–44).

Á fyrri hluta aldarinnar fjölgaði íbúum á Norðurlandi eystra heldur hægar en landsmönnum í heild. Munurinn var þó lengst af lítill eins og fram kemur á myndriti 4-15 þar sem sýnd er hlutfallsleg fjölgun íbúa á Norðurlandi eystra (að meðtaldri Akureyri) og á landinu í heild og línurnar falla nánast saman. Fjölgunin norðanlands varð hins vegar öll í bæjum. Á Akureyri voru íbúarnir orðnir fleiri en 1000 þegar um aldamótin og Siglufjörður náði því marki árið 1916. Þetta voru stærstu bæirnir og báðir einkenndust af mikilli mannfjölgun á fyrri hluta 20. aldar – og einmitt þar voru einkunnir fyrir norðlensk framburðarafbrigði lægri en á svæðum í nágrenninu. Vöxtur Akureyrar er sýndur á myndritinu<sup>122</sup> og vert að vekja athygli á því hvernig hægir á fjölguninni á 6. áratugnum.



*Myndrit 4-15:* Þróun mannfjölda 1901–1990 á Akureyri (Akureyrarþéttbýli), Norðurlandi eystra (með Akureyri) og landinu öllu. Tölur eru fundnar á vef Hagstofu Íslands og í *Hagskinnu* (bls. 77, 79–80, 94–119). Byggt er á tölum um byggðakjarna og strjálbýli (Akureyri) og sveitarfélög (stærri svæði).<sup>123</sup>


Vöxt Akureyrar má meðal annars rekja til þess að á tímum strandsiglinga varð þar miðstöð fyrir Norðurland og Austfirði og á grundvelli þess sköpuðust forsendur fyrir aukinni verslun og þjónustu (Ásgeir Jónsson 2003, Axel Hall o.fl. 2002:65). Hlutverk bæjarins sem höfuðstaðar

<sup>122</sup> Byggt er á tölum Hagstofunnar um „Akureyrarþéttbýli“ því að þar er Glerárþorp talið með frá því fyrir sameiningu þess og Akureyrar árið 1955. Upplýsingar um mannfjölda þar ná þó aðeins aftur til 1911 (157 íbúar). Grein Lárusar Zophoníassonar (1980) var nýtt til að fylla í skarðið. Þar er uppbygging þorpsins rakin hús fyrir hús og með samanburði við manntölin 1901 og 1910 fékkst út að íbúar hefðu verið 82 árið 1901 og 151 árið 1910. Þeim fjölda var bætt við skrár Hagstofunnar og þannig fundinn út fjöldi í „Akureyrarþéttbýli“ allt frá 1901.

<sup>123</sup> Vandasamt er að velja samanburðartölur. Hjá Hagstofunni og í *Hagskinnu* má finna upplýsingar um mannfjölda eftir sveitarfélögum en önnur flokkun greinir að einstaka byggðakjarna og strjálbýli. Vegna ólíkra aðferða (m.a. tímasetningar talningarinnar) ber þessu ekki alltaf saman. Að auki er sérstakur vefur á vegum Hagstofunnar, *Sögulegar hagtölur*. Í eftirfarandi umfjöllun um vöxt bæja er að verulegu leyti byggt á þeim upplýsingum því að þær ná í sumum tilvikum lengst aftur. Til að bera saman svæði og landið allt þarf hins vegar að byggja á upplýsingum í skrár Hagstofunnar um sveitarfélög. Í þessu felst eilítil skekkja sem breytir engu fyrir þá heildarmynd sem markmiðið er að sýna, þ.e. hvernig bæir vaxa á köflum langt umfram fjölgun landsmanna.

Norðurlands, miðstöðvar stjórnsýslunnar, styrkti hann einnig í sessi. Stríðsárin voru svo kapítuli út af fyrir sig. Vera hersins skapaði fjölda starfa á Akureyri og dró þannig að sér fólk þó að húsnaðisekla kunni að hafa vegið eitthvað á móti (sjá Jón Hjaltason 2009:34–37, 77–83). Milli 1920 og 1950 þrefaldaðist íbúafjöldinn.

Síldin var drifkraftur alls á Siglufirði. Þar bjuggu liðlega 1000 manns árið 1920 en tæplega 3000 tveimur áratugum síðar. Eftir það syrti í álinn eins og *myndrit 4-16* sýnir. Á því má einnig sjá samanburð við Skagafjarðarsýslu (án Siglufjarðar), Norðurland eystra og landið allt.




*Myndrit 4-16*: Þróun mannfjölda 1901–1990 á Siglufirði, Norðurlandi eystra (að meðtaldri Akureyri), Skagafjarðarsýslu og landinu öllu. Tölur um Siglufjörð eru fundnar á vefnum *Sögulegar hagtölur* (byggðakjarnar og strjálbýli), en aðrar hjá Hagstofunni (sveitarfélög), sjá einnig *Hagskinnu* (bls. 77, 79–80, 94–119).

Á *myndritum 4-15* og *4-16* sést að í aðdraganda rannsóknar Björns fjölgaði fólki gríðarlega í þessum tveimur bæjum. Það eitt og sér kallast vel á við þá sérstöðu þeirra hvað norðlensku afbrigðin varðar sem fram kom í rannsókninni en hér á eftir verður einnig skoðað hvaðan fólkið kom.

Íbúum fjölgaði einnig í öðrum norðlenskum bæjum, einkum milli 1920 og 1950. Þetta er dregið fram á *myndriti 4-17* en þar er þó sýndur fjöldi íbúa en ekki hlutfallsleg fjölgun því að í sumum tilvikum er um mjög fátt fólk að ræða þó að því fjölgi hratt. Á Dalvík fimmfaldaðist til að mynda íbúafjöldinn á fyrsta áratugnum, en þar voru þó aðeins 74 árið 1910. Hvergi var hraðari fjölgun en þar, hundraðföldun á 90 árum.<sup>124</sup> Þrátt fyrir þetta er ekki hægt að túlka niðurstöður Björns svo að linmæli eða óraddaður framburður hafi almennt náð meiri fótfestu á þessum stöðum en í nærliggjandi dreifbýli. Til að mynda var meðaleinkunn fyrir raddaðan framburð í Ólafsfirði með því hæsta sem gerðist (199,8).

<sup>124</sup> Rétt er þó að geta þess að upplýsingar um íbúafjölda á Dalvík á fyrri hluta aldarinnar eru ekki nákvæmar. Það gildir raunar um fleiri þorp og bæi. Stundum tekur að vaxa byggð utan við byggðakjarnann sem að lokum rennur saman við hann. Glerárþorp og Akureyri eru skýrasta dæmið um það.



Myndrit 4-17: Fjöldi íbúa 1901–1990 í nokkrum bæjum á kjarnasvæði harðmælis og raddaðs framburðar.

Á myndritum 4-15 til 4-17 sést að um miðja öldina hægir á vexti margra bæja og þorpa. Á 6. áratugnum gildir það um Akureyri, Þórshöfn og Ólafsfjörð, en einnig Dalvík. Vöxtur Dalvíkur milli 1950 og 1960 samkvæmt myndriti 4-17 stafar að hluta til af breyttum mörkum milli þéttbýlis og dreifbýlis. Á sama tíma hættir mannfjölgun á Norðurlandi eystra að halda í við landið allt. Á Siglufirði hægði á þegar á 5. áratugnum og í kjölfarið tók fólki að fækka (sbr. myndrit 4-16).

Á heildina litið er gott samræmi milli vaxtar bæja og þeirrar sóknar linnælis og óraddaðs framburðar sem RÍN leiddi í ljós. Það er ekki síður athyglisvert að skil í vexti bæja um og upp úr miðri öld kallast á við „millitímabilið“ sem greina má í sókn linnælis og óraddaðs framburðar (sjá myndrit 4-3 og 4-7). Þetta „stöðnunarskeið“ og framhald þess verður skoðað betur í kafla 4.7.2.5 en fyrst verður litið á fyrri hluta aldarinnar frá öðru sjónarhorni. Þó að vöxtur bæja einn og sér sé athyglisverður og geti haft skýringargildi, meðal annars vegna þeirra breytinga á samfélagsgerðinni sem slíku umróti fylgja, er ekki síður mikilvægt að kanna hvaðan fólkið kemur. Um það fjallar næsti kafli.

#### 4.7.2.3 Uppruni aðfluttra á fyrri hluta 20. aldar

Áhrif búferlaflutninga á málbreytingar eru alþekkt, enda leiða þeir jafnan til aukins eða nýs samgangs milli mála og mállýskna (e. *language/dialect contact*). Nánar tiltekið hafði aðflutningur fólks frá öðrum málsvæðum (framburðarsvæðum) til Norðurlands í för með sér að málnotendur sem höfðu norðlensku máleinkennin komust í nánari og tíðari tengsl við málnotendur sem notuðu linnæli og óraddaðan framburð. Það gildir einnig í hina áttina, hinir aðfluttu komast í kynni við mál heimamanna. Slíkur samgangur mála og mállýskna er þekktur fyrir að leiða til aðlögunar (e. *accommodation*) milli málnotenda, eins og fjallað var um í kafla 2.2.5 og slík aðlögun getur aftur leitt til varanlegrar breytingar hjá málnotendum og þannig stuðlað að útbreiðslu máleinkenna. Af fjölbreyttri flóru umfjöllunar um málbreytingar, flutninga og samgang máls og mállýskna verður látið nægja að nefna nokkur dæmi: Gott yfirlit er að finna hjá Paul Kerswill (2004), rannsóknir



Peters Trudgills eru víðfrægar (t.d. 1983, 1986, 1994, 2009) en einnig hafa þeir skrifað saman og með öðrum, til dæmis Kerswill og Trudgill (2005), Britain og Trudgill (2000), Chambers og Trudgill (1998) og frá þeim síðastnefndu má einnig geta Chambers (1992) og Britain (2004). Sú athugun sem hér fer á eftir er þó undir mestum áhrifum af skrifum Helge Sandøy (2000, 2004, 2016:67–70) sem hefur bent á mikinn mun á málþróun í bæjunum Tyssedal og Odda í Hörðalandi í Noregi og tengt hann við uppruna aðfluttra (sjá einnig skylda umfjöllun hjá Trudgill 2010:170–174). Í Odda var hlutfall aðfluttra úr nágrenninu og Vestur-Noregi miklu hærra en í Tyssedal, þar sem aftur hátt hlutfall kom frá Austur-Noregi. Þetta skilaði sér skýrt í málinu. Vesturnorsk einkenni eru ríkari í Odda, en austurnorskra áhrifa gætir meira í Tyssedal.

Þó að aðfluttir geti haft áhrif á mál fullorðins fólks er ekki síður – og ef til vill enn frekar – ástæða til að skoða málfarspottinn sem til verður og áhrif hans á máltileinkun barna. Í málfarspottinum, sem bar á góma í kafla 2.3.6, er að finna þau málbrigði sem eru notuð í mál-samfélaginu og þar með það sem börn á máltökuskeiði hafa úr að velja. Randi Neteland rannsakaði tvö málsamfélög í Noregi þar sem hlutfall aðfluttra var hátt, Sauda og Årdal. Í málfarspottinum réð því fjölbreytni ríkjum. Hún telur að málþróun í slíkum samfélögum ráðist mjög af máltileinkun barna hinna aðfluttu og næstu kynslóða sem byggist að umtalsverðu leyti á tíðni afbrigða. Af því má ráða hversu miklu skiptir hve hátt hlutfall aðfluttra er og hvaðan þeir koma – og þá um leið hvaða málbrigði þeir bera með sér (sjá Neteland 2014:28, 32–34 og víðar, einnig Mufwene 2001:4–6, Sandøy 2018).

Þar sem munur var á tíðni harðmælis og raddaðs framburðar í rannsókn Björns Guðfinnssonar á Akureyri og Siglufirði annars vegar og nágrenninu hins vegar (sbr. *töflu 4-3 og 4-9*) verður nú spurt:

- (4-5) a. Getur uppruni aðfluttra skýrt af hverju tíðni óraddaðs framburðar og linmælis var hærri í stærstu bæjum, þ.e. á Akureyri og Siglufirði, en í nágrenninu í rannsókn Björns?  
 b. Getur uppruni aðfluttra skýrt af hverju þessi munur var meiri hvað varðar óraddaðan framburð?  
 c. Getur uppruni aðfluttra skýrt af hverju tíðni beggja afbrigða var lægri á Siglufirði en á Akureyri?

Það er langt í frá svo að hægt sé að sjá til að mynda hversu margir sem notuðu óraddaðan framburð fluttu til Akureyrar á tilteknu árabili. Í fyrsta lagi eru ekki fyrir hendi flutningstölur sem sýna nákvæmlega hve margir komu frá einstökum svæðum. Í öðru lagi er ekki vitað hvaða framburð þeir notuðu. Hér þarf því nokkra talnaleyfimi.

Þó að ekki sé völ á eiginlegum flutningstöllum er hægt að tína til ýmsar upplýsingar um uppruna aðfluttra í norðlenska bæi og þá einna helst Akureyri þar sem hægt er að fylgjast með breytingum á tímabilinu 1920–1950. Á þessu skeiði fjölgaði Akureyringum mun meira en landsmönnum í heild og var munurinn mestur á 3. áratugnum. Þá fjölgaði landsmönnum um 15% en yfir 60% á Akureyri (tölur byggðar á upplýsingum um mannfjölda eftir sveitarfélögum á vef Hagstofunnar, sjá einnig *Hagskinnu* bls. 77–81). Í manntölum frá 1920, 1930, 1940 og 1950 má sjá hvar þeir sem bjuggu á Akureyri á hverjum tíma voru fæddir. Því er hægt að kanna

hvort aðfluttum fjölgar hlutfallslega á þessu tímabili og að nokkru marki hvort þeir koma frá öðrum málsvæðum.<sup>125</sup> Sé svo má leiða líkur að því að það hafi leitt til aukinnar tíðni linmælis og óraddaðs framburðar í málsamfélaginu og þannig haft áhrif á mál þeirra sem fyrir voru og máltileinkun nýrra kynslóða.


Þó að líklegast sé að langt að komnir hafi notað linmæli og óraddaðan framburð er meiri óvissa um aðra. Ekki er gott að vita hvaða afbrigði aðfluttir Skagfirðingar notuðu og þar með ekki hvaða áhrif þeir höfðu á málfarspottinn á Akureyri eða Siglufirði. Í *töflu 4-27* sést tilraun til að meta slík áhrif á raddaðan framburð. Tekið er mið af niðurstöðum Björns Guðfinnssonar enda ekki völ á öðrum upplýsingum um tíðni framburðarafbrigða á fyrri hluta aldarinnar. Samkvæmt athugun á spjöldum Björns fengu Eyfirðingar meðaleinkunnina 192,2 sem felur í sér að úrtakið í heild hafi notað raddaðan framburð í 92,2% tilvika (sbr. *töflu 4-9*). Á grundvelli þess er áætlað að af hverjum 100 Eyfirðingum sem fluttu til Akureyrar eða Siglufjarðar hafi 92% notað raddaðan framburð en 8% óraddaðan framburð. Þetta mætti eins orða svo að hver aðfluttur Eyfirðingur hafi notað raddaðan framburð í 92% tilvika. Eins er farið með önnur svæði eftir föngum. Til dæmis er gert ráð fyrir því að Akureyringar sem fluttu til Siglufjarðar hafi notað raddaðan framburð í 58% tilvika en hjá Siglufirðingum sem fóru til Akureyrar er hlutfallið 46%. Hvort tveggja er byggt á fyrrnefndum meðaleinkunnum. Vitaskuld er hér aðeins um nokkurs konar ágiskun að ræða – ekki er hægt að vita með vissu hvernig þessi hlutföll voru og þar að auki er líklegt að þau hafi breyst eitthvað yfir tímabilið – en þó er þetta tilraunarinnar virði því að eins og fram kom í *töflu 4-9* var mikill munur á stöðu raddaðs framburðar á Akureyri og Siglufirði annars vegar og í Eyjafjarðarsýslu hins vegar.

Áætlað hlutfall raddaðs framburðar í máli fólks eftir uppruna	Áætlað hlutfall óraddaðs framburðar í máli fólks eftir uppruna
Eyjafjarðarsýsla: 92%	Eyjafjarðarsýsla: 8%
Þingeyjarsýslur: 90%	Þingeyjarsýslur: 10%
Akureyri: 58%	Akureyri: 42%
Siglufjörður: 46%	Siglufjörður: 54%
Skagafjarðarsýsla (með Sauðárkróki): 44%	Skagafjarðarsýsla (með Sauðárkróki): 56%
Norður-Múlasýsla (án Seyðisfjarðar): 67%	Norður-Múlasýsla (án Seyðisfjarðar): 33%
	Önnur svæði: 100%

*Tafla 4-27:* Áætlað hlutfall raddaðs framburðar í máli fólks sem flutti til Akureyrar, Siglufjarðar og Eyjafjarðarsýslu 1920–1940/1950 eftir því hversu mikið var um raddaðan framburð á upprunasvæði þess samkvæmt rannsókn Björns Guðfinnssonar.

<sup>125</sup> Í umfjöllun um vöxt bæja var byggt á upplýsingum Hagstofunnar og *Hagskinnu* um byggðakjarna og strjálbýli því að þær eru ítarlegastar um minni þéttbýliskjarna. Manntöl eru nýtt í þessum kafla til að finna skiptingu þjóðarinnar eftir fæðingarstað og því eru tölur um mannfjölda byggðar á flokkun eftir sveitarfélögum bæði í *Hagskinnu* og hjá Hagstofunni. Þær stemma við manntölin. Til að finna skiptingu þjóðarinnar eftir fæðingarstað er byggt á *Manntali 1920:58–61*, *Manntali 1930:55–59*, *Manntali 1940:49–61*, *Manntali 1950:34–51*. Sem dæmi um upplýsingar sem hægt er að vinna upp úr manntölunum má nefna Akureyri 1950. Þar bjuggu 7.188 og fram kemur að 2.945 þeirra fæddust á Akureyri. Þeir voru því innfæddir en aðrir aðfluttir og hægt er að sjá að 1.518 fæddust í Eyjafjarðarsýslu, 786 í Þingeyjarsýslum, 303 í Skagafjarðarsýslu og svo mætti áfram telja (sjá *Manntal 1950:38*). Þetta má bera saman við fyrri manntöl og sjá hvernig hlutföll hafa breyst. Munurinn sýnir þó ekki nákvæmlega hversu margir fluttu til Akureyrar frá tilteknu svæði. Þó að 1.518 Eyfirðingar hafi búið á Akureyri 1950 en 1.386 árið 1940 er ekki þar með sagt að 132 Eyfirðingar hafi flutt þangað á einum áratug (sjá *Manntal 1940:50*). Einhverjir sem töldust með 1940 voru dánir 1950 eða fluttir annað.

*Myndrit 4-18* er byggt á þessari flokkun og sýnir til dæmis að árið 1920 er áætlað að um 45% Akureyringa hafi flutt þangað með raddaðan framburð í farteskinu (grænn borði). Flestir voru úr Eyjafjarðarsýslu en eins og sýnt var í *töflu 4-27* falla 92% þeirra í þennan flokk. Næstir komu innfæddir Akureyringar (blár borði), um þriðjungur. Nærri fjórðungur íbúanna telst hafa flutt þangað með óraddaðan framburð (rauður borði). Ýmist er þar um að ræða tiltekið hlutfall frá röddunarsvæðinu (til dæmis 8% Eyfirðinga) eða fólk sem kom lengra að. Árið 1930 höfðu þessi hlutföll lítið breyst en upp úr því fer innfæddum Akureyringum að fjölga hlutfallslega en það liggur í hlutarins eðli að mörg barnanna áttu aðflutta foreldra. Jafnframt endurspeglar tölurnar að á 4. og 5. áratugnum dró úr straumnum til Akureyrar, bæði frá röddunarsvæðinu og annars staðar að.



*Myndrit 4-18*: Uppruni Akureyringa, Siglufirðinga og Eyfirðinga 1920–1940/1950 eftir því hvort þeir voru innfæddir, aðfluttir með raddaðan framburð eða aðfluttir með óraddaðan framburð. Akureyri er eina svæðið þar sem völ er á upplýsingum til 1950.

Samkvæmt fyrrnefndum upplýsingum um uppruna íbúa bjuggu hlutfallslega fleiri innfæddir á Siglufirði árið 1920 en á Akureyri. Þetta endurspeglar langur blár borði hjá Siglufirðingunum á *myndriti 4-18*. Líklegt er að margir þeirra hafi átt aðflutta foreldra því að Siglufjörður óx gríðarlega áratuginum á undan. Græni borðinn er hins vegar styttri hjá Siglufirðingum því að þangað komu hlutfallslega færri frá megin svæði raddaðs framburðar. Meginmunurinn á bæjunum liggur því í skiptingunni milli innfæddra og aðfluttra frá röddunarsvæðinu.

Þegar litið er til Eyjafjarðarsýslu gjörbreytist myndin. Á tímabilinu 1920–1940 þegar 23–34% Akureyringa og Siglufirðinga voru aðflutt með óraddaðan framburð (rauðir borðar) gildi það aðeins um 7–13% íbúa Eyjafjarðarsýslu miðað við þær forsendur sem hér eru notaðar við útreikninga. Við lok þessa skeiðs er orðinn mikill munur á rödduðum framburði í Eyjafjarðarsýslu og bæjunum þar sem jafnvel börn ættuð í báðar ættir af röddunarsvæðinu notuðu alfarið

óraddaðan framburð. Enginn slíkur fannst í Eyjafjarðarsýslu (sjá Björn Guðfinnsson 1964:31–34). Hér er því óraddaði framburðurinn farinn að „lifa sjálfstæðu lífi“ í bæjunum. Hann þarf ekki (nýja) innflytjendur til.

Vert er að geta þess að Helge Sandøy (2004:61) telst til að langt að komnir, þ.e. þeir sem nota aðra mállýsku en heimamenn, þurfi að nema allháu hlutfalli af íbúafjöldanum til að hafa áhrif á málið á viðkomandi stað. Hlutfall þeirra þarf að rísa yfir nokkurs konar þröskuld sem hann miðaði við að gæti verið 35% af íbúafjöldanum. Á Siglufirði er hlutfallið nálægt þessu bæði 1930 og 1940, en heldur lægra á Akureyri. Talsverð óvissa er þó í mæliaðferðinni, auk þess sem þröskuldurinn 35% er ekki greypur í stein.

Hér er um að ræða tilraun til að greina hve hátt hlutfall aðfluttra er líklegt til að hafa borið með sér óraddaðan framburð. Myndin er fráleitt nákvæm en samræmið milli hás hlutfalls þeirra í bæjunum og stöðu raddaðs framburðar samanborið við Eyjafjarðarsýslu er þó greinilegt og rímar ágætlega við fyrrnefndar rannsóknir Helge Sandøy. Það er því óhætt að álykta, sbr. spurningu (4-5)a, að há tíðni óraddaðs framburðar í þessum bæjum tengist háu hlutfalli aðfluttra sem notuðu óraddaðan framburð, sumra langt að kominna. Það hafi stuðlað að útbreiðslu hans.

En hvað um harðmæli? Þó að það mældist minna í báðum þessum bæjum en í nágrenninu í rannsókn Björns var munurinn minni en á rödduðum framburði. Nærtækt er að velta því fyrir sér, sbr. spurningu (4-5)b, hvort skýringin liggi bæði í stærra útbreiðslusvæði harðmælis og hærri tíðni þess innan kjarnasvæðisins. Skagfirðingur sem flutti til Akureyrar var til dæmis líklegri til að nota harðmæli en raddaðan framburð. *Tafla 4-27* (um raddaðan framburð) gildir því ekki um harðmæli og því eru sett fram önnur hlutföll í *töflu 4-28* (sjá meðaleinkunnir í *töflu 4-3*).<sup>126</sup>


Áætlað hlutfall harðmælis í máli fólks eftir uppruna	Áætlað hlutfall linmælis í máli fólks eftir uppruna
Eyjafjarðarsýsla: 98%	Eyjafjarðarsýsla: 2%
Þingeyjarsýslur: 96%	Þingeyjarsýslur: 4%
Akureyri: 94%	Akureyri: 6%
Siglufjörður: 91%	Siglufjörður: 9%
Skagafjarðarsýsla (með Sauðárkróki): 79%	Skagafjarðarsýsla (með Sauðárkróki): 21%
Norður-Múlasýsla: 80%	Norður-Múlasýsla: 20%
Seyðisfjörður: 44%	Seyðisfjörður: 56%
Suður-Múlasýsla: 35%	Suður-Múlasýsla: 65%
Neskaupstaður: 15%	Neskaupstaður: 85%
Húnavatnssýslur: 11%	Húnavatnssýslur: 89%
	Önnur svæði: 100%

*Tafla 4-28:* Áætlað hlutfall harðmælis í máli fólks sem flutti til Akureyrar, Siglufjarðar og Eyjafjarðarsýslu 1920–1940/1950 eftir því hversu mikið var um harðmæli á upprunasvæði þess samkvæmt rannsókn Björns Guðfinnssonar.

Þegar *töflur 4-27* og *4-28* eru bornar saman sést að til dæmis þeir Húnavetningar sem bjuggu á Akureyri árið 1920, en þeir voru 92, teljast ekki hafa sömu áhrif á raddaðan framburð og harðmæli. Enginn þeirra telst nota raddaðan framburð en 11% harðmæli. Þetta – og annar munur á töflunum – leiðir til þess að myndrit sem sýnir uppruna Norðlendinga með tilliti til harðmælis

<sup>126</sup> Ekki er hægt að reikna nákvæma einkunn fyrir harðmæli hjá fólki úr Suður-Múlasýslu og Neskaupstað. Hún er því áætluð eftir því sem næst verður komist. Í manntali frá 1920 er Neskaupstaður talinn með Suður-Múlasýslu.

er nokkuð ólíkt myndriti 4-18 af rödduðum framburði. Með samanburði á rauðum borðum sést að bæði á Akureyri og Siglufirði eru aðfluttir með óraddaðan framburð hlutfallslega fleiri en aðfluttir með linmæli.<sup>127</sup>



Myndrit 4-19: Uppruni Akureyringa, Siglufirðinga og Eyfirðinga 1920–1940/1950 eftir því hvort þeir voru innfæddir, aðfluttir frá megin svæði harðmælis eða svæðum þar sem linmæli eða blandaður framburður voru ríkjandi. Aðeins er völ á upplýsingum um Akureyri til 1950.

Hér má aftur minna á þá tilgátu Helge Sandøy að hlutfall langt að kominna þurfi að fara yfir ákveðinn þröskuld til að hafa áhrif á málið á nýja staðnum. Hjá harðmæli er hlutfallið í báðum bæjum mun fjær þeim 35% sem hann miðaði við en hjá rödduðum framburði. Að sama skapi virðast áhrif aðfluttra á harðmæli mun minni. Samkvæmt útreikningum byggðum á gögnum Björns notuðu bæði Siglufirðingar og Akureyringar harðmæli í yfir 90% próforða en í Eyjafjarðarsýslu var hlutfallið nærri 100% (sjá töflu 4-3). Því má álykta, sbr. spurningu (4-5)a, að hlutfall aðfluttra sem notuðu linmæli hafi verið of lágt til að hafa umtalsverð áhrif, en þau virðast þó vera einhver.

Þessi samanburður getur þá jafnframt skýrt af hverju staða óraddaðs framburðar er sterkari en staða linmælis í báðum bæjum, sbr. spurningu (4-5)b. Hlutfall aðfluttra sem notaði óraddaðan framburð var mun herra en hlutfall aðfluttra sem notaði linmæli.

Spurning (4-5)c snerist um hvort uppruni innflytjenda gæti skýrt af hverju tíðni bæði raddaðs framburðar og harðmælis væri lægri á Siglufirði en á Akureyri. Samkvæmt rannsókn Björns Guðfinnssonar notuðu Siglufirðingar raddaðan framburð í 45,5% próforða en harðmæli í 91,3% próforða en hjá Akureyringum voru hlutföllin 57,8% og 94,0%. Því er til að svara að sé aðeins litið til rauðu borðanna, þ.e. þeirra sem „báru með sér“ óraddaðan framburð eða linmæli, virðist

<sup>127</sup> Til að finna skiptingu íbúa eftir uppruna er eins og áður byggt á upplýsingum um skiptingu þjóðarinnar eftir fæðingarstað í *Manntali 1920*:58–61, *Manntali 1930*:55–59, *Manntali 1940*:49–61, *Manntali 1950*:34–51. Á myndriti 4-19 hafa þær upplýsingar verið nýttar til skiptingar í aðflutta með linmæli/harðmæli samkvæmt hlutfalls-tölum í töflu 4-28.

svo ekki vera. Hvorki á myndriti 4-18 né 4-19 er mikill munur á þeim milli bæjanna. Hins vegar eru aðfluttir með raddaðan framburð og harðmæli hlutfallslega fleiri á Akureyri samkvæmt þeim aðferðum sem hér eru notaðar. Grænir borðar eru lengri þar en á Siglufirði. Því má segja að þessi munur á bæjunum gæti að einhverju marki skýrst af því að hlutföllin innan mannfjöldans eru önnur og í báðum tilvikum rödduðum framburði og harðmæli á Akureyri í hag.

Á heildina litið er því að sjá að hlutfall aðfluttra á fyrri hluta 20. aldar geti skýrt – að einhverju marki að minnsta kosti – sterkari stöðu óraddaðs framburðar og linmælis í stærstu bæjum, þ.e. á Akureyri og Siglufirði, en í nágrenninu, þann mikla mun sem var á afbrigðunum að þessu leyti og mun á bæjunum tveimur. Það var þó fleira en búferlaflutningar sem einkenndi þetta tímabil. Fólk var á ferðinni vegna sérstakra aðstæðna í atvinnulífinu eins og næst verður litið á.

#### 4.7.2.4 Annar hreyfanleiki fólks

Ekki var nóg með að fólk flytti til bæjanna heldur sköpuðu síldarárin einstakar aðstæður. Þar hefur Siglufjörður sérstöðu því að bærinn bókstaflega fylltist af aðkomufólki yfir síldarvertíðina. Síldarstúlkur skiptu hundruðum og karlar unnu bæði á síldarplönunum og í bræðsluverksmiðjum, auk fjölmargra sjómanna í landlegum (sjá t.d. Birgi Sigurðsson 1992:91). Hæst reis síldarævintýrið á Norðurlandi á 4. áratugnum. Þó að áhrifin væru langmest á Siglufirði teygðu þau sig einnig til annarra bæja. Víða var meiri vinna yfir vertíðina en heimamenn önnuðu og bjargaði miklu í kreppu 4. áratugarins (sjá t.d. Frá fyrra ári 1940:3, Helga S. Jónsson 1953:5, Magnús S. Magnússon 1993:163, Birgi Sigurðsson 1992:141, 208 og víðar og viðtalið Veröld sem var 2009).

Þó að tiltölulega stutt dvöl gesta segi ekki til sín í tölum um aðflutta og hafi tæpast áhrif á máltileinkun barna er vert að spyrja hvort þær sérstöku aðstæður sem ríktu í norðlensku atvinnulífi hafi aukið samgang milli mállýskna svo mjög að það hafi skipt máli fyrir þróun norðlenskra framburðarafbrigða. Þá er einkum áhugavert að horfa til Siglufjarðar.

Ekki eru tiltækar tölur um fjölda aðkomukarla á síldarvertíðum á Siglufirði en árið 1933 var talið að þar störfuðu 1200–1300 söltunarstúlkur (Bærinn 1933:3). Með hliðsjón af fjölda íbúa og kynja- og aldursskiptingu Siglufirðinga um þetta leyti er ekki fráleitt að ætla að um helmingur þessara síldarstúlkna (á öllum aldri) hafi búið í bænum, en jafnframt talsverður hluti þeirra aðfluttur, jafnvel langt að. Hinn helmingur síldarstúlkanna var þá konur sem komu til styttri dvalar. Á síldarplönunum – og þá ekki síður í brökkunum þar sem vertíðarfólkið bjó – sköpuðust því málaðstæður sem líklega eru einsdæmi á Íslandi.

Það er því margt sem leggst á eitt, fjölgun aðfluttra, stækkandi bæir og fólk á ferð og flugi, til að auka samgang norðlensku afbrigðanna við linmæli og óraddaðan framburð og breyta málfarspottinum þannig að óraddaður framburður og að nokkru leyti linmæli fengu þar sterkari stöðu en áður. Þannig voru sköpuð þau sóknarfæri þessara framburðarafbrigða sem lesa má út úr rannsókn Björns Guðfinnssonar og samanburði hennar við RÍN-rannsóknina. Og einmitt þar sem bæði harðmæli og enn frekar raddaður framburður voru veikastir fyrir í rannsókn Björns, á Siglufirði og Akureyri, hafði fólkinu fjölgað hvað mest og aðkomufólk streymt að, ýmist til skamms tíma eða lengri.

Áður en skilist er við þetta umrótaskeið er vert að spyrja hvort það sé endilega líklegra að aðkomufólk hafi áhrif á mál þeirra sem fyrir eru heldur en að heimamenn hafi áhrif á mál aðkomufólksins. Af hverju leggur ekki linmæla og óraddaða aðkomufólkið einfaldlega sinn framburð af? Það er væntanlega víðast hvar í minnihluta. Svárið er að heimamenn hafa vissulega oft áhrif á mál fullorðins aðkomufólks. Hér er þó ekki hægt að byggja á miklum rannsóknum en sjálf þekki ég fólk og hef heyrt af fólki sem hefur flutt norður í land og tileinkað sér nokkurt harðmæli. Minni sögum fer af tileinkun raddaðs framburðar. Hægt er að nefna einn þátttakanda í RÍN sem var uppallinn í Vestur-Ísafjarðarsýslu sem og báðir foreldrar hans. Hann ólst því að líkindum upp við bæði linmæli og óraddaðan framburð þó að ekki verði það fullyrt. Þegar hann tók þátt í RÍN var hann um sextugt, búsettur í Eyjafjarðarsýslu. Þá notaði hann umtalsvert harðmæli (einkunn 159) en rödduðum framburði brá aðeins fyrir í einu orði. Ef þessi Ísfirðingur er dæmigerður virðist vera líklegra að aðkomufólk haldi sínum óraddaða framburði og hafi með því áhrif á málsamfélagið en taki að meira marki upp harðmæli.<sup>128</sup> Eigi að síður breytir straumur aðkomufólks heildarmyndinni. Með tilkomu þess breytast hlutföll afbrigðanna í málsamfélaginu, málfarspotturinn breytist, sem hefur áhrif á næstu kynslóðir, auk þess sem heimamenn komast í meiri tengsl við ný afbrigði með tilheyrandi áhrifum á suma þeirra. Í þessu sambandi er líka áhugavert að hugleiða áhrif meirihluta og minnihluta. Ef meirihlutinn réði alltaf för myndu málbreytingar aldrei ná fótfestu. Hér eru því fleiri kraftar að verki. Í umfjölluninni hér að framan var til að mynda bent á að raddaður framburður virtist vera málfræðilega flóknari en harðmæli. Það gæti skipt máli þegar nýjungar ryðja sér til rúms.

#### 4.7.2.5 Stöðnunarskeið og nýr kapítuli


Hér að framan hefur komið fram að eftir snarpa sókn linmælis og enn frekar óraddaðs framburðar sem greina má hjá Björnskynslóðinni í RÍN hægir á um skeið (sbr. *myndrit 4-3* og *4-7*). Sömuleiðis sást að um miðja öldina hægir á vexti margra bæja og þorpa (sbr. *myndrit 4-15* til *4-17*). Tölur um aðflutta náðu til 1950 á Akureyri og þá sást einmitt að þeim hafði fækkað hlutfallslega. Því má segja að gott samræmi sé milli þessara þátta í þróun samfélagsins og framburðarafbrigðanna fram yfir miðja öld. En hvað olli þessari uppstyttu í vexti bæjanna? Hvað breyttist um miðja öld og hvernig var framhaldið? Getur það skýrt af hverju samanburður aldurshópa í RÍN bendir til þess að ný sóknarlota linmælis og óraddaðs framburðar hefjist um það leyti sem yngstu þátttakendur í RÍN, fæddir á 7. áratugnum, komust á legg?

Upp úr 1940 hefjast umtalsverðar samfélagsbreytingar sem áttu sér ýmsar ástæður. Þó að vöxtur væri í sjávarútvegi upp úr seinni heimsstyrjöld leiddu tækniframfarir til þess að færri hendur þurfti til að draga aflann að landi og verka hann. Ársverkum á þessu sviði fækkaði því hlutfallslega, sem eðlilega hafði mikil áhrif á þróun sjávarbyggða (Axel Hall o.fl. 2002:117–118). Bilið milli þeirra og bæja sem lifðu á fjölbreyttari atvinnu breikkaði. Í síldveiðum skiptust

<sup>128</sup> Gaman hefði verið að geta lofað frekari umfjöllun um þetta í 5. kafla en gögnin sem úr er að móða bjóða ekki upp á fleiri aðflutta norðlenska málhafa sem telja má næsta víst að hafi hvorki tileinkað sér harðmæli né raddaðan framburð í æsku.

á vond ár og góð um og upp úr miðri öld, en veiðisvæðin voru önnur en áður og fjær landi. Norðurlandssíldin færði sig austur á bóginn og var því, þegar hún á annað borð veiddist að ráði, ekki eins mikil lyftistöng fyrir Eyjafjörð og nágrenni eins og verið hafði (Sigfús Jónsson 1984:153, Birgir Sigurðsson 1992:183, 209, 259, 263 og víðar). Svo öfugsnúið sem það kann að hljóma hafði bætt vegakerfi neikvæð áhrif sums staðar. Bæir sem höfðu verið vel staðsettir urðu afskekktir. Siglufjörður er einna skýrasta dæmið á Norðurlandi. Minnkandi vægi strand-siglinga og lækkandi flutningskostnaður dró einnig úr mikilvægi Akureyrar sem norðlenskrar miðstöðvar (Axel Hall 2002:69, Ásgeir Jónsson 2002, 2003).

Þessi þróun setti verulegt mark á 6. áratuginn norðanlands. Fólksfjölgun var langt undir því sem gerðist á landinu í heild og með því að skoða þróun mannfjöldans eftir fæðingarstað íbúanna sést að á Norðurlandi eystra breyttist hlutfall aðfluttra lítið milli 1940 og 1960 eftir að hafa vaxið umtalsvert tvo áratugi þar á undan. Þó að myndritið segi minna en þau fyrri endurspeglar það kyrrstöðu seinni tvo áratugina, þ.e. milli 1940 og 1960.<sup>129</sup>



Myndrit 4-20: Uppruni íbúa á Norðurlandi eystra 1920, 1940 og 1960 eftir því hvort þeir voru fæddir á svæðinu, á næstu svæðum vestan og austan við það eða annars staðar.

Ekki eru tók á að skoða hlutfallið á Akureyri á sama hátt og hér að framan en eins og fram kom á myndritum 4-15 til 4-17 löðuðu flestir bæir til sín færra fólk á 6. áratugnum en áður. Á Raufarhöfn fjölgaði þó enda dró síldin enn björg í bú á þeim slóðum, sum árin að minnsta kosti. Á Siglufirði var brostinn á flótti (*Hagskinna* bls. 102–113, *Manntal 1960:27*).

Norðlensku bæirnir sem verið höfðu sem kraumandi deigla á fyrri árum voru það ekki lengur.

En nú hefst nýr kafli. Næstu tveir áratugir, sá 7. og 8., voru um sumt líkir uppgangstímanum 1920–1940. Til að mynda fjölgaði nú Norðlendingum álíka hratt og landsmönnum í heild. Síldin hóf að veiðast sem aldrei fyrr, en var eins og áður sagði að miklu leyti komin á nýjar

<sup>129</sup> Myndrit 4-20 er byggt á upplýsingum um skiptingu þjóðarinnar eftir fæðingarstað í *Manntali 1920:58–61*, *Manntali 1940:49–61*, *Manntali 1960:38*. Minnt er á að ekki er um eiginlegar flutningstölur að ræða heldur hlutfall aðfluttra, þ.e. þeirra sem ekki fæddust á svæðinu, af fólksfjölda í heild. Myndritið sýnir Norðurland eystra þar sem manntalið frá 1960 býður ekki upp á nákvæmari upplýsingar, ekki er til dæmis hægt að sjá hlutfall aðfluttra á Akureyri.



slóðir. Enn var líf og fjör á Siglufirði yfir síldarvertíðina en megináhrif síldaráranna miklu á 7. áratugnum voru austar en áður. Fólksfækkun á Siglufirði 1960–1970 (sbr. *myndrit 4-16*) endurspeglar það vel. Það var líka annar bragur yfir þessu skeiði en fyrri síldarárunum. Aðkomufólk var vissulega margt í síldarbæjum, til dæmis um 1000 manns á Raufarhöfn árið 1964, en að vertíð lokinni fór það til síns heima (sjá Aðkomufólk að fara frá Raufarhöfn 1964). Þetta tiltekna ár fjölgaði íbúum á Raufarhöfn ekki neitt og 1970 bjuggu þar og á Þórshöfn álíka margir og 1960. Hins vegar risu gamlir síldarbærir á Austfjörðum úr öskustónni. Árið 1969 var draumurinn búinn. Síldin hvarf.


Næst kom áratugur skuttogaranna. Rekin var öflug byggðastefna sem fól í sér að nánast hver fjörður landsins fékk sinn skuttogara. Norðlendingar fengu 24 í sinn hlut. Landhelgin var færð út tvisvar sinnum á þessu tímabili, sjávarafli óx mjög og ársverkum í sjávarútvegi fjölgaði, einkum fiskvinnslu (Axel Hall o.fl. 2002:117–118, 132–133).

Auk þessara ólíku uppgangsáratuga í sjávarútvegi stóð landbúnaður í blóma. Vélar höfðu leyst úr mannekle fyrri ára, ýmis þjónusta hafði batnað mjög og stuðningskerfi við landbúnaðinn var öflugt. Framleiðslan jókst og skapaði störf í bæjum við vinnslu afurða og þjónustu við sveitirnar. Auk þessa átti iðnaður á Akureyri blómaskeið á þessum tíma (Ásgeir Jónsson 2003).

Þessi byggðastefna skilaði árangri. Enn fluttu margir til borgarinnar, en 8. áratugurinn var eina tímabilið á 20. öld sem straumurinn var álíka þungur í hina áttina, til landsbyggðarinnar. Og sem fyrr voru það bæirnir sem tóku við fólkinu (Stefán Ólafsson 1997:32, 35).

Það eru því ákveðin líkindi með tímabilinu 1920–1940 annars vegar og 1960–1980 hins vegar. Þó var ýmislegt ólíkt. Fyrri hluti 20. aldar var ein samfelld bylting í búsetu- og atvinnu-háttum á Íslandi, ekki aðeins þessir tveir áratugir. Eftir miðja öld voru bæirnir tiltölulega rótgrónar einingar sem tóku við aðkomufólki í smáum skömmtum, á fyrri hlutanum var það aðkomufólkið sem bjó þá til. Það er þó óneitanlega afar áhugavert að bera þessi uppgangsskeið og stöðnunina þar á milli saman við þróun harðmælis og raddaðs framburðar. Eins og fram hefur komið bendir samanburður aldurshópa í RÍN í báðum tilvikum til tveggja skeiða þar sem undanhald norðlensku afbrigðanna er meira en á milliskeiðinu. Þetta er rifjað upp á *myndriti 4-21* þar sem sýndur er í einu lagi vöxtur Akureyrar, Dalvíkur og Ólafsfjarðar frá 1940 til 1970 og fram kemur að hann er hægari um miðbikið. Á hinum lóðréttu ásnum er meðaleinkunn fyrir harðmæli og raddaðan framburð á Akureyri og Eyjafjarðarsýslu. Þær eru sýndar eftir kynslóðum í RÍN. Um miðbikið sést hægari sókn linmælis og óraddaðs framburðar rétt eins og í vexti bæja (sjá einnig *myndrit 4-3* og *4-7*). Þó að sveiflur í þróun harðmælis virðist litlar að sjá er marktækur munur á tveimur eldri hópunum ( $p=0,031$ ) og tveimur þeim yngri ( $p=0,013$ ).<sup>A-10</sup> Hjá örödduðum framburði er langt í frá um stöðugleikaskeið að ræða en greinilega hægir á sókninni um tíma.<sup>130</sup>

<sup>130</sup> Hægt er að breyta myndinni á ýmsan hátt. Til dæmis má sleppa Dalvík því að upplýsingar um fjölgun íbúa eru ekki fyllilega áreiðanlegar og eins er hægt að breyta kvarða fyrir meðaleinkunnir þannig að hann nái frá 100. Ævinlega birtist þó speglun línanna sem sýna vöxt bæja og þróun raddaðs framburðar.



*Myndrit 4-21:* Vöxtur Akureyrar, Dalvíkur og Ólafsfjarðar 1940–1970 og þróun harðmælis og raddaðs framburðar á Eyjafjarðarsvæðinu (Akureyri og Eyjafjarðarsýslu) eftir kynslóðum. Upplýsingar um mannfjölda eru fundnar á vef Hagstofu Íslands og byggt á tölum um byggðakjarna og strjálbýli (Akureyrarþéttbýli, Dalvíkurþéttbýli og Ólafsfjarðarþéttbýli). Út frá þeim er reiknuð hlutfallsleg fjölgun á hverjum áratug.

Um svipað leyti og RÍN-rannsóknin var gerð syrti í álinn á landsbyggðinni. Um það verður fjallað í kafla 4.7.4 en næst vîkur sögunni í Skaftafellssýslur.

#### 4.7.3 Suðausturland


##### 4.7.3.1 Inngangur

Hér að framan kom fram að vöxtur bæja, hlutfall aðfluttra og upp- og niðursveiflur í atvinnulífinu á Norðurlandi rímaði allt nokkuð vel við þróun harðmælis og raddaðs framburðar. Sams konar athugun á samfélagsþróun í Skaftafellssýslum og þróun framburðar er af ýmsum ástæðum snúnari viðureignar. Þar er erfiðara að henda reiður á vaxtar- eða stöðnunarskeiðum í atvinnulífi og lengst af var aðeins tveimur þéttbýlisstöðum til að dreifa. Um þá er lítið að hafa í samantektum um uppruna íbúa í manntölum. Upplýsingar eru því af skornum skammti.

Hvað þróun framburðarafbrigðanna varðar má rifja upp að rannsókn Björns á skaftfellskum einhljóðaframburði náði til allnokkurra eldri málhafa í Austur-Skaftafellssýslu (sjá kafla 4.5.2). Þeir höfðu allir hreinan einhljóðaframburð en um þriðjungur ungmenna notaði blandaðan framburð. Því er að sjá sem innreið tvíhljóðaframburðar hafi hafist skömmu fyrir rannsókn Björns. Staða *kv*-framburðar er óræðari. Upplýsingar um hann ná aðeins til ungmenna og 10% þeirra notuðu *kv*-framburð eða blandaðan framburð.

Bæði tvíhljóðaframburður og *kv*-framburður sóttu á milli rannsóknar Björns og RÍN, en hvort afbrigði á sinn hátt. Tiltölulega lítt kynslóðamunur var á notkun einhljóðaframburðar en fyrir tilstilli rannsóknar Björns mátti ráða að lítið kynslóðabil stafaði af því að framburður hefði breyst mikið hjá eldra fólki, jafnt Björnskynslóðinni sem þeim sem fæddust á fyrsta fjórðungi aldarinnar. Hins vegar hafði *kv*-framburður einkum sótt á hjá yngra fólki þannig að mikill munur var á máli kynslóðanna.

Þróun þessara afbrigða er rifjuð upp á myndriti 4-22 með því að bera saman fjórar kynslóðir í RÍN en stakir punktar endurspeгла niðurstöður í rannsókn Björns.



Myndrit 4-22: Samanburður milli aldurshópa í RÍN þar sem sýnd er þróun skattfellskra afbrigða hjá Skaftfellingum. Stakir punktar sýna meðaleinkunn í rannsókn Björns.

Það er vandséð að einhver þróun í skattfellsku samfélagi geti skýrt þær ólíku leiðir sem einkenna sókn *kv*-framburðar og tvíhljóðaframburðar. Spurningar sem einkum var glímt við í umfjöllun um Norðurland eiga ekki að öllu leyti við hér. Þær snerust að talsverðu leyti um stöðugleikaskaið, sem hér eru ekki vísbendingar um, en einnig um sérstöðu Akureyrar og Siglufjarðar. Í Skaftafellssýslum kom ekki fram munur á framburði í þéttbýli og dreifbýli í rannsókn Björns. Slíkt mátti hins vegar merkja í RÍN því að þá var yngsta fólkið á Höfn farið að skera sig úr fyrir ríkulegan *kv*-framburð. Nær allir grunnskólanemar þar höfðu hann hreinan. Hjá þeim var meðaleinkunn 105,3 en hjá ungmennum á sama aldri annars staðar í sýslunni var hún 143,9 ( $p=0,000$ ).<sup>A-11</sup>

Í ljósi þessarar þróunar og þeirra svara sem fundust með því að skoða þróun samfélagsins á Norðurlandi standa upp úr eftirfarandi spurningar:

- (4-6) a. eru tengsl milli sóknar tvíhljóðaframburðar (og *kv*-framburðar) á fyrri hluta aldarinnar og vaxtar bæja?  
 b. Hækkaði hlutfall aðfluttra á Höfn þegar leið á tímabilið sem skýrt gæti sterka stöðu *kv*-framburðar hjá ungmennum í RÍN?  
 c. Hversu hreyfanlegt var fólkið að öðru leyti?

Í næsta kafla verður glímt við fyrri tvær spurningarnar, síðan vîkur sögunni að öðrum samfélagsbreytingum. Þar verður hugað að því hvernig samgöngur og skólamál stuðluðu að auknum hreyfanleika. Sú umfjöllun á að talsverðu leyti einnig við um Norðurland – og raunar landið allt.


#### 4.7.3.2 Vöxtur bæja og hlutfall aðfluttra

Eins og vel sást í umfjöllun um Norðurland hljóp vöxtur í þéttbýlisstaði í kringum aldamótin 1900 þannig að þar tók fólki að fjölga mun hraðar en landsmönnum í heild (sjá Helga Skúla

Kjartansson 1978:161–164). Þéttbýlisstaðir voru einkum við sjávarsíðuna<sup>131</sup> enda tengdist myndun þeirra og vöxtur ekki síst framförum í sjávarútvegi og vöruflutningar á sjó voru einboðnir meðan vegakerfið var veikburða. Þar af leiðandi var verslunin líka við sjávarsíðuna. Suðurströnd landsins var og er lengsta hafnleysa landsins og því var að vonum fátt um þéttbýlisstaði í Skaftafellssýslum. Öldum saman var enginn verslunarstaður milli Eyrarbakka í Árnassýslu og Djúpavogs í Suður-Múlasýslu og seinna Papóss, en fyrir 1900 hófst verslun bæði í Vík í Mýrdal og á Höfn í Hornafirði. Á báðum stöðum myndaðist þéttbýliskjarni en öðrum slíkum var ekki til að dreifa í Skaftafellssýslum vel fram eftir 20. öld þegar Kirkjubæjarklaustur og Nesjakauptún bættust við, þótt sá síðarnefndi verði í seinni tíð varla skilinn frá Höfn.

Byrjum á því að skoða fyrri hluta aldarinnar, tímabil þar sem tvíhljóðaframburði virðist hafa vaxið ásmegin og að líkindum einnig *kv*-framburði. Kallast það á við vöxt bæja?

Þéttbýli í Vík fór að myndast fyrir en á Höfn. Þar voru íbúar orðnir 85 árið 1900 en aðeins 11 á Höfn. Upp úr 1920 skilur leiðir í þróun þeirra. Íbúum í Vík tók fljótlega að fækka. Á Höfn bjuggu aðeins 64 árið 1920 og fjölgaði stöðugt, nóg til þess að Austur-Skaftafellssýsla nær að halda í horfinu miðað við landið allt. Vöxtur Hafnar og Víkur til 1950 kemur fram á myndriti 4-23 ásamt landinu í heild.



Myndrit 4-23: Þróun mannfjölda 1900–1950 á Höfn, í Vík og á landinu öllu. Tölur eru fundnar á vefsíðunni *Sögulegar hagtölur* hjá Hagstofu Íslands, undirsíðunni Mannfjöldi í einstökum byggðakjörnum og strjálbýli 1880–2020. Árslokátölur.

Þó að þróun þessara bæja sé ólík á fyrri hluta aldarinnar er ekki fráleitt að ætla að tengsl séu milli vaxtar þeirra og innreiðar tvíhljóðaframburðar. Upp úr 1940 hafði hann náð aðeins betri fótfestu í vestursýslunni, sem er í samræmi við að þéttbýlismyndun var fyrir á ferðinni í Vík en á Höfn. Ekki eru þó sýnileg merki um að tvíhljóðaframburður hafi verið algengari í þéttbýli í rannsókn Björns en annars staðar í sýslunum.<sup>132</sup> Það þarf ekki að koma á óvart því að norðanlands fannst

<sup>131</sup> Ekki er þetta algilt. Til dæmis fór byggð að myndast á Selfossi upp úr 1900 (*Íslandshandbókin* 1989:819–820).

<sup>132</sup> Svo fáir notuðu *kv*-framburð eða blandaðan *hv*- og *kv*-framburð að ekki verða dregnar af þeim ályktanir um dreifingu. Því fær tvíhljóðaframburður meiri athygli hér en haft bak við eyrað að líklegt er að *kv*-framburður hafi einnig sótt fram.

slíkur munur aðeins í stærstu bæjunum og þá einkum á tíðni raddaðs framburðar. Í því sambandi má einnig líta til þess hvaðan aðfluttir koma. Ef hlutfallslega margir eru langt að komnir er líklegra að þéttbýlið greini sig frá dreifbýlinu í kring (sjá Sandøy 2004:58–61). Í *Verslunarsögu Vestur-Skaftfellinga* kemur fram að þó að langt að komnir verslunarmenn og embættismenn af ýmsu tagi hafi verið meðal þeirra sem settust að í Vík fyrstu ár aldarinnar kom uppistaðan úr sveitum sýslunnar, einkum Mýrdalnum (sjá Kjartan Ólafsson 1991:65, 68, einnig 1987:317–333). Fólkið í þéttbýlinu hafði því nán tengsl við sveitirnar. Þegar Björn Guðfinnsson var á ferðinni hafði fólksfækkun einkennt jafnt Vík sem sýsluna alla um tveggja áratuga skeið.


Í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* sést að fólk úr sýslunni var uppistaðan í þéttbýlismynduninni á Höfn en nokkuð var þó um aðflutta úr Suður-Múlasýslu (sjá Bjarna Bjarnason og Gísla Björnsson 1976:233–268, einnig Arnþór Gunnarsson 1997:85 og áfr.). Það sama endurspeglast í manntali frá miðri öldinni (sjá *Manntal 1950*:34–51) þar sem skipting aðfluttra Hafnarbúa eftir uppruna kemur fram. Íbúar voru þá 434 og hafði fjölgað um 178 frá 1940. Tölur frá 1950 gefa því ekki kórrétta mynd af stöðunni um það leyti sem Björn var á ferðinni en í eldri manntölum eru ekki sambærilegar upplýsingar.

Með því að beita sömu aðferðum og gert var í umfjöllun um Akureyri og Siglufjörð (sbr. *töflu 4-27* og *4-28*) má reyna að meta hlutfall þeirra sem fluttu til Hafnar með einhljóða- eða tvíhljóðaframburð. Þá eru aðfluttir Vestur-Skaftfellingar taldir nota einhljóðaframburð í 92% tilvika í samræmi við að meðaleinkunn í sýslunni í rannsókn Björns var 191,9 eins og fram kom í *töflu 4-20* (þ.e. 91,9% dæmaorða voru með einhljóðaframburði). Tvíhljóðaframburður fær þau 8% sem eftir standa. Þetta kemur fram í *töflu 4-29* ásamt öðrum svæðum þar sem þó er um meiri óvissu að ræða, sérstaklega hvað varðar Vestmannaeyinga sem ekki tóku þátt í rannsókn Björns.

Áætlað hlutfall einhljóðaframburðar í máli fólks eftir uppruna	Áætlað hlutfall tvíhljóðaframburðar í máli fólks eftir uppruna
Vestur-Skaftafellssýsla: 92%	Vestur-Skaftafellssýsla: 8%
Suður-Múlasýsla: 65%	Suður-Múlasýsla: 35%
Rangárvallasýsla: 10%	Rangárvallasýsla: 90%
Vestmannaeyjar: 10%	Vestmannaeyjar: 90%
	Önnur svæði: 100%

*Tafla 4-29:* Áætlað hlutfall skaftfellsks einhljóðaframburðar í máli fólks sem var aðflutt á Höfn 1950 eftir því hversu mikið var um einhljóðaframburð á upprunasvæði þess samkvæmt rannsókn Björns Guðfinnssonar eða vísbendingum sem hún gefur.

Á myndriti 4-24, á næstu blaðsíðu, er byggt á þessum forsendum og uppruni aðfluttra borinn saman við Akureyri. Þar var óraddaður framburður búinn að hasla sér talsverðan völl um 1940 enda sést að hlutfall aðfluttra með óraddaðan framburð var orðið hátt um það leyti sem Björnskynslóðin fæddist og hafði raunar verið svo (sbr. *myndrit 4-18*). Þær upplýsingar sem eru í boði um Höfn sýna að rauði borðinn sem endurspeglar aðflutta með tvíhljóðaframburð árið 1950 er styttri en sambærilegur borði fyrir Akureyri. Það þarf því ekki að koma á óvart að Akureyri hafi verið fyrri til en Höfn að marka sér sérstöðu. Á heildina litið má því segja að vöxtur bæja í Skaftafellssýslum á fyrri hluta aldarinnar hafi verið til þess fallinn að ýta undir málbreytingar án þess að beinlínis megi greina áhrif aðfluttra í þéttbýli umfram sveitirnar.



*Myndrit 4-24:* Uppruni Akureyringa 1930 og 1950 og Hafnarbúa 1950 eftir því hvort þeir voru innfæddir, aðfluttir með raddaðan eða óraddaðan framburð (Akureyri) eða einhljóða- eða tvíhljóðaframburð (Höfn). Byggt er á upplýsingum um skiptingu íbúa eftir fæðingarstað í *Manntali 1930:55–59* og *Manntali 1950:34–51* og lagt mat á líklegan framburð eftir tíðni afbrigða á einstökum svæðum.

Upp úr miðri öld tók Höfn vaxtarkipp sem dugði til þess að Austur-Skaftfellingum fór að fjölga, ólíkt fyrri þróun. Sem fyrr segir voru Hafnarbúar 434 árið 1950 en hafði fjölgað um ríflega 1000 30 árum síðar, um það leyti sem RÍN-rannsóknin var gerð. Þó að ekki séu heimildir um uppruna íbúanna segir það sig sjálft að því líkur mannfjöldi kom ekki úr nálægum byggðum. Því kemur ekki á óvart að fjölgun aðfluttra á Höfn hafi farið að segja til sín eftir rannsókn Björns þó að áhrifin hafi ekki verið komin fram þá. Eins og fyrr var nefnt kom einmitt í ljós í RÍN að yngsta fólkið á Höfn var farið að skera sig úr fyrir ríkulegan *kv*-framburð. Annars staðar í sýslunni notaði sama kynslóð *hv*-framburð í meira mæli. Athyglisvert er að ekki var slíkur munur á tíðni einhljóðaframburðar. Næsta ólíklegt er að það verði skýrt með því að aðfluttir til Hafnar hafi frekar notað *kv*-framburð en tvíhljóðaframburð. Allmargir komu úr nágrannasýslum þar sem *hv*-framburður var útbreiddari en einhljóðaframburður. Hér kann því málfræðilegur munur á þessum málbreytingum, sem fjallað var um í köflum 4.4.3 og 4.5.3 (einnig 2.5.4.4 og 2.5.4.5), að eiga hlut að máli. Þar voru færð rök fyrir því að erfiðara væri að tileinka sér *hv*-framburð í blönduðu málumhverfi, en einhljóðaframburður fengi nokkurs konar stuðning í beygingarmynstri þeirra orða sem hlut eiga að máli.

#### 4.7.3.3 Aðrar samfélagsbreytingar

Þó að myndun og vöxtur bæja rími vel við stöðu einhljóðaframburðar í rannsókn Björns, þ.e. að almennur tvíhljóðaframburður, í fleiri hljóðasamböndum en *e+gi*, hafi numið þar land skömmu fyrir rannsóknina, er ekki sýnileg bein tenging við straum aðfluttra. Langt að komnir íbúar voru tiltölulega fáir. Skaftafellssýslur eru hins vegar ágætt dæmi um fleiri breytingar á íslensku samfélagi á fyrri hluta aldarinnar sem voru til þess fallnar að draga úr málfræðilegri sérstöðu einstakra svæða. Mörg merki um slíka þróun komu fram í rannsókn Björns og voru staðfest í RÍN.

Fyrst má beina sjónum að samgöngubótum sem voru gríðarlegar á landinu öllu og hófust raunar fyrir aldamótin. Á tímabilinu 1890–1929 voru 159 ár brúaðar og miklar áætlanir uppi

um framhaldið (Geir G. Zoëga 1931:32 o.áfr.). Akfærir vegir lengdust að sama skapi. Þetta hafði mikil áhrif í Vestur-Skaftafellssýslu þar sem ár eru margar og torfærar. Skaftá var brúuð 1903 og fjórar fylgdu í kjölfarið næsta áratuginn. Með brú yfir Jökulsá á Sólheimasandi árið 1921 greiddist leiðin vestur úr sýslunni svo um munaði. Bíll kom í sýsluna, sjóleiðina, árið 1927 og tveimur árum síðar var í fyrsta sinn ekið frá Reykjavík í Vestur-Skaftafellssýslu, þó við illan leik (sjá Brand Stefánsson 1988, Kjartan Ólafsson 1991:221–272).

Ekki voru árnar Austur-Skaftfellingum auðveldari en þar var fyrsta jökulvatnið ekki brúað fyrr en 1935 og hægt gekk með framhaldið. Erfiðir farartálmar voru til dæmis Núpsvötn, Hornafjarðarfljót, Jökulsá í Lóni og Skeiðará en síðasti hlekkurinn í hringvegi um landið voru einmitt brýrnar sem vígðar voru á Skeiðarársandi 1974 (sjá Geir G. Zoëga 1931:36, Sunnan jökla 1967, *Íslandshandbókina* 1989:650–687).

Í umfjöllun um Norðurland hefði einnig mátt benda á bættar samgöngur. Til dæmis var vesturós Héraðsvatna brúaður árið 1926 og um leið varð greiðfært milli vestari og austari hluta Skagafjarðarsýslu (Arna Björk Stefánsdóttir 2018:73–77). Þó að samgöngubætur hafi ekki síður snúist um smærri brýr og lengri vegi má halda sig við stærri farartálma eins og Skjálfandafljót sem klauf Bárðardal í Suður-Þingeyjarsýslu og Jökulsá á Fjöllum sem var Norður-Þingeyingum erfið yfirferðar. Þessi fljót fengu fjórar brýr á tímabilinu 1883 til 1947 (sjá Örnú Björk Stefánsdóttir 2019:25, Nýja brúin á Skjálfandafljóti 1935, *Íslandshandbókina* 1989:484–485).

Þessar framfarir endurspeglar breytt samfélag með greiðari samgangi milli svæða og þar með fólks. Það er alþekkt að einangrun málsamfélaga og andstæða hennar, tengsl við önnur málsamfélög, er áhrifaþáttur í framvindu málbreytinga. Mállýskufraeðingar hafa löngum séð að málið tekur meiri og hraðari breytingum á miðlægum svæðum, þar sem vegir liggja til allra átta með tilheyrandi straumi fólks, en á landfræðilega afskekktum stöðum. Þetta hefur ekki síst verið skýrt með málsamgangi sem áður hefur borið á góma. Málsamgangur er ekki annaðhvort eða, hann er stundum lítill, stundum mikill og getur breyst. Hann getur einnig verið af ýmsu tagi, til dæmis milli félagshópa eða landsvæða. Með auknum málsamgangi aukast líkurnar á því að mál eða mállýskur/málbrigði hafi áhrif hvert á annað, ýmist með einhvers konar blöndun eða sókn og sigri eins á kostnað annars (sjá Trudgill 1989:227–228, einnig t.d. Trudgill 1986, Britain 2009).

Skólamál voru annar þáttur samfélagsins sem tók stakkaskiptum á fyrri hluta 20. aldar. Árið 1907 voru fræðslulög samþykkt, sem og lög um Kennaraskóla Íslands. Þar með var flestum börnum tryggð fjögurra ára skólaganga og menntun kennara varð meiri og skipulagðari en áður (sjá Loft Guttormsson 2008b:75–89). Á næstu áratugum urðu svo enn frekari breytingar, eins og nánar segir frá hér á eftir. Hugleitt verður hvort líklegt sé að þróunin hafi ýtt undir málstöðlun og jafnframt hvort hún hafi stuðlað að auknum málsamgangi líkt og bæði flutningar fólks og greiðari vegir.

Umfjöllun um tengsl menntunar og málbreytinga eða breytileika í máli er gjarna samofin umræðu um stéttaskiptingu. Stéttir eru flókinn vefur ýmissa þátta sem hafa áhrif á málbreytingar, jafnt hver um sig og sem heild (sjá t.d. Labov 2001:60, 113–118, 180–186). Þar er þáttur menntunar í málstöðlun næsta óumdeildur. Staðalmál er iðulega talið það rétta, betra en önnur málafrbrigði og er þá bæði viðfangsefnið í móðurmálskennslu og notað sem kennslumál almennt

(sjá t.d. Inge Lise Pedersen 2005:188, en greinin gefur gott yfirlit yfir þróun málstöðlunar í Skandinavíu). Ekki er þó sjálfgefið að bætt menntun íslenskra barna á fyrri hluta 20. aldar hafi leitt til málstöðlunar og þannig haft áhrif á staðbundna málnotkun. Þó að farið væri að draga framburðarafbrigði í dilka snemma á öldinni var mikilsvirtur staðalframburður hreinlega ekki til fyrir en leið að miðri öld og þá kannski bara í hugum menntamanna. Hins vegar er freistandi að skoða fræðslumálin með hliðsjón af því hversu mikilli hreyfingu þau hafi komið á samfélagið og leitt til meiri samgangs milli svæða þar sem ólík framburðarafbrigði voru ríkjandi. Slíkt gæti falist í dvöl yngra fólks á öðrum málsvæðum, sem hefði áhrif á mál þess og smitaði út frá sér þegar heim er komið. Sömuleiðis má hugsa sér að aðkomnir kennarar gætu haft áhrif á mál barna.

Framan af voru farskólar algengastir í dreifðum byggðum. Þeir voru oftast haldnir á heimilum og gjarna þannig að kennarinn færði sig um set á nokkurra vikna fresti. Fyrir tíma fræðslulaganna og á fyrstu árum þeirra voru kennarar iðulega lítt menntaðir, einkum á landsbyggðinni (Loftur Guttormsson 2008a:70, 2008c:118) og svo er að sjá sem þeir hafi gjarna komið úr nærumhverfinu. Nokkur dæmi um slíkt má sjá í *Byggðasögu Austur-Skaftafellssýslu* (sjá Bjarna Bjarnason 1971:122, Kristján Benediktsson 1972:20, Þorstein Guðmundsson 1972:143, Sigurð Björnsson 1976:143, sjá einnig dæmi úr Vestur-Skaftafellssýslu í viðtali á vefnum Ísmús við Eyjólf Eyjólfsson farkennara 1964 (og nánar um hann í minningargrein Ingimundar Ólafssonar 1983) og úr Rangárvallasýslu hjá Þórunni Óskarsdóttur 2008:18).

Á 4. áratugnum fer hins vegar heimavistarskólum að fjölga. Í því fólst mikil breyting, en það er þó ekki fyrir en á 6. áratugnum sem nemendur í heimavistarskólum landsins verða fleiri en farskólanemendur (Loftur Guttormsson 2008c:118, *Hagskinna* bls. 850). Í heimavistarskólum var allt annað samband milli kennara og nemenda, sem dvöldu vikum og síðar mánuðum saman undir sama þaki allan sólarhringinn. Ætla má að með þeim hafi einnig færst í vöxt að kennarar væru aðkomumenn, sem notuðu ekki staðbundin framburðarafbrigði þar sem þeim var til að dreifa. Engar tiltækar heimildir staðfesta þó þann grun.

Þó að ungmennaskólar, sem menntuðu börn sem komin voru yfir fermingu, tíðkuðust allt frá 19. öld varð mikil breyting með tilkomu héraðsskólanna um og eftir 1930. Um miðja öld höfðu þeir risið í öllum fjórðungum. Þetta voru heimavistarskólar og juku því mjög möguleika ungmenna í sveitum til menntunar. Þá fór iðnskólum og húsmæðraskólum fjölgandi og fjölgun nemenda í bændaskólunum er einnig til vitnis um breytt viðhorf til menntunar (Loftur Guttormsson 2008a:65–68, 2008d:147–159, sjá einnig tölur um fjölda nemenda í framhaldsskólum í *Hagskinnu* bls. 852–853).

Á 7. áratugnum tók framhaldsskólum að fjölga og þá um leið nemendum sem áttu þess kost að ljúka stúdentsprófi og sækja háskóla í kjölfarið (sjá Jón Torfa Jónasson 2008:163–173). Þar með tekur menntun að hafa mikil áhrif á þróun byggðar. Ungu fólkið streymdi burt og margir áttu ekki afturkvæmt því að ekki beið starf við hæfi í heimabyggð. Lengi vel voru framhaldsskólar þó ekki fleiri en svo að þar söfnuðust saman ungmenni víða að.<sup>133</sup>

<sup>133</sup> Þess má til gamans geta að dvöl mín í heimavistarskóla um 1980 hafði mikil áhrif á þekkingu mína á landshluta-bundnum framburði og orðaforða. Við bekkjarsysturnar komum víða að og bárum saman bækur okkar um mál.



Á grundvelli þessarar þróunar virðist mega álykta að það sé ekki fyrr en um eða upp úr 1940 og jafnvel síðar sem fræðslumál taka á sig þá mynd að vænta megi verulegra áhrifa í dreifbýlis-samfélögum og þá sérstaklega þeim sem voru tiltölulega lokuð eins og Skaftafellssýslur. Þá fyrst virðist menntavegurinn orðinn sæmilega greiðfær. Um leið fara fræðslumál að stuðla að auknum málsamgangi og ríma þannig við undanhald landshlutabundnu afbrigðanna milli rannsóknar Björns og RÍN. Ungu fólkið átti þess kost í auknum mæli að fara að heiman til mennta, kynnast fólki af öðrum málsvæðum. Sumir sneru aftur, einkum framan af, margs vísari – hugsanlega með breyttan framburð í farteskinu.<sup>134</sup>

#### 4.7.4 Nýir tímar

Hér að framan hefur verið hugað að þéttbýlismyndun, búferlaflutningum, samgöngum og fræðslumálum með megináherslu á miklar breytingar á fyrstu áratugum 20. aldar og síðan fram eftir öld. Þetta er tímabilið sem haft var undir í umfjöllun þessa kafla um þróun framburðar. Í þeim næsta verður framhaldið skoðað undir kaflaheitinu *Hvað gerðist næst?* Þar verður þó fyrst og fremst um lýsingu að ræða og rannsóknarspurningar sem fylgja í kjölfarið beinast að ýmsum atriðum sem forvitnilegt er að kanna með rauntímasamanburði. Samfélagsbreytingar koma því lítt við sögu en þrátt fyrir það verður hér vikið stuttlega að síðustu áratugum 20. aldar og byrjun nýrrar aldar.

Eins og fram hefur komið voru 7. og 8. áratugurinn landsbyggðinni hagfelldir. Stjórnvöld studdu við bæði landbúnað og sjávarútveg og iðnaður blómstraði. Í kjölfar þessa blómaskeiðs urðu á skömmum tíma miklar breytingar þar sem margt lagðist á eitt. Framleiðslugeta landbúnaðarkerfisins var meiri en landsgæði þoldu og þjóðin gat torgað. Upp hlóðust kjöt- og smjörfjöll og afréttir voru nagaðir ofan í rót. Því hófust árið 1979 aðgerðir til að draga úr framleiðslunni og í kjölfarið fylgdi ýmiss konar hagræðing sem lagðist ofan á þá fækkun starfa sem samdrátturinn sjálfur olli (Árni Daníel Júlíusson 2013:285–288, Magnús S. Magnússon 1993:143–153). Við þetta bættist að fiskarnir í sjónum reyndust of fáir fyrir öll nýju og öfluglu skipin og því var kvóta-kerfi komið á 1984 til að stýra fiskveiðum (Magnús S. Magnússon 1993:158, 197 og víðar, Axel Hall o.fl. 2002:152–154 og víðar). Þá urðu mikil kaflaskil í viðskiptum þegar Ísland varð aðili að Fríverslunarsamtökum Evrópu, EFTA, árið 1970 og skömmu síðar, 1973, tók að auki gildi samningur við Evrópubandalagið, EB. Með þessu fengu Íslendingar aðgang að erlendum mörkuðum en féllu um leið frá tollum sem vernduðu íslenska framleiðslu gegn innflutningi. Þetta var gert í áföngum og lauk aðlögunartímanum árið 1980. Þessi róttæka breyting var mikilvæg fyrir útflutningsgreinar. Hins vegar höfðu landsmenn framleitt margs konar iðnvarning fyrir


---

Vestfirðingarnir sögðu frá einhljóðaframburði þótt þeir notuðu hann lítt eða ekki sjálfir og þeim voru töm orð sem við hinar þekktum ekki. Norðlendingarnir notuðu harðmæli og sumir einnig raddaðan framburð. Hjá þeim kynntist ég til dæmis orðinu *eldhúsbekkur* í annarri merkingu en hjá sjálfri mér. Hjá okkur Sunnlendingunum heyrðu þær hinar *lv*-framburð og einhljóðaframburð að auki hjá Skaftfellingnum, sem einnig skemmti okkur með dæmum um *m*-framburð föður síns. Þarna var því sannkallaður málsamgangur.

<sup>134</sup> Ekki er útilokað að dvöl annars staðar hafi einungis tímabundin áhrif þannig að fólk lagi sig smám saman aftur að máli heimahaganna þegar það snýr til baka. Kona sem ólst upp við Reyðarfjörð (f. 1931) sagði mér að systur sínar hefðu verið áberandi linnæltar þegar þær sneru heim eftir dvöl í Vestmannaeyjum en síðan hefði það „lagast“.

innanlandsmarkað, mat- og drykkjarvörur, fatnað, húsgögn o.s.frv., og sú starfsemi hrundi þegar erlendur varningur á góðum kjörum flæddi til landsins. Þetta bitnaði sérstaklega illa á Akureyri, sem verið hafði mikið iðnveldi (sjá Magnús Magnússon 1993:176–177, Ásgeir Jónsson 2003, Guðmund Jónsson 2010, 2017:328–335).

Í ljósi alls þessa kemur ekki á óvart að sú mannfjölgun á Norðurlandi sem einkennt hafði 8. áratuginn var úr sögunni. Næstu áratugir einkenndust víðast hvar af stöðnun eða fólksfækkun eins og sést á myndriti 4-25.



Myndrit 4-25: Þróun mannfjölda 1980–2010 í sex bæjum norðanlands og tveimur bæjum í Skaftafells-sýslum.

Af stærri stöðum var það einungis Akureyri sem náði að halda í við fjölgun landsmanna á fyrsta áratug 21. aldar. Flest árin voru aðfluttir fleiri en brottfluttir en Ásgeir Jónsson sagði einmitt þau tíðindi í grein haustið 2003 að það sem af væri ári hefðu fleiri flutt frá höfuðborgarsvæðinu til Akureyrar en í hina áttina. Hann taldi mögulegt að nýtt blómaskeið væri í vændum og nefndi meðal annars jákvæð áhrif Háskólans á Akureyri en hann var stofnaður árið 1987 og óx hratt. Nemendur voru 33 fyrsta haustið, 411 áratug síðar en liðlega 1500 árið 2010 (sjá Laufeyju S. Sigurðardóttur (ritstj.) 2003:5 og Guðrúnu Maríu Kristinsdóttur (ritstj.) [2012]:10). Þessar tölur endurspeglar þó ekki endilega mikinn straum aðfluttra háskólanema því að nálægt aldamótunum var grunnur lagður að fjarnámi sem fól í sér að nemendur þurftu ekki að flytjast búferlum til Akureyrar. Haustið 2004 voru til að mynda liðlega 1500 nemendur skráðir við skólann og tæpur helmingur í fjar- eða lotunámi (sjá Laufeyju S. Sigurðardóttur (ritstj.) 2005:6). Eigi að síður hlýtur háskólinn að stuðla að nokkrum flutningum fólks til Akureyrar frá öðrum málsvæðum, bæði nemenda, kennara og fjölskyldna þeirra. Þannig er hann líklegur til að hafa áhrif á afdrif þeirra framburðarafbrigða sem einkennt hafa Norðurland. Rannsóknarleiðangur sem farinn var árið 2015 til að kanna framburð norðlenskra ungmenna leiddi einmitt í ljós mikið undanhald

þeirra (sjá kafla 5.3.2.2). Vera má að það skýrist að einhverju marki af samfélagsbreytingum sem rekja má til háskólans.

Fjarnámið á Akureyri er lýsandi fyrir nýja tíma. Mannfólkið er ekki eins staðbundið og áður – í mörgum skilningi. Það er hægt að vera við nám á Akureyri án þess að dvelja þar. Nokkrir tugir starfa líka hjá Fiskistofu en höfuðstöðvar hennar voru fluttar frá Hafnarfirði til Akureyrar í ársbyrjun 2016. Starfsemi er þó enn í Hafnarfirði, sem og vítt og breitt um landið eins og verið hafði. Góðar samgöngur og upplýsingatækni gera að verkum að hægt er að reka stofnun eins og þessa á mörgum stöðum (sjá t.d. *Fiskistofa. Ársskýrsla 2017 2018*:32 og vefsíðu Fiskistofu, fiskistofa.is).

Þó að umfjöllun hér að framan um myndun og stækkun bæja á fyrri hluta 20. aldar endurspeglar mikla fólksflutninga er líklegt að í nútímanum sé fólk enn hreyfanlegra. Í bókinni *Byggðir og búseta* segir: „Frá 1980 hafa átt sér stað gífurlegar kerfisbreytingar í íslensku þjóðlífi sem hafa valdið því að ungt fólk hérlendis hefur farið á flakk“ (Axel Hall o.fl. 2002:178). Þó að þar sé einkum fjallað um straum fólks til Reykjavíkur er ástæða til að ætla að þetta „flakk“ eigi sér fleiri hliðar. Það er auðveldara en áður að flytja tímabundið milli staða, landshluta og landa, til dæmis til að stunda nám. Samstarf þjóða hefur einnig leitt til þess að auðvelt er fyrir fólk að „prófa“ að búa og starfa erlendis. Þetta sást vel í kjölfar bankahrunsins árið 2008. Fólk streymdi til nágrannalandanna, en tæpum áratug síðar má greina viðsnúning, þá komu fleiri landsmenn heim en fóru (upplýsingar eru fundnar á vef Hagstofu Íslands, undir Búferlaflutningar milli landa). Líklegt er að þar hafi einmitt verið á ferðinni „flóttamenn“ sem sneru aftur þegar betur fór að ára. Það virðist sjálfsagðara og auðveldara en áður að færa sig tímabundið um set. Þessi hreyfanleiki sást vel þegar spurt var um bakgrunn norðlenskra unglinga árið 2015. Þriðjungur þeirra hafði búið annars staðar en á Norðurlandi í tvö ár eða lengur.

Þau landsbyggðarsamfélög sem hér eru til athugunar, Norðurland eystra og Skaftafells-sýslur, eru afar ólík hvað varðar þróun síðustu ár 20. aldar og fyrstu ár 21. aldar. Norðurland á heildina litíð glímur við sama vanda og landsbyggðin öll. Unga fólkið leitar burt, vöxtur bæja hefur stöðvast eða fólki beinlínis fækkar. Undantekningin er Akureyri sem vex og dafnar, en þó hægum skrefum. Þar má ætla að flest aðkomufólk setjist að til skamms eða lengri tíma með mögulegum áhrifum á staðbundið málfar. Engin viðlíka undantekning er í Skaftafellssýslum. Þær eiga undir högg að sækja þrátt fyrir nokkurn vöxt í ferðaþjónustu.<sup>135</sup> Þessi svæði eiga það þó sameiginlegt með landinu öllu að það er orðin meiri heild en áður. Samgangur milli fólks er tíðari og fjölbreyttari. Skaftafellingur nútímans á án efa miklu meiri samskipti við fólk utan svæðisins heldur en var fyrir aðeins aldarfjórðungi, hvað þá hálfri öld. Landið hefur skroppið saman. Í 5. kafla kemur í ljós hvort þess sér stað í þróun framburðarabrigðanna.

<sup>135</sup> Hér væri þó hægt að skrifa heilan kafla um sérstöðu Víkur í Mýrdal á allra síðustu árum. Eftir að ferðaþjónusta óx fiskur um hrygg, á 2. áratug 21. aldar, tók fólk þar að fjölga. Uppistaðan var innflytjendur frá öðrum löndum, þannig að á fyrsta ársfjórðungi árið 2020 var nákvæmlega helmingur Mýrdælinga erlendir ríkisborgarar. Vík breyttist því á skömmum tíma úr sveitaþorpi í fjölmenningsbæ (sjá vef Hagstofu Íslands, undirsíðuna Mannfjöldi eftir sveitarfélögum, kyni, ríkisfangi og ársfjórðungum 2010–2020, einnig Kristján Má Unnarsson 2019). Þeim gögnum sem hér er unnið með var safnað áður en þessar breytingar urðu og því koma möguleg áhrif þeirra ekki fram.

#### 4.7.5 Samantekt um þróun samfélagsins

Þegar litið er á þá þætti sem hér hefur verið fjallað um, þróun mannfjöldans, þéttbýlismyndun, samgöngur og skólamál, sést að snemma á 20. öld urðu miklar breytingar norðanlands hvað tvo þá fyrstu varðar. Þar spruttu upp bæir og þorp og greinilegt að mikið umrót var í samfélaginu fram um miðja öld. Í Skaftafellssýslum voru tveir bæir, Vík og Höfn, en þegar á leið náði þó aðeins Höfn að blómstra. Stórt svæði einkenndist því áfram af dreifðri byggð og fólksfækkun. Bættar samgöngur endurspeglar þó miklar samfélagsbreytingar sem ætla má að hafi haft sérstaklega mikil áhrif í Skaftafellssýslum. Samanborið við marga aðra á landsbyggðinni voru Skaftafellingar landfræðilega jaðarsettir og samfélagið kyrrstætt. Þéttbýli og samgöngubætur komu því á hreyfingu og stuðluðu um leið að auknum málsamgangi. Um bæði svæðin gildir að skóla- og fræðslumál stuðluðu að hreyfanleika og samgangi ungs fólks um og upp úr 1940 og allar götur síðan.

Skeið stöðunar um miðja öld hefur að líkindum sett meira mark á Norðurland. Í Skaftafellssýslum var á heildina litið ekkert blómaskeið sem gat liðið undir lok. Á sama hátt naut Norðurland stærri sneiðar af byggðastefnunni sem rekin var á 7. og 8. áratugnum. Þangað komu til að mynda margir skuttogarar, en einn til Hafnar.

Síðustu áratugi hefur samfélagið tekið stakkaskiptum. Landið er meiri heild en áður, þökk sé bættum samgöngum og upplýsingatækni, en ekki síður hugarfari. Fólk er minna staðbundið en áður í eiginlegri og óeiginlegri merkingu. Alþjóðavæðingin nær ekki aðeins til landamæra heldur einstakra landa, svæða og einstaklinga. Við þær aðstæður má ætla að ekki blási byrlega fyrir staðbundið málfar en í 5. kafla kemur í ljós hvernig afbrigðunum fjórum hefur reitt af.

#### 4.8 Litið um öxl

Í þessum kafla var leitast við að draga upp nokkurs konar yfirlitsmynd af bæði harðmæli og rödduðum framburði. Fjallað var um landfræðilega útbreiðslu og tíðni á 5. áratug 20. aldar, sem og þróun fram á 9. áratuginn. Þá vék sögunni að málfræðilegum einkennum og viðhorfum í samfélaginu í leit að skýringum. Umfjöllun um skaftafellskan einhljóðaframburð og *hv*-framburð var á svipuðum nótum en þó knappari. Í síðasta kaflanum var athyglinni beint að þróun samfélagsins þar sem mannfjöldi, bæjamyndun og atvinnulíf var meginþemað hvað Norðurland varðar en á Suðausturlandi fengu samgöngur meira vægi. Með þessari umfjöllun var markmiðið að leita svara við því hvað gerðist á þessu tímaskeiði og hvers vegna. Hvað skýringaleit varðar var þó ekki síst markmiðið að sýna fram á mikilvægi þess að leita víða fanga. Með því að flétta saman viðhorf, málfræðileg einkenni og straum og uppruna aðflutts fólks má sjá að allir þessir þættir leggjast þyngra á sveif með örödduðum framburði en linmæli. Ef aðeins hefði verið einblínt á einn þátt hefði ef til vill mátt álykta að þar væri fundin skýring á harðari sókn óraddaðs framburðar. Með því að horfa víðar sést að margt leggst á eitt. Skýringar á málbreytingum eru ekki einfaldar. Í 5. kafla verður rauntímasamanburði beitt til að spyrja annars konar spurninga um málbreytingar. Rauntímagögnin gera kleift að setja einstaka málnotendur í brennidepil og kanna hvernig þeir breyta máli sínu yfir æviskeiðið.

## 5. Rauntímasamanburður: Fólki í fyrirrúmi

### 5.1 Inngangur

Umfjöllun í þessum kafla er aðeins að hluta til framhald 4. kafla þar sem gögn úr rannsókn Björns Guðfinnssonar og RÍN voru notuð til að varpa ljósi á stöðu og þróun harðmælis og raddaðs framburðar á meginhluta 20. aldar, sem og *hv*-framburðar og skaftfellsks einhljóðaframburðar þó að sú umfjöllun væri ekki eins ítarleg. Myndin sem þar var dregin upp náði fram á 9. áratuginn. Skýringa á ólíkri þróun eftir tímabilum og framburðarabrigðum, eða tilbrigðapörum,<sup>136</sup> var leitað með því að líta til viðhorfa, málfræðilegra einkenna og þróunar samfélagsins. Í þessum kafla bætast við ný gögn og því má virðast rakið að halda áfram á sama hátt og spyrja: Hvað gerðist næst og hvers vegna? Það verður og gert, en þessi nýju gögn bjóða þó ekki upp á að þráður 4. kafla verði einfaldlega tekinn upp og haldið áfram á nákvæmlega sama hátt. Af því segir nánar í kafla 5.2.3, *Ólíku saman að jafna*. Á hinn bóginn er hægt að velta við öðrum steinum og skoða málbreytingar á fullorðinsárum frá ólíkum sjónarhornum. **Ævibreyting** (e. *lifespan change*) er því lykilhugtak í þessum kafla og vísar til þeirra breytinga eða þróunar sem verða á lífsleiðinni (sjá *töflu 3-1* og umfjöllun um hana). Þannig verða rauntímagögnin notuð til að leita svara við þeim meginspurningum sem varpað var fram í upphafi ritgerðarinnar (sbr. (1-4)). Spurt verður:

- (5-1) a. Að hve miklu leyti breytir fólk máli sínu á lífsleiðinni?  
b. Hver eru áhrif ævibreytinga í sókn framburðarbreytinga í málsamfélaginu?  
c. Hvað einkennir ævibreytingar með tilliti til aldurs, kyns og viðhorfa?  
d. eru einkenni ævibreytinga mismunandi eftir því hvers kyns hljóðbreytingarnar eru?  
e. eru – og þá að hvaða marki – ævibreytingar hjá þeim sem flytja í nýtt málumhverfi frábrugðnar breytingum hjá þeim sem heima sitja?

Þessar spurningar verða brotnar upp í ýmsar undirspurningar. Sumar þeirra var lagt upp með þegar í upphafi rannsóknarinnar, aðrar tóku breytingum þegar farið var að rýna í gögnin og enn aðrar kviknuðu. Sem fyrr verður umfjöllunin að ýmsu leyti ítarlegri um norðlensku afbrigðin en þau skaftfellsku. Það helgast ekki síst af fjölmennara úrtaki norðlenskra málhafa.

Í næsta kafla, 5.2, verður sagt frá úrtaki og úrvinnslu og í framhaldinu dregin fram ýmis atriði sem taka þarf tillit til þegar spurningar eru afmarkaðar nánar en gert er í (5-1). Að þessu loknu, í kafla 5.3, er spurt: *Hvað gerðist næst?* Með því er vísað til þess að umfjöllun um þróun afbrigða í 4. kafla náði aðeins fram á 9. áratuginn (RÍN) en nýjustu gögnin (RAUN) eru frá þessari öld. Svaresins verður þó ekki aðeins leitað með því að skoða þróun milli RÍN og RAUN heldur verður horft til alls tímabilsins sem rannsóknirnar þrjár spanna í leit að heildarmynd. Til

---

<sup>136</sup> Eins og fram kom í skýringum á hugtökum í inngangi 2. kafla (sjá (2-1)) er *tilbrigðapar* notað um tvö afbrigði eins og harðmæli og linnmæli. Iðulega verður þó talað um stöðu eða þróun landshlutabundinna afbrigða eða norðlenskra/skaftfellskra afbrigða eins og gert var í 4. kafla. Um leið er þá átt við stöðu eða þróun þeirra afbrigða sem einkenna mál flestra landsmanna. Ef til dæmis breyting verður á tíðni harðmælis á Norðurlandi felur það jafnframt í sér breytingu á tíðni linnmælis. Hvert landshlutabundið afbrigði er hluti af tilbrigðapari.

upprifjunar verður gjarna minnt á hvenær rannsóknirnar fóru fram með ártölunum 1940+ (BG), 1980+ (RÍN) og 2010+ (RAUN). Fyrst er fjallað um Norðurland og síðan Skaftafellssýslur. Hvor hluti hefst á því að gerð er grein fyrir stöðu landshlutabundnu afbrigðanna hjá ungmennum í nútímanum með samanburði við ungmenni sem tóku þátt í fyrri rannsóknum. Þar er því ekki um rauntímasamanburð að ræða og auk þess eru tiltækar heimildir brotakenndar. Í framhaldinu segir af ævibreytingum hjá málhöfum sem tóku þátt í tveimur eða þremur rannsóknum.

Í einföldum heimi ætti þetta yfirlit, byggt á framburði ungmenna og fullorðins fólks, að svara því hvernig tilbrigðapörin fjögur hafa þróast á kjarnasvæðum sínum yfir 70 ára tímabil og hverjar horfur landshlutabundnu afbrigðanna eru nú. Ef aðeins væri beitt sýndartímasamanburði sem leiddi í ljós að yngra fólk notaði tiltekið afbrigði í meira mæli en eldra fólk væri hefðbundin ályktun að þetta afbrigði væri í sókn (sjá kafla 3.2). Samanburður á framburði fullorðins fólks fyrr og síðar á æviskeiðinu sýnir hins vegar að málið getur verið flóknara. Hvað varðar harðmæli og línsmæli á til dæmis eftir að koma fram að ekki er ljóst á augabragði hvaða afbrigði er í sókn í samfélaginu.

Þó að spurningin *Hvað gerðist næst?* sé ólík þeim sem á eftir fylgja skiptir svarið talsverðu máli fyrir framhaldið. Þá verður viðfangsefnið ævibreytingar frá ýmsum sjónarhornum og eitt markmiðið er að skoða áhrif þeirra á framþróun framburðarbreytinga í málsamfélaginu. Spurt er um „þátttöku“ fullorðins fólks í „yfirstandandi málbreytingu“, ekki síst með eftirfarandi orð Sankoff (2005:1011) í huga: „... individual speakers change over their lifespans in the direction of a change in progress in the rest of the community“. Sankoff útskýrir ekki nánar orðalagið „rest of the community“ en í því virðist felast að fullorðna fólkið fylgi öðrum eftir, það séu aðrir sem leiði breytingarnar. Um þetta verður nánar rætt í kafla 5.6.1 en niðurstaða kafla 5.3, *Hvað gerðist næst?*, er að þrjú af fjórum landshlutabundnum afbrigðum séu í heild á undanhaldi á kjarnasvæðum sínum (sjá samantekt í köflum 5.3.2.5, 5.3.3.5 og 5.3.4). Í framhaldinu er þá hægt að skoða ævibreytingar í ljósi yfirstandandi málbreytinga, „change in progress“.<sup>137</sup>

Sú athugun hefst með því að í kafla 5.4 er skyggst undir meðaleinkunnir og gefið yfirlit yfir breytingar sem verða hjá einstaklingum. Sýnt er með myndritum að hve miklu leyti einstakir málfarar breyta máli sínu og þannig leitað svars við spurningu (5-1)a. Um leið sést hvort hópurn er samstiga eða breytingar mjög mismiklar eftir málhöfum. Jafnframt sést hvort framburður helst stöðugur hjá hluta málfarfanna þó að meðaleinkunn hópsins í heild breytist. Er það til að mynda misjafnt eftir tilbrigðapörum? Spurningum af þessu tagi er hægt að svara vegna þess að um rauntímagögn er að ræða, þ.e. sama fólkið tók þátt í fleiri en einni rannsókn.

Í kafla 5.5 er haldið áfram að rýna í einstaka málfara. Í flestum tilvikum notuðu þeir tvö landshlutabundin afbrigði í fyrstu eða fyrri rannsókn og því er hægt að kanna hvort sumir séu að segja má íhaldssamir en aðrir fúsari til breytinga. Við suma þessara málfara var rætt í síma-viðtölum og því gefst kostur á að leita að tengslum milli viðhorfa þeirra og málþróunar.

<sup>137</sup> Sankoff skilgreinir ekki „change in progress“ frekar en „rest of the community“ en með „yfirstandandi málbreytingu“ er hér átt við að tiltekinn breytileiki sé ekki stöðugur í málsamfélaginu (sjá einnig *töflu 3-1* og umfjöllun um hana). Að einhverjum tíma liðnum, eftir hraða málbreytingarinnar, megi búast við því að „samsetning“ breytileikans hafi breyst, þ.e. tíðni afbrigða. Slík þróun milli tveggja tímupunkta er málbreyting en þarf ekki að leiða til þess að annað afbrigðið hverfi.

Aldur er þekkt viðfangsefni í rannsóknum á málbreytingum. Í 4. kafla kom hann mjög við sögu í sýndartímasamanburði. Í kafla 5.6 verður hins vegar glímt við hann frá öðru sjónarhorni. Í stað þess að bera saman meðaleinkunnir aldurshópa er spurt hvort breytingar í tiltekna stefnu eða stöðugleiki séu líklegri á fyrri hluta ævinnar eða þeim seinni. Þetta er hægt að skoða á tvo vegu. Annars vegar má líta til þróunar málsins hjá Björnskynslóðinni á tveimur tímabilum og jafnframt tveimur æviskeiðum. Hins vegar er hægt að bera saman Björnskynslóðina á fyrri hluta ævinnar og yngra fólk sem tók þátt í RÍN og RAUN og var á fyrri hluta ævinnar milli rannsókna.

Með þessu má segja að leitað sé svara við því hvort ævibreytingar eigi sér einhver takmörk í tíma, sbr. umræðu um markaldur í kafla 2.5.2. Getur framburður breyst alla ævi eða dvína líkur á breytingum eftir því sem aldurinn færir yfir? Í kafla 5.7 er litið á aðra hlið á slíkri færni málkunnáttunnar og kannað hvort þróun raddaðs framburðar á fullorðinsárum fylgi kerfisbundnu ferli þar sem hljóðasamböndin láta undan eitt af öðru. Spurt er hvort regla sem lærdist á máltökuskeiði og er hluti af málkerfinu geti tekið breytingum í áföngum á fullorðinsárum.<sup>138</sup>

Kyn hefur reynst þeim sem fást við þróun tungumála gjöfult athugunarefni (sjá kafla 2.3.3). Fyrir rannsókn eins og þessa, þar sem landshlutabundin afbrigði eru viðfangsefnið, er vert að kanna hvort karlarnir reynist halda fastar í þau en konur. Erlendar rannsóknir hafa bent til slíkrar tilhneigingar og jafnframt að konur leiði gjarna málbreytingar. Skyldi þetta vera misjafnt eftir tilbrigðapörum, tímabilum eða stefnu breytinganna? Að kynjamun verður hugað í kafla 5.8.

Loks segir af brottfluttum málhöfum í kafla 5.9. Um er að ræða bæði Norðlendinga og Skaftfellinga af Björnskynslóð sem bjuggu á heimaslóð þegar þeir tóku þátt í rannsókn hans en fluttu síðar til höfuðborgarsvæðisins. Kannað verður hvort framburður þeirra hafi breyst meira en hjá þeim sem heima sátu og hvort það sé misjafnt eftir tilbrigðapörum. Einnig verður athugað hvort flutningar hafi ólík áhrif á framburð karla og kvenna og rýnt í viðhorf þar sem upplýsingum um þau er til að dreifa. Einnig verður litið á ýmis atriði sem einstök afbrigði bjóða upp á.

Í kafla 5.10 verður litið um öxl.

## 5.2 Úrtak RAUN-rannsóknarinnar

### 5.2.1 Inngangur

Þessi kafli greinist í tvo undirkafla. Í þeim fyrri segir af rauntímaúrtakinu, þ.e. þeim sem tóku þátt í fleiri en einni rannsókn en einnig ungmennum sem aðeins tóku þátt í RAUN. Fram kemur fjöldi málhafa, kyn, aldur og búseta. Í þeim síðari er fjallað um nokkurn mun sem er á meðaleinkunnum hjá RAUN-úrtakinu og sambærilegum aldurshópum sem voru viðfangsefnið í 4. kafla. Þar var unnið með stærra úrtak og í ljós kemur að ekki er í öllum tilvikum fullt samræmi milli þess og RAUN-úrtaksins.

<sup>138</sup> Hugtakið málkerfi vísar til þeirra reglna sem gilda í tilteknu tungumáli. Þannig má segja að málkerfi íslensku hafi tekið breytingum í tímans rás. En málkerfið er einnig þekking sem býr í huga málnotenda á hverjum tíma, þekking sem er að einhverju leyti meðfædd en byggist síðan upp á máltökuskeiði. Í þessari umfjöllun vísar hugtakið til slíkrar þekkingar og færni, málkunnáttunnar (sjá t.d. Margrétu Guðmundsdóttur 2008:11–13).

## 5.2.2 Úrtak og úrvinnsla

Úrtakið sem unnið er með í þessum kafla hefur að geyma fullorðið fólk sem tók þátt í rannsókninni *Málbreytingar í rauntíma í íslensku hljóðkerfi og setningagerð* (RAUN). Sumir höfðu áður tekið þátt í einni rannsókn, ýmist rannsókn Björns Guðfinnssonar (hér oft skammstafað BG) eða RÍN-rannsókninni (*Rannsókn á íslensku nútímamáli*). Aðrir tóku þátt í þeim báðum. Um er að ræða bæði staðfasta og brottflutta, en með hugtökunum er vísað til þess annars vegar að þátttakendur hafi búið á sama svæði í báðum eða öllum rannsóknum og hins vegar að þeir hafi flutt til höfuðborgarsvæðisins milli rannsókna. Þessu til viðbótar var framburður ungmenna á Akureyri og í Eyjafirði rannsakaður árið 2015 en stuðst er við aðrar rannsóknir til að fá mynd af framburði norðlenskra ungmenna á stærra svæði og skaftfellskra ungmenna.

Þó að úrtak RAUN-rannsóknarinnar hafi að geyma nokkurn fjölda fullorðinna málhafa úr Skagafirði og Norður-Múlasýslu verður sjónum fyrst og fremst beint að Eyjafirði að Akureyri meðtalinni og Þingeyjarsýslum í umfjöllun um þróun harðmælis og raddaðs framburðar. Þetta má kalla kjarnasvæði afbrigðanna og var þungamiðjan í 4. kafla þar sem rýnt var í þróun þeirra fram á 9. áratuginn. Því er eðlilegt að beina spurningunni *Hvað gerðist næst?* að sama svæði. Að auki fæst af ýmsum ástæðum skýrasta myndin af þróun norðlensku framburðarafbrigðanna með því að afmarka úrtakið við kjarnasvæðið. Til að mynda ríkir algjör óvissa um afdrif þeirra í máli ungmenna á jaðarsvæðum afbrigðanna.

Upplýsingar um úrtakið sem úr er að móða til að kanna norðlensku afbrigðin er að finna í *töflu 5-1* þar sem fram kemur skipting eftir búsetu, aldri og kyni. Á Norðurlandi eru 48 staðfastir málhafar af Björnskynslóð sem tóku þátt í þremur rannsóknum og 36 af RÍN-kynslóð, þ.e. yngri málhafar sem aðeins tóku þátt í RÍN og RAUN. Þeim er skipt eftir aldri í RÍN-kynslóð 1 (eldri málhafar) og RÍN-kynslóð 2 (yngri málhafar). Við þetta bætast 39 ungmenni, fædd um síðustu aldamót og tóku eðli málsins samkvæmt aðeins þátt í RAUN-rannsókninni.<sup>139</sup>

Til viðbótar við staðfasta þátttakendur var í RAUN-rannsókninni haft uppi á 45 Norðlendingum sem tóku þátt í rannsókn Björns og bjuggu þá í Eyjafirði eða Suður-Þingeyjarsýslu en fluttu síðar á höfuðborgarsvæðið. Þessir málhafar tóku ekki þátt í RÍN-rannsókninni.

		Eyjafjörður og Þingeyjarsýslur			
		Staðfastir		Brottfluttir	
Fæðingarár	Kynslóð	Kk.	Kv.	Kk.	Kv.
1927-1933	Björnskynslóð	19	29	13	32
1942-1960	RÍN-kynslóð 1	7	14		
1963-1970	RÍN-kynslóð 2	10	5		
1999-2000	Ungmenni	24	15		
Alls		84 + 39		45	

Tafla 5-1: Greining 168 málhafa úrtaks sem liggur til grundvallar í umfjöllun um norðlensk framburðarafbrigði.

<sup>139</sup> Ungmennin voru rannsökuð í sérstakri rannsóknarferð árið 2015 og má því kalla viðbót við RAUN-úrtakið.



Þar sem ungmennin sem fæddust um aldamótin síðustu eru aðeins frá Akureyri og hluta Eyjafjarðarsýslu verður þessu til viðbótar vísað til nokkurra ritgerða sem fjalla um rannsóknir sem gerðar voru milli RÍN og RAUN á Dalvík og í Ólafsfirði. Af þeim segir nánar í kafla 5.3.2.2.

Eins og sést á þessari umfjöllun um svæði verður talað um sýslur þó að þær séu ekki lengur stjórnsýslueiningar (sjá sýsluskipan og ýmsa bæi á mynd 4-1). Eyjafjarðarsvæðið verður aðgreint í Akureyri og Eyjafjarðarsýslu þegar tilefni er til.

Við athugun á afdrifum skaftfellsku afbrigðanna, einhljóðaframburðar og hv-framburðar, er öllu færri málhöfum til að dreifa. Af Björnskynslóð eru 27 staðfastir Skaftfellingar sem tóku þátt í öllum þremur rannsóknunum. Yngri málhafar, RÍN-kynslóðin, eru 16. Þeir tóku aðeins þátt í RÍN og RAUN.<sup>140</sup>

Úrtak brottfluttra Skaftfellinga er nokkuð frábrugðið því norðlenska. Í RÍN-rannsókninni var meginreglan sú að reynt var að hafa uppi á þátttakendum Björns sem höfðu búið áfram á sama svæði. Guðvarður Már Gunnlaugsson kannaði hins vegar framburð Vestur-Skaftfellinga sem flutt höfðu á höfuðborgarsvæðið og urðu gögn hans hluti af gagnasafni RÍN (sjá Guðvarð Már Gunnlaugsson 1983a, Margræti Guðmundsdóttur 2002:136–145). Um var að ræða 27 manns og í RAUN-rannsókninni var haft uppi á 12 þeirra að nýju, auk fjögurra brottfluttra Austur-Skaftfellinga sem tóku þátt í rannsókn Björns en ekki RÍN-rannsókninni. Þetta 16 manna úrtak brottfluttra hefur því að geyma málhafa sem ýmist tóku þátt í tveimur rannsóknum eða þremur.

Í töflu 5-2 er að finna yfirlit yfir úrtakið.

		Skaftafellssýslur			
		Staðfastir		Brottfluttir	
Fæðingarár	Kynslóð	Kk.	Kv.	Kk.	Kv.
1926-1936	Björnskynslóð	13	14	8	8
1945-1960	RÍN-kynslóð 1	5	6		
1961-1970	RÍN-kynslóð 2	2	3		
(1987-1995)	Ungmenni	(40)*			
Alls		43 + (40)		16	

Tafla 5-2: Greining 99 málhafa úrtaks sem liggur til grundvallar í umfjöllun um skaftfellska framburðarafbrigði.

\*Nákvæm skipting eftir kyni liggur ekki fyrir.

Engin skaftfellska ungmenni voru sótt heim í tengslum við RAUN-rannsóknina. Óneitanlega er það bagalegt því að án þeirra er svarið við spurningunni *Hvað gerðist næst?* æði snubbótt. Til að fylla í skarðið að nokkru leyti verður vísað til tveggja ritgerða um framburð í Vestur-Skaftafellssýslu. Sigrún Tómasdóttir (2008) rannsakaði framburð í Mýrdalshreppi árið 2007 og árið eftir kannaði Guðjón Ragnar Jónasson (2008b) stöðu einhljóðaframburðar hjá nemendum í Kirkjubæjar-skóla á Síðu. Samanlagt eru ungir þátttakendur í þessum rannsóknum 40 talsins, flestir fæddir 1987–1995. Í rannsókn Sigrúnar (2008:23) voru 15 ungir karlar og sjö konur, en skiptingin kemur ekki

<sup>140</sup> Tveimur skaftfellska málhöfum sem tók þátt í RÍN og RAUN var sleppt vegna dæmafæðar í RÍN, auk þess sem annar reyndist stírlæs.

fram hjá Guðjóni Ragnari. Þó að rannsóknirnar hafi aðeins farið fram í tveimur skólum náðu þær hvað skaftfellskan einhljóðaframburð varðar til ungmenna í allri Vestur-Skaftafellssýslu. Þar eru nú aðeins tvö sveitarfélög og tveir grunnskólar. Nánar segir frá þessum rannsóknum í kafla 5.3.3.2.<sup>141</sup>

Þar sem RAUN-úrtakið felur sér í samanburð hjá sama hópi málhafa í fleiri en einni rannsókn verður notað parað *t*-próf (e. *paired t-test*) til að kanna hvort munur milli rannsókna sé tölfræðilega marktækur. Samanburður á ungmönnum byggist hins vegar á ólíkum hópum og þá er notað *t*-próf óháðra úrtaka (e. *independent samples test*) eins og í 4. kafla. Í töflum og meginmáli er *p*-gildis iðulega getið en aftanmálgreinar hafa að geyma nánari upplýsingar (sjá kafla 3.7).

Þegar dregið var upp yfirlit yfir stöðu og þróun landshlutabundnu afbrigðanna fjögurra í 4. kafla var byggt á öllu úrtaki Björns Guðfinnssonar og RÍN frá kjarnasvæðunum. Málhafar í rauntímasamanburðinum tilheyrðu þessum stóru hópum, en eru þó aðeins lítill hluti þeirra. Því er ekki um slembiúrtak að ræða þar sem allir Norðlendingar og Skaftfellingar eru undir. Að auki voru RÍN-upptökur málhafanna sem völdust í RAUN endurmetnar, að hluta til með öðrum og nákvæmari aðferðum en áður. Þetta hefur í för með sér að sami aldurshópur og fjallað var um í 4. kafla getur fengið aðra meðaleinkunn í þessum kafla, eins og nú segir nánar af.

### 5.2.3 Ólíku saman að jafna

Þegar ráðist var í RAUN-rannsóknina var markmiðið fyrst og fremst að safna upplýsingum um mál fólks sem tekið hafði þátt í fyrri rannsóknum og kanna hvernig það hefði breytt máli sínu á lífsleiðinni. Um leið var þess vænst að hægt væri að varpa ljósi á nokkuð ólíkt viðfangsefni, hvernig landshlutabundin framburðarafbrigði hefðu hafst við í kjölfar RÍN-rannsóknarinnar. Nýju gögnin áttu að svara því að nokkru marki hvað gerðist næst. Ein leið til þess væri að draga fram niðurstöður úr 4. kafla þar sem sagði frá þróun milli rannsóknar Björns og RÍN og bæta þar „aftan við“ niðurstöðum úr RAUN til að sjá framhaldið. Þar með mætti ætla að fram væri komin um 70 ára þróunarsaga. RAUN-úrtakið er hins vegar falið í samanburði við hinar rannsóknirnar og var valið á annan hátt þannig að ekki er um sams konar þverskurð af norðlensku og skaftfellsku samfélagi að ræða. Til að mynda er yngsta fólkið, fætt um aldamótin síðustu, aðeins frá Akureyri og hluta Eyjafjarðarsýslu. Það gæfi því skakka mynd af þróun norðlenskra afbrigða að bæta niðurstöðum úr RAUN einfaldlega aftan við fyrri upplýsingar úr rannsókn Björns og RÍN.

Önnur leið hefði verið að byggja þessa 70 ára sögu eingöngu á framburði RAUN-úrtaksins í rannsóknunum þremur. Sú leið hefði falið í sér að sleppa 4. kafla þessarar ritgerðar þar sem undir voru allir málhafar Björns og RÍN frá svæðunum sem eru til athugunar. Einstakir aldurs hópar í RAUN-úrtakinu eru hins vegar svo fámennir að útilokað væri að ná fram eins fínlegum dráttum og í myndinni sem þar var dregin upp.

Vænlegasti kosturinn er að draga skýr mörk milli þeirra aðferða sem beitt var í 4. kafla og athugunar á framburði RAUN-úrtaksins í þessum kafla. Í 4. kafla var þá rakin saga framburðar-afbrigða frá 5. áratugnum og fram á þann 9. með allt Norðurland eystra undir annars vegar og

<sup>141</sup> Þess ber að geta að ég hef haft spurnir af rannsóknarleiðangri til Hafnar í Hornafirði árið 2020 en jafnframt að úrvinnsla sé skammt á veg komin og vinna við hana liggja niðri.

Skaftafellssýslur hins vegar. Í þessum kafla eru ævibreytingar í brennidepli, þ.e. þróun afbrigðanna hjá fullorðnu fólki, en um leið reynt að varpa ljósi á almenna þróun með viðeigandi fyrirvörum.

Einn slíkur fyrirvari varðar harðmæli hjá þeim þátttakendum í RAUN sem töldust ungmenni í RÍN, þ.e. málhöfum sem fæddust á 7. áratugnum. Hjá þeim aldurshópi kom fram sókn linmælis þegar allt úrtak RÍN-rannsóknarinnar á Norðurlandi var undir (sjá t.d. *myndrit 4-3*). Í RAUN-úrtakið völdust 15 málhafar af þessari kynslóð sem fengu í meðaleinkunn 194,0 fyrir harðmæli í RÍN. Þetta er aðeins hluti málhafanna í RÍN og sé litið til þeirra í heild, þ.e. sama aldurshóps á sama svæði, var meðaleinkunn 187,7.<sup>142</sup> Þegar kannað verður hvernig harðmæli hafi þróast hjá þeim sem voru ungmenni á 9. áratugnum en á fimmtugsaldri þegar gögnum RAUN-rannsóknarinnar var safnað þarf að hafa í huga að svarið nær aðeins til fólks sem tileinkaði sér verulegt harðmæli í æsku.

Annar fyrirvari varðar raddaðan framburð. Sýndartímasamanburður í 4. kafla, þ.e. samanburður aldurshópa í RÍN, gaf til kynna sókn óraddaðs framburðar. Yngra fólkið fékk lægri meðaleinkunn fyrir raddaðan framburð en það eldra (sjá t.d. *myndrit 4-6* og *4-7*). Þessi sókn óraddaðs framburðar birtist ekki þegar slíkur samanburður er einskorðaður við RAUN-úrtakið. Þegar byggt er á því einu fær Björnskynslóðin, fædd um 1930, lægri meðaleinkunn fyrir raddaðan framburð í RÍN en yngra fólkið, RÍN-kynslóðin (sjá *töflu 5-10*). Þetta á að verulegu leyti rætur að rekja til þess hversu misjöfn staða og að nokkru leyti þróun raddaðs framburðar var á 20. öld innan kjarnasvæðisins. Hjá öllum aldurshópum var meðaleinkunn Akureyringa og Norður-Þingeyinga lægri en einkunn í Eyjafjarðar- og Suður-Þingeyjarsýslu (sjá *töflu 4-12*). Þegar aldurshópar eru bornir saman skiptir því máli að einn hópur sé ekki skipaður mörgum Akureyringum og Norður-Þingeyingum en annar fáum. Í RAUN-úrtakinu eru hins vegar engir Norður-Þingeyingar af RÍN-kynslóð og fáir innfæddir Akureyringar en úrtak Björnskynslóðarinnar er skipað hlutfallslega mörgum Akureyringum. Fyrir vikið kemur ekki fram sams konar munur á aldurshópum og í 4. kafla. Athugun á þróun raddaðs framburðar hjá RAUN-úrtakinu mun þrátt fyrir þetta segja talsverða sögu um örlög hans.

Þriðji fyrirvarinn sem nefna má snýr að ungmendum. Til þess að geta svarað því hvað gerðist næst, þ.e. í kjölfar RÍN-rannsóknarinnar, þarf að hafa upplýsingar um framburð ungmenna því, eins og koma mun fram hér síðar, er ekki hægt að ganga út frá því að þróun svæðisbundnu afbrigðanna í máli fullorðinna málhafa sé áreiðanlegur vitnisburður um afdrif þeirra í mál-samfélaginu í heild. Á Norðurlandi eru talsverðar upplýsingar um framburð ungmenna, en við túlkun þeirra þarf að hafa í huga að þær ná aðeins til afmarkaðs svæðis. Aðrar rannsóknir, einkum rannsókn Guðjóns Ragnars Jónassonar (2008a), fylla þó að nokkru í þetta skarð. Vandinn er stærri í Skaftafellssýslum því að þar voru engin ungmenni rannsökuð undir merkjum RAUN. Hins vegar má, eins og nefnt var í kafla 5.2.2, styðjast við staðbundnar athuganir frá seinni árum.

Í kafla sem ber yfirskriftina *Hvað gerðist næst?* verður fjallað um almenna þróun tilbrigðaparanna að teknu tilliti til þessara fyrirvara. Nákvæmar aðferðir vega annmarkana upp að

<sup>142</sup> Þessi hluti RAUN-úrtaksins fæddist 1963–1970 og er frá Eyjafjarðarsvæðinu og Suður-Þingeyjarsýslu. Einkunnin 187,7 í RÍN í heild miðast við sama svæði og fæðingarár.

nokkru leyti. Þannig voru upptökur málhafanna sem hér eru undir metnar af sama teymi aðstoðarfólks, þ.e. bæði upptökur frá RÍN og RAUN. Um leið var hægt að haga skráningu niðurstaðna öðruvísi en gert var í RÍN á sínum tíma. Í fyrri samanburði milli rannsóknar Björns og RÍN þurfti, vegna aðferðar við upphaflega skráningu í RÍN, að reikna einkunnir fyrir raddaðan framburð þannig að einstök dæmaorð og hljóðasambönd hefðu ólíkt vægi (sjá kafla 4.3.2). Þegar upptökur voru endurmetnar og niðurstöður skráðar að nýju var aðferðum breytt þannig að hægt væri að byggja einkunn hvers málhafa á jöfnu vægi dæmaorða. Þetta er mikilvægt því að þegar hver málhafi er settur undir stækkunargler til að kanna ævibreytingar þarf samanburður milli bæði einstaklinga og rannsókna að vera eins nákvæmur og kostur er.

Úrvinnsla gagna um *hv*-framburð var með aðeins öðru sniði. Vegna mistaka sem urðu við mat á þessum framburði er stuðst við niðurstöður hlustunar RÍN-upptakna frá 9. áratugnum (sjá kafla 3.4). Þær voru hins vegar að hluta til slegnar inn í nýjan gagnagrunn vegna galla í hinum eldri (sjá kafla 4.4.1).<sup>143</sup> Til að tryggja sem best samræmi milli niðurstaðna úr RÍN og RAUN var einn hlustari úr hópi aðstoðarfólks í RÍN fenginn til að meta RAUN-upptökur. Eftir að hafa tekið stikkprufur úr báðum rannsóknum met ég það svo að niðurstöðurnar séu hæfar til samanburðar.

Loks má minna á að þótt gott samræmi sé milli aðferða í RÍN og RAUN, þar sem þátttakendur skoðuðu myndir og lásu texta, voru þær aðrar en í rannsókn Björns. Hann notaði aðeins texta og þeir voru sumir talsvert langt frá eðlilegu máli. Vert er að hugleiða hvort þetta hafi leitt til annarra einkunna hjá Birni en ella hefði verið. Eins og fram kom í kafla 3.5.5 rýndi Daníel Þór Heimisson (2019) í niðurstöður RÍN og RAUN og kannaði hvort munur væri á framburði eftir því hvort byggt væri á myndum eða texta og sá að það var mismunandi eftir framburðarabrigðum. Athugun á *m*- og *nl*-framburði benti til að hann kæmi frekar fyrir í lestri þó að munurinn væri ekki tölfræðilega marktækur en enn fjær því var munur á skaftfellskum einhljóðaframburði eftir rannsóknaraðferð. Þetta er í samræmi við ályktun Ingólfs Pálmasonar sem rannsakaði framburð Örafinga á 9. áratugnum (sjá Daníel Þór Heimisson 2019:32–33, Ingólf Pálmason 1983:31–33). Athugun Daníels Þórs á vestfirskum einhljóðaframburði var ítarlegri og leiddi í ljós marktækan mun á *a+ng/nk* og *e+ng/nk* á þann veg að einhljóðaframburður var algengari í lestri en við skoðun mynda. Einhljóðaframburður á *ö+ng/nk* var hins vegar heldur fátíðari í lestri en munurinn ekki marktækur (sjá Daníel Þór Heimisson 2019:42–44). Sambærileg athugun á *hv*-framburði leiddi í ljós að hann væri algengari í lestri (sjá Signýju Rut Kristjánsdóttur 2020:23–24).

Á grundvelli þessa mætti ætla að þær einkunnir fyrir skaftfellskan einhljóðaframburð sem athugun á spjöldum Björns leiddi í ljós séu vel sambærilegar við RÍN og RAUN en einkunnir fyrir *hv*-framburð gætu verið helst til háar. Á móti því vegur að Björn rannsakaði framburð barna sem voru í kringum 12 ára aldur en bæði Daníel Þór og Signý Rut fundu út að það voru helst eldri karlar sem notuðu vestfirskan einhljóðaframburð og *hv*-framburð frekar í lestri. Hvað *hv*-framburð varðar var nánast enginn munur á lestri og tali hjá aldurshópnum 12–20 ára (sjá Daníel Þór Heimisson

<sup>143</sup> Þessi galli hefur leitt til skekkju í niðurstöðum um *hv*-framburð í Austur-Skaftafellssýslu, til dæmis hjá Kristjáni Árnasyni (2005:384).

2019:44–48, Signýju Rut Kristjánsdóttur 2020:24–27). Niðurstaðan er því sú að tiltækar athuganir bendi til þess að þó að Björn Guðfinnsson hafi aðeins stuðst við lestur séu einkunnir úr rannsóknum hans vel sambærilegar við RÍN og RAUN vegna þess hve ungir málfhafarnir voru.

En fyrsta spurning þessa kafla er: *Hvað gerðist næst?* Hvernig var þróunin á heildina litið milli RÍN og RAUN?

#### 5.3 Hvað gerðist næst?

##### 5.3.1 Inngangur

Heiti þessa kafla er jafnframt rannsóknarspurningin sem glímt er við: Hvernig hafa tilbrigðapörin sem hér eru undir þróast frá RÍN-rannsókninni þar sem umfjöllun í 4. kafla sleppti? Við sögu þeirra bætast um þrjár áratugir á grundvelli RAUN-rannsóknarinnar. Jafnframt er spurt hver staða þeirra sé í nútímanum og framtíðarhorfur.

Eins og rakið var hér að framan er að nokkru leyti vandasamt að nýta rauntímagögnin á þennan hátt. Ekki er einfaldlega hægt að draga fram niðurstöður úr 4. kafla og bæta við meðaleinkunnum úr RAUN. Í því sambandi má rifja upp að í RAUN-úrtakinu eru 15 norðlenskir málfhafar fæddir á 7. áratugnum og hér mun sjást (sbr. *töflu 5-8*) að þeir notuðu harðmæli ríkulegar í RÍN en fram kom hjá sömu kynslóð þegar allt úrtak RÍN var undir í 4. kafla (sjá dálkinn „1961+“ í *töflu 4-4*). Meðaleinkunn þessa 15 málfaha hóps endurspeglar því ekki fyllilega þá stöðu sem harðmæli hafði hjá ungmennum um 1980 samkvæmt greiningu á mun stærra úrtaki. Ætla má að það gildi einnig um meðaleinkunn í RAUN, að hún sé hærri hjá úrtakinu en gengur og gerist hjá þessari kynslóð í málsamfélaginu.

Annar vandi snýr að ungmennum nútímans sem ekki voru rannsökuð nema að litlu leyti undir merkjum RAUN. Aðrar rannsóknir fylla þó að nokkru upp í myndina.

Þrátt fyrir þessa varnagla getur þróun framburðar hjá RAUN-úrtakinu og staða afbrigðanna hjá ungmennum nútímans sagt mikla sögu um afdrif og horfur harðmælis og raddaðs framburðar. Þess þarf einungis að gæta að blanda ekki saman ósambærilegum gögnum. Í Skaftafellssýslum eru varnaglarnir fleiri og eyðurnar stærri, en ekkert vantar þó upp á að tíðindin séu merkileg.

Kaflinn skiptist í tvo undirkafla, sem síðan greinast nánar niður. Fyrri hlutinn fjallar um norðlensk afbrigði en sá seinni um þau skaftfellsku. Í kafla 5.3.4 verða niðurstöður dregnar saman.

##### 5.3.2 Norðlensk afbrigði

###### 5.3.2.1 Inngangur

Hér verður tiltækur efniviður nýttur til að kanna þróun bæði harðmælis og raddaðs framburðar milli RÍN og RAUN, þ.e. frá 9. áratug 20. aldar og fram á 2. áratug þessarar aldar, en einnig er skyggst aftur til rannsóknar Björns Guðfinnssonar á 5. áratugnum. Fyrsti kaflinn, 5.3.2.2, er helgaður ungmennum samtímans. Þau hafa aðeins tekið þátt í einni rannsókn en hægt er að bera framburð þeirra saman við framburð ungmenna í fyrri rannsóknum. Í kjölfarið viku sögunni að hinum eiginlega rauntímasamanburði. Harðmæli er viðfangsefnið í kafla 5.3.2.3 og raddaður

framburður í kafla 5.3.2.4. Þá segir af niðurstöðum í stuttu máli í kafla 5.3.2.5 en þær verða síðan aftur dregnar fram í kafla 5.3.4 til samanburðar við skafffellsk afbrigði.

### 5.3.2.2 Þrjár kynslóðir norðlenskra ungmenna


Það er alþekkt að ungmenni séu í fararbroddi þegar nýjungar ryðja sér til rúms í tungumálum. Þetta hafa fjölmargar rannsóknir byggðar á samanburði aldurshópa leitt í ljós, þ.e. þar sem beitt er sýndartímasamanburði (sjá kafla 3.2). Leiða má að því líkur að þetta megi rekja til flutnings málsins milli kynslóða. Barn á máltökuskeiði hefur „að markmiði“ að tileinka sér reglur málsins en það hefur engan beinan aðgang að þeim. Það þarf að túlka það sem það heyrir. Það ferli var viðfangsefni mitt í fyrri rannsóknum (sjá Margréti Guðmundsdóttur 2002, 2008) þar sem ég færði rök fyrir því að nýjungar gætu kviknað við einhvers konar „ranga“ túlkun upplýsinga sem þó væri rökrétt. Og einmitt vegna þess að túlkunin væri rökrétt, til að mynda vegna undan-genginna breytinga sem á einhvern hátt breyttu „ásýnd“ málsins, gæti hún kviknað hjá mörgum á sama eða svipuðum tíma. Um leið verður þá til breytileiki, það gamla og það nýja lifa hlið við hlið, sem næsta kynslóð þarf að túlka. Þá verða „sigurlíkur“ nýjungarinnar meiri eftir því sem rökin falla sterkar með henni. Í umfjöllun um raddaðan/óraddaðan framburð og *hv-/kv*-framburð (sjá kafla 4.3.4, 4.4.3 og 2.5.4.5) kom einnig fram að þegar málumhverfið er orðið blandað, eftir sókn nýjungar, getur verið einfaldara að tileinka sér annað afbrigðið en hitt. Þá reynir ekki aðeins á að túlkunin sé rökrétt heldur leiðir blanda afbrigðanna í málumhverfinu – og þar með misvísandi upplýsingar – til þess að flókið er að greina þær reglur sem búa að baki „gamla málinu“. Þar á ofan gætu viðhorf til hins „gamla“ og „nýja“ stuðlað að forystu ungs fólks í málbreytingum, þ.e. að tilbrigðin hafi ólíkt félagslegt gildi hjá ungmennum og fullorðnu fólki.

Í ljósi þessarar þekktu forystu ungmenna þegar málbreytingar sækja á var ekki óvænt að í 4. kafla kom fram að ungmenni í RÍN fengu almennt lægstu einkunnirnar fyrir bæði harðmæli og raddaðan framburð þó að Suður-Þingeyingar af Björnskynslóð skekktu aðeins þá mynd (sjá myndrit 4-3, 4-6, 4-7 og 4-8). Að sama skapi getur framburður ungmenna í þremur rannsóknum sem spanna langt tímabil veitt upplýsingar um tíðni þessara afbrigða í máli þeirra sem líklegastir eru til að nota þau hvað minnst. Um leið má draga ályktanir um þróun afbrigðanna og jafnvel framtíðarhorfur. Þetta er viðfangsefni þessa kafla.

Eins og fram hefur komið var farið á stúfana árið 2015 til að kanna framburð ungmenna norðanlands. Ekki voru tók á að fara víða um Norðurland en til stóð að heimsækja fjóra grunn-skóla, tvo á Akureyri og tvo í Eyjafirði, og rannsaka framburð elstu nemendanna. Vegna veðurs urðu skólarnir aðeins þrír, Brekkuskóli á Akureyri og Hrafnagilsskóli og Þelamerkurskóli í Eyjafirði. Þátttakendur voru 39, fæddir 1999 og 2000 og skiptust nokkuð jafnt milli skólanna.

Hrafnagilsskóla sækja nemendur úr Eyjafjarðarsveit sem varð til árið 1991 við sameiningu þriggja sveitarfélaga sunnan Akureyrar, þ.e. Hrafnagils-, Saurbæjar- og Öngulsstaðahrepps. Í Þelamörk eru nemendur Hörgársveitar. Um síðustu aldamót tilheyrðu íbúar þar fjórum hreppum vestan og norðan Akureyrar, þ.e. Arnarnes-, Skriðu-, Öxnadals- og Glæsibæjarhreppi. Af þessu má sjá að nemendur skólanna tveggja eru frá stóru landsvæði. Báðir eru þeir þó tiltölulega

skammt frá Akureyri eins og sést á mynd 5-1 og til að fá trausta mynd af framburði ungmenna í Eyjafjarðarsýslu hefði þurft að sækja heim Ólafsfirðinga og Dalvíkinga. Það er þó mjög til bóta að framburður þeirra var kannaður nokkrum sinnum eftir að RÍN-rannsókninni lauk. Hermína Gunnþórsdóttir (1991) rannsakaði framburð 55 unglunga í Dalvíkurskóla árið 1990 og skömmu áður, eða 1989, var Jóna Vilhelmína Héðinsdóttir (1991) á ferð í Ólafsfirði og kannaði framburð fólks á ýmsum aldri. Tvær rannsóknir voru gerðar í Ólafsfirði á þessari öld. Sóley Helga Björgvinsdóttir (2007) kannaði raddaðan framburð hjá 13 nemendum í grunnskólanum árið 2007 og sömuleiðis hjá 15 Akureyringum á sama aldri. Árið eftir rannsakaði Guðjón Ragnar Jónasson (2008a) framburð meðal Ólafsfirðinga og þar á meðal voru 15 grunnskólanemendur.



Mynd 5-1: Hörgársveit (með rauðum lit) og Eyjafjarðarsveit (með bláum lit) ásamt mörkum sveitarfélaga eins og þau voru í rannsókn Björns Guðfinnssonar og RÍN. Nemendur í Hörgársveit sækja nú Þelamerkurskóla en Hrafnagilsskóli er í Eyjafjarðarsveit. Norðar eru nú Dalvíkurbyggð sem var áður þrjú sveitarfélög og Fjallabyggð sem varð til við sameiningu Ólafsfjarðar og Siglufjarðar.

Í þessum fjórum rannsóknum var stuðst við aðferðir RÍN þó að ekki sé víst að þeim hafi verið fylgt í hvítvetna, til dæmis þegar framburður var metinn. Því þarf að setja fyrirvara við nákvæman samanburð meðaleinkunna en eigi að síður nýtast þessar rannsóknir vel, einkum tvær þær síðustu, til að fá fyllri mynd af þróun framburðar hjá ungmennum í Eyjafjarðarsýslu.

Samsetning úrtaksins sem tók þátt í rannsókninni 2015 veldur því að til að sjá þróun framburðar hjá ungmennum frá rannsókn Björns Guðfinnssonar til RÍN og svo aftur til RAUN þarf að velja þátttakendur úr fyrri rannsóknum með tilliti til búsetu. Í töflu 5-3 er því að finna harðmæliseinkunnir frá nokkrum svæðum. Byggt er á rannsókn Björns þar sem þátttakendur voru allir ungir, ungmennum sem voru í grunnskóla þegar rannsakendur RÍN voru á ferðinni og í aftasta dálkinum eru einkunnir ungmenna frá 2015.<sup>144</sup> Í töflunni er einkunnum annars vegar skipt eftir núverandi skólaskipan og hins vegar sameinaðar undir „HGS og ÞMS alls“ þar sem

<sup>144</sup> Einkunnir í RAUN eru ekki fyllilega sambærilegar við RÍN því að í RÍN fengu málhafar einkunnina 150 fyrir dæmaorð sem þeir báru fram með „millistigsframburði“, þ.e. hvorki skýru linnmæli né harðmæli (sjá nánar í kafla 3.3). Guðjón Ragnar Jónasson fór eins að í Ólafsfirði. Í RAUN var hins vegar ævinlega tekin afstaða til þess hvort um harðmæli eða linnmæli væri að ræða. Munur á niðurstöðum rannsókna sem fram kemur í töflu 5-3 er meiri en svo að hann verði skýrður með þessum mun á aðferðum.

skammstafanir vísa til skólanna tveggja. Þar fyrir neðan koma tiltækar einkunnir frá því svæði í Eyjafjarðarsýslu sem ekki var rannsakað 2015. Á milli rannsóknað Björns og RÍN annars vegar og RÍN og RAUN hins vegar er í öllum tilvikum um tölfræðilega marktækan mun að ræða ( $p=0,000$ ). Nánari upplýsingar eru í aftanmálgrein.<sup>A-12</sup>

Allra neðst í töflunni eru niðurstöður Guðjóns Ragnars Jónassonar (2008a:43) fyrir málhafa í Ólafsfirði sem allir voru í efstu bekkjum grunnskóla árið 2008. Þær eru bornar saman við meðaleinkunnir ungmenna í Ólafsfirði í fyrri rannsóknum.

	BG		RÍN		RAUN / GRJ	
	N	Meðaleinkunn	N	Meðaleinkunn	N	Meðaleinkunn
Hrafnagilsskóli, sunnan Akureyrar	35	199,1	12	188,9	12	146,0
Pelamerkurskóli, vestan og norðan Akureyrar	68	199,1	12	187,3	14	159,5
HGS og PMS alls	103	199,1	24	188,1	26	153,2
Annað dreifbýli og bæir norðan Akureyrar	156	198,2	31	190,3		
Ólafsfjörður (GRJ)	37	200	9	188,0	15	147,3

Tafla 5-3: Harðmæli og linnmæli: Meðaleinkunnir hjá ungmennum í þremur rannsóknum. Farið er eftir núverandi skólaskipan en áður greindist svæðið í sjö sveitarfélög. Enn fremur eru meðaleinkunnir úr tveimur rannsóknum annars staðar í Eyjafirði og þróun í Ólafsfirði er sýnd sérstaklega.

Ekki leynir sér að sú sókn linnmælis sem greind var í 4. kafla hjá ungu fólki í RÍN hefur ekki aðeins haldið áfram heldur sótt í sig veðrið. Guðjón Ragnar Jónasson birtir ekki einkunnir einstakra málhafa og því vantar forsendur (eins og staðalfrávik) til að kanna hvort munur í Ólafsfirði sé tölfræðilega marktækur. Meðaleinkunn í rannsókn hans leyfir þó þá ályktun að linnmæli hafi sótt á hjá ungmennum í Ólafsfirði rétt eins og í nágrannasveitarfélögum Akureyrar. Þá stendur eftir að kanna afdrif harðmælis á Akureyri.

Á 5. áratugnum var Glerárþorp sérstakt sveitarfélag og tilheyrði því Eyjafjarðarsýslu í niðurstöðum Björns Guðfinnssonar (1946:186). Þegar RÍN-rannsóknin var gerð hafði það sameinast Akureyri. Meðal Akureyringa í RÍN geta því verið íbúar í Glerárþorpi. Til að sýna að þessi breyting hefur ekki áhrif á samanburð milli rannsóknað er í *töflu 5-4* sýnd einkunn úr rannsókn Björns á Akureyri með og án Glerárþorps. Í töflunni kemur fram að meðaleinkunn fyrir harðmæli lætur nokkuð undan á fyrra skeiðinu en sá munur telst ekki tölfræðilega marktækur þó að aðeins muni hársbreidd ( $p=0,051$ ). Það er hann hins vegar á seinna tímabilinu ( $p=0,000$ ), milli RÍN og RAUN, enda snarfellur meðaleinkunnin.<sup>A-13</sup>

	BG		RÍN		RAUN	
	N	Meðaleinkunn	N	Meðaleinkunn	N	Meðaleinkunn
Akureyri	174	194,1	42	188,1	13	119,1
Akureyri og Glerárþorp	220	194,3				

Tafla 5-4: Harðmæli og linnmæli: Meðaleinkunnir í þremur rannsóknum hjá ungmennum á Akureyri, BG (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2015). Í rannsókn Björns er einnig sýnd einkunn á Akureyri að Glerárþorpi meðtöldu því að það tilheyrði bænum í seinni rannsóknum.



Það er því ljóst að akureysk ungmenni fædd um aldamótin síðustu nota ríkulegt linmæli. Sé litið til allra ungmennanna 39 sem tóku þátt í rannsókninni 2015 (26 í töflu 5-3 og 13 í töflu 5-4) er meðaleinkunnin 141,9, sem er mikið fall frá RÍN-rannsókninni þegar meðaleinkunnir grunnskólanna voru alls staðar í kringum 190.

Raddaður framburður hefur einnig – og enn frekar – átt undir högg að sækja eins og sést í töflu 5-5.<sup>145</sup> Efst gefur að líta meðaleinkunnir nemenda á svæði skólanna tveggja þar sem rannsókn fór fram árið 2015 og þeir eru sameinaðir með skammstöfunum skólanna, „HGS og PMS alls“. Þar fyrir neðan koma einkunnir úr fyrri rannsóknum frá því svæði í Eyjafjarðarsýslu sem ekki var rannsakað 2015. Munur milli rannsókna er í öllum tilvikum tölfræðilega marktækur eins og nánar sést í aftanmálsgrein.<sup>A-14</sup>

Neðst í töflunni er getið tveggja rannsókna í Ólafsfirði, þ.e. rannsóknar Sóleyjar Helgu Björgvinsdóttur (2007:23–24) og Guðjóns Ragnars Jónassonar (2008a:50–53). Um er að ræða grunnskólanemendur eins og í öllum öðrum reitum töflunnar.

	BG		RÍN		RAUN / SHB / GRJ	
	N	Meðaleinkunn	N	Meðaleinkunn	N	Meðaleinkunn
<b>Hrafnagilsskóli, sunnan Akureyrar</b>	35	193,0	12	131,4	12	101,9
<b>Þelamerkurskóli, vestan og norðan Akureyrar</b>	68	191,3	12	146,6	14	106,0
<b>HGS og PMS alls</b>	103	191,9	24	139,0	26	104,1
<b>Annað dreifbýli og bæir norðan Akureyrar</b>	156	195,8	31	178,7		
<b>Ólafsfjörður (SHB)</b>	37	199,8	9	185,7	13	130,8
<b>Ólafsfjörður (GRJ)</b>					15	112,9

Tafla 5-5: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir hjá ungmönnum í þremur rannsóknum. Farið er eftir núverandi skólaskipan en áður greindist svæðið í sjö sveitarfélög. Enn fremur eru meðaleinkunnir úr tveimur rannsóknum annars staðar í Eyjafirði og þróun í Ólafsfirði er sýnd sérstaklega.

Hér kemur vel fram að milli rannsóknar Björns og RÍN lét raddaður framburður mjög misjafnlega undan hjá ungu fólki í Eyjafjarðarsýslu eins og minnst var á neðanmáls í kafla 4.3.3. Á svæðinu þar sem nú eru Hrafnagilsskóli og Þelamerkurskóli galt hann afhroð og sú þróun hefur haldið áfram þannig að þar er nú raddaður framburður við það að hverfa. Norðan við þetta svæði var raddaður framburður þrautseigari samkvæmt RÍN en síðari rannsóknir benda til öflugrar sóknar óraddaðs framburðar þó að þeim beri ekki fyllilega saman. Í Ólafsfirði verða einkunnir einar að tala sínu máli því að Sóley Helga og Guðjón Ragnar tiltaka ekki einkunnir einstakra málhafa. Því er ekki er hægt að kanna hvort munurinn sé tölfræðilega marktækur.

<sup>145</sup> Einkunnir fyrir raddaðan framburð er hægt að reikna á tvo vegu hjá ungmönnum Björns og í RAUN en aðeins á einn hátt í RÍN þegar stuðst er við upprunaleg talnagögn eins og hér er nauðsynlegt. Því eru einkunnir í töflu 5-5 reiknaðar með því að leggja einkunnir fyrir hljóðasambönd saman, þ.e. einkunn fyrir /ðk/ (A1), /m,n/ + /p,t,k/ (A2) og /l/ + /p,k/ (A3), og deila í með þremur. Þó að Guðjón Ragnar og Sóley Helga, en niðurstöður þeirra eru neðst í töflunni, beiti einkum þeirri aðferð að láta hvert dæmaorð hafa jafnt vægi er hægt að nýta upplýsingar um einstök hljóðasambönd til að reikna meðaleinkunnir á þann hátt sem gert var í RÍN.

Við þetta má bæta að aðeins fimm árum eftir að framburður ungmenna á Dalvík var kannaður undir merkjum RÍN hafði dregið úr notkun raddaðs framburðar meðal ungmenna samkvæmt rannsókn Hermínu Gunnþórsdóttur (1991:44–45). Niðurstöður Jónu Vilhelminu Héðinsdóttur (1991) bentu einnig til undanhalds raddaðs framburðar í Ólafsfirði. Sókn óraddaðs framburðar virðist því hafa verið kröftug strax upp úr RÍN bæði á Dalvík og í Ólafsfirði. Samanburður þessara niðurstaðna við aðrar rannsóknir er þó ýmsum vandkvæðum bundinn og því heppilegra að styðjast við fyrrnefndar rannsóknir Sóleyjar Helgu og Guðjóns Ragnars.

Á Akureyri var óraddaður framburður algengari en í nágrenninu þegar í rannsókn Björns. Í RÍN og RAUN eru einkunnir mjög svipaðar einkunnum frá Hrafnagilsskóla og ljóst að sókn óraddaðs framburðar hefur verið kraftmikil og sleitulaus allt frá því áður en Björn vann að sinni rannsókn. Munur milli rannsókna er tölfræðilega marktækur ( $p=0,000$ ).<sup>A-15</sup>

	BG		RÍN		RAUN	
	N	Meðaleinkunn	N	Meðaleinkunn	N	Meðaleinkunn
Akureyri	174	161,4	42	128,9	13	101,8
Akureyri og Glerárþorp	220	165,9				

Tafla 5-6: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir í þremur rannsóknum hjá ungmennum á Akureyri, BG (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2015). Í rannsókn Björns er einnig sýnd einkunn á Akureyri að Glerárþorpi meðtöldu því að það tilheyrði bænum í seinni rannsóknum.

Niðurstöður Sóleyjar Helgu Björgvinsdóttur (2007:23) voru á sömu lund. Meðaleinkunn hjá 15 manna úrtaki ungmenna á Akureyri var 100,7.<sup>146</sup>

Meðaleinkunn ungmennanna 39 (26 í töflu 5-5 og 13 í töflu 5-6) sem tóku þátt í rannsókninni 2015 er 103,3 og er það mikil breyting frá RÍN-rannsókninni. Þá var hún 132,6 á sama svæði.

Framburður ungmenna sem fæddust um aldamótin sýnir glögg að bæði linnmæli og óraddaður framburður sóttu á milli RÍN og RAUN. Í báðum tilvikum er það í samræmi við þá þróun sem sjá mátti hjá yngstu þátttakendum í RÍN, en þó hefur aukinn kraftur færst í sókn linnmælis. Í næstu köflum kemur í ljós hvort undanhald þessara norðlensku afbrigða er einnig raunin hjá fullorðnu fólki, þ.e. málhöfum sem tóku þátt í RÍN og aftur í RAUN.

### 5.3.2.3 Harðmæli og linnmæli

Í þessum kafla er haldið áfram að glíma við spurninguna *Hvað gerðist næst?* með vísan til tíma-bilsins milli RÍN og RAUN. Eins og fram hefur komið verður athuginin byggð á RAUN-úrtakinu frá kjarnasvæði harðmælis en ekki nema að litlu leyti horft til niðurstaðna í 4. kafla þar sem undir voru allir þátttakendur í rannsókn Björns Guðfinnssonar og RÍN. Meginspurningar kaflans eru:

- (5-2) a. Sótti linnmæli á milli RÍN og RAUN hjá fullorðnu fólki eins og hjá ungmennum?  
b. Varpar það frekara ljósi á þróunina að skoða fullorðna málhafa eftir aldurshópum?

<sup>146</sup> Af þessu samræmi milli niðurstaðna Sóleyjar Helgu og rannsóknarinnar 2015 mætti álykta að hún færi einnig nærri um stöðu raddaðs framburðar í Ólafsfirði.

Hvað fyrri spurninguna varðar er mikilvægt að hafa í huga að þegar talað er um sókn linnælis hjá fullorðnu fólki og ungmennum er ekki átt við það sama. Hjá þeim fyrrnefndu er spurt um ævibreytingar, hvort linnæli hafi sótt á yfir æviskeiðið hjá sama hópi málhafa. Ungmennin sem endurspegluðu sókn linnælis milli RÍN og RAUN eru hins vegar ekki af sömu kynslóð.

Svarið við spurningu (5-2)a má sjá í *töflu 5-7*. Þar eru meðaleinkunnir RAUN-úrtaksins fyrir harðmæli í RÍN og RAUN. Þar er því um sömu málhafa að ræða í báðum rannsóknum og einkunnin er hærri í RAUN. Linnæli hefur því **ekki** sótt á hjá fullorðnu fólki eins og hjá ungmennum, heldur harðmæli. Eins og áður eru nánari upplýsingar um marktækniþróf í aftanmálsgrein.<sup>A-16</sup> Þessi þróun kemur ekki vel heim og saman við spásögn Sankoff (2005:1011) um að „... individual speakers change over their lifespans in the direction of a change in progress in the rest of the community“ enda hafa hennar eigin rannsóknir leitt í ljós að það er ekki einhlítt (sjá Sankoff og Wagner 2011, 2020, Sankoff 2019b).

	N	RÍN	RAUN	p: RÍN-RAUN
<b>RAUN-úrtak, fullorðið fólk</b>	84	191,0	194,9	<b>0,001</b>

Tafla 5-7: Harðmæli og linnæli: Meðaleinkunnir hjá fullorðnum málhöfum sem tóku þátt í RÍN (1980+) og RAUN (2010+) á Akureyri, í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslum.

Skyldi þetta gilda um alla aldurshópa? Ef harðmæli hefur sótt á hjá Björnskynslóðinni felst í því viðsnúningur frá fyrri tíð. Linnæli sótti á hjá þessum aldurshópi milli rannsóknar Björns og RÍN. Yngsta fólkið í RAUN-úrtakinu er hins vegar af þeirri kynslóð sem endurspegladi sókn linnælis hjá ungmennum í RÍN samkvæmt sýndartímasamanburði í 4. kafla (sjá *myndrit 4-3*). Í *töflu 5-8* er þetta RÍN-kynslóð 2 og allir nema tveir voru enn í grunnskóla í RÍN, rétt eins og ungmenni í hinum rannsóknunum. Neðst í töflunni er þessi hópur sameinaður RÍN-kynslóð 1 en flestir sem tilheyra henni fæddust 1945–1955. Nánar segir af marktækniþrófum í aftanmálsgrein.<sup>A-17</sup>

	N	BG	RÍN	RAUN	p: BG-RÍN	p: RÍN-RAUN
<b>Björnskynslóð, f. um 1930</b>	48	197,9	189,5	194,7	<b>0,001</b>	<b>0,005</b>
<b>RÍN-kynslóð 1 (f. 1942-1960)</b>	21		192,2	193,3		0,599
<b>RÍN-kynslóð 2 (f. 1963-1970)</b>	15		194,0	197,6		<b>0,042</b>
<b>RÍN-kynslóð</b>	36		193,0	195,1		0,122

Tafla 5-8: Harðmæli og linnæli: Meðaleinkunnir hjá mismunandi aldurshópum málhafa sem tóku þátt í tveimur eða þremur rannsóknum, BG (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Sjá nánar í *Viðauka IV*.

Hér sést að umræddur viðsnúningur varð hjá Björnskynslóðinni og hjá RÍN-kynslóð 2, sem taldist til ungmenna í RÍN, hefur harðmæli tekið nýja stefnu. Það vinnur á. Einkunn hjá RÍN-kynslóð 1 hækkar einnig þó að munurinn sé ekki marktækur, né hjá RÍN-kynslóð í heild. Enginn aldurshópur fullorðinna stefnir því í átt að auknu linnæli. Ungmenni nútímans (sjá *töflu 5-3* og *5-4*) endurspeglar hins vegar enn þá stefnu sem fram kom með sýndartímasamanburði í RÍN, sókn linnælis. Á grundvelli þróunar hjá ungmennum má því útiloka að sú málbreyting sem felst í sókn linnælis hafi snúið við í málsamfélaginu í heild.

Hér eru á ferðinni ævibreytingar sem felast í afturhvarfi fullorðins fólks til eldra afbrigðis, þess sem er á undanhaldi (e. *retrograde lifespan change*). Um það hefur talsvert verið fjallað í sambandi

við rannsókn í Montréal í Kanada en þar var þó ekki um að ræða svo kröftuga sókn hjá ungmennum eins og gildir um linnmæli (sjá einkum Sankoff 2019b, Sankoff og Wagner 2011, 2020). Umfjöllun um kanadíska rannsóknina á því betur heima í tengslum við þróun skafftellsks einhljóðaframburðar hér á eftir (sjá kafla 5.6.5). Hins vegar má nefna rannsókn Silje Villanger (2010) í Øygarden í Noregi sem fól í sér samanburð milli ára 1983 og 2009. Í hvorri rannsókn voru þrjú aldurshópar þannig að Villanger gat skoðað hvernig mál ungs fólks hafði breyst en einnig hvernig málið hafði þróast með hækkandi aldri. Kynslóðin sem taldist ung í fyrri rannsókninni var á miðjum aldri í þeirri síðari og á sama hátt hafði miðaldra fólk árið 1983 flust milli aldurshópa þegar gögnum var safnað 2009. Villanger (2010:66) komst að því að þó að dregið hefði úr framgömun /g/ og /k/ hjá yngra fólki hafði hún sótt í sig veðrið með hækkandi aldri, rétt eins og hér sést í þróun harðmælis. Það er því ljóst að ungmenni ein og sér segja ekki alla söguna um hvert málið stefni.

Eins og fram kom í kafla 5.2.3 er sá galli á gjöf Njarðar að úrtak RÍN-kynslóðar 2 hefur aðeins að geyma málhafa með tiltölulega háar einkunnir í RÍN. Það er því mögulegt að úrtak með fjölbreyttari einkunnum gæfi aðra mynd. Gjáin sem hér hefur komið fram milli fullorðinna málhafa og ungmenna gæti verið minni. Þrátt fyrir það bendir allt til þess að það gildi um allt harðmælisvæðið að framburður ungmenna og fullorðinna hafi þróast á ólíkan hátt milli RÍN og RAUN. Ungmenni fædd um síðustu aldamót tileinkuðu sér mun síður harðmæli en ungmenni fædd á 7. áratugnum. Ekki er ólíklegt að norðlensk börn sem eru að tileinka sér málið um þessar mundir fari eins að og ef sú reynist raunin mun að líkindum fjara undan harðmæli á næstu áratugum. Jafnvel þótt hver kynslóð auki notkun þess á fullorðinsárum er ólíklegt að þeir landvinningar harðmælis vegi upp á móti sókn linnmælis hjá nýjum kynslóðum. Þetta mætti einnig orða svo að þó að aukið harðmæli á fullorðinsárum hafi áhrif á málfarspottinn, sem bar á góma í köflum 2.3.6 og 4.7.2.3, vegi nýjar kynslóðir þyngra. Þeir fullorðnu tefji fyrir sókn linnmælis í málsamfélaginu í heild, en stöðvi hana ekki.

#### 5.3.2.4 Raddaður og óraddaður framburður

Viðfangsefni þessa kafla er *Hvað gerðist næst?*, þ.e. frá RÍN til RAUN, í þróun raddaðs framburðar samkvæmt vitnisburði RAUN-úrtaksins. Meginspurningar kaflans eru á sömu lund og í þeim síðasta.

- (5-3) a. Sótti óraddaður framburður á milli RÍN og RAUN hjá fullorðnu fólki eins og hjá ungmennum?  
b. Varpar það frekara ljósi á þróunina að skoða fullorðna málhafa eftir aldurshópum?

Í *töflu 5-9* má sjá svarið við fyrri spurningunni. Meðaleinkunn RAUN-úrtaksins fyrir raddaðan framburð er marktækt lægri í RAUN en í RÍN, sjá nánar í aftanmálsgrein.<sup>A-18</sup> Óraddaður framburður hefur sótt á hjá fullorðnu fólki í heild eins og hjá ungmennum.

	N	RÍN	RAUN	p: RÍN-RAUN
<b>RAUN-úrtak, fullorðið fólk</b>	84	165,6	160,7	<b>0,030</b>

Tafla 5-9: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir hjá fullorðnum málhöfum sem tóku þátt í RÍN (1980+) og RAUN (2010+) á Akureyri, í Eyjafjarðarsýslu og Þingeyjarsýslum.

Skyldu allir aldurshópar hafa tekið þátt í þessari þróun? Því er svarað í *töflu 5-10*,<sup>A-19</sup> með sömu skiptingu og í *töflu 5-8*.<sup>147</sup>

	N	BG	RÍN	RAUN	p: BG-RÍN	p: RÍN-RAUN
<b>Björnskynslóð, f. um 1930</b>	48	188,6	161,4	164,8	0,000	0,082
<b>RÍN-kynslóð 1 (f. 1942-1960)</b>	21		179,3	162,2		0,003
<b>RÍN-kynslóð 2 (f. 1963-1970)</b>	15		160,0	145,8		0,026
<b>RÍN-kynslóð (f. 1942-1970)</b>	36		171,3	155,4		0,000

*Tafla 5-10:* Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir hjá mismunandi aldurshópum málfafa sem tóku þátt í tveimur eða þremur rannsóknum, BG (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Sjá nánar í *Viðauka IV*.

Í töflunni sést að meðaleinkunn Björnskynslóðarinnar leitar aðeins upp á við milli RÍN og RAUN. Það er yngra fólkið sem veldur því að einkunn lækkar hjá úrtakinu í heild milli þessara rannsókna eins og fram kom í *töflu 5-9*. Þróun raddaðs framburðar hjá RÍN-kynslóðinni, þ.e. ævibreytingar milli RÍN og RAUN, er því í takti við það sem sást hjá ungmennum nútímans samanborið við ungmenni í RÍN. Staða raddaðs framburðar er þó ólík hjá þessum aldurshópum. Á svæðinu sem var rannsakað 2015 höfðu ungmenni nánast glatað honum (sjá *töflu 5-5* og *5-6*).

Niðurstaða þessa kafla er að á milli RÍN og RAUN hafi raddaður framburður staðið í stað hjá Björnskynslóðinni eftir að hafa látið mjög undan á fyrra skeiðinu, milli rannsóknar Björns og RÍN. Hjá yngra fólki, RÍN-kynslóðinni, hefur undanhald raddaðs framburðar hins vegar haldið áfram. Þetta er ólíkt þróun harðmælis því að það sótti á milli RÍN og RAUN hjá úrtakinu í heild.

### 5.3.2.5 Samantekt um norðlensk afbrigði

Samanburður á ungu fólki í þremur rannsóknum leiðir samkvæmt umfjölluninni hér að framan í ljós samfellda, en mishraða, sókn bæði linmælis og óraddaðs framburðar yfir um 70 ára tímabil. Þegar litið er til ævibreytinga hjá fullorðnum málhöfum sést að þær eru ekki í fullu samræmi við þetta. Niðurstöðurnar má draga saman á eftirfarandi hátt:

- Ungmenni á 9. áratugnum notuðu bæði harðmæli og raddaðan framburð minna en ungmenni á 5. áratugnum og ungmenni sem fæddust um síðustu aldamót enn síður.
- Yfir allt tímabilið einkennast ævibreytingar af því að raddaður framburður lætur undan hjá hluta fullorðinna málfafa líkt og hjá ungmennum en Björnskynslóðin stendur í stað á seinni hluta ævinnar.
- Á fyrra tímabilinu endurspeglar ævibreytingar þátttöku fullorðinna málfafa í sókn linmælis í samfélaginu en á því seinna sækir harðmæli á hjá fullorðnum málhöfum.

Hér er rétt að áréttast að um ólíkan samanburð er að ræða. Þegar talað er um breytingar hjá ungmennum eru borin saman ungmenni í tveimur eða þremur rannsóknum. Málfafar sem voru ungmenni 2015 eru bornir saman við ungmenni á 5. og 9. áratugnum. Með breytingum hjá fullorðnum er átt við ævibreytingar, þ.e. hvernig framburður tiltekinnar kynslóðar hefur þróast á lífsleiðinni. Þessi samanburður leiðir í ljós mikið ósamræmi. Þróun harðmælis hjá ólíkum

<sup>147</sup> Í töflunni kemur fram að einkunn RÍN-kynslóðarinnar er hærri en einkunn Björnskynslóðarinnar í RÍN. Eins og fram kom í kafla 5.2.3 má rekja þetta til hlutfallslega fárra Akureyringa í úrtaki RÍN-kynslóðarinnar.

kynslóðum ungmenna er ólík því sem birtist í ævibreytingum hjá fullorðnu fólki. Svarið við spurningunni *Hvað gerðist næst?* er því ekki einfalt. Tíðni linnmælis í norðlensku málsamfélagi hækkaði milli rannsóknar Björns og RÍN. Spurningin er: Hélt sú þróun áfram?

Á grundvelli RAUN-rannsóknarinnar er ekki hægt að fullyrða um tíðni harðmælis og linnmælis á heildina litið í norðlensku málsamfélagi og bera saman við stöðuna á 9. áratugnum. Því veldur bæði val fullorðinna málhafa í RAUN-úrtakinu, sem ekki eru þverskurður á sama hátt og úrtakið í RÍN-rannsókninni, sem og rannsókn á framburði ungmenna árið 2015 sem náði aðeins til hluta svæðisins. Þó verður að teljast ólíklegt að aukin tíðni harðmælis hjá fullorðnu fólki vegi upp á móti kröftugri sókn linnmælis hjá ungmönnum. Því er ályktað að sókn linnmælis hafi haldið áfram og sé þannig „yfirstandandi málbreyting“ eða það sem Sankoff (2005:1011) kallar „change in progress“ þegar hún segir: „... individual speakers change over their lifespans in the direction of a change in progress in the rest of the community“. Um leið er ljóst að þessi skilgreining á ævibreytingum á ekki við um harðmæli, sem einkennist af afturhvarfi. Á seinni árum hafa Sankoff (2019b) og Sankoff og Wagner (2011, 2020) fjallað talsvert um afturhvarf án þess þó að tiltaka dæmi um að ævibreytingar gangi í andstæða stefnu við yfirstandandi málbreytingu. Þær ævibreytingar sem einkenna harðmæli eru hins vegar dæmi um slíkt og því athyglisvert framlag til umræðunnar.

Afturhvarf kemur aftur við sögu í kafla 5.6 um ævibreytingar eftir aldri sem og í umfjöllun um þróun framburðar hjá Skaftfellingum á síðustu áratugum sem er næst á dagskrá.

### 5.3.3 Skaftfellska afbrigði

#### 5.3.3.1 Inngangur

Hér verður fram haldið með þróun framburðarafbrigða milli RÍN og RAUN, þ.e. frá 9. áratug 20. aldar og fram á 2. áratug 21. aldarinnar, en nú víkur sögunni að Skaftfellingum. Þó að RAUN-rannsóknin hafi ekki falið í sér leiðangur til að hafa uppi á skaftfellskum ungmönnum er fyrsti kaflinn, 5.3.3.2, helgaður þeim. Fjallað verður um tiltækar upplýsingar úr staðbundnum rannsóknum á þessari öld og ýmsar röksemdir tíndar til sem fyllt geta í skarðið. Í umfjöllun um breytingar á framburði fullorðins fólks er byggt á RAUN-úrtakinu, 43 málhöfum. Byrjað er á umfjöllun um skaftfellska einhljóðaframburð (5.3.3.3) en síðan tekur við *hv*-framburður (5.3.3.4). Í kafla 5.3.3.5 eru niðurstöður um framburð Skaftfellinga dregnar saman.

#### 5.3.3.2 Þrjár kynslóðir skaftfellskra ungmenna

Árið 2007 hélt Sigrún Tómasdóttir (2008) í sína gömlu heimasveit, Mýrdalshrepp, og rannsakaði framburð. Niðurstöður hennar eru áreiðanlegasti vitnisburðurinn um hvernig skaftfellskur einhljóðaframburður og *hv*-framburður hafðist við hjá ungmönnum í kjölfar RÍN-rannsóknarinnar. Þátttakendur voru af tveimur kynslóðum, 20 ára og yngri (22) og 70 ára og eldri (24). Í yngri hópnum voru 15 karlar og sjö konur (sjá Sigrúnu Tómasdóttur 2008:23). Svo vel vill til að árið eftir rannsakaði Guðjón Ragnar Jónasson (2008b) stöðu einhljóðaframburðar í máli 13–15 ára ungmenna í Kirkjubæjarskóla í Skaftárhreppi. Þátttakendur voru 21 en í úrvinnslunni sleppti hann þremur aðfluttum málhöfum. Skiptingar milli kynja er ekki getið. Guðjón Ragnar

byggði rannsókn sína eingöngu á lestri og fylgdi því ekki aðferðum RÍN eins nákvæmlega og Sigrún. Athuganir benda þó til að það skipti ekki sköpum (sjá Daníel Þór Heimisson 2019:32–33, einnig Ingólf Pálmason 1983:31–33, sbr. kafla 3.5.5).

Ungir þátttakendur í þessum tveimur rannsóknum eru því 22 úr Mýrdalshreppi og 18 úr Skaftárhreppi, alls 40, flestir fæddir 1987–1995. Þar sem aðeins þessum tveimur sveitarfélögum er til að dreifa í Vestur-Skaftafellssýslu eru hér samanlagt talsverðar heimildir sem nýta má til að kanna hvernig skaftfellsku afbrigðin hafa þróast eftir að RÍN-rannsóknin var gerð, en þó ítarlegri um einhljóðaframburðinn en um *hv*-framburð.

Á tímum RÍN var Mýrdalshreppur tvö sveitarfélög, Dyrhólshreppur og Hvammshreppur, en áður voru þau þrjú, Víkurhreppur, Reynis- og Deildarárhreppur og Dyrhólshreppur. Skaftárhreppur varð til við sameiningu fimm hreppa, þ.e. Hörgslands-, Kirkjubæjar-, Leiðvallar-, Áltavers- og Skaftártunguhreppa. Hvor rannsókn spannar því um helming Vestur-Skaftafellssýslu eins og hún skiptist nú og hægt er að draga fram niðurstöður úr fyrri rannsóknum frá hvorum hluta um sig. Það er gert í *töflu 5-11* og sýslan einnig sýnd sem heild. Í öllum rannsóknum er um að ræða meðaleinkunn málhafa sem voru 20 ára og yngri.<sup>148</sup>

	BG		RÍN		ST / GRJ	
	N	Meðaleinkunn	N	Meðaleinkunn	N	Meðaleinkunn
<b>Mýrdalshreppur (ST)</b>	40	187	19	163	22	171
<b>Skaftárhreppur (GRJ)</b>	49	195	28	152	18	147
<b>Vestur-Skaftafellssýsla</b>	89	192	47	156	40	160

*Tafla 5-11:* Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Meðaleinkunnir hjá ungmennum í rannsókn Björns Guðfinnssonar (1940+), RÍN (1980+) og rannsóknum Sigrúnar Tómasdóttur (2007, sjá 2008:37) og Guðjóns Ragnars Jónassonar (2008, sjá 2008b:12).

Bæði Sigrún og Guðjón Ragnar þurftu að bera niðurstöður sínar saman við meðaleinkunn í RÍN fyrir Vestur-Skaftafellssýslu í heild. Sigrún fékk út að einhljóðaframburður hefði sótt á því að einkunnin hafði hækkað um 15 (úr 156 í 171) en Guðjón Ragnar sá lækkun um 9 (úr 156 í 147). Þegar búið er að brjóta einkunnir í RÍN niður eftir svæðum eins og gert er í *töflu 5-11* minnkar bilið í báðum tilvikum. Í Skaftárhreppi er munur milli RÍN og rannsóknar Guðjóns Ragnars ekki tölfræðilega marktækur ( $p=0,447$ )<sup>A-20</sup> en Sigrún birtir ekki einkunnir einstakra málhafa og því eru ekki forsendur (t.d. staðalfrávik) til sams konar athugunar. Næsta ólíklegt er að um marktækan mun sé að ræða. Niðurstaðan er því sú að í Vestur-Skaftafellssýslu noti ungmenni á fyrsta áratug 21. aldar skaftfellskan einhljóðaframburð í sama mæli og ungmenni á 9. áratugnum.<sup>149</sup> Þá hafði hins vegar orðið mikil breyting frá því á 5. áratugnum. Fréttir af *hv*-framburði meðal ungmenna eru hins vegar bæði takmarkaðri og neikvæðari.

<sup>148</sup> Málhafar úr RÍN sem hér eru til samanburðar við hinar rannsóknirnar fæddust 1961–1970. Hvorki Sigrún né Guðjón Ragnar höfðu tök á eins nákvæmum samanburði við þá og nú er í boði þar sem þau höfðu ekki aðgang að talnagögnum úr RÍN eftir svæðum. Í töflunni er aukastöfum sleppt til samræmis við niðurstöður Sigrúnar.

<sup>149</sup> Sigrún rannsakaði einnig framburð eldra fólks í Mýrdalshreppi sem fékk aðeins lægri meðaleinkunn en ungmennin, 168. Heildarályktun Sigrúnar var að einhljóðaframburður hefði sótt í sig veðrið. Eins og áður sagði bar hún niðurstöður sínar saman við niðurstöður RÍN fyrir Vestur-Skaftafellssýslu í heild en ef aðeins er miðað við Mýrdalshrepp, sem hún hafði ekki tök á, er munur á niðurstöðunum minni en hún taldi.

Rannsókn Sigrúnar Tómasdóttur (2008) náði einnig til *hv*-framburðar í Mýrdalshreppi. Þar var meðaleinkunn hjá ungmennum í RÍN 132 en hjá sama aldurshópi í rannsókn Sigrúnar, 20 ára og yngri, var hún 114 (sjá Sigrúnu Tómasdóttur 2008:30, 32). Samkvæmt því hafði *kv*-framburður sótt í sig veðrið. Guðjón Ragnar Jónasson (2008b:16–17) rannsakaði ekki stöðu *hv*-framburðar í Skaftárhreppi, en getur þess að hann hafi heyrt skýr merki um hann. Tiltækar einkunnir koma fram í *töflu 5-12*.

	BG		RÍN		ST	
	N	Meðaleinkunn	N	Meðaleinkunn	N	Meðaleinkunn
<b>Mýrdalshreppur</b>	40	194	19	132	22	114
<b>Skaftárhreppur</b>	49	197	28	141		
<b>Vestur-Skaftafellssýsla</b>	89	195	47	138		

*Tafla 5-12: Hv- og kv-framburður: Meðaleinkunnir hjá ungmennum í rannsókn Björns Guðfinnssonar (1940+), RÍN (1980+) og rannsókn Sigrúnar Tómasdóttur (2007, sjá 2008).*

Sem fyrr segir eru ekki forsendur til að kanna hvort munur milli RÍN og rannsóknar Sigrúnar sé marktækur. Hún gefur þó ýmsar upplýsingar um einkunnir fyrir *hv*-framburð sem púsla má saman og áætla að *p*-gildið liggi nálægt 0,05. Þá gefur það vísbendingu um að munur á milli rannsóknanna sé ekki tilviljun að í RÍN notuðu 26,3% ungmenna hreinan *kv*-framburð en hlutfallið var 59,1% í rannsókn Sigrúnar (sjá Sigrúnu Tómasdóttur 2008:30, 33, 34).

Þeir hópar sem hér hafa verið bornir saman spanna aðeins um helming Vestur-Skaftafellssýslu og upplýsingarnar duga ekki til að sýna með óyggjandi hætti að *hv*-framburður sé marktækt fátíðari í máli ungmenna á 21. öld en aldarfjórðungi fyrr. Önnur rök hníga þó í þá átt. Þegar horft er til þróunar *hv*-framburðar hjá ungmennum í Skaftafellssýslum milli rannsóknar Björns Guðfinnssonar og RÍN verður henni best lýst með orðinu *hrun* (sjá *myndrit 4-9*). Með þeim breytingum var málumhverfið orðið mjög blandað og eins og fram hefur komið má færa rök fyrir því að við slíkar aðstæður sé erfitt að tileinka sér *hv*-framburð (sjá kafla 2.5.4.5 og 4.4.3). Áframhaldandi sókn *kv*-framburðar meðal ungmenna var því viðbúin. Þó að þetta gildi um Skaftafellssýslur í heild má sérstaklega líta til Hafnar í þessu sambandi. Þar höfðu 80% hreinan *hv*-framburð í rannsókn Björns (sjá Björn Guðfinnsson 1964:57) en í RÍN notaði sama hlutfall grunnskólanema (81,8%) hreinan *kv*-framburð. Á Höfn býr nú yfir helmingur grunnskólabarna í Austur-Skaftafellssýslu og nær öll sækja þau þar skóla. Líklegt er því að sókn *kv*-framburðar meðal ungmenna hafi haldið áfram síðustu áratugi í Austur-Skaftafellssýslu og fyrrgreindar niðurstöður Sigrúnar Tómasdóttur (2008) úr vestursýslunni benda í þá átt.

Framburður þeirra vesturskaftfellsku ungmenna sem hér hefur verið fjallað um bendir til þess að einhljóðaframburður sé jafntíður í máli þeirra og hann var í máli ungmenna í RÍN aldarfjórðungi fyrr. Þó að því hefði tæpast verið spáð fyrir fram er niðurstaðan ekki að öllu leyti óvænt. Skaftfellskur einhljóðaframburður virðist búa yfir nokkurs konar innbyggðum varnarbúnaði eins og fjallað var um í kafla 4.5.3. Ekki er hægt að gefa sér að tíðni einhljóðaframburðar hafi einnig breyst lítið hjá ungmennum í austursýslunni og skoða þarf þróun hjá fullorðnu fólki til samanburðar með þann fyrirvara bak við eyrað. Staða *hv*-framburðar hjá ungmennum í Mýrdalshreppi virðist á hinn



bóginn í samræmi við þá þróun sem sjá mátti hjá yngstu þátttakendum í RÍN. Sterk vísbinding er um að sókn kv-framburðar hafi haldið áfram og leiða má líkur að því að það sama gildi um Skaftafellssýslur í heild. En næst er að kanna hvernig þróunin var hjá fullorðnum Skaftfellingsum.

### 5.3.3.3 Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður

Í 4. kafla kom fram að í RÍN var tiltölulega lítill munur á einkunnum aldurshópa fyrir skaftfellskan einhljóðaframburð. Þó var meðaleinkunn yngsta hópsins lægst sem benti til hægfara undanhalds framburðarins (sjá myndrit 4-10). Rannsóknir frá 21. öldinni, sem sagði frá hér að framan, benda hins vegar til þess að í kjölfarið hafi tekið við stöðugleiki sé litið til ungmenna. Samanburður á meðaleinkunnum RAUN-úrtaksins í RÍN og RAUN gefur annað til kynna eins og sést í töflu 5-13. Einkunnin í RAUN er hærri en einkunn í RÍN og munurinn vel marktækur.<sup>A-21</sup>

	N	RÍN	RAUN	p: RÍN-RAUN
<b>RAUN-úrtak, fullorðin fólk</b>	43	156,4	167,6	<b>0,001</b>

Tafla 5-13: Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Meðaleinkunnir hjá fullorðnum málhöfum sem tóku þátt í RÍN (1980+) og RAUN (2010+).

Hér er að sjá sem ævibreytingar feli í sér afturhvarf til einhljóðaframburðar, rétt eins og sást við athugun á þróun harðmælis (sjá töflu 5-7). Það skilur þó á milli að í tilviki harðmælis var um að ræða andstæða stefnu við ungmenni en einhljóðaframburður virðist tiltölulega stöðugur hjá þeim. Af þeim sökum sjást hér meiri líkindi með niðurstöðum fyrrnefndrar rannsóknar í Montréal sem nánar verður fjallað um í kafla 5.6.5 (sjá einkum Sankoff 2019b, Sankoff og Wagner 2011, 2020).

Skyldi þetta afturhvarf gilda um alla aldurshópa? Því er svarað í töflu 5-14 þar sem RÍN-kynslóðin er sýnd bæði tvískipt og sameinuð.<sup>A-22</sup>

	N	BG	RÍN	RAUN	p: BG-RÍN	p: RÍN-RAUN
<b>Björnskynslóð, f. um 1930</b>	27	193,3	154,8	166,8	<b>0,000</b>	<b>0,011</b>
<b>RÍN-kynslóð 1 (f. 1945-1957)</b>	8		161,8	175,6		<b>0,026</b>
<b>RÍN-kynslóð 2 (f. 1958-1970)</b>	8		156,4	162,5		0,467
<b>RÍN-kynslóð (f. 1945-1970)</b>	16		159,1	169,1		<b>0,048</b>

Tafla 5-14: Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Meðaleinkunnir hjá mismunandi aldurshópum málhafa sem tóku þátt í tveimur eða þremur rannsóknum, BG (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Sjá nánar í *Viðauka IV*.

Einkunnir allra hópa hækka milli RÍN og RAUN. Hjá Björnskynslóðinni er munurinn marktækur og því um viðsnúning að ræða frá fyrri hluta ævinnar eins og fram kom í þróun harðmælis hjá sömu kynslóð Norðlendinga. Einnig er munur á einkunnum RÍN-kynslóðar 1 og RÍN-kynslóðar í heild tölfraðilega marktækur.

Þar sem athuganir á framburði ungmenna, sem greint var frá í kafla 5.3.3.2, náðu aðeins til Vestur-Skaftfellinga er vert að taka fram að séu þeir afmarkaðir innan RAUN-úrtaksins hækkar meðaleinkunn milli RÍN og RAUN rétt eins og sást hjá úrtaki allra Skaftfellinga í töflu 5-13. Vestur-Skaftfellingar í RAUN-úrtakinu eru þó aðeins 21, munur á einkunnum ekki mikill (158,7 í RÍN og 163,3 í RAUN) og því ekki marktækur ( $p=0,340$ ).<sup>A-23</sup>

Á heildina litið er hér um að ræða mikla breytingu frá fyrri tíð. Upplýsingar um þennan framburð frá Birni Guðfinnssyni ná ekki aðeins til ungmenna heldur einnig eldra fólks og spanna því breitt aldursbil. Með samanburði við RÍN má draga þá ályktun, þó að hún byggist ekki að öllu leyti á rauntímasamanburði, að fólk sem var á aldrinum 12–50 ára í rannsókn Björns hafi tileinkað sér nokkurn tvíhljóðaframburð á næstu 40 árum (sjá myndrit 4-10). Samanburður milli RÍN og RAUN sýnir á hinn bóginn að fólk sem var 16–50 ára í RÍN jók notkun einhljóðaframburðar á næstu 30 árum. Aldur einn og sér skýrir því ekki ólíka þróun einhljóðaframburðar á tveimur tímabilum. Það er ekki svo að fullorðið fólk bæti annaðhvort í einhljóða- eða tvíhljóðaframburð. Í næsta kafla kemur í ljós hvernig *hv*-framburður þróaðist hjá sama úrtaki.

#### 5.3.3.4 *Hv*- og *kv*-framburður

Samkvæmt sýndartímasamanburði sem gerður var í 4. kafla var mikill munur á stöðu *hv*-framburðar eftir aldurshópum í RÍN. Óhætt er að segja að hann hafi goldið afhroð hjá yngra fólki á þeim áratugum sem liðu milli rannsóknar Björns Guðfinnssonar og RÍN (sjá myndrit 4-9). Í töflu 5-15 eru meðaleinkunnir RAUN-úrtaksins fyrir *hv*-framburð í RÍN og RAUN. Ljóst er að hjá þessu úrtaki í heild hefur sú þróun ekki haldið áfram heldur stöðvast. Einkunnin í RAUN er aðeins hærri en einkunn í RÍN en munurinn langt í frá tölfræðilega marktækur.<sup>A-24</sup>

	N	RÍN	RAUN	<i>p</i> : RÍN-RAUN
<b>RAUN-úrtak, fullorðið fólk</b>	43	171,3	173,9	0,290

Tafla 5-15: *Hv*- og *kv*-framburður: Meðaleinkunnir hjá fullorðnum málhöfum sem tóku þátt í RÍN (1980+) og RAUN (2010+).

Skyldi þessi stöðugleiki eiga við um alla aldurshópa? Svo er að sjá samkvæmt töflu 5-16 þó að það sé greinilega Björnskynslóðin sem veldur því að meðaleinkunn í heild hækkar örlítið milli RÍN og RAUN.<sup>A-25</sup>

	N	BG	RÍN	RAUN	<i>p</i> : BG-RÍN	<i>p</i> : RÍN-RAUN
<b>Björnskynslóð, f. um 1930</b>	27	200	178,7	184,8	0,000	0,065
<b>RÍN-kynslóð 1 (f. 1945-1957)</b>	8		176,9	170,0		0,239
<b>RÍN-kynslóð 2 (f. 1958-1970)</b>	8		141,0	141,4		0,939
<b>RÍN-kynslóð (f. 1945-1970)</b>	16		158,9	155,7		0,362

Tafla 5-16: *Hv*- og *kv*-framburður: Meðaleinkunnir hjá mismunandi aldurshópum málhafa sem tóku þátt í tveimur eða þremur rannsóknum, BG (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Sjá nánar í *Viðauka IV*.

RÍN-kynslóðin, sem á 9. áratugnum endurspegladi harða sókn *kv*-framburðar, hefur samkvæmt meðaleinkunnum látið þar við sitja. Það er ekki í mótsögn við það sem fram hefur komið um að á máltökuskeiði sé erfitt að tileinka sér *hv*-framburð ef málumhverfið er blandað heldur bendir til þess að slíkt umhverfi hafi ólík áhrif á börn og fullorðna málhafa. Barnið þarf til að mynda að átta sig á því að fornafnið /hver/ og karlkynsorðið /hver/ (‘heit uppspretta’) eru ýmist borin fram [xvɛ:r] eða [k<sup>h</sup>vɛ:r] en hvorugkynsorðið /kver/ (‘lítill bók’) er alltaf borið fram [k<sup>h</sup>vɛ:r]. Í þeirri „óreiðu“ getur barnið komist að þeirri niðurstöðu að [k<sup>h</sup>vɛ:r] sé aldrei „rangt“, það er einfaldasta lausnin. Hjá þeim sem ólst upp við nógu ríkulegan *hv*-framburð til að tileinka

sér hann hreinan varð þessi aðgreining hluti af orðasafninu. Hann lærði orðin /hver/ og /kver/. Málfari sem tileinkaði sér blandaðan framburð við þessar aðstæður hefur tvímyndir orðanna /hver/ og eina gerð hvorugkynsorðsins /kver/. Stöðugleiki á fullorðinsárum er vísbending um að þessi þekking verði ekki af honum tekin þó að breytingar séu heldur ekki útilokaðar. Það sýnir til að mynda lækkun meðaleinkunnar Björnskynslóðarinnar milli rannsóknar hans og RÍN.

Eins og fram kom í kafla 5.3.3.2 er aðeins tiltæk athugun á stöðu *hv*-framburðar hjá ungmennum á 21. öld í Mýrdalshreppi í Vestur-Skaftafellssýslu. Því er vert að geta þess að hjá fullorðnum málhöfum breytir það ekki heildarmyndinni að afmarka athugunina við vestur-sýsluna. Eftir sem áður er lítill munur á meðaleinkunnum í RÍN og RAUN.<sup>A-26</sup>

Samkvæmt þessu er ekki ofsögum sagt að stöðugleiki einkenni *hv*-framburð í Skaftafells-sýslum á síðustu áratugum en sú lýsing á þó eingöngu við um fullorðið fólk. Sterk rök eru fyrir því að ungt fólk tileinki sér meiri *kv*-framburð nú á tímum en mældist hjá ungmennum í RÍN.

### 5.3.3.5 Samantekt um skaftfellska afbrigði

Sé litið yfir 70 ára sögu hafa þau tvö landshlutabundnu afbrigði sem voru til athugunar í þessum kafla, einhljóðaframburður og *hv*-framburður, þróast á ólíkan hátt að ýmsu leyti. Helstu niðurstöður má draga saman á eftirfarandi hátt:

- Skaftfellskur einhljóðaframburður lét mjög undan milli rannsóknar Björns Guðfinnssonar og RÍN.
- Í RÍN var kynslóðamunur ekki mikill en benti þó til undanfalls framburðarins hjá ungmennum.
- Á næstu 25–30 árum stóð einhljóðaframburður í stað samkvæmt samanburði á ungmennum milli rannsókna en sótti á hjá fullorðnu fólki.
- *Hv*-framburður lét mjög undan milli rannsóknar Björns Guðfinnssonar og RÍN. Það kom skýrast fram með því að bera ungmenni í RÍN saman við bæði rannsókn Björns og aðra aldurshópa í RÍN en framburður Björnskynslóðarinnar breyttist einnig milli rannsókna.
- Þeir aldurshópar sem kannaðir voru í RAUN endurspeglu stöðugleika á fullorðinsárum en *kv*-framburður virðist sem fyrr sækja á með nýjum kynslóðum þó að ítarlegri rannsókn sé þörf.

Nú má taka upp þráðinn frá kafla 5.3.2.5 þar sem það var metið ólíklegt að aukin tíðni harðmælis hjá fullorðnu fólki næði að vege upp á móti sókn linmælis hjá ungmennum.<sup>150</sup> Því var ályktað að sókn linmælis væri „yfirstandandi málbreyting“ í norðlensku málsamfélagi. Sókn óraddaðs framburðar var hins vegar ótvíræð, hún sást bæði hjá ungmennum og RÍN-kynslóðinni. Erfiðara er að meta stöðu *hv*-framburðar. Bæði tiltæk gögn og rök byggð á því að mjög blandað málumhverfi sé *hv*-framburði óhagstætt þegar börn tileinka sér málið benda til þess að *kv*-framburður sé sem fyrr í sókn hjá ungmennum samanborið við ungmenni fyrri tíma. Framburður fullorðins fólks er hins vegar stöðugur. Af því má ætla að í málsamfélaginu í heild sé tíðni *kv*-framburðar hærrí nú en hún var fyrir um 30 árum og því eðlileg ályktun að sókn hans sé „yfirstandandi málbreyting“.


<sup>150</sup> Enn má minna á að þegar fjallað er um þróun hjá fullorðnu fólki er átt við ævibreytingar, en orðalag eins og „þróun/sókn/undanbald hjá ungmennum“ vísar til samanburðar á ungmennum í tveimur eða þremur rannsóknum.

Það verður að teljast athyglisvert að skattfellskur einhljóðaframburður hafi sótt á hjá fullorðnu fólki. Það hefði síður komið á óvart ef um væri að ræða afbrigði sem auðvelt væri að tengja til dæmis svæðisbundinni sjálfsmynd, eins og Labov (1963) sá hjá fiskimönnum á Martha's Vineyard (sjá kafla 2.3.4). Engar vísbendingar eru um að einhljóðaframburður hafi slíka stöðu í skattfellsku samfélagi. Öllu heldur virðist hann hafa einkenni vísis en afbrigði sem eru vísar lúta síður slíkum félagslegum öflum en þau sem eru merki (sjá kafla 2.4.3 og 3.6.3.5). Þar sem hann virðist standa í stað hjá ungmennum verður hér vikist undan því að álykta að sókn einhljóðaframburðar sé „yfirstandandi málbreyting“ í Skaftafellssýslum. Það fæli í sér að tíðni hans færi um þessar mundir vaxandi í málsamfélaginu í heild. Jafnframt hníga sterk rök að því að sókn tvíhljóðaframburðar sé heldur ekki „yfirstandandi málbreyting“, sem þó hefði verið viðbúið eftir þróun.

### 5.3.4 Niðurstöður og umræða

Í 4. kafla var dregin upp mynd af þróun fjögurra landshlutabundinna afbrigða frá 5. áratug 20. aldar og fram á 9. áratuginn. Sýndartímasamanburður gaf til kynna að þau væru öll á undanhaldi, en þó mjög mismikið. Hér hefur verið glímt við spurninguna *Hvað gerðist næst?*. Endurspeglar framburður ungmenna nútímans, þ.e. samkvæmt þeim upplýsingum sem til er að dreifa, að þessi þróun hafi haldið áfram? Og hvað um fullorðið fólk? Svarið er hvorki eitt né einfalt.


Samkvæmt bæði samanburði aldurshópa í RÍN og samanburði við niðurstöður Björns virtist linmæli heldur í sókn. Hjá ungmennum nútímans hefur hert á þessari sókn, en aldurshópar fullorðinna málhafa ýmist standa í stað eða bæta í harðmæli. Þróunin hefur því ólíka stefnu eins og sést á myndriti 5-1. Brotalína hjá ungmennum minnir á að þar er ekki um sama úrtakið að ræða heldur ungt fólk í þremur rannsóknum frá hluta svæðisins.



Myndrit 5-1: Harðmæli og linmæli: Meðaleinkunnir hjá fjórum aldurshópum í þremur rannsóknum (BG 1940+, RÍN 1980+, RAUN 2010+).


Milli rannsóknar Björns og RÍN var sókn óraddaðs framburðar mun ákveðnari. Skýr munur á aldurshópum sást á myndritum 4-6 og 4-7. Þetta kemur þó ekki fram á myndriti 5-2 því að þar fær Björnskynslóðin ekki hærri meðaleinkunn í RÍN en yngri hóparnir. Skýringin liggur í

hlutfallslega fáum Akureyringum af RÍN-kynslóð í RAUN-úrtakinu (sbr. kafla 5.2.3). Á milli RÍN og RAUN hefur stefnan hins vegar verið á sömu lund og áður hjá bæði ungmennum og RÍN-kynslóðinni eins og sést á myndritinu. Sem fyrr minnir brotalínan á að ekki er um sama úrtak ungmenna að ræða.<sup>151</sup>



Myndrit 5-2: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir hjá fjórum aldurshópum í þremur rannsóknum (BG 1940+, RÍN 1980+, RAUN 2010+).


Myndriti af skaftfellskum einhljóðaframburði svipar að því leyti til raddaðs framburðar að hjá Björnskynslóðinni lækkar einkunn verulega milli fyrri rannsókna. Hún hækkar hins vegar hjá fullorðnum málhöfum frá RÍN til RAUN eins og hjá harðmælinu. Það skilur hins vegar á milli harðmælis og einhljóðaframburðar að sá síðarnefndi helst stöðugur í máli ungmenna.



Myndrit 5-3: Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Meðaleinkunnir hjá fjórum aldurshópum í þremur rannsóknum (BG 1940+, RÍN 1980+, RAUN 2010+).

<sup>151</sup> Einnig er munur á aðferðum við að reikna einkunnir hjá ungmennum. Í rannsókn Björns og RAUN fá öll dæmaorð sama vægi en einkunnir í RÍN eru reiknaðar með því að leggja saman einkunnir fyrir /ðk/, /m,n/ + /p,t,k/ og /l/ + /p,k/ og deila í með þremur. Þetta ætti að vera bitamunur en ekki fjár.

Í þessari flóru sker *hv*-framburður sig úr fyrir það að milli RÍN og RAUN er engan marktækan mun að finna hjá fullorðnu fólki, hvorki hjá einstökum aldurshópum né úrtakinu í heild. Einkunn Björnskynslóðarinnar lækkaði hins vegar nokkuð milli rannsóknar hans og RÍN en athygli vekur að það er ekki í neinu samræmi við þær miklu breytingar sem verða hjá ungmennum. Það verður því ekki sagt að Björnskynslóðin hafi fylgt þeim eftir af einurð. Samkvæmt nýjustu rannsókninni á framburði ungmenna í Mýrdalshreppi samanborið við ungmenni í RÍN er að sjá sem sókn *kv*-framburðar hafi haldið áfram.<sup>152</sup>



Myndrit 5-4: *Hv*- og *kv*-framburður: Meðaleinkunnir hjá fjórum aldurshópum í þremur rannsóknum (BG 1940+, RÍN 1980+, RAUN 2010+).

Þó að þessi myndrit segi mikla sögu um þróun, stöðu og horfur landshlutabundnu afbrigðanna vekja þau nýjar spurningar um mismunandi æviskeið, kynslóðir og tímabil. Á fyrra tímabilinu (1940+ til 1980+) er um að ræða eina kynslóð á fyrri hluta ævinnar og öll afbrigðin þróast í sömu stefnu. Á seinna tímabilinu (1980+ til 2010+) er þessi kynslóð á seinni hluta ævinnar og þróunin er ólík. Sum landshlutabundin afbrigði standa í stað en önnur sækja á að nýju. Á því tímabili er hins vegar RÍN-kynslóðin á fyrri hluta ævinnar. Er hægt, með því að bera saman bæði tímabil og æviskeið, að finna eitthvað sem einkennir málþróun á fyrri eða seinni hluta ævinnar? Um það verður fjallað í kafla 5.6.

Í (5-1), í inngangi kaflans, var spurt að hve miklu leyti fólk breyti máli sínu á fullorðinsárum. Þær upplýsingar sem þegar eru komnar fram benda til þess að breytingarnar geti verið býsna miklar og jafnframt að þær geti verið í hvora áttina sem er, til aukinnar eða minni notkunar landshlutabundnu afbrigðanna. Allt er þetta byggt á meðaleinkunnum hópa. Í næsta kafla verða þær settar undir smásjá og í framhaldinu hugað að fleiri rannsóknarspurningum.

<sup>152</sup> Rétt er að minna á þann fyrirvara að ekki var hægt að kanna hvort munur milli RÍN og rannsóknar Sigrúnar Tómasdóttur væri marktækur. Til þess vantaði nákvæmar einkunnir allra málhafa hjá Sigrúnu. Með því að púsla saman upplýsingum mátti þó sjá að munurinn væri annaðhvort marktækur eða kæmist nálægt því.

## 5.4 Meðaltöl og málfarar

## 5.4.1 Inngangur

Í síðasta kafla var markmiðið að kanna hvort landshlutabundnu afbrigðin hefðu sótt á, hörfað eða staðið í stað yfir 70 ára tímabil. Hvert tilbrigðapar var skoðað hjá ólíkum kynslóðum ungmenna en jafnframt með því að líta til ævibreytinga, þ.e. þróunar á lífsleiðinni hjá fullorðnu fólki. Þar var til að dreifa einum aldurshópi á fyrra hluta tímabilsins (1940+ til 1980+) en tveimur til þremur á þeim seinni (1980+ til 2010+) eftir því hvort RÍN-kynslóðinni var skipt eftir aldri eða skoðuð sem heild. Miðað við sameinaða RÍN-kynslóð má segja að hópar fullorðinna málfara séu þeir þrír sem eru skilgreindir í fyrsta dálkinum í *töflu 5-17* og þróun afbrigðanna, þ.e. ævibreytingar, er af ýmsu tagi eins og taflan sýnir. Við harðmæli er þó getið um fleiri hópa því að sameinuð RÍN-kynslóð breiðir yfir sókn harðmælis hjá yngri málhöfunum.

	Harðmæli	Raddaður framburður	Skaftfellskur einhljóðaframb.	Hv-framburður
<b>Björnskynslóð á fyrra tímabili</b>	Undanhald	Undanhald	Undanhald	Undanhald
<b>Björnskynslóð á seinna tímabili</b>	Sókn	Stöðugleiki	Sókn	Stöðugleiki
<b>RÍN-kynslóð á seinna tímabili</b>	Stöðugleiki	Undanhald	Sókn	Stöðugleiki
	Sókn			


Tafla 5-17: Þróun fjögurra landshlutabundinna afbrigða, þ.e. ævibreytingar, á tveimur tímabilum hjá tveimur kynslóðum. Fyrra tímabil spannar 1940+ til 1980+ og það seinna 1980+ til 2010+.

Þetta yfirlit byggist á meðaleinkunnum hópa en það sem eftir lifir 5. kafla verður rýnt nánar í ævibreytingar með því að greina þá á nokkra vegu og um leið fá einstaklingar meira vægi. Hér verður grunnurinn lagður með því að draga fram í dagsljósið einstaklingsbundna þróun. Markmiðið er að gefa yfirsýn yfir þróunina hjá þeim hópi málfara sem er viðfangsefni rauntíma-samanburðarins. Um leið fæst nokkurt svar við spurningu (5-1)a: Að hve miklu leyti breyta einstakir málfarar máli sínu? Er það til að mynda mjög misjafnt og hafa sum tilbrigðapör meiri tilhneigingu en önnur til að vera stöðug yfir ævina? Með slíku orðalagi er þó ekki átt við að einkunnir standi óhaggaðar milli rannsókna heldur að breyting sé nógu mikil til að álykta megi að um raunverulega breytingu á framburðinum sé að ræða. Stöðugleiki er því miðaður við að einkunn hvorki hækki né lækki um meira en 10 (sjá umræðu í lok kafla 3.5.5). Fjallað verður um hvert tilbrigðapar fyrir sig og í lokin er stutt samantekt.

## 5.4.2 Harðmæli og linmæli

Hjá Björnskynslóðinni breytast meðaleinkunnir fyrir harðmæli tiltölulega lítið milli rannsókna, frá 197,9 (BG) til 189,5 (RÍN) og hækka svo aftur í 194,7 (RAUN). Munur milli rannsókna er þó tölfræðilega vel marktækur, þ.e. milli rannsókna Björns og RÍN og milli RÍN og RAUN (sjá *töflu 5-8*). Það bendir til þess að staðalfrávik sé lítið, þ.e. að einkunnir séu ekki mjög breytilegar. Það kemur einmitt á daginn þegar horft er til einstaklingsbundinnar þróunar eins og gert er á *myndriti 5-5*. Þar er framburður hjá hverjum málfara dreginn fram með því að sýna einkunn í

rannsókn Björns (grænir punktar), RÍN (bláir punktar) og RAUN (rauðir punktar). Málhöfum er raðað eftir lækkanði einkunn í RÍN því að tilraunir leiddu í ljós að með því móti er auðveldast fyrir augað að nema í senn einstaklingsbundna þróun og almenna tilhneigingu. Þegar málfafi fær sömu einkunn í tveimur eða þremur rannsóknum falla punktar saman, til dæmis hjá fyrstu fjórum málhöfunum sem fengu einkunnina 200 í öllum rannsóknum. Vegna sóknar harðmælis frá RÍN til RAUN hylja rauðu punktarnir (RAUN) oft þá grænu (BG).




Myndrit 5-5: Harðmæli og linmæli: Einstaklingsbundin þróun frá rannsókn Björns (1940+) til RÍN (1980+) og þaðan til RAUN (2010+).

Málhafinn eini sem notaði ríkulegt linmæli í rannsókn Björns er athyglisverður. Um er að ræða konu sem átti norðlenskan föður en reykvíska móður sem hafði búið stutt á Norðurlandi þegar málfafinn fæddist. Síðar giftist konan sjálf Norðlendingi, eignaðist börn og tók virkan þátt í félagsstörfum í sínu samfélagi. Þannig má ráða að hún hafi orðið rótgróinn Norðlendingur með tímanum – og um leið tileinkar hún sér harðmæli. Það sama gerðist ekki með raddaðan framburð. Hjá þessum málhafa mældist hann lítill sem enginn í öllum rannsóknum. Þar sést eins og svo víða í þessari umfjöllun hve mikill munur er á stöðu og þróun harðmælis og raddaðs framburðar.

Annar málfafi sker sig úr á myndritinu og eykur notkun linmælis milli RÍN og RAUN. Þar er einnig um að ræða konu en hún flutti skömmu fyrir rannsókn Björns frá Sauðárkróki til Akureyrar. Hún ólst því upp við talsvert linmæli í nærumhverfinu fyrstu árin (sbr. *töflu 4-3* þar sem fram kemur að meðaleinkunn fyrir harðmæli var 139,4 á Sauðárkróki í rannsókn Björns) en hafði sjálf hreint harðmæli í rannsókn Björns. Því má vera að áhrifa frá æskulóðum gæti á efri árum.

Hjá RÍN-kynslóðinni hækkaði meðaleinkunn einnig milli RÍN og RAUN, úr 193,0 í 195,1. Það var þó einkum yngra fólkið sem bætti í harðmæli, það jókst ekki marktækt hjá þeim eldri af RÍN-kynslóð (sjá *töflu 5-8*). Myndrit 5-6 dregur fram málfafana sem valda þessum mun á hópnum. Einkunn lækkar um meira en 10 hjá tveimur í eldri hópnum (til vinstri á myndritinu). Myndritið sýnir einnig nokkur dæmi um málfafa sem breyta framburði sínum mjög lítið en einkunn þeirra hækkar þó í raun eins mikið og hún getur, upp í 200, þ.e. hreint harðmæli.






Myndrit 5-6: Harðmæli og linmæli: Einstaklingsbundin þróun frá RÍN (1980+) til RAUN (2010+) hjá RÍN-kynslóðinni. Til vinstri er RÍN-kynslóð 1 (eldri), til hægri RÍN-kynslóð 2 (yngri).

Þegar skyggst er undir meðaltölin sést því að meðaleinkunnir fyrir harðmæli byggjast á tiltölulega einsleitum hópi málhafa. Það gildir almennt um harðmælt fólk að það breytir máli sínu ekki mikið yfir ævina. Liðlega þriðjungur úrtaks Björnskynslóðarinnar bar hitann og þungann af sókn linmælis milli rannsóknar Björns og RÍN, en jafnvel hjá þessum þriðjungu voru róttækar breytingar fátíðar. Þó að stöðugleiki sé ríkara einkenni á þróun harðmælis milli RÍN og RAUN var sókn þess eindregin hjá fullorðnu fólki. Frá því eru aðeins þrjár undantekningar í öllu úrtakinu (84). Því má svo halda til haga að þessir þrír málhafar eru allir fæddir fyrir 1950. Hjá yngra fólki eru ekki dæmi um að linmæli sæki á. Í næsta kafla kemur í ljós að raddaður framburður á ekki að fagna viðlíka stöðu.

#### 5.4.3 Raddaður og óraddaður framburður


Hjá Björnskynslóðinni hörfaði raddaður framburður milli rannsóknar Björns (1940+) og RÍN (1980+). Meðaleinkunn féll úr 188,6 í 161,4. Þá tók við stöðugleiki frá RÍN (1980+) til RAUN (2010+), þar sem meðaleinkunn var 164,8 (sjá töflu 5-10). Þetta kemur vel fram á myndriti 5-7 þar sem bilið á milli grænna punkta (BG) og blárra (RÍN) er í mörgum tilvikum býsna breitt. Hins vegar er algengt að lítið skilji að bláan punkt (RÍN) og rauðan (RAUN) þó að frá því séu undantekningar. Þegar rýnt er í þá sem bæta umtalsvert í raddaðan framburð (þannig að einkunn hækki um meira en 10) sést að það eru einkum þeir sem fengu tiltölulega lága einkunn í RÍN. Meðal þeirra 16 málhafa sem fengu einkunn á bilinu 100–137 í RÍN hækkar hún hjá helmingnum. Þeir sem fengu 151–182 í RÍN (17) höfðu einnig svigrúm til að bæta í raddaðan framburð, þó að það væri minna, en aðeins einn málhafi nýtir það. Hér er í flestum tilvikum um að ræða afturhvarf í átt til framburðar æskuáranna og það er meira eftir því sem sá framburður hafði látið meira undan. Þetta er athyglisvert, en ekki auðskýrt og í kaflanum um skaftfellskan einhljóðaframburð hér á eftir ætti að vera hægt að kanna hvort það sama er uppi á teningnum þar. Lengst til hægri á myndritinu eru svo þeir tveir málhafar sem fengu hærri einkunn í RÍN

en í rannsókn Björns en þeir eiga það sameiginlegt að hafa notað hreinan óraddaðan framburð í fyrri rannsókninni.<sup>153</sup>



Myndrit 5-7: Raddaður og óraddaður framburður: Einstaklingsbundin þróun frá rannsókn Björns (1940+) til RÍN (1980+) og þaðan til RAUN (2010+).

Þrátt fyrir þennan ríkjandi stöðugleika milli RÍN og RAUN hjá Björnskynslóðinni sækir óraddaður framburður á hjá RÍN-kynslóðinni. Meðaleinkunn lækkar úr 171,3 (RÍN) í 155,4 (RAUN). Sú þróun er aðeins eindregnari hjá eldri hópnum, sem er til vinstri á myndriti 5-8. Þar er þó að nokkru leyti um sjónblekkingu að ræða sem stafar af því að rauðu punktarnir (RAUN) raðast hjá þeim eldri nánast eins og lína fyrir neðan þá bláu en dreifast meira hjá þeim yngri.




Myndrit 5-8: Raddaður og óraddaður framburður: Einstaklingsbundin þróun frá RÍN (1980+) til RAUN (2010+) hjá RÍN-kynslóðinni. Til vinstri er RÍN-kynslóð 1 (eldri), til hægri RÍN-kynslóð 2 (yngri).

<sup>153</sup> Þess má geta að málhafinn sem fékk einkunnina 100 hjá Birni, 128 í RÍN en fellur aftur niður í 110 í RAUN er konan sem flutti ung frá Sauðárkróki til Akureyrar og hafði þá sérstöðu í RAUN að hafa dregið umtalsvert úr notkun harðmælis.

Myndrit af þróun raddaðs framburðar sýna að bak við eindregna sókn óraddaðs framburðar samkvæmt meðaltölum býr mikil fjölbreytni og ljóst er að raddaður framburður getur tekið miklum breytingum á lífsleiðinni (sbr. (5-1)a). Stöðugleiki er hins vegar ráðandi einkenni hjá Björnskynslóðinni milli RÍN og RAUN. Eftir athugun á harðmæli og rödduðum framburði er því ekki komið fram dæmi um að Björnskynslóðin breyti á heildina litið framburði sínum frá RÍN til RAUN í sömu stefnu og fram kemur hjá ungmennum. Þetta er athyglisverð vísbending um að breytingar á fullorðinsaldri séu misjafnar eftir aldurskeiðum en hugað verður að því í kafla 5.6.

#### 5.4.4 Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður

Samkvæmt meðaleinkunnum Björnskynslóðarinnar sótti tvíhljóðaframburður mjög á milli rannsóknar Björns (1940+) og RÍN (1980+). Meðaleinkunn lækkaði úr 193,3 í 154,8. Hins vegar sótti einhljóðaframburður á milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+), þar sem meðaleinkunn sama hóps var 166,8 (sjá töflu 5-14). Á myndriti 5-9 sést að þróunin milli rannsóknar Björns og RÍN minnir talsvert á raddaðan framburð að því leyti að málfafarnir breyta framburði sínum mjög mismikið – og sumir mikið. Það sem skilur á milli er hversu fáir halda einhljóðaframburði stöðugum milli þessara rannsókna.




Myndrit 5-9: Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Einstaklingsbundin þróun frá rannsókn Björns (1940+) til RÍN (1980+) og þaðan til RAUN (2010+).

Þegar rýnt er í þróunina milli RÍN og RAUN, þ.e. bláa og rauða punkta, vekur athygli að þó að meðaleinkunn breytist minna en á fyrra skeiðinu er stöðugleiki ekki algengur. Hann einkennir mál 22,2% á hvoru tímabili og er mun fátíðari en hjá norðlensku afbrigðunum sem fjallað hefur verið um. Stöðugleiki er eins og áður miðaður við að einkunn hvorki hækki né lækki um meira en 10. Það er einnig athyglisvert að þó að meðaleinkunn hækki milli RÍN og RAUN er nokkuð um að einkunnir lækki, þ.e. rauðir punktar eru fyrir neðan þá bláu. Breytingarnar eru hins vegar róttækari í hina áttina. Þeir sem bæta í einhljóðaframburð gera það almennt rösklegar en þeir sem bæta í tvíhljóðaframburð.

Í umfjöllun um raddaðan framburð hjá sömu kynslóð kom fram að þeir málfarar sem juku notkun óraddaðs framburðar verulega frá rannsókn Björns til RÍN – og fengu þar með tiltölulega lága einkunn í RÍN – voru líklegri en hinir til að bæta í raddaðan framburð fram að RAUN. Þessa tilhneigingu má að nokkru leyti sjá hjá einhljóðaframburði. Þeir sem tileinkuðu sér hvað mestan tvíhljóðaframburð milli rannsóknar Björns og RÍN (lengra til hægri á myndriti 5-9) bera síðan hitann og þungann af hækkun meðaleinkunnar á seinna skeiðinu, þ.e. milli RÍN og RAUN. Þetta gefur til kynna að möguleikinn til afturhvarfs til fyrri framburðar haldist ekkert síður opinn þó að hann láti mikið undan tímabundið. Það sem lærðist á máltökuskeiði er langt í frá tapað.

Hjá RÍN-kynslóðinni hækkaði meðaleinkunn fyrir skaftfellskan einhljóðaframburð marktækt milli RÍN og RAUN, úr 159,1 í 169,1 (sjá töflu 5-14). Þar sem málfararnir eru aðeins 16 er þeim ekki skipt í RÍN-kynslóð 1 og 2 á myndriti 5-10 en þess má geta að málfarinn sem bætir verulega í tvíhljóðaframburð er fæddur um miðbik tímabilsins (1958).



Myndrit 5-10: Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Einstaklingsbundin þróun frá RÍN (1980+) til RAUN (2010+) hjá RÍN-kynslóðinni.

Skaftfellskur einhljóðaframburður á það sameiginlegt með rödduðum framburði að meðaleinkunn lækkaði mikið hjá Björnskynslóðinni milli rannsóknar Björns og RÍN. Þegar rýnt er í ævibreytingar einstaklinga sést sterkur svipur með þessum afbrigðum. Í báðum tilvikum eru einkunnir mjög fjölbreyttar í RÍN og ljóst að bæði þessi afbrigði geta tekið miklum breytingum á lífsleiðinni (sbr. (5-1)a). Til að mynda er dæmi um að einkunn fyrir skaftfellskan einhljóðaframburð lækki um 87,5 og um 96,2 fyrir raddaðan framburð.


Á milli RÍN og RAUN á einhljóðaframburður hins vegar nokkra samleið með harðmæli því að bæði afbrigðin sóttu á hjá fullorðnu fólki samkvæmt meðaleinkunnum. Samanburður á einstaklingsbundinni þróun er þó ekki einfaldur. Þó að meðaleinkunn fyrir einhljóðaframburð hækki meira en fyrir harðmæli þarf að líta til þess að einkunnir fyrir harðmæli voru almennt svo háar í RÍN að þær gátu ekki hækkað mikið. Eindregnari sókn harðmælis sést á því að aðeins hjá þremur málhöfum (af 84) var þróunin í andstæða átt, þ.e. til aukinnar notkunar linmælis, en fleiri dæmi eru um að tvíhljóðaframburður sækji í sig veðrið á þessu skeiði.

Almennt er þróun skaftfellsks einhljóðaframburðar til vitnis um að ævibreytingar **geti** verið miklar og hvort sem er í átt til aukinnar eða minni notkunar staðbundins afbrigðis, auk þess sem framburður getur sveiflast verulega fram og til baka eftir æviskeiðum. Einhljóðaframburðurinn er sér á báti hvað þessa fjölbreytni varðar eins og nánar verður fjallað um í kafla 5.6 (sjá einkum 5.6.5) þar sem rýnt verður betur í þróun framburðar eftir æviskeiðum.

#### 5.4.5 Hv- og kv-framburður

Meðaleinkunnir Björnskynslóðarinnar endurspegluðu sókn kv-framburðar milli rannsóknar Björns (1940+) og RÍN (1980+). Í fyrri rannsókninni var meðaleinkunnin 200 en 178,7 í þeirri síðari. Framburður yngra fólks var þó mun skýrari vitnisburður um þessa sókn (sbr. myndrit 5-4). Hjá engu af hinum landshlutabundnu afbrigðunum er viðlíka gap milli framburðar Björnskynslóðarinnar og ungmenna í RÍN. Milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+) tók hins vegar við stöðugleiki hjá Björnskynslóðinni þó að einkunnin hækkaði í 184,8 (sjá töflu 5-16).


Með því að skoða ævibreytingar á myndriti sést að um helmingur málfafanna heldur framburði sínum stöðugum milli rannsóknar Björns og RÍN en hinn helmingurinn tileinkar sér kv-framburð nógu mikið til þess að einkunn lækki um meira en 10. Þessir málfafar dreifast yfir stóran hluta einkunnaskalans. Þessi þróun hv-framburðar er því blanda af einsleitni og fjölbreytni en á sama skeiði einkennist harðmæli af einsleitni en raddaður framburður af fjölbreytni, sem einnig gildir um skaftfellskan einhljóðaframburð. Á myndriti 5-11 birtist einsleitnin þannig að tveir og jafnvel þrír punktar falla saman.



Myndrit 5-11: Hv- og kv-framburður: Einstaklingsbundin þróun frá rannsókn Björns (1940+) til RÍN (1980+) og þaðan til RAUN (2010+).

Á milli RÍN og RAUN á hv-framburður það sameiginlegt með rödduðum framburði að stöðugleiki er algengur hjá Björnskynslóðinni. Þessi afbrigði eru hins vegar ólík hjá RÍN-kynslóðinni. Raddaður framburður lætur undan en hv-framburður helst stöðugur hjá 68,8%, meðaleinkunn lækkaði úr 158,9 í 155,7 (sjá töflu 5-16). Þessi kynslóð er sýnd í einu lagi á myndriti 5-12 til samræmis við myndrit 5-10 af þróun skaftfellsks einhljóðaframburðar hjá sama

úrtaki. Þess má þó geta að lengra til hægri, þar sem einkunnir eru lágar, tilheyra allir nema einn yngri hópnum, RÍN-kynslóð 2. Allir þrír málhafarnir sem notuðu hreinan *kv*-framburð bæði í RÍN og RAUN (lengst til hægri) tilheyra henni.



Myndrit 5-12: *Hv*- og *kv*-framburður: Einstaklingsbundin þróun frá RÍN (1980+) til RAUN (2010+) hjá RÍN-kynslóðinni.

Í ljósi kröftugrar sóknar *kv*-framburðar í máli ungmenna stendur það upp úr í þessu yfirliti um einstaklingsbundna þróun *hv*-framburðar hversu algengt er að hann standi í stað á fullorðins-árum. Áhugavert er að bera saman ævibreytingar og misjafnan kraft í sókn óraddaðs framburðar og *kv*-framburðar hjá ungmennum. Samanburður á niðurstöðum úr rannsókn Björns og RÍN sýndi að þótt óraddaður framburður sækti verulega á með nýjum kynslóðum á þessu tímabili var nær lagi að tala um hrun *hv*-framburðar (sbr. myndrit 5-2 og 5-4). Á sama skeiði hélt rúmur þriðjungur (35,4%) Björnskynslóðarinnar rödduðum framburði sínum stöðugum en nærri helmingur þeirrar kynslóðar hélt hins vegar *hv*-framburði sínum stöðugum. Á þessu skeiði er því sem Björnskynslóðin hafi frekar fylgt eftir þróun raddaðs framburðar hjá ungmennum.

Svipaða sögu er að segja af RÍN-kynslóðinni. Þó að ekki liggi fyrir ítarlegar upplýsingar um stöðu raddaðs framburðar og *hv*-framburðar á kjarnasvæðum sínum hjá ungmennum á seinustu árum eru miklar líkur á því að bæði afbrigðin séu orðin fátíð í máli þeirra. Við þær aðstæður hafa 50% RÍN-kynslóðarinnar haldið rödduðum framburði stöðugum milli RÍN og RAUN en 68,8% *hv*-framburði. Þetta er kynslóðin sem samkvæmt sýndartímasamanburði í RÍN endurspeglar hrun *hv*-framburðar (sbr. myndrit 4-9). Hún virðist því halda nokkuð vel í þann *hv*-framburð sem hún tileinkaði sér í æsku. Það sem lærðist helst nokkuð vel.

Af þessu má ráða að tengslin milli kynslóðabundinna breytinga og ævibreytinga séu flókið fyrirbæri. Það eru ekki bein tengsl milli ævibreytinga og þess krafts í málbreytingu sem endurspeglast í framburði hvernar nýrrar kynslóðar. Ef svo væri hefði mátt búast við ríkari þátttöku fullorðinna Skafffellinga í sókn *kv*-framburðar milli rannsóknar Björns og RÍN. Ekkert afbrigði sótti harðar fram í máli ungmenna. Um leið sést að lág tíðni afbrigðis í máli ungmenna er ekki ávísun á að fullorðið fólk „fylgi þeim eftir“ að sama skapi. Fullorðnir málhafar breyta ekki

máli sínu á fyrirsjáanlegan hátt „in the direction of a change in progress in the rest of the community“ eins og Sankoff (2005:1011) orðaði það. Ævibreytingar lúta því að einhverju marki eigin lögmálum. Þau gætu tengst viðhorfum, þannig að viðurkennd afbrigði eins og harðmæli séu fastari fyrir en önnur. En þau gætu líka tengst málfræðilegum eiginleikum. Tileinkun óraddaðs framburðar felur í sér útvíkkun og einföldun á hljóðkerfislega skilyrtri reglu (sjá kafla 4.3.4, einnig 2.5.4.5) en sá sem tileinkar sér *kv*-framburð á fullorðinsárum bætir orðmyndum í orðasafnið (sjá kafla 2.5.4.4, einnig 4.4.3 og 2.5.4.5). Hér eru vísbendingar um að þetta gæti skipt máli á fyrri hluta ævinnar, sem jafnframt virðist einkennast af meiri breytingum á framburði.

### 5.4.6 Niðurstöður og umræða

Í þessum kafla var dregin upp mynd af stöðu framburðar hjá einstökum málhöfum og þróun hans milli rannsókna og þannig skyggst undir meðaltölin.

Í ljós kom að bak við meðaleinkunnir fyrir harðmæli eru tiltölulega einsleitir hópar. Þó að meðaleinkunnir fyrir harðmæli breytist marktækt milli rannsókna eru stórar upp- eða niðursveiflur fátíðar hjá einstaklingum.

Þó að raddaður framburður, *hv*-framburður og skafffellskur einhljóðaframburður eigi það sameiginlegt að miklar ævibreytingar séu algengari en hjá harðmæli er nokkur munur á þróun þeirra. Skafffellskur einhljóðaframburður virðist óstöðugur. Margir málhafar af Björnskynslóð tileinkuðu sér ríkulegan tvíhljóðaframburð milli rannsókna Björns og RÍN en bættu síðan hraustlega í einhljóðaframburð að nýju. Raddaður framburður lætur einnig mikið undan á þessu skeiði en mun fátíðara er að hann rísi að nýju. *Hv*-framburður hafði hins vegar skýrari merki um stöðugleika á fullorðinsárum, sérstaklega ef litið er til þess að nýjar kynslóðir ungmenna hafa tekið *kv*-framburði fagnandi. Tíðni ævibreytinga virðist því að einhverju marki mismunandi eftir tilbrigðapörum eins og spurt var um í inngangi. Fyrir því gætu verið ýmsar ástæður, tengdar mismunandi félagslegri stöðu, málfræðilegum eiginleikum eða öðru. Það er til dæmis algengara að skafffellskur einhljóðaframburður sækir í sig veðrið frá RÍN til RAUN heldur en harðmæli, en ef til vill er það aðeins vegna þess að einkunnir fyrir harðmæli voru svo háar fyrir. Ekki er þó tímabært að leita skýringa því að fram komu vísbendingar um að tíðni ævibreytinga væri ekki aðeins mismunandi eftir tilbrigðapörum heldur tengdist æviskeiðum. Rýnt verður betur í það í kafla 5.6 en í næsta kafla verður leitað eftir áhrifum viðhorfa, einkum meðvitaðra.

## 5.5 Málhafar og viðhorf

Hér að framan var spurt að hve miklu leyti fólk breyti máli sínu á lífsleiðinni (sbr. (5-1)a). Svarið var ekki einfalt en meðal annars kom fram að það væri misjafnt. Jafnvel þótt marktækur munur sé á meðaleinkunn tiltekins hóps málhafa milli rannsókna er það ekki svo að allir hafi stokkið á vagninn. Munurinn er þá borinn uppi af hluta úrtaksins. Til að mynda var raddaður framburður

stöðugur milli rannsóknar Björns og RÍN hjá þriðjungi úrtaksins þó að meðaleinkunn lækkaði mikið. Enn fleiri töldust halda harðmæli stöðugu enda lækkaði meðaleinkunn minna.

Þar sem flestir málhafarnir notuðu tvö landshlutabundin afbrigði ríkulega í rannsókn Björns Guðfinnssonar er hægt að teygja spurninguna aðeins lengra og spyrja hvort sumir fullorðnir málhafar breyti máli sínu ekki. Eru sumir íhaldssamir og halda fast í bæði afbrigðin meðan aðrir taka þátt í þeirri þróun sem telja má yfirstandandi málbreytingu og sést þá gjarna á máli ungmenna?

Sama spurning á síður við um tímabilið milli RÍN og RAUN. Tilgangslaust er að skyggjast eftir því hvort sumir fullorðnir málhafar á Norðurlandi séu íhaldssamir hvað bæði norðlensku afbrigðin varðar en aðrir fylgi eftir málþróun ungmenna því að varla var til í dæminu að harðmæli léti undan hjá fullorðnu fólki. Á Suðausturlandi virðist hins vegar skaftfellskur einhljóðaframburður standa í stað hjá ungmennum nútímans samanborið við ungmenni í RÍN. Þar af leiðandi er marklaust að spyrja hvort sumir málhafar frekar en aðrir fylgi ungmennum eftir.


Í *töflu 5-18* er því sjónum beint að tímabilinu milli rannsóknar Björns og RÍN (1940+ til 1980+) og málhöfum á hvoru svæði skipt í hópana íhaldssamir og breytingasinnar þó að orðin séu ef til vill óþægilega gildishlaðin. Málhafar teljast til fyrri hópsins ef einkunn lækkar ekki um meira en 10. Hjá breytingasinnnum lækkar einkunn ýmist fyrir annað landshlutabundna afbrigðið eða bæði. Samanlagt falla um þrír af hverjum fjórum í þann hóp.

		<b>Norðlendingar (44): Harðmæli og raddaður framb.</b>	<b>Skaftfellingar (27): Einhljóðaframb. og hv-framburður</b>
<b>Íhaldssamir</b>	Halda tveimur afbrigðum stöðugum (breyting 0-10)	27,3%	22,2%
<b>Breytingasinnar</b>	Einkunn fyrir bæði afbrigði lækkar um >10	31,8%	51,9%
	Annað afbrigðið stöðugt en einkunn fyrir hitt lækkar um >10	40,9%	25,9%

*Tafla 5-18:* Málhöfum skipt í hópa eftir því hvort þeir teljast íhaldssamir milli rannsóknar Björns (1940+) og RÍN (1980+) eða breytingasinnar þannig að einkunn fyrir annað svæðisbundna afbrigðið eða bæði lækkar.

Þannig vill til að meðal þeirra sem tóku þátt í símaviðtölum í *Málþekki* (sjá kafla 3.6.3) er bæði að finna íhaldssama málhafa og breytingasinna. Því gefst færi á að kanna hvort sjá megi tengsl milli viðhorfa sem þar komu fram og íhaldssemi eða breytinga. Í RAUN svöruðu þeir einnig spurningu um hvar á landinu besta íslenskan væri töluð. Meðal Norðlendinganna, sem eru sjö, eru þrír sem halda fast í bæði norðlensku afbrigðin milli rannsóknar Björns og RÍN en hjá fjórum láta annað afbrigðið eða bæði undan (þannig að munurinn nemi meira en 10). Þróunin hjá þessum sjö málhöfum er sýnd á *myndriti 5-13*. Þar er einkunn í RAUN einnig haldið til haga þar sem símaviðtölin fóru fram árið 2013 og því löngu eftir RÍN-rannsóknina. Sjá má að flestir héldu framburði sínum lítt breyttum á seinna tímabilinu. Auðkenni málhafanna (t.d. A96) vísa til gagnasafns RÍN og RAUN þar sem þeir eru skráðir á þennan hátt. Bókstafirnir A og SP tákna Eyjafjarðarsvæðið og Suður-Þingeyjarsýslu.





*Myndrit 5-13: Þróun harðmælis og raddaðs framburðar hjá sjö málhöfum sem tóku þátt í símaviðtölum árið 2013. Framburður var rannsakaður 1940+ (BG), 1980+ (RÍN) og 2010+ (RAUN).*


Þó að þessir málhafar væru misjafnlega afdráttarlausir í símaviðtölunum um ágæti norðlensku umfram annan framburð er ekki hægt að skipta þeim í tvo hópa þar sem annar tjáði jákvæð viðhorf til norðlensku en hinn neikvæðari. Skýrari línur komu fram þegar spurt var í RAUN hvar á landinu besta íslenskan væri töluð. Þá nefndu fjórir málhafar Norðurland („fyrir norðan“). Þetta eru þrír fyrstu málhafarnir á myndriti 5-13 og sá síðasti. Málhafar SP203 og A219 töldu sig ekki vita svarið en A125 kvað bestu íslenskuna vera „fyrir vestan“. Málhafarnir fjórir sem eru lengra til hægri á myndritinu svara því spurningunni um bestu íslenskuna á þrjá vegu en geta allir talist breytingasinnar og þrátt fyrir að málhafi A200 svari á sama hátt og þrír fyrstu málhafarnir getur hann talist breytingasinni en hinir ekki.

Spurningin í RAUN snerist um „besta málið“, ekki var spurt um „besta framburðinn“. Því gætu svörin eins vísað til orðaforða eða hvers annars sem fólk hefur í huga þegar það hugsar um gott og vont mál. Í símaviðtölunum var hægt að beina umræðunni að framburði en þó reyndist ekki unnt að aðgreina viðhorf til harðmælis og raddaðs framburðar, til þess runnu viðhorf til þeirra of mikið saman.<sup>154</sup> Á hinn bóginn er nokkur munur á því hversu skýr vitneskja og vitund um sérkenni norðlensks framburðar virtist búa að baki svörunum. Fyrstu fjórir málhafarnir á myndriti 5-13 gerðu sér góða grein fyrir einkennum hans og gátu nefnt dæmi að fyrra bragði. Hjá þremur þeim fyrstu telst framburður stöðugur og þó að bæði linmæli og óraddaður framburður sæki á í máli þess fjórða er í hvorugu tilvikinu um mjög róttækar breytingar að ræða. Vitneskja af þessu tagi er mun ógreinilegri hjá þeim málhöfum sem hafa aukið notkun óraddaðs framburðar mikið, þ.e. A219, A125 og A200. Einn þeirra (A219) notaði óraddaðan framburð sem dæmi um norðlensku en tveir gátu engin dæmi nefnt. Annar þeirra (A200) notaði hefðbundið orðalag eins og „harður framburður“ og „linmælska“ án þess að

<sup>154</sup> Í því felst ekki að þátttakendur hafi endilega sambærileg viðhorf til þessara afbrigða en til að kalla fram slíkan mun hefði spyrill í mörgum tilvikum þurft að útskýra muninn á harðmæli og rödduðum framburði. Reynt var að hafa viðtalið á almennari nótum en svo og kalla fram viðhorf eða þekkingu frekar en leggja slíkt til.

tækist að fá fram skilning hans á því hvað að baki því byggi. Hinn málfafinn (A125) var sláandi ómeðvitaður um einkenni norðlensks framburðar og kannaðist til að mynda varla við muninn á rödduðum og órödduðum framburði. Þrátt fyrir að þessir þrjú málfafar séu í orði kveðnu jákvæðir í garð norðlensku glittir í hlutlausari ómeðvituð viðhorf og litla vitund um mismunandi framburð. Rannsóknir hafa leitt í ljós að samræmi getur verið milli jákvæðra ómeðvitaðra viðhorfa og málbreytinga (sjá t.d. Kristiansen 2009, Kristiansen (ritstj.) 2006 og umfjöllun í kafla 2.4.3) og þó að viðhorfin séu hér tiltölulega hlutlaus kann það að leiða til minni „mótstöðu“ en ella gegn því málareiti sem málnotkun yngra fólks felur í sér, þ.e. að þessir fullorðnu málnotendur séu móttækilegir fyrir breytingum.

Af átta Skaftfellingum sem tóku þátt í símaviðtölum reynast tveir halda báðum svæðisbundnu afbrigðunum stöðugum milli rannsókna Björns og RÍN, VZ60 og VZ58. Þeir geta því talist íhaldssamir, þ.e. þeir taka ekki þátt í sókn *kv*-framburðar og tvíhljóðaframburðar sem var skýr á þessu skeiði. Aðrir teljast breytingasinnar en á þeim er nokkur munur. Hjá fjórum málhöfum létu bæði svæðisbundnu afbrigðin mikið undan en hjá tveimur, VZ41 og AZ16, var það einkum eða einungis einhljóðaframburðurinn. Þróun framburðar hjá þessum átta málhöfum er sýnd á myndriti 5-14.



*Myndrit 5-14:* Þróun *hv*-framburðar og skaftfellsks einhljóðaframburðar hjá átta málhöfum sem tóku þátt í símaviðtölum árið 2013. Framburður var rannsakaður 1940+ (BG), 1980+ (RÍN) og 2010+ (RAUN).

Það er skemmst frá því að segja að ekkert verður greint í viðtölunum sem skilur íhaldssömu málfafana tvo frá hinum hvað varðar vitund um framburðareinkenni eða viðhorf til þeirra. Báðir höfðu þeir tiltölulega litla vitneskju um landshlutabundinn mun almennt en annar málfafinn, VZ58, kannaðist þó aðspurður við muninn á bæði *hv*- og *kv*-framburði og einhljóða- og tvíhljóðaframburði. Hann tók svo til orða að tvíhljóðaframburður væri „afskræming á réttum framburði“ og sagði að framburður eins og [k<sup>h</sup>va:lvr] væri „náttúrlega ekki rétt“. Hins vegar virtist hann í hvorugu tilvikinu gera sér grein fyrir að um væri að ræða algengan framburð. Hinn málfafinn, VZ60, nefndi *hv*-framburð að fyrra bragði en tók ekki skýra jákvæða afstöðu til hans

umfram *kv*-framburð. Það var hins vegar á mörkunum að þessi málhafi áttaði sig, aðspurður, á muninum á einhljóða- og tvíhljóðaframburði og hann tók ekki afstöðu til þessara afbrigða. Það er því vandséð að þessir málhafar deili viðhorfum eða vitund um framburðareinkenni. Þegar þeir voru spurðir hvar besta íslenskan væri töluð kvaðst hvorugur þeirra vita það.

Fjórir málhafar breyta notkun beggja landshlutabundnu afbrigðanna mikið milli rannsóknar Björns og RÍN, AZ51, VZ96, VZ39 og AZ50. Af þeim eiga VZ96 og VZ39 það sameiginlegt að nefna hvorki *hv*- og *kv*-framburð né einhljóða- og tvíhljóðaframburð að fyrri bragði. Hvorugur virtist átta sig á að *kv*-framburður væri mál meirihluta landsmanna og í báðum tilvikum var lítil vitund um muninn á einhljóða- og tvíhljóðaframburði. Annað kom á daginn hjá AZ50 og AZ51. Þessir málhafar reyndust báðir vita að *hv*-framburður og einhljóðaframburður væru einkenni á þeirra svæði. Hins vegar eiga þessir fjórir málhafar það sameiginlegt að í símaviðtölunum var ekki hægt að greina eindregna jákvæða afstöðu til landshlutabundnu afbrigðanna, það gildi líka um þá sem gerðu sér góða grein fyrir sérstöðu þeirra. Einn þeirra (VZ96) nefndi þó Suðurland þegar spurt var um besta málið í RAUN en hinir sögðust ekki vita það. Hér sjást því nokkur líkindi með Norðlendingunum sem juku notkun óraddaðs framburðar mikið. Hjá þeim virtust viðhorf tiltölulega hlutlaus þegar grannt var skoðað. Eins og fram hefur komið gildi þetta þó líka um málhafa VZ60 sem breytti framburði sínum lítið á þessu 70 ára tímabili.

Hjá málhöfunum tveimur sem eru lengst til hægri á myndriti 5-14, þ.e. VZ41 og AZ16, er mikill munur á þróun *hv*-framburðar og einhljóðaframburðar. Þeir höfðu skýra vitneskju um muninn á *hv*- og *kv*-framburði og viku hvor á sinn hátt að samfalli orða með ólíka merkingu sem fylgir *kv*-framburði, eins og *hvalir – kvalir, hvað – kvað*. Þó að þessir málhafar þekktu einnig muninn á einhljóða- og tvíhljóðaframburði var hann þeim ekki eins hugleikinn. Hjá þessu tilbrigðapari má því í senn greina tiltölulega hlutlaus viðhorf og miklar breytingar. Annar málhafinn (VZ41) taldi bestu íslenskuna vera að finna á Suðurlandi en hinn (AZ16) kvaðst ekki vita það.

Á heildina lítið er því, eins og áður sagði, ekki fullt samræmi milli málþróunar og vitneskju, vitundar eða viðhorfa hjá Skaftfellingum. Því veldur þó einkum málhafi VZ60 sem hélt bæði *hv*-framburði og einhljóðaframburði lítt breyttum þrátt fyrir tiltölulega hlutlausa afstöðu til *hv*- og *kv*-framburðar og lítla vitund um muninn á einhljóða- og tvíhljóðaframburði.

Athugun í þessum kafla hefur því leitt í ljós að til eru málhafar sem telja má fíhaldssama að því leyti að þeir taka ekki þátt í yfirstandandi málbreytingum. Þær upplýsingar sem fyrir liggja um vitund þeirra um mun á afbrigðum og viðhorf – og þá fyrst og fremst meðvituð – duga skammt til að skýra fíhaldssemi þeirra. Þó liggja í loftinu vísbendingar um áhrif ómeðvitaðra viðhorfa eða lítillar vitundar um framburðarafbrigðin sem vert væri að kanna betur og þá um leið svæðisbundna sjálfsmynd.

## 5.6 Aldur

### 5.6.1 Inngangur

Aldur er í aðalhlutverki í sýndartímasamanburði (sjá kafla 3.2). Þá er mál ólíkra aldurshópa borið saman og gjarna ályktað að kynslóðabundinn munur endurspeglir breytingar sem orðið hafi á tímabilinu sem aldursbilið spannar. Með þessari aðferð hefur tekist oftast en talið verður að fanga yfirstandandi málbreytingu, þ.e. þegar tiltekið máleinkenni sækir á í málsamfélaginu á kostnað annars. Þó er sýndartímasamanburður ekki alltaf auðtúlkaður. Munur á máli kynslóðanna getur átt sér fleiri en eina skýringu. Einn möguleikinn er að kynslóðabundin málbreyting standi yfir þannig að ungt fólk noti tiltekið máleinkenni í meira mæli en eldri kynslóðir. Ekki er þó útilokað að þeir eldri hafi einnig breytt máli sínu. Umfjöllun hér að framan sýnir það glöggt en það er þó ekki ný uppgötvun. Það var einmitt á grundvelli hennar sem Gillian Sankoff (2005:1011) prjónaði við lýsingu Labovs (1994:83) á mögulegum túlkunarleiðum í sýndartímasamanburði (sjá kafla 3.2, einkum *töflu 3-1*). Hún bætti því við að málið gæti breyst yfir æviskeiðið í takti við yfirstandandi málbreytingu: „... individual speakers change over their lifespans in the direction of a change in progress in the rest of the community“ (sjá einnig Sankoff og Blondeau 2007:563). Á seinni árum hefur komið í ljós að þetta var nokkur einföldun á ævibreytingum. Í nýlegri grein gerir Sankoff (2019b) ráð fyrir tveimur megingerðum. Annars vegar geta ævibreytingar fylgt eftir breytingum hjá ungmönnum eins og gert var ráð fyrir í upphaflegu skilgreiningunni. Hins vegar geta þær einkennst af afturhvarfi til eldra afbrigðis, þess sem er víkjandi, þ.e. að fullorðið fólk breyti máli sínu í andstæða stefnu við málbreytingu. Þessa gerð ævibreytinga bar á góma í köflum 5.3.2.3 og 5.3.3.3. Í umfjöllun um slíkt afturhvarf hefur þó verið lögð nokkur áhersla á að það tengist langt gengnum málbreytingum þar sem stöðugleiki hefur tekið við af undangenginni sókn breytingar (sjá auk Sankoff, Sankoff og Wagner 2020).

Þessu til viðbótar er ekki hægt að ganga að ævibreytingum vísu. Mál fullorðins fólks gæti einkennst af stöðugleika þó að greina megi yfirstandandi málbreytingu með því að bera saman kynslóðir ungmenna. Úr því verður aðeins skorið með rauntímasamanburði.

Enn er aldursbindingar ógetið. Munur á máli kynslóðanna getur átt rætur að rekja til þess að kynslóð eftir kynslóð breyti máli sínu á fullorðinsárum á sama veg. Þannig gæti tiltekinn framburður kenndur við óskýrmæli verið einkenni á máli unglinga en skýrmæli aukist með aldri.<sup>155</sup> Ef slík þróun endurtekur sig hjá mörgum kynslóðum er jafnvægi í málsamfélaginu í heild. Tíðni óskýrmælis og skýrmælis breytist ekki. Samkvæmt umfjöllun Sankoff verða ævibreytingar hins vegar í málsamfélagi þar sem málbreyting stendur yfir, þ.e. tíðni viðkomandi málbrigðis breytist með tímanum, eða þar sem slík þróun er komin nálægt endastöð.

Ævibreytingar, nánar tiltekið framburðarbreytingar, með tilliti til aldurs eru viðfangsefni kaflans, en bæði stöðugleiki og aldursbinding koma einnig við sögu. Spurt er hvort ævibreytingar felist í óslitnu ferli sem stendur yfir alla ævi eða hvort þær séu mismiklar á fyrri og seinni

<sup>155</sup> Í RÍN voru greind nokkur framburðareinkenni sem ef til vill mætti kenna við óskýrmæli og fylgni þeirra við aldur könnuð, sjá Kristján Árnason og Höskuld Práinsson 1983:96–100 og Höskuld Práinsson og Kristján Árnason 1984:128–132.

hluta ævinnar. Fer það ef til vill eftir tilbrigðapörum? Svörin ættu að geta gefið vísbendingu um að hve miklu leyti málkerfið getur breyst á fullorðinsárum. Sú spurning er áhugaverð í ljósi tilgátunnar um markaldur fyrir máltöku sem fjallað var um í kafla 2.5.2. Þar kom meðal annars fram að óljóst er hversu afdráttarlaus „lok“ máltökuskeiðsins eru. Öll tengist þessi athugun einnig spurningu (5-1)b: Hver eru áhrif ævibreytinga í sókn framburðarbreytinga í málsamfélaginu?

Í ljósi þess að ævibreytingar geta, samkvæmt upphaflegri skilgreiningu Sankoff, falið í sér takmarkaða þátttöku í yfirstandandi málbreytingu verða þær að nokkru leyti speglaðar í þeirri þróun sem sjá má með því að bera saman ólíkar kynslóðir ungmenna.<sup>156</sup> Sá samanburður segir mest um hvort málbreyting stendur yfir og þá um leið hvernig þátttöku fullorðins fólks í henni er háttad. Í þeim tilvikum þegar um afturhvarf er að ræða verður skoðað hversu vel sú þróun kemur heim og saman við fyrrgreinda umfjöllun Sankoff og Wagner. Jafnframt er leitað skýringa á því af hverju sum tilbrigðapör einkennast af ólíkum ævibreytingum fyrir og eftir RÍN. Inn í þessa umræðu fléttast því málfélagslegir og málfræðilegir þættir þannig að í heild snúast niðurstöðurnar ekki aðeins um aldur heldur einnig um ólíka þróun tilbrigðaparanna.

Segja má að Björnskynslóðin hafi verið á fyrri hluta ævinnar milli rannsóknar Björns og RÍN en á seinni hluta ævinnar milli RÍN og RAUN. Í kafla 5.6.2 verður þróun framburðar á þessum tveimur æviskeiðum borin saman. Meðaleinkunnir verða þó ekki eini mælikvarðinn heldur er kannad hversu hátt hlutfall málhafa haldi framburði stöðugum eða stefni til meiri eða minni notkunar landshlutabundna afbrigðisins. Í ljós kemur nokkur munur en hann gæti tengst tímabilum frekar en æviskeiðum. Í framhaldinu verður því hugað að þeim hluta RÍN-kynslóðarinnar sem var á fyrri hluta ævinnar milli RÍN og RAUN. Kannad er að hvaða marki þróun hjá þessum hópi styður að ólík æviskeið eigi hér hlut að máli og leitað skýringa á frávikum frá því. Í kafla 5.6.3 segir af rödduðum framburði og *hv*-framburði, harðmæli í kafla 5.6.4 og skaftfells-kum einhljóðaframburði í kafla 5.6.5. Endað er á niðurstöðum og umræðu í kafla 5.6.6.

### 5.6.2 Björnskynslóð á tveimur æviskeiðum

Hér verður rifjað upp hvert þróun afbrigðanna hefur stefnt á þeim áratugum sem liðu milli rannsókna og í kjölfarið er spurt hve hátt hlutfall fullorðins fólks af Björnskynslóð hafi tekið þátt í þeirri þróun eða jafnvel synt móti straumnum. Þannig er kannad hversu algengar ævibreytingar séu, af hvaða gerð og hvort á þessu tvennu sé munur á fyrri og seinni hluta ævinnar.

Efst í *töflu 5-19*, á næstu blaðsíðu, sést að framburður ungmenna í rannsókn Björns Guðfinnssonar (1940+) og RÍN (1980+) endurspegladri sókn línælis og óraddaðs framburðar norðanlands og tvíhljóðaframburðar og *kv*-framburðar í Skaftafellssýslum (sjá einnig *myndrit 4-2*, *4-5*, *4-9* og *4-10*). Í töflunni miðast meðaleinkunn í RÍN við ungmenni sem voru í grunnskóla og voru því á svipuðum aldri og þátttakendur í rannsókn Björns. Í næstu línu töflunnar er rifjað upp að meðaleinkunn Björnskynslóðarinnar sjálfrar lækkaði sömuleiðis á þessu tímabili (sjá *töflur 5-8*, *5-10*, *5-14* og *5-16*). Hér er aðeins um RAUN-úrtak Björnskynslóðarinnar að ræða þar sem það er til

<sup>156</sup> Með orðalagi eins og „málþróun hjá ungmennum“ hér á eftir er átt við slíkan samanburð, ekki að breytingar hafi orðið á máli einstakra ungmenna yfir eitthvert tímabil.

umfjöllunar í framhaldinu.<sup>157</sup> Samanburður á niðurstöðum þessara rannsókna endurspeglar því yfirstandandi málbreytingar, tíðni allra landshlutabundnu afbrigðanna fer lækkandi í mál-samfélaginu. Á þessu skeiði var Björnskynslóðin á fyrri hluta ævinnar, um 12 ára í rannsókn Björns en um fimmtugt í RÍN og í neðri hluta töflunnar er þátttaka hennar í þessum málbreyt-ingum greind nánar. Fljótt á litið mætti ætla að þar væri svar við einni spurningu: Hvernig skiptist úrtakið milli lækkunar einkunnar, stöðugleika og hækkunar? Svo er þó ekki heldur er um þrjár spurningar að ræða eins og útskýrt verður samhliða nánari umfjöllun.

	Harðmæli		Raddaður framburður		Hv-framburður		Skaftf. einhlj.-framburður	
<b>Ungmennni BG vs. RÍN</b>	196,5 ► 186,4		185,0 ► 147,4		≈195 ► 130,5		193,6 ► 157,3	
<b>Björnskynslóð BG ► RÍN</b>	197,9 ► 189,5		188,6 ► 161,4		200 ► 178,7		193,3 ► 154,8	
	N	%	N	%	N	%	N	%
<b>Einkunn lækkar &gt;10</b> BG: 111–200	47	36,2 (17)	44	65,9 (29)	27	51,9 (14)	27	77,8 (21)
<b>Stöðugleiki</b>	48	62,5 (30)	48	35,4 (17)	27	48,1 (13)	27	22,2 (6)
<b>Einkunn hækkar &gt;10</b> BG: 100–189	1	100 (1)	10	20 (2)	0		6	0 (0)

Tafla 5-19: Þróun fjögurra svæðisbundinna afbrigða á fyrri hluta ævinnar hjá Björnskynslóðinni. Efst eru sýndar til samanburðar meðaleinkunnir hjá ungmennum í rannsókn Björns (1940+) og RÍN (1980+). Næst kemur lækkun meðaleinkunnar hjá Björnskynslóðinni (RAUN-úrtaki) og loks hversu margir tóku þátt í þeirri þróun, héldu framburði stöðugum eða syntu móti straumnum.

Í línunni „Einkunn lækkar >10“ er spurt hversu hátt hlutfall málhafanna tók þátt í yfirstandandi málbreytingu þannig að einkunn þeirra lækkaði. Miðað er við að einkunn hafi lækkað um meira en 10 (sbr. kafla 3.5.5) og því er hlutfallið reiknað út frá þeim sem gátu lækkað svo mikið. N í línunni „Einkunn lækkar >10“ tekur því til þeirra sem fengu einkunn á bilinu 111–200 í rannsókn Björns. Fyrir harðmæli voru það 47 af 48, einn málhafi fékk 110 í einkunn þannig að hún gat ekki lækkað um meira en 10. Hann er því undanskilinn. Af þessum 47 lækkaði einkunn um meira en 10 hjá 36,2%, nánar tiltekið 17 málhöfum eins og sýnt er í sviga. Í næsta dálki er raddaður framburður þar sem 44 af 48 fengu einkunn á bilinu 111–200 og loks Skaftfellingarnir sem allir fengu 111–200 fyrir bæði hv-framburð og skaftfellskan einhljóðaframburð.

Í næstu línu í töflu 5-19 er spurt hversu hátt hlutfall hélt framburði sínum stöðugum, þ.e. einkunn breyttist um 0–10. Þann kost höfðu vitaskuld allir, 48 Norðlendingar og 27 Skaftfellingar.

Þegar hlutfallið í línunni „Einkunn lækkar >10“ er borið saman við lækkun meðaleinkunnar hjá Björnskynslóðinni kemur fram ágætt og viðbúið samræmi. Eftir því sem meðaleinkunn lækkar meira eru hlutfallslega fleiri málhafar á bak við þá þróun. Þannig lækkar einkunn fyrir raddaðan framburð um 27,2 og 65,9% taka þátt í þeirri þróun, en einkunn fyrir harðmæli lækkar mun minna og jafnframt hjá færri málhöfum. Einnig má segja að hjá Norðlendingum sé samræmi milli þróunar hjá ungmennum og Björnskynslóðinni. Óraddaður framburður sótti harðar á en

<sup>157</sup> Ólíkt úrtak skýrir því hvers vegna Björnskynslóðin fær ekki sömu meðaleinkunn í tveimur efstu línum töflunnar.

linmæli hjá ungmennum milli rannsókna (sbr. einnig *myndrit 4-2* og *4-5*) og svo er einnig hjá Björnskynslóðinni. Hér mætti því álykta að eftir því sem málbreyting sækir harðar á hjá ungmennum fylgi fleiri fullorðnir þeim eftir.

Slíkt samræmi kemur ekki fram þegar litið er til skaftfellsku afbrigðanna. Í máli ungmenna sótti *kv*-framburður harðar fram en tvíhljóðaframburður milli rannsóknar Björns og RÍN eins og fram kemur í efstu línunni, þ.e. meðaleinkunn fyrir *hv*-framburð lækkar mun meira (sbr. einnig *myndrit 4-9* og *4-10*). Málhafar á fyrri hluta ævinnar halda þó frekar í þann *hv*-framburð sem þeir tileinkuðu sér í æsku. Á sama hátt má bera saman raddaðan framburð og *hv*-framburð. Hjá ungmennum lækkar meðaleinkunn fyrir *hv*-framburð meira en þó fylgja hlutfallslega færri fullorðnir þeim eftir en fleiri halda framburði sínum stöðugum (sbr. línuna „Stöðugleiki“).

Af þessum samanburði má sjá hversu varhugavert er að nota framburð ungmenna sem eina mælikvarðann á framrás málbreytinga. Fullorðið fólk breytir líka framburði sínum, en þó að tvö tilbrigðapör breytist mismikið með nýjum kynslóðum ungmenna er ekki víst að sams konar munur birtist hjá fullorðnu fólki. Það má hugsa sér að þar að baki búi málfélagslegar ástæður, eins og afstaða, virðing eða svæðisbundin sjálfsmynd. Annar möguleiki er að ástæðurnar séu málfræðilegar, í þessu tilviki orðasafnsbundinn munur annars vegar og reglulíkn hins vegar. Að þessu verður vikið nánar í niðurstöðukafla (5.6.6).

Spurningin í neðstu línunni er: Hjá hve háu hlutfalli málhafa hækkaði einkunn um meira en 10 milli rannsóknar Björns og RÍN af þeim sem gátu hækkað svo mikið? Þetta eru því málhafar sem fengu meðaleinkunnina 100–189 fyrir viðkomandi afbrigði (og þá um leið tilbrigðapar) í rannsókn Björns.<sup>158</sup> Einkunn hækkaði hjá eina Norðlendingnum sem fékk svo lága einkunn fyrir harðmæli en hjá 20% þeirra 10 málhafa sem áttu þess kost að bæta í raddaðan framburð. Þetta eru því þeir sem syntu móti straumnum. Hér á eftir kemur fram að þeir eru mun fleiri á seinni hluta ævinnar hjá sömu málhöfum. Nú vikur sögunni að því æviskeiði hjá Björnskynslóðinni.

Til að geta svarað því hvort ævibreytingar á tilteknu tímabili feli í sér nokkurs konar þátttöku í yfirstandandi málbreytingu þarf að liggja fyrir hvort tíðni afbrigðanna í málsamfélaginu hafi breyst. Í köflum 5.3.2.2 og 5.3.3.2 kom fram að hvorki er völ á meðaleinkunn fyrir tilbrigðapörin hjá ungmennum nútímans á Norðurlandi í heild né í Skaftafellssýslum. Þó er næsta ljóst að norðlensk ungmenni noti bæði harðmæli og raddaðan framburð í minna mæli en ungmenni í RÍN (1980+). Sókn linmælis og óraddaðs framburðar hélt því áfram hjá ungmennum og er þeirri stefnu lýst með orðum í efstu línunni í *töflu 5-20* á næstu blaðsíðu. Sterk rök hníga að því að það sama gildi um *kv*-framburð eins og fjallað var um í kafla 5.3.3.2. Þar sagði einnig af skaftfellskum einhljóðaframburði í máli ungmenna í Vestur-Skaftafellssýslu sem virðist álíka tíður og hann var hjá ungmennum á 9. áratugnum. Þó að ekki sé hægt að ganga að því gefnu að sams konar stöðugleiki ríki í austursýslunni verður hér miðað við að ólíkt hinum landshlutabundnu afbrigðunum sé einhljóðaframburðurinn ekki á eindregnu undanhaldi í máli ungmenna samanborið við ungmenni í RÍN. Vegna þessarar sérstöðu er dálkurinn fyrir þennan framburð skyggður í *töflu 5-20*.

<sup>158</sup> Þó að aðgreining spurninganna þriggja virðist ekki nauðsynleg hér og flækja framsetningu í töflunni skiptir hún meira máli þegar röðin kemur að næsta æviskeiði.

Í næstu línu töflunnar eru meðaleinkunnir Björnskynslóðarinnar, 48 Norðlendinga og 27 Skautfellinga, í RÍN og RAUN. Með því að bera saman tvær efstu línur töflunnar kemur fram ósamræmi milli þróunar hjá ungmennum og Björnskynslóðinni á seinni hluta ævinnar. Þetta gildir um öll afbrigðin en um sinn verður athyglinni beint að þremur fyrstu dálkunum. Þar sést að þrátt fyrir að linmæli, óraddaður framburður og *kv*-framburður sækir á í máli ungmenna hækkar einkunn Björnskynslóðarinnar eilítið. Þrátt fyrir það var það metið svo í kafla 5.3 að þessi afbrigði væru á heildina litið í sókn, þ.e. „yfirstandandi málbreytingar“.

Í línunni „Einkunn lækkar >10“ sést að hlutfallslega fáir af Björnskynslóð fylgja eftir málþróun ungmenna (innan sviga er fjöldi málhafa á bak við hlutfallið). Eins og áður er hlutfallið reiknað út frá þeim sem fengu einkunn á bilinu 111–200 í fyrri rannsókninni, þ.e. RÍN, þannig að einkunnin gat lækkað um meira en 10. Neðst í töflunni kemur fram að talsvert er um andstæða stefnu eins og meðaleinkunnir bentu til.<sup>159</sup> Slíka þróun er síst að sjá hjá rödduðum framburði. Stöðugleiki er afdráttarlausasta einkenni þessara tilbrigðapara. Fólk hefur ríka tilhneigingu til að standa í stað á seinni hluta ævinnar, þ.e. breyta ekki framburði sínum. Þegar einblínt er á þessi þrjú svæðisbundnu afbrigði sést að það gera um og yfir 70%.

	Harðmæli		Raddaður framburður		Hv-framburður		Skafft. einhlj.-framburður	
Ungmennir RÍN vs. RAUN	Sókn linmælis		Sókn óraddaðs framburðar		Sókn kv-framburðar		Stöðugleiki	
Björnskynslóð RÍN ► RAUN	189,5 ► 194,7		161,4 ► 164,8		178,7 ► 184,8		154,8 ► 166,8	
	N	%	N	%	N	%	N	%
Einkunn lækkar >10 RÍN: 111–200	48	2,1 (1)	44	9,1 (4)	27	7,4 (2)	27	22,2 (6)
Stöðugleiki	48	72,9 (35)	48	75,0 (36)	27	70,4 (19)	27	22,2 (6)
Einkunn hækkar >10 RÍN: 100–189	17	70,6 (12)	33	24,2 (8)	14	42,9 (6)	25	60,0 (15)

Tafla 5-20: Þróun fjögurra svæðisbundinna afbrigða á seinni hluta ævinnar hjá Björnskynslóðinni. Efst er til samanburðar lýst þróun hjá ungmennum milli RÍN (1980+) og RAUN (um 2010). Næst kemur breyting meðaleinkunnar hjá Björnskynslóðinni (RAUN-úrtaki). Neðri hluti töflunnar dregur fram hversu algengt er að einkunn lækki eða hækki hjá þeim sem höfðu slíkt svigrúm, sem og hlutfall stöðugleika.

Af þeim upplýsingum sem fram koma um skafftellskan einhljóðaframburð í töflunni má ráða að hann sé tiltölulega óstöðugur í máli fullorðins fólks.<sup>160</sup> Á þessu skeiði ævinnar virðist Björnskynslóðin lítt snortin af stöðugleika skafftellsks einhljóðaframburðar í máli ungmenna. Þessi þráður verður tekinn upp aftur í kafla 5.6.5.

<sup>159</sup> Eins og áður svarar neðsta lína töflunnar spurningunni: Hjá hve háu hlutfalli málhafa hækkaði einkunn um meira en 10 milli rannsókna af þeim sem gátu hækkað svo mikið? Ef hlutfallið fyrir harðmæli hefði verið reiknað út frá öllum 48 málhöfunum hefði svarið verið 25% í stað 70,6%. Í hópnum sem hækkaði ekki væru þá málhafarnir sem fengu 190–200 í einkunn í RÍN og gátu því ekki hækkað um meira en 10, alls 31 málhafi. Hér liggur skýringin á því hvers vegna „af þeim sem gátu hækkað svo mikið“ er hluti af spurningunni.

<sup>160</sup> Vert er að halda því til haga að sé aðeins horft til Vestur-Skaftafellssýslu, þar sem rannsóknir á ungmennum frá þessari öld fóru fram, er þessi óstöðugleiki einnig skýr.




Niðurstaðan eftir athugun á þróun framburðar á seinni hluta ævinnar er því að mjög fáir af Björnskynslóð taki þátt í þeirri þróun sem hefur orðið eða er líklegust hjá ungmennum, þ.e. sókn linmælis, óraddaðs framburðar og *kv*-framburðar. Þróun þeirra afbrigða sem láta undan hjá ungmennum er á seinni hluta ævinnar ólík því sem sást á fyrri hluta ævinnar. Hér er því komið fram nokkurt svar við spurningum sem varpað var fram í inngangi. Þar sagði að kannað yrði hvað einkenndi ævibreytingar með tilliti til aldurs. Í framhaldinu var spurt hvort þetta væri óslitið ferli sem stæði yfir alla ævi eða hvort breytingar væru mismiklar á fyrri og seinni hluta ævinnar, einnig hvort þetta færi ef til vill eftir tilbrigðapörum. Svörin má draga saman á eftirfarandi hátt:

- Ef framburður ungmenna, samanborið við ungmenni fyrri tíðar, endurspeglar að málbreyting standi yfir má búast við því að á fyrri hluta ævinnar breytist framburður á heildina litið í sömu stefnu þó að margir haldi honum stöðugum.
- Ekki er þó samræmi milli misjafnlega harðrar sóknar afbrigðis hjá ungmennum og hlutfalls fullorðinna sem fylgja þeim eftir á fyrri hluta ævinnar. Þetta er misjafnt eftir tilbrigðapörum. Breytingar á fyrri hluta ævinnar eru því ekki fyrirsegjanlegar út frá málþróun ungmenna.
- Á seinni hluta ævinnar er líklegast að litlar breytingar verði á framburði eða hann sígi í átt til þess framburðar sem fólk tileinkaði sér í æsku.

Þessa niðurstöðu má tengja við tilgátuna um markaldur fyrir máltöku. Ljóst er að þótt málið lærist að mestu á fyrstu æviárunum getur ýmislegt breyst og lærst á fullorðinsárum. Ef marka má þróun hjá Björnskynslóðinni yfir æviskeiðið gerist það hins vegar miklu frekar á fyrri hluta ævinnar en þeim seinni. Þróunin gefur tilefni til að ætla að þrengja megi skilgreiningu Sankoff (2005:1011, 2019b) á ævibreytingum sem falla í sömu stefnu og yfirstandandi málbreytingar þannig að hún nái einkum til yngra fólks.

Ævibreytingar hafa gildi fyrir sýndartímasamanburð. Þannig bendir Sankoff (2019b:214) á að útbreiðsla málbreytingar geti verið mun hraðari en sýndartímasamanburður gefur til kynna. Mismunandi þróun eftir æviskeiðum hjá Björnskynslóðinni bendir til þess að hægt sé að skerpa þessa mynd. Til að átta sig á því er gott að rifja upp myndrit þar sem tíðni notkunar á afbrigði birtist sem aldurshallandi súlur (sbr. b-hluta *myndrits 3-1* í kafla 3.2).



Myndrit 5-15: Sýndartímasamanburður: Tilbúið dæmi um niðurstöður um tíðni tiltekins afbrigðis hjá þremur aldurshópum.

Í kafla 3.2 var þetta túlkað sem kynslóðabundin málbreyting, nýjung væri í sókn (sbr. línu 2 í töflu 3-1). Sú túlkun stendur óhögguð. Hefðbundin túlkun *myndrits 5-15* fæli einnig í sér að hlutfallið hjá 45 ára gömlu fólki endurspegladi stöðu afbrigðisins hjá tvítugum fyrir 25 árum og hlutfallið hjá þeim elstu gæfi mynd af framburði 45 ára gamals fólks um það leyti. Þannig gæfi framburður þessara aldurshópa vitneskju um fortíðina. Samkvæmt breytingum á framburði Björnskynslóðarinnar eftir æviskeiðum er þetta aðeins að hluta til rétt. Líklegt er að elsta fólkið hafi breytt framburði sínum lítið síðasta aldarfjórðunginn en hjá 45 ára fólkinu má gera ráð fyrir að tíðnin hafi verið önnur fyrir 25 árum. Túlkun myndrita á borð við *5-15* er því vandasöm.

Ein af rannsóknarspurningum þessa 5. kafla snýst um áhrif ævibreytinga á sókn framburðarbreytinga í málsamfélaginu (sbr. (5-1)b). Þessar niðurstöður fela í sér nokkurt svar við henni. Breytingar sem verða á fyrri hluta ævinnar eru á heildina lítið svo miklar að þær hafa umtalsverð áhrif á málfarspottinn sem bar á góma í kafla 2.3.6 og 4.7.2.3. Í honum eru þau málbrigði sem notuð eru í málsamfélaginu og tíðni þeirra hefur áhrif á máltileinkun barna. Þær ævibreytingar sem komu fram á fyrri hluta ævinnar hjá Björnskynslóðinni juku vægi nýjunga í málfarspottinum. Þróun þeirra fjögurra tilbrigðapara sem voru til athugunar bendir því til þess að breytingar á fyrri hluta ævinnar séu til þess fallnar að hraða málbreytingum. En gagnasafnið býður upp á frekari athugun á breytingum á því aldurs skeiði. Þá kemur í ljós að afturhvarf til eldra afbrigðis getur birst sem ríkjandi stefna í þróun framburðar hjá fullorðnu fólki, ekki aðeins sem tilhneiging á seinni hluta ævinnar. Næstu kaflar fjalla því í senn um fyrri hluta ævinnar og leit að skýringum á ólíkri þróun tilbrigðaparanna á síðustu áratugum.

### 5.6.3 Tvö tilbrigðapör á fyrri hluta ævinnar

Í síðasta kafla var dreginn fram munur á þróun framburðar á fyrri og seinna hluta ævinnar hjá Björnskynslóðinni. Nú má spyrja: Á sá munur ef til vill ekki rætur að rekja til aldurs heldur ólíkra tímabila? Hafa ævibreytingar á síðustu áratugum, þ.e. milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+), aðeins að litlu leyti einkennst af því að fullorðið fólk fylgi málþróun hjá ungmennum, hvort sem það var á fyrri eða seinni hluta ævinnar? Í þessum kafla verða tvö tilbrigðapör könnuð nánar með þessa spurningu í huga, raddaður og óraddaður framburður og *hv-* og *kv-*framburður. Í framhaldinu verður sérstakur kafli, 5.6.4, helgaður harðmæli og þá um leið linmæli og það sama gildir um skaffellskan einhljóðaframburð og tvíhljóðaframburð sem segir af í kafla 5.6.5.

Segja má að hluti RÍN-kynslóðarinnar hafi verið á fyrri hluta ævinnar milli RÍN og RAUN. Þeir sem fæddust 1950 eða síðar voru unglingar og allt upp í um þrítugt þegar þeir tóku þátt í RÍN. RAUN-rannsóknin var gerð um 30 árum síðar. Þessi hópur var því undir fimmtugu meirihluta þess tíma sem leið milli rannsókna. Hér og í næstu köflum verður því miðað við þennan hluta RÍN-kynslóðarinnar við nánari athugun á framburðarbreytingum á fyrri hluta ævinnar. Norðlendingarnir eru 27 en Skaffellingarnir heldur fáir, eða 14.

Spurning kaflans er: Hversu algengt er að óraddaður framburður og *kv-*framburður sækji á hjá RÍN-kynslóðinni á fyrri hluta ævinnar? Sú þróun er borin saman við Björnskynslóðina á sama æviskeiði en á báðum tímabilum hafa þessi afbrigði sótt á hjá ungmennum. Minna má á að

með orðalagi eins og „þróun/sókn/undanhald/stefna hjá ungmennum“ er vísað til samanburðar á ungmennum í tveimur eða fleiri rannsóknum, ekki að framburður einstaklinga af tiltekinni kynslóð hafi breyst.

Undir „Fyrri hluti ævinnar“ í *töflu 5-21* eru tölur um Björnskynslóðina úr *töflu 5-19* endurteknar og RÍN-kynslóðinni bætt við. Þarna sést hjá hve háu hlutfalli einkunn lækkar af þeim sem fengu 111–200 í einkunn í fyrri rannsókn, þ.e. nógu háa einkunn til þess að hún gæti lækkað um meira en 10. Hjá þessum hópi gat framburðurinn þróast í samræmi við þróun hjá ungmennum. Fram kemur að á fyrri hluta ævinnar hjá bæði Björnskynslóð og RÍN-kynslóð er talsvert algengt að notkun óraddaðs framburðar aukist. Aðeins 11 Skaftfellingar í þessu úrtaki fengu einkunnina 111–200 fyrir *hv*-framburð. Af þeim verða því ekki dregnar miklar ályktanir en þó má segja að þróun hjá þessum fámenna hópi styðji við aðrar og skýrari vísbendingar um að fullorðið fólk á fyrri hluta ævinnar hafi tilhneigingu til að fylgja ungmennum eftir. Einnig má benda á samræmi milli afbrigðanna að því leyti að hlutfallstölur eru lægri fyrir *hv*-framburð hjá báðum kynslóðum. Í aftasta dálkinum er minnt á hversu sjaldgæft var að sjá sams konar þróun hjá Björnskynslóðinni á seinni hluta ævinnar.

	Einkunn lækkar >10					
	Fyrri hluti ævinnar				Seinni hluti ævinnar	
	N	Björnskynslóð BG ► RÍN	N	RÍN-kynslóð RÍN ► RAUN	N	Björnskynslóð RÍN ► RAUN
<b>Raddaður framburður</b> Fyrri rannsókn: 111–200	44	65,9% (29)	25	48,0% (12)	44	9,1% (4)
<b>Hv-framburður</b> Fyrri rannsókn: 111–200	27	51,9% (14)	11	36,4% (4)	27	7,4% (2)

*Tafla 5-21:* Hlutfall málfafa sem draga úr notkun raddaðs framburðar og *hv*-framburðar á fyrri hluta ævinnar, annars vegar hjá Björnskynslóð milli rannsóknað Björns (1940+) og RÍN (1980+) og hins vegar hjá RÍN-kynslóð milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Í aftasta dálki eru sambærilegar tölur fyrir Björnskynslóð á seinni hluta ævinnar.

Þróun raddaðs framburðar hjá RÍN-kynslóðinni rennir stoðum undir þá ályktun að á fyrri hluta ævinnar hafi fólk tilhneigingu til að breyta máli sínu í samræmi við málþróun hjá ungmennum, það sé ekki bundið við tímabil í þróunarsögu raddaðs framburðar. Þó að úrtak Skaftfellinga sé heldur fámennnt bendir þróun *hv*-framburðar í sömu átt. Það vekur einnig athygli – og aftur þarf að hafa fámennnt úrtak í huga – að á báðum tímabilum er meira um að fullorðið fólk breyti framburði sínum í átt til óraddaðs framburðar en *kv*-framburðar, *hv*-framburður virðist stöðugri í máli fullorðins fólks.<sup>161</sup>

Í næsta kafla kemur hins vegar í ljós að allt önnur mynd birtist þegar þróun harðmælis á fyrri hluta ævinnar er skoðuð hjá tveimur kynslóðum.

<sup>161</sup> Í töflunni eru undanskildar upplýsingar um þá sem ekki fylgdu ungmennum að málum. Í *töflu 5-19* sást að þegar Björnskynslóðin var á fyrri hluta ævinnar hækkaði einkunn fyrir raddaðan framburð hjá tveimur málföfum, eða 10% þeirra sem áttu þess kost. Sambærilegt hlutfall hjá RÍN-kynslóðinni er 3,8%, eða einn málfafi, en framburður var stöðugur hjá helmingi úrtaksins. Allir Skaftfellingar af Björnskynslóð notuðu hreinan *hv*-framburð í rannsókn hans þannig að einkunnin gat ekki hækkað. Það gerði hún hjá einum málfafa af RÍN-kynslóð milli RÍN og RAUN, eða 8,3% þeirra sem áttu þess kost, en framburður var stöðugur hjá 68,8%.

## 5.6.4 Harðmæli og linnmæli

Eins og fram hefur komið lækkaði meðaleinkunn Björnskynslóðarinnar fyrir harðmæli milli rannsóknar hans (1940+) og RÍN (1980+). Í því felst sókn linnmælis eins og hjá ungmennum á sama tímabili (sbr. *töflu 5-19*). Linnmæli sótti einnig á hjá ungmennum milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+) en þá bregður svo við að meðaleinkunnir fullorðins fólks hækka (sjá *töflu 5-8* og *5-20*). Á því skeiði var RÍN-kynslóðin á fyrri hluta ævinnar en Björnskynslóðin á þeim seinni. Það er því ljóst að fullorðna fólkið fylgir ungmennum ekki eftir milli RÍN og RAUN. Í efri línunni í *töflu 5-22* sést að það gerir enginn af RÍN-kynslóð (27 málhafar fæddir 1950 eða síðar) og aðeins einn málhafi af Björnskynslóð (2,1%). Á hinn bóginn er algengt að einkunn hækki milli RÍN og RAUN eins og sést í neðri línunni. Hafa má í huga að þótt aðeins sé til að dreifa fimm málhöfum af RÍN-kynslóð sem fengu einkunn á bilinu 100–189 í RÍN er hér gott samræmi við þá þróun harðmælis sem myndrit 5-6 sýndi. Einkunnir hlutfallslega margra hækka.<sup>162</sup>

	Fyrri hluti ævinnar				Seinni hluti ævinnar	
	N	Björnskynslóð BG ► RÍN	N	RÍN-kynslóð RÍN ► RAUN	N	Björnskynslóð RÍN ► RAUN
<b>Einkunn lækkar &gt;10</b> Fyrri rannsókn: 111–200	47	36,2% (17)	27	0% (0)	48	2,1% (1)
<b>Einkunn hækkar &gt;10</b> Fyrri rannsókn: 100–189	1	100% (1)	5	80% (4)	17	70,6% (12)

Tafla 5-22: Hlutfall málhafa sem draga úr eða auka notkun harðmælis á fyrri hluta ævinnar, annars vegar hjá Björnskynslóð milli rannsóknað Björns (1940+) og RÍN (1980+) og hins vegar hjá RÍN-kynslóð milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Í aftasta dálki eru sambærilegar tölur fyrir Björnskynslóð á seinni hluta ævinnar.

Af heildarmyndinni sem taflan dregur fram má ráða að ævibreytingar á fyrri hluta ævinnar séu ólíkar eftir tímabilum. Milli rannsóknað Björns og RÍN var samhljómur milli ungmenna og fólks á fyrri hluta ævinnar en ekki milli RÍN og RAUN.

Vert er að rifja upp að segja má að úrtak Norðlendinga af RÍN-kynslóð hafi verið „óheppi-lega harðmælt“ eins og nefnt var í kafla 5.2.3. Því er ekki útilokað að sókn harðmælis hjá RÍN-kynslóðinni sé bundin við þá sem tileinkuðu sér það ríkulega í æsku. Breytingar á framburði Norðmýlinga á sama aldri (fæddir 1950 og síðar) mæla þó gegn því. Um er að ræða 12 málhafa sem fengu fjölbreyttar einkunnir fyrir harðmæli í RÍN. Af þeim gátu 10 hækkað harðmælis-einkunnina um meira en 10 fram að RAUN (þ.e. einkunn í RÍN var 100–189) og það gerði helmingurinn.

Segjum því sem svo að hjá Norðlendingum af RÍN-kynslóð einkennist ævibreytingar á fyrri hluta ævinnar af afturhvarfi til harðmælis, ekki aðeins hjá þeim sem voru mjög harðmæltir í æsku. Sama tilhneiging kemur fram hjá Björnskynslóðinni þannig að milli RÍN og RAUN má segja að harðmæli sækir almennt í sig veðrið hjá fullorðnu fólki á Norðurlandi. Hvaða öfl eru þar að verki? Byrjum á því að rifja upp þróun harðmælis á öðru svæði á öðru tímabili.

<sup>162</sup> Tíðnitalan fyrir hækkuð einkunn er vissulega hæst fyrir Björnskynslóðina á fyrri hluta ævinnar, 100%. Fjallað er um þennan eina málhafa í kafla 5.4.2. Um er að ræða konu sem átti reykvíska móður sem ef til vill skýrir ríkulegt linnmæli í æsku (einkunn 110). Með aldrinum hefur hún lagað sig að máli sinnar kynslóðar.

Þegar Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason (1984:116–120) unnu úr niðurstöðum RÍN og skoðuðu þróun framburðar í Reykjavík sáu þeir að harðmælisnotkun ungmenna á 9. áratugnum virtist svipuð því sem gerðist og gekk í rannsókn Björns Guðfinnssonar. Björnskynslóð Reykvíkinga hafði hins vegar gerst aðeins harðmæltari með aldrinum, auk þess sem jákvæð fylgni var milli harðmælis og menntunar (sjá einnig kafla 4.2.5). Í aftanmálgrein er sýndur tvenns konar samanburður milli Reykvíkinga í RÍN eftir menntun þar sem tölfræðilega marktækur munur kemur fram ( $p=0,025$  og  $0,014$ ).<sup>A-27</sup> „Augljósasta skýringin á þessu virðist vera sú mályrkjustefna sem talið hefur harðmæli betra mál en linnæli,“ segja Höskuldur og Kristján (s.r.:119).<sup>163</sup>

Þegar þetta var skrifað höfðu nýleg greinaskrif í blöðum einmitt endurspeglad að því er virðist aukna áherslu á tengsl harðmælis og skýrmælis (sjá kafla 3.6.2). Hér gæti verið að sjá drifkraftinn að baki auknu harðmæli í máli fullorðinna Reykvíkinga. Þeir notuðu linnæli síður en ungmenni og það gildi líka um breytur fyrir „óskýrmæli“ eins og brottfall atkvæða ([çoulɪv] fyrir *hjólínu*) og brottfall önglhjóða ([ta:pla:iθ] fyrir *dagblaðið*). Slíkt „óskýrmæli“ var mest meðal ungmenna rétt eins og linnæli (sjá Höskuld Þráinsson og Kristján Árnason 1984:118, 129, einnig Kristján Árnason 2005:418–424). Vaxandi harðmæli með aldri getur því endurspeglad það viðhorf að harðmæli sé skýrt en linnæli óskýrt og um leið félagslegt mynstur sem felur í sér að fólk „tali skýrar“ á fullorðinsaldri.<sup>164</sup>

Á sama tímabili og harðmæli óx í máli fullorðinna Reykvíkinga var það á undanhaldi í máli bæði ungmenna og Björnskynslóðarinnar norðanlands. Harðmæli var því landshlutabundið afbrigði á undanhaldi norðanlands en gegndi á sama tíma félagslegu hlutverki í máli Reykvíkinga. Ekki er útilokað að með vaxandi linnæli meðal ungmenna á Norðurlandi hafi þetta félagslega hlutverk numið þar land sem skýri aukna notkun harðmælis hjá fullorðnu fólki. Því miður er menntun norðlenskra þátttakenda í RÍN og RAUN ekki nógu fjölbreytt til að hægt sé að kanna áhrif hennar.

Þó að líklegt sé að þróunin sem Höskuldur og Kristján greindu í Reykjavík hafi verið ný af nálinni ber hún merki svokallaðrar aldursbindingar sem fjallað var um í inngangi. Þar sagði að aldursbinding fæli í sér að „kynslóð eftir kynslóð breyti máli sínu á fullorðinsárum á sama veg“. Samfélagið helst því stöðugt (sbr. *töflu 3-1*). Sú skilgreining á síður við norðanlands. Þar er ólíklegt að samfélagið haldist stöðugt heldur sé harðmæli á heildina litið á undanhaldi. Svo mjög sækir linnæli á hjá ungmennum. Haldi sú þróun áfram gætu skapast forsendur fyrir aldursbindingu, þannig að nýjar kynslóðir Norðlendinga tileinki sér að mestu linnæli, auki notkun harðmælis á fullorðinsárum en tíðni þess í heild haldist stöðug. Tíminn verður að leiða framhaldið í ljós.

<sup>163</sup> Fram kom í neðanmálgrein 82 í kafla 4.2.5 að Höskuldur og Kristján hefðu ekki skoðað samspil milli menntunar og aldurs, né möguleg áhrif búferlaflutninga á þessar niðurstöður. Í samanburðinum sem hér segir frá var tekið tillit til aldurs og prófað að undanskilja aðflutta.

<sup>164</sup> Ekki er útilokað að hærri tíðni óskýrmælis hjá ungmennum en fullorðnu fólki í RÍN endurspegli málbreytingar, þ.e. að brottfall atkvæða og önglhjóða hafi verið nýjungar í íslensku eða að minnsta kosti í sókn. Þessar breytur voru ekki kannaðar í rannsókn Björns Guðfinnssonar. Því er ekki hægt að bera saman rannsóknirnar til að mæla hvort óskýrmæli hafi aukist meðal ungmenna. Framburður reykviskra ungmenna hefur heldur ekki verið rannsakaður á síðustu áratugum. Almenn umræða bendir þó ekki til að miklar áhyggjur séu af vaxandi óskýrmæli meðal ungmenna, það er gömul saga og ný.

Nú á tímum blasir við sú staða að RÍN-kynslóðin eykur notkun harðmælis á fyrri hluta ævinnar og líklegasta skýringin er að það hafi áunnið sér hlutverk sem „skýr framburður“. Með því bætist enn við þá túlkunarmöguleika fyrir sýndartímasamanburð sem tíundaðir voru í *töflu 3-1*, þ.e. að tíðni afbrigðis vaxi með aldri samhliða kynslóðabundinni málbreytingu. Þó að frekari rannsókn sé þörf er ástæða til að setja spurningarmerki við þá umfjöllun um ævibreytingar sem kynnt var í inn-gangi. Þar sagði að einkenni þeirra væru annars vegar talin felast í því að fullorðið fólk breytti máli sínu í sömu stefnu og yfirstandandi málbreyting og hins vegar gæti átt sér stað afturhvarf til fyrri framburðar eða eldra afbrigðis. Slíkt gerðist þó einkum þegar málbreytingar væru langt gengnar og einkenndust jafnvel af stöðugleika (sjá Sankoff 2019b, Sankoff og Wagner 2020). Á kjarnasvæði harðmælis er ekki hægt að segja að sókn linmælis sé langt gengin málbreyting sem hafi náð einhvers konar stöðugleika. Framburður ungmenna í RÍN og þeirra sem voru rannsökuð 2015 benti til þess að harðmæli væri enn talsvert útbreitt, en hins vegar á hröðu undanhaldi. Afturhvarf virðist því geta átt sér stað við slík skilyrði þegar réttar málfélagslegar aðstæður skapast. En hér að framan hafa einnig komið fram upplýsingar um afturhvarf til einhljóðaframburðar (sbr. kafla 5.4.4). Það verður í umhverfi sem fellur betur að lýsingu Sankoff og Sankoff og Wagner. Frá því segir í næsta kafla.

#### 5.6.5 Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður

Þó að samanburður á framburði ungmenna í rannsókn Björns Guðfinnssonar (1940+) og RÍN (1980+) hafi leitt í ljós mikið undanhald einhljóðaframburðar í Skaftafellssýslum er að sjá sem það hafi stöðvast milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Þetta kom fram í rannsóknum í Vestur-Skaftafellssýslu 2007 og 2008 (sjá *töflu 5-11*). Ævibreytingar á seinna skeiðinu verða því ekki speglaðar í ljósi „yfirstandandi málbreytingar“. Af tilbrigðapörunum fjórum er þetta það eina sem svo háttar um og því eru almennar ályktanir takmörkum háðar.

Á fyrra tímabilinu sótti tvíhljóðaframburður einnig á hjá fullorðnu fólki. Svo rammt kvað að þessu að tiltölulega lítill munur var á framburði ungmenna og fullorðinna í RÍN (sjá *myndrit 4-10* og *5-3*). Þróunin á þessu skeiði er því nokkuð í ætt við almenna málbreytingu, þ.e. breyting hefur orðið í málsamfélaginu en hún kemur ekki fram sem munur á aldurshópum (sbr. *töflu 3-1*). Á seinna skeiðinu, þar sem stöðugleiki virðist einkenna framburð ungmenna, bregður svo við að meðaleinkunnir fullorðins fólks hækka (sjá *töflu 5-14*). Í *töflu 5-23* sést að einkunn hækkar milli RÍN og RAUN hjá meira en helmingi málhafa sem áttu þess kost.

	Fyrri hluti ævinnar				Seinni hluti ævinnar	
	N	Björnskynslóð BG ► RÍN	N	RÍN-kynslóð RÍN ► RAUN	N	Björnskynslóð RÍN ► RAUN
<b>Einkunn lækkar &gt;10</b> Fyrri rannsókn: 111–200	27	77,8% (21)	14	7,1% (1)	27	22,2% (6)
<b>Einkunn hækkar &gt;10</b> Fyrri rannsókn: 100–189	6	0% (0)	14	57,1% (8)	25	60% (15)

*Tafla 5-23:* Hlutfall málhafa sem draga úr eða auka notkun einhljóðaframburðar á fyrri hluta ævinnar, annars vegar hjá Björnskynslóð milli rannsókna Björns (1940+) og RÍN (1980+) og hins vegar hjá RÍN-kynslóð milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Í aftasta dálki eru sambærilegar tölur fyrir Björnskynslóð á seinni hluta ævinnar.

Þessi þróun er vandskýrð og staðreyndin er sú að rannsóknin *Mál á mannsævi* nær aðeins að varpa takmörkuðu ljósi á 70 ára sögu þessa framburðar. Á innan við öld verður fyrst breyting sem minnir sterklega á almenna málbreytingu, þ.e. allar kynslóðir breyta máli sínu, en þá tekur við tiltölulega stöðugur breytileiki en þó með ævibreytingum sem einkennast af afturhvarfi.

Hér er þó vert að draga fram rannsókn frá Montréal sem áður hefur borið á góma og leiddi í ljós afturhvarf af svipuðum toga (sjá einkum Sankoff 2019b, Sankoff og Wagner 2011, 2020). Þar hafði lengi staðið yfir málbreyting sem lýtur að tákun framtíðar en milli árunna 1971 og 1984, sem rauntímarannsókn náði til, sáust ekki merki um framgang hennar. Þróunin virtist hafa stöðvast en hins vegar notaði fullorðið fólk eldra afbrigðið ríkulegar í seinni rannsókninni en þeirri fyrri. Um þetta hefur verið fjallað í mörgum greinum sem endurspeгла að rannsakerndur rýndu gögnin endurtekið<sup>165</sup> og bættu við athugunarefnum en ef til vill er lokaniðurstaðan fengin í grein Sankoff og Wagner frá 2020. Þar er ályktað að um sé að ræða *retrograde lifespan change*, þ.e. ævibreytingu sem felur í sér afturhvarf. Þetta tengja þær við félagslega krafta sem séu að verki í langt gengnum málbreytingum en einnig að nokkru leyti við formlegt og óformlegt málsnið. Staða einhljóða- og tvíhljóðaframburðar í Skaftafellssýslum er að því leyti lík umræddri málbreytingu að svo er að sjá sem nokkur stöðugleiki ríki í málsamfélaginu þrátt fyrir undangengna sókn tvíhljóðaframburðar. Hins vegar verður ekki sagt, sé litið til þessa svæðis en ekki landsins alls, að sókn tvíhljóðaframburðar sé langt gengin málbreyting. Engu er líkara en hún hafi stöðvast í miðjum klíðum. Það er sömuleiðis erfitt að greina þá félagslegu stöðu einhljóðaframburðar sem Sankoff og Wagner telja að þurfi til að svo gömul afbrigði verði að félagslegum breytileika í stað þess að hverfa endanlega. Þær segja:

... the older variant must take on social meanings that are still valuable in the community: to signal developmental maturity, or to mark social status, formal style, politeness, or a registered local identity.

(Sankoff og Wagner 2020:267)

Í ljósi ýmissa athugana innan *Málþekkis* má draga sterklega í efa að einhljóðaframburður hafi þá stöðu að endurspeгла svæðisbundna sjálfsmynd, hvað þá að hann falli undir önnur atriði sem Sankoff og Wagner nefna (sjá kafla 3.6.3.4, 3.6.3.5 og 4.5.4). Ævibreytingar sem felast í afturhvarfi til einhljóðaframburðar gefa því tilefni til að draga þessi skilyrði í efa enda segja Sankoff og Wagner sjálfar (2020:268) að þörf sé á frekari rannsóknum á stöðugum (eða nánast stöðugum) félagslegum breytileika (sjá einnig t.d. Sankoff og Wagner 2006, 2011, Sankoff 2019b).

Áhugavert er að staldra við þær miklu sveiflur sem birtast í *töflu 5-23* og þá sérstaklega hjá Björnskynslóðinni. Einhljóðaframburðurinn lét mjög undan frá rannsókn Björns til RÍN. Þó að þessi þróun snúi við hjá stórum hluta hópsins milli RÍN og RAUN lækkar samt einkunn hjá rúmum fimmtungi. Hjá hinum tilbrigðapörunum þremur var hlutfall þeirra sem héldu framburði stöðugum á seinni hluta ævinnar um og yfir 70% (sbr. *töflu 5-20*). Hér er mikið um breytingar í báðar áttir. Því má segja að *tafla 5-23* í heild gefi til kynna óstöðugleika einhljóða- og tvíhljóðaframburðar, bæði hjá einstaklingum og í málsamfélaginu yfir 70 ára tímabil.

<sup>165</sup> Hjá Gillian Sankoff (2019a) má lesa um sögu rauntímarannsóknarinnar í Montréal.

Breytileiki í máli Skaftfellinga gæti bent til valfrelsis. Ef til vill er það afleiðing af „átökum“ ólíkra krafta. Annars vegar togar tvíhljóðunarreglan sem gildir í framburði flestra landsmanna og markar jafnframt leiðina að kerfi sem er einfalt að því leyti að einhljóð koma þá ekki fyrir á undan *-gi*. Hins vegar leiðir tvíhljóðaframburður til víxla í beygingarmynstri en eins og fjallað var um í kafla 4.5.3 birtist einhljóð oftar en ekki í beygingarmynstri orða þar sem munurinn á einhljóða- og tvíhljóðaframburði kemur fram. Þó að tvíhljóðaframburður komi fram í orðmyndinni *hagi* (nf.et.) lifir einhljóð góðu lífi í *haga*, *hagar*. Mögulega geta slík víxl talist „flóknari“ en mynstur þar sem sama hljóð kemur fram í öllum beygingarmyndum.

Valfrelsið gæti einnig fengið stuðning af þessum víxlum sem koma fram í beygingunni. Þau tryggja að þótt tvíhljóðaframburður hafi skotið nokkrum rótum er stöðugt minnt á einhljóðið. Birting einhljóðsins í einhverjum beygingarmyndum er meginreglan í orðum þar sem tvíhljóðaframburðurinn kemur fram. Ef til vill stuðla þessi „innri víxl“ milli einhljóðs og tvíhljóðs að varðveislu þeirra víxla sem felast í blönduðum framburði.

Seigla skaftfellsks einhljóðaframburðar í fámennu málsamfélagi leiðir því athyglina að málfræðilegri sérstöðu. Ólíkir málfræðilegir kraftar virðast togast á og ekki einboðið hvaða öfl eru sterkust. Einnig má spyrja hvort félagslegir kraftar hafi lagst á árarar með einhljóðaframburði í seinni tíð. Hefur umburðarlyndi gagnvart fjölbreytni í máli aukist á síðustu áratugum sem létti einhvers konar félagslegum þrýstingi af svæðisbundnu málfari? Slík viðhorfsbreyting átti sér stað í Noregi á ofanverðri 20. öld og leiddi til gjörbreyttrar stöðu mállýskna (sjá t.d. Sandøy 2011). Ekkert er fast í hendi um að viðhorf hérlendis gagnvart svæðisbundnum framburði almennt hafi þokast í þessa átt en greina má einhverjar vísbendingar í þá veru. Þannig kom til að mynda fram umburðarlyndi í garð flámælis í símaviðtölum sem ég tók árið 2013 (sjá kafla 3.6.3), en áður fyrr var það rækilega stimplað (sbr. kafla 3.6.2, einnig t.d. Kristján Árnason 2005:395, Kristján Árnason og Höskuld Þráinsson 2003:192–193). Sömuleiðis er líklegt að vestfirskur einhljóðaframburður hafi verið stimplaður, eins og nefnt var í kafla 3.6.4 (sjá einnig 2.3.4), en í seinni tíð eru dæmi um að brottfluttir Vestfirðingar hafi meðvitað tekið hann í meiri sátt en áður (sjá Daníel Þór Heimisson 2019:38, einnig Þóru Björk Hjartardóttur 1997). Loks má minna á að á 8. áratug 20. aldar fór að bera á viðhorfum fræðimanna um að umburðarlyndi gagnvart mismunandi málfari og málbreytingum væri nauðsynlegt. Þó að það beindist lítt að svæðisbundnum framburði má vera að slík viðhorf hafi almennt farið að skjóta rótum (sjá t.d. Jóhann S. Hannesson 1971, Jakob Benediktsson 1971, Gísli Pálsson 1979). Ein vísbending um það gæti falist í því að þó að hluti RÍN-kynslóðarinnar á fyrri hluta ævinnar hafi fylgt ungmennum eftir í þróun raddaðs framburðar og *hv*-framburðar rétt eins og Björnskynslóðin á sama æviskeiði var hlutfallið í báðum tilvikum lægra hjá RÍN-kynslóðinni (sjá *töflu 5-21*). Hafi slík viðhorfsbreyting átt sér stað má segja að skaftfellskur einhljóðaframburður gæti notið hennar umfram önnur svæðisbundin afbrigði. Málfræðilegir kraftar togast á, þeir styðja bæði við einhljóða- og tvíhljóðaframburð. Breyting viðhorfa í þessa veru leiðir til þess að þeir kraftar sem styðja við einhljóðaframburð fá stuðning af þeim félagslegu.



## 5.6.6 Niðurstöður og umræða

Athugunarefni og afrakstur þessa kafla er hægt að ræða frá ýmsum hliðum, út frá aldri fólks, stefnu ævibreytinga og málfræðilegum mun tilbrigðaparanna.

Með því að skoða tvö tímabil og um leið tvær kynslóðir á fyrri hluta ævinnar og bera ævibreytingar saman við þróun málsins hjá ólíkum kynslóðum ungmenna mátti álykta:

- Á fyrri hluta ævinnar er algengt að fólk breyti framburði sínum í sömu stefnu og sést þegar framburður ungmenna í tveimur og þremur rannsóknum er borinn saman.
- Þróun framburðar hjá ungmennum hefur þó ekki forspárgildi fyrir þróun framburðar hjá fullorðnu fólki.

Þróun á fyrri hluta ævinnar sýnir að í málkerfi margra helst sá möguleiki opinn fram á fullorðinsár að breyta því sem lærðist í æsku. Í ljósi þess að fjallað hefur verið um aldursbilið 18–25 ára sem nokkurs konar yfirfærsluskeið milli ungdóms og fullorðinsára og jafnframt að því samfara mætti vænta ævibreytinga sem síðan drægi úr er vert að halda því til haga að breytingar sjást ekki aðeins hjá þeim sem voru hvað yngstir í fyrri rannsókninni. Dæmi voru um að fólk sem var orðið 25–30 ára í RÍN hefði 30 árum síðar tileinkað sér umtalsvert ríkari óraddaðan framburð og *kv*-framburð. Það sama sást raunar hvað varðar óraddaðan framburð hjá fólki sem var á fertugsaldri í RÍN en það var undanskilið í athugun á málþróun eftir aldri til að fá betri samanburðarhóp við Björnskynslóðina á ólíkum aldurs skeiðum (sjá t.d. Bigham 2012:533, Brook o.fl. 2018:351–354, einnig Labov 2001:448).

Ævibreytingar á seinni hluta ævinnar var aðeins hægt að skoða hjá Björnskynslóðinni milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Þá voru þrjú svæðisbundin afbrigði í sókn í máli ungmenna. Undantekningin var skafftellskur einhljóðaframburður. Niðurstöður fyrir þessi þrjú tilbrigðapör voru á sömu lund:

- Á seinni hluta ævinnar hefur framburður nokkra tilhneigingu til að síga í átt til framburðar æskuáranna þó að það sé í andstæða stefnu við þróun framburðar hjá ungmennum.
- Stöðugleiki er þó ríkara einkenni á seinni hluta ævinnar.

Mörk milli fyrri og seinni hluta ævinnar voru dregin við fimmtugt eða þar um bil. Því vali réð einfaldlega sú staðreynd að í RÍN var Björnskynslóðin um fimmtugt. Eftir það var tiltölulega sjaldgæft að framburður stefndi í sömu átt og hjá ungmennum. Vera má að aldursmörkin liggja neðar, til dæmis að litlar breytingar verði eftir fertugt. Eins er mögulegt að einhvers konar aðlögunarhæfni dvíni smám saman með aldri, ekki sé dregin lína í sandinn við ákveðinn aldur. En þessi rannsókn bendir til lítillar aðlögunar að framburði ungmenna eftir fimmtugt. Vert er að geta þess að eftir tvær af þremur rannsóknum í Eskilstuna í Svíþjóð höfðu Nordberg og Sundgren (1999) einnig ályktað að breytingar yrðu frekar hjá fólki undir fimmtugu. Með því að rýna í umfjöllun um allar rannsóknirnar má sjá að í þeim sex manna hópi sem Sundgren (2019:151–163) rannsakaði þrisvar sinnum voru fjórir málhafar sem voru ungir í fyrstu rannsókninni (17–26 ára), nálægt fimmtugu í þeirri næstu og rosknir í þeirri síðustu (68–77 ára). Þeir eru því vel sambærilegir við Björnskynslóðina og þær þrjár rannsóknir sem hún tók þátt í. Tveir breyttu máli sínu tiltölulega lítið milli allra rannsókna. Hjá hinum tveimur var hins vegar þróunin í átt til

meiri staðalframburðar á milli fyrri rannsóknanna, þegar þeir voru undir fimmtugu. Það var í samræmi við þróun hjá ungmennum. Á milli seinni rannsóknanna, eftir fimmtugt, urðu mun minni breytingar og í báðum tilvikum í átt til minni staðalframburðar, andstætt þróun hjá ungmennum. Tveir málhafar voru eldri, um fertugt í fyrstu rannsókninni. Fram að sjötugu mældust þeir tiltölulega stöðugir en bættu í svæðisbundið mál eftir sjötugt. Því má segja að rannsókn Sundgren styðji þá ályktun að á seinni hluta ævinnar sé ógjarna að vænta ævibreytinga sem fela í sér sams konar þróun og hjá ungmennum (sjá Sundgren 2019:152, 154, einnig um fyrri rannsóknirnar hjá Sundgren 2002, 2004, 2009 og Sundgren, Buchstaller og Beaman 2021).

Þróun á seinni hluta ævinnar mætti tengja við stöðu fólks á málmarkaðnum, þ.e. að á þessu æviskeiði sé fólk búið að koma sér vel fyrir í lífinu og eigi lítið undir því að fylgja eftir straumum og stefnum (sjá kafla 2.3.2). Ekki er síður vert að líta til markaldurs fyrir máltöku eins og nefnt var í inngangi kaflans. Fram kom í kafla 2.5.3 að rannsóknir hafa leitt í ljós að hæfnin til að breyta máli sínu hverfur ekki á til að mynda unglingsárum, eða eins og Sankoff og Blondeau (2007:584) orðuðu það: „Change is dramatic in childhood, but it does not stop there.“ En hér eru vísbendingar um að þótt hæfnin til að tileinka sér nýjungar stoppi ekki á fullorðinsárum þá dali hún mjög á seinni hluta ævinnar. Hins vegar er það sem lærðist í æsku geymt en ekki gleymt. Það eru nýjungar sem mæta hindrun á seinni hluta ævinnar.

Á milli RÍN og RAUN komu fram tvö dæmi um að ævibreytingar óháð aldri einkenndust af afturhvarfi, þar sem eldra afbrigði, sem er á undanhaldi eða stöðugt í málsamfélaginu, sækir í sig veðrið. Þetta voru harðmæli og skaftfellskur einhljóðaframburður. Ástæða virðist til að gera greinarmun á afturhvarfi eftir því hvort það greinist í tiltölulega fáum tilvikum hjá eldra fólki og afturhvarfi sem megineinkenni ævibreytinga eins og í þessum tilvikum. Fólk á seinni hluta ævinnar virðist almennt hafa nokkra tilhneigingu til afturhvarfs en á hinn bóginn geta komið upp málfélagslegar aðstæður þar sem afturhvarf verður ríkjandi stefna ævibreytinga.

Leiddar voru líkur að því að þessar málfélagslegu aðstæður fælust í tilviki harðmælis í því að það hefði fest sig í sessi sem „skýrmæli“ og sækti sem slíkt í sig veðrið á fullorðinsárum. Þó að stefna ævibreytinga hjá skaftfellskum einhljóðaframburði væri í sömu átt á þessu tímabili, notkun hans jókst, var það þó ekki í andstæða stefnu við framburð ungmenna. Hann virðist standa í stað. Hér þótti vert að staldra við heildarmyndina af skaftfellskum einhljóðaframburði sem segja má að einkennist af sveiflum og breytileika. Vera má að sá breytileiki sem er „innbyggður“ í tvíhljóðaframburð, víxl milli einhljóðs og tvíhljóðs, stuðli að þessu ástandi. Fleiri kraftar eru þó væntanlega að verki í sókn einhljóðaframburðar hjá fullorðnum Skaftfellingum á seinni áratugum. Einn möguleiki er að viðhorf til svæðisbundins framburðar séu nú jákvæðari en áður þannig að „félagslegur þrýstingur“ sem hafi áður ýtt undir sókn tvíhljóðaframburðar hafi minnkað og þá fái þeir málfræðilegu kraftar sem styðja við einhljóðaframburð byr í seglin.

Ævibreytingar sem einkennast af afturhvarfi þarfnast frekari rannsókna þar sem aldur málfélagslegi væri skoðaður sérstaklega.

Raddaður framburður og *hv*-framburður virðast dæmi um að nokkur tilhneigning sé til afturhvarfs á seinni hluta ævinnar. Megineinkenni ævibreytinganna er þó að allmargir stefna í sömu

átt og ungmenni á fyrri hluta ævinnar en mikill meirihluti er stöðugur á seinni hluta hennar. Hins vegar er athyglisvert að þegar Björnskynslóðin var á fyrri hluta ævinnar bættu hlutfallslega fleiri í óraddaðan framburð en *kv*-framburð þó að sókn *kv*-framburðar væri sýnu kröftugri hjá ungmönnum (sbr. *töflu 5-19*). Í ljósi harðrar sóknar *kv*-framburðar hjá ungmönnum halda margir af Björnskynslóð *hv*-framburði stöðugum, 48,1%. Vísbendingar um það sama voru hjá RÍN-kynslóðinni á fyrri hluta ævinnar þó að þar væri heldur fáum Skaftfellingum til að dreifa, en 64,3% þeirra héldu framburðinum stöðugum. Ein möguleg skýring á þrautseigju *hv*-framburðar er að þarna gæti áhrifa frá tillögum um að hann yrði framburður allra landsmanna. Þau jákvæðu viðhorf sem í þessu fólust hafa þó ekki skilað sér til nútímans á sama hátt og eldri viðhorf til harðmælis. Því er eðlilegt að leita annarra skýringa á því af hverju fullorðið fólk virðist halda *hv*-framburði betur en rödduðum framburði þó að bæði afbrigðin séu á fallanda fæti í máli ungmenna.

Í þessu sambandi er vert að rifja upp að þessi tilbrigðapör eru eðlisólík. Málfræðilega er munurinn á *hv*- og *kv*-framburði tengdur orðasafninu. Í málkerfi málhafa sem tileinkaði sér hreinan *hv*-framburð er því að finna nafnorðið /(*gos*-)hver/, fornafnið /hver/ og nafnorðið /(*bókar*-)kver/. Sá sem tileinkaði sér blandaðan *hv*- og *kv*-framburð hefur í máli sínu tvímyndir fyrirnefndu orðanna og hefur því val um *hv*- eða *kv*-framburð. Í því felst að hann lærði þessa aðgreiningu, hann „veit“ hvaða orð „mega“ vera ýmist með [x] eða [k<sup>h</sup>v] og hvaða orð eru alltaf með [k<sup>h</sup>v].<sup>166</sup> Það breytir ekki því að blandað málumhverfi eins og það blasir við barni á máltökuskeiði er *hv*-framburði ekki hagfelld. Til þess að tileinka sér hann þarf það að átta sig á að það eru aðeins /(*gos*-)hver/ og fornafnið /hver/ sem eru ýmist með *hv*- eða *kv*-framburði, aldrei /(*bókar*-)kver/. Einfaldasta „lausnin“ er *kv*-framburður, málumhverfið sendir þau skilaboð að hann sé aldrei „rangur“ og þau verða sífellt skýrari eftir því sem *kv*-framburði vex ásmegin í málsamfélaginu. Í meistaraaritgerð minni varpaði ég fram þeirri hugmynd að þess sæi stað í niðurstöðum RÍN, þegar *hv*-framburður hafði hrunið hjá ungmönnum, að blöndun *hv*- og *kv*-framburðar hefði „verið komin yfir einhver mörk sem gerði þeim [börnum] erfiðara fyrir að túlka gögn sín öðruvísi en að tileinka sér *kv*-framburð að öllu eða miklu leyti“ (Margrét Guðmundsdóttir 2002:144).

Ævibreytingar benda hins vegar til þess að fullorðna fólk þúi að því sem það lærði í æsku. Aðgreining *hv*- og *kv*-orða verður ekki svo auðveldlega af þeim tekin sem lærðu hana á annað borð. Þó að hlutfall *kv*-framburðar fari vaxandi í umhverfinu með nýjum kynslóðum stökkva þeir fullorðnu ekki á vagninn í sama mæli og þeir sem ungir tileinkuðu sér raddaðan framburð.

Hjá ungmönnum sem alast upp við blöndu af rödduðum og órödduðum framburði er sá óraddaði líka einfaldasta lausnin. Þá eru allir hljómenndur, /l,m,n,r/, óraddaðir á undan /p,t,k/ og öngljóð sömuleiðis. Barn sem elst upp í blönduðu málumhverfi þarf að greina flóknar reglur um afröddun, þar sem allir hafa óraddað /r/ á undan /p,t,k/, en /l,m,n/ eru ýmist rödduð eða

<sup>166</sup> Þó er mögulegt að fólk sem tileinkaði sér *hv*-framburð, hreinan eða blandaðan, í blönduðu málumhverfi hafi aðeins tileinkað sér *kv*-mynd einstakra orða sem „ættu“ að vera í tveimur myndum, sbr. að ég og mitt fólk höfum aðeins myndina /kviklæstur/ (sjá kafla 5.4.5). En þó að blandaður *hv*- og *kv*-framburður kunni að vera orðbundinn að einhverju marki, þannig að málhafi segi til að mynda alltaf *hverfisteinn* með *hv*-framburði en *hviklæstur* með *kv*-framburði, eru skýr dæmi um að framburður sömu orða sé sitt á hvað milli rannsókna. Málhafi VZ61 sagði til dæmis *hverfisteinn* og *hvönn* með *hv*-framburði í rannsókn Björns, *kv*-framburði í RÍN en *hv*-framburði í RAUN. Orðin *hvirfill* og *hvað* bar hann fram með *hv*-framburði í fyrstu tveimur rannsóknunum en *kv*-framburði í þeirri síðustu.

órödduð, jafnvel í máli sama fólks, að ekki sé minnst á sérstakar og flóknar reglur um /lt/. Það er því að vonum að raddaður framburður hafi látið mjög undan með hverri nýrri kynslóð. En af hverju breyta líka svo margir fullorðnir rödduðum framburði sínum á fyrri hluta ævinnar? Af hverju halda þeir ekki álíka fast í það sem þeir tileinkuðu sér í æsku og þeir sem lærðu *hv*-framburð? Svárið gæti falist í muninum á því að breyta því sem býr í orðasafninu annars vegar og hljóðkerfisreglum hins vegar. Við getum bætt við orðasafnið alla ævi, með nýjum fyrirbærum koma ný orð, stundum fá gömul fyrirbæri nýtt heiti og gömul orð fá nýja merkingu. Ekkert af þessu ryður því sem fyrir var í orðasafninu úr vegi. Á sama hátt getur fólk bætt /(*gos*-)kver/ við orðasafnið á fullorðinsárum án þess að /(*gos*-)hver/ víki, rétt eins og landsmenn lærðu árið 2020 nýja merkingu orðsins /kóf/ án þess að sú gamla hyrfi.

Sá munur sem sést á breytingum á fullorðinsárum á *hv*-framburði annars vegar og rödduðum framburði hins vegar bendir til þess að það veganesti sem orðasafnið fékk á máltökuskeiði sé fastara fyrir en hljóðkerfisreglur sem þá lærðust. Þær virðast útsettari fyrir áhrifum frá málumhverfinu. Þetta sést ekki aðeins á þróun raddaðs framburðar. Á sóknarskeiði tvíhljóðaframburðar, milli rannsóknar Björns og RÍN, fylgdi fullorðið fólk því unga fast eftir.

Sé það rétt að hljóðkerfisreglur breytist frekar á fullorðinsárum fyrir áhrif frá málumhverfinu heldur en það sem býr í orðasafninu ætti þess að sjá stað hjá brottfluttum. Hjá Skaftfellingum sem flytja suður mætti búast við því að *hv*-framburður héldist betur en einhljóðaframburður og sömuleiðis að raddaður framburður léti mjög undan hjá Norðlendingum. Annað gæti gilt um harðmæli ef það er rétt að það lúti öðrum lögmálum þar sem félagslegt hlutverk vegi þungt. Þetta kemur í ljós í kafla 5.9 um málþróun hjá brottfluttum.

Sterkar vísbendingar sem hér hafa komið fram um að munur sé á málþróun á fyrri og seinni hluta ævinnar sýna að þörf er á frekari rannsóknum. Kanna þarf fleiri tilbrigðapör og fleiri hópa á seinni hluta ævinnar, en þó enn frekar á fyrri hluta ævinnar. Þetta er mikilvægt því að niðurstöðurnar gefa til kynna að vandasamt sé að beita sýndartímasamanburði til að sjá þróun málbreytinga. Þar væri hefðbundið að túlka háa tíðni nýjungar í máli ungmenna samanborið við fólk á miðjum aldri þannig að nýjungin væri í sókn. Því meiri munur, þeim mun kröftugri sókn. En breytingar á máli fullorðna fólksins frá því að það var ungt lúta sínum eigin lögmálum. Breytingar á lífsleiðinni verða ekki fangaðar nema með rauntímasamanburði og því áréttar niðurstaða kaflans mikilvægi hans.

Hæfni málnotenda – eða málkerfisins sem þeir búa yfir – til að tileinka sér nýjungar gæti samkvæmt þessari rannsókn verið takmörk sett í tíma. Henni lýkur ekki á unglingsárum eins og Lenneberg (1967:158–159 og víðar) hélt fram og það er ekki einfaldlega þannig að málnotendur breyti máli sínu yfir æviskeiðið eins og Sankoff og Blondeau (2007:563) sögðu. Hér eru fram komnar vísbendingar, sem vert er að prófa í fleiri rannsóknum, um að einhvers staðar í kringum miðja ævi verði skil, stöðugleiki og nokkur tilhneiging til afturhvarfs til framburðar æskuáranna taki við af virkri þátttöku í yfirstandandi málbreytingum eins og þær birtast í máli ungmenna. Í næsta kafla verður hugað að annars konar hæfni málkerfisins til breytinga og spurt hvort málnotendur geti tileinkað sér nýja reglu í áföngum á fullorðinsárum.

## 5.7 Hljóðasambönd

### 5.7.1 Inngangur

Í athugun á þróun raddaðs framburðar í 4. kafla var nokkrum hljóðasamböndum steipt saman þegar einkunnir voru reiknaðar. Í samræmi við aðferð Björns Guðfinnssonar var /lt/ sleppt, en ekki síður vegna þess að svo virðist sem rannsókn hans hafi verið ónákvæm hvað þetta hljóðasamband varðar á hluta röddunarsvæðisins. Það var því ekki mögulegt að hafa /lt/ með í athugun á þróun raddaðs framburðar milli rannsóknar Björns og RÍN þegar allt meginsvæði framburðarins var undir. Við könnun á framhaldi þróunarinnar hér að framan (sjá kafla 5.3.2.4) var þessum hætti haldið. Í 4. kafla var þó litið lauslega á þróun einstakra hljóðasambanda í Eyja-fjarðarsýslu (sjá *myndrit 4-8*) og gefin fyrirheit um nánari athugun sem nú er komið að. Viðfangsefnið skiptist í meginatriðum í tvennt eins og nú verður gerð grein fyrir.

Í fyrsta lagi má með nokkrum rétti segja að það hafi verið galli á athugunum á þróun raddaðs framburðar hér að framan að undanskilja /lt/. Raddað /lt/ hefur vissulega sérstöðu. Ýmsar orðmyndir eru aldrei bornar fram með [lt<sup>h</sup>] og þar sem raddað /l/ á annað borð kemur til greina er tíðni þess lægri en í öðrum hljóðasamböndum. Þrátt fyrir það er [lt<sup>h</sup>]-framburður tvímælalaust hluti af rödduðum framburði. Því er vert að kanna, eftir því sem hægt er, hverju það hefði breytt að hafa /lt/ með í athugunum á þróun hans. Það er gert í kafla 5.7.2.

Í öðru lagi hefur ítrekað komið fram að munur er á tíðni röddunar og sókn óraddaðs framburðar eftir hljóðasamböndum (sjá Höskuld Þráinsson 1980, Kristján Árnason 2005:375, einnig *myndrit 4-8* hér að framan). Til þessa hafa þó slíkar upplýsingar byggst á meðaltölum hópa en fróðlegt er að kanna þennan mun nákvæmlega með rauntímasamanburði, þ.e. með því að bera saman hópa sem tóku þátt í fleiri en einni rannsókn og innihalda sömu málhafa. Felst sókn óraddaðs framburðar alla jafna í því að röddunin láti mismikið undan eftir hljóðasamböndum samkvæmt kerfisbundnu ferli? Svárið getur í senn gefið nákvæmari upplýsingar um sókn óraddaðs framburðar og um eðli ævibreytinga. Getur regla sem lærðist á máltökuskeiði og er hluti af málkerfinu tekið breytingum í áföngum á fullorðinsárum? Um þetta snýst kafli 5.7.3.


Þó að þessi viðfangsefni snúist í báðum tilvikum um /lt/ eru þau nokkuð ólík og því eru niðurstöður og umræða fléttuð inn í hvorn kafla fyrir sig.

### 5.7.2 Með og án /lt/

Hér að framan, bæði í 4. og 5. kafla, var einkunn fyrir raddaðan framburð byggð á framburði orða með hljóðasamböndunum /ðk/, /m,n/ + /p,t,k/ og /l/ + /p,k/.<sup>167</sup> Ljóst er að einkunnir hefðu verið lægri ef /lt/ hefði ekki verið undanskilið. Hér verður gerð tilraun til að meta hversu mikill munurinn hefði verið og hvort líklegt sé að heildarmynd af þróun raddaðs framburðar hefði orðið önnur með því að steypa saman fjórum breytum í stað þriggja?

<sup>167</sup> Sá munur var á aðferðum að í 4. kafla var unnið með stórt úrtak og stuðst við upprunaleg talnagögn frá RÍN-rannsókninni. Þau buðu ekki upp á annan kost til að finna einkunn fyrir raddaðan framburð en leggja saman einkunnir fyrir þessar þrjár breytur og deila í með þremur. Á bak við breyturnar gátu verið mismörg dæmaorð. Í 5. kafla er úrtakið minna en búið að vinna RÍN-gögnin upp á nýtt þannig að í einkunnunum fyrir raddaðan framburð hafa öll dæmaorð sama vægi.

Í lok kaflans *Hvað gerðist næst?* voru niðurstöður um þróun raddaðs framburðar hjá RAUN-úrtakinu sýndar á myndrænan hátt (sjá myndrit 5-2). Nú er spurt: Hverjar hefðu einkunnirnar verið ef /lt/ hefði verið tekið með í reikninginn? Spurningunni er hægt að svara misítarlega eftir rannsóknum og kynslóðum. Þar sem RAUN-úrtak Björnskynslóðarinnar hefur að geyma málhafa úr Þingeyjarsýslum, þar sem ekki liggja fyrir áreiðanlegar upplýsingar um tíðni [lt<sup>h</sup>]-framburðar í rannsókn Björns, er Björnskynslóðin á myndriti 5-16 aðeins frá Eyjafjarðarsvæðinu, þ.e. Akureyri og Eyjafjarðarsýslu (30 málhafar). Ekki skortir hins vegar upplýsingar um /lt/ hjá RÍN-kynslóð Þingeyinga og því er úrtakið það sama og áður, frá Eyjafjarðarsvæðinu og Suður-Þingeyjarsýslu (36 málhafar). Ungmennni eru frá hluta Eyjafjarðarsvæðisins og sleppt er samanburði við fyrri rannsóknir með öðru úrtaki og aðferðum. Einkunnir eru reiknaðar þannig að hvert dæmaorð fái sama vægi, annars vegar án /lt/ (dekkri litir) og hins vegar með /lt/ (ljósari litir).



Myndrit 5-16: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir með og án /lt/ hjá þremur aldurshópum sem tóku þátt í tveimur og þremur rannsóknum, BG (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Einnig er sýnd meðaleinkunn í einni rannsókn (2015) hjá ungmennum nútímans.

Á myndritinu sést vel að með því að taka tillit til /lt/ þegar einkunnir fyrir raddaðan framburð voru reiknaðar hefðu allar meðaleinkunnir lækkað nokkuð (mest um tæplega 10). Minnstur er munurinn hjá ungmennum þannig að punktarnir falla næstum saman. Hjá þeim brá ekki fyrir rödduðu /lt/ en þar sem einkunnir fyrir önnur hljóðasambönd eru einnig mjög lágar skiptir það ekki sköpum. Hjá öðrum hópum má segja að með því að taka tillit til /lt/ lækki allar meðaleinkunnir álíka mikið. Þar sem lækkunin er svipuð tekur myndritið af öll tvímæli um að sú heildarmynd af þróun raddaðs framburðar byggð á RAUN-úrtakinu sem dregin hefur verið upp hér að framan hefði ekki orðið önnur að öðru leyti þó að /lt/ hefði verið tekið með í reikninginn.

## 5.7.3 Þróun einstakra hljóðasambanda

Allar athuganir á mismunandi stöðu eða þróun raddaðs framburðar eftir hljóðasamböndum benda til þess að sókn óraddaðs framburðar leggist misþungt á þau. Þannig sýndi rannsókn Björns að tíðni raddaðs /lt/, í þeim orðum og orðgerðum þar sem það getur komið fyrir, var lægri en tíðni röddunar í hinum hljóðasamböndunum. Á þeim var ekki mikill munur en tíðni raddaðs framburðar þó hæst hjá /ðk/, í kjölfarið fylgdi /m,n/ + /p,t,k/ og /l/ + /p,k/ rak lestina (sjá Margréti Guðmundsdóttur 2018:172–173). Á myndritum hjá Kristjáni Árnasyni (2005:375, sjá einnig *myndrit 4-8*) kemur fram sama röð hljóðasambandanna í RÍN en um leið breiðara bil á milli þeirra, mikill munur var á /m,n/ + /p,t,k/ annars vegar og /l/ + /p,k/ hins vegar.

Út frá þessu má álykta að sókn óraddaðs framburðar hafi fyrst herjað á /lt/ en önnur hljóðasambönd fylgt í kjölfarið, þó í mismiklum mæli og án þess að /lt/ tapaði forystu sinni. Þetta rímar vel við tilgátu Höskuldar Þráinssonar (1980) um að óraddaður framburður sækir á í nokkrum þrepum sem feli í sér einföldunarferli. Hann gekk út frá því að í máli fólks með óraddaðan framburð væri afröddunarregla sem næði til hljómena, þ.e. /l,m,n,r/, á undan /p,t,k/. Þetta má segja að sé í grunninn klassísk lýsing á órödduðum framburði þó að formleg lýsing og hugmyndir um virkar reglur, ferla eða hömlur að verki geti verið af ýmsu tagi (sjá t.d. umræðu hjá Kristjáni Árnasyni 2005:88–99). Í hefðbundinni generatífri greiningu er þá gert ráð fyrir því að þeir sem nota raddaðan framburð hafi slíka reglu en þó þannig að hún nái aðeins til /r/ á undan /p,t,k/ (sbr. *vertu*) og sömuleiðis til /lt/ en að misjöfnu marki. Sumir hafa [lt<sup>h</sup>]-framburð í ákveðnum orðum, til dæmis *gult*, *álft*, en aðrir hafa alfarið óraddað /lt/. Hins vegar undanskilur reglan nefhljóðin, /m,n/, í hreinum rödduðum framburði. Það má því segja að í rödduðum framburði standi /l/ á milli annars vegar /r/ og hins vegar /m,n/ sem kemur ágætlega heim og saman við þáttgreiningu þessara hljóða. Samkvæmt henni eiga /l,r/ það sameiginlegt að vera [-nefkeðið], þ.e. þau eru ekki nefhljóð, en /l,m,n/ eru [-samfelld], andstætt /r/ (sjá Ástu Svavarsdóttur 1984). Þáttgreiningin spáir því þannig að stundum eigi /l/ samleið með nefhljóðunum og stundum með /r/.


Einföldunartilgáta Höskuldar fól í sér að með sókn óraddaðs framburðar viki raddað /lt/ fyrst, enda væru reglur um það flóknastar, síðan /l/ + /p,k/ þar sem það fæli í sér einföldun að leggja af aðgreiningu /l/ eftir því hvert af lokhljóðunum /p,t,k/ færi á eftir. Þegar þar er komið sögu eru hljómendur aðrir en nefhljóð, þ.e. /l,r/, óraddaðir á undan /p,t,k/. Þriðja stigið er þá afröddun nefhljóðanna á undan /p,t,k/, auk þess sem afröddun /ðk/ felur í sér að bæði hljómendur og öngljóð séu órödduð í þessu umhverfi.

Segja má að tilgáta Höskuldar hafi falið í sér almenna lýsingu á sókn óraddaðs framburðar. Hann fjallaði ekki um það sérstaklega hvort slíkt einföldunarferli ætti sér stað við máltileinkun nýrra kynslóða, yfir æviskeiðið eða hvort tveggja. RAUN-úrtak Björnskynslóðarinnar frá Eyjafjarðarsvæðinu gefur tækifæri til að skoða einstaklingsbundna þróun á fullorðinsárum. Eins og fram hefur komið urðu mun meiri breytingar á rödduðum framburði á fyrri hluta ævinnar hjá Björnskynslóðinni, þ.e. milli rannsókna Björns og RÍN. Því verður einblínt á þann hluta æviskeiðsins og spurt: Er það svo þegar óraddaður framburður sækir á hjá fullorðnu fólki að

raddað /lt/ víki almennt fyrst og mest og önnur hljóðasambönd fylgi í „réttri röð“ í kjölfarið eða er mikill munur milli einstaklinga?

RAUN-úrtak Björnskynslóðarinnar hefur að geyma 30 málhafa af Eyjafjarðarsvæðinu en fjórir þeirra höfðu þegar í rannsókn Björns tileinkað sér hreinan eða nánast hreinan óraddaðan framburð. Þeir segja því enga sögu um afröddunarferli þannig að eftir standa 26 málhafar. Allir notuðu þeir raddaðan framburð að einhverju marki á öllum hljóðasamböndunum í rannsókn Björns.

Einungis fimm málhafar í þessum hópi höfðu raddað /lt/ í öllum orðum þar sem þess mátti vænta. Flestir, 20 málhafar, höfðu hins vegar hreinan raddaðan framburð að öðru leyti. Því kemur ekki á óvart að einkunn fyrir /lt/ var langlægst. Þetta sést á myndriti 5-17 sem sýnir meðaleinkunnir þess 26 manna úrtaks sem hér er til athugunar. Þar sýna bláu súlurnar einkunnir í rannsókn Björns og sú sem stendur fyrir /lt/ er lægst. Í RÍN hafa allar einkunnir lækkað en þó dregið saman með /lt/ og /l/ + /p,k/.



Myndrit 5-17: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir eftir hljóðasamböndum hjá 26 manna úrtaki af Björnskynslóð sem tók þátt í rannsókn Björns (1940+) og RÍN (1980+).


Svo er að sjá sem afröddunarferlið hjá þessum hópi hafi byrjað á /lt/, en frá rannsókn Björns og fram að RÍN taki við kröftug sókn óraddaðs framburðar sem sækir harðast að /l/ + /p,k/. Þar er mestur munur á milli rannsóknanna. Ef tilgátan um einföldun afröddunarreglunnar stig af stigi á að gilda um breytingar yfir æviskeiðið, sem eins og áður sagði kom ekki skýrt fram hjá Höskuldi, virðist við fyrstu sýn sem hún fái hér takmarkaðan stuðning.<sup>168</sup> Eða hvað?

Með því að rýna nánar í þróun milli rannsóknar Björns og RÍN hjá einstökum málhöfum í þessu 26 manna úrtaki má sjá að það er hluti úrtaksins sem veldur því að svo mjög dregur saman með einkunnum fyrir /lt/ og /l/ + /p,k/ eins og myndrit 5-17 gefur til kynna. Um er að ræða 11 málhafa sem hafa um margt ólíkan framburð eftir hljóðasamböndum í RÍN. Einkunn fyrir /m,n/ er til að mynda allt frá 110 til 200 og einkunnir fyrir /l/ + /p,k/ og /lt/ spanna álíka breitt bil. Þessir málhafar eiga það hins vegar sameiginlegt að tileinka sér (aukinn) óraddaðan framburð

<sup>168</sup> Minna má á að um 40 ár liðu milli rannsóknanna. Ef til vill hefðu upplýsingar frá miðju tímabilinu dregið fram meiri mun á /l/ + /p,k/ og /lt/ og stígbundin þróun því verið líkari því sem Höskuldur spáði. Því verður ekki svarað héðan af.



með því að skilja nokkuð skýrt á milli nefhljóðanna annars vegar og /l/ hins vegar. Það forystuhlutverk sem /lt/ hafði í rannsókn Björns færist því yfir á /l/ óháð því hvort á eftir fer /t/ eða /p,k/. Hjá sjö málhöfum kveður svo rammt að þessu að rödduðum framburði á /l/ bregður ekki fyrir. Meðaleinkunnir eftir hljóðasamböndum hjá þessum hluta úrtaksins (11 málhöfum) koma fram á myndriti 5-18.




Myndrit 5-18: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir eftir hljóðasamböndum hjá 11 málhöfum af Björnskyngslóð sem tóku þátt í rannsókn Björns (1940+) og RÍN (1980+).

Á myndriti 5-19, á næstu blaðsíðu, hafa verið valin fimm dæmi um málhafa úr þessum 11 manna hópi. Efri hlutinn sýnir fjórar dökkar súlur sem endurspeglar einkunnir fyrir einstök hljóðasambönd í rannsókn Björns. Neðri hlutinn sýnir bæði málhafa og hljóðasambönd í sömu röð og samræmi er milli lita, til dæmis þannig að dökkgrænn litur stendur fyrir /l/ + /p,k/ í rannsókn Björns en ljósgrænn fyrir sama hljóðasamband í RÍN.<sup>169</sup>


Þó að myndritið sýni að í RÍN eru komin skörp skil milli /l/ og annarra hljóða má hafa í huga að 40 ár liðu milli rannsóknanna. Því er mögulegt að málhafarnir hafi gengið í gegnum ferli sem einkenndist af því að hljóðasamböndin létu undan stig af stigi en í RÍN hafi /l/ + /p,k/ og /lt/ einfaldlega verið komin á eða nálægt „endastöð“. Tveir fyrstu málhafarnir á myndritinu, A182 og A203, gætu verið af því tagi. Í RÍN fá þeir báðir einkunnina 100 fyrir /l/ + /p,k/ og /lt/ en hugsanlega hefði mælst munur á þessum hljóðasamböndum 20 árum fyrr. Málhafi A201 er hins vegar dæmi um að raddað /l/ geti horfið án þess að /m,n/ haggist og málhafi A156 sýnir miklar sviptingar hjá /l/ en nokkuð stöðugt /m,n/. Hjá þessum tveimur málhöfum má segja að afröddunarferlið sé nokkurs konar tilbrigði við tilgátu Höskuldar. Það virðist hafa hafist með /lt/ en hin hljóðasamböndin fylgja ekki eftir jafnt og þétt. Þeirri einföldun afröddunarreglunnar sem felst í því að setja hljómendur aðra en nefhljóð, þ.e. /l,r/, undir sama hatt lýkur að mestu áður en næsta stig hefst að ráði.

<sup>169</sup> Eins og fram hefur komið vísa auðkenni málhafanna (t.d. A182) til gagnasafns RÍN og RAUN þar sem málhafar eru skráðir á þennan hátt.



Myndrit 5-19: Raddaður og óraddaður framburður: Dæmi um þróun eftir hljóðasamböndum milli BG (1940+) og RÍN (1980+) hjá fimm málhöfum sem eiga það sameiginlegt að afröddun /l/ skilji sig frá afröddun /m,n/.


Annar hópur, níu málfarar, leitast ekki við að útrýma rödduðu /l/ svo mjög umfram /m,n/ eins og hópurinn hér á undan. Lýsa má afröddunarferlinu sem stígbundnu því að hjá öllum þessum málhöfum lætur /lt/ fyrst undan, hjá flestum hefur /l/ + /p,k/ fylgt í kjölfarið í RÍN og síðan /m,n/ án þess að skörp skil myndist. Myndrit 5-20 sýnir meðaleinkunnir þessa níu málfara hóps.



Myndrit 5-20: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir eftir hljóðasamböndum hjá níu málhöfum af Björns kynslóð með stígbundið afröddunarferli milli rannsóknar Björns (1940+) og RÍN (1980+).

Hér hefur afröddun sem í flestum tilvikum náði aðeins til /l/ í rannsókn Björns herjað á hljóðasamböndin eitt af öðru og birtist sem stíglækkandi tíðni röddunar en ekki afgerandi munur á nefhljóðum og /l/ eins og sást á myndriti 5-18.


Fimm málhafar eru teknir sem dæmi á myndriti 5-21. Sá fyrsti, A23, notaði ríkulegastan óraddaðan framburð í rannsókn Björns og „tröppugangur“ afröddunarferlisins er skýr. Hjá málhöfum A29 og A208 er slíkt mynstur komið fram í RÍN. Málhafi A96 heldur enn alfarið rödduðum nefhljóðum í RÍN og með því að telja hann til þessa hóps má segja að því sé spáð að fljótlega komi röðin að þeim. Það sama gildir um málhafa A218 sem talinn er á „fyrsta stigi“ því að afröddun nær aðeins til /l/.



Myndrit 5-21: Raddaður og óraddaður framburður: Dæmi um þróun eftir hljóðasamböndum milli BG (1940+) og RÍN (1980+) hjá fimm málhöfum sem eiga það sameiginlegt að afröddunarferlinu má lýsa sem stigbundinni þróun.

Hér hafa verið tíndir til 20 málhafar af 26 (76,9%) sem falla vel að tilgátunni um að til-einkun óraddaðs framburðar felist í ferli þar sem afröddunarreglan er einfölduð smám saman. Það sem skilur á milli tveggja hópa er að sumir beina einfölduninni einkum að þeim flækjum sem /l/ skapar en hjá öðrum dregur því meira úr tíðni röddunar eftir hljóðasamböndum sem reglur um hana eru flóknari. Eftir standa sex málhafar sem falla síður að tilgátunni. Í RÍN fær þó enginn þeirra lægri einkunn fyrir nefhljóðin heldur en /l/. Þróunin er því aðeins að nokkru leyti óreglulegri og má segja að þessir sex málhafar myndi þrjú pör eins og sést myndriti 5-22 á næstu blaðsíðu. Hjá þeim fyrstu er einkunn fyrir /l/ + /p,k/ lægri en einkunn fyrir /l/ í RÍN.

Hjá næstu tveimur málhöfum fylgjast hins vegar /l/ + /p,k/ og nefhljóðin að en eins og fyrr var nefnt liðu 40 ár milli rannsókna og því má vera að á einhverju stigi hafi verið munur á þessum hljóðasamböndum. Lestina reka tveir málhafar þar sem einkunn fyrir /lt/ hækkar milli rannsókna þannig að þeir nota alfarið raddaðan framburð í RÍN.



Myndrit 5-22: Raddaður og óraddaður framburður: Þróun milli BG (1940+) og RÍN (1980+) hjá sex málhöfum sem ríma ekki vel við tilgátuna um að afröddunarferlið felist í stigbundinni einföldun.

Þrátt fyrir þessar undantekningar er óhætt að segja að hér hafi komið fram sú meginregla í þróun raddaðs framburðar hjá fullorðnu fólki milli rannsóknar Björns og RÍN að afröddunarferlið felist í einföldun sem beinist fyrst að flóknustu hlutum afröddunarreglunnar.<sup>170</sup>

Hægt er að skoða afröddunarferlið milli RÍN og RAUN á sama hátt hjá 20 Eyfirðingum af RÍN-kynslóð. Hjá fimm þeirra (25%) reyndist þróunin óregluleg og aðeins að hluta eða ekki ríma við tilgátuna um að afröddunarferlið felist í stigbundinni einföldun. Líkt og hjá Björns-kynslóðinni fellur hins vegar meirihluti þessara málhafa, 15 (75%), í hópana tvo sem annars vegar skilja skýrt á milli nefhljóðanna og annarra hlómenda og hins vegar draga stigbundið úr tíðni röddunar eftir hljóðasamböndum. Hér verður látið duga að draga upp þessar meginlínur hjá RÍN-kynslóðinni.

<sup>170</sup> Hér hefur „flækjustigið“ verið greint á sama hátt og Höskuldur Þráinsson gerði í grein sinni 1980 og tilgáta hans prófuð með því að rýna í þróun hjá einstaklingum. Hægt væri að glíma við spurninguna um hvað sé einfalt eða flókið á fleiri vegu. Til dæmis hafa /l/ og /t/ sama myndunarstað (tennur/tannberg) en ekki /l/ og /p,k/ þannig að fyrra parið hefur skyldari hljóð. Samlögum þeirra hvað röddun varðar gæti því talist eðlilegri eða einfaldari.

Að lokinni þessari yfirferð er rétt að rifja upp tilgátuna sem var prófuð. Í henni felst að reglur um röddun /t/ séu flóknastar og það láti fyrst undan. Eftir standi þá flóknar reglur um /l/ og næsta skref feli því í sér að leggja einnig af raddað /l/ + /p,k/. Þar með eru hljómendurnir /l,r/ óraddaðir á undan /p,t,k/ en nefhljóð rödduð. Þriðja stigið felur í sér afröddun nefhljóðanna í þessari stöðu. Með afröddun /ðk/ er síðan raddaður framburður úr sögunni, þá eru bæði hljómendur og önghljóð örödduð á undan /p,t,k/.

Af alls 46 málhöfum af Björns- og RÍN-kynslóð mátti greina þróun sem styður tilgátuna hjá 35 málhöfum (76,1%) sem þó skiptast í þá tvo hópa sem lýst var hér að framan. Þróun hjá 11 málhöfum (23,9%) studdi tilgátuna síður. Fæstir gengu þó skýrt gegn henni. Þannig var til að mynda einkunn fyrir nefhljóðin hærri en einkunn fyrir /l/ í flestum tilvikum. Eins og minnt hefur verið á er vert að hafa í huga að þar sem 30 og 40 ár liðu milli rannsókna er að minnsta kosti í sumum þessum tilvikum mögulegt að þær hafi ekki fangað öll stig í afröddunarferlinu.

Á heildina litið fær tilgátan því góðan stuðning af þessu úrtaki. Um er að ræða ævibreytingar sem urðu á tímasteiðum þar sem óraddaður framburður var í sókn í norðlensku mál-samfélagi. Það sést með því að bera saman framburð ungmenna í rannsóknunum þremur, sbr. *myndrit 5-2 og 5-16*. Fullorðið fólk á fyrri hluta ævinnar hefur tekið þátt í þessari þróun líkt og fjallað var um í kafla 5.6 og því er ljóst að málkerfið býr yfir slíkum sveigjanleika. Það er ekki svo að „whatever is in place by puberty is what we are “stuck with”“ eins og Anderson og Lightfoot (2002:209) héldu fram heldur höfðu Sankoff og Blondeau (2007:584) rétt fyrir sér þegar þær ályktuðu: „... our results lead us to believe that adults’ abstract phonological systems at age thirty, or forty, or fifty are different from what they were in childhood or at puberty“. Ekki nóg með það heldur hefur framangreind athugun á afröddunarferlinu leitt í ljós að slíkar breytingar á hljóðkerfinu geta falist í því að flókin regla sé einfölduð á kerfisbundinn hátt. Regla sem tók á sig mynd á máltökuskeiði getur breyst í áföngum á fullorðinsárum.

## 5.8 Kyn

### 5.8.1 Inngangur

Í þessum kafla verður rifjað upp hvernig einstök tilbrigðapör þróuðust eftir tímabilum og aldurs-hópum og skoðað hvort greina megir mun eftir kynjum. Rannsóknir og tilgátur um slíkan mun voru til umfjöllunar í kafla 2.3.3 og þar kom meðal annars fram að karlar væru iðulega fastheldnari á staðbundin afbrigði og konur oft í fararbroddi þegar málbreytingar sækja fram (sjá t.d. Milroy (Lesley) 1987:112–113, Milroy og Milroy 1997:55, Labov 1990:210–215). Á tímabilinu milli rannsóknar Björns og RÍN létu öll landshlutabundnu afbrigðin sem hér eru til umfjöllunar undan, sem segja má að hafi verið viðbúin þróun. Framburður meirihluta landsmanna sótti á Forystuhlutverk kvenna kæmi því ekki á óvart á þessu skeiði. Á hinn bóginn hafa rannsóknir leitt í ljós tilhneigingu kvenna til að nota afbrigði sem njóta virðingar og tilheyra staðalmálinu (sjá Labov 1990:210–213). Viðleitni til að stýra framburði og stuðla að samræmingu, sem hæst bar um miðja 20. öld (sjá kafla 3.6.2), fól einmitt í sér að reynt var að breiða út og auka veg

sumra svæðisbundinna afbrigða. Því má segja að konur þurfi að „gera upp á milli“ þess að taka upp nýjung eða halda í það sem nýtur virðingar. Af því leiðir að ekki er í öllum tilvikum rakið að spá því að konur hafi leitt þróunina milli rannsóknar Björns (1940+) og RÍN (1980+).

Á milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+) þróast landshlutabundnu afbrigðin með ýmsu móti. Spá um forystuhlutverk annars hvors kynsins gæti í sumum tilvikum verið á hvorn veginn sem er. Það gildir sérstaklega um harðmæli þar sem nýlegar rannsóknir benda til þess að viðhorf til þess séu einkar jákvæð, ólíkt hinum landshlutabundnu afbrigðunum (sjá t.d. kafla 3.6.3.4). Umfjöllunin hefst því á harðmæli og línsmæli en síðan segir af rödduðum og órödduðum fram-  
burði, þá skafffellsku afbrigðunum. Hver kafli er fyrst og fremst lýsing á því hvort kynjamunur kemur fram en í lokin verður heildarmyndin dregin saman.

### 5.8.2 Harðmæli og línsmæli


Norðanlands sótti línsmæli marktækt á milli rannsóknar Björns (1940+) og RÍN (1980+). Þetta kom fram í kafla 4.2.3 þar sem undir var allt úrtakið í rannsókn Björns og RÍN á stóru svæði og sömuleiðis þegar athugunin var afmörkuð við RAUN-úrtakið hér að framan (sjá *töflu 5-8, myndrit 5-1 og 5-5*). Í dálkinum sem sýnir meðaleinkunnir í RÍN í *töflu 5-24* sést að konur fá í öllum tilvikum lægri einkunn en karlar og tölfræðilega marktækur munur er á kynjunum hjá úrtaki Norðlendinga í heild, konur notuðu línsmæli frekar en karlar (sbr. „Báðar kynslóðir“). Hér á eftir verður svo fjallað um aðrar upplýsingar sem fram koma í töflunni en nánari upplýsingar um marktækniþróf eru í aftanmálgrein.<sup>A-28</sup>

	BG		RÍN		RAUN		p: BG-RÍN		p: RÍN-RAUN	
	kk.	kv.	kk.	kv.	kk.	kv.	kk.	kv.	kk.	kv.
<b>Björnskynslóð</b>	197,9		189,5		194,7		0,001		0,005	
	199,7	196,7	192,5	187,5	197,2	193,0	0,000	0,030	0,000	0,063
<b>p (kk. vs. kv.)</b>	0,438		0,053		0,193					
<b>RÍN-kynslóð</b>			193,0		195,1				0,122	
			194,2	191,9	196,3	194,0			0,188	0,344
<b>p (kk. vs. kv.)</b>			0,326		0,515					
<b>Báðar kynslóðir</b>			191,0		194,9				0,001	
			193,3	189,3	196,8	193,4			0,001	0,035
<b>p (kk. vs. kv.)</b>			0,025		0,106					
<b>Ungmenn 2015</b>					145,0	136,9				
<b>p (kk. vs. kv.)</b>					0,311					

Tafla 5-24: Harðmæli og línsmæli: Meðaleinkunnir RAUN-úrtaks hjá körlum og konum í rannsókn Björns (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+).


Á myndriti 5-23 sést að hjá Björnskynslóðinni felst munur á þróun harðmælis hjá körlum og konum milli rannsóknar Björns og RÍN annars vegar í því að í seinni rannsókninni fá hlutfallslega

fleiri karlar mjög háa einkunn, einungis fjórir (21,1%) fá undir 190 en það gera 13 konur (44,8%) og hins vegar eru nokkur dæmi um að konur nálgist það að nota harðmæli og línsmæli til jafns. Enginn karl tileinkar sér línsmæli í svo ríkum mæli.



Myndrit 5-23: Harðmæli og línsmæli: Þróun milli rannsóknar Björns (1940+) og RÍN (1980+) hjá körlum og konum af Björnskýnslóð.

Þar sem munur á kynjunum er tölfræðilega marktækur hjá úrtakinu í heild í RÍN má álykta að konur hafi leitt sókn línsmælis milli rannsóknar Björns og RÍN. Í framhaldinu, milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+), varð hins vegar viðsnúningur hjá fullorðnu fólki, einkunnir hækkuðu. Þetta sést með því að bera saman dálkana RÍN og RAUN í töflu 5-24 og þar kemur einnig fram að eftir þennan viðsnúning er ekki marktækur munur á meðaleinkunnum kynjanna í RAUN eins og var í RÍN. Þó má greina mun þegar litið er til þess að einkunnin hækkar marktækt hjá körlum af Björnskýnslóð en ekki konum. Karlar virðast því eiga heldur stærri þátt í viðsnúningnum og á myndriti 5-24 má greina tvær konur, hvora af sinni kynslóð, sem skera sig úr fyrir það að auka notkun línsmælis milli rannsóknanna.



Myndrit 5-24: Harðmæli og línsmæli: Þróun milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+) hjá körlum og konum.

Með því að draga fram einstaklingsbundna þróun á þennan hátt sést að meðal beggja kynja er almenn tilhneiging til að auka notkun harðmælis milli RÍN og RAUN.

Samkvæmt þessari athugun virðist sókn línælis á kjarnasvæði harðmælis milli rannsóknar Björns og RÍN hafa verið leidd af konum. Það er í samræmi við niðurstöður Björns sem fann ýmis merki um að stúlkur notuðu línæli frekar en drengir. Það gildi í Reykjavík, á kjarnasvæðinu og flestum blendingssvæðum (sjá Björn Guðfinnsson 1946:161, 213, 216, 217, 219, 222). Afturhvarf til harðmælis milli RÍN og RAUN, þ.e. aukin notkun harðmælis hjá fullorðnu fólki, varð á hinn bóginn hjá bæði körlum og konum þó að í hópi kvenna fyndust tvær undantekningar frá hinni almennu tilhneingingu. Ef til vill endurspeglar það einhvers konar átök milli hinnar kynslóðabundnu breytingar sem hélt áfram á þessu skeiði samkvæmt framburði ungmenna og félagslegra krafta sem hafa gagnstæð áhrif á ævibreytingar. Fullorðnir málfarar standa því frammi fyrir tveimur ólíkum kröftum sem toga hvor í sína átt og þessar tvær konur „velja“ að fylgja ungmennum að málum.

### 5.8.3 Raddaður og óraddaður framburður

Líkt og línæli sótti óraddaður framburður á milli rannsóknar Björns Guðfinnssonar (1940+) og RÍN (1980+) hjá Björnskynslóðinni (sbr. kafla 4.3.3, *töflu 5-10, myndrit 5-2 og 5-7*). Sams konar þróun sást milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+) hjá RÍN-kynslóðinni (sbr. *myndrit 5-8*).


Efst í *töflu 5-25* sýna rauðar tölur að milli rannsóknar Björns og RÍN lækka einkunnir beggja kynja marktækt. Í RÍN er ekki marktækur munur á kynjunum, hvorki hjá aðskildum kynslóðum né sameinuðum (sbr. „Báðar kynslóðir“). Því er ekki að sjá að annað hvort kynið hafi leitt þessa sókn óraddaðs framburðar. Milli RÍN og RAUN má hins vegar sjá ríkari tilhneingingu karla af RÍN-kynslóðinni til að tileinka sér óraddaðan framburð. Í RAUN fá þeir marktækt lægri einkunn en konur, sjá nánar í aftanmálgrein.<sup>A-29</sup>

	BG		RÍN		RAUN		p: BG-RÍN		p: RÍN-RAUN	
	kk.	kv.	kk.	kv.	kk.	kv.	kk.	kv.	kk.	kv.
<b>Björnskynslóð</b>	188,6		161,4		164,8		0,000		0,082	
	193,4	185,5	166,2	158,2	171,8	160,2	0,001	0,000	0,112	0,397
<b>p (kk. vs. kv.)</b>	0,343		0,412		0,186					
<b>RÍN-kynslóð</b>			171,3		155,4				0,000	
			170,3	172,2	144,3	165,3			0,001	0,042
<b>p (kk. vs. kv.)</b>			0,824		0,037					
<b>Báðar kynslóðir</b>			165,6		160,7				0,030	
	168,1	163,7	158,8	162,2					0,040	0,438
<b>p (kk. vs. kv.)</b>			0,512		0,615					
<b>Ungmenni 2015</b>					104,1	102,2				
<b>p (kk. vs. kv.)</b>					0,335					

Tafla 5-25: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir RAUN-úrtaks hjá körlum og konum í rannsókn Björns (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+).




Á myndriti 5-25 er sýnd þróun hjá körlum og konum af Björnskynslóð milli allra rannsóknanna. Þar endurspeglar grænir punktar að hjá konum er meira um einkunnir undir 190 í rannsókn Björns og bláir punktar sýna að í RÍN notar hærra hlutfall kvenna ríkulegan óraddaðan framburð (einkunn undir 150). Þetta er þó bitamunur en ekki fjár. Fyrst og fremst sýnir myndritið hversu mjög óraddaður framburður sótti á hjá báðum kynjum milli þessara rannsókna.



Myndrit 5-25: Raddaður og óraddaður framburður: Þróun milli rannsóknar Björns (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+) hjá körlum og konum af Björnskynslóð.

Með því að bera saman bláa punkta (RÍN) og rauða (RAUN) á myndriti 5-25 sést að nokkuð er um að einkunnir beggja kynja leiti upp á við, þ.e. að notkun raddaðs framburðar aukist. Hjá báðum kynjum af Björnskynslóð er þó algengast að framburður breytist lítið milli RÍN og RAUN.

Einstaklingsbundin þróun hjá RÍN-kynslóð sem sýnd er á myndriti 5-26 staðfestir á hinn bóginn að á milli RÍN og RAUN hafa karlarnir tileinkað sér óraddaðan framburð frekar en konur. Hjá 64,7% karlanna lækkar einkunn um meira en 10 en það gildir um 31,6% kvenna.



Myndrit 5-26: Raddaður og óraddaður framburður: Þróun milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+) hjá körlum og konum af RÍN-kynslóð.

Þessi forysta karla af RÍN-kynslóð leiðir hugann að því að á öðru tímaskeiði leiddu konur sókn linnmælis. Í ljósi ýmissa erlendra rannsókna kemur sú forysta kvenna ekki á óvart, en það gerir forysta karlanna í sókn óraddaðs framburðar. Frekar hefði mátt vænta þess að tilhneiging karla til að halda í staðbundin afbrigði kæmi fram og jafnframt tilhneiging kvenna til að nota mál sem nýtur viðurkenningar. Ekki er þó víst að óraddaður framburður njóti virðingar umfram hinn raddaða en raddaður framburður virðist að minnsta kosti ekki þykja fallegur á sama hátt og harðmæli (sjá töflu 3-10 í kafla 3.6.3.4).


#### 5.8.4 Hv- og kv-framburður

Á milli rannsóknar Björns (1940+) og RÍN (1980+) sótti kv-framburður á (sbr. kafla 4.4.2 og myndrit 5-4). Í dálkinum með meðaleinkunnum í RÍN í töflu 5-26 sést vel að þetta kemur skýrar fram í einkunnum kvenna en karla. Munur á kynjunum er í RÍN tölfræðilega marktækur (sbr. „Báðar kynslóðir“), sjá nánar í aftanmálgrein.<sup>A-30</sup> Því má álykta að milli rannsóknar Björns og RÍN hafi konur leitt sókn kv-framburðar rétt eins og sókn linnmælis.

	BG		RÍN		RAUN		p: BG-RÍN		p: RÍN-RAUN	
	kk.	kv.	kk.	kv.	kk.	kv.	kk.	kv.	kk.	kv.
<b>Björnskynslóð</b>	200		178,7		184,8		0,000		0,065	
	200	200	186,2	171,6	189,4	180,5	0,032	0,001	0,407	0,107
<b>p (kk. vs. kv.)</b>			0,112		0,209					
<b>RÍN-kynslóð</b>			158,9		155,7				0,362	
			176,4	145,3	171,4	143,4			0,370	0,709
<b>p (kk. vs. kv.)</b>			0,106		0,182					
<b>Báðar kynslóðir</b>			171,3		173,9				0,290	
			182,8	161,3	183,1	166,0			0,924	0,227
<b>p (kk. vs. kv.)</b>			0,021		0,069					
<b>Ungmenni 2007</b>					114,0					


Tafla 5-26: Hv- og kv-framburður: Meðaleinkunnir RAUN-úrtaks hjá körlum og konum í rannsókn Björns (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Neðst er meðaleinkunn úr rannsókn frá 2007 sem Sigrún Tómasdóttir (2008) gerði í Mýrdalshreppi.

Í töflunni sést að báðar kynslóðir lögðu sitt af mörkum til þess að munur á kynjum yrði marktækur í RÍN. Þetta er dregið fram á myndriti 5-27 þar sem grænir punktar sýna sem fyrr einkunn í rannsókn Björns, sem var í öllum tilvikum 200. Bláir punktar sýna einkunnir í RÍN, þeir dekkri Björnskynslóðina og þá um leið breytingu milli rannsókna en ljósbláir punktar standa fyrir RÍN-kynslóðina. Myndritið sýnir að í RÍN dreifist framburður kvenna nokkuð jafnt yfir stóran hluta einkunnaskalans. Engin sker sig áberandi úr hópnum. Hlutfallslega fleiri karlar hafa ríkulegan hv-framburð, 60% þeirra nota hann í að minnsta kosti 90% dæmaorða, þ.e. einkunn er 190–200, en það gildir aðeins um 21,7% kvenna.



Myndrit 5-27: Hv- og kv-framburður: Þróun milli BG (1940+) og RÍN (1980+) hjá körlum og konum af Björnskynslóð. Einnig koma fram einkunnir kvenna og karla af RÍN-kynslóð í RÍN (ljósbláir punktar).

Á milli RÍN og RAUN breytast meðaleinkunnir beggja kynja tiltölulega lítið hvort sem lítið er til eldra eða yngra fólks. Þær litlu breytingar sem verða duga þó til þess að í RAUN er ekki marktækur munur á kynjum eins og í RÍN. Myndrit af einstaklingsbundinni þróun sýnir að hjá báðum kynjum er stöðugleiki ríkjandi einkenni, þ.e. einkunn breytist um 10 eða minna.



Myndrit 5-28: Hv- og kv-framburður: Þróun milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+) hjá körlum og konum af Björns- og RÍN-kynslóð.

Kynjamunur í þróun hv-framburðar kemur samkvæmt þessu yfirliti aðeins þannig fram að konur fá marktækt lægri einkunn fyrir hann í RÍN en karlar. Þær voru því í forystu í sókn kv-framburðar milli rannsóknar Björns og RÍN.

### 5.8.5 Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður


Skaftfellskur einhljóðaframburður lét marktækt undan hjá Björnskynslóðinni milli rannsóknað Björns (1940+) og RÍN (1980+). Breytingin var mikil, en í RÍN var þó tiltölulega lítil munur

eftir kynslóðum. Þetta kom fram í kafla 4.5.2 þar sem byggt var á öllu úrtaki RÍN í Skaftafells-sýslum (sjá myndrit 4-10). Í töflu 5-27 eru hins vegar meðaleinkunnir hjá RAUN-úrtakinu einu og þar sést að í RÍN fær RÍN-kynslóð aðeins hærri einkunn en Björnskynslóð. Fyrst og fremst dregur taflan þó fram mikla sókn tvíhljóðaframburðar frá rannsókn Björns til RÍN og hennar sér stað hjá báðum kynjum. Ekki er marktækur kynjamunur í RÍN, sjá nánar í aftanmálgrein.<sup>A-31</sup>

	BG		RÍN		RAUN		p: BG-RÍN		p: RÍN-RAUN	
	kk.	kv.	kk.	kv.	kk.	kv.	kk.	kv.	kk.	kv.
Björnskynslóð	193,3		154,8		166,8		0,000		0,011	
	195,9	190,9	162,3	147,8	169,2	164,7	0,000	0,000	0,137	0,041
p (kk. vs. kv.)	0,173		0,116		0,621					
RÍN-kynslóð			159,1		169,1				0,048	
			154,3	162,8	161,6	174,9			0,193	0,145
p (kk. vs. kv.)			0,316		0,248					
Báðar kynslóðir			156,4		167,6				0,001	
			159,5	153,7	166,5	168,7			0,042	0,010
p (kk. vs. kv.)			0,376		0,759					
Ungmennir 2007 og 2008					160					


Tafla 5-27: Skaftafellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Meðaleinkunnir RAUN-úrtaks hjá körlum og konum í rannsókn Björns (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Neðst er einkunn úr rannsóknnum Sigrúnar Tómasdóttur (2008) og Guðjóns Ragnars Jónssonar (2008b) í Vestur-Skaftafellssýslu.

Á myndriti 5-29 eru einkunnir Björnskynslóðarinnar í RÍN sýndar með dökkbláum punktum en RÍN-kynslóðin fær ljósari. Myndritið dregur fram allstóran hóp kvenna af Björnskynslóð sem nota ríkulegan tvíhljóðaframburð, enda meðaleinkunn hópsins ekki nema 147,8, en staðfestir um leið að í RÍN var í heild lítil munur á tíðni einhljóðaframburðar hjá körlum og konum.



Myndrit 5-29: Skaftafellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Þróun milli BG (1940+) og RÍN (1980+) hjá körlum og konum af Björnskynslóð. Einnig koma fram einkunnir kvenna og karla af RÍN-kynslóð í RÍN (ljósbláir punktar).

Á milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+) hækka meðaleinkunnir hjá fullorðnu fólki. Þess sér frekar stað hjá konum af báðum kynslóðum eins og glögggt má sjá á myndriti 5-30.



Myndrit 5-30: Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Þróun milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+) hjá körlum og konum.

Þrátt fyrir þessa skýru mynd af eindregnari sókn einhljóðaframburðar hjá konum er það þó aðeins hjá Björnskynslóð sem marktæknipróf staðfesta ólíka þróun hjá kynjunum. Konur af þeirri kynslóð bæta marktækt í einhljóðaframburð milli RÍN og RAUN en karlar ekki. Þrátt fyrir það fá konurnar aðeins lægri meðaleinkunn í RAUN en karlar af sömu kynslóð. Þegar báðar kynslóðir eru lagðar saman er meðaleinkunn í RAUN nánast sú sama (166,5 og 168,7, sbr. töflu 5-27) og sókn einhljóðaframburðar tölfræðilega marktæk hjá bæði körlum og konum.

Áður hefur komið fram að þetta tilbrigðapar, einhljóða- og tvíhljóðaframburður, er óstöðugt yfir æviskeiðið í máli tiltölulega margra samanborið við önnur pör. Samanburður á körlum og konum af Björnskynslóð leiðir í ljós að þessi óstöðugleiki er skýrara einkenni á máli kvenna. Sex konur af Björnskynslóð (42,9%) „sveifla“ framburði sínum svo mjög að einkunn lækkar milli rannsókna Björns og RÍN um meira en 25 og hækkar svo aftur milli RÍN og RAUN um meira en 25. Það gerir aðeins einn karl (7,7%). Er málkerfi kvenna ef til vill sveigjanlegra á fullorðinsárum en málkerfi karla?

#### 5.8.6 Niðurstöður og umræða

Á milli rannsókna þriggja sem hér er byggt á eru tvö tímasteið þar sem þróun tilbrigðaparanna var um margt ólík. Milli rannsókna Björns (1940+) og RÍN (1980+) eru skýr merki um að öll landshlutabundnu afbrigðin hafi gefið eftir, sama hvort litið er til samanburðar kynslóða eða ævibreytinga hjá Björnskynslóðinni. Á seinna skeiðinu, milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+), er þróun með ýmsu móti. Landshlutabundnu afbrigðin ýmist sóttu á hjá fullorðnu fólki, stóðu í stað eða hörfuðu og getur sú lýsing átt við um aðra kynslóðina eða báðar. Hér í lokin liggur stöðugleiki milli hluta en athyglinni beint að breytingum. Að hvaða marki hefur annað hvort kynið verið í leiðandi hlutverki?

Til að svara spurningunni eru þessi tvö tímabil afmörkuð í *töflu 5-28* ásamt hópum þar sem greina má sókn tiltekins afbrigðis. Blár litur einkennir sókn þeirra framburðarafbrigða sem eru ríkjandi á landinu og þá jafnframt undanhald landshlutabundinna afbrigða. Blái liturinn ræður ríkjum á fyrra tímabilinu en skýtur einu sinni upp kollinum á því síðara. Grænn litur felur í sér sókn landshlutabundins afbrigðis. Litirnir vísa til þróunar hjá körlum og konum í heild. Í aftasta dálkinum kemur fram hvort greina megi kynjamun þannig að annað hvort kynið leiði þróunina frekar en hitt. Þar er að mestu byggt á prófum á því hvort munur á einkunnum sé marktækur en einnig fylgja með athugasemdir þar sem vísbendingar eru um að þau segi ekki alla söguna.

Tímabil	Þróun hjá úrtaki (kk., kv.)	Kynjamunur
<b>BG ► RÍN:</b> Þróun framburðar hjá Björnskynslóð og staða afbrigðis í RÍN	Sókn linmælis	Konur leiða þróunina
	Sókn óraddaðs framburðar	Ekki kynjamunur
	Sókn kv-framburðar	Konur leiða þróunina
	Sókn tvíhljóðaframburðar	Ekki kynjamunur
<b>RÍN ► RAUN:</b> Þróun hjá RÍN-kynslóð	Sókn óraddaðs framburðar	Karlar leiða þróunina
<b>RÍN ► RAUN:</b> Þróun hjá báðum kynslóðum	Sókn harðmælis	Ekki kynjamunur en vísbendingar um skýrari sókn hjá körlum
	Sókn einhljóðaframburðar	Ekki kynjamunur en vísbendingar um skýrari sókn hjá konum

Tafla 5-28: Þróun framburðar á tveimur tímasteiðum eftir aldurshópum, afbrigðum og kynjum. Blá skygging dregur fram þau tilvik þar sem framburður meirihluta landsmanna sækir á en græn skygging sókn landshlutabundinna afbrigða.

Hér sést að konur leiða sókn linmælis og kv-framburðar milli rannsóknar Björns og RÍN. Í inngangi var einmitt rifjuð upp umræða um að rannsóknir bentu til þess að karlar væru fastheldnari en konur á staðbundin afbrigði og þær gjarna í leiðandi hlutverki þegar málbreytingar sækja á (sjá t.d. Milroy (Lesley) 1987:112–113, Milroy og Milroy 1997:55, Labov 1990:210–215). Þessi þróun kemur heim og saman við það. Forysta kvenna er þó umhugsunarefni í ljósi þess að harðmæli og hv-framburður fengu jákvæða umfjöllun í umræðu og tillögum um samræmingu framburðar sem hæst bar um miðja öld. Segja má að það hafi falið í sér tilraun til að hefja þessi afbrigði til vegs og virðingar og í inngangi kom einmitt fram að rannsóknir hefðu sýnt tilhneigingu kvenna til að nota afbrigði sem njóta virðingar og tilheyra staðalmálinu (sjá Labov 1990:210–213). Því hefði ef til vill mátt vænta þess að í kjölfarið hefðu jákvæð viðhorf eða virðing þau áhrif að þessi afbrigði héldust tiltölulega vel í máli kvenna, sem vegið gæti á móti almennri tilhneigingu karla til að halda fast í svæðisbundin afbrigði. Sú er ekki raunin. Í því sambandi má nefna að þó að *Málþekki* leiddi í ljós jákvæð viðhorf til harðmælis (sjá kafla 3.6.3.4 og 3.6.3.6) er ekki að víst að slík viðhorf hafi verið svo afdráttarlaus fyrr á tíð.<sup>171</sup>

Í kafla 2.3.3 var því spáð að raddaður framburður léti síður undan hjá körlum í samræmi við tilhneigingu þeirra til að halda í staðbundin afbrigði (sjá t.d. Milroy (Lesley) 1987:112–113, Milroy og Milroy 1997:55). Forysta kvenna í sókn óraddaðs framburðar væri að auki viðbúin þar sem þær

<sup>171</sup> Rifja má upp að meðvituð viðhorf til harðmælis voru mjög jákvæð og hin ómeðvituðu, eða duldu, hneigðust í sömu átt þó að þau væru ekki eins afdráttarlaus.

leiða gjarna málbreytingar (sjá Labov 1990:210–215) og ólíkt harðmæli benda rannsóknir ekki til þess að raddaður framburður njóti virðingar sem þar gæti vegið á móti (sjá kafla 3.6.3.4). Í ljós kom að karlar af RÍN-kynslóð tileinka sér óraddaðan framburð umfram konur. Hér lætur því svæðisbundinn framburður undan undir forystu karla, þvert á fyrrgreinda spá.

Við græna litinn í *töflu 5-28*, þar sem landshlutabundið afbrigði sækir á, má sjá vísbendingar um karla og konur í leiðandi hlutverki. Seinna tímabilið sýnir því að hlutverk kynjanna í því að viðhalda gömlum framburði eða leiða breytingar er ekki fyrirsjáanlegt. Fleiri kraftar eru að verki og ekki endilega augljósir. Í umfjöllun um brottflutta mun koma fram að í nýjum heimkynnum getur verið annars konar kynjamunur. Heildarmynd af mismunandi þróun framburðar eftir kyni verður því nokkuð óreiðukennd.

## 5.9 Brottluttir

### 5.9.1 Inngangur

Í RAUN (2010+) var haft uppi á málhöfum úr rannsókn Björns (1940+) sem síðar höfðu flutt á höfuðborgarsvæðið, 45 Norðlendingum og 16 Skaftfellingum. Flestir notuðu svæðisbundnu afbrigðin ríkulega í rannsókn Björns líkt og gerðist og gekk í heimahögunum. Með flutningunum breyttist málumhverfið þannig að framburður þeirra varð ólíkur ríkjandi framburði. Hér verður spurt hversu mikil áhrif það hafði samanborið við þróun hjá staðföstum, þ.e. þeim sem bjuggu áfram á sama svæði. Áður hafa verið gerðar rannsóknir af þessu tagi. Guðvarður Már Gunnlaugsson (1983a) kannaði framburð brottfluttra Vestur-Skaftfellinga og bar þróun skaftfellsks einhljóðaframburðar saman við staðfasta í RÍN. Í MA-ritgerð minni rýndi ég í niðurstöðurnar en nýtti að auki gögn Guðvarðar Más til að skoða *hv*-framburð til samanburðar (sjá Margréti Guðmundsdóttur 2002:136–145). Margrét Lára Höskuldsdóttir (2012, 2013) kannaði hins vegar framburð staðfastra og brottfluttra Norðlendinga sem tóku þátt í rannsókn Björns og RAUN.

Tilbrigðapörin fjögur verða ekki aðeins skoðuð hvert fyrir sig heldur einnig borin saman og hugað að skýringum á því hvers vegna sum landshlutabundin afbrigði varðveitast betur eftir flutninga en önnur. Gera má ráð fyrir að nýtt málumhverfi sé ákveðinn hvati til aðlögunar en skyggst verður eftir því hvort málfræðilegir þættir gætu átt hlut að máli. Hvaða breytingar þurfa að verða á því málkerfi sem fyrir er til að það aðlagist nýju málumhverfi? Eru þær misfreistandi kostur, til dæmis vegna þess að stundum fela þær í sér tileinkun nýjungar en í öðrum tilvikum aðlögun reglna sem fyrir eru í málkerfinu? Eru skilaboðin sem nýja málumhverfið sendir misjafnlega flókin, jafnvel svo að „erfitt“ geti verið að halda í upprunalegt málkerfi, en í öðrum tilvikum sé aðlögun meira „val“, meðvitað eða ómeðvitað? Þá þarf að huga að félagslegum þáttum eins og viðhorfum. Hafa þau áhrif á slíkt val? Einnig verður athugað hvort afbrigðin tvö á hvoru svæði fylgist að einhverju marki að í máli einstakra málhafa þannig að sumir málhafar séu móttækilegri fyrir breytingum en aðrir. Þá verður skyggst eftir kynjamun.

Þó að þessi samanburður sé meginviðfangsefnið og nái til allra tilbrigðaparanna gefst tækifæri til að leita svara við afmarkaðri spurningum sem þó hafa almennt gildi. Þær er einkum

að finna í umfjöllun um raddaðan framburð og verða kynntar þegar þar að kemur. Næst, í kafla 5.9.2, er fjallað um norðlensk afbrigði og í kafla 5.9.3 um þau skattfellsku.

## 5.9.2 Norðlensk afbrigði

### 5.9.2.1 Inngangur

Í úrtaki brottfluttra Norðlendinga eru málfarar frá Akureyri, Eyjafjarðarsýslu og Suður-Þingeyjarsýslu, alls 45. Til samanburðar er til að dreifa 48 staðföstum málhöfum sem flestir voru frá sama svæði en þó fimm úr Norður-Þingeyjarsýslu. Hér verður kannað hvernig rödduðum framburði og harðmæli reiddi af í kjölfar flutninga til höfuðborgarsvæðisins í samanburði við þróun hjá heimamönnum. Í umfjöllun um raddaðan framburð gefst þó tækifæri til að kafa aðeins dýpra í áhrif flutninga en af þeim viðfangsefnum segir í byrjun kaflans.

Eðli málsins samkvæmt er áhrifa af flutningum helst að vænta hjá þeim sem notuðu staðbundin afbrigði ríkulega á heimaslóð og því verður athyglinni fyrst og fremst beint að þeim. Þar sem brottfluttir Norðlendingar tóku ekki þátt í RÍN-rannsókninni þarf þessi samanburður að byggjast á rannsókn Björns og RAUN.

Að lokinni umfjöllun um hvort tilbrigðapar verður skipt um sjónarhorn og einstaklingar settir í brennidepil. Flestir brottfluttu málfararnir notuðu bæði harðmæli og raddaðan framburð í ríkum mæli í rannsókn Björns og þessi afbrigði breyttust á heildina litið mismikið milli rannsókna. En eru sumir málfarar íhaldssamir og halda fast í bæði afbrigðin en aðrir einhvers konar aðlögunarsinnar? Skyggst verður eftir tengslum milli viðhorfa og þróunar tilbrigðaparanna með því að rýna í það sem fram kom í símaviðtölum sem voru hluti af verkefninu *Málþekki* (sjá kafla 3.6.3). Í lokin verða svo dregnar fram athyglisverðar upplýsingar um uppruna brottfluttra Norðlendinga og endað á samantekt.

### 5.9.2.2 Raddaður og óraddaður framburður

Hér verður byrjað á að bera saman þróun raddaðs framburðar hjá brottfluttum og staðföstum milli rannsókna Björns og RAUN. Að því loknu er athyglinni beint að því að óraddaður framburður var talsvert algengari á Akureyri en í nágrenninu þegar í rannsókn Björns (sjá t.d. *töflu 4-9*). Felst í því einhvers konar heimanmundur? Er málkerfi fólks sem flytur á svæði óraddaðs framburðar „móttækilegra“ fyrir honum eftir því sem hann var algengari í heimahögunum eða er það fyrst og fremst málumhverfi á nýjum slóðum sem hefur áhrif? Og hvað um þá sem flytja frá svæðum ríkulegs raddaðs framburðar til Akureyrar? Verða þeir fyrir sýnilegum áhrifum af nýju málumhverfi þó að það sé ekki jafnólíkt heimahögunum og hjá þeim sem flytja á höfuðborgarsvæðið? Að lokum er leitað eftir mun á þróun hjá körlum og konum.

Hjá staðföstum Norðlendingum af Björnskynslóð sótti óraddaður framburður mikið á milli rannsókna Björns (1940+) og RAUN (2010+), þó að sú þróun yrði fyrst og fremst á fyrri hluta tímabilsins (sjá *töflu 5-10*). Í RAUN var meðaleinkunn marktækt lægri en í rannsókn Björns. Þetta kemur fram í efri línunni í *töflu 5-29* en þar eru þó undanskildir fjórir málfarar sem notuðu nánast eða alveg hreinan óraddaðan framburð í rannsókn Björns. Með þessu er dregið fram




hveru mikið óraddaður framburður sótti fram á fullorðinsárum hjá þeim sem ekki tileinkuðu sér hann þegar á unga aldri. Í neðri línunni hefur verið valið úr úrtaki brottfluttra á sama hátt. Mörkin voru dregin við einkunnina 150 og við það falla út fleiri málfafar, 11 af 45. Ástæðan er sú að meðal brottfluttra málfafa var þegar í rannsókn Björns meira um ríkulegan óraddaðan framburð en hjá þeim sem áttu eftir að halda kyrru fyrir í heimahögunum. Það er í samræmi við ýmsar erlendar rannsóknir sem benda til þess að fólk sem flytur á annað málsvæði sýni merki um flutningana í máli sínu áður en það flytur (sjá t.d. Monka 2013:110). Engu er líkara en það lagi mál sitt að nýjum heimkynnum fyrir fram. Þetta verður skoðað betur í kafla 5.9.2.5 en athyglinni til að byrja með beint að þeim sem segja má að hafi haft miklu að „tapa“ við flutninga á nýtt málsvæði. Nánari upplýsingar um marktækniþróf er að finna í aftanmálsgrein.<sup>A-32</sup>

	N	BG	RAUN	p
<b>Staðfastir</b>	44	196,6	169,7	0,000
<b>Brottluttir</b>	34	195,9	132,0	0,000
<b>p</b>		0,709	0,000	

Tafla 5-29: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir í tveimur rannsóknum, BG (1940+) og RAUN (2010+), hjá staðföstum og brottfluttum málhöfum sem notuðu ríkulegan raddaðan framburð í fyrri rannsókninni. Sjá nánar í *Viðauka IV*.


Greinilegt er að flutningur til höfuðborgarsvæðisins hafði áhrif á raddaðan framburð hjá Björnskynslóðinni langt umfram málþróun hjá staðföstum jafnöldrum. Þetta er í samræmi við niðurstöður Margrétar Láru Höskuldsdóttur (2012:37–41, 44, 46, 2013:139).

Á myndriti 5-31 er sýnd einstaklingsbundin þróun hjá þessum 44 staðföstu málhöfum milli rannsóknar Björns og RAUN. Í þeim tilvikum þar sem framburður breyttist ekki hverfur græni punkturinn (BG) undir þann rauða (RAUN). Fjölbreytnin leynir sér ekki. Sumir halda röðuðum framburði óhöggðuðum en aðrir tileinka sér verulegan óraddaðan framburð.



Myndrit 5-31: Raddaður og óraddaður framburður: Þróun milli rannsóknar Björns (1940+) og RAUN (2010+) hjá 44 staðföstum málhöfum á Norðurlandi.

Sams konar myndrit af þróun hjá brottfluttum málhöfum dregur vel fram muninn sem fram kom í töflu 5-29. Aðeins sex (17,6%) brottfluttir málhafar halda rödduðum framburði í yfir 80% dæmaorða en það gerðu 19 (43,2%) staðfastir. Að sama skapi er mun algengara að brottfluttir fari nærri því að leggja raddaðan framburð af og nokkrir fá einkunnina 100 í RAUN, sem felur í sér að rödduðum framburði hafi ekki brugðið fyrir í máli þeirra.



Myndrit 5-32: Raddaður og óraddaður framburður: Þróun milli rannsóknar Björns (1940+) og RAUN (2010+) hjá 34 brottfluttum málhöfum frá Norðurlandi.

Skyldi skipta máli fyrir þessa þróun hvaðan brottfluttir koma? Þeir sem fluttu frá Akureyri til höfuðborgarsvæðisins komu úr málumhverfi þar sem óraddaður framburður var talsvert algengari en í nágrenninu (sjá töflu 4-9). Hefur þetta þau áhrif að brottfluttir Akureyringar séu „móttækilegri“ fyrir órödduðum framburði en aðrir Eyfirðingar eða Suður-Þingeyingar?

Í töflu 5-30 er brottfluttum (34) skipt í fjóra hópa eftir búsetu í rannsókn Björns og fyrir vikið eru flestir hópar fálíðaðir.<sup>172</sup> Í ljós kemur að einkunnir allra hópa lækka marktækt milli rannsóknanna<sup>A-33</sup> en þó að einkunnir þeirra sem komu frá Akureyri og Glerárþorpi lækki mest reyndist munur milli einstakra hópa í engu tilviki marktækur, hvorki í rannsókn Björns né RAUN.

	N	BG	RAUN	Lækkun	p
<b>Brotfluttir frá Akureyri</b>	6	191,3	119,5	71,8	0,000
<b>Brotfluttir úr Glerárþorpi</b>	3	198,7	125,8	72,9	0,039
<b>Brotfluttir úr Eyjafjarðarsýslu</b>	5	200	132,5	67,5	0,021
<b>Brotfluttir úr Suður-Þingeyjarsýslu</b>	20	195,8	136,5	59,3	0,000

Tafla 5-30: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir í tveimur rannsóknum, BG (1940+) og RAUN (2010+), hjá brottfluttum Norðlendingum eftir því hvaðan þeir komu.

Samkvæmt þessu verður því ekki ályktað að uppvaxtarsvæði málhafa hafi áhrif á hversu vel raddaður framburður varðveitist á nýjum slóðum. Þeir sem ólust upp á Akureyri voru þó hagnanari órödduðum framburði en aðrir. Á heimaslóð er hins vegar munur á málþróun eftir búsetu.

<sup>172</sup> Íbúum Glerárþorps mætti skipa með hvort sem er Eyfirðingum eða Akureyringum. Þorpið tilheyrði Eyjafjarðarsýslu á sínum tíma en var þó landfræðilega nánast hluti af Akureyri enda sameinuðust þau síðar.

Eins og sést í *töflu 5-31* lækkaði meðaleinkunn staðfastra á Akureyri<sup>173</sup> mun meira en hjá þeim sem héldu kyrru fyrir í Eyjafjarðarsýslu. Til þeirra síðarnefndu eru taldir þrír málhafar sem fluttu til Akureyrar á efri árum. Munur á hópunum, þ.e. línun 1 og 3, er vel marktækur í RAUN ( $p=0,000$ ), sjá nánar í aftanmálgrein.<sup>A-34</sup> Í töflunni er einnig að finna þá níu málhafa sem fluttu úr Eyjafjarðarsýslu til Akureyrar milli rannsóknar Björns og RÍN. Þeir fluttu því á fyrri hluta ævinnar á svæði þar sem óraddaður framburður var algengari en í þeirra heimabyggð og í mikilli sókn. Þeir fara bil beggja, fá marktækt lægri einkunn í RAUN en staðfastir í Eyjafjarðarsýslu ( $p=0,046$ ) en marktækt hærri einkunn en þeir sem ólu allan sinn aldur á Akureyri ( $p=0,031$ ). Niðurstöður þessara prófa koma fram í aftanmálgrein.<sup>A-35</sup>

Hópur		N	BG	RAUN	Lækkun	<i>p</i>
1	Staðfastir í Eyjafj.sýslu	9	200	187,4	12,6	0,038
2	Fluttu til Akureyrar	9	197,3	167,9	29,4	0,003
3	Staðfastir á Akureyri	7	192	142,3	49,7	0,001

Tafla 5-31: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir í tveimur rannsóknum, BG (1940+) og RAUN (2010+), hjá málhöfum á Akureyri, í Eyjafjarðarsýslu og þeim sem fluttu þar á milli.

Hér sést að flutningar úr Eyjafjarðarsýslu til Akureyrar hafa áhrif á viðgang raddaðs framburðar. Þessi samanburður styður enn frekar hve mikil áhrif það hefur að flytja á svæði þar sem óraddaður framburður er algengari en heima fyrir. Ekki þarf að fara út fyrir röddunarsvæðið.


Í úrtaki brottfluttra eru fleiri konur (32) en karlar (13) og fyrir flutninga var meira um ríkulegan óraddaðan framburð meðal kvenna. Til að kanna hvort flutningar leiði til mismikilla breytinga eftir kyni verður sem fyrr aðeins litið til þeirra sem höfðu miklu að „tapa“. Þar með verður enginn munur á meðaleinkunnum kynjanna í rannsókn Björns hjá úrtakinu sem borið er saman í *töflu 5-32*. Þar sést einnig að milli rannsóknanna lækkar meðaleinkunn karla heldur meira en einkunn kvenna en í RAUN er þó langt í frá tölfræðilega marktækur munur á kynjunum.<sup>A-36</sup>

	N	BG	RAUN	Lækkun	<i>p</i>
Brottluttir karlar	11	196	126,5	69,5	0,000
Brottluttar konur	23	195,8	134,6	61,2	0,000
<i>p</i>		0,958	0,520		

Tafla 5-32: Raddaður og óraddaður framburður: Meðaleinkunnir í tveimur rannsóknum, BG (1940+) og RAUN (2010+), hjá brottfluttum körlum og konum. Allir notuðu ríkulegan raddaðan framburð í fyrri rannsókninni.

Á myndriti 5-33, á næstu blaðsíðu, sést að hjá báðum kynjum notar tæpur fimmtungur raddaðan framburð í yfir 80% dæmaorða eftir flutninga. Aðrir karlar breyta framburði sínum mikið en hjá konum er jafnari dreifing. Eins og áður sagði er þó ekki marktækur munur á kynjunum í RAUN. Eins og fram kom í kafla 5.8.3 mældist ekki heldur marktækur munur á þróun raddaðs framburðar eftir kyni hjá staðföstum Norðlendingum af Björnskynslóð.

<sup>173</sup> Málhafa sem bjó í Glerárþorpi í rannsókn Björns en á Akureyri í RÍN er sleppt. Þá höfðu þessi sveitarfélög sameinast og því óljóst hvaða hópi hann ætti að tilheyrja.



Myndrit 5-33: Raddaður og óraddaður framburður: Þróun milli rannsóknar Björns (1940+) og RAUN (2010+) hjá brottfluttum körlum og konum frá Norðurlandi sem notuðu raddaðan framburð í ríkum mæli í fyrri rannsókninni.

Helsta niðurstaða þessarar athugunar er að flutningur til málsvæðis þar sem óraddaður framburður ræður ríkjum hefur veruleg áhrif á raddaðan framburð. Það kemur ekki aðeins fram hjá málhöfum sem fluttu til höfuðborgarsvæðisins heldur breyttist framburður Eyfirðinga mikið í kjölfar flutninga til Akureyrar. Ekki er munur á þróun raddaðs framburðar hjá málhöfum sem fluttu til höfuðborgarsvæðisins eftir því hvaðan af Norðausturlandi þeir komu eða eftir kyni.

### 5.9.2.3 Harðmæli og linmæli

Eftir að linmæli sótti á hjá staðföstum Norðlendingum af Björnskynslóð, milli rannsóknar Björns (1940+) og RÍN (1980+), varð viðsnúningur milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Harðmæli sótti á að nýju hjá fullorðnu fólki (sjá töflu 5-8). Ómögulegt er að vita hvort sams konar sveiflur urðu í þróun harðmælis hjá brottfluttum Norðlendingum því að þeir tóku ekki þátt í RÍN-rannsókninni. Eini samanburðurinn sem hér kemur til greina er milli rannsóknar Björns og RAUN.


Viðsnúningurinn hefur í för með sér að lítil munur er á meðaleinkunnum staðfastra í fyrstu og síðustu rannsókninni. Þegar eini málhafinn sem notaði að mestu linmæli í rannsókn Björns er undanskilinn verður munurinn á rannsókn Björns og RAUN þó marktækur eins og sést í efri línunni í töflu 5-33. Í neðri línunni koma fram einkunnir brottfluttra, þ.e. þeirra 42 sem notuðu harðmæli ríkulega í rannsókn Björns (meira en 50%). Sjá nánar um marktækniþróf í aftanmáls-grein.<sup>A-37</sup>

	N	BG	RAUN	<i>p</i>
<b>Staðfastir</b>	47	199,8	194,7	0,003
<b>Brottfluttir</b>	42	199,3	177,8	0,000
<i>p</i>		0,248	0,000	

Tafla 5-33: Harðmæli og linmæli: Meðaleinkunnir í tveimur rannsóknum, BG (1940+) og RAUN (2010+), hjá staðföstum og brottfluttum málhöfum sem notuðu ríkulegt harðmæli í fyrri rannsókninni. Sjá nánar í Viðauka IV.


Í töflunni sést að í RAUN er marktækur munur á staðföstum og brottfluttum. Samkvæmt því hafði flutningur til höfuðborgarsvæðisins, þar sem linnmæli var og er ríkjandi framburður, umtalsverð áhrif á notkun harðmælis (sjá svipaðar niðurstöður hjá Margréti Láru Höskuldadóttur 2012:35–37, 2013:135–137 en hún hafði aðeins fámennara úrtak undir).

Á myndriti 5-34 er sýnd einstaklingsbundin þróun hjá staðföstum málhöfum. Í ljósi meðaleinkunnna kemur ekki á óvart að flestir halda vel í harðmælið og því falla grænir punktar (BG) oft undir þá rauðu (RAUN). Frá þessari þróun er aðeins ein skýr undantekning.



Myndrit 5-34: Harðmæli og linnmæli: Þróun milli rannsóknar Björns (1940+) og RAUN (2010+) hjá 47 staðföstum málhöfum á Norðurlandi.

Eins og vænta mátti er einstaklingsbundinn munur meiri hjá brottfluttum en staðföstum. Þó er það svo að rúmur helmingur (52,4%) notar harðmæli í yfir 90% dæmaorða í RAUN. Einungis sjö úr þessum 42 málhafa hópi, 16,7%, nota linnmæli oft en harðmæli.




Myndrit 5-35: Harðmæli og linnmæli: Þróun milli rannsóknar Björns (1940+) og RAUN (2010+) hjá 42 brottfluttum málhöfum frá Norðurlandi.

Í umfjöllun um raddaðan framburð var skyggst eftir mögulegum áhrifum þess að óraddaður framburður var algengari á Akureyri en í Eyjafjarðarsýslu í rannsókn Björns. Þar sem miklu minni munur var á stöðu harðmælis en raddaðs framburðar eftir svæðum á Norðausturlandi (sjá *töflu 4-3*) komu brottfluttir málhafar úr svipuðu harðmælisumhverfi. Sambærilegar spurningar eru því ekki eins áhugaverðar og athugun staðfesti það. Samanburður á þróun harðmælis hjá brottfluttum eftir kyni leiðir sömuleiðis í ljós lítinn mun. Meðaleinkunn karla og kvenna lækkaði álíka mikið og marktækt milli rannsóknanna eins og sést í *töflu 5-34* þar sem enn sem fyrr er litið til þeirra 42 sem notuðu ríkulegt harðmæli í rannsókn Björns (meira en 50%). Ekki er marktækur munur á kynjunum í RAUN, sjá nánar í aftanmálgrein.<sup>A-38</sup>

	N	BG	RAUN	Lækkun	p
<b>Brottfluttir karlar</b>	13	199,2	181,0	18,2	0,012
<b>Brottfluttar konur</b>	29	199,3	176,4	22,9	0,000
<b>p</b>		0,928	0,609		

Tafla 5-34: Harðmæli og linnmæli: Meðaleinkunnir í tveimur rannsóknum, BG (1940+) og RAUN (2010+), hjá brottfluttum körlum og konum. Allir notuðu ríkulegt harðmæli í fyrri rannsókninni.

Samantölur við staðfasta getur aðeins náð til þessara tveggja rannsókna. Munur á kynjum sem kom fram þegar RÍN var borin saman við hinar rannsóknirnar verður því að liggja milli hluta (sbr. *töflu 5-24*). Í RAUN var ekki marktækur munur á staðföstum eftir kyni frekar en hjá brottfluttum. Á *myndriti 5-36* sést að rúmur helmingur brottfluttra af báðum kynjum notar harðmæli í yfir 90% dæmaorða eftir flutninga. Önnur dreifing einkunna er einnig mjög jöfn hlutfallslega. Til að mynda nota liðlega 15% beggja kynja linnmæli oft en harðmæli.



Myndrit 5-36: Harðmæli og linnmæli: Þróun milli rannsókna Björns (1940+) og RAUN (2010+) hjá brottfluttum körlum og konum frá Norðurlandi sem notuðu harðmæli í meira en 50% dæmaorða í fyrri rannsókninni.

Þó að það sé greinilegt að notkun linnmælis eykst hjá brottfluttum umfram staðfasta leitar á sú spurning hvers vegna munurinn sé ekki meiri. Þeir sem fluttu til höfuðborgarsvæðisins úr Eyjafjarðarsýslu ólust upp við ríkulegan raddaðan framburð. Þrátt fyrir það héldu þeir honum

ekki betur en brottfluttir Akureyringar. Málið í heimahögunum hafði því ekki áhrif á málþróun á nýjum slóðum. Það er því hæpið að seiglu harðmælis hjá brottfluttum megi rekja til þess að þeir hafi alist upp við háa tíðni þess á Norðurlandi. Seigla harðmælis norðan heiða og sunnan gæti þó að einhverju marki átt sömu rætur og þá er nærtækt að líta til jákvæðra viðhorfa til harðmælis eins og gert var í kafla 5.6.4 (sjá einnig kafla 3.6.2).

Há tíðni harðmælis hjá brottfluttum gefur einnig tilefni til að hugleiða stöðu þess í Reykjavík. Í 4. kafla var rífað upp að Höskuldur Þráinsson og Kristján Árnason (1984:117) töldu mögulegt að skýra ríkara harðmæli hjá eldri en yngri Reykvíkingum að einhverju leyti með því að meðal hinna eldri væri aðflutt fólk. Lausleg athugun leiddi hins vegar í ljós að fljótlegt var að finna málfafa sem ólust upp í Reykjavík hjá reykvískum foreldrum en notuðu þó harðmæli í um eða yfir 20% dæmaorða (sjá kafla 4.2.4). En var straumur fólks frá kjarna- og jaðarsvæðum harðmælis til Reykjavíkur þá ef til vill svo stríður á milli rannsóknar Björns og RÍN, sem er það tímabil sem Höskuldur og Kristján veltu fyrir sér, að hann gæti hafa haft áhrif á framburð heimafólks þar? Grófa hugmynd um fjöldann má fá með því að skoða manntalið frá 1960 (*Manntal 1960*:38). Þar kemur fram að í Reykjavík og nágrenni að meðtöldum Suðurnesjum bjuggu samanlagt 64.618.<sup>174</sup> Af þeim höfðu alls 7.983 fæðst á Norðurlandi eystra (4.672), Skagafjarðarsýslu að frátöldum Sauðárkróki (1.261), Siglufirði (888) og Norður-Múlasýslu (án Seyðisfjarðar) (1.162). Þetta eru þau svæði þar sem harðmæli mældist yfir 80% í rannsókn Björns Guðfinnssonar (sbr. *töflu 4-3*). Þaðan höfðu því komið 12,4% íbúanna sem ætla má að hafi upp til hópa haldið í ríkulega notkun harðmælis. Með því að leggja saman þá áherslu sem lögð var á ágæti harðmælis í áætlunum um samræmingu framburðar, jákvæð viðhorf almennings til þess og þetta háa hlutfall aðfluttra málnotenda sem notuðu það að umtalsverðu marki er ef til vill komin margþætt skýring á því hversu vel því hefur vegnað í Reykjavík. Raddaður framburður naut einskis af þessu. Útbreiðsla hans á Norðurlandi var takmarkaðri (sbr. *töflu 4-3* og *4-9*) þannig að færri aðfluttir Norðlendingar höfðu hann í máli sínu en harðmæli, auk þess sem margir lögðu hann af eins og sást í kafla 5.9.2.2. Hann barst því síður Reykvíkingum til eyrna. Hann fékk heldur ekki stuðning í áætlunum um samræmingu framburðar né nýtur hann almennrar hylli (sjá kafla 3.6.3.4).

Málfræðileg einkenni þessara tilbrigðapara kunna einnig að eiga hlut að máli. Hugsanlega er „erfitt“ fyrir málkerfi þeirra sem flytja í óraddað málumhverfi að halda í afröddunarreglu sem var flókin fyrir (sbr. kafla 4.3.4). Um þetta verður fjallað í kafla 5.10.4.

Þróun harðmælis og raddaðs framburðar hjá brottfluttum málhöfum vekur tvær spurningar sem svarað verður í næstu tveimur köflum. Fyrst verður kannað hvort sjá megi einhvers konar tengsl milli þróunar þessara afbrigða hjá einstaklingum og viðhorfa sem fram komu í síma- viðtölum. Síðan viku sögunni að þeim mun sem fram kom hjá staðföstum og brottfluttum í rannsókn Björns, þ.e. fyrir flutninga.


<sup>174</sup> Eins og stundum áður vantar hér aðeins upp á að tölurnar séu eins og best yrði á kosið. Hægt er að sjá að 79,4% þessa hóps bjuggu í Reykjavík en hins vegar verður að skoða svæðið allt til að sjá hvaðan aðfluttir komu eins og gert er í framhaldinu. Þannig eru ekki fyrir hendi upplýsingar um hvort Norðlendingar fluttu frekar á höfuðborgar-svæðið eða Suðurnes.

## 5.9.2.4 Tengsl málþróunar og viðhorfa

Í ljósi ólíkrar þróunar harðmælis og raddaðs framburðar hjá brottfluttum málhöfum liggur fyrir að einhverjir hafa haldið fastar í harðmæli. Enginn brottfluttur málhafi hélt hins vegar ríkulegum rödduðum framburði en ekki harðmæli. Sumir halda þó vel í bæði afbrigðin eða leggja þau af að talsverðu leyti. Því virðist sem skipta megi málhöfum í það sem kallað var íhaldssamir og breytingasinnar í umfjöllun um staðfasta (sjá kafla 5.5) en hér mætti tala um aðlögunarsinna þar sem brottfluttir laga sig að máli á nýjum slóðum. Í kafla 5.5 kom í ljós að staðfastir Norðlendingar sem breyttu máli sínu mest – og þá einkum rödduðum framburði – áttu það sameiginlegt að viðhorf þeirra til norðlensku voru tiltölulega hlutlaus og þeir höfðu litla vitund um mismunandi framburð. Skyldu viðhorf varpa einhverju ljósi á íhaldssemi eða aðlögun hjá brottfluttum málhöfum?

Átta brottfluttir Norðlendingar tóku þátt í símaviðtölum sem voru hluti af *Málþekki* (sjá kafla 3.6.3). Því er hægt að skima eftir tengslum milli viðhorfa sem þar komu fram og málþróunar. Þessir málhafar áttu þó svo margt sameiginlegt hvað viðhorf varðar að ekki er hægt að skipa þeim í andstæða hópa. Þegar þeir voru spurðir í RAUN hvar á landinu besta íslenskan væri töluð nefndu sex Norðurland, einn (R4KM) kvað hana besta fyrir vestan en einn (R6KM) taldi sig ekki vita það. Í símaviðtölum kom fram að málhafarnir þekktu allir norðlensku afbrigðin en greindu lítt eða ekki á milli þeirra. Í huga þessara málnotenda eru harðmæli og raddaður framburður eitt og hið sama, norðlenska. Og þeim þykir hún falleg, en einn var þó ekki afdráttarlaus og kvaðst hafa vanist sunnlensku (R32KM). Allir könnuðust við að hafa fengið athugasemdir um norðlenskan framburð sinn en fæstum þótti það tiltökumál. Þar skilur þó einn málhafi sig úr hópnum (R38ML). Gert var grín að honum og hann ákvað að leggja norðlensku af. Aðrir hefðu frekar viljað halda í hana án þess þó að vinna markvisst að því. Í símaviðtölunum eru því tveir málhafar, R32KM og R38ML, sem skilja sig að nokkru frá hópnum. Skyldi þróun máls þeirra einnig gera það?

Svarið er að því leyti jákvætt að málhafanum sem ákvað að leggja norðlenskuna af hefur nánast tekist ætlunarverk sitt. Hann er lengst til hægri á *myndriti 5-37* (R38ML).<sup>175</sup>



*Myndrit 5-37*: Þróun harðmælis og raddaðs framburðar milli rannsóknar Björns (1940+) og RAUN (2010+) hjá átta brottfluttum málhöfum sem tóku þátt í símaviðtölum árið 2013.

<sup>175</sup> Eins og í kafla 5.5 eru notuð þau auðkenni sem hægt er að nota til að finna málhafa í gagnasafninu, í þessu tilviki RAUN. Bókstafurinn R vísar til Reykjavíkur en KM og ML eru upphafsstafir rannsakenda sem tóku viðtölin.



Í orðavali málfafans sem kvaðst hafa „vanist“ sunnlenskunni (R32KM) felst nokkur jákvæðni í garð linmælis og/eða óraddaðs framburðar. Hann er annar frá hægri á *myndriti 5-37* og hefur lagt raddaðan framburð af. Það er þó ekki svo að skýr tengsl séu milli viðhorfa og framburðarbreytinga. Málfafi R25ML var afdráttarlaus um ágæti norðlensku umfram sunnlensku og notaði orð eins og „harðari“, „skýrari“ og „réttari“. Hann notaði þó raddaðan framburð aðeins í um fjórðungi dæmaorða í RAUN.

Hugmyndir fólks um breytingar á eigin framburði sem komu fram í viðtölunum voru ekki endilega í samræmi við niðurstöður framburðarrannsóknanna. Málfafi R32KM notaði hreinan óraddaðan framburð í RAUN en taldi þó að mál sitt hefði lítið breyst. Málfafi R42KM hélt fast í bæði afbrigðin en taldi að norðlenskan hefði dofnað í máli sínu og nefndi að sér þætti það leitt. Þekking á eigin framburði virðist samkvæmt þessu takmörkuð. Í þessum átta manna hópi brottfluttra hefur þó einn málfafi sérstöðu að þessu leyti, R38ML sem ákvað að leggja norðlenskan framburð af. Hann kvaðst alveg búinn að gleyma norðlenskunni og fer þar nærri réttu mati. Í RAUN er einkunn hans fyrir harðmæli aðeins 120 og 102 fyrir raddaðan framburð. Hann er einn um að tileinka sér ríkulegt linmæli.

Þessi athugun gefur ekki tilefni til að draga almennar ályktanir. Hún sýnir þó vel að jákvæð viðhorf til norðlensku duga ekki til að raddaður framburður haldi velli á nýjum slóðum. Samkvæmt þessum litla hópi þarf hins vegar meðvitaða ákvörðun til að vinna bug á því harðmæli sem lærðist í æsku þó að flutt sé á nýjar slóðir. Raddaður framburður getur látið undan hvort sem fólki líkar betur eða verr.

Þó að hér hafi ekki komið fram tengsl milli þróunar framburðar og meðvitaðra viðhorfa hjá einstaklingum má greina slíkt þegar lítið er til viðhorfa almennt eins og þau birtust í *Málþekki* (sjá *töflu 3-10*). Harðmæli nýtur jákvæðari viðhorfa og helst betur hjá bæði staðföstum og brottfluttum en raddaður framburður. Það er þó ekki nóg með að raddaður framburður eigi mjög undir högg að sækja hjá brottfluttum. Hér að framan sást að fjórir af 48 staðföstum málhöfum notuðu umtalsverðan óraddaðan framburð þegar í rannsókn Björns en hjá brottfluttum var þetta hlutfall hærra, 11 af 45. Í næsta kafla verður það skoðað nánar.

#### 5.9.2.5 Uppruni staðfastra og brottfluttra

Rannsóknir hafa sýnt að merki um flutninga geti fundist í máli fólks áður en það fer og þá jafnvel áður en það hefur ákveðið fara (sjá t.d. Eckert 1988, 1989a, 2000 og víðar, Monka 2013:110). Í rannsókn Björns Guðfinnssonar er einmitt nokkur munur á meðaleinkunnum þeirra sem bjuggu áfram á Norðurlandi og þeirra sem síðar fluttu burt. Þetta er sýnt í *töflu 5-35*, á næstu blaðsíðu, þar sem greint er milli staðfastra og brottfara, en ekki brottfluttra eins og hér að framan, til að minna á að í rannsókn Björns voru þeir enn á Norðurlandi líkt og hinir staðföstu. Í töflunni kemur fram að lítill munur er á harðmæliseinkunnum hjá staðföstum og brottförum en tölfraðilega marktækur munur á rödduðum framburði þegar í rannsókn Björns. Einnig kemur fram að meira er um blandaðan framburð eða hreint linmæli/hreinan óraddaðan framburð hjá brottförum. Sjá nánar um marktækniþróf í aftanmálgrein.<sup>A-39</sup>

	Harðmæli		Raddaður framburður	
	Meðaleinkunn	Bl. framb. eða hreint línsmæli (%)	Meðaleinkunn	Bl. framb. eða hr. óraddaður framb. (%)
<b>Staðfastir (48)</b>	197,9	6,3	188,6	27,1
<b>Brottfarar (45)</b>	194,0	13,3	174,6	46,7
<i>p</i>	0,286		<b>0,050</b>	

Tafla 5-35: Meðaleinkunnir í rannsókn Björns Guðfinnssonar (1940+) fyrir harðmæli og raddaðan framburð hjá staðföstum málföfum og brottförum (þ.e. þeim sem síðar fluttu brott).

Munur á tíðni röddunar er athyglisverð frá fleiri sjónarhornum en flutningum málfafanna. Fróðlegt er að skoða uppruna foreldranna. Í *töflu 5-36* er málföfum skipt í tvo hópa. Annars vegar eru þeir sem áttu foreldra sem voru báðir frá kjarnasvæði raddaðs framburðar og/eða jaðarsvæðum, þ.e. á svæðinu frá Skagafirði til og með Norður-Múlasýslu. Hins vegar eru málfafar sem eiga að hluta eða alfarið rætur utan þessa svæðis.

Hópur	Uppruni foreldra	Staðfastir			Brottfarar		
		Hr. radd.	Bland. frb.	Hr. óradd.	Hr. radd.	Bland. frb.	Hr. óradd.
<b>1</b>	<b>Báðir foreldrar af kjarnasvæði eða jaðarsvæðum</b>	30	8	2	21	11*	0
<b>2</b>	<b>Að minnsta kosti annað foreldri langt að komið, þ.e. ekki af kjarna- eða jaðarsvæði</b>	5**	2	1	4	5	4
<b>Alls</b>		<b>48</b>			<b>45</b>		

Tafla 5-36: Framburður í rannsókn Björns Guðfinnssonar (1940+) hjá staðföstum Norðlendingum og brottförum greindur í hreinan raddaðan framburð, blandaðan framburð og hreinan óraddaðan framburð eftir uppruna foreldra.

\*Í einu tilviki er annað foreldri erlent.

\*\*Einn málfafi ólst upp hjá einu foreldri, aðfluttu.

Þetta má skoða á tvo vegu. Annars vegar sést að af 48 staðföstum ólust átta, eða 16,7%, upp á heimili með langt að komnu (en þó íslensku) foreldri. Í hópi 45 brottfara er hlutfallið 28,9% (þ.e. 13 málfafar). Þó að þetta þyrfti að kanna hjá stærra úrtaki er hér vísbending um að það að eiga aðkomna foreldra auki líkurnar á brottflutningi síðar. Hins vegar sýna tölurnar í töflunni að meðal staðfastra í hópi 2, þ.e. þeirra sem eiga aðkomna foreldra, nota fimm af átta hreinan raddaðan framburð, eða 62,5%. Meðal brottfaranna 13 í hópi 2 nota aðeins fjórir, 30,8%, hreinan raddaðan framburð. Hér kemur því fram nokkur munur þó að enn hafi allir verið á Norðurlandi þegar rannsóknin var gerð.<sup>176</sup> Hóparnir eru þó vissulega fámennir.

Sú spurning vaknar hvort málnotkunin endurspeglir tengsl við Norðurland hjá þeim sem eiga aðkomna foreldra. Hjá sumum verði tengslin sterk og það birtist í tileinkun svæðisbundins máls, þ.e. raddaðs framburðar. Hjá öðrum séu tengslin veikari, sem bæði birtist í málnotkun fyrir flutningana og því að þeir kjósa að flytja brott. Þannig sé orsök málnotkunar og flutninga sú sama, veik tengsl við norðlenskt samfélag, frekar en að „fyrirhugaður“ brottflutningur liti málið. Þessi

<sup>176</sup> Það er þó líka ljóst að aðkomnir foreldrar útiloka ekki tileinkun ríkulegs raddaðs framburðar, til að mynda nota tveir málfafar, annar staðfastur og hinn brottfluttur, hann hreinan þó að foreldrarnir hafi flutt frá Vesturlandi.

athugun er of smá í sniðum til að hún dugi til stóyrða en hún bendir til þess að við samanburð af þessu tagi sé vert að líta til uppruna málnotenda ekkert síður en „fyrirhugaðra“ flutninga.

#### 5.9.2.6 Samantekt um norðlensk afbrigði

Athugun á þróun norðlenskra afbrigða hjá brottfluttum málhöfum leiddi eftirfarandi í ljós:

- Óraddaður framburður sótti mun frekar á í máli brottfluttra en hjá staðföstum.
- Þeir sem fluttu úr Eyjafjarðarsýslu til Akureyrar tóku upp óraddaðan framburð í meira mæli en þeir sem héldu kyrru fyrir í Eyjafjarðarsýslu.
- Ekki reyndist munur á þróun raddaðs framburðar hjá brottfluttum eftir tíðni raddaðs framburðar á heimaslóð né eftir kyni.
- Hjá brottfluttum málhöfum sótti línæli skýrar á en hjá staðföstum, en þó mun minna en óraddaður framburður.
- Ekki var munur á þróun harðmælis hjá brottfluttum eftir kyni.
- Meðal þeirra sem notuðu bæði harðmæli og raddaðan framburð ríkulega fyrir flutninga voru engin dæmi um að raddaði framburðurinn héldist betur en harðmæli.
- Ekki fundust afdráttarlaus tengsl milli viðhorfa til norðlensku og þróunar framburðar hjá brottfluttum. Þó sást að jákvæð viðhorf til norðlensku koma ekki í veg fyrir undanhald raddaðs framburðar á nýjum slóðum.
- Málhafar sem áttu aðkomna foreldra voru líklegri til þess bæði að nota óraddaðan framburð, að minnsta kosti að einhverju marki, og flytja á nýjar slóðir á fullorðinsárum.

Eftir þennan samanburð er það seigla harðmælis hjá brottfluttum sem vekur spurningar miklu frekar en sókn línælis. Sá möguleiki var viðraður að þar ættu viðhorf hlut að máli, rétt eins og mögulegt er að hafi verið raunin hjá staðföstum. Ef svo er mætti búast við því að bæði skaftfellsku afbrigðin létu talsvert undan hjá brottfluttum, sérstaklega einhljóðaframburðurinn. Hvorugt þeirra virðist njóta hylli en *hv*-framburði var þó hampað fyrr á tíð þegar uppi voru hugmyndir um að samræma framburð landsmanna (sjá kafla 3.6.2, einnig 2.4.2). Nú er komið að því að kanna þessa þróun.

### 5.9.3 Skaftfellsk afbrigði

#### 5.9.3.1 Inngangur

Í þessum kafla verður fyrst kannað hvernig *hv*-framburður þróaðist í máli 16 brottfluttra Skaftfellinga samanborið við 27 staðfasta (5.9.3.2). Að því loknu viku sögunni að skaftfellskum einhljóðaframburði (5.9.3.3). Eins og í umfjöllun um norðlensku afbrigðin verður horft til rannsóknar Björns og RAUN. Í kjölfarið verður einnig litið til þeirra Vestur-Skaftfellinga sem tóku þátt í öllum þremur rannsóknunum (5.9.3.4) en eins og fram hefur komið rannsakaði Guðvarður Már Gunnlaugsson (1983a) framburð brottfluttra Vestur-Skaftfellinga á 9. áratugnum og 12 þeirra eru í þessu 16 manna úrtaki. Í umfjöllun um hvort tilbrigðapar verður skyggst eftir kynjamun sem einnig kemur nokkuð við sögu í kafla um tengsl málþróunar og viðhorfa (5.9.3.5). Þar er athugað hvort finna megi í úrtakinu málhafa sem halda fast í bæði landshlutabundnu afbrigðin og jafnframt hvort tengsl séu milli viðhorfa sem komu fram í símaviðtölum *Málþekkis* og þróunar afbrigðanna. Í lokin (5.9.3.6) er stutt samantekt.


5.9.3.2 Hv- og kv-framburður

Samkvæmt meðaleinkunnum sótti kv-framburður á milli rannsóknar Björns (1940+) og RAUN (2010+) hjá staðföstum Skaftafellingum af Björnskynslóð þó að sú þróun yrði fyrst og fremst á fyrri hluta tímabilsins (sjá kafla 5.3.3.4 og 5.4.5). Meðaleinkunnir koma fram í efri línunni í töflu 5-37 og sú neðri sýnir að einkunn lækkar einnig marktækt hjá brottfluttum málhöfum. Hins vegar er ekki marktækur munur á staðföstum og brottfluttum í RAUN.<sup>A-40</sup>

	N	BG	RAUN	p
<b>Staðfastir</b>	27	200	184,8	0,000
<b>Brottfluttir</b>	16	199,3	177,1	0,017
<b>p</b>		0,333	0,395	

Tafla 5-37: Hv- og kv-framburður: Meðaleinkunnir í tveimur rannsóknum, BG (1940+) og RAUN (2010+), hjá staðföstum og brottfluttum málhöfum. Sjá nánar í Viðauka IV.

Einstaklingsbundin þróun milli rannsóknar Björns og RAUN hjá staðföstum málhöfum er sýnd með grænum punktum og rauðum á myndriti 5-38. Vegna samanburðar við brottflutta hér á eftir eru kynin aðgreind, til vinstri eru karlar og konur hægra megin. Hjá alls 11 málhöfum falla punktarnir saman þar sem þeir notuðu hreinan hv-framburð í báðum rannsóknum.




Myndrit 5-38: Hv- og kv-framburður: Þróun milli rannsóknar Björns (1940+) og RAUN (2010+) hjá 27 staðföstum málhöfum í Skaftafellssýslum.

Myndritið sýnir að aðeins meira er um kv-framburð í RAUN hjá konum en körlum. Meðaleinkunn kvenna fyrir hv-framburð er 180,5 en karla 189,4. Munurinn er þó ekki tölfræðilega marktækur.<sup>A-41</sup> Kynjamunur er meiri hjá brottfluttum málhöfum eins og sést í töflu 5-38.<sup>A-42</sup>

	N	BG	RAUN	Lækkun	p
<b>Brottfluttir karlar</b>	8	198,6	196,8	1,8	0,300
<b>Brottfluttar konur</b>	8	200	157,3	42,7	0,013
<b>p</b>		0,334	0,009		

Tafla 5-38: Hv- og kv-framburður: Meðaleinkunnir í tveimur rannsóknum, BG (1940+) og RAUN (2010+), hjá brottfluttum körlum og konum.

Þróunin hjá einstökum málhöfum er sýnd á myndriti 5-39 þar sem kynjamunur kemur vel fram.



Myndrit 5-39: Hv- og kv-framburður: Þróun milli rannsóknar Björns (1940+) og RAUN (2010+) hjá 16 brottfluttum málhöfum úr Skaftafellssýslum eftir kyni.

Þrátt fyrir þessa kröftugu sókn kv-framburðar hjá brottfluttum konum er ekki marktækur munur á þeim og staðföstum konum í RAUN ( $p=0,076$ ).<sup>A-43</sup> Upplýsingarnar sem komnar eru fram eru því nokkuð torræðar:

- Kv-framburður sækir marktækt á milli rannsóknar Björns og RAUN hjá staðföstum og brottfluttum.
- Meðal brottfluttra eru það konur sem bera uppi mun milli rannsóknanna.
- Ekki er þó marktækur munur á staðföstum og brottfluttum konum í RAUN.

Á grundvelli þessara gagna er því hægt að sýna fram á að brottfluttar konur taki frekar en karlar upp kv-framburð á fullorðinsárum. Þessarar tilhneigingar gæti einnig hjá staðföstum (sjá töflu 5-26) og því er ekki hægt að draga fram afgerandi rök fyrir því að flutningar einir og sér hafi áhrif á viðgang hv-framburðar. Nánar verður þó hugað að því í kafla 5.9.3.4 um Vestur-Skaftfellinga.


### 5.9.3.3 Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður

Meðaleinkunn fyrir skaftfellskan einhljóðaframburð hækkaði hjá staðföstum Skaftfellingum af Björns kynslóð milli RÍN og RAUN (sjá töflu 5-14). Þrátt fyrir það er hún marktækt lægri í RAUN en í rannsókn Björns. Þetta sést í töflu 5-39. Línan fyrir brottflutta sýnir að einkunn þeirra er lægri en staðfastra í RAUN en þó nær munurinn því ekki að vera marktækur.<sup>A-44</sup>

	N	BG	RAUN	<i>p</i>
<b>Staðfastir</b>	27	193,3	166,8	0,000
<b>Brottluttir</b>	16	191,1	150,6	0,000
<i>p</i>		0,560	0,061	

Tafla 5-39: Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Meðaleinkunnir í tveimur rannsóknum, BG (1940+) og RAUN (2010+), hjá staðföstum og brottfluttum málhöfum. Sjá nánar í Viðauka IV.

Einstaklingsbundin þróun hjá staðföstum málhöfum er fjölbreytt eins og sést á myndriti 5-40 þar sem málhöfum er skipt eftir kyni vegna samanburðar við brottflutta hér á eftir.




Myndrit 5-40: Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Þróun milli rannsóknar Björns (1940+) og RAUN (2010+) hjá 27 staðföstum málhöfum úr Skaftafellssýslum.

Þó að myndritið endurspeglar hærri einkunn karla (169,2) en kvenna (164,7) í RAUN er munurinn langt í frá tölfræðilega marktækur ( $p=0,621$ ).<sup>A-45</sup> Hins vegar er marktækur munur á brottfluttum körlum og konum eins og sjá má í töflu 5-40.<sup>A-46</sup>

	N	BG	RAUN	Lækkun	p
<b>Brottflettir karlar</b>	8	187,5	167,5	20,0	0,005
<b>Brottflettar konur</b>	8	194,7	133,8	60,8	0,001
<b>p</b>		0,369	0,029		

Tafla 5-40: Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Meðaleinkunnir í tveimur rannsóknum, BG (1940+) og RAUN (2010+), hjá brottfluttum körlum og konum.

Á myndriti 5-41 kemur glöggt fram hve mikill munur er á þróun hjá brottfluttum eftir kyni.



Myndrit 5-41: Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Þróun milli rannsóknar Björns (1940+) og RAUN (2010+) hjá 16 brottfluttum málhöfum úr Skaftafellssýslum eftir kyni.

Brottluttu konurnar hafa tileinkað sér svo ríkulegan tvíhljóðaframburð að marktækur munur er á þeim og staðföstum kynsystur þeirra.<sup>A-47</sup>

	N	BG	RAUN	Lækkun	p
<b>Staðfastar konur</b>	14	190,9	164,7	26,2	0,005
<b>Brottluttar konur</b>	8	194,7	133,8	60,9	0,001
<b>p</b>		0,410	0,017		

Tafla 5-41: Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Meðaleinkunnir í tveimur rannsóknnum, BG (1940+) og RAUN (2010+), hjá staðföstum og brottfluttum konum.

Upplýsingarnar sem komnar eru fram sýna eftirfarandi:

- Tvíhljóðaframburður sækir marktækt á milli rannsóknar Björns og RAUN bæði hjá staðföstum og brottfluttum.
- Í heild er ekki marktækur munur á staðföstum og brottfluttum í RAUN.
- Í RAUN er marktækur munur á brottfluttum körlum og konum.
- Í RAUN er marktækur munur á staðföstum og brottfluttum konum.

Á grundvelli þessara gagna er því hægt að sýna fram á að brottluttar konur taki frekar en karlar upp tvíhljóðaframburð á fullorðinsárum. Brottluttar konur taka einnig frekar upp tvíhljóðaframburð en staðfastar konur. Flutningar hafa því áhrif á viðgang einhljóða- og tvíhljóðaframburðar hjá konum.

#### 5.9.3.4 Þróun hjá Vestur-Skaftfellingum

Eins og fram hefur komið tóku 12 brottluttir Vestur-Skaftfellingar þátt í öllum þremur rannsóknunum og hægt er að bera þá saman við 15 staðfasta. Því er hægt að skoða þróunina eftir tímabilum. Byrjum á skaftfellskum einhljóðaframburði.

Hjá staðföstum Vestur-Skaftfellingum hækkar meðaleinkunn aðeins milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Munurinn er þó ekki tölfræðilega marktækur eins og var hjá úrtaki Skaftfellinga í heild (sjá *töflu 5-27*). Þetta kemur fram í *töflu 5-42*. Hins vegar gætir andstæðrar tilhneigingar hjá brottfluttum, einkunn lækkar aðeins. Þessi ólíka þróun dugir til þess að marktækur munur er á staðföstum og brottfluttum Vestur-Skaftfellingum í RAUN.<sup>A-48</sup> Sú var ekki raunin þegar allt úrtakið var undir (sjá *töflu 5-39*).

	N	BG	RÍN	RAUN	p: BG-RÍN	p: RÍN-RAUN	p: BG-RAUN
<b>Staðfastir</b>	15	189,6	160,0	165,3	0,001	0,371	0,002
<b>Brottluttir</b>	12	191,1	148,2	142,5	0,001	0,201	0,000
<b>p</b>		0,794	0,328	0,034			

Tafla 5-42: Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður: Meðaleinkunnir í þremur rannsóknnum, BG (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+), hjá staðföstum og brottfluttum Vestur-Skaftfellingum. Sjá nánar í *Viðauka IV*.

Hér eru skýrari merki en áður komu fram um að brottflutningur hafi þau áhrif að tvíhljóðaframburður sækir á umfram það sem gerist hjá staðföstum því að í fyrri samanburði var ekki marktækur munur þegar kynjum var blandað saman. Þó eru það sem fyrr konurnar sem bera uppi muninn. Brottluttar konur fá mun lægri einkunn (127,2) en brottluttir karlar (164,0). Sú

var einnig raunin með *hv*-framburð en enginn samanburður dró þó fram marktækan mun á brottfluttum og staðföstum (sbr. kafla 5.9.3.2). Skyldi athugun á Vestur-Skaftfellingum breyta því?

Athuganir á þróun *hv*-framburðar hjá staðföstum Skaftfellingum úr báðum sýslum sýndu að breytingar urðu frekar á fyrri hluta ævinnar, þ.e. milli rannsóknar Björns (1940+) og RÍN (1980+). Á seinni hluta ævinnar bar meira á stöðugleika eða tilhneigingu til afturhvarfs til fyrri framburðar (sjá kafla 5.6.2). Sú er einnig raunin hjá brottfluttum Vestur-Skaftfellingum. Í RÍN hafði einkunn þeirra lækkað nóg til þess að munur á staðföstum og brottfluttum sé marktækur eins og sést í *töflu 5-43*. Á milli RÍN og RAUN hækkar hins vegar einkunn brottfluttra meira en hjá staðföstum þannig að munur á hópunum minnkar svo mjög að hann telst ekki marktækur í RAUN.<sup>A-49</sup>

	N	BG	RÍN	RAUN	<i>p</i> : BG-RÍN	<i>p</i> : RÍN-RAUN	<i>p</i> : BG-RAUN
<b>Staðfastir</b>	15	200	186,5	188,7	0,027	0,473	0,012
<b>Brottfluttir</b>	12	199,1	163,8	178,4	0,001	0,012	0,030
<i>p</i>		0,339	0,022	0,232			

Tafla 5-43: *Hv*- og *kv*-framburður: Meðaleinkunnir í þremur rannsóknum hjá Vestur-Skaftfellingum, BG (1940+), RÍN (1980+) og RAUN (2010+). Sjá nánar í *Viðauka IV*.

Hér eru komnar fram upplýsingar sem benda til að flutningar hafi áhrif á viðgang *hv*-framburðar. Það gerist á fyrri hluta ævinnar og nánari athugun leiðir í ljós að konur bera uppi muninn. Í RÍN fá staðfastar konur (7) í Vestur-Skaftafellssýslu meðaleinkunnina 183,4 en brottfluttar (7) fá 151,9 og er munurinn marktækur ( $p=0,045$ ).<sup>A-50</sup> Minna má á að þegar kynslóðum í RÍN var slegið saman var munur á staðföstum körlum og konum, *kv*-framburður hafði sótt harðar á í máli kvenna (sbr. *töflu 5-26*). Konur hafa því býsna sterka tilhneigingu í þá veru. Á seinni hluta ævinnar hverfa brottfluttir Vestur-Skaftfellingar í ríkum mæli til fyrri framburðar, bæði karlar og konur.

Þessi niðurstaða leiðir hugann að þróun harðmælis hjá brottfluttum (sjá kafla 5.9.2.3). Fram kom marktækur munur á þeim og staðföstum í RAUN (sjá *töflu 5-33*) en þó vakti athygli hversu vel harðmælið hélst hjá brottfluttum. Skyldi það hafa sótt í sig veðrið á seinni hluta ævinnar eins og *hv*-framburður? Því verður ekki svarað þar sem brottfluttir Norðlendingar tóku ekki þátt í RÍN. Hins vegar sýndi þróun skaftfellsks einhljóðaframburðar að ekki er hægt að ganga að því vísu að sama þróun verði á seinni hluta ævinnar hjá brottfluttum og staðföstum.


Þessi athugun á Vestur-Skaftfellingum staðfesti að flutningar hafi umtalsverð áhrif á viðgang skaftfellsks einhljóðaframburðar hjá konum. Hún dró að auki fram merki um sambærileg áhrif á *hv*-framburð en þó þannig að það var á fyrri hluta ævinnar sem *kv*-framburður sótti harðar fram hjá brottfluttum en staðföstum. Kynjamunur hjá brottfluttum, bæði hvað varðar *hv*-framburð og einhljóðaframburð, rímar við rannsóknir sem benda til þess að karlar hafi ríkari tilhneigingu til að nota staðbundin afbrigði eins og nefnt var í 2. kafla (2.3.3). Þar kom hins vegar líka fram að þetta ætti gjarna við um afbrigði sem tengja saman sjálfsmynd og svæði eða stað (sjá t.d. Milroy (Lesley) 1987:112–113, Milroy og Milroy 1997:55). Í *Málþekki*, athugunum á vitund Íslendinga um landshlutabundinn framburðarmun og viðhorfum þeirra, sáust ekki teikn um að *hv*-framburður eða einhljóðaframburður tengdust sjálfsmynd Skaftfellinga. Í símaviðtölum kom fram að þeir væru



einmitt einkar ómeðvitaðir um framburðareinkenni sín. Þar sem brottfluttir Skaftfellingar sem rætt var við tóku einnig þátt í framburðarránsóknum gefur það tækifæri til að rýna betur í viðhorf þeirra og kanna hvort sjá megi einhver tengsl við einstaklingsbundna þróun.

### 5.9.3.5 Tengsl málþróunar og viðhorfa

Í umfjöllun um staðfasta Norðlendinga og Skaftfellinga var horft eftir samhljómi milli málþróunar og viðhorfa (sjá kafla 5.5). Slíkra tengsla var einnig leitað hjá brottfluttum Norðlendingum (sjá kafla 5.9.2.4). Tíndir voru til málhafar sem tóku þátt í *Málþekki* og kannað hvort þeir sem halda fast í bæði svæðisbundnu afbrigðin ættu eitthvað sameiginlegt hvað viðhorf varðar og á sama hátt hvort þeir sem kallaðir voru breytinga- eða aðlögunarsinnar ættu eitthvað sameiginlegt. Þó að eftirtekjan hafi verið heldur rýr verður þetta athugað á sama hátt hjá þeim sjö brottfluttu Skaftfellingum sem tóku þátt í *Málþekki*. Þróunin hjá þeim er sýnd á myndriti 5-42.<sup>177</sup>



Myndrit 5-42: Þróun *hv*-framburðar og skaftfellsks einhljóðaframburðar milli rannsóknar Björns (1940+) og RAUN (2010+) hjá sjö brottfluttum málhöfum úr Skaftafellssýslum.

Til vinstri á myndritinu gefur að líta fjóra karla. Hjá þeim helst *hv*-framburður vel en þó reyndist vitund þeirra um hann ólík. R39KM og RZ26 þekktu vel muninn á *hv*- og *kv*-framburði. RZ5 virtist hins vegar ekki vita að *kv*-framburður væri algengur og RZ23 reyndist mjög ómeðvitaður um bæði skaftfellsku afbrigðin. Hjá körlunum helst því *hv*-framburður vel hvort sem vitund um hann er sterk eða lítil. Viðhorf komu aðeins fram hjá tveimur körlum, bæði RZ5 og RZ26 voru jákvæðir í garð *hv*-framburðar. RZ26 var að auki eini málhafinn í hópnum á myndriti 5-42 sem nefndi Suðurland þegar spurt var í RAUN hvar á landinu besta íslenskan væri töluð.

Tveir karlar breyttu notkun einhljóðaframburðar lítið, R39KM og RZ5. Þeir voru ólíkir að því leyti að RZ5 þótti einhljóðaframburðurinn fallettri en tvíhljóðaframburður og hafði verið hrósað fyrir hann. R39KM var hins vegar ómeðvitaður um muninn á einhljóða- og tvíhljóðaframburði. Það var málhafi RZ23 líka en breytti framburði sínum mikið.

<sup>177</sup> Sem fyrr eru notuð þau auðkenni málhafanna sem vísa til gagnasafnsins. Bókstafirnir RZ gefa til kynna að þessir málhafar hafi einnig tekið þátt í RÍN, nánar tiltekið rannsókn Guðvarðar Más Gunnlaugssonar (1983a). Aðrir tóku aðeins þátt í rannsókn Björns og RAUN.

Málhafi RZ26 hafði ólíka afstöðu til skafffellsku afbrigðanna. Honum fannst *hv*-framburður fallegur og hann helst vel en honum þótti tvíhljóðaframburður fallettri en einhljóðaframburður og tileinkar sér hann í nokkrum mæli. Málhafi RZ28, kona, hafði svipuð viðhorf og þessi karl, þ.e. jákvæð til *hv*-framburðar og tvíhljóðaframburðar. Líkt og hjá karlinum helst *hv*-framburður betur en einhljóðaframburðurinn. Hjá þessum málhöfum er því nokkurt samræmi milli viðhorfa og þróunar.

Hjá málhöfum RZ6 og RZ25 verða miklar breytingar. RZ6 hafði jákvæð viðhorf til *hv*-framburðar, hún taldi hann „réttari“ en *kv*-framburð. Hún taldi einhljóðaframburð einnig „réttari“ en tvíhljóðaframburð. Þróunin hjá henni er ekki í samræmi við þessi viðhorf. RZ25 gat hins vegar ekki gert greinarmun á *hv*- og *kv*-framburði eða einhljóða- og tvíhljóðaframburði og telst því mjög ómeðvituð. Viðhorf og vitund hjá þessum konum eru því ólík þó að breytingar séu svipaðar.

Eftir að hafa skyggst eftir samræmi milli þróunar framburðar og viðhorfa eða vitundar hjá brottfluttum Skaftfellingum er niðurstaðan sú að það sé fyrst og fremst kyn sem skilur á milli einstaklinganna. Lækkun meðaleinkunna og marktækniþróf benda til þess að skafffellskar konur lagi sig frekar að máli á nýjum slóðum en það virðist ekki tengjast meðvituðum viðhorfum eða vitund um mun á framburðarafbrigðum.

#### 5.9.3.6 Samantekt um skafffellska afbrigði

Athugun á þróun skafffellskra afbrigða hjá brottfluttum málhöfum leiddi eftirfarandi í ljós um *hv*-framburð:

- *Hv*-framburður lét marktækt undan hjá brottfluttum milli rannsóknar Björns og RAUN eins og hjá staðföstum.
- Um miðbik ævinnar, í RÍN, var marktækur munur á brottfluttum og staðföstum Vestur-Skaftfellingum, en RAUN sýndi að hann jafnaðist út á seinni hluta ævinnar.
- Brottfluttar konur breyttu máli sínu meira en brottfluttir karlar.

Hægt er að álykta að á fyrri hluta ævinnar sæki *kv*-framburður á eftir flutning til málsvæðis þar sem hann ræður ríkjum, umfram það sem gerist hjá þeim sem halda kyrru fyrir á heimaslóð. Það gerist einkum hjá konum.

Niðurstöður um þróun skafffellsks einhljóðaframburðar voru um sumt líkar þessu en einnig ólíkar:

- Skaftfellskur einhljóðaframburður lét marktækt undan hjá brottfluttum milli rannsóknar Björns og RAUN eins og hjá staðföstum.
- Í RAUN var marktækur munur á brottfluttum og staðföstum Vestur-Skaftfellingum og lítið vantaði upp á hjá Skaftfellingum í heild.
- Brottfluttar konur breyttu máli sínu meira en brottfluttir karlar.

Marktækur munur í RAUN hjá Vestur-Skaftfellingum leyfir þá ályktun að tvíhljóðaframburður sæki á í kjölfar flutninga í málumhverfi þar sem hann ræður ríkjum, en jafnframt er ljóst að breytingar verða mun frekar hjá konum en körlum. Það gildir einnig um *hv*-framburð. Þegar

einstaklingar, frekar en afbrigði, voru settir í brennidepil og leitað eftir tengslum milli málþróunar og viðhorfa, eins og þau birtust í símaviðtölum við nokkra brottflutta Skaftfellinga í *Málþekki*, var fátt um fína drætti. Þróun framburðar var ólík milli kynja frekar en eftir viðhorfum eða reynslu. Á hitt er þó að líta að þegar uppi voru hugmyndir um samræmingu framburðar var *hv*-framburður settur á stall en ekki skaftfellskur einhljóðaframburður (sjá kafla 3.6.2). Þegar litið er til úrtaks brottfluttra í heild rímar þróunin við stefnuna sem þá var mörkuð, *hv*-framburður lætur síður undan en einhljóðaframburður. En ef þessar áætlanir hefðu á sínum tíma aflað *hv*-framburði almennrar virðingar, þó að hún mælist ekki lengur, hefði frekar mátt vænta þess að hann héldi sér nokkuð vel í máli kvenna. Það gerir hann einmitt ekki.

Brottluttir Vestur-Skaftfellingar sem tóku þátt í þremur rannsóknum voru aðeins 12. Hjá þeim voru nokkur skýr dæmi um að *kv*-framburður hefði haslað sér nokkurn völl á fyrri hluta ævinnar en *hv*-framburður síðan sótt fram að nýju. Fyrir vikið er ekki hægt að útiloka að harðmæli hafi þróast á þann veg hjá brottfluttum Norðlendingum rétt eins og staðföstum. Hins vegar sótti skaftfellskur einhljóðaframburður ekki í sig veðrið á seinni hluta ævinnar hjá brottfluttum. Hér er því ekki á vísan að róa.

#### 5.9.4 Niðurstöður og umræða

Í þessum kafla, 5.9, var kannað hvernig þeim fjórum svæðisbundnu afbrigðum, sem eru viðfangsefni rannsóknarinnar, reiddi af í máli fólks sem flutti úr heimahögum sínum til höfuðborgarsvæðisins eftir rannsókn Björns Guðfinnssonar. Þetta var gert með því að bera saman framburð þeirra samkvæmt rannsókn Björns og síðan í RAUN-rannsókninni en milli þeirra liðu um 70 ár. Jafnframt var þróun framburðar hjá brottfluttum borin saman við staðfasta og þannig kannað hvort rekja mætti breytingar hjá brottfluttum, umfram þær sem urðu hjá staðföstum, til flutninga á annað málsvæði. Heildarmyndin er dregin fram í *töflu 5-44* þar sem meðaleinkunnir þess hluta úrtaksins sem notaði svæðisbundnu afbrigðin ríkulega í rannsókn Björns Guðfinnssonar eru rifjaðar upp í fyrri dálkunum. Þar er því lítill munur á staðföstum og þeim sem kallaðir eru brottfarar því að þeir fluttu ekki burt fyrir en síðar. Í RAUN er munurinn í tveimur tilvikum orðinn marktækur.<sup>A-51</sup>

	BG		RAUN		
	Staðfastir	Brottfarar	Staðfastir	Brottluttir	<i>p</i>
<b>Raddaður framburður</b>	196,6	195,9	169,7	132,0	0,000
<b>Skaftfellskur einhljóðaframburður</b>	193,3	191,1	166,8	150,6	0,061
<b>Harðmæli</b>	199,8	199,3	194,7	177,8	0,000
<b>Hv-framburður</b>	200	199,3	184,8	177,1	0,395

*Tafla 5-44:* Meðaleinkunnir fyrir fjögur afbrigði í rannsókn Björns Guðfinnssonar (1940+) og RAUN (2010+) hjá staðföstum og brottfluttum málhöfum sem notuðu landshlutabundna afbrigðið ríkulega í fyrri rannsókninni.

Því er við að bæta að þó að ekki mældist marktækur munur á skaftfellskum einhljóðaframburði og *hv*-framburði hjá staðföstum og brottfluttum í RAUN kom hann fram í öðrum samanburði.

Brottflyttir Vestur-Skaftfellingar notuðu einhljóðaframburð marktækt minna en staðfastir og það sama gildi um *hv*-framburð í RÍN (sjá *töflu 5-42* og *5-43*). Sömuleiðis leiddi samanburður í ljós marktækan mun á báðum afbrigðum hjá brottfluttum og staðföstum konum (sjá *töflu 5-41* og kafla 5.9.3.4). Þetta er dregið saman í aftanmálgrein.<sup>A-52</sup> Það er því ríkari tilhneiging hjá brottfluttum skaftfellskonum en körlum til að auka notkun *kv*-framburðar og tvíhljóðaframburðar, sem kemur heim og saman við ýmsar erlendar rannsóknir sem sýna að karlar haldi betur en konur í svæðisbundin afbrigði (sjá t.d. Milroy (Lesley) 1987:112–113, Milroy og Milroy 1997:55, Labov 1990:210–215).

Með því að fylla upp í heildarmyndina á grundvelli athugunar á Vestur-Skaftfellingum sérstaklega má segja að brottflyttir leggi í öllum tilvikum af sinn svæðisbundna framburð í meira mæli en staðfastir. Þó þarf að setja þann fyrirvara að yfir æviskeiðið í heild er ekki munur á *hv*-framburði hjá staðföstum og brottfluttum.

Meðaleinkunnir í *töflu 5-44* benda til þess að skipta megi afbrigðunum í tvo flokka. Bæði raddaður framburður og skaftfellskur einhljóðaframburður láta mikið undan hjá staðföstum og enn meira hjá brottfluttum. Tilhneigingin er því sú sama en kemur sterkar fram hjá þeim sem flytja í nýtt málumhverfi. Þessi afbrigði eiga ýmislegt sameiginlegt hvað varðar bæði málfræðileg einkenni og viðhorf, sem rímar við sambærilega þróun þeirra. Annað skilur þau að, sem einnig samsvarar þeim mun sem fram kemur hjá brottfluttum, þ.e. að raddaður framburður láti enn frekar undan en einhljóðaframburður. Nánari umfjöllun um þetta bíður næsta kafla þar sem niðurstöður um þróun afbrigða sem fram hafa komið við athugun á bæði staðföstum og brottfluttum verða skoðaðar frá ýmsum sjónarhornum.

Harðmæli og *hv*-framburður eiga það sameiginlegt að haldast mun betur í máli bæði staðfastra og brottfluttra þó að þróunin sé um margt ólík. Til að mynda var meiri munur á þróun harðmælis en *hv*-framburðar hjá brottfluttum og staðföstum. Líkt og gildir um fyrri afbrigðin tvö má tína til ýmislegt sameiginlegt hvað varðar málfræðileg einkenni og viðhorf en annað skilur að. Í næsta kafla verður fjallað um seiglu þessara afbrigða í máli fullorðins fólks, hvort sem er heima fyrir eða á nýjum slóðum, og að talsverðu leyti leitað ólíkra skýringa.

Í lokin má nefna að vert væri að rannsaka áhrif flutninga „í hina áttina“. Hvaða breytingar verða á máli fólks sem flytur á svæði þar sem landshlutabundin afbrigði eru útbreidd? Verður aðfluttur Dalvíkingur bæði harðmæltur og raddaður? Og hvað um þann sem flytur í Skaftafells-sýslur? Það bíður betri tíma, eins og sagt er.

## 5.10 Niðurstöður og umræða

### 5.10.1 Inngangur

Þó að ævibreytingar væru meginviðfangsefni þessa kafla var hluti hans helgaður sögu landshlutabundnu afbrigðanna á kjarnasvæðum sínum. Saga þeirra í 70 ár fæst með því að tvínni þá umfjöllun saman við niðurstöður úr 4. kafla og því bíður sú heildarmynd til lokakafla ritgerðarinnar. Hér verður athyglinni hins vegar beint að rauntímasamanburði og niðurstöðum

um ævibreytingar og er umfjölluninni skipt í nokkra áfanga. Fyrst, í kafla 5.10.2, er dregin fram í stuttu máli nokkurs konar heildarmynd af ævibreytingum, fjallað um einstaklingsbundna þróun og niðurstöður um tengsl ævibreytinga við bæði viðhorf og aldur. Næst, í kafla 5.10.3, viku sögunni að kynjamun og áhrifum flutninga á ævibreytingar. Tvö tilbrigðapör eru til umfjöllunar í kafla 5.10.4, annars vegar raddaður og óraddaður framburður og hins vegar skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður. Í báðum tilvikum lækkaði meðaleinkunn talsvert yfir æviskeiðið þó að margt skilji að í þróuninni. Önnur tvö tilbrigðapör eru undir í kafla 5.10.5, þ.e. harðmæli og linnmæli og *hv*- og *kv*-framburður. Þar má líka finna ýmislegt sameiginlegt og annað sem skilur að. Þegar litið er yfir heildarmyndina kemur í ljós að margir kraftar eru að verki eins og yfirskrift lokaorðanna, kafla 5.10.6, felur í sér.

### 5.10.2 Ævibreytingar: Einstaklingar, viðhorf og aldur

Ævibreytingar reyndust mismiklar eftir tímabilum og tilbrigðapörum. Þegar þær eru speglaðar í þróun hjá ungmennum milli rannsókna sést samræmi á fyrra skeiðinu, þ.e. milli 5. og 9. áratugar 20. aldar, en það er ekki einboðið á seinna skeiðinu, fram á annan áratug 21. aldar (sjá kafla 5.3, ekki síst myndrit 5-1 til 5-4).

- *Fyrri skeið, milli rannsókna Björns Guðfinnssonar (1940+) og RÍN (1980+):*
  - Ævibreytingar hjá Björnskynslóðinni voru í samræmi við þá þróun sem sjá mátti með því að bera saman ungmenni í þessum rannsóknum, þ.e. **öll landshluta-bundnu afbrigðin létu undan.**
- *Seinna skeið, milli RÍN (1980+) og RAUN (2010+):*
  - **Raddaður og óraddaður framburður:** Hjá RÍN-kynslóðinni komu fram ævibreytingar sem voru í samræmi við þróun hjá ungmennum, þ.e. tíðni óraddaðs framburðar hækkaði. Hjá Björnskynslóðinni var meiri stöðugleiki.
  - **Hv- og kv-framburður:** Hvorki aðskildar kynslóðir fullorðins fólks né sameinaðar leiddu í ljós tölfræðilega marktækar ævibreytingar þrátt fyrir að allt bendi til að *kv*-framburður hafi sótt á í máli ungmenna á þessu skeiði eins og áður.
  - **Harðmæli og linnmæli:** Hjá fullorðnum málhöfum einkenndust ævibreytingar af sókn harðmælis, þó að andstæð þróun sæist hjá ungmennum með samanburði milli rannsókna.
  - **Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður:** Hjá sameinuðum kynslóðum fullorðinna fólu ævibreytingar í sér sókn einhljóðaframburðar, en samkvæmt samanburði ungmenna á sama tímaskeiði virðist þetta tilbrigðapar stöðugt.

Ævibreytingarnar voru skoðaðar á grunni nokkurra rannsóknarspurninga og endurspeglast þrjár þeirra í heiti kaflans. Fyrst var skyggst undir meðaltölin sem lýsingin hér að ofan byggist á og kannað hvort ævibreytingar væru mjög misjafnar milli einstaklinga og hvort munur væri á svæðisbundnu afbrigðunum að því leyti (sjá kafla 5.4). Í ljós kom meðal annars:

- Hjá einstaklingum breytist notkun harðmælis almennt lítið eins og meðaleinkunnir gáfu til kynna.
- Mjög mismiklar ævibreytingar einkenndu hins vegar raddaðan framburð og skaftfellskan einhljóðaframburð.
- Tiltölulega hátt hlutfall fullorðinna málhafa heldur *hv*-framburði stöðugum.

Stöðugleiki *hv*-framburðar vakti sérstaka athygli í ljósi þess að nýjar kynslóðir ungmenna til- einka sér sífellt ríkari *kv*-framburð. Sókn afbrigðis hjá hverri nýrri kynslóð ungmenna hefur því ekki forspárgildi fyrir ævibreytingar. Þar skiptir máli hvaða afbrigði á í hlut.

Munur á ævibreytingum milli einstaklinga var skoðaður í ljósi viðhorfa sem fram komu í símaviðtölum við hluta úrtaksins (sjá kafla 5.5). Allir staðfastir Norðlendingar höfðu jákvæð viðhorf í garð norðlensku. Þó virtist sem þeir sem héldu bæði harðmæli og rödduðum fram- burði allvel – og gátu þannig talist íhaldssamir – væru heldur ákveðnari í þessari afstöðu sinni, en að þeir sem kallaðir voru breytingasinnar hefðu óljósari vitund um framburðarmun. Slíkt mynstur var ekki að sjá hjá Skaftfellingum. Eftirtekja þessarar athugunar var því sú að vissu- lega væri til fólk sem breytti framburði sínum lítið og væri þannig íhaldssamt en fyrirbyggjandi upplýsingar um vitund um framburð eða framburðarmun og viðhorf til slíks dygðu ekki til skýringar.

Tengsl ævibreytinga og aldurs reyndist gjöfuga viðfangsefni (sjá kafla 5.6). Þegar Björnskynslóðin var skoðuð á fyrri og seinni hluta ævinnar voru niðurstöður eftirfarandi:

- Á fyrri hluta ævinnar tekur drjúgur hluti fólks þátt í þeim málbreytingum sem sér stað hjá ungmenum.
- Á seinni hluta ævinnar er meira um stöðugleika eða að framburður æskuáranna vinni á að nýju.

Ævibreytingar sem fela í sér nokkurs konar þátttöku í yfirstandandi málbreytingum verða samkvæmt þessu frekar á fyrri hluta ævinnar. Bent var á að þetta samrýmdist tilgátum um málmarkaðinn, þar sem fólk á minni hagsmuna að gæta þegar líður á ævina en gæti einnig verið til marks um að málkerfið sé sveigjanlegra fram eftir ævi. Þannig fæli markaldur fyrir máltöku ekki í sér að málkerfið væri „lokað fyrir nýjungum“ þegar á fullorðinsár er komið, en þó yrðu einhvers konar skil um miðja ævi. Eftir það ættu nýjungar ekki greiða leið að málkerfinu. Sams konar skil komu einnig fram í máli brottfluttra Vestur-Skaftfellinga af Björnskynslóð sem tóku þátt í þremur rannsóknum. Hjá þeim lækkuðu einkunnir fyrir *hv*-framburð og skaftfellskan einhljóðaframburð einkum á fyrri hluta ævinnar og á seinni hluta ævinnar leitaði *hv*-framburður í gamla farið eins og hjá staðföstum (sjá *töflu 5-42* og *5-43*).

Þar sem þessi ályktun um skil um miðja ævi byggðist á Björnskynslóðinni vaknaði sú spurning hvort munurinn tengdist tímabilum. Tengdist stöðugleikinn sem einkenndi mál svo margra af Björnskynslóð á seinni hluta ævinnar kannski ekki aldri málhafanna? Voru einfald- lega runnir upp nýir tímar milli RÍN og RAUN þar sem stöðugleiki einkenndi ævibreytingar óháð aldri?

Þar sem hluti RÍN-kynslóðarinnar var á fyrri hluta ævinnar milli RÍN og RAUN var hægt að rýna betur í þetta æviskeið. Skýra þarf hvers vegna harðmæli lét undan á fyrri hluta ævinnar hjá Björnskynslóðinni en sótti í sig veðrið á sama æviskeiði hjá RÍN-kynslóðinni þrátt fyrir að framburður ungmenna endurspegladi áframhaldandi og raunar harðari sókn línælis. Slíkar ævibreytingar fela í sér svokallað afturhvarf, þ.e. að eldra afbrigði sækji á. Þó er áhugavert að í tilviki harðmælis felur þetta afturhvarf í sér skýra andstæðu við þróun hjá ungmenum. Leit að

skýringum leiddi til þeirrar tilgátu að staða harðmælis hefði breyst þannig að það fylgdi nú félagslegu mynstri. Harðmæli hafi smám saman haslað sér völl sem skýrmæli og sæki á grundvelli þess í sig veðrið hjá fullorðnu fólki (sjá kafla 5.6.4, einnig 3.6.2).

Þó að skaftfellskur einhljóðaframburður sýni svipuð einkenni, þ.e. undanhald á fyrri hluta ævinnar hjá Björnskynslóðinni en nokkra sókn á sama æviskeiði hjá RÍN-kynslóðinni, var ekki stungið upp á tengslum við skýrmæli eða viðhorf sem skýringu (sjá kafla 5.6.5). Fyrir því væru engin sýnileg rök. Breyting á félagslegri stöðu harðmælis norðanlands er hins vegar skiljanleg og trúverðug á grundvelli viðhorfa til þessa afbrigðis og ævibreytinga hjá Reykvíkingum. Þróun skaftfellsks einhljóðaframburðar – og þá um leið tvíhljóðaframburðar – sýnir aftur á móti að rannsóknarakur ævibreytinga er langt í frá fullplægður. Framburðarbreytingar á fullorðinsárum sem fela í sér afturhvarf þarfnast frekari leitar að skýringum. Meðal annars er athyglisvert að þetta tilbrigðapar sýnir að framburður getur sveiflast mjög mikið yfir ævina.

Eftir standa raddaður framburður og *hv*-framburður sem létu undan hjá allmörgum málhöfum af Björnskynslóð milli rannsóknar Björns og RÍN. Björnskynslóðin var því nýjungagjörn á fyrri hluta ævinnar en þá tók við stöðugleiki hjá 70–75% málhafa. Á sama tímabili var hins vegar talsvert um breytingar hjá RÍN-kynslóðinni þó að ekki væri marktækur munur á meðaleinkunnum fyrir *hv*-framburð. Ályktað var að þessi afbrigði sýndu að ævibreytingar á fyrri hluta ævinnar væru ekki séreinkenni á tímabilinu milli rannsóknar Björns og RÍN (sjá kafla 5.6.3).

Þessi tvö afbrigði endurspeglar enn fremur betur en önnur að þó að ævibreytingar á fyrri hluta ævinnar séu gjarna í sömu átt og málþróun hjá ungmennum fylgir fullorðna fólkið ekki einfaldlega ungmennum eftir. Ævibreytingar fara að einhverju marki eftir því hvers kyns tilbrigðapörin eru. Svo virðist sem framburður sem stýrist af hljóðkerfisreglum geti verið óstöðugur, reglurnar taki breytingum á lífsleiðinni. Framburður sem er ekki reglustýrður heldur hluti af orðasafninu, í þeim skilningi sem til dæmis var lýst í kafla 2.5.4.4, virðist stöðugri. Hátt hlutfall fólks sem á máltökuskeiði tileinkar sér *hv*-framburð í umtalsverðum mæli heldur honum stöðugum en fleiri stökkva aftur á móti á vagn óraddaðs framburðar með árunum.

Þegar rýnt var betur í þróun raddaðs framburðar mátti að auki sjá að ævibreytingar geta falist í ferli þar sem flókin hljóðkerfisregla einfaldast á kerfisbundinn hátt. Hljóðasamböndin sem um ræðir taka ekki að birtast órödduð á tilviljanakenndan hátt heldur getur flókin regla sem tók á sig ákveðna mynd á máltökuskeiði breyst í áföngum á fullorðinsárum í átt til einföldunar.

### 5.10.3 Ævibreytingar: Kyn og flutningar

Hér verður litið yfir svör við tveimur rannsóknarspurningum í viðbót. Þær varða mun á ævibreytingum eftir kyni og áhrif flutninga, þar sem kyn kemur einnig talsvert við sögu.

Í ljósi ýmissa rannsókna á kynjamun kom ekki á óvart að oftast en ekki var meðaleinkunn kvenna lægri en hjá körlum. Þegar horft er sérstaklega til ævibreytinga hjá staðföstum málhöfum standa þrjú atriði upp úr:

- Afturhvarf til harðmælis hjá fullorðnu fólki milli RÍN og RAUN var heldur eindregnara hjá körlum.
- Afturhvarf til einhljóðaframburðar hjá fullorðnu fólki milli RÍN og RAUN var borið uppi af konum.
- Ævibreytingar sem fólu í sér sókn óraddaðs framburðar milli RÍN og RAUN komu skýrast fram hjá körlum af RÍN-kynslóð.

Þessar niðurstöður eru ekki í sérlega góðu samræmi við þá almennu tilhneigingu að karlar séu hallari undir staðbundin afbrigði en konur. Hvað ævibreytingar varðar er það misjafnt.

Til að svara því hvort annað hvort kynið hafi leitt sókn tiltekinna afbrigða er ekki nóg að líta til ævibreytinga sem snúast um breytingar á tilteknu æviskeiði. Þó að *hv*-framburðar sé ekki getið hér fyrir ofan, þar sem lítil munur kom fram í ævibreytingum eftir kyni, mátti greina forystu kvenna í sókn *kv*-framburðar með því að bera saman meðaleinkunnir kynjanna í RÍN. Það sama kom fram hjá brottfluttum Skaftfellingum. Konur tileinkuðu sér *kv*-framburð – og raunar einnig tvíhljóðaframburð – í meira mæli en karlar. Það eru því nokkrar vísbendingar um að *kv*-framburður freisti kvenna frekar en karla, en um leið er *hv*-framburður tiltölulega stöðugt afbrigði samanborið við önnur. Framburður brottfluttra kvenna sýnir að sá stöðugleiki er ekki einboðinn. Um heildarmynd af kynjamun verður fjallað í lokakafli ritgerðarinnar.

Umfjöllun um brottflutta málfafa samanborið við staðfasta var umfangsmikil. Til athugunar var einkum framburður Björnskynslóðarinnar milli rannsóknar Björns og RAUN því að fáir brottfluttir málfafar tóku þátt í RÍN. Það gerðu þó 12 Vestur-Skaftfellingar. Helstu niðurstöður voru þessar:

- Ekki komu fram skýr merki um að flutningar hefðu ólík áhrif á kynin hvað norðlensku afbrigðin varðar.
- Þróun norðlenskra afbrigða endurspegladi mælanleg áhrif þess að flytja á nýtt málsvæði.
- Harðmæli reyndist fastara fyrir hjá brottfluttum heldur en raddaður framburður, rétt eins og hjá staðföstum.
- Í RAUN var ekki marktækur munur á tíðni *hv*-framburðar hjá brottfluttum og staðföstum, það var hann hins vegar hjá Vestur-Skaftfellingum í RÍN.
- Í RAUN var marktækur munur á tíðni skaftfellsks einhljóðaframburðar hjá brottfluttum og staðföstum Vestur-Skaftfellingum.
- Brottfluttar konur úr Skaftafellssýslum tileinkuðu sér *kv*-framburð og tvíhljóðaframburð frekar en brottfluttir karlar.
- Í RAUN var marktækur munur á notkun skaftfellsks einhljóðaframburðar hjá staðföstum og brottfluttum konum.

Af þessu sést að hjá einu tilbrigðapari af fjórum var ekki hægt að staðfesta að brottflutningur leiddi til meira undanhalds svæðisbundna afbrigðisins yfir æviskeiðið í heild en hjá málhöfum í heimabyggð. Munur á meðaleinkunnum staðfastra og brottfluttra fyrir *hv*-framburð var sláandi lítil í RAUN. Framburður brottfluttra var því enn ein vísbendingin um að *hv*-framburður sé tiltölulega stöðugur á fullorðinsárum hjá þeim sem á annað borð tileinkuðu sér hann í æsku. Sem fyrr segir leiddi nánari athugun þó í ljós að brottfluttar konur tóku upp talsverðan *kv*-framburð. Þetta kemur heim og saman við forystu staðfastra kvenna í sókn *kv*-framburðar milli rannsóknar Björns og RÍN.



## 5.10.4 Raddaður framburður og skaftfellskur einhljóðaframburður

Þegar ævibreytingar hjá staðföstum og brottfluttum voru bornar saman eftir afbrigðum kom í ljós að raddaður framburður og skaftfellskur einhljóðaframburður áttu það sameiginlegt að yfir æviskeiðið lækkaði meðaleinkunn mikið hjá staðföstum og enn meira hjá brottfluttum. Munur á þessum hópum var meiri hvað varðar raddaðan framburð. Það er áhugavert, en ekki óvænt, í ljósi umræðunnar í kafla 4.3.4 um einkenni og málfræðilega lýsingu raddaðs og óraddaðs framburðar. Um leið og málumhverfið verður blandað er sem stöðir raddaðs framburðar bresti. Málnotendur fá misvísandi upplýsingar sem fela í sér að þeir þurfa að átta sig á að í sumum tilvikum er valfrelsi milli raddaðs og óraddaðs framburðar, til dæmis í orðunum *stelpa*, *hanki*, en það gildir þó ekki að öllu leyti um /t/. Þar er valfrelsi í orðinu *gult* en ekki *piltur*. Þar með er óhætt að tala um „óreiðukenndar upplýsingar“ eins og tekið var til orða í kafla 4.3.4. Málnotendur með raddaðan framburð fá sífellt en flókin skilaboð um að reglur þeirra sjálfra séu á einhvern hátt rangar. Leiðin til einföldunar liggur í átt að órödduðum framburði þar sem öngljóð og hljómandi hljóð eru órödduð á undan /p,t,k/. Fyrir málnotendur sem flytja í óraddað málumhverfi verður þetta „áreiti“ enn sterkara og margir hverjir fara nærri því að leggja raddaðan framburð af (sjá *myndrit 5-33*).

Þó að líklegt sé að viðhorf til raddaðs framburðar stuðli að því frekar en hitt að hann láti undan í máli þeirra sem flytja á nýtt málsvæði (sjá t.d. *töflu 4-17*) er ekki óvarlegt að ætla að málfræðilegir þættir valdi því að málkerfið eigi hreinlega erfitt með að viðhalda þeim reglum óbreyttum sem lærðust á máltökuskeiði.

Tileinkun tvíhljóðaframburðar felur í sér útvíkkun og tíðari notkun reglu sem fyrir var í málkerfinu. Þetta gildir líka um óraddaðan framburð en þrátt fyrir það er einhljóðaframburður seigari en raddaður framburður. Í því sambandi má rifja upp umræðu í kafla 4.5.3 þar sem bent var á að það væri **meginreglan** í tvíhljóðaframburði að einhljóðið kæmi einhvers staðar fram í beygingarmynstri orða, sbr. *hagi – haga*. Því má segja að jafnvel þótt tvíhljóðaframburður ryðji sér til rúms, eins og gerðist í Skaftafellssýslum á 20. öld, minni einhljóðið á sig og styðji þannig við blandaðan framburð. Það sama á við þegar flutt er í málumhverfi þar sem tvíhljóðaframburður ræður ríkjum. Slíku er ekki að heilsa í **sama mæli** þegar flutt er úr rödduðu málumhverfi í óraddað, sbr. orð eins og *stelpa*, *vanta*. Í órödduðum framburði minnir raddaða hljóðið ekki á sig í neinum beygingarmyndum þessara orða. Í ljósi þessa kemur ekki á óvart að einhljóðaframburður víkur ekki hjá neinum brottfluttum málhafa alveg fyrir tvíhljóðaframburðinum. Raddaður framburður á það hins vegar til.

Nokkurs konar innbyggður breytileiki sem styður við blandaðan framburð gæti átt þátt í seiglu einhljóðaframburðarins sem birtist í stöðugleika hans hjá ungmennum á síðustu áratugum. Snúnara er að skýra það afturhvarf til einhljóðaframburðar sem kom fram hjá full-orðnum staðföstum málhöfum á seinni áratugum en vert að minna á að þó að það einkenndi málþróun hjá meirihluta skaftfellska úrtaksins var einnig nokkuð um andstæða þróun, þ.e. að tvíhljóðaframburður sækti á (sjá *töflu 5-23*). Þar kemur því enn og aftur fram breytileiki þessa tilbrigðapars.

Hér dugir skammt að líta til viðhorfa. Einhljóðaframburðurinn var ekki valinn til samræmingar þegar uppi voru áætlanir um slíkt (sjá kafla 3.6.2) og viðhorf í nútímanum eru honum ekki hagstæð (sjá *töflu 4-22*). Einhljóðaframburður virðist hins vegar einkar ógreinilegur. Fólki tekur ógjarna eftir honum, hvort sem er þeir sem nota hann eða þeir sem hlusta á mál þeirra. Þetta kom vel fram í *Málþekki*, bæði netkönnun og símaviðtölum (sjá kafla 3.6.3.5). Samkvæmt því gætu viðhorf verið tiltölulega léttvægur áhrifaþáttur. Eigi að síður er ríkuleg tileinkun tvíhljóðaframburðar hjá brottfluttum konum í samræmi við tiltölulega neikvæð viðhorf til einhljóðaframburðar og meiri fastheldni karlanna kemur heim og saman við almenna tilhneigingu þeirra til að halda í svæðisbundin afbrigði. Það vekur hins vegar nokkra furðu að afturhvarf til einhljóðaframburðar, sem fram kom hjá staðföstum málhöfum milli RÍN og RAUN, skyldi koma skýrast fram hjá konum af Björnskynslóð (sjá kafla 5.8.5).

#### 5.10.5 Harðmæli og *hv*-framburður

Þó að margt skilji að ævibreytingar harðmælis og *hv*-framburðar má segja að afbrigðin eigi það sameiginlegt að meðaleinkunnir fullorðinna málhafa breytist tiltölulega lítið milli rannsókna samanborið við raddaðan framburð og skaftfellskan einhljóðaframburð.

Tileinkun linnmælis og *kv*-framburðar á fullorðinsárum felur í sér mjög ólíkar breytingar á málkerfinu. Hjá þeim sem höfðu hreint harðmæli í æsku bættist við aflblástursregla. Hjá þeim sem tóku upp nokkurn *kv*-framburð bættust nýjar orðmyndir við orðasafnið. Í tengslum við líkindi með ævibreytingum þessara afbrigða, þrátt fyrir þennan grundvallarmun, má hins vegar hugleiða hvort það að tileinka sér eitthvað sem ekki var fyrir í málkerfinu skipti máli þegar ævibreytingar eru annars vegar. Allir Skaftfellingar af Björnskynslóð sem lentu í RAUN-úrtakinu notuðu hreinan *hv*-framburð í rannsókn Björns og flestir Norðlendingarnir hreint harðmæli, þ.e. fengu 200 í einkunn. Því má segja að tileinkun *kv*-framburðar og linnmælis hjá þessum hópum eigi það sameiginlegt að ekki er um að ræða útvíkkun eða tíðari notkun reglu sem fyrir var í málkerfinu. Það á hins vegar við um tileinkun bæði óraddaðs framburðar og tvíhljóðaframburðar. Allir hafa afröddunarreglu sem víkkar út (nær til fleiri hljóðasambanda en áður) þegar þeir sem nota raddaðan framburð tileinka sér óraddaðan framburð og allir Skaftfellingarnir höfðu þegar í rannsókn Björns tvíhljóð að einhverju marki eða alltaf í hljóðasambandinu *e+gi* (*vegi*). Hjá mörgum þeirra kom fyrir tvíhljóðun í fleiri hljóðasamböndum. Tileinkun linnmælis og *kv*-framburðar fól því í flestum tilvikum í sér að nýjung haslaði sér völl í málkerfinu en við tileinkun óraddaðs framburðar og tvíhljóðaframburðar urðu breytingar á reglu sem þegar var fyrir hendi. Þessi munur kallast vel á við þá þróun sem sást í *töflu 5-44*. Nýjung í málkerfinu virðist mæta meiri mótstöðu. Reglur sem það bjó yfir í einhverri mynd breytast frekar.

Þrátt fyrir ákveðin líkindi með þessum afbrigðum er ýmislegt sem skilur á milli. Í RÍN kom fram ágætt samræmi milli ævibreytinga á notkun harðmælis hjá Björnskynslóðinni og þróunar hjá ungmennum. Breytingar voru litlar og má lýsa þannig að ungmennin hafi verið í forystu en þeir fullorðnu fylgt í kjölfarið. Í ljósi þess að *hv*-framburður hrundi hjá ungmennum milli

rannsóknar Björns og RÍN er hann hins vegar merkilega fastur fyrir í máli fullorðins fólks. Hér kann málfræðileg sérstaða að eiga hlut að máli en eins og áður er lýst má halda því fram að *hv*- og *kv*-framburður sé eina tilbrigðaparið þar sem munurinn liggur í orðasafninu. Með því er átt við að í orðasafninu séu ólík orð eftir því hvort fólk notar *hv*-framburð eða *kv*-framburð, til dæmis /hvalur/ og /kvalur/. Svo er að sjá sem útbreiðsla slíkrar breytingar byggist fyrst og fremst á máltileinkun nýrra kynslóða en mál þeirra hafi takmörkuð áhrif á hina eldri. Orðasafnið er tiltölulega fast fyrir.

Það skilur einnig skýrt á milli harðmælis og *hv*-framburðar að á seinni áratugum einkennast ævibreytingar harðmælis og linmælis hjá staðföstum málhöfum af afturhvarfi, þ.e. eldra afbrigðið (harðmæli) sækir í sig veðrið. Þar sem brottfluttir Norðlendingar tóku ekki þátt í RÍN verður því ekki svarað hvort sú sé einnig raunin hjá brottfluttum. Hins vegar er greinilegt að þrátt fyrir merkjanleg áhrif flutninga í linmælisumhverfi stendur harðmæli þá nokkuð vel af sér. Það kemur ágætlega heim og saman við þá niðurstöðu í kafla 4.2.4 að leiðin frá harðmæli til linmælis væri ekki endilega greiðari en leiðin í hina áttina.

Líklegt er einnig að viðhorf eigi þátt í því viðnámi gegn sókn linmælis sem harðmæli hefur hjá fullorðnu fólki. Þegar uppi voru hugmyndir um að samræma framburð var harðmæli hampað og talið æskilegt að það yrði framburður allra landsmanna (sjá kafla 3.6.2). Viðhorf í nútímanum eru einnig mjög jákvæð (sjá *töflu 4-6*) og merki um að svo hafi lengi verið, hvort sem það á rætur að rekja til fyrri tíðar umræðu eða ekki. Í seinni tíð ber meira á því en áður að harðmæli sé lagt til jafns við skýrmæli. Harðmæli er því framburðarafbrigði sem nýtur og hefur lengi notið virðingar.

Athuganir á viðhorfum til *hv*- og *kv*-framburðar í nútímanum leiddu til annarrar niðurstöðu. Þó að *hv*-framburður væri meðal útvalinna afbrigða ásamt harðmælinu þegar áætlanir voru uppi um að samræma framburð (sjá kafla 3.6.2) eru engin merki um að hann hafi öðlast sambærilegan virðingarsess meðal almennings og harðmæli virðist lengi hafa notið (sjá *töflu 4-19*). Kynjamunur á þróun *hv*-framburðar kallast á við þetta. Í RÍN var *kv*-framburður marktækt algengari hjá staðföstum konum en körlum og brottfluttar konur taka hann frekar upp en karlar. Brottfluttir karlar halda því fastar í svæðisbundna afbrigðið eins og körlum er títt, enda engin virðing sýnileg sem gæti treyst það í sessi hjá konum.

Niðurstaðan eftir samanburð á harðmæli og *hv*-framburði er því sú að málfræðileg einkenni greini bæði afbrigðin frá rödduðum framburði og skaftfellskum einhljóðaframburði. Þar gæti að nokkru leyti legið skýringin á sameiginlegri seiglu hjá fullorðnu fólki. Þegar tekið er tillit til þróunar hjá ungmennum sést þó að mikið skilur afbrigðin að. Orðasafnið virðist fast fyrir á fullorðinsárum en viðhorf hafa stuðlað að varðveislu harðmælis.

#### 5.10.6 Margir kraftar að verki

Af umfjölluninni hér að framan sést að ekki er hægt að benda á neitt eitt atriði sem ástæðu þess að sum svæðisbundin afbrigði varðveitast betur en önnur í máli fullorðins fólks. Með því að bera saman málfræðilega þætti mátti til dæmis sjá að breyting sem virðist fela í sér nýjung í málkerfinu, hvort sem er nýja reglu (linmæli) eða nýjar orðasafnsmyndir (*kv*-framburður), knýr

ekki fast á. Meiri breytingar verða þegar regla sem fyrir er í málkerfinu er víkkuð út en þar virtist „flækjustig“ skipta máli. Þannig má færa rök fyrir því að reglur um raddaðan framburð sæti „álagi“ í blönduðu eða órödduðu umhverfi sem leiði frekar til þess að óraddaður framburður nái yfirhöndinni en í tilviki skaftfellsks einhljóðaframburðar. Þar sé blandaður framburður tiltölulega einfaldur kostur.

Saman við þessa málfræðilegu þætti gætu svo spilað viðhorf. Það eru þó fyrst og fremst almenn viðhorf sem ríma við þróunina. Þegar rýnt var í upplýsingar sem liggja fyrir um viðhorf málhafa sem tóku þátt í rannsóknum á framburði var ekki að sjá skýr tengsl milli þeirra og málþróunar. Hins vegar er ekki víst að viðhorf eins og þau birtust í *Málþekki* á 21. öld endurspegli viðhorf fyrri tíðar. Það er athyglisvert að þau tvö afbrigði sem halda sér best hjá bæði staðföstum og brottfluttum af Björnskynslóð, harðmæli og *hv*-framburður, eru einmitt þau sem voru talin álitleg til samræmingar um miðja 20. öld. Ef til vill vó sú stefna þungt í málþróun fólks af þessari kynslóð en samþættar skýringar sem byggjast á bæði málfræðilegum þáttum og viðhorfum hnýta fleiri enda.

Yfirlit þessa niðurstöðukafla sýnir að með rauntímasamanburðinum hafa fengist ýmis svör við spurningunum sem lagt var upp með. Þær verða rifjaðar upp í lokakafla ritgerðarinnar, sem nú er komið að.

## 6. Að leikslokum

Ritgerðin skiptist, auk inngangs og þessa lokakafla, í fjóra kafla sem standa hver fyrir sínu. Í 2. kafla var farið víða, en sjaldnast djúpt, með það að markmiði að draga upp yfirlitsmynd af málfélagslegum þáttum sem rannsóknir hafa leitt í ljós að hafa áhrif á þróun máls og málbreytinga sem og málfræðilegum þáttum sem hafa sumir fengið minni áherslu í slíkum rannsóknum, en verðskulda hana að mínu mati. Í kaflanum var því lagður grunnur að síðari köflum en umfjöllunin var þó ekki bundin við þá áhrifaþætti málbreytinga sem þar komu við sögu. Ástæðan var tvíþætt. Með því að koma svo víða við dró ég fram þá nálgun sem ég lagði upp með og felur í sér að nauðsynlegt sé að hafa vítt sjónarhorn í rannsóknum á málbreytingum. Þar eru ýmsir og ólíkir kraftar að verki, sem geta spilað saman eða togast á. Að auki fannst mér vert að umfjöllun af þessu tagi væri til á íslensku.

Í 3. kafla var fjallað um þær rannsóknir, úrtak og aðferðir við úrvinnslu sem byggt var á í *Mál á mannsævi*. Þetta eru rannsókn Björns Guðfinnssonar (BG), RÍN-rannsóknin, RAUN-rannsóknin og *Málþekki*, athuganir á viðhorfum til landshlutabundinna framburðarabrigða og vitund um þau. Þar var, líkt og í 2. kafla, tækifærið nýtt til nákvæmari umfjöllunar en brýna nauðsyn bar til, einkum um rannsókn og gögn Björns Guðfinnssonar en að nokkru leyti um RÍN. Með þessu vil ég leitast við að vinna mín við að greina bæði aðferðir og gögn nýtist þeim sem á eftir koma.

Í 4. og 5. kafla var komið að því að nýta gögnin úr þessum rannsóknum til að svara ýmsum rannsóknarspurningum um þróun framburðar í samfélaginu og hjá einstaklingum. Undir voru fjögur tilbrigðapör þar sem annað afbrigðið er landshlutabundið, harðmæli og raddaður framburður norðanlands en *hv*-framburður og skafffellskur einhljóðaframburður í Skaftafellssýslum. Flestir landsmenn nota linmæli, óraddaðan framburð, *kv*-framburð og tvíhljóðaframburð. Hér verða spurningar sem varpað var fram í inngangsköflum rifjaðar upp, ýmist ein eða fleiri í einu og svör úr báðum köflum tvinnuð saman þegar tilefni er til.

Í 4. kafla var byrjað á því að kanna þróun framburðar í norðlensku og skafffellsku mál-samfélagi og athyglinni beint að niðurstöðum Björns Guðfinnssonar og RÍN. Spurt var:

- (4-1) **a. Hver var staða landshlutabundnu afbrigðanna við upphaf tímabilsins, þ.e. um 1940?**  
**b. Hvernig þróuðust þau fram á 9. áratuginn?**

Í 5. kafla var bætt við spurningunni *Hvað gerðist næst?* með vísan til þess að fyrri umfjöllun slepti á 9. áratugnum (RÍN) en gögnum var safnað á ný í RAUN á 2. áratug þessarar aldar.

Grunnur var lagður með því að vinna á nýjan hátt úr gögnum Björns og gera þau samamburðarhæf við síðari rannsóknir. Þá kom í ljós að aðferðir Björns gátu gefið til kynna umtalsverðan mun á stöðu afbrigða án þess að meðaleinkunnir staðfestu það. Í Eyjafjarðarsýslu var til dæmis hreint harðmæli mun algengara (95,7%) en hreinn raddaður framburður (73,5%) en þegar tíðni þeirra var mæld á grundvelli meðaleinkunna reyndist aðeins muna 5,9 prósentustigum. Ný

aðferð við að greina gögn Björns varpaði því skýrara ljósi á stöðu þessara fjögurra afbrigða um 1940 og með samanburði við RÍN fékkst mynd af um 40 ára þróunarsögu. RAUN-rannsóknin gerir kleift að skoða framhaldið. Í kafla 5.2.3 var þó útskýrt hvers vegna ekki væri einfaldlega hægt að taka upp þráðinn frá 4. kafla til að svara spurningunni *Hvað gerðist næst?* heldur þyrfti að spinna nýjan. Með því að skoða þróun framburðar hjá fullorðnu fólki milli rannsókna og bæta þar við samanburði á ungmennum sem tóku þátt í rannsóknunum þremur, ásamt nokkrum staðbundnum athugunum, mátti draga upp allskýra mynd af 70 ára þróunarsögu. RAUN veitir þó ekki nákvæmar upplýsingar um tíðni afbrigðanna nú á tímum. Til þess hefði þurft ítarlegri og víðtækari rannsóknir á framburði ungmenna. Það sem fyrir liggur um þróun síðustu áratuga, misskýrt, er stefna afbrigðanna samanborið við fyrri tíð, hvort þau eru í sókn eða vörn. Sá leikur er þó með ýmsu móti og því fæst eftirfarandi heildarmynd af tímabilinu:

- **Harðmæli og linmæli:**
  - Samkvæmt BG var meðaleinkunn á Eyjafjarðarsvæði og í Þingeyjarsýslum 196,5.
  - Linmæli sótti á frá BG til RÍN en þó virtist tiltölulega lítill skriður á þeirri sókn um það leyti sem RÍN-rannsóknin fór fram.
  - Samkvæmt framburði ungmenna á 21. öld hefur aukinn kraftur færst í hana.
  - Á sama tíma varð viðsnúningur í máli fullorðinna Norðlendinga. Harðmæli sótti á. (Sjá myndrit 4-3 og 5-1.)
- **Raddaður og óraddaður framburður:**
  - Samkvæmt BG var meðaleinkunn á Eyjafjarðarsvæði og í Þingeyjarsýslum 184,1.
  - Óraddaður framburður sótti á frá BG til RÍN og var sóknin kröftug um það leyti sem RÍN-rannsóknin fór fram.
  - Norðlensk ungmenni á 21. öld nota nánast alfarið óraddaðan framburð, að minnsta kosti á hluta svæðisins.
  - Óraddaður framburður hefur einnig sótt á í máli RÍN-kynslóðarinnar, þ.e. fólks sem var ungmenni og allt upp í fertugt í RÍN.
  - Sókn óraddaðs framburðar hefur því verið óslitin og öflug í 70 ár. (Sjá myndrit 4-6, 4-7 og 5-2.)
- **Hv-framburður og kv-framburður:**
  - Samkvæmt BG var meðaleinkunn í Skaftafellssýslum um 195.
  - Kv-framburður sótti á frá BG til RÍN. Sókn hans var kröftug á tímum RÍN.
  - Krafturinn birtist einkum þannig að yngra fólk tileinkaði sér hv-framburð í mun minna mæli en eldri kynslóðir, en þessi sókn hafði ekki þau áhrif að mál Björns-kynslóðarinnar breyttist að sama skapi.
  - Ungmenni á 21. öld endurspeglar áframhaldandi sókn kv-framburðar, að því marki sem tiltækar rannsóknir sýna.
  - Framburður fullorðins fólks er tiltölulega stöðugur. (Sjá myndrit 4-9 og 5-4.)
- **Skaftfellskur einhljóðaframburður og tvíhljóðaframburður:**
  - Samkvæmt BG var meðaleinkunn í Skaftafellssýslum 193,6.
  - Tvíhljóðaframburður sótti á frá BG til RÍN.
  - Þessi sókn hafði verið kröftug en sýndartímasamanburður í RÍN einn og sér hefði ekki leitt það í ljós. Það gerði samanburður við rannsókn Björns.
  - Munur milli aldurshópa var lítill í RÍN sem benti til að sóknin væri þá hægfara.
  - Ungmenni á 21. öld samanborið við ungmenni í RÍN endurspeglar stöðugleika.
  - Fullorðið fólk hefur aukið notkun einhljóðaframburðar með aldrinum, þ.e. þróunin einkennist af afturhvarfi. (Sjá myndrit 4-10 og 5-3.)

Samkvæmt þessu eiga þrjú landshlutabundin afbrigði það sameiginlegt að framburður ungmenna, samanborið við framburð ungmenna á fyrri tíð, endurspeglar samfellt en mishratt undanhald í um 70 ár. Undantekningin er skafffellskur einhljóðaframburður þar sem undanhaldið er bundið við fyrri hluta þessa tímabils, um það bil 40 fyrstu árin. Ævibreytingar eru í öllum tilvikum í samræmi við þróun hjá ungmennum á milli rannsóknar Björns og RÍN en milli RÍN og RAUN eru þær með ýmsu móti. Þó var ályktað að á þessu skeiði væru þrjú landshlutabundin afbrigði á heildina litið á undanhaldi, tíðni þeirra færi lækkandi á kjarnasvæðum þeirra og því um að ræða yfirstandandi málbreytingar. Þróun harðmælis féll í þennan flokk þrátt fyrir ævibreytingar í andstæða stefnu, þ.e. afturhvarf. Ólíklegt er að þær vegi upp á móti lækkandi tíðni harðmælis hjá ungmennum. Hins vegar var það metið svo að tíðni skafffellsks einhljóðaframburðar hefði á heildina litið verið tiltölulega stöðug milli RÍN og RAUN.

Þó að 4. kafli snerist um framburð í málsamfélaginu en sá 5. að verulegu leyti um ævibreytingar höfðu þeir báðir að geyma umfjöllun um mögulegt gildi málfraðilegra þátta og viðhorfa til að skýra þá þróun sem dregin var fram í lýsingu. Spurt var:

**(4-1) c. Hver eru málfraðileg (málkerfisleg) einkenni afbrigða í hverju tilbrigðapari og eru þau misjafnlega flókin?**

**d. Hver var og er staða afbrigðanna félagslega, einkum viðhorf til þeirra?**

**(5-1) c. Hvað einkennir ævibreytingar með tilliti til [...] viðhorfa?**

**d. Eru einkenni ævibreytinga mismunandi eftir því hvers kyns hljóðbreytingarnar eru?**

Í 4. kafla var afbrigðunum fjórum og þá jafnframt „andstæðum“ þeirra (afbrigðunum sem eru útbreiddust í málinu) lýst málfraðilega (sbr. (4-1)c). Til að skýra betur viðfangsefnið má rifja upp hvernig það var brotið upp í tvær spurningar í umfjöllun um harðmæli og linnmæli þar sem önnur snerist um máltileinkun á máltökuskeiði en hin um breytingar á lífsleiðinni:

**(4-2) a.** Er málfraðilegur munur á harðmæli og linnmæli þess eðlis að hjá börnum á máltökuskeiði hafi hvorugt afbrigðið skýrt „forskot“ í blönduðu málumhverfi? Með öðrum orðum: Er álíka einfalt eða flókið að tileinka sér hvort afbrigðið sem er við slíkar aðstæður sem gerir þá að verkum að hvorugt þeirra sé dæmt til að láta (hratt) undan?

**b.** Er leiðin frá harðmæli til linnmælis endilega greiðari en leiðin frá linnmæli til harðmælis? Með öðrum orðum: Er einfaldara fyrir harðmæltan málnotanda að tileinka sér linnmæli heldur en fyrir linnmæltan málnotanda að tileinka sér harðmæli?

Önnur tilbrigðapör voru skoðuð á svipuðum forsendum. Þá kom fram að reglur um raddaðan framburð verða ógegnsæjar í blönduðu umhverfi, upplýsingar sem berast úr málumhverfinu verða misvísandi og jafnvel óreiðukenndar. Leidd voru rök að því að þetta gildi ekki á sama hátt um harðmæli þó að þar þyrfti að vega og meta vægi undantekninga frá þeim meginreglum sem gilda í linnmælis- og harðmælisframburði. *Hv*-framburður reyndist eiga ógegnsæið sameiginlegt með rödduðum framburði, en þó þannig að það bitnaði einkum á börnum á máltökuskeiði í blönduðu málumhverfi. Þau þyrftu að greiða úr misvísandi upplýsingum en málkerfi þeirra sem á annað borð hefðu tileinkað sér *hv*-framburð sætti ekki „áreiti“ á flóknar reglur á sama hátt og hjá þeim sem lifðu og hrærðust í blöndu raddaðs og óraddaðs framburðar. Munurinn byggist á því að *hv*-

og *kv*-framburður fela ekki í sér mismunandi hljóðkerfisreglur heldur ólíkar orðasafnsmyndir. Ólíkar reglur búa hins vegar að baki skaftfellskum einhljóðaframburði og tvíhljóðaframburði. Það skilur þó á milli þeirra og reglna um raddaðan og óraddaðan framburð að í stað „óreiðu“ og „ógegnisæis“ sem blöndun síðarnefndu afbrigðanna leiðir af sér hefur einhljóðaframburður nokkurn stuðning af beygingarmynstri þorra þeirra orða sem í hlut eiga þó að tvíhljóðaframburður ryðji sér til rúms. Um er að ræða svo stóran hluta slíkra orða að blandað málumhverfi leggst ekki jafn eindregið á sveif með tvíhljóðaframburði og órödduðum framburði. (Sjá kafla 4.2.4, 4.3.4, 4.4.3, 4.5.3, einnig 2.5.4.4–2.5.4.6.)

Í umfjöllun um hvert framburðarafbrigði voru einnig dregnar fram upplýsingar um viðhorf til þeirra (sbr. (4-1)d og (5-1)c, sjá kafla 4.2.5, 4.3.5, 4.4.4, 4.5.4). Fjallað var um fyrri tíðar áform um samræmingu framburðar og niðurstöður *Málþekkis*. Skýrastí afraakstur þeirra athugana sem *Málþekki* fól í sér var staðfesting á þeim grun að landsmenn hefðu sérlega jákvæða afstöðu til harðmælis (sbr. t.d. *töflu 3-10*). Sömuleiðis virtust Norðlendingar mun meðvitaðri um sérstöðu sinna heimahaga hvað málnotkun varðar en Skaftfellingar.

Hvernig rímar þróun tilbrigðaparanna við þessa þætti, annars vegar í málsamfélaginu og hins vegar hvað varðar ævibreytingar?

**Raddaður framburður** lét mjög undan í málsamfélaginu yfir allt tímabilið. Það kom fram þegar ungmenni í rannsókn Björns, RÍN og RAUN voru borin saman, einnig hjá Björnskynslóðinni sem breytti máli sínu milli fyrri rannsóknanna og RÍN-kynslóðinni sem endurspegladi breytingar milli RÍN og RAUN (sjá t.d. *myndrit 5-2*). Þessi þróun rímaði við málfræðilega lýsingu og viðhorf. Hvorugt reyndist rödduðum framburði sérlega hagstætt.

Þó að **harðmæli** léti undan síga milli rannsóknar Björns og RÍN reyndist það nokkuð traust í sessi. Þannig urðu tiltölulega litlar breytingar hjá Björnskynslóðinni milli rannsókna, líttl munur var á ungmennum í rannsókn Björns og RÍN og líttl kynslóðamunur í RÍN (sjá t.d. *myndrit 5-1*). Þessi þróun kom vel heim og saman við bæði málfræðilega lýsingu og viðhorf. Hvort tveggja var harðmæli hagstæðara en rödduðum framburði. Á milli RÍN og RAUN skildi hins vegar leiðir milli ungmenna og fullorðins fólks. Sókn línælis var eindregin hjá ungmennum en ævibreytingar einkenndust af afturhvarfi. Hér var ályktað að viðhorf ættu drjúgan hlut að máli, að harðmæli hefði áunnið sér stöðu sem skýrmæli og sækti á hjá fullorðnu fólki á grundvelli þess.

Í Skaftafellssýslum hörfaði **hv-framburður** milli rannsóknar Björns og RÍN. Hann hélst þó allvel í máli eldra fólks en ungmenni höfðu tileinkað sér *kv*-framburð í verulegum mæli. Mikið ósamræmi var því milli kynslóða (sjá t.d. *myndrit 5-4*). Sömuleiðis benda athaganir á stöðu *hv*-framburðar hjá skaftfellskum ungmennum á 21. öld til þess að hann sé nú fátíður í máli þeirra en á sama tíma hefur hann haldist tiltölulega stöðugur í máli fullorðins fólks. Þessi ólíka þróun rímar vel við umfjöllun um málfræðilega þætti þar sem bent var á að fyrir börn á máltökuskeiði væri blandað málumhverfi *hv*-framburði óhagstætt. Áhrif þess komu vel fram á Höfn í Hornafirði. Þar var *kv*-framburður sérlega útbreiddur meðal ungmenna á tímum RÍN en bærinn hafði vaxið svo hratt upp úr miðri öld að ætla mátti að þangað hefðu margir flutt af fjarlægum svæðum. Það hefur



leitt til herra hlutfalls *kv*-framburðar í málsamfélaginu á Höfn með tilheyrandi áhrifum á máltileinkun barna.

Fyrir á tíð naut *hv*-framburður jákvæðra viðhorfa meðal fræðimanna sem vildu jafnvel gera hann að framburði allra landsmanna. Óljóst er þó hvort þau viðhorf náðu út fyrir þeirra raðir, en í nútímanum á *hv*-framburður litlu fylgi að fagna meðal almennra málnotenda. Á heildina litið eru ekki sýnileg skýr tengsl milli viðhorfa og þróunar *hv*- og *kv*-framburðar.

Eins og önnur landshlutabundin afbrigði lét **skattfellskur einhljóðaframburður** undan milli rannsóknar Björns og RÍN. Í þeirri athugun kom vel fram mikilvægi þess að vinna úr gögnum Björns á nýjan hátt. Samkvæmt niðurstöðum hans notuðu 40% Skattfellinga tvíhljóðaframburð að einhverju marki, þ.e. blandaðan framburð. Tvíhljóðaframburður virtist því talsvert útbreiddur. Með því að reikna út meðaleinkunnir, sem endurspeglar tíðni hvors afbrigðis í blönduðum framburði, kom hins vegar í ljós að ekki var allt sem sýndist því að flestir þátttakendur hjá Birni notuðu einhljóðaframburð í ríkum mæli. Í RÍN hafði þessi kynslóð tileinkað sér umtalsverðan tvíhljóðaframburð. Kynslóðamunur var þó lítill, ungmenni notuðu einhljóðaframburð litlu minna en þeir eldri (sjá t.d. *myndrit 5-3*). Á tímum RÍN var blanda einhljóða- og tvíhljóðaframburðar því megineinkenni á framburði allra kynslóða. Það kom heim og saman við málfræðilega lýsingu, sem málfræðingar eru þó ekki einhuga um. Dregið var fram að tvíhljóðaframburði mætti lýsa þannig að víxl milli einhljóðs og tvíhljóðs væru ríkt einkenni á beygingarmynstri þeirra orða sem í hlut eiga. Þó að tvíhljóðaframburður ryðji sér til rúms minnir einhljóðið sífellt á sig, sem mögulega veitir einhljóðaframburði nokkra vörn. Blandaður framburður er nokkurs konar eðlilegt ástand. Það kom einmitt á daginn á 21. öld. Tvíhljóðaframburði hafði ekki orðið ágengt í máli ungmenna og einhljóðaframburður hafði sótt í sig veðrið hjá fullorðnum málhöfum.

Viðhorf til þessara afbrigða varpa litlu ljósi á þróun þeirra. Þau eru einhljóðaframburði ekki hagstæð en á hinn bóginn kom mjög skýrt fram að málnotendur greina illa muninn á einhljóða- og tvíhljóðaframburði (sjá t.d. *töflu 3-11*). Félagslegir kraftar, eins og viðhorf, kunna því að vera tiltölulega léttvægir. Sömuleiðis kom fram að þrátt fyrir að verulegir aðflutningar fólks til Hafnar hefðu að líkindum haft áhrif á þróun *hv*-framburðar hjá ungmennum var ekki það sama að sjá hjá einhljóðaframburði í RÍN. Hann er mjög sér á báti í hópi þeirra fjögurra landshlutabundnu framburðarafbrigða sem rannsóknin náði til.

Áður en skilist er við spurningar sem varða málfræðilega þætti og viðhorf er ástæða til að draga ævibreytingar sérstaklega fram:

- Ævibreytingar eru að einhverju marki misjafnar eftir því hvernig afbrigði eiga í hlut.
  - Ævibreytingar sem fela í sér útvíkkun reglu sem fyrir er í málkerfinu (sókn óraddaðs framburðar og tvíhljóðaframburðar) knýja fastar á en breytingar sem byggjast á því að málkerfið tileinki sér nýjung, eitthvað sem ekki var þar fyrir (sókn linmælis og *kv*-framburðar).
  - Útvíkkun reglu á sér gjarna stað í blönduðu málumhverfi hvort sem hún getur talist flókin (raddaður/óraddaður framburður) eða einfaldari (einhljóðaframburður/tvíhljóðaframburður). Stefna flóknu reglunnar er þó eindregnari.
  - Á fullorðinsárum getur hljóðkerfisregla sem lærðist á máltökuskeiði tekið stigbundnum breytingum.

- Munur sem byggist á ólíkum orðasafnsmyndum er tiltölulega fastur fyrir á fullorðinsárum. Þó að nýjar kynslóðir endurspegli kraftmikla málbreytingu fylgja ævibreytingar ekki eftir í sama mæli og þegar um er að ræða útvíkkun hljóðkerfisreglu.
- Nýtt félagslegt hlutverk harðmælis er mögulega að hasla sér völl norðanlands, samhliða því að linmæli sækir á sem kynslóðabundin breyting.

Samkvæmt þessari umfjöllun er í sumum tilvikum ekki hægt að greina á milli áhrifa frá málfræðilegum þáttum og viðhorfum. Þau leggjast á eitt, sem kemur skýrast fram hjá rödduðum framburði sem lætur undan hvernig sem á þróun hans er litið. Viðhorf virðast hins vegar hafa skýringargildi þegar litið er til ævibreytinga harðmælis á síðustu áratugum en málfræðilegir þættir vege þyngra til að skýra mikinn mun á þróun *hv*-framburðar og einhljóðaframburðar.

Meðal þess sem athugað var sérstaklega í 5. kafla (sjá kafla 5.6) var hvort ævibreytingar yrðu frekar á einu aldurs skeiði en öðru:

### (5-1) c. Hvað einkennir ævibreytingar með tilliti til aldurs [...]?

Þetta var kannað með því að bera saman þróun framburðar hjá Björnskynslóðinni á fyrri og seinni hluta ævinnar og með því að skoða annars vegar Björnskynslóðina og hins vegar RÍN-kynslóðina á fyrri hluta ævinnar. Samanburðurinn leiddi til eftirfarandi ályktunar:

- Ævibreytingar einkennast af skilum um miðja ævi.
  - Á fyrri hluta ævinnar lagar fólk mál sitt að nokkru leyti að yfirstandandi málbreytingum.
  - Á seinni hluta ævinnar er stöðugleiki eða afturhvarf til fyrri framburðar ríkara einkenni.

Gagnasafnið gaf einstakt tækifæri til þessarar athugunar vegna þess að rannsóknirnar eru þrjár og dreifast á langt tímabil. Þó má vera að skýr skil um miðbik ævinnar helgist að einhverju leyti af efniviðnum. Björnskynslóðin var einfaldlega um fimmtugt í miðrannsókninni. Eftir sem áður er þetta skýr vísbending um að hér sé rannsóknarefni sem þarf að huga betur að og skoða í ljósi tilgáta um áhrif svokallaðs málmarkaðar og markaldurs fyrir máltöku, en um hvort tveggja var fjallað í 2. kafla. Niðurstöðurnar benda til þess að málkerfið sé móttækilegt fyrir breytingum á fullorðinsárum en eftir miðja ævi feli þær síður í sér þátttöku í málbreytingum sem sér stað í máli ungmenna.

Þrátt fyrir ályktunina hér fyrir ofan var það ekki svo að einhlít mynd fengist varðandi fyrri hluta ævinnar. Milli RÍN og RAUN gætti afturhvarfs til einhljóðaframburðar og harðmælis hjá RÍN-kynslóðinni, sem þá var á fyrri hluta ævinnar. Ævibreytingar hvað varðar *hv*-framburð hjá Björnskynslóðinni milli rannsókna Björns og RÍN voru heldur ekki í góðu samræmi við hrun hans hjá ungmenum. Það er því mikilvæg niðurstaða rannsóknarinnar, sem aftur verður vikið að í tengslum við spurningar (5-1)a og b, að ekki sé hægt að gefa sér að fullorðið fólk á fyrri hluta ævinnar taki þátt í yfirstandandi málbreytingum. Enn sanna því rauntímarannsóknir gildi sitt. Í þessu sambandi er áhugavert að afturhvarf til harðmælis er beinlínis andstætt undanhaldi þess samkvæmt athugun á framburði ungmenna. Ekki virðist sem margar rannsóknir hafi dregið slíkt fram og því bætir þessi niðurstaða nokkru við þekkingu á einkennum afturhvarfs.

Næsta spurning sem rifjuð er upp snýst um ævibreytingar hjá þeim sem flytja á brott. Í þeirri umfjöllun var hugað að því að rannsóknir hafa sýnt að munur geti verið á máli þeirra sem **síðar** skiptast í staðfasta og brottflutta og það kom einmitt fram þegar rýnt var í gögn Björns Guðfinnssonar. Þeir sem seinna fluttu til höfuðborgarsvæðisins notuðu óraddaðan framburð í meira mæli en staðfastir. Við nánari athugun kom í ljós að ef til vill mætti að einhverju leyti rekja bæði mismunandi málnotkun og brottflutning til aðfluttra foreldra (sjá kafla 5.9.2.5). Ætla má að þeir noti í sumum tilvikum annan framburð en innfæddir heimamenn og sömuleiðis gætu þeir tengst samfélaginu lausari böndum. Ekki voru tók á að rannsaka þessar vísbendingar í þaula en hins vegar dugði úrtak brottfluttra til að bera málþróun þeirra yfir æviskeiðið saman við staðfasta og spyrtja:

**(5-1) e. Eru – og þá að hvaða marki – ævibreytingar hjá þeim sem flytja í nýtt mál- umhverfi frábrugðnar breytingum hjá þeim sem heima sitja?**

Þessi athugun fól í sér samanburð á staðföstum og brottfluttum í rannsókn Björns og RAUN (sjá kafla 5.9), en hægt var að skoða þróunina hjá Vestur-Skaftfellingum milli allra þriggja rannsóknanna (sjá kafla 5.9.3.4). Niðurstöður voru helst þessar:

- Brottflutningur á annað málsvæði hefur áhrif á notkun svæðisbundinna framburðar-afbrigða. Þau láta frekar undan en hjá staðföstum.
  - Munur á *hv*-framburði hjá staðföstum og brottfluttum reyndist þó aðeins marktækur við samanburð Vestur-Skaftfellinga í RÍN.
  - Á seinni hluta ævinnar jafnaðist munurinn út þannig að *kv*-framburður sækir ekki meira á hjá brottfluttum en staðföstum yfir æviskeiðið í heild.
- Þessi áhrif koma frekar fram á fyrri hluta ævinnar rétt eins og ævibreytingar hjá staðföstum.
  - Þetta sást skýrt í þróun *hv*-framburðar hjá brottfluttum Vestur-Skaftfellingum, sem juku hann að nýju á seinni hluta ævinnar.
- Áhrifin eru misjöfn eftir afbrigðum, sum haldast betur en önnur eins og hjá staðföstum.
  - Yfir æviskeiðið í heild sækir óraddaður framburður mest á, sem felur í sér einföldun flókinnar reglu, en *kv*-framburður síst, en hann felur í sér nýjar orðasafnsmyndir.
- Að einhverju marki er munur á brottfluttum eftir kyni og að því leyti sem hann kom fram, þ.e. hjá Skaftfellingum, var hann í samræmi við þá almennu tilhneigingu karla að halda fastar í staðbundin afbrigði.

Síðastnefnda atriðið varðar kynjamun og í 5. kafla var sömuleiðis athugað hvort þróun framburðar væri ólík hjá staðföstum körlum og konum (sjá kafla 5.8):

**(5-1) c. Hvað einkennir ævibreytingar með tilliti til [...] kyns [...]?**

Þó að athugunin beindist að ævibreytingum var einnig kannað hvort meðaleinkunnir í rannsóknum bentu til leiðandi hlutverks annars hvors kynsins enda hafa rannsóknir sýnt að konur séu gjarna í forystu þegar málbreytingar breiðast út, karlar haldi iðulega fastar í svæðisbundin afbrigði og konur noti frekar þau afbrigði sem njóta virðingar. Niðurstöðurnar ríma ekki að öllu leyti við þetta, eins og bent er á í eftirfarandi samantekt, heldur voru af ýmsum toga (sjá um viðhorf til einstakra afbrigða skv. *Málþekki í töflu 3-10*):

- Konur voru í leiðandi hlutverki í sókn linmælis og *kv*-framburðar milli BG og RÍN.
  - Tillögur að samræmdum framburði fólu þó í sér jákvæð viðhorf til harðmælis og *hv*-framburðar hjá þeim sem að þeim stóðu.
- Hjá körlum af RÍN-kynslóð sótti óraddaður framburðar harðar á milli RÍN og RAUN en hjá konum.
  - Þó er raddaður framburður staðbundið afbrigði sem virðist ekki njóta virðingar samkvæmt niðurstöðum *Málþekkis*.
- Karlar sýndu eindregnari tilhneigingu til að bæta í harðmæli á fullorðinsárum milli RÍN og RAUN.
  - Þessi þróun felur í sér sókn staðbundins afbrigðis sem nýtur virðingar samkvæmt niðurstöðum *Málþekkis*.
- Konur af Björnskynslóð sýndu eindregnari tilhneigingu til að auka notkun einhljóðaframburðar á fullorðinsárum milli RÍN og RAUN.
  - Þessi þróun felur í sér sókn staðbundins afbrigðis sem ekki virðist njóta virðingar samkvæmt niðurstöðum *Málþekkis*.

Þróunin á milli rannsóknar Björns og RÍN var samkvæmt þessu í tveimur tilvikum í samræmi við þá almennu tilhneigingu að karlar séu hallari undir staðbundin afbrigði en konur. Ævi-breytingar milli RÍN og RAUN fólu aðeins í einu tilviki í sér skýran kynjamun, en í tveimur tilvikum mátti greina meiri tilhneigingu til breytinga hjá öðru hvoru kyninu. Ekki kemur fram sú heildarmynd að karlar haldi frekar í staðbundin afbrigði en konur hallist að þeim sem njóta virðingar. Um það vitnar ríkari tilhneiging karla af RÍN-kynslóð til að bæta í óraddaðan fram-burð sem og ríkari tilhneiging kvenna til að bæta í einhljóðaframburð.

Þróun eftir kyni var einnig könnuð hjá brottfluttum og er hér dregin fram þó að nánar segi af þeim í framhaldinu:

- Brottfluttir skaftfellskir karlar héldu frekar en konur í *hv*-framburð.
  - Það er í samræmi við kynjamun sem fram kom hjá staðföstum í RÍN.
  - Þróun *hv*-framburðar kallast því vel á við almenna tilhneigingu karla til að halda í staðbundin afbrigði.
- Brottfluttir skaftfellskir karlar héldu frekar en konur í einhljóðaframburð.
  - Þróunin er því í samræmi við almenna tilhneigingu karla til að halda í staðbundin afbrigði, en þau merki sáust ekki hjá staðföstum.
- Brottfluttir norðlenskir karlar héldu ekki frekar en konur í sín staðbundnu afbrigði.

Athyglisvert er að þróun *hv*-framburðar hjá staðföstum milli rannsóknar Björns og RÍN endurspegladi forystu kvenna í sókn *kv*-framburðar og brottfluttar, skaftfellskar konur tileink-uðu sér einnig *kv*-framburð frekar en karlar. Því virðist sem *kv*-framburður eigi frekar upp á pallborðið hjá konum.

Þróun einhljóðaframburðar í máli staðfastra og brottfluttra kvenna er athyglisverð fyrir þá sök að einhljóðin sækja á hjá þeim staðföstu milli RÍN og RAUN en láta mjög undan síga hjá brottfluttum yfir æviskeiðið í heild. Um leið má segja að brottfluttir karlar sýni merki þess að halda í staðbundið afbrigði umfram konur. Í umfjöllun sinni um þessa tilhneigingu karla nefna Milroy og Milroy (1997:55) að slíkt eigi einkum við um afbrigði sem tengja saman sjálfsmynd og svæði. Það virðist hins vegar ekki gilda um skaftfellskan einhljóðaframburð. Skaftfellingar eru einkar ómeðvitaðir um þetta sérkenni sitt.

Heildarmyndin af ævibreytingum kynjanna bendir því til þess að þar séu margir kraftar að verki og forystuhlutverk annars hvors kynsins aldrei gefið.

Í lok 4. kafla var fengist við spurningu sem var af öðrum toga en þær sem þegar hafa verið nefndar. Þar var rýnt í þróun samfélagsins á 20. öld með áherslu á tímabilið í aðdraganda rannsóknar Björns og milli rannsóknar hans og RÍN og spurt:

**(4-1) e. Hvernig þróaðist samfélagið með tilliti til þeirra þátta sem helst gætu haft áhrif á viðgang framburðarabrigðanna?**

Af ýmsum ástæðum fékk Norðurland mun meira vægi en Skaftafellssýslur í þessari umfjöllun. Þó að sókn óraddaðs framburðar og linmælis væri með ólíku sniði milli rannsóknar Björns og RÍN mátti við nánari athugun greina sameiginlegar sveiflur þar sem skiptust á kröftugri sókn og hægari eða jafnvel stöðugleiki. Einnig kom sérstaða tveggja bæja fram í rannsókn Björns. Þetta var hægt að skoða í ljósi upplýsinga um þróun mannfjölda, þéttbýlismyndunar og atvinnulífs. Til nánari glöggvunar má rifja upp sundurliðuð athugunarefni:

